4910	Framlög ríkissjóðs	25 800	
4,7	Tekjur samtals	38 700	
	Mismunur		30 610
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	30 610	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	30 610	

26 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
26–101	**Lögbirtingablað**		
51	Laun	2 590	
52–57	Önnur rekstrargjöld	18 270	
5,8	Gjöld samtals	20 860	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	20 860	
4,7	Tekjur samtals	20 860	
26–371	**Kirkjubyggingasjóður**		
59	Yfirfærslur	80	
5,8	Gjöld samtals	80	
48	Fjármunatekjur	790	
4910	Framlög ríkissjóðs	4 430	
4,7	Tekjur samtals	5 220	
	Mismunur		5 140
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	5 650	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	510	
39	Ráðstöfun eigin fjár	5 140	
26–372	**Kirkjugarðasjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	760	
59	Yfirfærslur	800	
5,8	Gjöld samtals	1 560	
48	Fjármunatekjur	1 640	
49	Aðrar tekjur	5 670	
4,7	Tekjur samtals	7 310	
	Mismunur		5 750
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	500	
32	Annað	6 200	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	950	
39	Ráðstöfun eigin fjár	5 750	
26–373	**Kristnisjóður**		
571	Fjármagnskostnaður	500	
59	Yfirfærslur	12 210	
5,8	Gjöld samtals	12 710	
4910	Framlög ríkissjóðs	14 290	
4,7	Tekjur samtals	14 290	
	Mismunur		1 580
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	1 580	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 580	

27 Félagsmálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
27–271	**Byggingarsjóður ríkisins**		
51	Laun	61 800	
52–57	Önnur rekstrargjöld	98 200	
571	Fjármagnskostnaður	923 500	
5,8	Gjöld samtals	1 083 500	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	16 000	
48	Fjármunatekjur	1 118 700	
4910	Framlög ríkissjóðs	1 150 000	
49	Aðrar tekjur	40 000	
4,7	Tekjur samtals	2 324 700	
	Mismunur		1 241 200
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	5 853 000	
18	Fjárfestingar	15 000	
26	Afborgun lána	976 500	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	681 300	
26	Tekin lán	4 800 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 241 200	
32	Annað	122 000	
27–272	**Byggingarsjóður verkamanna**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	48 000	
571	Fjármagnskostnaður	144 900	
5,8	Gjöld samtals	192 900	
48	Fjármunatekjur	142 000	
4910	Framlög ríkissjóðs	600 000	
49	Aðrar tekjur	606 000	
4,7	Tekjur samtals	1 348 000	
	Mismunur		1 155 100
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	2 338 000	
26	Afborgun lána	255 100	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	78 000	
26	Tekin lán	1 360 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 155 100	
27–972	**Bjargráðasjóður Íslands**		
51	Laun	4 500	
52–57	Önnur rekstrargjöld	2 770	
59	Yfirfærslur	60 000	
5,8	Gjöld samtals	67 270	
48	Fjármunatekjur	16 400	
49	Aðrar tekjur	50 870	
4,7	Tekjur samtals	67 270	

28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
28–273	**Atvinnuleysistryggingasjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	21 000	
59	Yfirfærslur	738 500	
5,8	Gjöld samtals	759 500	
48	Fjármunatekjur	157 500	
4910	Framlög ríkissjóðs	500 000	
49	Aðrar tekjur	200 000	
4,7	Tekjur samtals	857 500	
	Mismunur		98 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	30 000	
32	Annað	88 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	20 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	98 000	
28–311	**Ríkisspítalar, þvottahús**		
51	Laun	58 620	
52–57	Önnur rekstrargjöld	49 640	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	56 030	
5,8	Gjöld samtals	164 290	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	176 090	
4,7	Tekjur samtals	176 090	
	Mismunur		11 800
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	11 800	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	11 800	

		Þús. kr.	Þús. kr.
28–378	**Læknishéraðasjóður**		
59	Yfirfærslur	4 000	
5,8	Gjöld samtals	4 000	
4910	Framlög ríkissjóðs	4 000	
4,7	Tekjur samtals	4 000	
28–471	**Gæsluvistarsjóður**		
4910	Framlög ríkissjóðs	6 900	
4,7	Tekjur samtals	6 900	
	Mismunur		6 900
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	6 900	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	6 900	

29 Fjármálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
29–101	**Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins**		
51	Laun	166 040	
52–57	Önnur rekstrargjöld	249 510	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 239 420	
571	Fjármagnskostnaður	690	
51–57	Viðhald	29 350	
593	Afskriftir	29 350	
5,8	Gjöld samtals	1 714 360	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	5 785 800	
48	Fjármunatekjur	3 930	
49	Aðrar tekjur	2 620	
4,7	Tekjur samtals	5 792 350	
	Mismunur		4 077 990
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	30 800	
26	Afborgun lána	1 540	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	4 075 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	29 350	
39	Ráðstöfun eigin fjár	4 077 990	
29–102	**Lyfjaverslun ríkisins**		
51	Laun	65 700	
52–57	Önnur rekstrargjöld	41 530	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	268 960	
571	Fjármagnskostnaður	27 950	
593	Afskriftir	5 950	
5,8	Gjöld samtals	410 090	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	396 700	
48	Fjármunatekjur	33 050	
4,7	Tekjur samtals	429 750	
	Mismunur		19 660

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	7 400	
26	Afborgun lána	3 210	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	15 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	5 950	
39	Ráðstöfun eigin fjár	19 660	
29–103	**Innkaupastofnun ríkisins**		
51	Laun	29 350	
52–57	Önnur rekstrargjöld	13 310	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	912 420	
51–57	Viðhald	880	
593	Afskriftir	620	
5,8	Gjöld samtals	956 580	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	948 570	
48	Fjármunatekjur	820	
49	Aðrar tekjur	7 070	
4,7	Tekjur samtals	956 460	
	Mismunur		−120
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað	500	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	620	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−120	
29–931	**Arnarhvoll**		
51	Laun	11 240	
52–57	Önnur rekstrargjöld	9 260	
51–57	Viðhald	4 190	
593	Afskriftir	1 380	
5,8	Gjöld samtals	26 070	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	26 070	
4,7	Tekjur samtals	26 070	
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	1 380	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	1 380	

		Þús. kr.	Þús. kr.
29–932	**Borgartún 7**		
51	Laun	7 090	
52–57	Önnur rekstrargjöld	5 540	
51–57	Viðhald	7 270	
5,8	Gjöld samtals	19 900	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	19 350	
48	Fjármunatekjur	550	
4,7	Tekjur samtals	19 900	
29–933	**Borgartún 6, fundasalir**		
51	Laun	9 700	
52–57	Önnur rekstrargjöld	8 040	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	12 130	
5,8	Gjöld samtals	29 870	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	29 870	
4,7	Tekjur samtals	29 870	
29–934	**Tollstöðvarhús**		
51	Laun	10 540	
52–57	Önnur rekstrargjöld	9 860	
51–57	Viðhald	8 990	
5,8	Gjöld samtals	29 390	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	29 390	
4,7	Tekjur samtals	29 390	
29–971	**Ríkisábyrgðasjóður**		
51	Laun	6 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	3 910	
5,8	Gjöld samtals	9 910	
48	Fjármunatekjur	38 260	
4910	Framlög ríkissjóðs	200 000	
4,7	Tekjur samtals	238 260	
	Mismunur		228 350
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	138 000	
32	Annað	198 300	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	107 950	
39	Ráðstöfun eigin fjár	228 350	
29–981	**Fasteignir ríkissjóðs**		
51	Laun	6 960	
52–57	Önnur rekstrargjöld	14 700	
51–57	Viðhald	22 060	
5,8	Gjöld samtals	43 720	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	43 720	
4,7	Tekjur samtals	43 720	

30 Samgönguráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
30–101	**Póst- og símamálastofnunin**		
51	Laun	2 164 670	
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 554 220	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	241 670	
571	Fjármagnskostnaður	89 720	
51–57	Viðhald	71 510	
593	Afskriftir	678 150	
5,8	Gjöld samtals	4 799 940	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	4 501 000	
48	Fjármunatekjur	33 880	
4910	Framlög ríkissjóðs	112 700	
49	Aðrar tekjur	123 480	
4,7	Tekjur samtals	4 771 060	
	Mismunur		−28 880
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	520 000	
26	Afborgun lána	129 270	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	678 150	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−28 880	
30–211	**Vegagerð ríkisins, áhaldahús**		
51	Laun	136 060	
52–57	Önnur rekstrargjöld	126 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	413 060	
571	Fjármagnskostnaður	150	
51–57	Viðhald	104 810	
593	Afskriftir	36 990	
5,8	Gjöld samtals	817 070	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	805 600	
4,7	Tekjur samtals	805 600	
	Mismunur		−11 470

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	25 000	
26	Afborgun lána	520	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	36 990	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−11 470	
30–321	**Skipaútgerð ríkisins**		
51	Laun	164 500	
52–57	Önnur rekstrargjöld	126 600	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	26 000	
571	Fjármagnskostnaður	31 200	
51–57	Viðhald	24 800	
593	Afskriftir	45 700	
5,8	Gjöld samtals	418 800	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	291 100	
48	Fjármunatekjur	4 600	
4910	Framlög ríkissjóðs	155 000	
4,7	Tekjur samtals	450 700	
	Mismunur		31 900
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	8 900	
26	Afborgun lána	68 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	45 700	
39	Ráðstöfun eigin fjár	31 900	
30–331	**Vitamálastjórn, áhaldahús og Seljavegur 32**		
51	Laun	15 370	
52–57	Önnur rekstrargjöld	7 560	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 470	
571	Fjármagnskostnaður	1 000	
5,8	Gjöld samtals	26 400	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	26 400	
4,7	Tekjur samtals	26 400	

		Þús. kr.	Þús. kr.
30–332	**Hafnabótasjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 510	
571	Fjármagnskostnaður	5 120	
59	Yfirfærslur	15 000	
5,8	Gjöld samtals	21 630	
48	Fjármunatekjur	9 560	
4910	Framlög ríkissjóðs	20 000	
4,7	Tekjur samtals	29 560	
	Mismunur		7 930
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	18 210	
26	Afborgun lána	7 560	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	17 840	
39	Ráðstöfun eigin fjár	7 930	
30–333	**Landshöfn Þorlákshöfn**		
51	Laun	7 090	
52–57	Önnur rekstrargjöld	4 540	
571	Fjármagnskostnaður	110	
51–57	Viðhald	6 900	
5,8	Gjöld samtals	18 640	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	17 930	
48	Fjármunatekjur	660	
4910	Framlög ríkissjóðs	400	
4,7	Tekjur samtals	18 990	
	Mismunur		350
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	350	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	350	
30–334	**Landshöfn Keflavík-Njarðvík**		
51	Laun	11 050	
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 390	
51–57	Viðhald	6 780	
5,8	Gjöld samtals	19 220	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	19 220	
4,7	Tekjur samtals	19 220	

		Þús. kr.	Þús. kr.
30–335	**Landshöfn Rifi**		
51	Laun	2 390	
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 260	
5,8	Gjöld samtals	3 650	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	3 650	
4,7	Tekjur samtals	3 650	
30–673	**Ferðaskrifstofa ríkisins**		
51	Laun	33 610	
52–57	Önnur rekstrargjöld	21 570	
571	Fjármagnskostnaður	2 280	
51–57	Viðhald	1 250	
5,8	Gjöld samtals	58 710	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	56 290	
48	Fjármunatekjur	2 420	
4,7	Tekjur samtals	58 710	

31 Iðnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
31–231	**Sementsverksmiðja ríkisins**		
51	Laun	211 080	
52–57	Önnur rekstrargjöld	94 500	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	61 030	
571	Fjármagnskostnaður	33 370	
51–57	Viðhald	61 650	
593	Afskriftir	70 280	
5,8	Gjöld samtals	531 910	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	528 660	
49	Aðrar tekjur	760	
4,7	Tekjur samtals	529 420	
	Mismunur		−2 490
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	25 000	
26	Afborgun lána	42 790	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	70 280	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−2 490	
31–233	**Ríkisprentsmiðjan Gutenberg**		
51	Laun	78 160	
52–57	Önnur rekstrargjöld	13 860	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	31 440	
571	Fjármagnskostnaður	5 030	
51–57	Viðhald	3 080	
593	Afskriftir	12 330	
5,8	Gjöld samtals	143 900	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	147 630	
48	Fjármunatekjur	1 200	
4,7	Tekjur samtals	148 830	
	Mismunur		4 930

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	9 200	
26	Afborgun lána	4 600	
32	Annað	3 460	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	12 330	
39	Ráðstöfun eigin fjár	4 930	
31–321	**Rafmagnsveitur ríkisins**		
51	Laun	372 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	279 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 096 000	
571	Fjármagnskostnaður	70 000	
593	Afskriftir	380 000	
5,8	Gjöld samtals	2 197 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 742 000	
48	Fjármunatekjur	50 000	
49	Aðrar tekjur	60 000	
4,7	Tekjur samtals	1 852 000	
	Mismunur		−345 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	150 000	
26	Afborgun lána	27 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	380 000	
26	Tekin lán	125 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−345 000	
39	Annað, heimtaugagjöld	17 000	
31–371	**Orkusjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 090	
571	Fjármagnskostnaður	58 050	
59	Yfirfærslur, sveitarafvæðing	25 000	
5,8	Gjöld samtals	84 140	
48	Fjármunatekjur	19 030	
4910	Framlög ríkissjóðs	207 390	
4,7	Tekjur samtals	226 420	
	Mismunur		142 280

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán, jarðhitaleit	11 500	
26	Afborgun lána	130 070	
32	Annað, styrking dreifikerfa í sveitum	40 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	39 290	
39	Ráðstöfun eigin fjár	142 280	

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

1.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldamegin ef lög verða staðfest frá Alþingi 1988 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

1.2 Að ákveða að Landssíminn innheimti ekki stofngjöld síma árið 1988 hjá allt að 50 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindravinafélagsins í Reykjavík. Menn þessir séu fyrirvinnur heimilis eða vinni einir á vinnustað.

1.3 Að ákveða að Landssíminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld síma árið 1988 hjá allt að 50 fötluðum mönnum, eftir tilnefningu Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra.

Fjármálaráðherra er heimilt:

2.1 Að stofna til tímabundins yfirdráttar á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum á árinu 1988 vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins og semja ef með þarf um greiðslu yfirdráttarskuldar og um lánskjör.

Eftirgjöf annarra gjalda en aðflutningsgjalda og sölugjalds

3.1 Að endurgreiða upphæð jafnháa skemmtanaskatti af fé sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land og til byggingar dvalar- og hjúkrunarheimila aldraðra.

3.2 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af skuldabréfum sem skipasmíðastöðvar eða útgerðaraðilar gefa út til viðskiptabanka vegna endurlána bankanna á erlendum lánum sem tekin eru með samþykki Fiskveiðasjóðs til nýsmíði fiskiskipa, endurbóta hvers konar, þar með talin tækjakaup og vélaskipti.

3.3 Að fella niður stimpilgjöld af veðskuldabréfum sem út kunna að vera gefin vegna skipakaupa, enda veiti Fiskveiðasjóður ekki lán vegna kaupanna. Hámarksfjárhæð þeirra skuldabréfa, sem heimilt er að fella niður stimpilgjöld af, skal miðast við sama hlutfall af verði skips og Fiskveiðasjóður lánar út á við kaup á skipum er falla undir almennar útlánareglur hans.

Ráðstöfun eigna

4.1 Að selja fasteignina Skútuvog 7, Reykjavík, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.

4.2 Að selja húseignina Kópavogsbraut 9, Kópavogi.

4.3 Að selja húseignina Hrísholt 8, Selfossi.

4.4 Að selja fasteignina Suðurgötu 8, Hafnarfirði.

4.5 Að selja eignarhluta ríkisins í fasteigninni Laugarásvegi 1, Reykjavík.

4.6 Að selja húseignina Hvanneyrarbraut 27, Siglufirði.

4.7 Að selja húseignina Strandgötu 35, Eskifirði.

4.8 Að selja Andakílsárvirkjun u.þ.b. 2 km langa 66 kV línu milli Vatnshamra og Andakílsárvirkjunar, sem nú er í eigu Rafmagnsveitna ríkisins, og hluta af byggðalínustöðinni á Vatnshömrum í Borgarfjarðarsýslu.

4.9 Að selja húseign Ríkisútvarpsins að Norðurgötu 2b á Akureyri.

4.10 Að selja geymsluhúsnæði Rafmagnsveitna ríkisins að Lyngási á Egilsstöðum.

4.11 Að selja 1. hæð húseignar Póst- og símamálastofnunarinnar í Hafnarhvoli við Tryggvagötu.

4.12 Að selja eignarlóð Rafmagnsveitna ríkisins sem liggur að Gránufélagsgötu og Grímseyjargötu á hafnarsvæði Akureyrar.
4.13 Að selja skrifstofuhúsnæði sýslumanns og bæjarfógeta á Húsavík.
4.14 Að selja fasteignina að Hafnargötu 11, Seyðisfirði.
4.15 Að selja hluta af jörðinni Sölvholti í Hraungerðishreppi.
4.16 Að selja húseignina Laugarbrekku 22, Húsavík.
4.17 Að selja jörðina Rauðamýri í Nauteyrarhreppi.
4.18 Að selja bóknámsdeildarhús Iðnskólans í Hafnarfirði við Reykjavíkurveg.
4.19 Að selja útihús (fjós og hlöðu með áföstum viðbyggingum) á Laugarvatni. Undanþegin sölunni skulu tilheyrandi lóðarleiguréttindi, 5500 m² skv. skipulagi.
4.20 Að selja húseignina Norðurbrún 9 í Seyluhreppi.
4.21 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í húseigninni Ásbyrgi í Bessastaðahreppi.
4.22 Að selja húseignina Aðalgötu 25, Sauðárkróki.
4.23 Að selja gamalt áhaldahús Vegagerðar ríkisins á Ísafirði.
4.24 Að selja húseignina Árholt 5 og Hafnarstræti 6, Ísafirði, og verja andvirðinu til kaupa á húsnæði fyrir fræðsluskrifstofu Vestfjarða.
4.25 Að selja húseignina Þönglabakka 6, Reykjavík.
4.26 Að selja húseign Síldarverksmiðja ríkisins að Suðurgötu 61, Siglufirði.
4.27 Að selja grænfóðurverksmiðjurnar Flatey í A-Skaftafellssýslu, Fóðuriðjuna í Dalasýslu og Fóður og fræ í Rangárvallasýslu.
4.28 Að selja húseignir til nota fyrir varamenn sendiherra þar sem henta þykir og verja andvirðinu til kaupa á minni og ódýrari húseignum.
4.29 Að selja vitaskipið Árvakur.

Fasteignakaup, lántökuheimildir o.fl.

5.1 Að kaupa hluta 5. hæðar hússins að Laugavegi 105, sem er í eigu Bjargráðasjóðs, og taka til þess nauðsynleg lán.
5.2 Að kaupa húsnæði fyrir Skattstofu Norðurlands eystra og taka til þess nauðsynleg lán.
5.3 Að kaupa jörðina Kvíabryggju í Eyrarsveit og þær fasteignir sem Reykjavíkurborg á þar og taka nauðsynleg lán í því sambandi.
5.4 Að kaupa fasteignina Lyngás 7–9, Garðabæ, til skólahalds.
5.5 Að kaupa húsnæði til nota sem lögreglustöð á Egilsstöðum og taka til þess nauðsynleg lán.
5.6 Að kaupa húsnæði fyrir Fræðsluskrifstofu Vesturlandsumdæmis, umdæmisskrifstofu Fasteignamats ríkisins og fleiri aðila í Borgarnesi og taka til þess nauðsynleg lán.
5.7 Að kaupa jörðina Gunnólfsvík I og II í Skeggjastaðahreppi í Norður-Múlasýslu og taka til þess nauðsynleg lán.
5.8 Að kaupa hluta húseignar að Álfheimum 72, Reykjavík, (98 m² geymsluhúsnæði) og taka til þess nauðsynleg lán.
5.9 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslustöðvar á Flateyri og Borgarfirði eystra og taka til þess nauðsynleg lán.
5.10 Að kaupa húsnæði til nota fyrir lögreglustöð á Raufarhöfn og taka til þess nauðsynleg lán.
5.11 Að kaupa eða taka á leigu húsnæði fyrir lögreglustöð í Grindavík og taka til þess nauðsynleg lán.
5.12 Að kaupa skrifstofuhúsnæði fyrir sendiráð Íslands í Washington að höfðu samráði við fjárveitinganefnd og verja til þess andvirði íbúðarhúss og eldra skrifstofuhúsnæðis í eigu sendiráðsins.

5.13 Að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum og taka til þess nauðsynleg lán.
5.14 Að kaupa húsnæði til nota fyrir Unglingaheimili ríkisins og taka til þess nauðsynleg lán.
5.15 Að kaupa húsnæði, eða semja um aðild að byggingu stjórnsýsluhúss á Akranesi, til nota sem lögreglustöð og/eða skrifstofuhúsnæði fyrir bæjarfógetaembættið á Akranesi og taka til þess nauðsynleg lán.
5.16 Að kaupa húseignina Hvammshlíð 6, Akureyri, og taka til þess nauðsynleg lán.
5.17 Að kaupa húseignina Engihlíð 9, Reykjavík, og taka til þess nauðsynleg lán.
5.18 Að kaupa húseignina Stigahlíð 52, Reykjavík, og taka til þess nauðsynleg lán.
5.19 Að kaupa húseignina Digranesveg 5, Kópavogi og taka til þess nauðsynleg lán.
5.20 Að kaupa hluta fasteignarinnar við Dugguvog 12, Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
5.21 Að kaupa hluta fasteignarinnar við Eiðistorg 15, Seltjarnarnesi, og taka til þess nauðsynleg lán.

6.1 Að kaupa skrifstofuhúsnæði fyrir Stjórnarráð Íslands og taka til þess nauðsynleg lán.
6.2 Að kaupa húseignir í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
6.3 Að kaupa húsnæði fyrir ríkisstofnanir og taka til þess nauðsynleg lán ef fullreynt þykir að ekki fáist fyrir þær leiguhúsnæði á viðunandi leigukjörum að mati fjárlaga- og hagsýslustofnunar.

Ýmsar heimildir

7.1 Að heimila Heyrnar- og talmeinastöð Íslands að taka lán hjá Atvinnuleysistryggingasjóði vegna kaupa á búnaði og tækjum til hávaðamælinga á vinnustöðum í samræmi við reglugerð nr. 478/1985.
7.2 Að ábyrgjast lán að fjárhæð allt að 18.000 þús.kr. eða veita veðheimildir að sama marki í fasteignum ríkissjóðs á Bernhöftstorfu í Reykjavík til minjaverndar í því skyni að ljúka byggingarframkvæmdum á Bernhöftstorfu.
7.3 Að ábyrgjast lán með einfaldri ábyrgð sem Akureyrarkaupstaður kann að taka vegna kaupa á röntgentækjum í Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Ríkissjóður mun endurgreiða lánið, án vaxta, í fjárlögum 1989–1991.
7.4 Að semja við sóknarnefnd Barðssóknar í Skagafirði um uppgjör vegna afhendingar kirkjunnar að Barði.
7.5 Að kaupa dagblöð fyrir stofnanir ríkisins allt að 250 eintökum af hverju blaði umfram það sem veitt er til blaðanna í 4. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1 Inngangur

Meginmarkmið fjárlagafrumvarpsins er að ná jöfnuði í ríkisbúskapnum þegar á næsta ári. Til þess að þetta megi takast hefur ríkisstjórnin ákveðið að grípa nú þegar til sérstakra aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum og peningamálum. Með þeim er hamlað gegn mikilli þenslu að undanförnu. Í fjárlagafrumvarpinu eru boðaðar frekari ráðstafanir til þess að efla innlendan sparnað, draga úr verðbólgu og minnka viðskiptahalla. Þannig er lagður grundvöllur að jafnvægi í þjóðarbúskapnum.

Hallalaus fjárlög endurspeglast í minni lánsfjárþörf. Jafnframt er aukin áhersla lögð á innlenda fjármögnun eins og sést af því, að ríkissjóður tekur engin ný erlend lán á næsta ári. Erlendar skuldir ríkisins lækka því verulega, eða úr 18% af landsframleiðslu árið 1986 í 13% í árslok 1988. Þessi stefnumörkun kemur glöggt fram í lánsfjáráætlun fyrir árið 1988. En hún birtist ekki aðeins í auknu aðhaldi hjá ríkissjóði heldur lækkar heildarlánsfjáröflun allra opinberra aðila verulega á árinu 1988, eða um 3,6 milljarða. Jafnframt hefur verið gripið til almennra ráðstafana til að draga úr erlendri lántöku einkaaðila með sérstöku lántökugjaldi og innlendri fjármögnunarkvöð.

Endurskoðun á tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs er annað veigamikið atriði hinnar nýju stefnu í ríkisfjármálum. Tilgangurinn er að gera skattkerfið einfaldara, skilvirkara og um leið réttlátara. Helstu þættir þessarar endurskoðunar eru: Veruleg fækkun söluskattsundanþága sem aðdragandi að upptöku virðisaukaskatts. Endurskoðun á tekju- og eignarskattsálagningu atvinnurekstrar sem miðar að fækkun frádráttarheimilda en lækkun jaðarskatts. Endurskoðun á reglum um skattmeðferð fjármögnunarleiguviðskipta. Fyrsti áfangi í átt til samræmingar launaskatts komi til framkvæmda á næsta ári. Lækkun og samræming tolltaxta og niðurfelling ýmissa smærri gjalda, sem að hefur verið stefnt í mörg ár, kemur til framkvæmda um næstu áramót. Ríkisfyrirtækjum verður gert að skila arði í ríkissjóð. Lagt verður sérstakt gjald á verktakafyrirtæki í varnarliðsframkvæmdum. Staðgreiðsla beinna skatta einstaklinga verður tekin upp frá næstu áramótum. Fyrsta skref í átt til aukins fjárhagslegs sjálfstæðis sveitarfélaga verður stigið um næstu áramót með tilflutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga.

Á gjaldahlið fjárlagafrumvarpsins má einnig merkja stefnubreytingu. Fyrstu skrefin eru stigin til að draga úr sjálfvirkni ríkisútgjalda. Í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar eru boðuð stærri skref í þá átt og er þess vænst að ráðherrar flytji frumvörp til laga um það efni á næstunni hver á sínu sviði. Tilraunir eru gerðar til að auka sjálfstæði og rekstrarábyrgð ríkisstofnana og fjárhagslega ábyrgð stjórnenda. Hert er á kröfum um auknar sértekjur opinberra þjónustustofnana. Á vettvangi fjármálaráðuneytis og einstakra ráðuneyta er unnið að undirbúningi að sölu einstakra ríkisfyrirtækja og hlutabréfa í eigu ríkissjóðs. Heimildir fjármálaráðherra skv. 6. gr. til eftirgjafar aðflutningsgjalda og söluskatts eru flestar felldar niður. Að því er stefnt að slíkar heimildir, teljist þær á annað borð nauðsynlegar, verði felldar inn í lög um tolla og söluskatt, eftir því sem við á.

Skattaframkvæmd. Í undirbúningi eru ýmsar aðgerðir til að bæta framkvæmd skattalaga og eftirlit. Veigamikil forsenda þess er að skattakerfið verði einfaldara og undanþágum verði fækkað eins og kostur er. Jafnframt verður bókhaldseftirlit eflt, bæði á vegum skattyfirvalda og innheimtuaðilua. Stefnt er að því að eftirlitsstarfsemi ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra verði aukin. Þessu verður fylgt eftir með hertum viðurlögum við skattalagabrotum.

Ríkisábyrgð aflétt. Í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er því markmiði lýst að ríkisafskipti og ríkisrekstur á atvinnufyrirtækjum verði sem minnst. Þessari stefnu er til skila haldið í fjárlagafrumvarpinu og í frumvarpi til lánsfjárlaga, þótt í smáu sé. Til dæmis verði ríkisábyrgðum af lántökum fjárfestingarlánasjóða aflétt til að ýta undir sjálfstætt áhættumat og auknar arðsemiskröfur. Stefnt er að því að breyta starfsháttum og stjórn fjárfestingarlánasjóða. Horfið verði frá skiptingu þeirra, eftir hefðbundnum atvinnugreinum, þannig að nýjar greinar standi jafn vel að vígi og gamlar hvað varðar aðgang að lánsfé. Þegar hefur verið skipaður starfshópur til að undirbúa þessar tillögur. Enn fremur hefur verið skipaður starfshópur til að endurskoða lög og reglur um erlent fjármagn í íslensku atvinnulífi. Að því er stefnt að erlent áhættufé geti komið í staðinn fyrir erlent lánsfé við fjármögnun atvinnufyrirtækja hér á landi.

Styrkir til atvinnuvega. Í samræmi við starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er það almenn stefna að draga úr tilfærslum fjármagns til atvinnuvega og fyrirtækja. Þessa sér víða stað í frumvarpinu. Bein framlög til atvinnuvega lækka. Endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti í sjávarútvegi er t.d. helmingi lægri fjárhæð en á yfirstandandi ári. Fjármagnstilfærslur og framlög til ýmiss konar starfsemi í tengslum við landbúnað og iðnað eru lækkuð. Niðurgreiðslur og útflutningsbætur vegna landbúnaðarafurða lækka að raungildi.

Framlög samkvæmt jarðræktarlögum lækka verulega og styrkir skv. búfjárræktarlögum eru afnumdir. Til samræmis við hinn almenna samdrátt landbúnaðarframleiðslu er lagt til að ráðunautum á vegum Búnaðarfélags Íslands og búnaðarsambanda í héraði,sem launaðir hafa verið af ríkissjóði, fækki um fjórðung. Framlög ríkisins til Áburðarverksmiðju eru felld niður. Loks eru framlög til fjárfestingarlánasjóða afnumin.

Félags- og velferðarmál. Á sama tíma og dregið er úr millifærslum, styrkjum og rekstrargjöldum til stofnana í þjónustu atvinnuveganna er lögð aukin áhersla á fjárhagslegan stuðning við margvísleg félags- og velferðarmál. Ráðstöfunarfé byggingarlánasjóðanna vex verulega, bæði af ríkisframlögum og með fjáröflun hjá lífeyrissjóðum. Ríkisframlag til Byggingarsjóðs verkamanna og lánveitingar til félagslegra íbúðabygginga, þar með talið kaupleiguíbúða, tvöfaldast. Sama á við um ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins til almennra húsbygginga og íbúðarkaupa. Í félagsmálaráðuneyti er nú unnið að undirbúningi breyttra útlánareglna til þess að draga úr sjálfvirkni útlána með lánsloforðum til langs tíma, þannig að lánsféð nýtist betur þeim sem mesta hafa þörfina. Þá er gert ráð fyrir 150 millj. kr. í ár og aftur á næsta ári til að koma til móts við þá sem lent hafa í greiðsluerfiðleikum vegna húsnæðisöflunar á liðnum árum.

Til menntamála er varið auknu fé á ýmsum sviðum. Þannig er nú í fyrsta sinn ætlað fé til háskólakennslu á Akureyri. Háskóli Íslands er styrktur með fjölgun á starfsliði og auknu fé til rannsókna. Á grunnskólastiginu eru framlög til stuðningskennslu og sérkennslu aukin. Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækkar úr 928 m.kr. í 1.478 m.kr. eða um 60%. Þannig er reynt að gæta samræmis milli fjárframlaga til sjóðsins og lántöku hans,, en honum hefur árum saman verið ætlað að taka lán, erlend eða innlend, langt umfram greiðslugetu.

Aukin áhersla er lögð á málefni fatlaðra með því að auka framlög til reksturs heimila og dvalarstaða fyrir fatlaða og til framkvæmda.

Bættar samgöngur á landi og í lofti eru þýðingarmikið atriði í byggðarmálum. Því er nú lagt til að auknu fé verði varið til vegamála og flugvallagerðar. Framkvæmdamáttur framlaga til þessara tveggja málaflokka eykst um 18–19%.

Umbætur í skattamálum kalla á aukna fjármuni og mannafla. Að hluta er það nauðsynlegt vegna staðgreiðslu skatta, sem hefst um n.k. áramót, og vegna undirbúnings virðisaukaskatts, sem koma á til framkvæmda 1989. Einnig ber brýna nauðsyn til þess að efla eftirlit og skilvirkni í skattakerfinu eins og áður segir.

Ríkisstjórnin vill leggja sitt af mörkum til að styrkja forvarnarstarf á sviði áfengis- og fíkniefnamála. Framlög eru aukin í þessu skyni og er nú stefnt að samstilltu átaki allra ráðuneyta í fyrirbyggjandi starfi á þessum vettvangi.

Sala ríkisfyrirtækja. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram að unnið verði að því að bjóða ríkisfyrirtæki og hlutafé ríkisins í fyrirtækjum, sem stunda atvinnurekstur, almenningi til kaups, eftir því sem henta þykir. Í samræmi við þetta fer nú fram á vettvangi einstakra ráðuneyta athugun á því hvort og þá með hvaða hætti staðið skuli að sölu á fyrirtækjum í ríkiseigu. Ljóst er að margháttaðra gagna verður að afla í hverju tilviki um rekstur og stöðu ýmissa þeirra fyrirtækja sem hér um ræðir áður en af sölu getur orðið. Ekki ber að líta á sölu ríkisfyrirtækja og hlutabréfa í ríkiseign sem tæki til tekjuöflunar fyrst og fremst, heldur sem þátt í endurmati á hlutverki ríkisins í nútíma velferðarríki.

Efnahagsvandinn. Á þenslutímum er það tvímælalaust hlutverk opinberrar fjármálastjórnar að hamla gegn umframeftirspurn og þeirri verðbólgu og viðskiptahalla sem af hlýst. Þetta ber að gera með því að reka ríkissjóð án halla og halda fram aðhaldssamri peningamálastefnu. Með frumvörpum til fjárlaga og lánsfjárlaga og almennum efnahagsaðgerðum þeim til styrktar, rækir ríkisstjórnin skyldur sínar í þessum efnum.

Mikill hagvöxtur er ekki einhlítur mælikvarði á velgengni í efnahagsmálum. Hagvaxtarskeiðið sem hófst 1984 hefur allt fram á þetta ár mátt rekja til mikillar framleiðsluaukningar í sjávarútvegi. Þetta leiddi til aukins útflutnings og bættrar stöðu þjóðarbúsins gagnvart útlöndum. Hagvöxtinn á yfirstandandi ári má hins vegar í mun ríkari mæli rekja til þenslu í verslunar- og þjónustugreinum. Þessi munur endurspeglast með skýrum hætti í umskiptum til hins verra á viðskiptajöfnuði.

Til þess að koma í veg fyrir að hagvaxtarskeiðið snerist upp í ofþenslu, verðbólgu og viðskiptahalla hefði þurft að grípa til strangra aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum og peningamálum þegar í upphafi árs 1987. Sú staðreynd að ekki var gripið til aðgerða fyrr en með tilkomu nýrrar ríkisstjórnar eftir mitt árið veldur því að vandinn sem við er að fást er verri viðureignar og kallar á stórtækari aðgerðir en ella hefði verið nauðsynlegt.

Efnahagsvandinn sem við blasir nú er í meginatriðum tvíþættur. Annars vegar gætir meiri eftirspurnar í efnahagslífinu en góðu hófi gegnir. Það birtist meðal annars í manneklu og launaskriði í einstökum atvinnugreinum og vaxandi verðbólgu. Á hinn bóginn eru horfur á miklu hægari hagvexti og stórauknum halla á utanríkisviðskiptum á næsta ári, verði ekki spyrnt við fótum.

Fyrstu aðgerðir. Í upphafi ferils síns greip ríkisstjórnin til margháttaðra aðgerða til þess að draga úr verðbólgu og viðskiptahalla og koma á betra samræmi milli þjóðarútgjalda og þjóðartekna. Þessar aðgerðir voru einkum fólgnar í eftirfarandi: Undanþágum frá söluskatti var fækkað og tekinn upp sérstakur söluskattur með lægra hlutfalli (10%) af ýmsum matvælum og nokkrum greinum þjónustu. Lagt var á sérstakt bifreiðagjald sem innheimtist að hálfu leyti á þessu ári.

Lagður var viðbótarskattur á innflutt kjarnfóður. Ríkisábyrgðargjald var hækkað og lagt á nýtt lántökugjald á erlend lán. Áætlað er að þessar aðgerðir skili ríkissjóði rúmum

milljarði króna á þessu ári en 3,5 milljörðum á næsta ári. Þessar aðgerðir voru því stórt skref í þá átt að jafna hallann á ríkissjóði.

Jafnframt var gripið til tekjujafnandi aðgerða með hækkun lágmarks framfærslulífeyris einstaklinga og hækkun barnabótaauka, sem áætlað er að kosti ríkissjóð um 190 m.kr.

Þessum aðgerðum í ríkisfjármálum var fylgt eftir með frekari ráðstöfunum á sviði peninga- og lánamála. Vextir af spariskírteinum ríkissjóðs voru hækkaðir. Fyrirhuguð endurgreiðsla söluskatts til sjávarútvegs var lögð inn á bundna reikninga. Til þess að draga úr erlendum lántökum, sem hafa átt drjúgan þátt í þenslunni að undanförnu, setti viðskiptaráðuneytið reglur sem kveða á um aukna hlutdeild innlends lánsfjár í kaupum erlendis frá.

Þótt þessar ráðstafanir hafi styrkt stöðu ríkissjóðs verulega hafa þær ekki dugað til þess að halda nægilega aftur af þjóðarútgjöldum og beina tekjum fólks og fyrirtækja að auknum sparnaði.

Nýjar viðnámsaðgerðir. Ríkisstjórnin hefur því ákveðið að bregðast strax við þessum vanda með sérstökum aðgerðum í ríkisfjármálum og peningamálum. Markmið þessara ráðstafana er tvíþætt. Í fyrsta lagi að hamla nú þegar gegn þeirri eftirspurn í efnahagslífinu sem farið hefur vaxandi að undanförnu. Í öðru lagi að treysta enn frekar jafnvægi í þjóðarbúskapnum á næsta ári með hallalausum fjárlögum og aðgerðum til að efla innlendan sparnað. Þannig verður með samræmdum hætti dregið úr útlánaþenslu og innstreymi erlends lánsfjár og þar með lagður grundvöllur að hjöðnun verðbólgu og minni viðskiptahalla.

Aðgerðir í ríkisfjármálum. Áætlanir á þessu hausti bentu til þess að halli ríkissjóðs yrði um 2,6 milljarðar króna árið 1987. Ljóst er að svo mikill halli eykur á þenslu og kyndir undir verðbólgu. Þess vegna hefur ríkisstjórnin ákveðið að grípa til eftirfarandi aðgerða í ríkisfjármálum:

- Innflutningsgjald af fólksbifreiðum hækkar þegar í stað til þess að draga úr innflutningi. Í kjölfar þessa gæti bílverð hækkað um 5–15% eftir stærð, minnst á smærri bílum en mest á hinum stærri og dýrari.

- Fækkun undanþága frá söluskatti verður flýtt. Frá 1. nóvember falla niður söluskattsundanþágur á matvælum. Þar með mun öll matvara bera 10% söluskatt.

- Verð á áfengi og tóbaki hækkar nú þegar um 8% að meðaltali.

Aðgerðir í peningamálum. Til þess að fylgja þessum aðhaldsaðgerðum eftir og efla innlendan sparnað verður gripið til eftirfarandi ráðstafana í peninga- og lánsfjármálum:

- Haldið verður óbreyttum kjörum á tveggja ára spariskírteinum, sem selst hafa vel að undanförnu. Önnur spariskírteini verða boðin með betri kjörum en verið hefur.

- Vextir af ríkisvíxlum verða endurskoðaðir reglulega. Jafnframt verða boðnir ríkisvíxlar til lengri tíma.

- Sölukerfi ríkisvíxla og spariskírteina verður endurbætt.

- Bönkum og sparisjóðum verður heimilað að bjóða gengisbundna innlánsreikninga.

- Einstaklingum og fyrirtækjum verður heimilað að eignast erlend verðbréf.

- Við endurskoðun laga um tekju- og eignaskatt og ákvæða um skattlagningu eignatekna verður við það miðað að skattlagning verði samræmd og jafnframt tryggt að tekjur af hlutafjáreign almennings sæti ekki lakari meðferð en aðrar tekjur af eignum.

- Til þess að hvetja þá sem hyggja á erlendar lántökur til að fresta áformum sínum, og draga á þann hátt úr innstreymi erlends lánsfjár á næstunni, verður gjald á erlendar lántökur fellt niður við lok næsta árs.

- Ríkisstjórnin mun afnema ríkisábyrgð á skuldbindingum atvinnuvegasjóða.

Fylgst verður nákvæmlega með því næstu vikur hvort þörf sé frekari aðgerða frá næstu mánaðamótum til þess að tryggja nægilegt aðhald í útlánum banka út þetta ár. Áætlanir benda til þess að lausafjárstaða bankakerfisins muni batna verulega í upphafi næsta árs og verða gerðar ráðstafanir fyrir þann tíma til þess að tryggja hóflega þróun í útlánastarfsemi bankanna á því ári.

Ráðstafanir þessar eyða þeirri óvissu er gætt hefur í efnahagsmálum að undanförnu. Jafnframt skapa þær forsendur fyrir auknu jafnvægi á lánamarkaði, en það er frumskilyrði þess að vextir geti farið lækkandi. Með því að eyða hallanum á ríkisbúskapnum er stigið stórt skref í þessa átt. Grunnur er lagður að stöðugleika í efnahagslífinu og áframhaldandi sókn til bættra lífskjara.

Kjaraþróun. Meira en 2/3 hluta ríkisútgjalda tengjast launum, lífeyris- og sjúkratryggingum, almennum rekstri, sem mjög er launatengdur og vaxandi vaxtabyrði af skuldum. Breytingar á launum opinberra starfsmanna og á almennum vinnumarkaði eru því ákvarðandi þáttur um þróun ríkisútgjalda.

Í desember á s.l. ári var gengið frá rammakjarasamningi á almennum vinnumarkaði. Þessir samningar stefndu að svipuðum kaupmætti launa og á árinu 1987 og á árinu 1986, en í þeim fólst einnig mjög veruleg hækkun lægstu launa. Auk þess var samið um tilteknar verðlagsviðmiðanir og gerð fastlaunasamninga við ýmsar starfsstéttir.

Af þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir má ráða, að launahækkanir á árinu hafa orðið langt umfram það sem miðað var við í árslok 1986. Nú er áætlað að atvinnutekjur á mann hækki um 36–37% frá meðaltali fyrra árs. Þetta má bera saman við áætlanir um 20–22% hækkun í kjölfar samninganna í desember. Þá var reiknað með um 7% aukningu kaupmáttar atvinnutekna að jafnaði. Nú eru horfur á að raunhækkun atvinnutekna verði 16–17% frá fyrra ári. Þetta er meira en dæmi eru um áratugum saman.

Framvinda launa- og verðlagsmála á árinu 1987 hefur raskað verulega áætlunum um afkomu ríkissjóðs á árinu og orðið ríkisbúskapnum og efnahagskerfinu í heild mikil áraun. Í fjárlögum ársins var gert ráð fyrir að tekjuhalli ríkissjóðs á árinu 1987 yrði um 2,8 milljarðar kr. Framan af árinu stefndi í mun meiri halla eða um 3,4 milljarða kr. En með þeim aðgerðum, sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir á miðju sumri, tókst að draga talsvert úr hallanum. Með efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar nú við þingbyrjun hefur staða ríkissjóðs styrkst enn. Nú er reiknað með því að hallinn verði 2,1 milljarðar kr. Í hlutfalli viðlandsframleiðslu er reiknað með því að halli á ríkissjóði 1987 verði um 1,0%.

Verðlag og laun. Fjárlagafrumvarpið 1988 byggir á sömu forsendum og þjóðhagsáætlun að því er varðar breytingar launa og tekna og er sett fram á áætluðu meðalverðlagi 1988. Niðurstöðutölur frumvarpsins gera ráð fyrir því að tekjur og gjöld ríkissjóðs á árinu 1988 verði um 59 1/2 milljarður króna. Þar með er ráð fyrir því gert að ríkissjóður verði rekinn án halla á næsta ári. Jöfnuður í ríkisbúskapnum er stærsta Grettistakið sem ríkisstjórnin hefur lyft í varnargarða gegn vaxandi þenslu, verðbólgu og viðskiptahalla.

Heildarútgjöld ríkissjóðs, að frádregnum vaxtagreiðslum, svara til um 23,0 % af vergri landsframleiðslu. Er það svipað hlutfall og meðaltal síðustu 10 ára.

Forsendur frumvarpsins að því er varðar launabreytingar á árinu 1988 eru í meginatriðum þær, að reiknað er með því að launahækkanir verði svipaðar og kveðið er á um í gildandi kjarasamningum við opinbera starfsmenn. Að teknu tilliti til launaskriðs, en nokkurrar styttingar vinnutíma, felst í þessu áætlun um 17% hækkun tekna frá þessu ári.

Verðlagsforsendur eru reistar á spá um að verðlagshækkun á mælikvarða vísitölu verði um 17–18% milli ára. Þetta felur í sér spá um að kaupmáttur ráðstafanatekna heimila verði svipaður á næsta ári og þessu.

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga. Eitt merkasta nýmæli þessa fjárlagafrumvarps felst í áformum um framkvæmd á tillögum um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, er komi til framkvæmda á næstu tveimur árum. Um langt skeið hefur skipting verkefna milli ríkis og sveitarfélaga verið til umfjöllunar, án þess að af framkvæmdum hafi orðið. Umræðan hefur annars vegar snúist um verkefnaskiptinguna og hins vegar um skiptingu kostnaðar af sameiginlegum verkefnum og fjármögnun þeirra.

Með þessu frumvarpi er stigið fyrra skrefið af tveimur áformuðum í heildarendurskoðun þessara mála. Þessar tillögur eru í höfuðatriðum í samræmi við tillögur nefndar sem fjallaði um samstarf ríkis og sveitarfélaga og skilaði áliti í aprílmánuði s.l. Miðað var við að tónlistarskólar (frá upphafi skólaárs 1988/89), dagvistarheimili, byggðasöfn, málefni fatlaðra, vatnsveitur, landshafnir og heimaþjónusta aldraðra færist að fullu yfir á verksvið sveitarfélaga.

Sveitarfélögum verða tryggðir tekjustofnar til þess að takast á við aukin verkefni. Mun ríkisstjórnin leita eftir sem nánaust samstarfi við sveitarstjórnir og samtök þeirra um þessar skipulagsbreytingar. Seinni áfanga breyttrar verkaskiptingar verða undirbúnir með það fyrir augum að þeir komi til framkvæmda á árinu 1989.

Í tengslum við þessar breytingar er í undirbúningi að breyta lögum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Það er nauðsynlegt þegar af þeirri ástæðu að í undirbúningi eru róttækar breytingar á tolltaxtalögum og lögum um söluskatt, en Jöfnunarsjóður hefur hingað til haft lögbundnar tekjur af þessum tekjustofnum.

Með þessum ráðstöfunum hefur ríkisstjórnin gert það sem í hennar valdi stendur til að eyða þeirri óvissu sem að nú ríkir í efnahagsmálum. Það verður þó ekki gert með yfirlýsingum ríkisstjórnar einum saman. Ákvarðanir á vettvangi vinnumarkaðar sem og í fyrirtækjum og á heimilum koma til með að valda miklu um árangurinn. Ekki síst ræðst niðurstaðan þó af þeim ytri skilyrðum, sem þjóðarbúinu verða sett á næstunni.

Fjárlagafrumvarp það sem hér liggur fyrir markar að mörgu leyti tímamót. Þar vegur þyngst, að með því er stefnt að hallalausum fjárlögum þegar á næsta ári. Með því að grípa jöfnum höndum til niðurskurðar ríkisútgjalda og aukinnar tekjuöflunar tókst að eyða fyrirsjáanlegum halla á ríkissjóði, sem að óbreyttu stefndi í 4 milljarða króna á næsta ári. Enn fremur er í frumvarpinu kveðið á um róttæka endurskipulagningu sem snertir flesta þætti ríkisfjármálanna.

Með hallalausum fjárlögum er stigið mikilvægt skref í átt til aukins jafnvægis í þjóðarbúskapnum. Þetta markmið næst þó ekki með aðgerðum í ríkisfjármálum og peningamálum einum saman, því að ákvarðanir á vettvangi vinnumarkaðarins, á heimilum og í fyrirtækjum skipta ekki síður máli. Þá veltur mikið á þróun ytri skilyrða. Samræming allra þessara þátta skiptir sköpum fyrir afkomu þjóðarbúsins og lífskjör hvers og eins í þessu þjóðfélagi.

2 Fjárlagafrumvarp 1988 — Yfirlit

Athugasemdir með þessu frumvarpi eru með svipuðu sniði og í frumvarpi fyrir árið 1987. Á undanförnum árum hefur öll framsetning ríkisfjármála breyst í átt til aukinnar samræmingar við gerð þjóðhagsreikninga og ríkisreiknings. Jafnframt hafa skýringar á einstökum þáttum frumvarpsins aukist. Greinargerð frumvarpsins er í sjö aðalköflum. Á eftir inngangi er í 2. kafla sett fram yfirlit um helstu atriði og niðurstöður frumvarpsins. Í 3. og 4. kafla er fjallað um tekju- og gjaldahliðar frumvarpsins í nánari atriðum. Í 5. kafla er fjallað sérstaklega um fjárhag B-hluta fyrirtækja og sjóða en í 6. kafla um heildarskuldbindingar ríkissjóðs, lánaform og veittar ábyrgðir. Fjárfestingar- og lánsfjármál opinberra aðila og annarra eru rædd í 7. kafla. Í fylgiskjölum er annars vegar yfirlit yfir kostnað og stöðu framkvæmda á vegum Framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins, hins vegar yfir viðbótarfjárheimildir 1987 frá ársbyrjun til septemberloka. Aftast eru töfluyfirlit af ýmsu tagi.

2.1 Verðlagsforsendur frumvarpsins

Fjárlagafrumvarpið er í öllum grundvallaratriðum byggt á sömu forsendum og þjóðhagsáætlun fyrir árið 1988. Þetta á bæði við um verðlags- og launaforsendur og almennar horfur um þróun helstu þjóðhagsstærða á næsta ári, þ.e. þjóðarútgjöld, útflutningstekjur, viðskiptajöfnuð o.fl., eins og þær eru metnar með hliðsjón af efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar.

Allar fjárhæðir í frumvarpinu eru settar fram á verðlagi ársins 1988. Mörg undanfarin ár hafa kjarasamningar verið lausir um áramót og niðurstöður þeirra — og þar með áhrif þeirra á verðlagsþróun og aðrar mikilvægar hagstærðir — hafa ekki verið þekktar. Aðstæður nú eru að ýmsu leyti frábrugðnar því sem áður hefur verið þar sem þegar hefur verið samið við um það bil þriðjung launþega í landinu til loka næsta árs, þ.e. opinbera starfsmenn. Launaforsendur eru því traustari en oft áður. Í fjárlagafrumvarpi og þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir að kjarasamningar annarra launþega, sem flestir eru lausir um eða jafnvel fyrir áramótin, verði á svipuðum nótum og samningar við opinbera starfsmenn. Samkvæmt þessu næmi almenn launahækkun rúmlega 7% á næsta ári, þ.e. 3% í janúar, 2% í febrúar og 2% í júlí. Þrátt fyrir þetta er ljóst að meðalhækkun launa einstaklinga milli áranna 1987 og 1988 verður mun meiri, eða 16—17%, þar sem hækkanir hafa verið miklar á síðari helmingi þessa árs. Hér hefur verið reiknað með því að vinnutími styttist á næsta ári og aðrar launabreytingar en samkvæmt almennum samningum verði minni en á þessu ári.

Launabreytingar á almennum markaði liggja ekki eins ljósar fyrir, en talið er að heildarhækkun launa frá upphafi til loka ársins 1987 verði ekki undir 32%, en það er svipað eða jafnvel ívið hærra en hjá opinberum starfsmönnum. Innlent verðlag hefur hækkað mun minna en laun. Við gerð kjarasamninganna um sl. áramót var gengið út frá því að verðlag innanlands hækkaði um 8—9% frá upphafi til loka ársins og um 11—12% milli áranna 1986 og 1987. Nú eru horfur á að verðlag í lok ársins verði um 25% hærra en það var í upphafi ársins mælt á vísitölu framfærslukostnaðar. Í þessum tölum hefur verið tekið tillit til áhrifa sérstakra aðgerða í ríkisfjármálum í október/nóvember 1987 en þau valda 2% hækkun framfærsluvísitölunnar fyrst í stað. Á þessum forsendum er áætlað að verðlag — á mælikvarða framfærsluvísitölu — verði 17—18% hærra að meðaltali á næsta ári en spáð er fyrir þetta ár. Hækkunin frá upphafi til loka næsta árs yrði þó mun minni, eða rétt innan við 10%. Miðað er við að vísitala byggingarkostnaðar breytist heldur minna en framfærsluvísitala. Mismunandi breytingar hafa orðið á helstu viðskiptamyntum á árinu 1987 og hefur bandaríkjadalur lækkað en aðrar myntir hækkað. Er í frumvarpinu miðað við óbreytt gengi að jafnaði frá því sem er í septemberlok 1987.

2.2 Afkomuhorfur ríkissjóðs 1987 og 1988, samanburður

Við myndun ríkisstjórnar í júlí s.l. voru ákveðnar ýmsar ráðstafanir í efnahags- og ríkisfjármálum. Aðgerðir þessar höfðu bæði áhrif á tekjur og útgjöld ríkissjóðs. Undanþágum frá söluskatti var fækkað og tekinn var upp sérstakur söluskattur á ýmsar vörur og þjónustu. Þá var undanþágum frá söluskatti fækkað sem skref í átt til endurbóta á söluskattskerfinu. Lagt var á sérstakt bifreiðagjald og ákveðið var að innheimta viðbótarskatt af innfluttu kjarnfóðri. Þá er að nefna að gjald fyrir ríkisábyrgðir á lán var hækkað og að auki var lagt á sérstakt lántökugjald á erlend lán. Tilgangur þess síðarnefnda var að draga úr erlendum lántökum auk tekjuöflunar fyrir ríkissjóð. Tekjuauki ríkissjóðs, tengdur þessum skattbreytingum, er talinn um 1040 m.kr. á árinu 1987.

Samhliða breytingu á tekjuhlið fjárlaga voru ákveðnar aðgerðir til kjarajöfnunar sem einkum var ætlað að milda áhrif aðgerðanna á hag hinna lægstlaunuðu. Þannig var ákveðið að hækka elli- og örorkulífeyri, tekjutryggingu og heimilisuppbót. Viðbótarútgjöld ríkissjóðs af þessum sökum voru metin um 90 m.kr. á árinu. Af sama toga var hækkun á barnabótaauka. Kostnaðarauki ríkissjóðs þeirri hækkun var metinn alls um 100 m.kr. Efnahagsaðgerðirnar bættu þannig afkomu ríkissjóðs um 850 m.kr. á árinu 1987.

Frá ársbyrjun hafa að auki orðið breytingar á fjárhagsáætlun ríkissjóðs. Að lokum leiða boðaðar ráðstafanir í ríkisfjármálum nú í upphafi þings til um 300 m.kr. tekjuauka í ríkissjóð á þessu ári, af söluskatti, bifreiðagjöldum og hækkun á söluvöru ÁTVR. Að hluta má rekja breytingu útgjalda til ákvarðana fyrri ríkisstjórnar, svo sem sérstaka hækkun almannatryggingabóta í maí sl., útgjöld vegna ályktunar Alþingis um framkvæmdir við Egilsstaðaflugvöll og auknar niðurgreiðslur á vöruverði. Veigamesta skýringin á fráviki tekna og gjalda ríkissjóðs í ár samanborið við gildandi fjárlög er þó launa- og verðlagshækkun umfram forsendur fjárlaga. Í 3. kafla greinagerðar frumvarpsins um tekjuhlið þess og í 4. kafla um gjaldahlið er fjallað nánar um einstaka liði. Hér er lögð áhersla á heildarniðurstöður.

Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlunartölur fjárlagafrumvarpsins 1988 samanborið við fjárlög 1987 (afgreidd á Alþingi í des. 1986) og endurskoðaða áætlun um afkomu ríkissjóðs frá í september, sem er hluti af undirbúningi og gerð fjárlaganna fyrir árið 1988.

	Fjárlög 1987 m.kr.	Endurskoðuð áætlun 1987 m.kr.	Frumvarp 1988 m.kr.	Breyting %	
	(1)	(2)	(3)	(3/1)	(3/2)
1. Tekjur	43.029	47.790	59.563	38,4	24,6
2. Gjöld	45.872	49.900	59.536	29,8	19,3
3. Tekjur umfram gjöld	**-2.843**	**-2.110**	**27**		
4. Lánahreyfingar, útstreymi					
Afborganir, nettó	1.430	1.430	2.095		
Veitt lán	1.420	1.680	1.635		
Hluta- og stofnfjárframlög	80	844	80		
Viðskiptareikningar, nettó	300	723	400		
5. Lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs, brúttó	**6.073**	**6.787**	**4.183**		
6. Lántökur	**6.150**	**6.800**	**4.200**		
Innlend lán	4.450	4.880	4.200		
Erlend lán	1.700	1.920	–		
7. Greiðsluafkoma	77	13	17		

Allar horfur eru taldar á því að ríkisútgjöld 1987 verði 49.900 m.kr. en það er um 8,8% hærri niðurstaða en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Jafnframt er talið að tekjur ríkissjóðs geti numið 47.790 m.kr. en það er 11,0% hærri fjárhæð en í fjárlögum. Tekjuafkoma A-hluta ríkissjóðs verður samkvæmt yfirlitinu ívið betri en að var stefnt í fjárlögum 1987.

Samanborið við fjárlagatölur hækka tekjur alls um 4.761 m.kr. Beinir skattar lækka um 325 m.kr. en óbeinir skattar hækka um 4.985 m.kr. Lækkun beinna skatta skýrist í meginatriðum af því að álagning tekjuskatts einstaklinga á tekjur ársins 1986 reyndist ívið lægri heldur en talið var í fjárlögum. Þannig er nú talið að tekjuskattur gefi alls 5.005 m.kr í tekjur í stað 5.355 m.kr eins og áætlað var. Hækkun tekna ríkissjóðs skýrist því af verulega meiri tekjum af óbeinum sköttum, einkum aðflutningsgjöldum og söluskatti, að ógleymdum þeim sköttum sem lagðir voru á í júlí 1987 sem hluti af efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar.

Hærri niðurstaða á gjaldahlið 1987 á sér ýmsar skýringar. Alls hækka útgjöld frá fjárlögum um 4.028 m.kr. Þyngst í þessari hækkun vega hærri launagreiðslur vegna áhrifa kjarasamninga eða alls um 1.550–1.600 m.kr. umfram þær 1.100 m.kr. sem áætlað var fyrir. Bætur lífeyristrygginga og útgjöld vegna sjúkratrygginga hækka einnig vegna launa- og verðlagsbreytinga auk sérstakrar hækkunar lífeyrisbóta sem áður er getið. Alls hækka því útgjöld tryggingganna um 1.060 m.kr. umfram fjárlagaáætlun. Af öðrum veigamiklum þáttum til skýringar á áætlaðri hækkun útgjalda má nefna niðurgreiðslur á vöruverði, 360 m.kr., og útflutningsuppbætur, 130 m.kr. Þá er að telja uppbætur á lífeyri, þ.e. greiðsla ríkissjóðs vegna verðbótaþáttar á eftirlaun opinberra starfsmanna, 123 m.kr., og framkvæmdir við Egilsstaðaflugvöll, 60 m.kr. Loks eru ýmsar aðrar greiðslur taldar geta numið um 745 m.kr.

Búist er við nokkurri breytingu á lánahreyfingum ríkissjóðs frá því sem áætlað var í fjárlögum. Þannig aukast lánveitingar ríkissjóðs um 260 m.kr., þar af eru 40 m.kr. til Rafmagnsveitna ríkisins og 220 m.kr. endurlán á erlendu lánsfé til atvinnufyrirtækja. Þá er að nefna 764 m.kr. fjárþörf vegna hlutafjárframlags ríkissjóðs í Útvegsbanka Íslands hf. auk þess sem reiknað er með 423 m.kr. útstreymi á viðskiptareikningum umfram það sem talið var í fjárlögum. Viðbótarútstreymi á lánareikningum er því alls 1.447 m.kr. umfram það sem í fjárlögum var talið. Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs verður 6.787 m.kr. í stað 6.073 m.kr. sem stefnt var að í fjárlögum.

Innlend fjáröflun var talin geta orðið 4.450 m.kr. í fjárlögum 1987, þar af var sala spariskírteina metin 1.500 m.kr, lántökur hjá bankakerfi 1.650 m.kr. og sala verðbréfa til lífeyrissjóða var áformuð fyrir 1.300 m.kr. Áætlað var að innlausn eldri spariskírteina næmi 1.000 m.kr. þannig að nettó-fjáröflun til ríkissjóðs yrði 500 m.kr. Þrátt fyrir harða samkeppni á innlendum lánamörkuðum hefur sala spariskírteina til septemberloka alls numið um 800 m.k.r og innlausn eldri bréfa um 700 m.kr. Á síðasta ársfjórðungi er reiknað með að heldur dragi úr innlausn eldri skírteina og að sala nýrra bréfa glæðist. Því er enn talið að markmið lánsfjáröflunar með sölu spariskírteina muni nást. Um kaup bankakerfisins á verðbréfum ríkissjóðs er það að segja að gengið hefur verið frá samningi við bankana um kaup á verðbréfum í samræmi við áætlun. Þá var samið sérstaklega við Seðlabanka Íslands um 864 m.kr. lánsfjárútborgun, þar af eru 764 m.kr. vegna Útvegsbankans, 40 m.kr. vegna fjárhagsvanda RARIK og 60 m.kr. vegna framkvæmda við Egilsstaðaflugvöll. Óvissa ríkir um aðra innlenda fjáröflun. Á síðari hluta árs hefur verið mikil sala í ríkissjóðsvíxlum til bankakerfisins. Reiknað er með að sú sala vegi upp óvissu í innlendri lánsfjáröflun og er því ekki talin þörf á auknu erlendu lánsfé til handa ríkissjóði umfram þær 1.920 m.kr. sem áformaðar eru.

Tekjur ársins 1988 eru alls taldar verða 59.563 m.kr. en það er hækkun um 24,6% frá því sem talið er að þær verði í ár. Einkum er það tvennt auk verðlagsbreytinga sem skýrir hækkun teknanna. Í fyrsta lagi koma skattahækkanirnar frá því í júli 1987 til fullra áhrifa á árinu 1988. Tekjuhækkun af þessum sökum er alls talin nema um 3.500 m.kr. Í öðru lagi eru uppi áform um skattabreytingar frá næstkomandi áramótum. Þannig mun staðgreiðsla tekjuskatts taka gildi, breytingar verða gerðar á söluskattsstofni, launaskattur lagður á ýmsa

aðila sem undan hafa verið þegnir o.fl., sbr. kafla 2.3 hér á eftir. Alls er áætluð tekjuhækkun af þessu um 2.000 m.kr.

Gjöld ríkissjóðs 1988 eru alls talin verða 59.536 m.kr. en það er hækkun um 9.636 m.kr. eða 19,3% frá endurskoðaðri áætlun í ár. Hækkun gjalda er því heldur minni en hækkun tekna.

Gjaldahlið fjárlaga má skoða frá ýmsum sjónarhornum. Í athugasemdunum hér að neðan, sbr. 4. kafla, er gerð grein fyrir einstökum útgjaldaliðum og breytingum. Hér er ætlunin að gera stutta grein fyrir hagrænni skiptingu ríkisútgjaldanna.

Ríkisútgjöldum má skipta í nokkra meginflokka með tilliti til hvernig þeim er ráðstafað. Nokkrum hluta gjaldanna er ráðstafað til almennrar starfsemi ríkisins, þ.e. til greiðslu launa ríkisstarfsmanna, kaupa á rekstrarvörum og skyldra þátta. Þá fer stór hluti útgjalda ríkisins sem tilfærsla fjármagns, annað hvort til einstaklinga eða atvinnuvega. Hér má nefna lífeyrisbætur til einstaklinga og endurgreiðslur á uppsöfnuðum söluskatti í sjávarútvegi eða útflutningsuppbætur í landbúnaði. Allháar fjárhæðir eru ætlaðar til fjárfestingar í fjárlögum hverju sinni. Hér er eins og áður um tvískiptingu að ræða. Á annan bóginn er fjárfesting ríkisins í skólum, vegum og sjúkrahúsum, svo að nokkuð sé nefnt, og á hinn bóginn fjármagnar ríkið að hluta fjárfestingu sem aðrir aðilar í samfélaginu standa að svo sem húsbyggjendur og sveitarfélög. Í eftirfarandi yfirliti er sýnd hlutfallsleg skipting útgjalda A-hluta ríkissjóðs með ofangreindum hætti og raunaukning milli ára.

	Hlutfallsleg samsetning		
	Frumvarp 1987, endursk. %	Frumvarp 1988 %	Raun-breyting %
1. Kaup ríkisins á vörum og þjónustu. þ.e. samneysla[1]) ...	44,3	44,2	+2,4
2. Neyslutilfærslur til einstaklinga	28,6	29,1	+2,7
3. Styrkir til atvinnuvega	8,1	6,5	−19,4
4. Fjárfesting ríkisins	5,5	6,1	+17,6
5. Fjármagnstilfærslur	6,1	6,0	+1,8
6. Vextir	7,3	8,1	+18,5
Samtals	100,0	100,0	

[1]) Viðhald innifalið (1.208 m.kr. 1987, 1.485 m.kr. 1988).

Útgjöld til samneyslu hækka milli ára um 2,4%. Langþyngsti liður þessa gjaldaflokks eru laun opinberra starfsmanna. Af heildarsamneyslu sem er 29.319 m.kr. í frumvarpinu 1988 eru 20.229 m.kr. vegna launa og 9.090 m.kr. vegna annars kostnaðar.

Neyslutilfærslur til einstaklinga eru að stórum hluta almannatryggingabætur en alls nema þær 14.461 m.k. Útgjöld til tryggingamála hafa hækkað svipað og launaliður frumvarpsins. Raunhækkun þessara tilfærslna virðist tæplega 3%. Styrkir til atvinnuvega dragast aftur á móti saman um 19% en þeir nema alls um 3.900 m.kr. í frumvarpinu. Í þessu sambandi skiptir mestu lækkun á endurgreiðslu söluskatts í sjávarútvegi um 350 m.kr. og niðurfelling á framlagi til Áburðarverksmiðju ríkisins en það nam 120 m.kr. í fjárlögum 1987.

Um fjárfestingu og fjármagnstilfærslur er það að segja að í heild aukast þessi útgjöld um 9,3% að raunvirði frá endurskoðaðri áætlun ársins 1987. Einkum eru það aukin útgjöld til vega- og flugmála sem skýra raunhækkun á fjárfestir gu. I fjármagnstilfærslunum eru það aftur á móti framlög til byggingarsjóðanna sem skýra hækkunina. Vaxtaútgjöld ríkissjóðs ein og sér aukast að tiltölu úr 7,3% heildarútgjalda 1987 í 8,1% 1988.

Vaxtagjöld og afborganir af lánum ríkissjóðs er sífellt fyrirferðarmeiri þáttur í fjármálum ríkisins. Nú er áætlað að vextir og afborganir nemi alls 7.060 m.kr á árinu 1987

eða um 14,8% af heildartekjum ríkissjóðs. Í frumvarpinu er sambærileg fjárhæð 9.435 m.kr og hlutfallið 15,8%. Vextir á innlendum sem og erlendum mörkuðum skipta því mjög miklu fyrir útgjöld og afkomu ríkissjóðs. Í frumvarpinu fyrir 1988 lætur nærri að meðalvextir á heildarskuld ríkisjóðs nemi um 8–9%. Einnar prósentu lækkun á breytilegum vöxtum erlendis er talin hafa í för með sér um 100 m.kr. lækkun ríkisútgjalda.

Þá er að geta um tilflutning verkefna milli ríkis og sveitarfélaga. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að fyrsta skrefið í heildarendurskoðun verkaskiptingar þessara aðila verði stigið á árinu 1988. Þannig er nú gengið út frá að eftirfarandi verkefni flytjist til sveitarfélaganna: Tónlistarfræðsla (í upphafi skólaárs 1988/89), bygging dagvistarheimila, íþróttamál önnur en þau er tengjast rekstri grunnskóla og styrkir til rekstrar byggða- og minjasafna. Í þessum áfanga færast útgjöld vegna málefna fatlaðra alfarið til ríkisins en sveitarfélögin taka að sér heimaþjónustu við aldraða. Þá er miðað við að sveitarfélögin eignist landshafnir og taki við rekstri þeirra. Frumvarp um breytingu á lögum um þetta efni mun brátt lagt fyrir Alþingi. Alls er talið að frá ríkissjóði færist um 200 m.kr. útgjöld til sveitarfélaganna.

Til þess að mæta auknum útgjöldum sveitarsjóða er ákveðið að endurskoða tekjuöflun til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga svo og hlutverk hans. Lögbundnar tekjur Jöfnunarsjóðs eru 5% af aðflutningsgjöldum og 8% af 20 prósenta söluskatti. Samkvæmt því ættu tekjur sjóðsins að vera um 1.655 m.kr. Um nokkurt árabil hafa tekjur sjóðsins verið skertar. Væri sama skerðing í gildi 1988 og er 1987 næmu tekjur hans um 1.135 m.kr. samanborið við 984 m.kr samkvæmt endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1987. Í þessu frumvarpi er við það miðað að til sjóðsins renni alls 1.485 m.kr. á árinu 1988. Er það um 350 m.kr. hærri upphæð en tekjur sjóðsins yrðu væru þær skertar á sama hátt og í ár. Sú fjárhæð skiptist þannig að 250 m.kr. er bein hækkun á tekjum sjóðsins og samsvarar það um helmingi af skerðingunni en 100 m.kr. verða greiddar í sérstaka deild sjóðsins og varið til jöfnunar milli sveitarfélaga vegna flutnings verkefna frá ríkinu. Þar sem tilfærsla verkefna mun kosta sveitarfélögin um 200 m.kr. þarf að auka tekjur þeirra til viðbótar um 100 m.kr. Verður það gert í tengslum við þær breytingar sem nú er unnið að á tekjuöflunarkerfi ríkis og sveitarfélaga og ákvörðun um álagningarhlutfall sveitarfélaganna í staðgreiðslukerfi skatta, ef svigrúm verður fyrir hendi. Þar sem tollalög og lög um söluskatt eru nú til gagngerrar endurskoðunar kemur fjáröflun til Jöfnunarsjóðsins einnig til skoðunar. Þá er ljóst að yfirfara þarf áætlun um tekjur sveitarfélaga í tengslum við upptöku staðgreiðslukerfis skatta. Nú liggur ekki fyrir hvert álagningarhlutfall sveitarfélaganna þarf að vera til þess að þeim sé tryggð viðunandi fjárhagsafkoma á árinu 1988. Inn í þá skoðun er eðlilegt að komi mat á áhrifum af tilflutningi verkefna. Stjórnvöld hafa nú ákveðið að á grundvelli þeirrar vinnu sem ráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga stóðu að á árunum 1986–87 skipi félagsmálaráðherra nefnd sem í verða fulltrúar sambands sveitarfélaga og hlutaðeigandi ráðuneyta. Nefndinni er ætlað að undirbúa framkvæmd á næsta skrefi í flutningi verkefna milli ríkis og sveitarfélaga og fjalla um eignatilfærslur sem því tengist. Breytt tilhögun á stjórnun og fjármögnun á sviði menntamála og heilbrigðismála er mun flóknara verkefni en sú breyting sem nú er ákveðin.

Á undanförnum árum hefur í 6. grein fjárlaga verið leitað heimildar fyrir ríkisstjórn og fjármálaráðherra til að stofna til útgjalda, fella niður tekjur eða taka ýmis innlend lán. Nú hafa fjölmargir liðir verið felldir niður sem heimiluðu fjármálaráðherra niðurfellingu aðflutningsgjalda og sölugjalds. Réttara er talið að heimildir sé að finna í viðkomandi sérlögum, þ.e. til niðurfellingar aðflutningsgjalda verði að finna í tollalögum og undanþáguheimildir verði með sama hætti í lögum um söluskatt og virðisaukaskatt. Þar sem um mjög sérgreindar og tímabundnar ráðstafanir kann að vera að ræða er lagt til að fremur verði veitt fé í fjárlögum heldur en undanþágur frá skattalögum. Af þessum sökum falla mjög margir töluliðir 6. greinar nú niður.

Ríkisumsvif má mæla með ýmsum hætti. Algengt er að sýna tekjur, gjöld og lánsfjárþörf ríkisins sem hlutfall af landsframleiðslu. Í eftirfarandi yfirliti eru þessar

lykilstærðir ríkisfjármálanna sýndar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu samkvæmt greiðslugrunni 1986, fjárlögum 1987, endurskoðaðri áætlun í ár og fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1988.

Ríkisjóður A-hluti, hlutföll af vergri landsframleiðslu

	Útkoma 1986	Fjárlög 1987	Endurskoðun 1987	Frumvarp 1988
Tekjur	24,0	24,4	23,2	24,8
Gjöld	25,2	26,0	24,2	24,8
Tekjuhalli	1,2	1,6	1,0	–
Lánsfjárþörf, brúttó	5,1	3,4	3,3	1,7
Lánsfjárþörf, nettó	1,6	1,5	1,6	–0,2

2.3 Helstu áhersluatriði á tekjuhlið

Tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins ber glöggt merki þeirra tveggja meginmarkmiða ríkisfjármálastefnunnar að nauðsynlegt sé að koma í veg fyrir hallarekstur ríkissjóðs og að tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs þurfi að endurskoða frá grunni. Þannig er með frumvarpinu stefnt að því að afla ríkissjóði 2.000 m.kr. tekna á næsta ári umfram það sem felst í gildandi lögum. En jafnframt er með frumvarpinu stigið annað skrefið í áttina að uppstokkun tekjuöflunarkerfisins. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á tekjuhlið frumvarpsins, en þær verða nánar kynntar í sérstökum frumvörpum sem lögð verða fram á Alþingi í haust.

- Síðastliðið vor samþykkti Alþingi lög um staðgreiðslu tekjuskatts einstaklinga á næsta ári. Með því verða óhjákvæmilega nokkrar breytingar á framsetningu einstakra liða fjárlagafrumvarpsins. Samkvæmt staðgreiðslukerfinu er hvorki gert ráð fyrir að sjúkratryggingagjald verði innheimt sérstaklega né gjald í framkvæmdasjóð aldraðra. Unnið er að undirbúningi staðgreiðslunnar af sérstakri nefnd fulltrúa allra þingflokka og aðila vinnumarkaðarins, sem fjármálaráðherra skipaði í sumar. Gert er ráð fyrir því að niðurstöður þessa starfs verði kynntar nú í upphafi þings.

- Annað atriði sem varðar álagningu tekjuskatts einstaklinga á næsta ári snýr að áformum ríkisstjórnarinnar um verulega fækkun undanþága frá söluskatti um næstu áramót (sjá neðar). Samhliða þessu er gert ráð fyrir hækkun barnabóta og persónuafsláttar, en endanleg útfærsla á þessum hugmyndum liggur enn ekki fyrir. Af þessum sökum verður að taka tölum frumvarpsins um innheimtan tekjuskatt einstaklinga með fyrirvara. Hins vegar er að því stefnt að heildarskattbyrði beinna skatta einstaklinga á næsta ári verði svipuð og á þessu ári.

- Lög um tekju- og eignarskatt á atvinnurekstur verða endurskoðuð og stefnt að einföldun í skattálagningu, meðal annars til þess að undirbúa upptöku staðgreiðslukerfis. Fyrsta skref í þessa átt verður stigið nú fyrir áramót með endurskoðun á afskriftareglum, ýmsum frádráttarheimildum, sjóðsframlögum o.fl., auk þess sem skattmeðferð kaup- og fjármögnunarleiguviðskipta verður tekin til sérstakrar athugunar. Gert er ráð fyrir að þessi endurskoðun skili nálægt 150 m.kr. í viðbótartekjur á næsta ári.

- Fyrsti áfangi í átt til samræmingar launaskatts kemur til framkvæmda á næsta ári með því að 1% skattur verður lagður á allar atvinnugreinar, sem nú eru undanþegnar greiðslu,

nema búrekstur. Launaskattur á aðrar greinar verður óbreyttur frá því sem nú er, þ.e. 3,5% af greiddum launum. Áætlað er að þessi ráðstöfun geti skilað um 400 m.kr. í tekjur á næsta ári.

- Undanþágum frá söluskatti verður fækkað verulega frá því sem nú er. Í nóvember verður strax stigið fyrsta skref í þessa átt með því að lagður verður 10% söluskattur á þau matvæli sem enn eru undanþegin söluskatti. Um áramót verður næsta skref stigið með frekari fækkun undanþága. Auk þess verður skatthlutfallið lækkað og miðað við eina álagningarprósentu. Í þessu sambandi þarf að nefna tvennt. Annars vegar er gert ráð fyrir að innheimta söluskatts á næsta ári skili um 600 m.kr. tekjuauka í ríkissjóð umfram það sem felst í núgildandi kerfi. Þetta er nauðsynlegt til þess að styrkja fjárhagsstöðu ríkissjóðs. Hins vegar er ljóst að endanlegt skatthlutfall þarf að ákveða þannig að heildartekjurnar hrökkvi til þess að draga úr áhrifum verðhækkunar á matvælum á hag tekjulágra og barnmargra fjölskyldna, með hækkun barnabóta, persónuafsláttar o.fl. Að svo stöddu er ekki unnt að meta hversu háar fjárhæðir hér er um að tefla, en að því verki er nú unnið í fjármálaráðuneytinu og verður það nánar útfært í sérstöku frumvarpi. Þess vegna ber að taka heildarfjárhæðum söluskatts eins og þær eru sýndar í frumvarpinu með fyrirvara.

- Með þessum breytingum á söluskatti væri stigið annað skref í áttina að virðisaukaskatti en frumvarp um þá breytingu verður lagt fram á þessu þingi miðað við gildistöku 1. janúar 1989.

- Sú tollasamræming og niðurfelling ýmissa smærri gjalda, sem verið hefur á döfinni um nokkurra ára skeið, kemur til framkvæmda um næstu áramót. Þessi ráðstöfun felur meðal annars í sér lækkun hæstu tolla og niðurfellingu tolla af ýmsum aðföngum til atvinnurekstrar, auk þess sem meira samræmis verði gætt í álagningu aðflutningsgjalda. Jafnframt verða a.m.k. eftirtalin gjöld felld niður: Sérstakt vörugjald, vörugjald á sælgæti o.fl., tollafgreiðslugjald og byggingariðnaðarsjóðsgjald. Til þess að mæta tekjutapi ríkissjóðs vegna þessara skattbreytinga verður lagt á nýtt vörugjald. Jafnframt er við það miðað, að þessi ráðstöfun skili 100 m.kr. í tekjuauka á næsta ári til þess að bæta stöðu ríkissjóðs.

- Innflutningsgjald af fólksbifreiðum var hækkað verulega frá 10. október s.l. Reiknað er með að þessi ráðstöfun leiði til um 7% hækkunar á söluverði bíla að meðaltali. Hækkunin er mest á stærri bílum, allt að 15%, en minnst á smærri gerðum, eða 5—7%. Áætlað er að þessi ráðstöfun skili um 300 m.kr. tekjum á árinu 1988.

- Ríkisfyrirtækjum verður gert að skila arði í ríkissjóð á næsta ári sem miðist við ákveðinn hundraðshluta af hreinni eign fyrirtækjanna. Gert er ráð fyrir að arðgreiðslan verði ekki undir 100 m.kr.

- Verktakafyrirtækjum í varnarliðsframkvæmdum verður gert að greiða sérstakt gjald í ríkissjóð sem áætlað er að skili a.m.k. 50 m.kr. í tekjur.

2.4 Helstu stefnuatriði á gjaldahlið

Á gjaldahlið frumvarpsins verða nokkrar áherslubreytingar borið saman við fjárlög undanfarinna ára. Í samræmi við starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er það almenn stefna að draga úr tilflutningi á fjármagni til atvinnuveganna. Þessi stefna kemur fram í frumvarpinu á ýmsum stöðum. Aftur á móti er áhersla lögð á að fjárframlög til hinna félagslegu þátta samrýmist því starfi sem uppi er haldið og að er stefnt að efla.

- Til húsnæðismála eru bæði ríkisframlög og fjáröflun hjá lífeyrissjóðum aukin. Þannig verður bæði komið til móts við svonefnda hópa sem eiga í greiðsluerfiðleikum, framlag til félagslegrar íbúðarbygginga er aukið svo og útlán til almennra húsbygginga og húsakaupa.

- Í menntakerfinu er nú veitt auknu fé á ýmsum sviðum. Þannig er í fyrsta sinn ætlað fé til að stunda háskólakennslu á Akureyri, Háskóli Íslands er styrktur með fjölgun í starfsliði og auknu fé er varið til rannsókna. Á grunnskólastiginu eru framlög til stuðningskennslu og sérkennslu aukin.

- Framlög til atvinnuveganna eru nú lægri en oft áður. Þannig verður helmingi lægri fjárhæð varið til endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti í sjávarútvegi en á yfirstandandi ári. Þetta er gert í ljósi góðrar afkomu fiskvinnslu og útgerðar. Þá eru framlög til ýmiss konar starfsemi á sviði landbúnaðar skert og sama á við iðnaðinn.

- Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna er stóraukið enda þarf að vera samræmi í fjárframlögum til sjóðs og þess sem honum er ætlað að taka að láni. Um árabil hefur sjóðnum verið ætlað að taka innlend eða erlend lán langt umfram greiðslugetu.

- Til skattalaga- og tollalagaframkvæmdar er ætlað aukið fé og mannafli. Að hluta er þetta nauðsynlegt vegna staðgreiðslu skatta sem hefst um n.k. áramót og vegna undirbúnings virðisaukaskatts sem kemur til framkvæmda 1989, en einnig ber brýna nauðsyn til þess að efla eftirlit og skilvirkni í skattkerfinu.

- Ríkisstjórnin vill styrkja forvarnarstarf á sviði áfengis- og fíkniefnamála. Fjárframlög eru nokkuð aukin í þessu skyni og er nú stefnt að samstilltu átaki allra ráðuneyta í fyrirbyggjandi starfi á þessu sviði.

Í frumvarpinu kemur fram stefnubreyting á starfsháttum og samskiptum ríkisins við sveitarfélög og atvinnulíf.

- Um langt skeið hefur skipting verkefna milli ríkis- og sveitarfélaga verið til umfjöllunar án þess að af róttækum breytingum hafi orðið. Umræðan hefur annars vegar snúist um verkefnaskiptinguna og hins vegar um skiptingu kostnaðar af sameiginlegum verkum og fjármögnun þeirra. Með þessu frumvarpi er stigið fyrsta skrefið í heildarendurskoðun þessara mála.

- Til áhersluatriða telst einnig sú breyting sem verður á starfsháttum Veiðimálastofnunar, Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins og Iðntæknistofnunar. Þessar stofnanir eru nú hreinar ríkisstofnanir. Hafinn er undirbúningur að því að breyta eignar- og rekstrarformi þeirra. Með þessari breytingu er ekki verðið að draga úr framlögum ríkissjóðs til hlutaðeigandi starfsemi. Markmiðið er miklu fremur að hvetja stofnanir til sjálfsábyrgðar og framsækni.

- Eftirlitsstofnanir á borð við Vinnueftirlit og Brunamálastofnun ríkisins hafa verið kostaðar af hagsmunaaðilum, þ.e.a.s. aðilum vinnumarkaðarins og tryggingafélögum. Nú er ætlunin að ganga lengra á þeirri braut. Til dæmis eru uppi áform um breytingu á rekstri Bifreiðaeftirlits ríkisins sem hníga í svipaða átt. Þá er skipaskoðunargjöldum nú ætlað að standa undir stærri hlut í rekstri Siglingamálastofnunar en áður.

2.5 Lánahreyfingar

Í 1. gr. frumvarpsins koma fram lánahreyfingar ríkissjóðs. Sýnd er innlend og erlend lánsfjáröflun svo og afborganir lána, framög ríkisins til hlutafélaga og hreyfingar á skammtímakröfum.

Afborganir, nettó. Heildarafborganir af teknum lánum ríkissjóðs nema 4.635 m.kr. Þar af er talið að innlausn eldri spariskírteina ríkissjóðs nemi 2.130 m.kr. Mat á þessum þætti er jafnan háð mikilli óvissu en í ljósi reynslu síðustu ára og þeirra kjara sem útistandandi bréf bera er innlausn spariskírteina áætluð. Afborganir af erlendum lánum nema alls 850 m.kr. og eru um 18,3% af heildarafborgunum ríkissjóðs. Afborganir af lánum til Seðlabankans nema alls 640 m.kr. Innheimtar afborganir nema alls 2.540 m.kr. þar af eru 1.390 m.kr. af gengisbundnum lánum og 1.150 m.kr. af lánum sem tengd eru innlendu verðlagi.

Veitt lán. Til veittra lána á árinu 1988 teljast þau lán sem ríkissjóður hefur beina milligöngu um að afla fyrir B-hluta fyrirtæki og sjóði. Lán þessi eru 820 m.kr. til flugstöðvar í Keflavík vegna framkvæmda á árinu 1987, 690 m.kr. vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna og 125 m.kr. til framkvæmda Rafmagnsveitna ríkisins. Að auki munu veittar ríkisábyrgðir til nokkurra aðila sem skýrt er nánar frá í 6. kafla að frumvarpi til lánsfjárlaga 1988.

Hluta- og stofnfjárframlög. Hluta- og stofnfjárframlög ríkissjóðs eru áætluð 80 m.kr. á árinu 1988. Hér er um að ræða eftirtalin framlög:

1. Stofnfjárframlag til Alþjóðaframfarastofnunarinnar, IDA, nemur 47,3 m.kr. Um er að ræða fyrsta framlag af þrem í svokölluðum IDA–8 viðbótarframlögum. Heildarframlagið er141,8 m.kr. og skiptist jafnt á hvert ár 1988–1990.
2. Áformað er 3 m.kr. stofnfjárframlag til Norræna fjárfestingarbankans.
3. Hluthafar Steinullarverksmiðjunnar hf. ákváðu aukningu á hlutafé fyrirtækisins á árinu 1987. Í samræmi við innköllun þess fjár mun ríkissjóður þurfa að reiða 11 m.kr. af hendi á árinu 1988.
4. Að síðustu er áætlað fyrir hlutafjárframlögum ríkisins í ýmsum fyrirtækjum sem það á eða kann að eignast aðild að á árinu 1988, alls 18,7 m.kr.

Viðskiptareikningar, nettó. Á undanförnum árum hefur ávallt verið útstreymi umfram innstreymi á þessum reikningum hjá ríkissjóði. Þessir reikningar taka til ýmissa skuldaviðurkenninga til skamms tíma vegna aðflutningsgjalda, innheimtukrafa o.fl. Hér af leiðir tímabundið fjárútstreymi sem þarf að fjármagna. Áætlað nettó-útstreymi af þessum reikningum nemur alls 400 m.kr. á árinu 1988.

Í heild nema lántökur A-hluta ríkissjóðs 4.200 m.kr. þar af verða 1.635 m.kr. endurlánaðar til fyrirtækja og sjóða í B-hluta fjárlaga. í greinargerð um B-hluta er skýrt frá ráðstöfun fjárins. Taka ber fram að lánsfjármögnun byggingarsjóðanna telst ekki til lánsfjármála A-hluta ríkissjóðs. Litið er á þessa sjóði sem lánastofnanir enda fara lántökur þeirra hjá lífeyrissjóðunum ekki um ríkissjóð heldur taka þeir lán til starfsemi sinnar beint og endurlána til einstaklinga og fyrirtækja. Að öðru leyti vísast í 6. og 7. kafla til skýringar á lánsfjáröflun og ráðstöfun.

2.6 Lagabreytingar

Með sama hætti og í frumvarpi fyrir árið 1987 er hér sett fram sérstök greinargerð um þær lagabreytingar, sem nauðsynlegar eru, til þess að tekju- og gjaldahlið frumvarpsins standist. Í frumvarpi til lánsfjárlaga er sótt um nauðsynlegar breytingar á lögum til skerðingar og heimildir til innlendrar lántöku ríkissjóðs og annarra opinberra aðila. Auk þess er þar leitað heimilda til ábyrgðaveitinga og skuldbreytinga á lánum ríkissjóðs og fleiri aðila.

Lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlagafrumvarpsins

Staðfesting á bráðabirgðalögum nr. 68/1987, um ráðstafanir í fjármálum.

Lög um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt. Á því er byggt í frumvarpinu að undanþágum frá söluskatti verði fækkað og skatthlutfalli breytt.

Lög um nýja tollskrá. Miðað er við setningu laga um nýja tollskrá frá áramótum 1988.

Lög um vörugjald. Áformað er að nýtt vörugjald verði lagt á í kjölfar niðurfellingar á sérstöku vörugjaldi og á vörugjaldi á sælgæti, gosdrykki o.fl.

Lög um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt. Í frumvarpinu er byggt á því að endurskoðuð verði tekjuskattlagning fyrirtækja.

Lög um breyting á lögum nr. 14/1965, um launaskatt. Í frumvarpinu er byggt á því að 1% launaskattur verði lagður á þær atvinnugreinar, aðrar en búrekstur, sem hafa verið undanþegnar launaskatti.

Lög um álagningu og innheimtu ýmissa tímabundinna skatta og gjalda á árinu 1988. Áformað er að sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði verði framlengdur á árinu 1988.

Lög um breyting á lögum nr. 461987 um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Lög um sérstakt gjald af verktökum vegna vinnu á varnarsvæðum verði sett.

Skipulagslög. Í IX. kafla laga nr. 19/1964, Skipulagslaga, er kveðið á um kostnað við framkvæmd skipulagsmála. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs falli niður og tekjur af skipulagsgjaldi renni óskiptar til Skipulagsstjóra ríkisins.

Lagabreytingar vegna gjaldahliðar fjárlagafrumvarpsins

Stofnlánadeild landbúnaðarins. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, skal framlag ríkissjóðs til stofnlánadeildarinnar eigi nema hærri fjárhæð en 34,6 m.kr. Þetta framlag er til Lífeyrissjóðs bænda en skv. 19. gr. laga nr. 50/1984, sbr. 2. gr. laga nr. 20/1985, skal Stofnlánadeild landbúnaðarins standa undir 37,5% lífeyrisgreiðslna til ársloka 1989.

Bjargráðasjóður. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins falla niður.

Framkvæmdasjóður fatlaðra. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tl. 35. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, skal framlag ríkissjóðs að viðbættum tekjum af erfðafjárskatti eigi fara fram úr 180 m.kr. á árinu 1988.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 34/1979, um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, er ekki gert ráð fyrir framlagi ríkissjóðs til deildarinnar á árinu 1988.

Hafnabótasjóður. Um Hafnabótasjóð gilda lög nr. 69/1984. Þrátt fyrir ákvæði þessara laga skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins ekki nema hærri fjárhæð en 20 m.kr. á árinu 1988.

Iðnlánasjóður. Þrátt fyrir ákvæði 3. tl. c-liðar 3. gr. laga nr. 55/1984, sbr. lög nr. 52/1986, skal framlag ríkissjóðs á árinu 1988 falla niður.

Ferðamálaráð. Þrátt fyrir ákvæði 8. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, verður framlag ríkisssjóðs ekki hærra en 28 m.kr. á árinu 1988.

Kvikmyndasjóður. Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 40 m.kr. á árinu 1988.

Menningarsjóður. Þrátt fyrir 3. gr. laga nr. 50/1957, um Menningarsjóð, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi fara fram úr 9.090 þús.kr. á árinu 1988.

Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum. Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laga nr. 32/1979, um framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, skulu framlögin falla niður. Gert er ráð fyrir að útgjöld greiðist af Stofnlánadeild landbúnaðarins eins og á undanförnum árum.

Atvinnuleysistryggingasjóður. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 64/1981, sbr. lög nr. 10/1985 og lög nr. 55/1986, skal heildarframlag ríkissjóðs skv. 4. gr. fjárlagafrumvarpsins ekki nema nærri fjárhæð en 500 m.kr. á árinu 1988.

Ríkisútvarpið. Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1988 vegna aðflutningsgjalda af innfluttum hljóðvarps- og sjónvarpstækjum og hlutum til þeirra renna í ríkissjóð.

Félagsheimilasjóður. Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, skal framlag ríkissjóðs falla niður.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, söluskattur. Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 1988 eigi nema hærri fjárhæð en 1.485 m.kr.

Veiðistjóri. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 52/1957, um bætur fyrir eyðingu refa og minka, skal framlag ríkissjóðs fellt niður.

Yfirdýralæknir. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 69/1982 um fjölda dýralækna miðast framlag í fjárlagafrumvarpi við 29 stöður eins og í fjárlögum 1987.

Jarðræktarlög, framlög. Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. laga nr. 56/1987, jarðræktarlaga skal framlag ríkissjóðs til jarðabóta ekki vera hærra en 100 m.kr. á árinu 1988. Enn fremur er áætluð 25% lækkun á framlagi til að kosta störf ráðunauta.

Búfjárrækt. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 31/1973 um framlög til búfjárræktar skal framlag ríkissjóðs vegna búfjárræktarstyrkja á árinu 1988 falla niður.

Heilsugæslustöðvar. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir því að lög nr. 59/1983 komi ekki að fullu til framkvæmda á árinu 1988 í Reykjavíkurlæknishéraði.

Vegagerð ríkisins. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 6/1977, vegalaga, skal framlag ríkissjóðs ekki nema hærri fjárhæð en 2.850.015 þús. kr. á árinu 1988.

Vegna tilflutnings verkefna til sveitarfélaga þarf að endurskoða eftirfarandi lög: Lög nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, lög nr. 112/1976, um dagvistarheimili, lög nr. 107/1970, um Félagsheimilasjóð, lög nr. 49/1956, um Íþróttasjóð, lög nr. 52/1969, um Þjóðminjasafn Íslands (vegna ákvæða þeirra um byggðasöfn), lög nr. 93/1947, um aðstoð til vatnsveitna, lög nr. 91/1982, um málefni aldraðra, lög nr. 23/1955, 38/1951 og 61/1966 um landshafnir og lög nr. 41/1983, um málefni fatlaðra.

3 Tekjuhlið

Áætlun um tekjur ríkissjóðs á árinu 1988 er sem endranær gerð í Þjóðhagsstofnun. Áætlunin er byggð á forsendum þjóðhagsáætlunar um breytingar veltu, verðlags, kauplags og gengis á næsta ári og endurskoðun á innheimtu tekna hjá ríkissjóði á þessu ári. Heildartekjur ríkissjóðs eru á þeim forsendum áætlaðar 59,6 milljarðar króna á árinu 1988, samanborið við um 47,8 milljarða króna í endurskoðaðri áætlun fyrir þetta ár. Nemur hækkunin tæplega 25% milli ára, með eða án vaxtatekna af langtímalánum.

	1982	1983	1984	1985	1986	Endurskoðuð áætlun 1987	Frumvarp 1988
Innheimtar tekjur ríkissjóðs, m.kr.1)	9.577	15.144	20.771	27.110	36.490	46.365	57.863
Hækkun frá fyrra ári,%	59,7	58,1	37,2	30.5	34,6	27,1	24,8

1) Heildartekjur ríkissjóðs án vaxtatekna af langtímalánum.

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu tekjustofnum ríkissjóðs á þessu ári og þeim breytingum, sem á þeim verða, svo og horfum fyrir árið 1988.

Eignarskattar. Álagður eignarskattur einstaklinga á árinu 1987 nam rúmlega 683 m.kr. samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra, sem er tæplega 25% hækkun frá árinu á undan. Þar af nam álagður eignarskattsauki tæplega 62 m.kr. Þetta er heldur minni hækkun en gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum ársins. Heildarálagning eignarskatts á félög hækkaði hins vegar heldur meira, eða um 33%, og varð 554 m.kr. á þessu ári. Þar af nam álagður eignarskattsauki 115 m.kr. Álagning eignarskattsauka var ákveðin með lögum nr. 48/1985, um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986, en með lögum nr. 49/1986, um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, var gjaldtaka eignarskattsaukans framlengd óbreytt til ársins 1989. Gert er ráð fyrir að innheimtur eignarskattur einstaklinga að meðtöldum eignarskattsauka og eftirstöðvum fyrri ára nemi 626 m.kr. á þessu ári miðað við lítið eitt betri innheimtu í ár en í fyrra. Innheimta á eignarskatti félaga er hins vegar talin verða 445 m.kr. samkvæmt endurskoðaðri áætlun 1987.

Áætlun um álagningu eignarskatta fyrir árið 1988 er gerð á grundvelli þess að skattbyrði milli áranna 1987 og 1988 aukist ekki. Í því felst að skattvísitala og aðrir þættir, sem álagninguna varða, verði ákveðnir í samræmi við það, meðal annars með hliðsjón af hækkun fasteignamats á sama tíma. Á þessum forsendum er áætlað að álagning eignarskatts hækki um 17–18% á næsta ári. Að meðtalinni innheimtu eftirstöðva er áætlað að innheimtan hækki heldur meira, eða um 19–20% hjá einstaklingum en 21–22% hjá félögum miðað við svipað innheimtuhlutfall og á þessu ári. Samkvæmt því er reiknað með að heildarinnheimta eignarskattstekna verði 1.287 m.kr. á árinu 1988, þar af nemi eignarskattsaukinn 177 m.kr.

Gert er ráð fyrir að innheimta sérstaks skatts af skrifstofu- og verslunarhúsnæði verði 165 m.kr. á árinu 1987, eða óbreytt frá fjárlögum. Áætlunin fyrir árið 1988 byggir á sömu forsendum og eignarskattsáætlunin og er reiknað með að innheimtan verði 190 m.kr. árið 1988 að meðtöldum eftirstöðvum fyrri ára.

Samkvæmt endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1987 verður innheimta erfðafjárskatts um 60 m.kr, eða óbreytt frá fjárlögum. Á árinu 1988 er talið að tekjur ríkissjóðs af erfðafjárskatti geti orðið 70 m.kr., en um þennan tekjustofn ríkir alltaf mikil óvissa.

Tekjuskattar. Í fjárlögum ársins 1987 var gert ráð fyrir að innheimtar tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga, nettó, næmu 3.650 m.kr. Sú áætlun var miðuð við þá meginforsendu að skattbyrði einstaklinga af tekjuskatti, nettó, yrði svipuð á þessu ári og á árinu 1986, auk þess sem stjórnvöld ákváðu að lækka tekjuskattinn sérstaklega um 300 m.kr. Í þessu fólst að tekjur ríkissjóðs af álögðum tekjuskatti einstaklinga, nettó, myndu hækka um 13% á milli áranna 1986 og 1987. Talið var að innheimtan ykist heldur meira, eða um 19% á sama tíma.

Tölur um frumálagningu ársins lágu fyrir um miðjan júlí. Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra nam álagður tekjuskattur einstaklinga, brúttó, 6.564 m.kr., eða var 11% hærri en árið 1986. Hins vegar hækkuðu barnabætur og persónuafsláttur mun meira, eða um rúmlega 27%, sem leiddi til þess að álagður tekjuskattur einstaklinga, nettó, hækkaði aðeins um 1,5% að meðaltali frá árinu 1986. Jafnframt var ákveðið með bráðabirgðalögum nr. 68/1987 að verja 100 m.kr. til greiðslu sérstaks barnabótaauka í tengslum við upptöku 10% söluskatts á matvæli. Að þessu meðtöldu er álagður tekjuskattur einstaklinga, nettó, því sem næst sá sami í ár og í fyrra í krónum talið. Reiknað er með að innheimtar tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti, nettó, verði 3.300 m.kr. á árinu 1987, að meðtalinni innheimtu eftirstöðva, eða 350 m.kr. undir áætlun fjárlaga. Er þá gert ráð fyrir heldur betri innheimtu í ár en í fyrra, meðal annars vegna léttari skattbyrði á síðari hluta ársins.

Skýringar á lækkun tekna af tekjuskatti einstaklinga frá því sem ráð var fyrir gert í fjárlagafrumvarpi eru einkum tvær. Annars vegar urðu tekjubreytingar á síðasta ári heldur minni en spáð var, eða nálægt 33% í stað 35%. Hins vegar gætti talsverðrar óvissu í áætluninni vegna þeirra skattkerfisbreytinga sem gerðar voru í tengslum við sérstaka lækkun á tekjuskatti.

Á þessu ári er reiknað með að um 355 m.kr. innheimtist í tekjum af sjúkratryggingagjaldi, sem er heldur minna en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Hins vegar bendir allt til þess að innheimtar tekjur af gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra verði heldur meiri en áætlað hafði verið, eða um 150 m.kr. Þau lög sem sett hafa verið um þessa tvo tekjustofna verða felld úr gildi um næstu áramót í tengslum við breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt og upptöku staðgreiðslukerfis beinna skatta.

Eins og fram hefur komið og lýst hefur verið hér að framan verður tekin upp staðgreiðsla á tekjusköttum einstaklinga um næstu áramót. Samhliða þeirri kerfisbreytingu verða felld úr gildi lög um ýmsa smærri tekjustofna, en í stað þess tekið upp eitt skatthlutfall sem samkvæmt lögunum verður 281/2% fyrir tekjuskatt einstaklinga. Á grundvelli þessara nýju

laga er gert ráð fyrir að innheimtar tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga, nettó, verði 4.950 m.kr. á árinu 1988. Enn ríkir þó óvissa um nánari útfærslu á einstökum þáttum laganna. Þessu tengt eru síðan fyrirhugaðar breytingar á söluskattslögunum um næstu áramót, þar sem reiknað er með að til komi hækkun barnabóta, persónuafsláttar o.fl. í því skyni að draga úr áhrifum verðhækkunar á matvælum. Af þeim sökum er því rétt að taka þessari fjárhæð með nokkrum fyrirvara.

Enn fremur er rétt að benda á að hér er miðað við að innheimta tekjuskatts hjá einstaklingum verði svipuð á næsta ári og í ár. Á hinn bóginn er ekki ósennilegt að hún batni fremur en hitt, þar sem reikna má með að staðgreiðslukerfið verði skilvirkara en það kerfi sem nú er í gildi.

Álagður tekjuskattur félaga hækkaði svipað milli áranna 1986 og 1987 og ráð hafði verið fyrir gert í fjárlögum, eða um tæp 27%. Sem endranær ríkir óvissa um endanlegan tekjuskatt félaga fyrir þetta ár, en reynsla undangenginna ára sýnir að fyrstu álagningartölur lækka oft töluvert við kærumeðferð og endurúrskurði. Með þeim fyrirvara er áætlað að innheimtur tekjuskattur félaga verði um 1200 m.kr. á þessu ári.

Með tilliti til þróunar verðlags og launa á þessu ári og miðað við óbreytt kerfi var talið að innheimta á tekjuskatti félaga yrði 1.600 m.kr. á árinu 1988. Nú liggur hins vegar fyrir að lög um tekju- og eignarskatt á atvinnurekstur verða endurskoðuð. Fyrsta skrefið í þessa átt verður stigið um næstu áramót með endurskoðun á afskriftareglum, ýmsum frádráttarheimildum, sjóðsframlögum o.fl. Gert er ráð fyrir að sú endurskoðun skili ríkissjóði 150 m.kr. á næsta ári. Samkvæmt því gætu því tekjur ríkissjóðs af þessum stofni numið um 1.750 m.kr. á árinu 1988.

Gjöld af innflutningi. Í fjárlögum ársins 1987 var áætlað að tekjur ríkissjóðs af almennum tollum yrðu 3.035 m.kr. Var sú áætlun reist á ákveðnum forsendum um þróun verðlags og gengis, ásamt því að gert var ráð fyrir lítils háttar aukningu í innflutningi. Fyrstu átta mánuði ársins hefur almennur vöruinnflutningur aukist mun meira en búist var við miðað við sama tíma í fyrra. Á þetta ekki hvað síst við um bifreiðainnflutning, en á tímabilinu janúar–júli voru fluttir inn um 15.000 fólksbílar, samanborið við um 10.000 bíla í sömu mánuðum í fyrra. Áhrifa þessarar þróunar virðist hins vegar ekki gæta í jafnríkum mæli í innheimtu tolltekna á sömu mánuðum. Ástæða þess er meðal annars sú að áhrifa af mikilli lækkun bensínverðs á heimsmarkaði gætir enn á þessu ári sem kemur fram í lægri tolltekjum hjá ríkissjóði. Jafnframt voru tollar á ýmiss konar hátollavörum, svo sem skíðum, myndavélum, úrum o.fl., lækkaðir á síðastliðnu vori. Með hliðsjón af innheimtu tolltekna fyrstu átta mánuði ársins og þeirri forsendu að reiknað er með að heldur dragi úr innflutningi á síðustu mánuðum ársins er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af þessum tekjustofni verði um 3.275 m.kr. á þessu ári. Nú eru hins vegar fyrirhugaðar verulegar breytingar í skipan tollamála á næstunni. Í þingbyrjun mun verða lagt fram frumvarp um nýja tollskrá, en með því frumvarpi er stefnt að verulegri samræmingu í álagningu tolla, jafnframt því sem tekið hefur verið upp upp nýtt tollskrárnúmerakerfi. Hámarkstollar verða lækkaðir en einnig er fyrirhugað að fella niður eða sameina ýmsa smærri tekjustofna, svo sem sérstakt vörugjald (24% og 30%), vörugjald á sælgæti, gosdrykki o.fl. (7% og 17%), tollafgreiðslugjald og byggingariðnaðarsjóðsgjald. Til þess að mæta tekjutapi ríkissjóðs vegna þessara skattbreytinga er áformað að leggja á nýtt vörugjald. Á næsta ári er áætlað að innheimtar verði 3.550 m.kr. í tolltekjum sem er um 8,5% hækkun milli ára. Þá hefur ekki verið tekið tillit til þess að tekjur af tolli munu væntanlega lækka talsvert við fyrirhugaðar breytingar. Hins vegar er enn ýmislegt á huldu um umfang þessara breytinga og ber að skoða tölurnar með það í huga.

Reiknað er með að innflutningur bifreiða verði minni á árinu 1988 en í ár, en á móti er talið að annar almennur innflutningur aukist lítillega. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir að

bensínverð verði um 10% hærra að meðaltali á næsta ári en á þessu ári, jafnframt því að almennt innflutningsverð hækki um 4% að jafnaði miðað við að gengið haldist óbreytt. Rétt er að benda á að nú er stefnt að því að breyta lögum um tekjustofna sveitarfélaga, sem m.a. feli í sér niðurfellingu á hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í tolltekjum.

Við gerð fjárlaga í desember síðastliðnum var áætlað að tekjur af innflutningsgjaldi fólksbifreiða yrðu 245 m.kr. á þeim forsendum að fluttar yrðu inn kringum 10.000 fólksbifreiðar á þessu ári. Nú stefnir hins vegar í það að sá innflutningur verði tvöfalt meiri, auk þess sem fluttir hafa verið inn þyngri og kraftmeiri bílar í ríkari mæli en áður. Loks hefur verið ákveðin veruleg hækkun gjaldsins í október. Nú er talið að tekjur ríkissjóðs af þessum stofni verði um 640 m.kr. á árinu 1987. Óvarlegt væri að gera ráð fyrir að innflutningur bíla á næsta ári verði jafnmikill og á þessu ári, ekki síst með tilliti til hækkunar innflutningsgjalds. Að svo stöddu er miðað við að fluttir verði inn 13.000 fólksbílar, eða þriðjungi færri en í ár. Áætlað er að tekjur af innflutningsgjaldi fólksbifreiða geti orðið 680 m.kr. á árinu 1988.

Í fjárlögum ársins 1987 var gert ráð fyrir að tekjur af bensíngjaldi yrðu 1450 m.kr. Var sú áætlun reist á þeirri forsendu að gjaldið héldist óbreytt frá því sem það var ákveðið í byrjun þessa árs, eða 10,49 krónur á hvern seldan lítra af bensíni, auk lítils háttar aukningar í sölu. Áætlun um óbreytt gjald hefur gengið eftir en aftur á móti hefur bensínsalan aukist verulega umfram fyrri spár. Lætur nærri að hún aukist um 10–11% milli áranna 1986 og 1987. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er því talið að tekjur af bensíngjaldi verði 1.590 m.kr. á þessu ári. Nú hefur verið ákveðið að hækka bensíngjald um 20% á næstunni. Verði ekki um frekari hækkanir að ræða á næsta ári og aukist salan um 4–5% gætu tekjur af bensíngjaldi orðið um 2.000 m.kr. á árinu 1988.

Áætlað er að heildartekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum verði 6.094 m.kr. á þessu ári, sem er 151/2% hækkun frá fjárlögum. Að stærstum hluta má rekja þá hækkun til meiri veltubreytinga en áður var spáð. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1988 er áætlað að innflutningstekjur ríkissjóðs nemi um 6.791 m.kr., eða verði 11,5% hærri en á þessu ári. Reiknað er með um 4% hækkun á verði erlends gjaldeyris eins og áður sagði og lítils háttar veltubreytingum, auk þess sem nokkur tekjuauki hlýst af nýjum fóðurskatti. Enn fremur hefur sú ákvörðun að fella niður hlut Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í tolltekjum hér áhrif til hækkunar. Á móti kemur að felld verða úr gildi lög um tollafgreiðslugjald og byggingariðnaðarsjóðsgjald eins og áður var nefnt.

Skattar af framleiðslu og innflutningi. Skattar af framleiðslu og innflutningi eru taldir verða 2.509 m.kr. á þessu ári, eða 200 m.kr. meiri en fjárlög ársins gerðu ráð fyrir. Hér er um að ræða álgjald, vörugjald og sérstakt tímabundið vörugjald. Þessa hækkun má meðal annars rekja til veltubreytinga umfram fyrri spár. Tvö hin síðarnefndu verða felld niður í tengslum við breytingar á tollskrá. Í stað þeirra verður tekið upp nýtt vörugjald. Áformað er að þetta nýja vörugjald mæti því tekjutapi sem af toll- og öðrum skattbreytingum hlýst, jafnframt því að afla ríkissjóði viðbótartekna er nema 100 m.kr. Til að það náist þarf vörugjaldið að skila 3.050 m.kr. í ríkissjóð á næsta ári. Þessi fjárhæð gæti hins vegar hækkað nokkuð þegar fyrir liggur endanleg útfærsla á áðurnefndum tollskrárbreytingum. Miðað við þessar forsendur næmu heildartekjur af framleiðslusköttum 3.042 m.kr. á árinu 1988 samanborið við 2.509 m.kr. í ár.

Söluskattur. Heildartekjur af söluskatti voru áætlaðar 18.250 m.kr. í fjárlögum þessa árs, þar af var hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 820 m.kr. Nú er hins vegar talið að söluskattstekjurnar verði 20.620 m.kr. á þessu ári, eða um 13% meiri en áður var gert ráð fyrir. Meginskýringar þessarar hækkunar eru tvær. Í fyrsta lagi hefur velta í landinu aukist talsvert meira en reiknað hafði verið með í kjölfar stóraukins kaupmáttar. Þessi auknu umsvif koma ekki hvað síst fram í sölu nýrra fólksbifreiða. Í öðru lagi voru gerðar

umfangsmiklar breytingar á söluskattskerfinu síðastliðið sumar sem fólu í sér breikkun á söluskattsstofninum. Þetta var liður í aðgerðum stjórnvalda til að draga úr ríkissjóðshalla auk þess að vera fyrsta skrefið í átt að virðisaukaskatti. Lauslega áætlað eiga þær breytingar að skila ríkissjóði um 600–650 m.kr. tekjuauka á þessu ári og rúmlega 2.000 m.kr. á því næsta á verðlagi ársins 1987. Jafnframt verður lagður 10% söluskattur á öll matvæli frá 1. nóvember n.k. til ársloka.

Um næstu áramót er ákveðið að undanþágum frá söluskatti verði fækkað verulega frá því sem nú er auk þess sem skatthlutfallið verði lækkað og miðað við eina álagningarprósentu. Í þessu sambandi þarf að nefna tvennt. Annars vegar er gert ráð fyrir að innheimta söluskatts á næsta ári skili 500 m.kr. tekjuauka í ríkissjóð umfram það sem felst í núgildandi kerfi. Þetta er talið nauðsynlegt til þess að styrkja stöðu ríkissjóðs. Hins vegar verður aflað viðbótartekna til þess að draga úr áhrifum verðhækkunar á matvælum, einkum þó búvörum, á hag tekjulágra og barnmargra fjölskyldna, með hækkun barnabóta, persónuafsláttar o.fl. Að svo stöddu er ekki unnt að meta hversu háar fjárhæðir hér er um að ræða. Að því verki er nú unnið í fjármálaráðuneytinu og verður það nánar útfært í sérstöku frumvarpi. Af þessum sökum ber að taka heildarfjárhæðum söluskatts og tekjuskatts á einstaklinga með fyrirvara.

Með þessum breytingum á söluskatti væri stigið annað skref í áttina að virðisaukaskatti, en frumvarp um þá breytingu verður lagt fram á yfirstandandi þingi miðað við gildistöku 1. janúar 1989.

Nú er reiknað með að velta aukist almennt um 1–2% á næsta ári og almennt verðlag um 14–16%. Á þeim forsendum og að teknu tilliti til fyrirhugaðra breytinga á skattstofninum er áætlað að innheimta söluskattstekna verði 26.340 m.kr. á árinu 1988. Hluti Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í þeim tekjum er áætlaður 1.485 m.kr. og er þá miðað við að til sjóðsins renni eingöngu hluti af söluskattstekjum en að sá hluti sem reiknaður hefur verið af aðflutningsgjöldum falli niður.

Skattar af launagreiðslum. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun fyrir þetta ár gætu innheimtar tekjur ríkissjóðs af launatengdum gjöldum orðið 3.543 m.kr. sem er 7–8% hækkun frá fjárlögum. Þessa hækkun má að mestu rekja til aukinna tekna af launaskatti í ljósi mun meiri launabreytinga á þessu ári en áætlað var. Nú hefur verið ákveðið að leggja 1% launaskatt á þær atvinnugreinar sem nú eru undanþegnar skattskyldu, þó ekki á búrekstur. Launaskattur á aðrar greinar helst óbreyttur frá því sem nú er, eða 31/2%. Talið er að þessi breyting geti skilað ríkissjóði 400 m.kr. tekjuauka á næsta ári. Miðað við þá forsendu og áætlanir um almennar launabreytingar í ár og á næsta ári er gert ráð fyrir að skattar af launagreiðslum nemi 4.623 m.kr. á árinu 1988.

Rekstrarhagnaður ÁTVR. Í fjárlögum ársins 1987 var áætlað að rekstrarhagnaður ÁTVR yrði 2.650 m.kr. á þessu ári. Byggði sú áætlun á hugmyndum um almennar verð- og veltubreytingar. Um mitt ár hækkaði hins vegar verð á áfengi og tóbaki verulega umfram það sem ráð hafði verið fyrir gert, auk þess sem nokkurrar umframaukningar gætir í veltu. Með hliðsjón af hækkun á verði áfengis og tóbaks í október er talið að ÁTVR muni skila í ríkissjóð 3.200 m.kr. af hagnaði sínum á þessu ári. Á næsta ári er gert ráð fyrir að þessi tekjustofn verði 4.075 m.kr. á áætluðu meðalverðlagi 1988.

Skattar af bifreiðum. Á þessu ári eru tekjur af bifreiðasköttum taldar verða 1.190 m.kr., eða mun meiri en reiknað var með í fjárlögum. Þessa aukningu má að hluta rekja til mikils bifreiðainnflutnings, en einnig þess að með bráðabirgðalögum nr. 68/1987, um ráðstafanir í

fjármálum, var lagður á sérstakur bifreiðaskattur. Áætlaðar tekjur af þeim skatti fyrir þetta ár eru 235 m.kr. Í fjárlagafrumvarpi 1988 er áætlað að innheimta bifreiðaskatta verði 1700 m.kr. Tekjur af sérstökum bifreiðaskatti eru taldar verða um 650 m.kr. en á móti kemur að skoðunargjaldið verður fellt niður. Innheimtar tekjur af þungaskatti, eða ígildi þess skatts, eru áætlaðar 900 m.kr. á næsta ári til samræmis við fyrirhugaða hækkun bensíngjalds.

Aðrir óbeinir skattar. Óbeinir skattar, aðrir en þeir sem þegar hafa verið taldir upp, eru nú áætlaðir 2.318 m.kr. á þessu ári samanborið við 1.944 m.kr. á fjárlögum. Veldur hér einkum talsverð aukning í tekjum af stimpilgjaldi og af sölu á erlendum gjaldeyri, jafnframt því að teknir hafa verið upp nýir skattar af erlendum lántökum. Á næsta ári er gert ráð fyrir að tekjur af öðrum óbeinum sköttum verði um 2.750 m.kr. Munar þar mestu um auknar tekjur af áhættugjaldi ríkisábyrgða, lántökugjaldi erlendra lána og sérstöku verktakagjaldi af varnarliðsframkvæmdum. Á móti kemur að í samræmi við breyttar uppgjörsaðferðir er flugvallaskattur ekki lengur færður sem tekjur A-hluta ríkissjóðs heldur sem sértekjur Flugmálastjórnar. Svipuðu máli gegnir um skipulagsgjaldið. Miðað er við að gjaldskrá ýmissa þjónustugjalda hækki í samræmi við almennt verðlag, eða í kringum 16%. Hins vegar hefur verið ákveðið að hækka skipaskoðunargjaldið sérstaklega með tilliti til vaxandi umsvifa Siglingamálastofnunar. Enn fremur er rétt að fram komi að þrátt fyrir að Orlofsheimilasjóður hafi verið lagður niður verður áfram innheimtur skattur af skemmtunum. Ákveðið hefur verið að hluti af innheimtu þessa tekjustofns renni til forvarnarstarfsemi í áfengis- og fíkniefnamálum.

Vextir. Í endurskoðaðri áætlun 1987 eru vaxtatekjur taldar verða 2.325 m.kr., eða svipaðar og í fjárlögum. Í áætlun fyrir árið 1988 er gert ráð fyrir að vaxtatekjur ríkissjóðs nemi um 2.800 m.kr. á áætluðu meðalverði ársins 1988 miðað við óbreytt vaxtastig.

Arðgreiðslur. Áætlað er að tekjur af arðgreiðslum nemi tæpum 370 m. kr. á þessu ári. Þar vega þyngst arðgreiðslur af starfsemi Fríhafnar og hluti af hagnaði Seðlabanka. Í áætlun fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af arðgreiðslum verði 375 m.kr. Talið er að Seðlabanki muni aðeins skila um 25 m.kr. af hagnaði sínum í ríkissjóð, samanborið við um 150 m.kr. í ár, en á móti verður ríkisfyrirtækjum gert að skila arði í ríkissjóð. Gert er ráð fyrir að sú fjárhæð verði ekki undir 100 m.kr. á árinu 1988.

Ýmsar tekjur. Ýmsar tekjur, þ.e. sektir og óvissar tekjur, eru áætlaðar um 60 m.kr. á þessu ári. Í fjárlagaáætlun næsta árs er gert ráð fyrir að þessir tekjustofnar skili heldur meiri tekjum en í ár, eða um 65 m.kr.

Í meðfylgjandi yfirliti er sýnd áætlun um innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1988 samkvæmt þessu frumvarpi og samanburður við fjárlög ársins 1987 og endurskoðaða áætlun í september.

Tekjuáætlun ríkissjóðs 1987–1988

Innheimtar tekjur

		Fjárlög 1987 m.kr.	September áætlun 1987 m.kr.	Frumvarp 1988 m.kr.	Hlutfallsleg breyting frá september áætlun 1987 til frumvarps 1988 %	Hlutfallsleg skipting tekna		
						Fjárlög 1987 %	September áætlun 1987 %	Frumvarp 1988 %
Eignarskattar	...	1.271	1.296	1.547	19,4	3,0	2,7	2,6
Tekjuskattar	...	5.355	5.005	6.700	33,9	12,4	10,5	11,2
Gjöld af innflutningi	...	5.264	6.174	7.031	13,9	12,2	12,9	11,8
Skattar af framleiðslu og innflutningi	...	2.308	2.509	3.042	21,2	5,4	5,3	5,1
Sölugjald, nettó	...	17.430	19.800	24.855	25,5	40,5	41,4	41,7
Rekstrarhagnaður ÁTVR	...	2.650	3.200	4.075	27,4	6,2	6,7	6,8
Skattar af launagreiðslum	...	3.290	3.543	4.623	30,5	7,6	7,4	7,8
Skattar af bifreiðum	...	863	1.190	1.700	42,9	2,0	2,5	2,9
Aðrir óbeinir skattar	...	1.944	2.318	2.750	18,6	4,5	4,8	4,6
Arðgreiðslur og aðrar tekjur	...	2.654	2.755	3.240	17,6	6,2	5,8	5,4
Heildartekjur ríkissjóðs	...	43.029	47.790	59.563	24,6	100,0	100,0	100,0
þ.a beinir skattar	...	6.626	6.301	8.247	30,9	15,4	13,2	13,8
þ.a. óbeinir skattar	...	33.749	38.734	48.076	24,1	78,4	81,0	80,7
þ.a. aðrar tekjur	...	2.654	2.755	3.240	17,6	6,2	5,8	5,5

4 Gjaldahlið

Greinagerð um gjaldahlið frumvarpsins er með svipuðu sniði og var í fjárlagafrumvapi fyrir árið 1987. Fyrst er gerður samanburður við fjárlög 1987 og afkomuhorfur það ár. Síðan er fjallað um fjárveitingar til einstakra ráðuneyta, stofnana og verkefna í A-hluta ríkissjóðs. Á eftir fylgir greinargerð um B-hluta fyrirtæki og sjóði.

4.1 Samanburður á frumvarpi 1988 og útgjaldahorfum 1987

Gjöld ríkissjóðs í frumvarpi til fjárlaga 1988 nema alls 59.536 m.kr. Þetta er 9.636 m.kr hærri fjárhæð en talin er að verði lokaniðurstaða á árinu 1987 eða um 19,3%. Útgjöld ríkissjóðs 1987 og 1988 skiptast í aðalatriðum sem hér segir í milljónum króna:

	Fjárlög 1987	Endurskoðun 1987	Frumvarp 1988	Hækkun %
1. Almennur rekstur	**18.741**	**20.921**	**24.848**	**18,7**
Laun	14.825	16.742	20.229	20,8
Önnur gjöld	5.810	6.060	7,605	25,5
– Sértekjur	–1.894	–1.881	–2.986	58,7
2. Neyslu- og rekstrartilfærslur	**16.800**	**18.354**	**21.186**	**15,4**
Lífeyristryggingar	6.360	7.140	8.669	21,4
Sjúkratryggingar	4.235	4.515	5.079	12,5
Niðurgreiðslur á vöruverði	1.090	1.480	1.587	7,3
Lánasjóður íslenskra námsmanna	928	928	1.478	59,3
Endurgreiddur söluskattur í sjávarútvegi	700	700	350	–50,0
Útflutningsbætur[1])	800	930	915	–1,6
Niðurgreiðslur á rafhitun	230	230	200	–13,0
Póst- og símamálastofnunin	110	110	113	2,7
Áburðarverksmiðjan	120	120	0	–100,0
Rannsóknastofnanir[2])	–	–	161	.
Annað	2.227	2.201	2.634	19,8
3. Vaxtagreiðslur	**3.620**	**3.650**	**4.800**	**31,5**
4. Viðhald	**1.134**	**1.208**	**1.485**	**22,8**
5. Fjárfesting	**5.577**	**5.767**	**7.217**	**25,1**
Stofnkostnaður	2.553	2.740	3.658	33,5
Fjármagnstilfærslur	3.024	3.027	3.559	17,5
Samtals	45.872	49.900	59.536	19,3

1) Útflutningsbætur = uppbætur til útflutnings + framleiðnisjóður
2) Þ.e. Iðntæknistofnun, Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins og Veiðimálastofnun.

Útgjaldabreyting milli ára á sér bæði skýringar almenns eðlis og einnig vegna sérstakra ákvarðana. Hér skulu hinar helstu tilgreindar.

Laun. Launaliður frumvarpsins fyrir árið 1988 hækkar alls um 3.487 m.kr. frá því sem talið er að verð á árinu 1987 og um 5.404 m.kr. frá samþykktum fjárlögum. Fyrst liggur fyrir að gera stutta grein fyrir hækkun launaliðar frá fjárlögum og til þess sem talið er verða lokaniðurstaða ársins. Hækkun nemur alls 1.917 m.kr. Þessi hækkun skýrist nær eingöngu af launahækkun opinberra starfsmanna á árinu. Í fjárlögum 1987 voru teknar frá 1.100 m.kr. til

þess að mæta launahækkunum á árinu 1987 og var þá miðað við forsendur í samræmi við almenna kjarasamninga á vinnumarkaði. Í reynd er nú talið að til þess að mæta launahækkunum á árinu vegna almennra samninga og sérkjarasamninga þurfi alls um 2.700 m.kr. en það eru um 1.600 m.kr. umfram fjárlagaáætlun. Af þessari fjárhæð nemur hækkun launa 1. október umfram samningsbundna hækkun þeirra um 270 m.kr. Auk þeirra 1.600 m.kr. sem skýra langstærsta hluta hækkunar á launaliðnum í ár má nefna að reiknað er með að verja þurfi 123 m.kr. til greiðslu verðbóta á eftirlaun opinbera starfsmanna, 9 m.kr. má rekja til sérstakrar launagreiðslu vegna starfsmannabreytinga hjá ríkismati sjávarafurða, 17 m.kr. vegna leiðréttingar á launalið sjúkrahússins á Akureyri, 5 m.kr. til skuldbindinga vegna bókunar í kjarasamningum um orlof kennara og 163 m.kr. er talið að koma kunni fram á ýmsum liðum launagjalda ríkisins á árinu.

Launagjöld ríkissjóðs 1988 má annars vegar bera saman við líklegar niðurstöður 1987 og hins vegar við áætlun fjárlaga fyrir árið 1987. Launaliður einstakra stofnanna í fjárlögum er miðaður við launastig í upphafi árs 1987. Eins og áður er komið fram var áætlað fyrir launabreytingum innan ársins á sameiginlegum fjárlagalið. Í forsendum þessa frumvarps og þjóðhagsáætlun er almennt við það miðað að meðal launabreyting milli ára 1987 og 1988 sé um 16–17%. Launaliður frumvarpsins hækkar aftur á móti um 20,3% sem kallar á sérstakar skýringar. Til lækkunar á launalið skiptir helst máli að launaútgjöld Iðntæknistofnunar, Veiðimálastofnunar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins hafa verið felld niður enda er framlag til stofnananna nú talið til tilfærslna. Launaliður lækkar af þessum sökum um sem nemur 140 m.kr. á verðlagi frumvarpsins. Þá er að nefna að launaliðir nokkurra stofnana sem heyra undir landbúnaðarráðuneytið hafa verið lækkaðir, þ.e. vegna ráðunautaþjónustu og tilraunastöðva um samtals 28 m.kr.

Launagjöld hækka af ýmsum ástæðum. Af sérgreindum hækkunum launa má nefna um 25 m.kr. hjá Háskóla Íslands, 12 m.kr. vegna háskólakennslu á Akureyri, 40–45 m.kr. í framhaldsskólum vegna fjölgunar nemenda, 75 m.kr. á grunnskólastigi vegna sérkennslu í skólum, fjölgunar bekkjardeilda og sérstakra ákvæða í kjarasamningum kennara. Aukin kennsla fatlaðra eykur útgjöld um 12–15 m.kr. Launaliður málefna fatlaðra hækkar um 50–55 m.kr. vegna nýrra stofnana og eflingar þeirra sem fyrir eru. Launagjöld sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva eru talin aukast um 75 m.kr. Uppbætur á lífeyri hækka m.a. vegna yfirtöku ríkissjóðs á skuldbindingum gagnvart starfsmönnum Útvegsbankans, alls talið um 150 m.kr. Vegna breytinga á skattakerfinu hækka launagjöld fjármálaráðuneytisins um 35–40 m.kr. Áætlað er fyrir launum við nýtt fangelsi í Kópavogi um 11 m.kr og vegna viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins um 9 m.kr. Samtals hafa nú verið taldar tæpar 500 m.kr. Að öðru leyti hækkar launaliður frumvarpsins vegna ýmissa ótilgreindra atriða eins og aukinni yfirvinnu, sérverkefna o.fl.

Launaliður einstakra stofnana í fjárlögum 1987 eru miðaður við launastig eins og það var í árbyrjun 1987. Þar af leiðir að við samanburð á launum einstakra stofnana frá fjárlögum til frumvarpstalna 1988 þarf að hafa í huga launahækkun frá upphafi árs 1987 til meðallauna á árinu 1988. Launaþróun hefur orðið með nokkuð öðrum hætti en ætlað var á árinu 1987. Samið var við nær öll aðildarfélög BSRB og BHMR á timabilinu mars til júni í ár. Alls eru samningsaðilar ríkisins á bilinu 35 til 40 og m.a. af þeirri ástæðu er ógerlegt að gera grein fyrir einstökum samningum. Í forsendum fjárlaga fyrir árið 1987 var gengið út frá að laun hækkuðu um 7% frá því sem þau væru við upphaf ársins 1987 til þess sem þau yrðu að meðaltali það ár. Nú er sýnt að laun opinberra starfsmanna hækka að jafnaði um 19% frá upphafi ársins til meðaltals þess. Á þessum nótum hækka laun ríkisstarfsmanna um 10,8% umfram forsendur fjárlaga 1987. Samningar opinberra starfsmanna eru svo til allir til tveggja ára með gildistíma til ársloka 1988. Samkvæmt samningum hækka laun í áföngum á árinu 1988. Launahækkunin frá ársbyrjun 1987 til meðaltals er alls metin 39–40% og skiptist hún þannig:

	Hlutfallshækkun
1987	
1. mars	2,00
1. júni	2.85
1. október	7.23
Sérkjarasamningar og launatilfærslur	16,5
Samtals á árinu 1987	31,4
1988	
1. janúar	3,0
1. febrúar	2,0
1. júlí	2,0
Samtals á árinu 1988	7,2
Heildarhækkun frá ársbyrjun 1987 til meðaltals 1988	39,0

Önnur gjöld. Rekstrarfé er áætlað á sama hátt og laun á meðalverðlagi 1988. Heildarliðurinn nemur alls 7.605 m.kr. og hækkar um 25,5% milli ára. Stærstu liðir til skýringar á hækkun annarra gjalda eru tengdir aukningu á starfsemi stofnana.

Sértekjur. Eigin tekjur stofnana hafa markvisst farið hækkandi á síðari árum. Tekjur eru nú alls áætlaðar 2.986 m.kr. og hækka um 56% frá því sem talið er að verði í ár. Veigamestu tekjuliðirnir eru tekjur sjúkrahúsa 1.000 m.kr. , rannsóknarstofnana 200 m.kr., flugmálastjórnar af flugvallaskatti o.fl. 277 m.kr, Háskóla Íslands 235 m.kr. og annað 1.274 m.kr.

Rekstrar- og neyslutilfærslur. Alls teljast til þessa liðar 21.186 m.kr. eða um 35% útgjalda ríkissjóðs. Liðurinn hækkar um rúm 15% frá áætlun fyrir árið 1987. Eins og yfirlitið ber með sér eru liðir bæði til hækkunar og lækkunar. Um einstaka liði er ekki talin ástæða að fjalla sérstaklega, þess í stað er vísað í almennar athugasemir hér að neðan.

Vaxtagjöld. Vaxtaútgjöld eru samkvæmt þessu frumvarpi 4.800 m.kr. en það jafngildir 8% heildargjalda frumvarpsins. Til samanburðar er áætlað að vaxtagjöld verði um 7% gjalda 1987. Vextir af skuldum eru hér áætlaðir samkvæmt áætluðu gengi og verðlagi á árinu 1988. Í 6. kafla er gerð grein fyrir skuldum ríkissjóðs auk þess sem vaxtaútgjöld og afborganir ríkissjóðs eru hvort tveggja sundurliðað og skýrt.

Viðhald. Um þennan lið þarf ekki að fjölyrða. Um 80% útgjaldanna eru vegna vegaviðhalds og hækkar framlagið um 22,8% frá áætlaðri útkomu 1987. Til viðhalds húseigna og annarra eigna ríkisins eru áætlaðar 282 m.kr. og hækkar það framlag um 10% frá fjárlögum.

Fjárfesting. Þessi gjaldaliður skiptist í stofnkostnað og fjármagnstilfærslur. Framlög til stofnkostnaðar hækka um 25,1% frá áætlaðrir niðurstöðu 1987 og nema alls 3.658 m.kr. Hluta fjárhæðarinnar er varið til kaupa á tækjum og ýmiss konar stofnbúnaði en meiri hlutinn telst til framkvæmda. Í töflu 7 í töfluviðauka er sýnd skipting stofnkostnaðar og fjármagnstilfærslna. Að framlögum til húsnæðismála og vegamála frátöldum nema framkvæmdaframlög 1988 alls 1.573 m.kr og er það um 3,1% hærri fjárhæð en í fjárlögum 1987.

4.2 Ráðuneyti, málefnaflokkar og einstakar stofnanir

Í þessum hluta athugasemdanna er gerð grein fyrir helstu breytingum í gjaldahlið frumvarpsins frá fjárlögum ársins 1987. Fyrst er fjallað sérstaklega um breytingar á einstökum útgjaldamálaflokkum ráðuneyta, sbr. 2. gr. frumvarpsins, og mörkuðum tekjustofnum innan hvers ráðuneytis. Síðan er nánar vikið að helstu breytingum á einstökum gjaldaliðum sem orðið hafa frá fjárlögum 1987.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Heildarútgjöld vegna æðstu stjórnar ríkisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Æðsta stjórn ríkisins	353.148	482.631	129.483	37
Samtals	353.148	482.631	129.483	37

Engar markaðar tekjur renna til æðstu stjórnar ríkisins. Helstu breytingar á fjárveitingum til einstakra stofnana og viðfangsefna eru sem hér segir:

101 Embætti forseta Íslands

Fjárveiting til embættis forseta Íslands hækkar úr 22.783 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 44.571 þús.kr. eða um 96%. Launagjöld hækka úr 8.172 þús.kr. í 14.141 þús.kr. eða um 73%. Sem áður er miðað við 8,2 stöðugildi þar af 8 á föstum launum og 0,2 vegna tímabundinna verkefna. Önnur gjöld hækka úr 11.043 þús.kr. í 16.160 þús.kr. eða um 46%. Til viðfangsefnisins *opinberar heimsóknir* eru ætlaðar 8.083 þús.kr. í stað 4.266 þús.kr. í fjárlögum 1987. Til *viðhalds* húseigna eru veittar 7.400 þús.kr. Á árinu 1987 hefur verið unnið að umfangsmiklum endurbótum á Bessastöðum og til þess varið aukafjárveitingu að fjárhæð 1.018 þús.kr. Af fjárveitingu ársins 1988 eru 3.000 þús.kr. skuld vegna framkvæmda á árinu 1987. Til *bifreiðakaupa* eru veittar 1.600 þús.kr. og er áformuð endurnýjun eins af bifreiðum embættisins. Til stofnkostnaðar eru veittar 5.500 þús.kr. sem verður varið til ýmissa útiverkefna svo sem lýsingu á heimreið o.fl.

201 Alþingi

Fjárveiting til Alþingis hækkar úr 246.122 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 313.498 þús.kr. eða um 27%. Launagjöld hækka úr 117.782 þús.kr. í 192.088 þús.kr. eða um 63%. Önnur gjöld nema alls 102.270 þús.kr. Launagjöld undir viðfangsefninu *þingfararkaup alþingismanna* hækka úr 71.676 þús.kr. í 120.597 þús.kr. Áætlað er fyrir launum 63 þingmanna og 5 varaþingmanna og er það fjölgun um 3 þingmenn og 2 varaþingmenn frá fjárlögum 1987. Launagjöld undir viðfangsefninu *skrifstofu- og alþingiskostnaður* eru 70.983 þús.kr. Framlag til viðhalds á *fasteignum* er 3.700 þús.kr. en unnið hefur verið að margvíslegum endurbótum á húsi Alþingis. Til viðfangsefnisins *ýmis stofnkostnaður* eru veittar 5.500 þús.kr. til að ljúka við uppsetningu á öryggiskerfi. Til frekari skýringar eru fjárveitingar til hinna ýmsu viðfangsefna sýndar í eftirfarandi töflu:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Þingfararkaup alþingismanna	71.676	120.597	48.921	68
Starfskostnaður	29.106	35.560	6.454	22
Skrifstofu- og alþingiskostnaður	65.569	94.733	29.164	44
Yfirskoðunarmenn	691	850	159	23
Útgáfukostnaður Alþingistíðinda	13.311	15.930	2.619	20
Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	8.450	9.390	940	11
Rekstrarkostnaður fasteigna	6.679	8.000	1.321	20
Hús Jóns Sigurðssonar	2.325	2.878	553	24
Þingmannasamtök NATO	1.184	1.360	176	15
Þingmannanefndir Evrópuráðsins	1.854	2.260	406	22
Norðurlandaráð	7.081	9.500	2.419	34
Þingmannafundir Fríverslunarsamtaka Evrópu	1.172	1.400	228	19
Alþjóðaþingmannasamtökin	1.524	1.840	316	21
Viðhald fasteigna	5.500	3.700	-1.800	-33
Ýmis stofnkostnaður	18.000	5.500	-12.500	-69
Hönnunarkostnaður vegna nýbyggingar Alþingis	12.000	-	-12.000	.
Samtals	246.122	313.498	67.376	27

202 Ríkisendurskoðun

Fjárveiting til Ríkisendurskoðunar hækkar úr 44.793 þús.kr. í 59.788 þús.kr. eða um 33%. Áformað er að 5 stöðugildi frá Ríkisendurskoðun flytjist til embættis ríkistollstjóra. Í fjárlagafrumvarpinu er því gert ráð fyrir 33 stöðugildum á föstum launum í stað 38 eins og verið hefur. Aðrir þættir í fjárhagsáætlun Ríkisendurskoðunar gefa ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar.

301 Ríkisstjórn

Framlag ríkissjóðs nemur 43.938 þús.kr. en var 25.742 þús.kr. í fjárlögum 1987 og hækkar því um 71%. Launagjöld hækka um 92% og verða 39.248 þús.kr. Áætlað er fyrir launum 11 ráðherra og 11 aðstoðarmanna ráðherra en ráðherrarnir voru 10 og aðstoðarmennirnir 9 í fjárlögum 1987. Önnur gjöld nema alls 4.690 þús.kr. Eru það útgjöld vegna nefnda eða hliðstæðra verkefna sem ríkisstjórn stofnar til.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka forsætisráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	50.640	45.449	-5.191	-10
Annað	112.132	169.762	57.638	51
Samtals	162.772	215.211	52.439	32

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis. Verður nú gerð grein fyrir veigamestu breytingum á fjárveitingum til stofnana og viðfangsefna.

101 Aðalskrifstofa

Framlag til aðalskrifstofu lækkar úr 50.640 þús.kr. í 45.449 þús.kr. Lækkunin skýrist af því að fjárveiting til viðfangsefnisins *skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs* færist nú undir fjárlagalið utanríkisráðuneytisins en hún var 17.772 þús.kr. í fjárlögum 1987. Framlag til viðfangsefnisins *yfirstjórn* nemur alls 30.460 þús.kr. og hækkar um 48%. Á launalið viðfangsefnisins er miðað við óbreyttan starfsmannafjölda, þ.e. átta á föstum launum. Til viðfangsefnisins *Öryggismálanefnd* hækkar framlag um 26% og nemur alls 3.230 þús.kr. Miðað er við óbreyttan fjölda starfsmanna en önnur gjöld hækka úr 1.245 þús.kr. í 1.490 þús.kr. og er það vegna útgáfukostnaðar. Til viðhalds eigna eru alls ætlaðar 3.100 þús.kr., 1.900 þús.kr. til Stjórnarráðshúss í Lækjargötu og 1.200 þús.kr. til nauðsynlegra lagfæringa á ráðherrabústað við Tjarnargötu. Önnur viðfangsefni gefa ekki tilefni til umsagnar.

102 Þjóðhagsstofnun

Ríkisstjórnin og Seðlabanki Íslands skipta kostnaði af starfi Þjóðhagsstofnunar. Seðlabankinn greiðir allan húsnæðiskostnað og ýmsa aðra þjónustu og 40% af öðrum rekstrarkostnaði. Framlag Seðlabankans er fært sem sértekjur stofnunarinnar. Framlag ríkissjóðs til Þjóðhagsstofnunar hækkar um 53%, úr 18.979 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 29.128 þús.kr. Launagjöld hækka úr 23.486 þús.kr. í 39.577 þús.kr. eða um 69%. Þessi hækkun umfram launaforsendur stafar einkum af almennri hækkun launa starfsmanna. Gengið er út frá 22 stöðugildum hjá stofnuninni. Önnur rekstrargjöld hækka úr 7.062 þús.kr. í 8.970 þús.kr. eða um 27%. Sértekjur hækka um 59% og nema alls 19.419 þús.kr.

171 Byggðastofnun, framlag

Samkvæmt lögum nr. 64/1985 hefur Byggðastofnun til ráðstöfunar eigið fé, framlög í fjárlögum og lánsfé eftir því sem ákveðið er í lánsfjárlögum. Á árinu 1988 er framlag ríkissjóðs 125.000 þús.kr., lánsfé 600.000 þús.kr. og áætlað eigið fé um 250.000 þús.kr.

901 Húsameistari ríkisins

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að starfsemi embættis húsameistara ríkisins sé eingöngu kostuð af sértekjum. Þetta er í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að þjónustustofnanir standi í auknum mæli undir eigin rekstri. Á það ber jafnframt að líta að ýmsum stórverkefnum sem embættið hefur haft umsjón með er nú að mestu lokið. Því fellur ein tímabundin staða niður í áætlun launa á árinu 1988. Sértekjur embættisins hækka um 32% frá fjárlögum 1987 og verða 31.440 þús.kr.

902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd

Framlag til þjóðgarðsins hækkar úr 13.026 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 15.751 þús.kr. eða um 21%. Launagjöld hækka um 36% og rekstrargjöld um 24%. Til viðhalds girðinga, tjaldstæða og ýmissa mannvirkja verður varið 1.200 þús.kr. Til viðfangsefnisins *aðalskipulag* verður varið 1.900 þús.kr. til skipulagningar á þjóðgarðinum og umhverfi hans. Vonast er til þess að með þessari fjárveitingu megi ljúka þessu verkefni. Til *lífríkisrannsókna í Þingvallavatni* eru veittar 2.100 þús.kr. Fénu verður varið til að standa undir kostnaði vísindamanna við öflun og úrvinnslu gagna. Þessar rannsóknir hafa nú staðið yfir í 12 ár. Landsvirkjun greiðir til þessara rannsókna jafnháa fjárhæð. Þannig verða alls 4.200 þús.kr. handbærar til þessara rannsókna. Til *bifreiðakaupa* eru veittar 1.000 þús.kr. til kaupa á bifreið til ýmiss konar efnisflutninga og útréttinga.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka menntamálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	79.585	128.350	48.765	61
Fræðslumál	6.378.815	9.275.861	2.897.046	45
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	658.759	700.316	41.557	6
Samtals	7.117.159	10.104.527	2.987.368	42

Markaðir tekjustofnar ráðuneytisins eru eftirfarandi: Einkaleyfisgjald af hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands er 43.000 þús.kr. og hækkar um 20.500 þús.kr. frá fjárlögum 1987. Skemmtanaskattur, sem m.a. rennur til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og forvarna í áfengis og fíkniefnamálum, verður 53.000 þús.kr. og hækkar um 10.000 þús.kr. Miðagjald, sem rennur til Menningarsjóðs, hækkar um 2.500 þús.kr. og verður 9.000 þús.kr. Verður nú fjallað um helstu fjárlagaliði ráðuneytisins til skýringar á hækkun einstakra málaflokka.

101 Aðalskrifstofa

Framlag til rekstrar aðalskrifstofu menntamálaráðuneytisins verður 118.450 þús.kr. og hækkar um 38.865 þús.kr. eða 49% frá fjárlögum 1987. Launaliður hækkar um 57% sem orsakast m.a. af fjölgun heimilaðra stöðugilda um eitt, úr 44 í 45. Launagjöld hækka af þessum sökum um 960 þús.kr. Þá hækka önnur rekstrargjöld frá fjárlögum umfram verðlagshækkanir en hafa þarf í huga að afgreiða hefur þurft aukafjárveitingar til skrifstofunnar á fjárlagaárinu samtals að upphæð 5.600 þús.kr. Auk rekstrarframlagsins eru 9.900 þús.kr. veittar til tölvukaupa. Á árinu 1987 voru gerðir samningar um kaup á hug- og vélbúnaði fyrir ráðuneytið og fleiri aðila á þess vegum. Þannig mun til dæmis námsefnisgerð unnin að nokkru marki á umrædda vél auk þess sem fræðslustjórar munu vinna nemenda- og námsyfirlit á hinu sameiginlega tölvukerfi. Um þessar mundir er verið að huga að húsnæði fyrir menntamálaráðuneytið, til kaups eða leigu, en það býr við ófullkomnar aðstæður.

201 Háskóli Íslands

Fjárveiting til Háskóla Íslands hækkar úr 625.348 þús.kr. í fjárlögum fyrir árið 1987 í 906.397 þús.kr. eða um 45%. Launagjöld hækka um 54% og verða 728.617 þús.kr. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka úr 175.010 þús.kr. í 240.430 þús.kr. eða um 37%. Fjárveiting til viðhalds fasteignum, tækjakaupa og byggingarframkvæmda nemur 172.000 þús.kr. en er 100.000 þús.kr. í fjárlögum fyrir árið 1987. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 81% og verða 234.650 þús.kr., þar af nema áætlaðar tekjur af Happdrætti Háskóla Íslands 172.000 þús.kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir fjölgun starfsmanna Háskólans um 11,5 sem eykur útgjöld um 10.400 þús.kr. Megináhersla er lögð á að efla stjórnsýslu skólans en fram til þessa hafa flestar fastráðningar verið vegna kennslu. Á móti fjölgun kennara er dregið úr stundakennslu. Auknu fé er nú veitt til rannsóknasjóðs skólans eða alls um 25.460 þús kr. Í tengslum við 75 ára afmæli skólans voru gefin fyrirheit um aukið fjármagn til rannsókna. Í frumvarpinu eru því nú áætlaðar 5.000 þús.kr. í þessu skyni. Auk þessa er varið 20.460 þús.kr. til rannsóknasjóðsins og er sú fjárhæð ætluð til þess að styrkja rannsóknir fastra kennara og stundakennara. Með þessu móti er stefnt að því að kennarar geti stundað hóflega

kennslu og unnið að öflugum rannsóknum. Til Háskólabókasafns er veitt auknu fé til kaupa á bókum og tímaritum, alls 3.600 þús.kr. Að auki er bókasafnið eflt með fjölgun starfsmanna eins og kemur fram hér að neðan. Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram skipting 11,5 nýrra stöðugilda á deildir Háskólans:

Yfirstjórn:	Sérlegur aðstoðarmaður rektors, innkaupastjóri (2)
Sameiginleg útgjöld:	Tímabundin lektorsstaða, ætluð lagadeild (1)
Rekstur fasteigna:	Ræstingastjóri (1)
Læknadeild:	Fulltrúi á deildarskrifstofu (1)
Tannlæknadeild:	Röntgentæknir (0,5)
Heimspekideild:	Lektor í íslensku fyrir erlenda stúdenta (1)
Verkfræðideild:	Forstöðumaður hálf staða (stækkun), kerfis- og rafeindafræðingur (1,5)
Háskólabókasafn:	Bókavörður, tölvunarfræðingur (2)
Raunvísindadeild:	Prófessor í tölvunarfræði og sérfræðingur hálf staða (1,5)

Auk ofanfreindrar starfsmannafjölgunar er áætlað fyrir launum til starfsmanna í 4,5 nýjar stöður sem ákveðnar hafa verið eftir afgreiðslu fjárlaga fyrir 1987. Þetta eru ein og hálf staða í *Háskólabókasafni*, staða forstöðumanns *Stofnunar Sigurðar Nordal*, lektorsstaða í alþjóðastjórnmálum við *félagsvísindadeild* og rannsóknarstaða í fornleifafræði sem færist á *yfirstjórn*. Tvær þær síðasttöldu hafa ekki verið staðfestar af ráðninganefnd. Útgjöld vegna þessara 4,5 stöðugilda eru talin 4.500 þús.kr. Samtals hefur stöðum því fjölgað um 16 frá fjárlögum og verða 341 alls við skólann. Stundakennsla við skólann jafngildir ríflega helmingi allrar kennslu. Alls er áætlað fyrir 187.518 stundum en að auki kemur yfirvinna fastra kennara. Samkvæmt kjarasamningum minnkar kennsluskylda með hækkandi aldri og starfsaldri. Yfirvinna eykst nokkuð af þessum sökum og er útgjaldaaukningin 1988 áætluð 4.500 þúsund. Þá er þess að geta að framlag í Sáttmálasjóð hækkar um 1.500 þús.kr. og verður alls 6.900 þús.kr. Hækkunin skýrist af ákvæðum í kjarasamningum um greiðslu ferðakostnaðar vegna rannsóknaferða. Önnur rekstrargjöld hækka alls um 65.000 þús.kr. eða um 37%. Þá ber að hafa í huga að nemendum hefur árlega farið fjölgandi allt til haustsins 1987. Af þessu leiðir aukin almenn útgjöld auk þess sem stærra húsnæði kallar á hærri rekstrargjöld. Um einstök viðfangsefni er eftirfarandi að segja. Til fjarkennslu er áætlaðar 6.335 þús. kr. Hluti af fénu er ætlaður til kennslu á háskólastigi, en rétt þykir að nota stjórnunaraðstöðu sem fyrir er í Háskólanum til að hafa umsjón með verkefninu. *Stofnun Sigurðar Nordal* er nú sérstakt viðfangsefni Háskólans og færist af heimspekideild þar sem hún er nú í fjárlögum. *Háskólakennsla á Akureyri* er nú sérstök stofnun og er því ekki lengur viðfangsefni undir Háskóla Íslands.

Byggingarframkvæmdir, viðhald fasteigna og tækjakaup.

Áætlað er að ráðstöfunarfé Háskóla Íslands til framkvæmda, viðhalds og tækjakaupa nemi alls 172.000 þús.kr. á árinu 1988. Það jafngildir áætluðum tekjum af Happdrætti Háskóla Íslands. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram fjármögnun og ráðstöfun fjár samkvæmt fjárlögum 1987 og frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1988:

	Fjárlög 1987 þús.kr.	Frumvarp 1988 þús.kr.
Fjármögnun:	**100.000**	**172.000**
Framlag H.H.Í.	90.000	172.000
Fjárveiting úr ríkissjóði	10.000	–
Ráðstöfun:	**100.000**	**172.000**
Almennt viðhald	25.000	30.000
Tækjakaup		25.000
Húsgögn og búnaður		7.000
Bygging 7 á landspítalalóð	75.000	50.000
Raunvísindastofnun – tæknigarður		10 000
Skemmur – VR III		20 000
Háskólabíó		10 000
Annað		20 000

Nú er unnið að nokkrum byggingum á vegum Háskólans. Þannig er nú unnið samkvæmt verksamningi við hús læknadeildar sunnan Hringbrautar og við stækkun Háskólabíós. Áfram verður haldið framkvæmdum við hús raunvísindadeildar vestan Suðurgötu og lagt verður fé til endurbyggingar húss Raunvísindastofnunar Háskólans.

202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Heildarfjárveiting til Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum hækkar úr 23.559 þús.kr. í fjárlögum fyrir árið 1987 í 40.755 þús.kr. eða um 73%. Launagjöld hækka um 40% og verða 34.145 þús.kr. en engar breytingar á starfsmannahaldi eru fyrirhugaðar. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka um 7% og verða 25.670 þús.kr. Sértekjur eru óbreyttar að nafnverði milli ára og verða 28.060 þús.kr. Lækkun sértekna miðað við fast verðlag stafar af minnkandi sölu bóluefnis. Veittar eru 3.700 þús.kr. til tækjakaupa. Til viðhalds húseigna tilraunastöðvarinnar eru ætlaðar 4.900 þús.kr. samanborið við 2.000 þús.kr. á árinu 1987 en mörg viðhaldsverkefni bíða úrlausnar. Nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins fjallar nú um stöðu og þróunarmöguleika stöðvarinnar.

203 Raunvísindastofnun Háskólans

Framlag ríkissjóðs til stofnunarinnar nemur 94.630 þús.kr. og hækkar um 53% frá fjárlögum fyrir árið 1987. Föst stöðugildi eru 41,16 og hefur eitt stöðugildi sérfræðings í þéttefnisfræðum við eðlisfræðistofu bæst við frá fjárlögum 1987. Launagjöld hækka um 44% frá fjárlögum 1987, önnur gjöld vegna rekstrar um 40% og sértekjur um 36%. Hækkun annarra gjalda skýrist að hluta af því að nú er gert ráð fyrir 1.300 þús.kr. til greiðslu á ferðakostnaði vegna rannsóknaleyfa. Er þetta í samræmi við ákvæði í kjarasamningi og færist á yfirstjórn. Gert er ráð fyrir 13.600 þús.kr. framlagi til kaupa á einni hæð í nýju húsi sem fyrirhugað er að reisa í námunda við hús stofnunarinnar. Hér er um fyrra framlag af tveimur að ræða. Með þessu móti er fallið frá áformum um að reisa nýja hæð á núverandi hús Raunvísindastofnunar að Dunhaga 3. Á árunum 1987–88 er áætlað að fram fari endurbætur á núverandi húsi enda hefur það legið undir skemmdum. Endurbæturnar verða greiddar af framlagi ríkissjóðs á árinu 1987 og fyrir framlag frá Háskóla Íslands. Til tækjakaupa eru veittar 4.900 þús.kr.

205 Stofnun Árna Magnússonar

Að þessu sinni er ætlað að verja 27.152 þús.kr. til rekstrar stofnunarinnar. Þetta er 40% hærri fjárhæð en í fjárlögum 1987. Hækkun umfram verðlagshækkanir skýrist einkum af því að útgáfukostnaður hækkar töluvert. Til viðbótar rekstrarframlaginu eru 900 þús.kr. veittar til kaupa á símkerfi og tölvubúnaði.

207 Íslensk málstöð

Nú eru ætlaðar 5.556 þús.kr. til málstöðvarinnar sem er 26% hækkun frá fjárlögum 1987. Um er að ræða óbreytta starfsemi með þremur heimiluðum stöðugildum. Launagjöld vegna sérgreinds verkefnis í fjárlögum 1987 eru þó felld niður.

210 Háskóli á Akureyri

Nýlega hófst kennsla á háskólastigi á Akureyri. Er áætlað hér fyrir kostnaði við starfsemina undir sérstökum fjárlagalið. Gert er ráð fyrir launagreiðslum til fimm starfsmanna við skólann og stundakennslu sem nemur um 8.400 tímum. Samtals eru því launagjöld 12.191 þús.kr. Önnur rekstrargjöld eru áætluð 5.520 þús.kr. og til kaupa á tækjum og búnaði er veittar 7.400 þús.kr. Sértekjur af innritunargjöldum eru áætlaðar 162 þús.kr. Samtals nemur því fjárveiting til skólans 24.851 þús.kr.

231 Náttúrufræðistofnun

Framlag til rekstrar stofnunarinnar er 18.753 þús.kr. en var 12.195 þús.kr. í fjárlögum 1987. Þetta er 54% hækkun sem er ívið meira en verðlagsforsendur segja til um. Orsakast það aðallega af hækkun annarra rekstrargjalda en launa. Launagjöld taka eins og áður mið af 11 heimiluðum stöðum og 1,75 stöðugildum verkefnaráðinna. Að auki er gert ráð fyrir greiðslu vegna gæslu í sýningarsölum en á móti er ætlast til að sértekjur aukist. Til viðbótar rekstrarframlagi fær stofnunin 3.200 þús.kr. til innréttinga og frágangs í sýningarsölum og stigagangi og 1.900 þús.kr. framlag til kaupa á sérsmíðuðum geymsluskápum.

232 Rannsóknaráð ríkisins

Ný lög, nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð, tóku gildi á fyrri hluta þessa árs. Með lögunum er komið á samræmingu vísindarannsókna, áætlana, fjármögnunar og eftirlits með grunnrannsóknum og hagnýtum rannsóknum. Með þessu er hlutverk Rannsóknaráðs afmarkað við hagnýtar rannsóknir og þróunarverkefni. Verkefni Rannsóknaráðs og Vísindaráðs eru samræmd í samstarfsnefnd ráðanna. Með hinum nýju lögum breytist starfsemi Rannsóknaráðs þó lítið og eru fjárlagatillögur fyrir 1988 í megindráttum óbreyttar frá fjárlögum 1987. Fjárveiting til ráðsins hækkar úr 13.456 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 16.995 þús.kr. Launagjöld hækka um 27% og verða 8.425 þús.kr. Önnur gjöld vegna rekstrar lækka úr 9.139 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 7.870 þús.kr. Sértekjur lækka í 520 þús.kr. úr 2.423 þús.kr. í fjárlögum 1987. Lækkun gjalda og sértekna er eingöngu vegna samdráttar á viðfangsefninu *upplýsingamál*. Upplýsingaöflun og samband rannsóknastofnana við erlendar stofnanir hafa smám saman verið að breytast þannig að ástæða er til endurskoðunar á þessum þætti í rekstri Rannsóknaráðs. Sú hefur verið venjan að fjalla um framlög til rannsóknastofnana í heild undir þessum fjárlagalið. Til þess er enn ríkara tilefni nú en oft áður þar sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að gera tilraun með breytt rekstrarfyrirkomulag á þremur stofnunum sem hver þjónar sinni atvinnugrein. Á næstu vikum mun starfshópur vinna að tillögugerð um hvernig

sjálfstæði og aukin aðild atvinnuvega að rekstri þessara stofnana verður best háttað. Í þessu frumvarpi er sú breyting sett fram að nú telst framlag ríkissjóðs til Iðntæknistofnunar, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Veiðimálastofnunar tilfærsla fjármuna til atvinnuvega en ekki laun og rekstrargjöld A-hluta ríkissjóðs. Fjárveitingar til rannsóknastofnana, sem fjallað er um í langtímaáætlun Rannsóknaráðs, að viðbættum fjárveitingum til Raunvísindastofnunar Háskólans og Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum, hækka alls um 29%. Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram fjárveiting til einstakra stofnana í fjárlögum 1987 og fjárlagafrumvarpi 1988 og breyting milli ára:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Tilraunastöð Háskólans að Keldum	23.559	40.755	17.196	73
Raunvísindastofnun Háskólans	61.765	94.630	32.865	53
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	74.921	83.078	8.157	11
Veiðimálastofnunin	22.571	36.390	13.819	61
Hafrannsóknastofnunin	197.142	268.731	71.589	36
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	36.144	61.080	24.936	69
Iðntæknistofnun Íslands	53.873	64.160	10.287	19
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	28.214	39.186	10.972	39
Orkustofnun	158.544	159.278	734	0
Samtals	656.733	847.288	190.555	29

Margs konar breytingar í áherslum skýra það að framlög hækka ekki umfram 29 af hundraði. Orkustofnun og Rannsóknastofnun landbúnaðarins skera sig áberandi úr, í rekstri þessara stofnana er gert ráð fyrir breytingum. Þá ber einnig að hafa í huga að í nokkrum tilvikum eru framlög til stofnkostnaðar frábrugðin því sem er í fjárlögum 1987 og veldur fráviki í hlutföllunum. Um fjármál einstakra stofnana er fjallað í köflum um tilheyrandi ráðuneyti.

233 Rannsóknasjóður

Styrkjum úr sjóðnum hefur verið úthlutað til ýmiss konar verkefna, einkum á sviði líf- og lífefnatækni, hátækni og til rannsókna í fiskeldi. Fjárveiting til sjóðsins verður 70.000 þús.kr. en er í fjárlögum 1987 60.000 þús.kr. Auk framlags úr ríkissjóði er ráðstöfunarfé sjóðsins samkvæmt lögum 10% af hreinum tekjum Framkvæmdasjóðs og eigin tekjur sjóðsins. Fjárveitinganefnd verður gerð grein fyrir skiptingu styrkja á árunum 1986 og 1987.

276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna

Tekjur sjóðsins nema 20% af hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands. Nú er talið að tekjur sjóðsins nemi allt að 43.000 þús.kr. samanborið við 22.500 þús.kr. í fjárlögum 1987. Ráðstöfunarfé sjóðsins rennur til uppbyggingar á aðstöðu rannsóknastofnana atvinnuveganna.

301–307, 309 Menntaskólar

Heildarframlag til þessara skóla nemur 522.950 þús. kr. Framlag til rekstrar nemur samtals 467.350 þús.kr. og hækkar frá gildandi fjárlögum um 48%. Gert er ráð fyrir um 4070 nemendum í þessum skólum en áætlun fyrir árið 1987 var byggð á 3800 nemendum. Fjölgunin er aðallega í skólum utan höfuðborgarsvæðisins, þ.e.

menntaskólunum á Ísafirði og Egilsstöðum, ásamt því að nýr menntaskóli, Kvennaskólinn í Reykjavík, bætist við með áætlun um 300 nemendur. Þá er og til að taka að töluverð kostnaðaraukning verður hjá skólanum á Ísafirði við að þangað flyst iðnskólahald þar í bæ. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram skipting milli gjaldategunda og breyting frá fjárlögum líðandi árs:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Laun	281.888	413.480	131.592	47
Önnur gjöld	41.737	66.440	24.703	59
Stofnkostnaður	24.000	55.600	31.600	132
Samtals	347.625	535.520	187.895	54
Sértekjur	-8.109	-12.570	-4.461	55
Mismunur	339.516	522.950	183.434	54

Ef launagjöld *Kvennaskólans í Reykjavík* eru tekin út úr heildartölum er launahækkun skólanna í samræmi við launabreytingar kennara á þessu tímabili. Önnur gjöld hækka nokkuð umfram almennar verðlagshækkanir og ber þar að hafa í huga viðbótina á Ísafirði vegna iðnfræðslu og tilkomu Kvennaskólans. Önnur gjöld hækka mismikið milli skóla, allt frá 31% til 62%. Ekki er áætlað fyrir meiri háttar viðhaldi hjá einstökum skólum en undir fjárlagalið 02–319 er óskipt fjárhæð til viðhalds, 6.200 þús.kr. Til stofnkostnaðar eru eftirfarandi framlög vegna endurbóta á húseignum: Til Menntaskólans í Reykjavík 3.700 þús.kr., til Menntaskólans á Akureyri 3.700 þús.kr., til Menntaskólans á Laugarvatni 3.700 þús.kr., til Menntaskólans við Hamrahlíð 2.500 þús.kr. og til Menntaskólans við Sund 1.900 þús.kr. Til framkvæmda við nýbyggingu Menntaskólans á Ísafirði eru ætlaðar 6.200 þús.kr. Til áframhaldandi innréttingar kennsluhúsnæðis og lóðarfrágangs. Þá eru veittar 33.900 þús.kr. til byggingar kennsluhúsnæðis við Menntaskólann á Egilsstöðum.

308, 351–362 Fjölbrautaskólar

Í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987 var þess sérstaklega getið að Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, Verkmenntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut, og Verkmenntaskóli Austurlands, sem áður hét Framhaldsskólinn í Neskaupstað, væru fjölbrautaskólar ásamt öðrum skólum sem það nafn bera. Í hóp þessara tólf skóla hafa nú bæst tveir nýir, *Framhaldsskóli í A-Skaftafellssýslu* og *Framhaldsskólinn á Húsavík*. Heildarframlag til þessara skóla nemur 806.643 þús.kr. að stofnkostnaðarframlögum meðtöldum. Til rekstrar eru áætlaðar 699.243 þús.kr. en samsvarandi upphæð í fjárlögum líðandi árs er 464.311 þús.kr. Hækkun er því um 51%. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram sundurliðun milli gjaldategunda og samanburður við fjárlög í ár:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Laun	420.021	634.353	214.332	51
Önnur gjöld	44.290	64.890	20.600	47
Stofnkostnaður	71.100	107.400	36.300	51
Samtals	535.411	806.643	271.232	51

Samkvæmt áætlun menntamálaráðuneytisins er talið að nemendum í fjölbrautaskólum muni fjölga um 540 frá áætlun fyrir 1987. Alls er talið að 6.660 nemendur muni stunda nám í þessum skólum næsta skólaár. Reyndar bætast við tveir nýir skólar sem áætlað er að hafi 100 nemendur. Í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti er áætluð fjölgun um 150 nemendur eða 13% ásamt því að stöðugt fjölgar í öldungadeild. Í Fjölbrautaskólanum á Suðurnesjum er áætluð fjölgun nemenda um 80 eða 15%. Í Fjölbrautaskólanum á Selfossi er ætlað að nemendum fjölgi um 60 eða 14%. Talið er að nemendum muni fjölga í Verkmenntaskóla Austurlands úr 135 í 180 eða um 33%. Í Verkmenntaskólanum á Akureyri er gert ráð fyrir 50 nemenda fjölgun sem jafngildir 6% aukningu. Loks er að geta þess að í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ er talið að nemendum muni fjölga um 80 eða úr 320 í 400, þ.e. aukning um 25%. Til stofnkostnaðar eru eftirfarandi framlög: Til Menntaskólans í Kópavogi, fjölbraut, 2.500 þús.kr. vegna endurbóta, til Fjölbrautaskólans í Breiðholti 12.300 þús.kr. til byggingar íþróttahúss og til Fjölbrautaskóla Suðurnesja eru ætlaðar 7.400 þús.kr. vegna viðbyggingar við kennsluhúsnæði skólans, samkvæmt gerðum samningi við sveitarfélög á Suðurnesjum. Framlag til framkvæmda við Fjölbrautaskólann á Akranesi er 2.500 þús. kr. og er til kaupa kennslutækja og búnaðar. Til Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum er lagt til að veittar verði 900 þús.kr. vegna heimavistarhúss og 2.500 þús.kr. til byggingar verknámshúss. Til Fjölbrautaskólans á Sauðárkróki eru veittar 20.000 þús.kr. til að halda áfram byggingu heimavistar sem nú er því sem næst fullgerð að utan og til Fjölbrautaskólans á Selfossi eru ætlaðar 24.500 þús.kr. vegna byggingarframkvæmda, sbr. gerðan samning frá 13. apríl 1987. Verkmenntaskóla Austurlands eru ætlaðar 11.900 þús.kr. til byggingar heimavistar samkvæmt gerðum samningi frá 19. júní 1987 og til Verkmenntaskólans á Akureyri er framlag 17.200 þús.kr. vegna byggingarframkvæmda. Loks er 3.700 þús.kr. framlag til Fjölbrautaskólans í Garðabæ vegna innréttinga og 2.000 þús.kr. til Framhaldsskóla í A-Skaftafellssýslu vegna endurbóta ýmiss konar.

319 Framhaldsskólar, almennt

Heildarfjárveiting nemur samtals 69.198 þús.kr. að meðtöldu 6.200 þús. kr. framlagi til viðhalds framhaldsskóla og 9.900 þús. kr. framlagi til búnaðar- og tölvukaupa. Að þessu frátöldu nemur framlag 53.098 þús.kr. og hækkar um 21% frá fjárlögum 1987. Útgjaldategundir hækka mismikið og er það fyrst og fremst vegna tilfærslna milli þeirra. Í eftirfarandi yfirliti er sýnt framlag til einstakra verkefna samkvæmt frumvarpinu og samanburður við fjárlög 1987.

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Sameiginleg þjónusta	750	960	210	28
Laun prófdómara	4.480	5.730	1.250	28
Orlof kennara	10.450	18.118	7.668	73
Forfallakennsla	5.970	7.640	1.670	28
Sérkennsla	4.480	5.730	1.250	28
Almenn þróunarverkefni	2.980	5.730	2.750	92
Námsefnisgerð	1.490	2.040	550	37
Réttindanám skipstjórnarmanna	3.580	2.860	-720	-20
Endurmenntun framhaldsskólakennara	-	3.410	3.410	.
Óviss nemendafjöldi	2.980	-	-2.980	.
Vegna sameiginlegrar þjónustu	761	880	119	16
Uppgjör við fjölbrautaskóla	5.970	-	-5.970	.
Samtals	43.891	53.098	9.207	21

321 Kennaraháskóli Íslands

Til Kennaraháskóla Íslands er 153.541 þús.kr. heildarframlag. Sú breyting er í frumvarpinu að áætlað er fyrir starfsemi Hússtjórnarkennaraskóla Íslands sem sérstöku viðfangsefni undir fjárlagaliðnum *Kennaraháskóli Íslands*. Í Hússtjórnarkennaraskóla Íslands er fyrst og fremst kennsla í valgreinum fyrir Kennaraháskóla Íslands og þykir því eðlilegt að áætla fyrir henni undir þessum fjárlagalið. Framlag til kennslu þessarar er 2.015 þús.kr. Til rekstrar Kennaraháskóla, að frátöldu hússtjórnarnámi, eru 144.126 þús.kr. sem er hækkun um 43% frá fjárlögum 1987. Breytingar eru helstar þær að áætlað er fyrir réttindanámi grunnskólakennara í fyrsta sinn, alls 3.500 þús.kr. Framlag hækkar einnig vegna nýrrar prófessorsstöðu í íslensku og stöðu rekstrarstjóra. Samtals hækkar framlag til rekstrar um tæplega 5.850 þús.kr. vegna þessara breytinga. Að öðru leyti er áætlun miðuð við óbreytta starfsemi skólans en hækkun annarra gjalda er vegna þess að rekstur stærra húsnæðis hefur orðið dýrari en áður var ráð fyrir gert og einnig hefur kostnaður við rannsóknaorlof sem samið var um seint á árinu 1984 orðið meiri en áætlað hefur verið fyrir. Til endurbóta og tækjakaupa áætlast alls 7.400 þús.kr. Þar af eru 3.000 þús.kr. til skólahússins við Stakkahlíð, 750 þús.kr. til endurbyggingar gamla skólahússins við Laufásveg, 1.800 þús.kr. til lóðarframkvæmda og 1.850 þús.kr. til tækja- og kennslubúnaðar.

331 Íþróttakennaraskóli Íslands

Framlag til rekstrar nemur samtals 16.968 þús.kr. og hækkar um 75% frá gildandi fjárlögum. Þetta er allmikil hækkun sem skýrist af því að nú verða nýnemar teknir í skólann. Það hefur í för með sér að kennsla eykst um fjórðung. Jafnframt eykst annar rekstrarkostnaður vegna aukins húsnæðis en skólinn mun fá afnot af húsnæði Hússtjórnarskólans á Laugarvatni. Einnig hefur nýtt íþróttahús verið tekið í notkun við skólann sem mun valda auknum rekstrarkostnaði. Bætt er við lausráðnum starfsmanni við umsjón og umhirðu hússins enda aukist sértekjur fyrir afnot ýmissa aðila af húsinu. Auk rekstrarframlagsins verður framlag til stofnkostnaðar 9.800 þús.kr. og skiptist þannig að til greiðslu áfallins óuppgerðs byggingarkostnaðar renna 4.900 þús.kr. og sama fjárhæð fer til kaupa á tækjabúnaði fyrir húsið.

336 Hússtjórnarkennaraskóli Íslands

Framlag til hússtjórnarkennslu á árinu 1987 nam 1.799 þús.kr. og var fært á sérstakan fjárlagalið *Hússtjórnarkennaraskóli Íslands*. Sú fræðsla sem hér um ræðir er hluti af starfsemi *Kennaraháskóla Íslands* og því er fjárveitingu samkvæmt frumvarpinu sérstaks viðfangsefnis undir fjárlagaliðnum *02-321, Kennaraháskóli Íslands*.

422 Námsgagnastofnun

Framlag til stofnunarinnar er 147.796 þús.kr. sem er hækkun um 48.723 þús.kr. eða 49% frá gildandi fjárlögum. Fjárveitingin jafngildir 3.890 kr. á hvern nemanda í skyldunámi en þeir verða um 38 þúsund á árinu 1988. Áætlun launa byggist á 43,8 stöðugildum, þar af eru 24,55 heimilaðar stöður en 19,25 vegna sérstakra verkefna og hefur þeim verið fjölgað um 3,65 frá gildandi fjárlögum. Þá er námsefnisgerð aukin úr 66 mánaðarverkum í 330. Að teknu tilliti til starfsmannahalds og yfirvinnu starfsmanna hækkar launaliður um 166% frá gildandi fjárlögum. Önnur rekstrargjöld en laun eru áætluð til samræmis við raunverulegt umfang starfseminnar á síðustu árum og hækka þau um 36%. Sértekjur hækka um 123% enda er tekið mið af rekstri síðustu ár, aukin áhersla er lögð á öflun sértekna og gert ráð fyrir að *Skólavörubúð* standi að öllu leyti undir rekstri. Til að leggja áherslu á þetta er hún gerð að sérstöku viðfangsefni. Til eignakaupa eru ætlaðar 2.100 þús.kr. og er þar einkum um að ræða ýmiss konar fjölföldunarbúnað fyrir kennsluefni.

423 Námsstjórn og þróunarverkefni
Framlag til rekstrar *skólaþróunardeildar* verður 22.315 þús.kr. og hækkar því um 49% frá fjárlögum 1987. Þetta er meiri hækkun en verðlagsforsendur segja til um og kemur það til vegna nýs verkefnis, *fíknivarna í skólum*. Áætlað er fyrir launum eins lausráðins starfsmanns og annar rekstrarkostnaður aukinn samfara því. Hækkun útgjalda vegna þessa er 2.600 þús.kr. Launagjöld eru miðuð við níu heimilaðar stöður og tvö stöðugildi verkefnaráðinna. Auk rekstrarframlagsins eru veittar 4.600 þús.kr. til kaupa á tölvubúnaði og er það hluti af samningi sem getið er um í greinargerð vegna aðalskrifstofu menntamálaráðuneytisins.

501 Tækniskóli Íslands
Til rekstrar skólans eru nú ætlaðar 94.822 þús.kr. sem er 56% hækkun miðað við gildandi fjárlög. Ástæður hækkunar umfram verðlagsforsendur eru aukin aðsókn og stækkun húsrýmis skólans en á yfirstandandi ári var samþykkt aukning á leiguhúsnæði um 1.400 fermetra. Þá er því við að bæta að skólanum er ætlað að sjá um og kosta námskeið fyrir rafverktakanám. Auk ofangreinds rekstrarframlags eru skólanum ætlaðar 3.700 þús.kr. til tækjakaupa.

506 Vélskóli Íslands
Heildarfjárveiting nemur 42.462 þús.kr. Framlag til rekstrar er 38.762 þús.kr. og hækkar í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkanir enda gert ráð fyrir óbreyttri starfsemi skólans. Framlag til stofnkostnaðar er 3.700 þús.kr. og er til afborgunar og greiðslu vaxta af láni sem tekið var vegna kaupa á vélhermi sem ákveðin voru af Alþingi á árinu 1985.

507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík
Framlag það sem skólinn fær nú til kennslu og rekstrar er 17.643 þús.kr. og hækkar um 45% miðað við fjárlög 1987. Þetta er meiri hækkun en verðlagsforsendur segja til um og verður til á launalið vegna kennslu. Ástæður þessa er fjölgun nemenda og þar með deilda skólans ásamt því að efld verða námskeið er varða öryggismál svo sem brunavarnir, slysavarnir og slysahjálp. Þá eru og veittar 1.900 þús.kr. til tækjakaupa.

514 Iðnskólinn í Reykjavík Rekstrarframlag til skólans verður 168.332 en er 104.520 þús.kr. í fjárlögum 1987. Hækkun er 61% og skýrist af áætlaðri fjölgun nemenda úr 1.150 í 1.400 eða um 22%. Hækkun umfram verðlagsforsendur er öll á launalið vegna kennslu. Hlutfallslega fylgjast að hækkun launa og nemendafjölgun. Þá er og fjölgun nemenda í öldungadeild og meistaraskóla. Á móti kemur að með vaxandi endurmenntun aukast sértekjur. Til viðhalds fær skólinn 3.700 þús.kr. og til tækjakaupa ýmiss konar eru veittar 4.900 þús.kr.

515 Iðnnám, almennt
Sú breyting er gerð að tveir liðir í fjárlögum 1987 *02–515 Iðnskólar utan Reykjavíkur* og *02–516 Iðnskólar, almennt* eru sameinaðir hér undir nýju nafni, *iðnnám, almennt*. Rekstrarframlag til þeirra viðfangsefna sem tilheyra þessum fjárlagalið verður 38.752 þús.kr. en er 32.383 þús.kr. í gildandi fjárlögum. Þetta er lækkun á milli ára og meginorsök hennar er að iðnkennsla á Ísafirði hefur verið færð af þessum fjárlagalið og við henni tekur Menntaskólinn á Ísafirði. Að öðru leyti er um sömu verkefni að ræða hér og í fjárlögum líðandi árs og því engar breytingar. Þó er gert ráð fyrir hækkun á framlagi til *sveinsprófa* og það því sem næst tvöfaldað.

517 Hótel- og veitingaskóli Íslands

Framlag til rekstrar skólans verður 17.289 þús.kr. og hækkar um 76% miðað við gildandi fjárlög. Um er að ræða töluverða hækkun umfram forsendur og vegur þar þyngst að leigusamningar skólans vegna húsnæðis á Suðurlandsbraut voru endurnýjaðir á árinu. Hvort tveggja var að leigugjöld hækkuðu verulega og húsnæðið var aukið um helming. Útgjaldaaukning af þessum sökum er talin nema um 4.200 þús.kr. Ofanrituðu framlagi til viðbótar fær skólinn 3.000 þús.kr. til innréttinga á því viðbótarhúsnæði sem tekið hefur verið á leigu.

518 Fiskvinnsluskólinn

Rekstrarframlag til skólans er 13.755 þús.kr. og hækkar um 39% frá fjárlögum 1987. Þetta er lítils háttar hækkun umfram verðlagsforsendur. Skýringin er að skólinn flytur í nýtt verknámshús nú á haustmánuðum sem hefur í för með sér aukin útgjöld. Til viðbótar rekstrarframlagi eru skólanum ætlaðar 34.700 þús.kr. til greiðslu vegna framkvæmda við nýbygginguna. Ólokið er uppgjöri við verktaka vegna framkvæmdanna auk þess sem nokkurt fé er ætlað fyrir nauðsynlegasta tækjabúnað í verknámshúsið.

553 Hússtjórnarskólar

Hússtjórnarskólar sem rekstrarframlag er áætlað til eru þrír, þ.e. í Reykjavík, á Ísafirði og að Hallormsstað. Auk þeirra er áætlað fyrir biðlaunum tveggja skólastjóra í níu mánuði. Þá er og gert ráð fyrir lítils háttar umsýslukostnaði við þá skóla þar sem rekstri hefur verið hætt. Rekstrarframlag fyrir árið 1988 er nú áætlað 15.528 þús.kr. og hækkar um 49% miðað við gildandi fjárlög. Til viðhalds eru veittar 6.200 þús.kr. sem menntamálaráðuneytið skiptir milli skólanna fimm.

561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands

Framlag til rekstrar skólans nú er 30.433 þús.kr. og er það 68% hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Þessi hækkun er verulega umfram verðlagsforsendur frumvarpsins. Hækkunin á rætur að rekja til þess að allir húsaleigusamningar skólans hafa verið endurnýjaðir og húsnæðið aukið um 500 fermetra. Hækkun útgjalda af þessum sökum nemur um 7.500 þús.kr. Ekki er um neina breytingu á rekstri að ræða.

562 Leiklistarskóli Íslands

Framlag til rekstrar skólans er nú áformað 18.301 þús.kr. sem er 91% hækkun frá gildandi fjárlögum. Þetta er mikil hækkun og ekki síst þar sem gengið er út frá sama fjölda kennara og nemenda. Kennslulaun hækka lítils háttar umfram verðlagsforsendur. Nemendaleikhúsi er ekki haldið eins lengi opnu og verið hefur. Einnig verður veruleg hækkun á öðrum kostnaði en kennslu. Þar er helst til að taka að kostnaður allur varðandi húsnæði hefur aukist við að skólinn flutti í Landssmiðjuhúsið eða sem svarar um 2.000 þús.kr.

563 Tónlistarfræðsla

Heildarframlag nemur 122.799 þús.kr. og er það eingöngu rekstrarframlag. Samkvæmt ákvörðun ríkistjórnarinnar er nú lagt til að ýmis verkefni færist frá ríkinu yfir til sveitarfélaga. Á þetta m.a. við um tónlistarfræðslu. Framlag miðast við það að ríkið greiði laun (50%) við kennslu út skólaárið 1987–1988 en síðan falli þátttaka þess niður.

581 Verslunarskóli Íslands Rekstrarframlag til skólans er 107.567 þús.kr. og er það 60% hækkun frá gildandi fjárlögum. Ríkissjóður greiðir laun kennara og framlag til rekstrar samkvæmt samningi dagsettum 30. janúar 1985. Þá er nú í fyrsta sinn veitt sérstakt framlag til tölvuskóla Verslunarskólans og nemur það 1.520 þús.kr.

601–610 Héraðsskólar

Hér verður fjallað um öll framlög til héraðsskóla. Samtals nema þau 130.682 þús.kr. en að stofnkostnaðar- og viðhaldsframlögum frátöldum eru samtals 108.482 þús.kr. ætlaðar til rekstrar. Breytingar þær sem áformaðar eru á héraðsskólunum eru í fyrsta lagi að eftir árs hvíld er ákveðið að skólinn á Núpi í Dýrafirði taki til starfa á ný haustið 1987. Í öðru lagi er fjárveitingin miðuð við að skólarnir á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp og að Laugarvatni muni hætta starfsemi haustið 1988. Fjárframlög til þessara þriggja skóla taka mið af ofangreindu. Að öðru leyti er ekki um breytingar á starfsemi héraðsskóla að ræða. Breytingar á framlögum til þeirra nú, miðað við fjárlög 1987, eru samstíga verðlagsbreytingum. Heildarframlög til rekstrar eru sýnd í eftirfarandi töflu ásamt samanburði við fjárlagatölur 1987:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Laun	62.195	82.212	20.017	32
Önnur gjöld	25.174	30.020	4.846	19
Viðhald	3.500	4.300	800	23
Stofnkostnaður	14.400	17.900	3.500	24
Samtals	105.269	134.432	29.163	28
Sértekjur	-3.283	-3.750	-467	14
Mismunur	101.986	130.682	28.696	28

Til viðhalds skólanna eru áætlaðar 4.300 þús.kr. og til stofnkostnaðar eru 17.900 þús.kr. Af því eru 12.400 þús.kr. til Héraðsskólans í Reykholti vegna áframhaldandi byggingarframkvæmda við mötuneytishús, 2.500 þús.kr. til Reykjaskóla vegna viðgerða á heimavist og íþróttahúsi. Til Eiðaskóla eru ætlaðar 1.200 þús.kr. til utanhússviðgerða og til Skógaskóla eru veittar 1.800 þús.kr. til viðgerða á þökum og múr.

700–720 Grunnskólar, rekstur

Hér verður fjallað um rekstur grunnskólastigsins í einu lagi. Heildarkostnaður er áætlaður 3.199.737 þús.kr. sem er hækkun um 48% frá gildandi fjárlögum. Kostnaður á nemanda er áætlaður 77.072 kr. til jafnaðar. Launagjöld eru 2.921.437 þús.kr. sem er hækkun um 51% frá fjárlögum. Launagjöldin skiptast í aðalatriðum þannig:

	Þús.kr.	Þús.kr.
Fræðsluskrifstofur		15.972
Sálfræði- og ráðgjafarþjónusta		17.320
Almennur kennslukostnaður		2.338.929
almennir grunnskólar	2.316.458	
einkaskólar	19.832	
umferðarfræðsla	1.191	
safnakennsla	1.448	
Kennsla á sjúkrahúsum		2.506
Skólalúðrasveitir		2.947
Stuðnings- og sérkennsla		298.514
stuðningskennsla	104.337	
sérkennsla	194.177	
Forfallakennsla		70.599
Mötuneyti, gæsla og umsjón		115.014
Orlof kennara		24.707
Leiðbeinendur		3.998
Skóli Unglingaheimilis ríkisins		4.665
Fornám og framhaldsdeildir		21.148
Stjórnskipaðir prófdómarar		5.118
Samtals		2.921.437

Auk launahækkana í kjölfar kjarasamninga, sem m.a. fólu í sér styttingu á kennsluskyldu stórs hóps kennara, eru helstu skýringar þessar: Útgjöld við almenna bekkjarkennslu hækka um nálægt 25.000 þús.kr. vegna fjölgunar nemenda í fræðsluumdæmum Reykjavíkur og Reykjaness. Gert er ráð fyrir að grunnskólanemendur verði samtals 41.237. Útgjöld vegna sérkennslu aukast um 46.500 þús.kr. og þar af eru 10.000 þús.kr. vegna starfsleiknináms kennara. Gert er ráð fyrir að vikulegar kennslustundir vegna stuðnings- og sérkennslu verði 8791 sem jafngildir vinnu 326 kennara. Kennslan eykst mismikið eftir umdæmunum, þó mest í Reykjanesumdæmi. Miðað er við að 0,22 vikustundir komi á hvern nemanda á landinu til jafnaðar vegna stuðnings- og sérkennslu, nema í Reykjanesumdæmi þar sem miðað er við 0,19 vikustundir. Launakostnaður vegna framhaldsdeilda minnkar um 21.000 þús.kr. þar sem Kvennaskólinn hefur verið gerður að menntaskóla sem fær sérstaka fjárveitingu. Kostnaður vegna orlofs kennara hækkar um 4.000 þús.kr. vegna álagsgreiðslna í kjölfar kjarasamninga. Fjöldi starfsmanna við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu er óbreyttur frá gildandi fjárlögum, samtals 32,92. Skiptast þeir þannig að í Reykjavíkurumdæmi eru 16,25, í Reykjanesumdæmi 3,67, Vesturlandsumdæmi 3,5, í Vestfjarðaumdæmi 1,5, í Norðurlandsumdæmi vestra 1,5, í Norðurlandsumdæmi eystra 4, í Austurlandsumdæmi 1,5 og í Suðurlandsumdæmi 1. Að auki er víðast áætlað fyrir nokkurri yfirvinnu. Kostnaður þessi skiptist jafnt milli ríkis og sveitarfélaga. Fjöldi leiðbeinenda fyrir kennara er 4,7. Er það óbreytt frá gildandi fjárlögum og skiptist jafnt á fræðsluumdæmi utan Reykjavíkur. Önnur rekstrargjöld nema alls 231.360 þús.kr. sem er hækkun um 19% frá gildandi fjárlögum. Gjöldin skiptast þannig:

	Þús.kr.
Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis	3.479
Sálfræði- og ráðgjafarþjónusta	5.767
Akstur, húsaleiga og tryggingar	212.010
Umferðarfræðsla	710
Safnakennsla	90
Sérkennsludeildir	2.834
Skóli Unglingaheimilis ríkisins	380
Stjórnskipaðir prófdómarar	2.690
Óskiptur kostnaður	3.400
Tölvu- og eignakaup	5.500
Samtals	231.360

Eignakaup eru 5.500 þús.kr. vegna tölvuvæðingar á stjórnkerfum grunnskólans. Tilfærslur eru alls 41.440 þús.kr. sem er hækkun um 28% frá gildandi fjárlögum. Liðurinn skiptist þannig:

	Þús.kr.
Fræðsluskrifstofur	9.510
Óskiptur kostnaður	170
Sundskylda í skólum	25.000
Höfundagreiðslur	6.410
Skíðakennsla	350
Samtals	41.440

730 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra

Framlag nemur samtals 200.000 þús.kr. og lækkar frá gildandi fjárlögum um 9.205 þús.kr. Á síðustu árum hafa verið gerðir nokkrir stofnkostnaðarsamningar af hálfu hlutaðeigandi sveitarfélaga annars vegar og menntamálaráðuneytisins hins vegar. Skuldbindingar samkvæmt samningunum eru sem hér segir:

	Þús.kr.
Vesturlandsumdæmi:	
Grunnskóli Akraness	13.820
Íþróttahús í Stykkishólmi	5.430
Vestfjarðaumdæmi:	
Íþróttahús á Ísafirði	11.210
Norðurland eystra:	
Grunnskóli Akureyrar	13.880
Reykjanesumdæmi:	
Grunnskóli Bessastaðahrepps	4.310
Grunnskóli Kópavogi	8.650
Samtals	57.300

750 Skólar fyrir þroskaheft börn

Liðurinn hækkar um 74.609 þús.kr. eða 53% frá fjárlögum 1987 og verður 231.171 þús.kr. Launaliðurinn er í fjárlögum 1987 105.754 þús.kr og verður 162.251 þús.kr. Hækkar hann því um 56.497 þús.kr. eða 53%. Eina nýja starfsemin, sem gert er ráð fyrir undir þessum fjárlagalið, er talkennsla undir viðfangsefninu *dagvist forskólabarna* og er áætlað að muni nema 2.231 þús.kr. Hér er þó ekki um nýja starfsemi að ræða þar eð kostnaður vegna hennar hefur verið greiddur af Tryggingastofnun ríkisins. Sú launahækkun sem eftir stendur, 54.266 þús.kr. (51%), skýrist af 10.000 þús.kr. vegna sérkjarasamnings við samtök kennara og 5.500 þús.kr. vegna fjölgunar nemenda um 45 og að enn einu sinni virðast nákvæmari greindarmælingar leiða til þess að hlutfallslega fleiri nemendur búi við meiri fötlun en áður var talið. Að frádregnum þessum liðum hækka laun um 38.766 þús.kr. eða 37%. Þær stöður, sem tilgreindar eru í yfirlitinu hér á eftir, eru reiknaðar stöður án tillits til samþykktra heimilda. Allt eru þetta kennarastöður nema 10,0 stöðugildi Öskjuhlíðarskóla. Engin kennarastaða er á fjölskyldu- og skóladagheimilunum en á þeim báðum eru 5,83 stöðugildi. Önnur gjöld hækka um 26% og eignakaup er nýr liður. Tilfærslur hækka um 11.568 þús. kr. eða 39% og verða 40.900 þús.kr. Mestur hluti þeirra er undir viðfangsefninu *dagvistun forskólabarna* og nemur 28.780 þús.kr. Laun og önnur gjöld eru 1.061 þús.kr. og hækka um 9.680 þús.kr. eða 51%. Skipting reiknaðra stöðugilda og kostnaðar eftir viðfangsefnum er sem hér segir:

	Reiknuð stöðugildi	Gjöld samtals þús.kr.	Sértekjur þús.kr.	Fjárveiting þús.kr.
Öskjuhlíðarskóli	53,67	59.401	350	59.051
Fjölskylduheimilið Reynilundi	3,0	4.486		4.486
Skóladagheimilið Lindarflöt 41	2,83	3.730		3.730
Þjálfunarskólar ríkisins	89,69	99.092		99.092
Þjálfunarskóli Kópavogshæli	24,04	24.869		15.805
– Sólheimum	2,0	2.477		1.580
– Hringsins	10,0	10.805		7.110
– Bjarkarási	9,3	10.686		6.346
– Safamýri	29,47	32.867		21.792
– Tjaldanesi	2,31	2.115		1.369
– Akureyri	12,57	15.273		10.150
Dagvistun forskólabarna	1,0	32.072		32.072
Dagvist	1,0	29.841		29.841
Talkennsla		2.231		2.231
Sameiginleg þjónusta		27.490	1.460	26.030
Fargjöld		682		506
Tannlækningar		526	153	244
Akstur skólabarna		14.282		10.320
Dvalarkostnaður, vistanir		7.337	1.307	5.095
Sumardvöl		4.663		3.385
Almennt	5,1	6.710		2.094
Forfallakennsla		2.353		2.353
Orlof	1,5	1.246		1.246
Starfsleiknínám	3,6	2.991	2.991	
Bliss-nefnd		120		120
Samtals	155,29	232.981	1.810	231.171

799 Heyrnleysingjaskólinn

Gengið er út frá því að starfsemi skólans verði með sama sniði og ákveðið var með fjárlögum 1987. Framlag til skólans er eingöngu til rekstrar og kennslu og nemur 42.030 þús.kr. Er það í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkanir.

803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður

Í fjárlögum 1987 voru veittar til byggingar dagvistarheimila 43.195 þús.kr. Samkvæmt þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að greiðsluskylda ríkissjóðs falli niður frá og með áramótum 1987–1988. Framvegis verða dagvistarmál verkefni sveitarfélaga.

871 Unglingaheimili ríkisins

Framlag til heimilisins nemur 10.800 þús.kr. og hækkar í samræmi við almennar verðlagsbreytingar. Áformað er að breyta því húsnæði sem heimilið hefur verið í að Kópavogsbraut 17 í alhliða fangelsi. Þess í stað mun verða leitað eftir hentugu húsnæði fyrir unglingaheimilið og starfsemi þess.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Framlag er 1.478.000 þús.kr. og hækkar úr 928.000 þús.kr. í fjárlögum 1987. Fjallað er um Lánasjóð íslenskra námsmanna í sérstakri greinargerð um B-hluta fyrirtæki og sjóði.

881 Náms- og fræðimenn, framlög

Framlag nemur samtals 10.650 þús.kr. en var 7.652 þús.kr. í fjárlögum 1987. Viðfangsefni eru þau sömu og í fjárlögum 1987. Í eftirfarandi yfirliti er sýndur samanburður á framlögum í frumvarpi og framlögum í fjárlögum 1987:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum	2.077	3.450	1.373	66
Menningarstofnun Bandaríkjanna	125	230	105	84
Styrkur til útgáfustarfa	1.400	1.610	210	15
Safngripaviðgerðir, námsvistargjöld	623	1.330	707	113
Félagsstofnun stúdenta	3.427	4.030	603	18
Stúdentagarðar, viðhald	7.000	–	-7.000	.
Stúdentagarðar, hönnun	200	–	-200	.
Samtals	14.852	10.650	-4.202	-28

Framlag til styrktar erlendum námsmönnum er miðað við fimmtán erlenda námsmenn hér á landi á árinu 1988. Viðfangsefnið *safngripaviðgerðir* hækkar um 113% vegna þess að skólagjöld þeirra tveggja námsmanna sem stunda forvarnarnám hafa hækkað mjög mikið. Hér veldur því ekki fjölgun námsmanna. Framlag til viðhalds stúdentagarða er hér fellt niður enda hefur Alþingi árlega fjallað sérstaklega um málefni Félagsstofnunar stúdenta.

885 Fullorðinsfræðsla

Heildarframlag nemur 1.610 þús.kr. en er 1.434 þús.kr. í fjárlögum 1987. Framlög til einstakra viðfangsefna hækka á bilinu 10–15% eins og lesa má af eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Bréfaskólinn	642	720	78	12
Námsflokkar	175	200	25	14
Félagsmálanámskeið	150	170	20	13
Heimilisiðnaðarskólinn	292	320	28	10
Námskeið fyrir ófaglærða bókaverði	175	200	25	14
Samtals	1.434	1.610	176	12

901 Landsbókasafn Íslands

Rekstrarframlag til safnsins verður 26.359 þús.kr. sem er 49% hækkun frá gildandi fjárlögum. Gengið er út frá því að starfsemi safnsins verði óbreytt á árinu 1988 frá því sem ákveðið er í fjárlögum 1987. Því er tekið mið af 22,16 heimiluðum stöðum og 1,5 stöðugildi verkefnaráðinna starfsmanna. Önnur gjöld en laun hækka ívið umfram verðlagsforsendur vegna útgáfuverkefna sem dregist hafa úr hömlu. Er þar um að ræða ýmiss konar skrár tilheyrandi starfsemi safnsins. Til viðbótar rekstrarframlaginu er 3.700 þús.kr. veittar til bókakaupa, 400 þús.kr. til tækjakaupa og 100 þús.kr. til kaupa á filmulesvél.

902 Þjóðminjasafn Íslands

Ekki er reiknað með afgerandi breytingu á rekstri safnsins frá því sem er samkvæmt gildandi fjárlögum. Þó fjölgaði heimiluðum stöðum við safnið á árinu 1987 um eina, þ.e. úr 11,5 í 12,5. Í staðinn féll niður staða verkefnaráðins sérfræðings. Þessu til viðbótar er nú gert ráð fyrir framlagi á öðrum dagvinnulaunum sem svarar til tveggja ársverka, 1.400 þús.kr. Hér er um að ræða vinnu við sérstakt tímabundið verkefni í þjóðháttadeild safnsins við tölvuskráningu heimilda um atvinnu- og þjóðhætti. Að teknu tilliti til ofanritaðs verður rekstrarframlag 27.370 þús.kr. og hækkar um 45% frá fjárlögum 1987. Þá eru 11.700 þús.kr. ætlaðar til viðhaldsverkefna og tækjakaupa og skiptist fjárhæðin þannig að 2.700 þús.kr. fara til viðhalds gömlum húsum í vörslu safnsins, 8.400 þús.kr. til viðhalds og endurbóta á Þjóðminjasafnshúsinu, 200 þús.kr. fara til tækjakaupa og 300 þús.kr. til kaupa á viðvörunarkerfi í safnhúsið. Loks er þess að geta að í lok árs 1987 eða byrjun árs 1988 mun Listasafn Íslands flytja úr Þjóðminjasafnshúsinu við Suðurgötu. Óhjákvæmilegt mun þá að fram fari ýmsar lagfæringar og endurbætur á húsinu.

907 Listasafn Íslands

Nú hillir undir þau tímamót að flutt verði í nýtt safnhús við Fríkirkjuveg. Í því tilefni hefur starfsmannahald safnsins verið endurskoðað þar sem tekið er mið af stækkun þess og auknum möguleika til sýningahalds. Miðað við fjárlög yfirstandandi árs hækkar rekstrarframlag um 52% og verður 19.632 þús.kr. Launagjöld nema alls 12.602 þús.kr. og hækka í heild um 63%. Í áætluninni er við það miðað að fastráðnir starfsmenn safnsins séu 10,3 talsins. Auk forsöðumanns er hér um að ræða sérfræðing, deildarstjóra og 1,6 stöðu fulltrúa ásamt húsverði, bókaverði og fimm gæslu- og afgreiðslumönnum sem skipta á milli sín fjórum ársverkum. Þá er og áætlað fyrir tveim ársverkum lausráðinna starfsmanna til ýmissa verka. Önnur gjöld en laun nema alls 8.090 þús.kr. og hækka um 36% frá gildandi fjárlögum. Hækkun stafar aðallega af breyttu verðlagi en einnig auknum umsvifum og rekstri safnsins. Þá eru veittar 7.400

þús.kr. til listaverkakaupa og sýningahalds í opinberum stofnunum. Til framkvæmda við Fríkirkjuveg 7 eru ætlaðar 24.700 þús.kr. Um 15.000 þús.kr. af fjárhæðinni munu renna til að greiða fyrir verk sem unnin eru á árinu 1987 en greiðast ekki fyrr en 1988. Auk þess er ólokið ýmsum öðrum verkum í nýbyggingunni og eru 9.700 þús.kr. ætlaðar til þessara verka.

931 Náttúruverndarráð

Framlag til rekstrar Náttúruverndarráðs nemur 16.061 þús.kr. og hækkar úr 11.956 þús.kr. eða um 34%. Launagjöld hækka um 35% og önnur gjöld vegna rekstrar hækka um 14%. Rekstrarviðfangsefni eru átta og gengið er út frá því að starfsemin verði í megindráttum óbreytt frá því sem er í ár. Til viðhalds og stofnkostnaðar eru ætlaðar 3.500 þús.kr. og skiptist fjárhæðin á eftirfarandi máta: Til viðhaldsverkefna í þjóðgarðinum í Skaftafelli fara 700 þús.kr. og til viðhalds íbúðarhúsinu að Ási við Ásbyrgi 400 þús.kr. Til framkvæmda við rannsóknastöðina að Skútustöðum er varið 1.500 þús.kr. og til framkvæmda í þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum eru ætlaðar 900 þús.kr.

973, 974 Þjóðleikhús og Sinfóníuhljómsveit Íslands

Umfjöllun um þessar tvær stofnanir er í sérstakri greinargerð um B-hluta fyrirtæki og sjóði. Vísast því til greinargerða um þau undir fjárlagaliðunum 22–973 og 22–974. Framlag til Þjóðleikhússins verður alls 148.700 þús.kr. og til Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru ætlaðar 55.800 þús.kr. Sambærilegar tölur í fjárlögum 1987 voru 102.900 þús.kr. og 36.870 þús.kr. Framlag til Þjóðleikhússins hækkar þannig um 45% og til Sinfóníuhljómsveitar um 51%.

975 Vísindasjóður

Nokkur breyting er á þessum fjárlagalið vegna nýrra laga um Vísindaráð og Vísindasjóð (lög nr. 48/1987). Liðnum er nú skipt í tvö viðfangsefni *1.01 Vísindaráð* og *1.06 Vísindasjóður*. Vísindasjóður hefur tekjur af Arðsjóði Seðlabanka Íslands auk framlags á fjárlögum. Nú eru veittar 10.000 þús.kr. í sjóðinn og verður áætlað ráðstöfunarfé 60.000 þús kr. að tekjum af Arðsjóði meðtöldum. Hlutverk Vísindaráðs er skilgreint með lögum. Nú er í fyrsta sinni áætlað fyrir launum framkvæmdastjóra í hálfri stöðu og einni stöðu ritara. Þá er áætlað fyrir skrifstofukostnaði og þóknun ráðsins. Á árinu 1987 voru veittar 1.300 þús.kr. til viðhalds á húseign sjóðsins að Bárugötu 3. Til áframhaldandi lagfæringa eru veittar 1.175 þús.kr. Samtals nemur fjárveiting til rekstrar sjóðsins 5.180 þús.kr. en er 2.000 þús.kr. á fjárlögum 1987.

976 Menningarsjóður

Tekjur Menningarsjóðs eru samkvæmt lögum gjald af aðgöngumiðum af kvikmyndasýningum og dansleikjum og árlegt framlag úr ríkissjóði. Áætlaðar markaðar tekjur nema 9.090 þús.kr. og er gjaldfærsla í samræmi við það.

977 Þjóðarbókhlaða

Samkvæmt lögum nr. 49/1986, um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu, skal á árunum 1987–89 lagður á sérstakur eignarskattur er renni óskiptur til byggingar þjóðarbókhlöðu. Áætlað er að innheimta af álagningu ársins 1988 nemi 177.000 þús.kr. Þrátt fyrir áætlaðar tekjur þá er ákveðið að verja eigi hærri fjárhæð en 50.000 þús.kr. til framkvæmda á árinu 1988 og eru framlög úr ríkissjóði miðuð við það. Það sem umfram innheimtist liggur í ríkissjóði í árslok 1988 til ráðstöfunar síðar.

981 Kvikmyndasjóður

Samkvæmt lögum nr. 94/1983 eru tekjur sjóðsins söluskattur af seldum miðum kvikmyndahúsa. Framlag til sjóðsins nemur 40.000 þús.kr. og lækkar úr 55.000 þús.kr. í fjárlögum 1987. Innifalið í ofangreindu framlagi ársins 1987 voru 8.000 þús.kr. sem ætlaðar voru til kaupa á húsnæði fyrir Kvikmyndasjóð og Kvikmyndasafn. Ekki kom til greiðslu allrar fjárhæðarinnar á árinu 1987 og því skal taka afborgun af skuldabréfi vegna kaupanna af framlagi til sjóðsins 1988 með sama hætti og 1987.

982 Listir, framlög

Heildarframlag nemur 138.010 þús.kr. og hækkar frá fjárlögum líðandi árs um 58%. *Framlagið skiptist á eftirfarandi hátt:*

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Listamannalaun	–	6.700	6.700	.
Launasjóður rithöfunda	–	15.000	15.000	.
Starfslaun listamanna	23.340	10.000	-13.340	-57
Höfundagreiðslur skv. 21. gr. höfundalaga	222	300	78	35
Rithöfundasjóður Íslands	4.851	5.300	449	9
Þýðingarsjóður	2.918	3.510	592	20
Leikfélag Reykjavíkur	6.500	10.000	3.500	54
Leikfélag Akureyrar	6.000	9.200	3.200	53
Leiklistarstarfsemi	6.000	10.000	4.000	67
Bandalag íslenskra leikfélaga	780	1.000	220	28
Önnur leiklistarstarfsemi	2.000	3.000	1.000	50
Leiklistarráð	150	2.000	1.850	1.233
Alþýðuleikhús	2.050	2.100	50	2
Kynning á íslenskri list erlendis	3.234	6.000	2.766	86
Íslenska óperan	4.700	9.200	4.500	96
Íslenski dansflokkurinn	930	1.500	570	61
Íslensk tónverkamiðstöð	–	1.200	1.200	.
Sinfóníuhljómsveit æskunnar	–	1.600	1.600	.
Tónlistarstarfsemi, styrkir	2.800	5.000	2.200	79
Listasöfn, styrkir	1.832	2.500	668	36
Myndlistaskólinn í Reykjavík	1.600	3.500	1.900	119
Myndlistarskólinn á Akureyri	2.500	3.500	1.000	40
Samband íslenskra myndlistarmanna	720	1.000	280	39
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	1.200	1.700	500	42
Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis	5.280	6.900	1.620	31
Bandalag íslenskra listamanna	58	100	42	72
Listkynning, styrkir	198	400	202	102
Lista- og menningarmál, ýmis	4.000	10.000	6.000	150
Menningarkynning í Japan	–	2.100	2.100	.
Leikfélög, skuldagreiðslur	3.500	3.500	–	.
Ferðaleikhúsið	175	300	125	71
Samtals	87.538	138.110	50.572	58

Helstu breytingar eru þær að viðfangsefninu *starfslaun listamanna* í fjárlögum 1987 er nú skipt í þrennt að nýju: *Listamannalaun, launasjóður listamanna* og *starfslaun listamanna*. Þá verða til þrjú ný viðfangsefni: *Íslensk tónverkamiðstöð, Sinfóníuhljómsveit æskunnar* og *menningarkynning í Japan*. Þess ber að geta að á árinu 1987 hafa verið gerðir samningar um úrlausn á fjárhagserfiðleikum *Íslensku óperunnar* og *Leikfélags Akureyrar*. Framlög til þessara aðila eru samkvæmt því.

983 Vísindaleg starfsemi

Framlag á þessum lið verður alls 9.283 þús.kr. Þar af eru 7.783 þús.kr. ætlaðar til greiðslna vegna rannsóknaleyfa ríkisstarfsmanna í samræmi við kjarasamninga og samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytis. Þetta er nýtt verkefni og með þessu móti er tekið fyrir árlegar aukafjárveitingar af sömu ástæðum. Framlag til vísinda- og fræðistarfa hækkar um 39% og nemur alls 1.150 þús.kr. Þá verður framlag til samstarfsnefndar um upplýsingamál 350 þús.kr. en framlagið var 280 þús.kr. í fjárlögum 1987.

984 Norræn samvinna

Heildarframlag er 2.200 þús.kr. og lækkar úr 9.759 þús.kr. í fjárlögum 1987. Ástæða lækkunarinnar er sú að viðfangsefnið *samstarf á sviði menningarmála skv. samnorrænni fjárhagsáætlun* er fellt af þessum fjárlagalið og flutt undir utanríkisráðuneytið. Einnig fellur niður viðfangsefnið *Norræni sumarháskólinn*. Þá bætist og við nýtt viðfangsefni *Menningarsjóður Íslands og Finnlands* og er framlag til þess 60 þús.kr. Að öðru leyti skiptast framlög samkvæmt eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Norrænt samstarf	426	580	154	36
Norræna félagið	324	430	106	33
Samstarf á sviði menningarmála skv. norrænni fjárhagsáætlun	7.334	–	-7.334	.
Norræni sumarháskólinn	400	–	-400	.
Menningarsamskipti við Færeyinga	292	350	58	20
Menningarsjóður Íslands og Finnlands	–	60	60	.
Þátttaka í framkvæmdastjórn UNESCO	478	200	-278	-58
Alþjóðleg rannsóknaáætlun um borun á hafsbotni	505	580	75	15
Samtals	9.759	2.200	-7.559	-77

985 Félagsheimilasjóður

Framlag til þessa sjóðs fellur niður í samræmi við stefnu stjórnvalda um tilflutning verkefna milli ríkis og sveitarfélaga.

986 Íþróttasjóður

Framlag til þessa sjóðs fellur niður í samræmi við stefnu stjórnvalda um tilflutning verkefna milli ríkis og sveitarfélaga.

988 *Æskulýðsmál*

Fjárveiting nemur alls 8.640 þús.kr. og lækkar frá fjárlögum 1987 um 40%. Viðfangsefni eru hin sömu og í fjárlögum 1987 og skiptist fjárveitingin samkvæmt eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Æskulýðsráð ríkisins	1.000	1.150	150	15
Æskulýðssamband Íslands	187	230	43	23
Ungmennafélag Íslands	7.000	2.300	-4.700	-67
Bandalag íslenskra skáta	3.100	3.570	470	15
Bandalag íslenskra skáta vegna Úlfljótsvatns	1.751	580	-1.171	-67
Íslenskir ungtemplarar	210	230	20	10
Starfsemi KFUM og KFUK	1.050	580	-470	-45
Samtals	14.298	8.640	-5.658	-40

Framlag til *Ungmennafélags Íslands* lækkar vegna þess að tekið er tillit til tekna ungmennafélagshreyfingarinnar af svokölluðu lottófé. Auk þess var við fjárveitingu ársins 1987 haft í huga landsmót hreyfingarinnar á árinu.

989 Ýmis íþróttamál

Fjárveiting nemur samtals 30.490 þús.kr. og lækkar um 7.308 þús.kr. frá fjárlögum 1987. Sú breyting verður á þessum fjárlagalið að viðfangsefnum fjölgar um þrjú: *1.24 Skólaskákmót*, *1.25 Skákskólinn* og *1.26 Bridgesamband Íslands*. Breytingar koma fram í eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Íþróttasamband Íslands	26.258	14.380	-11.878	-45
Ólympíunefnd Íslands	5.500	6.330	830	15
Ólympíunefnd fatlaðra	525	690	165	31
Íþróttamál fatlaðra	2.000	2.300	300	15
Íþróttastarfsemi, almenn	500	580	80	16
Skáksamband Íslands	450	1.150	700	156
Stórmeistarar í skák	2.250	3.320	1.070	48
Skákmót, styrkir	315	580	265	84
Skólaskákmót	-	350	350	.
Skákskólinn	-	350	350	.
Bridgesamband Íslands	-	460	460	.
Samtals	37.798	30.490	-7.308	-19

Framlag til *Íþróttasambands Íslands* lækkar frá fjárlögum 1987 þar sem hliðsjón er höfð af þeim tekjum sem íþróttahreyfingin hefur af svokölluðu lottói.

991 Húsfriðun

Framlag nemur samtals 6.430 þús.kr. og lækkar frá fjárlögum 1987 um 6.024 þús.kr. Lækkunin verður til vegna þess að viðfangsefnið *byggða- og minjasöfn* fellur út og verður í framtíðinni kostað af sveitarfélögum. Að öðru leyti munu framlög breytast frá gildandi fjárlögum eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Hið íslenska fornleifafélag	204	230	26	13
Húsfriðunarsjóður	2.000	2.800	800	40
Nesstofa	550	800	250	45
Byggða- og minjasöfn	7.400	–	-7.400	.
Sjóminjasafn Íslands	2.300	2.600	300	13
Samtals	12.454	6.430	-6.024	-48

999 Ýmislegt

Heildarframlag nemur 30.420 þús.kr. en var 23.663 þús.kr. í fjárlögum 1987. Hækkun er því um 41%. Viðfangsefni sem falla niður eru eftirfarandi: *Dimmuborgir í Mývatnssveit, Náttúrugripasafnið í Vestmannaeyjum, Landssamband hjálparsveita skáta, björgunarnámskeið, Fóstrufélag Íslands, samnorrænt námskeið, Hlíðardalsskóli, viðhald* og Norræna húsið, kaup á sýningarmunum. Aftur á móti bætist við viðfangsefnið *1.60 Evreka*. Framlag skiptist eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Amtsbókasafn vegna skilaskyldu	250	290	40	16
Dimmuborgir í Mývatnssveit	900	–	-900	.
Geysir í Haukadal	750	860	110	15
Reykholtsstaður	268	350	82	31
Landssamband hjálparsveita skáta	1.035	1.150	115	11
Landssamband hjálparsveita skáta, Björgunarnámskeið	400	–	-400	.
Evreka	–	580	580	.
Landakotsskóli, rekstrarstyrkur	1.875	2.190	315	17
Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur	2.500	2.880	380	15
Til Cornell- og Manitobaháskóla	105	120	15	14
Söfn, styrkir	1.050	1.150	100	10
Félög, styrkir	300	350	50	17
Ýmis framlög	3.700	8.050	4.350	118
Kvenfélagasamband Íslands	794	920	126	16
Iðnsaga Íslands	2.451	2.760	309	13
Náttúrugripasafn Vestmannaeyja	300	–	-300	.
Safnastofnun Austurlands	1.500	3.700	2.200	147
Hlíðardalsskóli, viðhald	300	–	-300	.
Tónlistarsaga Íslands	1.167	1.380	213	18
Fóstrufélag Íslands, samnorrænt námskeið	500	–	-500	.
Útflutnings- og markaðsskólinn	2.500	2.880	380	15
Útvarpsréttarnefnd	700	810	110	16
Norræna húsið, kaup á sýningarmunum	318	–	-318	.
Samtals	23.663	30.420	6.757	29

Í júní 1987 var gerður samningur milli menntamálaráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins annars vegar og Minjasafns Austurlands, Egilsstaðahrepps f.h. Bókasafns Héraðsbúa og Héraðsskjalasafns Austfirðinga hins vegar um fjárframlög ríkisins til byggingar *Safnastofnunar Austurlands*. Samkvæmt samningnum er ríkissjóður skuldbundinn til að greiða tiltekinn hluta byggingarkostnaðar á árunum 1987 til 1995. Greiðsla ríkissjóðs 1988 er áætluð 3.700 þús.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka utanríkisráðuneytisins breytast milli ára eins og hér segir:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	93.474	195.602	102.128	109
Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	95.392	162.040	66.648	70
Sendiráð	174.572	196.649	22.077	13
Alþjóðastofnanir	109.858	103.000	-6.858	-6
Samtals	473.296	657.291	183.995	39

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis. Hér á eftir verður fjallað um helstu fjárlagaliði ráðuneytisins til skýringar á breyttum framlögum til einstakra málaflokka.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til aðalskrifstofu ráðuneytisins nemur samtals 130.024 þús.kr. Þar af er framlag til *yfirstjórnar* 80.841 þús. kr. og hækkar það um 45% frá fjárlögum 1987. Hækkun launaliðar er m.a. vegna mikillar hækkunar á launum æðstu stjórnar sem tekur laun samkvæmt niðurstöðu kjaradóms. Vega sú laun hlutfallslega mikið hér. Stöðugildum hefur fjölgað um eitt frá gildandi fjárlögum. Er það staða bókasafnsfræðings. Alls eru því starfsmenn á yfirstjórn ráðuneytisins 25 talsins. Nú er áætlað fyrir rekstri *viðskiptaskrifstofu* í fyrsta sinn. Sú áætlun byggir á starfsmönnum í fjórum stöðugildum auk launa eins lausráðins starfsmanns. Undir öðrum gjöldum viðskiptaskrifstofu er framlag sem að hluta samsvarar viðfangsefninu *markaðsmál* í fjárlögum 1987. Af þessum lið er greiddur ýmis kostnaður í sendiráðum sem beinlínis tengist markaðsmálum. Framlag til *Útflutningsráðs Íslands* hefur verið millifært frá viðskiptaráðuneyti og er framlagið 11.500 þús.kr. í frumvarpinu samanborið við 10.000 þús.kr. í fjárlögum. Þessar breytingar eru í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að flytja utanríkisviðskiptamál til utanríkisráðuneytisins. Framlag vegna *staðgengils samstarfsráðherra Norðurlanda* sem var nýtt í fjárlögum 1987 er nú flutt á sérstakan fjárlagalið 03–103 *Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs*. Er vísað til sérstakrar greinargerðar um þann lið. Áhersla er nú lögð á hækkun framlags til upplýsinga- og landkynningar en til þessara tveggja viðfangsefna eru nú veittar samtals 5.040 þús.kr. eða 56% hækkun framlagsins frá fjárlögum 1987. Framlag til stofnkostnaðar, 700 þús.kr., er vegna aukningar á tölvubúnaði í tengslum við nýja viðskiptaskrifstofu. Í eftirfarandi töflu er gerð nánari grein fyrir skiptingu heildarframlagsins eftir viðfangsefnum:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	55.699	80.841	25.142	45
Staðgengill samstarfsráðherra Norðurlanda	3.921	–	-3.921	.
Kjörræðismenn	585	740	155	27
Samningar við erlend ríki	675	1.140	465	69
Alþjóðaráðstefnur	9.373	13.860	4.487	48
Upplýsinga- og kynningarstarfsemi	2.343	3.780	1.437	61
Kvikmyndir og myndbönd, landkynning	878	1.260	382	44
Markaðsmál	2.138	–	-2.138	.
Viðskiptaskrifstofa	–	16.203	16.203	.
Útflutningsráð Íslands	10.000	11.500	1.500	15
Stofnbúnaður	500	700	200	40
Samtals	86.112	130.024	43.912	51

102 Varnarmálaskrifstofa

Framlög til rekstrar varnarmálaskrifstofu nema 23.103 þús.kr. og hækka um 62% frá gildandi fjárlögum. Launaáætlun byggir á sama stöðufjölda og í fjárlögum 1987. Mikil hækkun er hins vegar á útgjöldum vegna yfirvinnu og áætlunar um nefndalaun. Önnur gjöld hækka vegna hækkunar húsaleigu og rekstrar á stærra húsnæði þar eð varnarmálaskrifstofan hefur tekið á leigu aukið húsnæði að Skúlagötu 63. Framlag til *fulltrúa í Brussel* nemur 3.289 þús.kr. Miðast það við launagjöld vegna stöðu einshermálafulltrúa.

103 Skrifstofa Ráðherranefndar Norðurlandaráðs

Við þriðju umræðu um fjárlagafrumvarp 1987 var tekið inn nýtt viðfangsefni undir aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Fékk það nafnið *Staðgengill samstarfsráðherra Norðurlanda* og var framlag miðað við laun tveggja starfsmanna. Var önnur staðan flutt af aðalskrifstofu viðskiptaráðuneytis. Framlag vegna þessarar starfsemi er áætluð hér á sérstökum fjárlagalið og nafni hefur jafnframt verið breytt. Launaáætlun byggir á launum tveggja starfsmanna eins og áður. Í áætlun um önnur gjöld hefur verið bætt húsaleigu og kostnaði við rekstur húsnæðis sem ekki var í áætlun 1987 en aðsetur skrifstofunnar verður að Skúlagötu 63. Tilfærslur að upphæð 31.050 þús.kr. er framlag Íslands til norrænu fjárlaganna og eru þau ákveðin af þingi Norðurlandaráðs. Þessi útgjöld eru millifærð frá öðrum ráðuneytum. Annars vegar frá forsætisráðuneyti, aðalskrifstofu, viðfangsefnið *1.31 Skrifstofa Ráðherranefndar Norðurlandaráðs*, og var framlag í gildandi fjárlögum 17.772 þús.kr. Hins vegar frá menntamálaráðuneyti, fjárlagalið *02–984 Norræn samvinna*, viðfangsefni *1.12* Samstarf á sviði menningarmála skv. samnorrænni fjárhagsáætlun. Framlag í fjárlögum 1987 var 7.334 þús.kr. Framlag til norrænu fjárlaganna hækkar því um 5.944 þús.kr. og tekur breytingum í samræmi við gengisskráningu dönsku krónunnar.

201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli

Útgjöld vegna lögreglustjóraembættisins eru samtals áætluð 162.040 þús.kr. Þar af er 2.400 þús.kr. framlag til stofnkostnaðar og eru 1.200 þús.kr. til bifreiðakaupa vegna tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli og 1.200 þús.kr. vegna fjarskiptabúnaðar og bifreiðakaupa ríkislögreglunnar á Keflavíkurflugvelli. Til rekstrar eru áætlaðar 159.640 þús.kr. og er hækkun frá framlagi í fjárlögum 1987 um 72%. Helstu skýringar á hækkun eru eftirfarandi: Heimild fyrir fjölgun starfsmanna við tollgæslu var veitt fyrr á þessu ári og eru stöður sex fleiri en í fjárlögum 1987. Laun hækka vegna þessa um rúmlega 8.000 þús.kr. Auk þess hækkuðu laun tollvarða töluvert í samningum sem gerðir voru seint á árinu 1986. Hækkun sú var ekki tekin með í áætlun fyrir stofnunina í fjárlögum 1987 heldur sett á sérstakan safnlið, *09–989 Launa- og verðlagsmál*. Sama skýring gildir fyrir ríkislögregluna á Keflavíkurflugvelli. Hvað önnur gjöld varðar er skýring á hækkun þeirra m.a. aukin húsaleiga tollgæslunnar í nýrri flugstöð. En meginskýring er þó sú að hér hefur ekki farið saman áætlun í fjárlögum og rekstrarútkoma og hefur svo verið í mörg ár. Við síðustu fjárlagagerð var áætlun verulega hækkuð en jafnframt átti að gera ýmsar breytingar á rekstri er leiða mundu til hagræðingar og sparnaðar. Ekki sér þess merki í reikningum ársins að slíkt hafi átt sér stað. Á það hefur verið bent að skilja beri milli rekstrar embættisins og innheimtufjár þess. Er slíkt í samræmi við málsmeðferð hjá bæjarfógeta- og sýslumannsembættum. Til þessa hefur slíkt ekki verið gert hjá Lögreglustjóraembættinu á Keflavíkurflugvelli og hefur árlega verið farið verulega fram úr fjárlagaheimildum í útgjöldum. Framlög til viðfangsefna embættisins skiptast eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	9.043	12.953	3.910	43
Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	35.826	68.336	32.510	91
Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	47.319	76.970	29.651	63
Varnarstöðvar utan Keflavíkurflugvallar	804	1.381	577	72
Rekstrarviðfangsefni	92.992	159.640	66.648	72
Stofnkostnaður	2.400	2.400	–	.
Samtals	95.392	162.040	66.648	70

301–313 Sendiráð Íslands erlendis

Framlag til rekstrar sendiráða Íslands erlendis verður samtals 186.449 þús.kr. Hækkar það um 20.777 þús.kr. frá gildandi fjárlögum eða um 13%. Til viðhaldsframkvæmda eru ætlaðar 10.200 þús. kr. samanborið við 8.900 þús.kr. í fjárlögum 1987. Stofnkostnaðarframlag er 4.100 þús.kr. og er m.a. til kaupa á bifreið í París og annarri í New York. Í fjárlögum 1987 er framlag til stofnkostnaðar 2.700 þús.kr. Í eftirfarandi töflu kemur fram sundurliðun á rekstrarframlagi eftir sendiráðum.

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Sendiráð Íslands í Bonn og fastanefnd hjá Evrópuráðinu	11.472	12.365	893	8
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	13.206	14.941	1.735	13
Sendiráð Íslands í London	13.505	15.301	1.796	13
Sendiráð Íslands í Moskvu	12.650	14.737	2.087	17
Sendiráð Íslands í Ósló	10.674	13.511	2.837	27
Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD og UNESCO	15.593	19.205	3.612	23
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	10.015	10.846	831	8
Sendiráð Íslands í Washington	16.826	17.010	184	1
Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðuþjóðunum og aðalræðismaður í New York	21.842	22.082	240	1
Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu	7.987	11.213	3.226	40
Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	15.463	17.029	1.566	10
Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og hjá EFTA í Genf	16.439	18.209	1.770	11
Samtals	165.672	186.449	20.777	13

Mismunandi hreyfingar á gengi helstu mynta orsaka mismunandi breytingar á framlagi til einstakra sendiráða samanborið við fjárlög 1987. Samtals hækka heildarframlög um 20.777 þús.kr., þar af vegna gengis-, launa- og verðlagsþróunar um 13.277 þús.kr. Helstu breytingar frá fjárlögum 1987 eru eftirfarandi: Ný staða sendiráðsritara bætist við í sendiráði Íslands í París og staða ritara við sendiráðið í Brussel. Auk þess verður smávægileg hækkun á launum staðarráðinna starfsmanna í Brussel og Genf. Samtals hækka laun um 3.500 þús.kr. vegna þessa. Hækkun annarra gjalda umfram gengis- og verðlagsþróun er um 4.000 þús.kr. og tengist það hærri húsaleigu og auknum

rekstrarkostnaði vegna stækkunar húsnæðis. A þetta við sendiráðin í Kaupmannahöfn, Moskvu, Washington, Óslo, Brussel og New York. Hækkun á framlagi til sendiráðsins í Brussel er þó fyrst og fremst vegna endurmats á heildarkostnaði við það sendiráð. Við fjárlagagerð 1987 var í fyrsta sinn áætlað fyrir þessum kostnaði og var ekki nægilega ljóst hver hann yrði. Samtals hækka laun um 12% og önnur gjöld um 13%. Að frátöldum þeim breytingum sem tíundaðar eru hér að framan hækka laun um 9% frá fjárlögum og önnur gjöld um 6%. Mestur hluti tilkostnaðar við sendiráðin fellur til í mynt viðkomandi lands. Launa- og gjaldatölur eru umreiknaðar samkvæmt gengisskráningu 7. september 1987.

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Framlag nemur 20.000 þús.kr. en var 30.000 þús.kr. í gildandi fjárlögum. Ekki liggur fyrir tillaga um skiptingu fjárins, en hún mun lögð fyrir fjárveitinganefnd Alþingis.

399 Ýmis utanríkismál

Framlög til ýmissa utanríkismála nema 10.170 þús.kr. Framlag til Háskóla Sameinuðu þjóðanna hækkar í samræmi við verðlag innanlands. Lítil hlutfallshækkun heildarframlags er vegna sérstaks framlags til bifreiðakaupa í fjárlögum 1987 að upphæð 800 þús.kr. Framlög til hinna tveggja viðfangsefnanna á þessum fjárlagalið eru miðuð við kanadíska dali og því er ekki hækkun á þeim framlögum. Styrkur til Lögbergs-Heimskringlu er miðaður við 8.000 kanadadíska dali en framlag vegna samskipta við Vestur-Íslendinga er um 5.600 kanadískir dalir. Breytingar koma fram í eftirfarandi töflu:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Lögberg-Heimskringla	234	230	–4	–2
Samskipti við Vestur-Íslendinga	163	160	–3	–2
Háskóli Sameinuðu þjóðanna	9.054	9.780	726	8
Samtals	9.451	10.170	719	8

401 Alþjóðastofnanir

Framlög til alþjóðastofnana nema 72.830 þús.kr. og hækka um 2.423 þús.kr. eða 3% frá fjárlögum 1987. Viðfangsefni eru þau sömu og í gildandi fjárlögum. Framlögum á þessum lið má skipta í tvennt eftir því hvort um skyldugreiðslu er að ræða eða frjáls framlög. Með aðild sinni að ýmsum alþjóðastofnunum og samningum hefur íslenska ríkið skuldbundið sig til að greiða ákveðið hlutfall af rekstrarkostnaði eða öðrum kostnaði viðkomandi stofnunar. Ekki er hægt að komast hjá slíkum greiðslum nema íslenska ríkið taki aðild sína að viðkomandi stofnun til endurskoðunar. Frjáls framlög eru hins vegar ákvörðunaratriði ríkisstjórnar og Alþingis. Flest framlögin eru ákvörðuð í erlendri mynt og í frumvarpinu eru þau miðuð við gengisskráningu 7. september 1987. Stór hluti framlaganna er ákvarðaður í bandaríkjadölum og lækkar því frá fjárlögum 1987, í íslenskum krónum talið, vegna lækkunar bandaríkjadals gagnvart krónunni. Sérstakar hækkanir eru eftirfarandi: Framlag til *Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO,* hækkar úr 64.000 USD í 79.200 USD. Framlag til *Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNHCR* hækkar úr 31.500 USD í 33.500 USD og framlag til *Evrópuráðsins* hækkar úr 500.000 USD í 557.000 USD. Aðrar breytingar eru óverulegar.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka landbúnaðarráðuneytisins breytast milli ára sem hér greinir:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	35.965	64.305	28.340	79
Búnaðarmál	1.505.587	1.580.880	75.293	5
Skólar	102.487	129.037	26.550	26
Samtals	1.644.039	1.774.222	130.183	8

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis og verður nú gerð grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka þess.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting á árinu 1988 verður 37.805 þús.kr. sem er 79% hækkun frá fjárlögum 1987. Launagjöld hækka um 56% og verða 20.775 þús.kr. Skýringin á hækkun launaliðar umfram áætlaða verðlagsþróun eru laun bílstjóra sem nú eru talin hjá ráðuneytinu, samtals 1.100 þús.kr. Einnig er nokkur hækkun á launum til ýmissa starfa. Á skrifstofunni eru starfsmenn á föstum launum í sem nemur 11,5 stöðugildum. Önnur rekstrargjöld hækka um um 111% og verða 16.530 þús.kr. Hækkunin stafar af leigugjöldum og rekstrarkostnaði af stærra húsnæði ráðuneytisins að Rauðarárstíg 25, einnig bætist við rekstrarkostnaður bifreiðar. Samtals hækka þessir liðir rekstrargjöldin um 6.700 þús.kr.

171 Jarðeignir ríkisins

Framlag verður 11.500 þús.kr. Framlag þetta er ætlað til að greiða fráfarandi ábúendum ríkisjarða fyrir endurbætur á landi og húsakosti, til að kosta hlut ríkissjóðs við framkvæmdir á ríkisjörðum og til að greiða skatta, tryggingar og viðhald jarða sem ekki eru í ábúð.

172 Jarðasjóður

Veittar eru 15.000 þús.kr. til sjóðsins samanborið við 4.000 þús.kr í fjárlögum 1987. Hlutverk Jarðasjóðs er að aðstoða sveitarfélög og bændur við eigendaskipti á jörðum, sbr. lög nr. 65/1976, jarðalög. Hækkun framlagsins er ætlað að auðvelda búháttabreytingar. Í starfsáætlun stjórnarinnar er stefnt að því að efla Jarðasjóð meðal annars með hliðsjón af því fé sem sparast með breytingum á jarðræktar- og búfjárræktarlögum. Sjóðnum er heimilt meðal annars að kaupa jarðir sem eru óhagstæðar til búskapar, eru afskekktar og liggja illa við samgöngum, eða jarðir sem eigendur hafa ekki tök á að sitja lengur.

201 Búnaðarfélag Íslands

Framlag til Búnaðarfélags Íslands nemur alls 55.211 þús.kr. en nam 48.511 þús.kr. í fjárlögum 1987. Framlag til ráðunauta er lækkað um 25% á föstu verði og er reiknað með að atvinnuvegurinn taki á sig hluta af kostnaðinum með því að greiða fyrir þjónustuna. Framlagið skiptist á viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi yfirliti:

	Stöður	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn	5,5	12.369	15.520	25
Ráðunautar	17,5	21.142	21.136	0
Sérfræðileg aðstoð við landbúnaðinn	10,0	15.004	19.345	29
Ýmis framlög	–	1.676	1.930	15
Landþurrkun	–	540	620	15
Samtals	33	50.731	58.551	15
Sértekjur		2.220	-3.340	-250
Fjárveiting		48.511	55.211	14

205 Veiðistjóri

Gert er ráð fyrir svipaðri starfsemi hjá embætti veiðistjóra og 1987. Framlag til rekstrar nemur 4.248 þús.kr. samanborið við 3.437 þús.kr. í fjárlögum 1987. Við embættið eru nú starfsmenn í 2,6 stöðugildum. Ekki er gert ráð fyrir ríkissjóðsframlagi til greiðslu fyrir eyðingu refs og minks en í fjárlögum 1987 nam það 3.621 þús.kr. Samkvæmt 13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka, ber ríkissjóði að greiða 2/3 hluta kostnaðar við þá starfsemi. Í frumvarpi til lánsfjárlaga er sótt um heimild til niðurfellingar á greiðsluhlutdeild ríkissjóðs 1988.

206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Fjárveiting til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins hækkar úr 74.921 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 83.078 þús.kr. eða um 11%. Launagjöld hækka um 17% og verða 59.428 þús.kr. Önnur gjöld vegna rekstrar lækka úr 21.840 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 21.080 þús.kr. Lækkun útgjalda að raunvirði stafar af því að framlög til allra tilraunastöðvanna utan stöðvarinnar að Sámsstöðum eru felld niður. Stöðum starfsmanna fækkar við þetta um tíu og verða 46,75. Á hverri hinna stöðvanna, að Hesti, Möðruvöllum, Skriðuklaustri og Stóra-Ármóti, falla niður tvær stöður og ein staða á stöðvunum að Reykhólum og Korpu-Þormóðsdal. Að öðru leyti er miðað við óbreytta starfsemi. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 12% og verða 7.630 þús.kr. Til meiri háttar viðhalds eru veittar 500 þús.kr. samanborið við 1.800 þús.kr. í fjárlögum 1987. Veittar eru 5.000 þús.kr. til byggingar húss bútæknideildar að Hvanneyri, til tækjakaupa að Sámsstöðum eru ætlaðar 1.200 þús.kr. og 1.000 þús.kr. til að greiða af lánum vegna byggingar fjóss að Möðruvöllum. Þá eru veittar 2.500 þús.kr. til tækjakaupa fyrir deildir. Samtals eru því veittar 9.700 þús.kr. til framkvæmda og tækjakaupa samanborið við 7.500 þús.kr. í fjárlögum 1987. Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram skipting starfsmanna á viðfangsefni og fjárveiting í fjárlögum 1987 og frumvarpi til fjárlaga 1988:

	Stöður	Fjárlög 1987 þús.kr.	Frumvarp 1988 þús.kr.	Breyting %
Yfirstjórn	6,0	9.071	11.784	30
Rannsóknasvið	38,25	49.448	64.923	31
Korpa og Þormóðsdalur	–	1.790	–	.
Stóra-Ármót	–	1.188	–	.
Tilraunabúið Hesti	–	2.117	–	.
Tilraunastöðin Reykhólum	–	1.414	–	.
Tilraunastöðin Möðruvöllum	–	2.435	–	.
Tilraunastöðin Skriðuklaustri	–	2.271	–	.
Tilraunastöðin Sámsstöðum	2,5	2.724	3.801	40
Viðhald		1.800	500	-72
Stofnkostnaður		500	9.700	29
Samtals	46,75	81.758	90.708	11
Sértekjur		-6.837	-7.630	12
Fjárveiting		74.921	83.078	11

221 Áburðarverksmiðja ríkisins

Framlag ríkisins í fjárlögum 1987, 120.000 þús.kr., fellur niður í þessu frumvarpi. Nánar má sjá um þetta í athugasemd um Áburðarverksmiðjuna í B–hluta.

231 Skógrækt ríkisins

Skógrækt ríkisins og fjárlaga- og hagsýslustofnun hafa á árunum 1985 og 1986 unnið að endurskoðun á skipulagi og rekstri stofnunarinnar. Í mars 1987 tók gildi nýtt skipurit fyrir Skógrækt ríkisins. Í því felst sameining nokkurra rekstrareininga innan Skógræktarinnar og fleiri atriði sem miða að einföldun í skipulagi stofnunarinnar og greiðari boðleiðum. Í skipuritinu er gert ráð fyrir að fastar stöður verði 24 og hefur ráðninganefnd ríkisins heimilað þann fjölda. Framlag ríkissjóðs til stofnunarinnar verður 61.108 þús.kr. sem er 56% hækkun frá fjárlögum 1987. Eina breytingin sem gerð er á viðfangsefnum hjá stofnuninni er sú að fellt er niður viðfangsefnið *framkvæmdir í Fljótsdal* en framlag nam 350 þús.kr. í fjárlögum 1987. Framlög til Skógræktar ríkisins samkvæmt fjárlögum 1987 og samkvæmt frumvarpi þessu eru sýnd í eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Almennur rekstur	63.183	89.448	26.265	42
Framkvæmdir í Fljótsdal	350	–	-350	.
Tilraunir með rótarskóga	150	170	20	13
Nytjaskógar	2.780	2.880	100	4
Fimmtán ára áætlun um nytjaskógrækt	2.461	2.990	529	22
Skógrækt einstaklinga, styrkir	400	460	60	15
Viðhald	700	2.500	1.800	257
Stofnkostnaður	4.480	7.200	2.720	61
Samtals	74.504	105.648	31.144	42
Sértekjur	-35.290	-44.540	-9.250	26
Fjárveiting	39.214	61.108	21.894	56

Launaliður á viðfangsefninu *almennur rekstur* nemur alls 58.078 þús.kr. Þar á meðal eru laun 24 fastráðinna starfsmanna og laun lausráðins starfsfólks við skógræktarstörf.

Meðal annarra gjalda á viðfangsefninu eru áætlaðar 200 þús.kr. til athugana og úrvinnslu gagna um trjávöxt á ýmsum stöðum hér á landi. Að þessu verkefni hefur verið unnið undanfarin ár en niðurstöður þessara athugana skipta miklu um val á trjátegundum til skógræktar. Framlag til viðhalds nemur alls 2.500 þús.kr. Þar af eru 700 þús.kr. ætlaðar til endurbóta á hitalögnum o.fl. í gróðurhúsinu að Mógilsá. Framlag til stofnkostnaðar nemur alls 7.200 þús.kr. Þar af eru 1.800 þús.kr. ætlaðar til frágangs á starfsmannahúsi í Þjórsárdal. Sértekjur eru alls áætlaðar 44.540 þús.kr. en það er hækkun um 26% frá fjárlögum 1987. Sértekjur hafa farið vaxandi hjá stofnuninni á síðari árum og er nú talið að þær geti numið tæplega 45% heildargjalda.

235 Landgræðsla ríkisins

Framlag til stofnunarinnar er nú 54.083 þús.kr. sem er 55% hækkun frá fjárlögum 1987. Laun og önnur rekstrargjöld hækka um 39% hvort. Sú breyting er gerð á framsetningu að fjórum viðfangsefnum í fjárlögum, *yfirstjórn*, *almennri landgræðslu*, *landgræðsluvörðum* og *rekstri flugvéla*, er slegið saman í eitt viðfangsefni, *almenna landgræðslu*. *Búrekstur* er óbreyttur frá fjárlögum. Til viðhalds eru ætlaðar 2.500 þús.kr., þar af 625 þús.kr. til fasteigna í Gunnarsholti, 1.250 þús.kr. til skoðunar flugvéla og 625 þús.kr. til viðhalds girðinga. Stofnkostnaðarframlag nemur 6.800 þús.kr. Til frágangs við starfsmannahús eru ætlaðar eru 625 þús.kr., til girðinga 1.250 þús.kr. og til endurnýjunar á vörubifreið, 4.300 þús.kr.

242 Mat á landbúnaðarafurðum

Fjárveiting er felld niður þar sem eðlilegt er talið að framleiðendur greiði fyrir þessa þjónustu. Framlag í fjárlögum 1987 nemur 3.355 þús.kr.

243 Sauðfjárveikivarnir

Framlag hækkar og verður alls 96.923 þús.kr. Laun og önnur rekstrargjöld eru áætluð miðað við óbreytt umfang frá fjárlögum 1987 og nema alls 15.933 þús.kr. Mikil hækkun heildarframlags skýrist alfarið af hækkun tilfærslna sem hækka úr 17.356 þús.kr. í 77.890 þús.kr. Eru tilfærslurnar ætlaðar til að standa straum af niðurskurði á riðufé í samræmi við átak til að útrýma veikinni. Til varnargirðinga eru veittar 3.100 þús.kr. samanborið við 3.150 þús.kr. í fjárlögum.

246 Veiðimálastofnunin

Veiðimálastofnunin er ein þriggja stofnana sem áætlað er að breyta rekstrarformi á. Hinar eru Iðntæknistofnun Íslands og Rannóknastofnun fiskiðnaðarins. Er nú reiknað með 36.390 þús.kr. framlagi til stofnunarinnar samanborið við 22.571 þús.kr. í fjárlögum 1987. Í rekstrarframlag eru áætluð 25.790 þús.kr. samanborið við 17.471 þús.kr. í fjárlögum 1987, eða hækkun um 48%. Framlagið er miðað við laun 12 starfsmanna og 3.540 þús.kr. til Laxeldisstöðvarinnar í Kollafirði. Framlagið til stöðvarinnar er til að greiða laun fjögurra starfsmanna og afborganir af lánum. Loks er reiknað með 10.600 þús.kr. framlagi til að ljúka við byggingu starfsmannahúss að Hólum í Hjaltadal.

247 Yfirdýralæknir

Heildarframlag til embættisins nemur 40.850 þús.kr. sem er 26% hækkun frá fjárlögum 1987. Launaliður nemur samtals 34.770 þús.kr. Í þeirri hækkun er ein ný staða starfsmanns (á öðrum dagvinnulaunum) hjá dýralækni fisksjúkdóma og er kostnaður við hana 1.659 þús.kr. Eftir stendur hækkun launa er nemur 6.626 þús.kr.

eða 25%. Gengið er út frá því að 28 stöður héraðsdýralækna séu setnar. Í lögum nr. 69/1982 er kveðið á um að héraðsdýralæknar skuli vera alls 31. Í lögunum er tekið fram að fjölgun héraðsdýralækna frá fyrri lögum (nr. 77/1981) skuli koma til framkvæmda á næstu fimm árum (hið síðasta þeirra er 1987) eftir því sem landbúnaðarráðherra ákvarðar og fjárveiting segir til um. Staða dýralæknis í fisksjúkdómum er 29. dýralæknisstaðan. Hjá embætti yfirdýralæknis eru fastar stöður alls 31 stöðugildi, auk áðurnefndrar nýrrar stöðu á öðrum dagvinnulaunum.

270 Landgræðslu- og landverndaráætlun

Fjárveiting til landgræðslu- og landverndaráætlunar er 45.200 þús.kr. samanborið við 60.121 þús.kr. í fjárlögum 1987. Sú breyting er gerð á liðnum að tvö viðfangsefni í fjárlögum 1987 falla niður en það eru *fyrirhleðslur* og *sjóvarnargarðar*. Alþingi mun að venju fjalla sérstaklega um þessa liði frumvarpsins. Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram skipting fjárins til einstakra verkefna:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Landgræðsluáætlun, RALA	4.065	4.100	35	1
Landgræðsluáætlun, Skógrækt ríkisins	7.291	7.300	9	0
Landgræðsluáætlun, Landgræðsla ríkisins	31.932	31.900	-32	0
Landgræðsluáætlun, ýmis starfsemi	1.865	1.900	35	2
Fyrirhleðslur	12.500	-	-12.500	.
Sjóvarnargarðar	2.468	-	-2.468	.
Samtals	60.121	45.200	-14.921	-25

287 Stofnlánadeild landbúnaðarins

Framlag ríkissjóðs að fjárhæð 34.620 þús.kr. rennur til *Lífeyrissjóðs bænda*. Framlag í fjárlögum 1987 nam 22.200 þús.kr. og var varið á sama hátt. Samkvæmt 19. gr. laga nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda, skal ríkissjóður greiða 62,5% og Stofnlánadeild landbúnaðarins 37,5% af tilteknum lífeyrisgreiðslum til bænda. Gildistími ákvæðisins var til ársloka 1985 samkvæmt þessum lögum en var framlengdur til ársloka 1989 samkvæmt 2. gr. laga nr. 20/1985, um breytingu á lögum nr. 50/1984 um Lífeyrissjóð bænda. Í lánsfjárlögum mun verða leitað heimildar til þess að víkja frá gildandi lögum um framlag til deildarinnar.

288 Jarðræktarlög, framlög

Fjárveiting nemur 121.258 þús.kr. en var 152.816 þús.kr. í fjárlögum 1987. Fjárhæð til viðfangsefnisins *ráðunauta* er 21.258 þús.kr. en var 22.816 þús.kr. í fjárlögum 1987 og lækkar því um 4%. Af þessum lið er gert ráð fyrir greiðslu 65% af launum 38,5 héraðsráðunauta eða sem svarar 25 stöðugildum. Þessi fjárveiting er skert um 25% auk þess sem önnur gjöld falla niður og skýrir það lækkun liðarins. Fjöldi héraðsráðunauta og starfssvið þeirra skal vera samkvæmt samþykki landbúnaðarráðherra. Viðfangsefnið *jarðræktarframlög o.fl.* verður 100.000 þús.kr. en er 130.000 þús.kr. í fjárlögum 1987.

289 Jöfnunargjald

Fjárveiting á þessum lið er í fjárlögum 1987 18.200 þús.kr. en er felld niður í þessu frmvarpi.

290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir

Með lögum nr. 29/1987, um breytingu á lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, var ákveðið að á árunum 1987–1992 skuli varið fé í þágu landbúnaðarins sem svarar til 9% af heildarverðmæti landbúnaðarvara. Á árinu 1988 verður framlag ríkissjóðs 915.000 þús.kr. sem skiptist þannig að til greiðslu *uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir* verður varið 486.000 þús.kr. og til *Framleiðnisjóðs landbúnaðarins* verður varið 429.000 þús.kr.

291 Búfjárrækt, framlög skv. lögum nr. 31/1973

Framlag nemur nú 16.711 þús.kr. og er eingöngu vegna launa 34 frjótækna (65% greiðsla úr ríkissjóði). Hækkun er 37%. Tilfærslur, þ.e. ýmsir styrkir og verðlaun vegna búfjárræktar, sbr. lög nr. 31/1970 um búfjárrækt, sem eru 12.000 þús.kr. í fjárlögum 1987, falla niður.

299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi

Framlag nemur 7.330 þús.kr. en er 6.367 þús.kr. í fjárlögum 1987 og hækkar um 15%. Sú breyting er gerð á liðnum að tvö viðfangsefni falla niður en það eru styrkir til *Tilraunastöðvar Búnaðarsambands Suðurlands* 292 þús.kr. og *Búnaðarsambands Austur-Skaftfellinga* 175 þús.kr. Tekinn er upp nýr liður, *Gunnarshús Skriðuklaustri*, með 2.300 þús. kr. framlagi til fegrunar umhverfis og viðhalds húsinu á Skriðuklaustri í aldarminningu Gunnars Gunnarssonar skálds, 1989. Tvö viðfangsefni önnur eru á liðnum, þ.e. *Skógræktarfélag Íslands* 1.150 þús.kr. en er með 1.030 þús.kr. í fjárlögum 1987. Á liðnum *ýmis verkefni* eru 3.880 þús.kr., þar af eru 650 þús.kr. ætlaðar til samtakanna Landvernd. Í fjárlögum 1987 eru 4.870 þús.kr., þar af 2.000 þús.kr. til reiðhallar í Reykjavík.

501 Bændaskólinn á Hvanneyri

Heildarframlag til skólans er 55.533 þús.kr. en var 47.111 þús.kr. í fjárlögum 1987. Launagjöld vegna rekstrar hækka úr 27.873 þús.kr. í 39.903 þús.kr. eða um 43%. Samþykkt er hálf staða gjaldkera við skólann og eitt stöðugildi kennara til endurhæfingar ráðunauta vegna búháttabreytinga. Er því heildarfjöldi stöðugilda 29,75. Önnur rekstrargjöld hækka í 38.440 þús.kr. eða um 19%. Sértekjur hækka um 29% og verða 33.910 þús.kr. Til viðhalds eru veittar 3.600 þús.kr. og er það ætlað til viðhalds húsa, til lóða og frúargarðs. Á árinu 1989 verður skólinn 100 ára og því er lögð sérstök áhersla á umhverfisbætur. Til stofnkostnaðar eru veittar 5.000 þús.kr. Þar af eru 1.900 þús.kr. til lokafrágangs við rannsóknahús sem verið hefur í byggingu undanfarin ár og 3.100 þús.kr. til umhverfisbóta og kálfafjóss. Til tækjakaupa er veitt 1.200 þús.kr.

502 Bændaskólinn á Hólum

Fjárveiting til skólans er 41.081 þús.kr. en var 31.739 þús.kr. í fjárlögum 1987 og hækkar því um 29%. Hlutur skólarekstrar er 41.211 þús.kr. en var 31.488 þús.kr. í fjárlögum 1987. Hækkun framlags skýrist af fjölgun nemenda og auknu námskeiðahaldi í nýbúgreinum. Haldið er áfram að vinna að viðhaldi mannvirkja skólans með 2.800 þús.kr. framlagi. Í stofnkostnað eru veittar 4.500 þús.kr. sem ætlaðar eru til að koma á fót aðstöðu fyrir fiskeldiskennslu og umhverfisbóta. Til kaupa á vélum og tækjum eru veittar 1.900 þús.kr.

503 Garðyrkjuskóli ríkisins

Gert er ráð fyrir að verja 32.423 þús.kr. til skólans nú en framlag var 23.637 þús.kr. í fjárlögum 1987. Er það hækkun um 37%. Hækkun framlags skýrist af hærri rekstrar- og launagjöldum vegna aukins umfangs kennslu undanfarin ár. Rekstrargjöld voru færð til samræmis við ríkisreikning 1986. Til viðhalds eru veittar 3.100 þús.kr. sem er einkum ætlað til viðhalds gróðurhúsa og skólahúss. Veittar eru 900 þús.kr. til dráttarvélakaupa, þá eru veittar 4.100 þús.kr. til fasteigna.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld til málaefnaflokka sjávarútvegsráðuneytisins breytast milli ára sem hér greinir:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	30.302	60.644	30.342	100
Útvegsmál	1.081.758	876.234	-155.524	-19
Annað	36.758	41.245	4.487	12
Samtals	1.148.818	978.123	-170.695	-15

Samkvæmt lögum renna engir markaðir tekjustofnar til verkefna á sviði sjávarútvegsráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til aðalskrifstofu sjávarútvegsráðuneytisins hækkar úr 30.302 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 60.644 þús.kr. Til reksturs aðalskrifstofu eru veittar 43.544 þús.kr. sem er 44% hækkun frá fjárlögum 1987. Stafar hækkun umfram verðlag af auknum leigugreiðslum og rekstrargjöldum vegna þess að ráðuneytið flytur í nýtt húsnæði að Skúlagötu 4 á árinu 1988. Starfsmenn aðalskrifstofu ráðuneytisins eru 16 sem er óbreytt frá fjárlögum 1987. Áætlað er að veita 17.100 þús.kr. til innréttinga og búnaðarkaupa í hið nýja húsnæði en fyrir endurbótum og viðhaldi hússins er áætlað undir fjárlagalið 02-272, *bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins*.

201 Fiskifélag Íslands

Framlag til Fiskifélags Íslands hækkar úr 29.952 þús.kr. á árinu 1987 í 38.280 þús.kr. eða um 28%. Launagjöld eru miðuð við óbreytta starfsemi og eru stöður 27,33. Önnur rekstrargjöld lækka að raungildi sem má rekja til skýrsludeildar, en framlag er fært til samræmis við reikning 1986. Úr starfsemi stofnunarinnar hefur dregið vegna þess að umsjón með Aflatryggingasjóði er nú hætt enda sjóðurinn aflagður.

202 Hafrannsóknastofnunin

Fjárveiting til Hafrannsóknastofnunarinnar hækkar úr 197.142 þús.kr. á árinu 1987 í 268.731 þús.kr. eða um 36%. Launagjöld stofnunarinnar hækka um 40% milli ára og verða alls 153.961 þús.kr. Að undanskildum áhöfnum rannsóknaskipanna er starfsmannahald miðað við 54 menn í föstu starfi og eina nýja stöðu verkefnaráðinna. Einnig er áætlað fyrir sem svarar 11,2 ársverkum til að sinna sérstökum verkefnum og er það óbreytt frá fjárlögum. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka um 41% frá fjárlögum 1987 og verða alls 128.520 þús.kr. Eftirfarandi yfirlit sýnir samanburð á fjárlögum 1987 og frumvarpi fyrir 1988:

	Stöður	Fjárlög 1987 þús.kr.	Frumvarp 1988 þús.kr.	Breyting %
Yfirstjórn og rannsóknir				
Yfirstjórn	6,5	17.323	34.243	98
Rannsóknasvið	41,5	47.658	67.963	43
Raftæknideild	2,6	4.579	6.533	43
Tímabundin verkefni	9,6	9.584	13.551	41
Útibú samtals	5,0	7.671	10.367	35
Alls	65,2	86.815	132.657	53
Sérstök verkefni				
Hvalarannsóknir	–	17.347	23.950	38
Lúðueldi á Reykjanesi	–	1.605	2.680	67
Alþjóðlegt samstarfsverkefni	–	2.889	–	·
Alls	0,0	21.841	26.630	22
Útgerð				
Bjarni Sæmundsson	14	29.641	37.508	27
Árni Friðriksson	13	23.959	31.673	32
Dröfn	6	14.650	18.434	26
Veiðarfærakostnaður	1	6.798	12.089	78
Annar skiparekstur	–	17.120	23.690	38
Alls	34,0	92.168	123.394	34
Annað				
Viðhald		16.800	17.200	2
Stofnkostnaður		14.010	14.300	2
Alls		30.810	31.500	2
Samtals	99,2	231.634	314.181	36
Sértekjur		-34.492	-45.450	32
Fjárveiting		197.142	268.731	36

Mikil hækkun er á fjárveitingu til *yfirstjórnar* og skýrist hækkunin alfarið af því að nú fær stofnunin stærra húsnæði til afnota og er í fyrsta skipti gert ráð fyrir leigugreiðslum auk þess sem orku- og ræstingarkostnaður eykst. Fram til þessa hefur allur kostnaður við rekstur hússins að Skúlagötu 4 verið færður sérstaklega án þess að þeim stofnunum sem þar eru hýstar hafi verið gert að greiða eðlilega húsaleigu, sameiginlegan rekstur o.fl. Þessu er nú breytt, sbr. athugasemdir við fjárlagalið *05-272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins*. Samþykkt er hálf staða bókavarðar og hálf staða skrifstofumanns á *yfirstjórn*. Óverulegur vöxtur er á heildargjöldum *rannsóknasviðs*, *raftæknideildar*, *tímabundinna verkefna* og *útibúa*. Útgjöld við *hvalarannsóknir* aukast nokkuð en gert er ráð fyrir að sá liður greiðist að fullu af sértekjum. *Lúðueldi á Reykjanesi*, sem var nýr liður á fjárlögum 1987, hækkar um 67% og verður 2.680 þús.kr. og skýrist hækkunin af rekstrarkostnaði stöðvarinnar. Miðað er við að ríkið greiði laun eins starfsmanns og nauðsynlegan kostnað sem starfseminni fylgir. Að öðru leyti er miðað við að atvinnuvegirnir og hagsmunaaðilar kosti starfsemina. Ekki er gert ráð fyrir fjárveitingu til *alþjóðlegs samstarfsverkefnis á hafsvæðinu milli Íslands og Austur-Grænlands*, en til þess voru veittar 2.889 þús.kr. í fjárlögum 1987. Gert er ráð fyrir 200 daga úthaldi á hverju skipa stofnunarinnar, r/s Bjarna Sæmundssyni, r/s Árna Friðrikssyni og r/s Dröfn, og er það óbreytt frá fjárlögum. Undir viðfangsefninu *annar*

skiparekstur kemur fram kostnaður við „togaraverkefnið" svokallaða og er hann áætlaður 23.690 þús.kr. Útgjöldin eru leigugreiðslur fyrir afnot af togurum til rannsóknaverkefna og er kostnaðurinn áætlaður með hliðsjón af leigugreiðslum 1987. Leigutekjur af skipi stofnunarinnar, r/s Hafþóri, sem nú er leigður til rækjuveiða, eru áætlaðar að lágmarki 19.650 þús.kr. Nokkur hækkun er á liðnum *veiðarfærakostnaður* eða 78%, en rík áhersla var lögð á endurnýjun veiðarfæra vegna rannsóknaskipanna. Sértekjur stofnunarinnar vaxa hlutfallslega óverulega en 96% þeirra eru vegna hvalarannsókna og leigutekna af r/s Hafþóri. Til viðhalds á skipum, tækjum og fasteignum eru veittar 17.200 þús.kr. samanborið við 16.800 þús.kr. í fjárlögum 1987. Til kaupa á tækjabúnaði eru nú veittar 14.300 þús.kr. en 14.010 þús.kr. á árinu 1987. Á undanförnum árum hefur verið lögð áhersla á viðhald og endurnýjun á tækjabúnaði skipanna.

203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er ein þeirra þriggja rannsóknastofnana sem breyta á í átt til aukins sjálfstæðis með ríkari aðild hlutaðeigandi atvinnugreina. Framlag til stofnunarinnar er nú fært sem tilfærsla og er 61.080 þús kr. eða 69% hækkun frá fjárlögum 1987. Er framlagið miðað við óbreytta starfsemi frá fjárlögum 1987 að öðru leyti en því að reiknað er með nýrri stöðu skrifstofustjóra og hálfri stöðu bókasafnsfræðings sem kosta samtals um 1.700 þús.kr. Þannig verða heildarstöðugildi stofnunarinnar 40. Einnig er reiknað með í öðrum rekstrargjöldum að stofnunin greiði leigu, orku og ræstingu fyrir húsnæði alls um 9.000 þús.kr., sbr. fjárlagalið 05-272. Til tækjakaupa eru áætlaðar 8.600 þús.kr.

216 Ríkismat sjávarafurða

Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar úr 49.512 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 53.746 þús.kr. eða um 9%. Launagjöld hækka um 14% milli ára og verða 40.486 þús.kr. Er hér um raunlækkun að ræða sem stafar af fækkun stöðugilda úr 39,45 í 34,25. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka um 15% og verða 27.700 þús.kr. Sértekjur hækka um 31% milli ára og verða 15.690 þús.kr. Gert er ráð fyrir 600 þús.kr. framlagi til kaupa á tækjum. Ekki er enn lokið endurskipulagningu á stofnuninni í kjölfar breytinga á ferskfiskmati á síðustu tveimur árum.

221 Verðlagsráð sjávarútvegsins

Fjárveiting til Verðlagsráðs sjávarútvegsins hækkar úr 3.549 þús.kr. í fjárlögum 1987 og verður 4.603 þús.kr. og hækkar því um 30%. Á föstu verði stendur framlagið nánast í stað.

272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins

Ákveðið er að húseignin að Skúlagötu 4 sem nú hýsir Hafrannsóknastofnunina, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og til skamms tíma Ríkisútvarpið, hljóðvarp verði framvegis sérstakur liður í B-hluta fjárlaga. Þannig verður stofnunum sem í húsinu starfa gert að greiða húsaleigu og fyrir allan sameiginlegan kostnað húsinu tengdan. Áætlað er að sjávarútvegsráðuneytið verði leigjandi í húsinu árið 1988. Auk þess munu stofnanirnar sem fyrir eru fá hluta af því rými sem losnaði við brottflutning Ríkisútvarpsins. Nú eru veittar 25.800 þús.kr. til viðhalds og endurbóta á húsinu. Nánari grein er gerð fyrir áætluðum framkvæmdum og fjármálum í þeim kafla greinargerðarinnar sem fjallar um B-hluta fyrirtæki og sjóði.

280 Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla

Lagt er til að veittar verði 350.000 þús.kr. til endurgreiðslu söluskatts í sjávarútvegi. Í fjárlögum 1987 voru veittar 700.000 þús.kr. í þessu skyni.

290 Veiðieftirlit

Fjárveiting til veiðieftirlitsins nemur 30.379 þús.kr. samanborið við 23.841 þús.kr. á árinu 1987. Hækkun milli ára er 27%. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka um 15% og verða 7.760 þús.kr. samanborið við 6.760 þús.kr. í fjárlögum 1987. Er ekki gert ráð fyrir breytingum í rekstri veiðieftirlitsins og fjöldi starfsmanna er miðaður við 14 föst stöðugildi og var eitt þeirra flutt af *sjóvinnslukennslu*, og starfsmaður þar talin verkefnaráðinn.

298 Fiskleit, markaðsöflun og tilraunir í útgerð og fiskvinnslu

Þessi fjárlagaliður er ætlaður til greiðslu á kostnaði við ýmis verkefni á sviði sjávarútvegs. Gert er ráð fyrir að veittar verði 5.750 þús.kr. til þessara verkefna en fjárveiting 1987 nemur 6.128 þús.kr.

299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi

Fjárveiting til þessa liðs var samtals 30.053 þús.kr. í fjárlögum 1987 og er áætlað að veita 37.865 þús.kr. á árinu 1988. Fjárveiting til *námskeiða fyrir fiskvinnslufólk* hækkar úr 18.083 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 23.130 þús.kr. Þá ber að hafa í huga að veitt aukafjárveiting til þessa verkefnis á árinu 1987 er 5.500 þús.kr. Að öðru leyti er ekki um efnisbreytingar frá fjárlögum að ræða. Í meðfylgjandi töflu er sýndur samanburður við fjárlög 1987 á fjárveitingum til einstakra viðfangsefna:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknabátur ...	7.098	9.335	2.237	32
Eftirlit með hvalvinnslustöðvum	204	220	16	8
Stjórn fiskveiða	4.668	5.180	512	11
Námskeið fyrir fiskvinnslufólk	18.083	23.130	5.047	28
Samtals	30.053	37.865	7.812	26

901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna

Framlag til skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna hækkar úr 36.758 þús.kr. á árinu 1987 í 41.245 þús.kr. eða um 12%. Launagjöld hækka um 55% og verða 17.345 þús.kr. Ekki er gert ráð fyrir breytingum í starfsmannahaldi frá því sem verið hefur, en starfsmannaheimildir eru 16,4. Hækkun í launagjöldum skýrist fyrst og fremst af hærri ræstingarlaunum vegna stærra húsnæðis Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Önnur gjöld vegna rekstrar lækka úr 22.922 þús.kr. á árinu 1987 í 20.570 þús.kr. Þá þarf að taka tillit til stærra húsnæðis rannsóknastofnana á Keldnaholti, en á móti kemur veruleg lækkun vegna þess að rekstur Skúlagötu 4 er nú talin undir fjárlagalið 272 í B-hluta, eins og áður er getið. Að frátalinni Skúlagötu 4 hækkar heildarframlagið um 40% frá fjárlögum 1987. Til tækjakaupa eru veittar 400 þús.kr. og til viðhalds húsum rannsóknastofnana á Keldnaholti eru veittar 3.700 þús.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Málefnaflokkar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins breytast milli ára eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	40.249	61.244	20.995	52
Dómgæsla, lögreglumál o.fl.	1.980.647	2.765.923	785.276	40
Þjóðkirkjan	213.760	281.461	67.701	32
Samtals	2.234.656	3.108.628	873.972	39

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á breytingu framlaga til einstakra málefnaflokka.

101 Aðalskrifstofa

Heildarframlag nemur nú 54.388 þús.kr. sem er hækkun um 72% frá fjárlögum 1987. Heimiluð stöðugildi eru 23,63 sem fyrr en auk þess er áætlað fyrir sem nemur einni og hálfri stöðu tímabundið til ýmissa verkefna. Þá hækka önnur rekstrargjöld um 72% frá fjárlögum 1987, úr 9.046 í 15.670 þús.kr. Ástæðan er að miðað er við reikningstölur 1986 auk þess sem verkefni á vegum ráðuneytis hafa aukist og munu fara vaxandi. Meðal annars hefur verið skipuð nefnd til að gera tillögur um aðskilnað dóms- og framkvæmdavalds.

102 Stjórnartíðindi

Framlag ríkissjóðs lækkar vegna þess að áætlað er að auka áskriftartekjur blaðsins. Launaliður er efnislega óbreyttur frá fjárlögum 1987 en önnur rekstrargjöld hækka um 40%. Raunhækkun verður vegna hærri prentunarkostnaðar. Sértekjur eru nú áætlaðar 6.550 en voru 1.767 í fjárlögum 1987. Fjárveiting alls verður því 6.856 þús.kr. samanborið við 7.772 þús.kr. í fjárlögum 1987. Sem fyrr er heimilað eitt og hálft stöðugildi á föstum launum.

201 Hæstiréttur

Fjárveiting hækkar um 38% frá fjárlögum 1987 eða úr 11.424 þús.kr. í 15.817 þús.kr. Heimilaðar eru fjórar stöður á föstum launum og ráðið er í eina stöðu tímabundið eins og í gildandi fjárlögum. Framlag til *útgáfu Hæstaréttardóma* hækkar um 39% úr 4.525 í 6.274 þús.kr. og framlag til *ljósprentunar Hæstaréttardóma* hækkar úr 587 í 1.260 til að unnt verði að flýta útgáfu þeirra 20 árganga sem uppseldir eru. Ekki er um aðrar efnislegar breytingar á fjármálum Hæstaréttar að ræða.

202 Ríkissaksóknari

Fjárveiting hækkar um 56% frá fjárlögum 1987 eða úr 19.786 í 30.916 þús.kr. Stærstur hluti hækkunar felst í kjarasamningum en tvö atriði skýra hækkun umfram það. Annars vegar eru 3.900 þús.kr. áætlaðar meðal launagjalda til lúkningar á tölvuskráningu sakaskrár. Hins vegar hækkar samningsbundin yfirvinna um sem nemur 500 þús.kr. Launaliður hækkar alls um 72% en að tölvuvæðingu sakaskrár frátalinni er hækkunin 44%. Alls eru starfsmenn hjá embættinu í 15,5 stöðugildum. Önnur rekstrargjöld hækka um 54% frá fjárlögum 1987 og skýra það aukin leigugjöld. Vegna tölvuvinnslu sakaskrár og málaskrár er 600 þús.kr. fjárveiting ætluð til kaupa á ýmsum vélbúnaði.

204 Borgarfógetinn í Reykjavík

Framlag til borgarfógetaembættisins hækkar um 48%, úr 39.409 í 58.359 þús.kr. Launagjöld hækka um 51% og verða 43.359 þús.kr. Raunaukning launa frá síðustu fjárlögum er þríþætt. Í fyrsta lagi hækkuðu laun eftir setningu fjárlaga um áramótin 1986/87. Í öðru lagi hækkar launakostnaður vegna afleysinga og í þriðja lagi fjölgar um eina stöðu í tímabundnum verkefnum. Alls er þá ráðið tímabundið í sex stöður því að fyrir voru fimm lausráðnar stöður í tengslum við tölvuvæðingu hjá embættinu. Á föstum launum eru hins vegar heimil 31 stöðugildi. Hækkun launaliðar vegna fjölgunar starfsmanna og afleysinga er um 2.600 þús.kr. Önnur rekstrargjöld hækka frá fjárlögum 1987 um 61% og stafar umframhækkun af því að stuðst er við reikningsniðurstöðu ársins 1986 sem fór langt fram úr fjárveitingu þess árs. Í fjárlögum fyrir 1987 var tekið tillit til reikningsniðurstöðu ársins 1985 og hækkunar vegna sérfræðiþjónustu SKÝRR. Dómsmálaráðuneytið mun beita sér fyrir því að aðgangur að þinglýsingaskrá verði seldur eftir að tölvuvæðingu hennar er lokið. Með þessu móti eiga að aflast nokkrar tekjur og eru þær áætlaðar 660 þús.kr. á fyrsta ári.

206 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Fjárveiting til embættisins nemur alls 529.310 þús.kr. og hækkar um 164.406 þús.kr. eða 45%. Í fjárlögum 1987 var gerð allsherjarsamræming á umsvifum stofnunarinnar og fjárveitingum til hennar sem hafði í för með sér að framlag ríkissjóðs hækkaði þá um 49,7%. Nú byggir rekstraráætlun að mestu á forsendum síðustu fjárlaga um hlutfall yfirvinnu af föstum launum o.fl. Undantekning er áætlun um *eftirlit á vegum* en þar hefur framlag verið endurskoðað með hliðsjón af reikningstölum 1986. Hækkunin nemur 83% eða úr 2.436 í 4.450 þús.kr. Heimilaðar stöður á föstum launum eru sem fyrr 278. Verkefnaráðið er í 17,1 stöðugildi, þ.e. 12,6 við *almenna löggæslu* og 4,5 í *mötuneyti*. Framlög til lögreglunnar í Reykjavík skiptast annars á viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Rekstur	**386.229**	**546.949**	**160.720**	**42**
Yfirstjórn	26.557	38.342	11.785	44
Sími og fjarskipti	4.023	5.280	1.257	31
Almenn löggæsla	311.898	440.579	128.681	41
Eftirlit á vegum	2.436	4.450	2.014	83
Fangaklefar	7.384	11.254	3.870	52
Eftirlit með vínveitingahúsum	2.391	2.889	498	21
Lögregluskóli	2.554	2.714	160	6
Útlendingaeftirlit	5.836	8.912	3.076	53
Mötuneyti	7.186	12.698	5.512	77
Aðallögreglustöð	15.964	19.831	3.867	24
Sértekjur	-32.215	-39.539	-7.324	23
Mismunur	354.014	507.410	153.396	43
Viðhald og stofnkostnaður	**10.890**	**21.900**	**11.010**	**101**
Aðallögreglustöð	4.560	1.800	-2.760	-61
Tæki og búnaður	500	1.100	600	120
Sími og fjarskipti	-	9.700	9.700	.
Kennslutæki	-	600	600	.
Aðallögreglustöð	-	600	600	.
Bifreiðar	5.830	8.100	2.270	39
Fjárveiting	364.904	529.310	164.406	45

Fjárveiting til meiri háttar viðhalds og stofnkostnaðar nemur alls 21.900 þús.kr. og skiptist svo sem fram kemur í töflu. Til *aðallögreglustöðvar* (5.60 og 6.60) eru 1.800 þús.kr. til viðhalds á bílastæðum og akbrautum og 600 þús.kr. fjárveiting til uppsetningar á sjálfvirkum hliðum á lóð. Stofnkostnaðarframlag til viðfangsefnisins *sími og fjarskipti* (6.02) að upphæð 9.700 þús.kr. er vegna samnings um kaup á nýjum og fullkomnum fjarskiptabúnaði ásamt bíla- og handtalstöðvum. Fjárveiting til kaupa á ljósritunarvél og skrifstofubúnaði er 1.100 þús.kr. undir viðfangsefninu *tæki og búnaður* (6.01). Til kaupa á *kennslutækjum* (6.25) fyrir lögregluskóla eru veittar 600 þús.kr. og til *bifreiðakaupa* (6.80) 8.100 þús.kr. Um bifreiðakaup til löggæslu má sjá nánar í athugasemd um fjárlagalið *06–282 Ýmis löggæslukostnaður.*

208 Rannsóknarlögregla ríkisins

Framlag til stofnunarinnar er 113.502 þús.kr., sem er 40% hærra en í gildandi fjárlögum, en á föstu verðlagi er það nánast óbreytt. Starfsmannaheimildir eru óbreyttar frá fjárlögum 1987 eða 51,0 staða á föstum launum. Auk þess eru stöður næturvarðar og tveggja matráðskvenna metin sem 2,5 stöðugildi á öðrum dagvinnulaunum. Til viðhalds á húseigninni Auðbrekku 6 Kópavogi er varið 3.700 þús.kr. Nauðsynlegt er talið að betrumbæta húseignina, einkum utanhúss. Jafnhá upphæð eða 3.700 þús.kr. er veitt til stofnkostnaðarverkefna. Skiptist fjárveitingin þannig að 1.850 þús.kr. eru ætlaðar til endurnýjunar bifreiða, 1.230 þús.kr. vegna tölvuvæðingar og 620 þús.kr. til kaupa á ýmsum búnaði.

211–237 Embætti sýslumanna og bæjarfógeta

Framlög til rekstrarliða embætta *sýslumanna og bæjarfógeta* hækka um 268.035 þús.kr. eða 38% og verða 971.071 þús. kr. Viðhalds- og stofnkostnaðarliðir hækka um 33.065 þús. kr. og verða 145.500 þús. kr. Í töflu hér fyrir neðan er gerð nánari grein fyrir áætlaðri þróun einstakra gjaldategunda:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Laun	**525.414**	**765.441**	**240.027**	**46**
Yfirstjórn	214.948	314.696	99.748	46
Löggæsla	301.945	439.329	137.384	46
Hreppstjórar	8.521	11.416	2.895	34
Önnur gjöld með eignakaupum	**190.180**	**227.190**	**37.010**	**19**
Yfirstjórn	81.080	102.050	20.970	26
Löggæsla	108.377	123.970	15.593	14
Hreppstjórar	723	1.170	447	62
Frá dragast sértekjur	**–12.558**	**–21.560**	**–9.002**	**72**
Rekstrarviðfangsefni alls	**703.036**	**971.071**	**268.035**	**38**
Viðhaldsverkefni alls	**13.000**	**8.600**	**–4.400**	**–34**
Stofnkostnaðarverkefni alls	**99.435**	**136.900**	**37.465**	**38**
Samtals	815.471	1.116.571	301.100	37

Eins og fram kemur í töflunni hér á undan hækkar launaliður um 46%. Að magnbreytingum frátöldum hækkar launaliðurinn hálfu prósenti minna. Önnur gjöld að eignakaupum meðtöldum hækka um 19%. Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á að koma á festu í starfsmannamálum embættanna. Launaáætlun miðast við að fjöldi fastráðinna starfsmanna sé í samræmi við neðangreinda töflu:

Embætti		Yfirstjórn	Löggæsla
212	Akranes	8,75	11,00
213	Borgarnes	7,50	5,00
214	Stykkishólmur	8,50	9,00
215	Búðardalur	3,00	0,50
216	Patreksfjörður	6,00	4,00
217	Bolungarvík	3,00	2,00
218	Ísafjörður	11,00	12,00
219	Hólmavík	3,00	–
221	Blönduós	7,50	4,00
222	Sauðárkrókur	8,00	7,00
223	Siglufjörður	5,00	6,00
224	Ólafsfjörður	2,50	2,00
225	Akureyri	28,50	32,00
226	Húsavík	11,00	8,00
227	Seyðisfjörður	7,25	3,00
228	Neskaupstaður	4,00	2,00
229	Eskifjörður	8,50	6,00
230	Höfn í Hornafirði	4,50	3,00
231	Vík í Mýrdal	3,00	1,00
232	Hvolsvöllur	6,00	4,00
233	Vestmannaeyjar	9,00	10,00
234	Selfoss	16,00	20,00
235	Keflavík	23,00	31,00
236	Hafnarfjörður	32,50	39,00
237	Kópavogur	23,00	24,00
	Samtals	250,00	245,50

Auk ofangreindra stöðugilda er gert ráð fyrir fjölgun þeirra hjá embættunum:

Embætti		Yfirstjórn	Löggæsla
218	Ísafjörður	0,50	–
219	Hólmavík	–	0,50
236	Hafnarfjörður	–	2,00
	Samtals	0,50	2,50

Yfirlitin bera með sér að heildarfjöldi stöðugilda við embætti sýslumanna og bæjarfógeta er 498,50. Ráðningarnefnd ríkisins hefur fjallað um öll stöðugildi sem talin eru upp í fyrri töflunni. Kostnaðarauki vegna þeirra þriggja stöðugilda sem hér er lagt til að bætist við er 2.849 þús.kr.

Viðhaldsviðfangsefni. Embættisbústaðir sýslumanna og bæjarfógeta utan Reykjavíkur eru 19 talsins. Tekin hefur verið upp sá háttur að áætla fyrir viðhaldi þessara bústaða undir einum fjárlagalið er dómsmálaráðuneytið ráðstafar. Þetta fyrirkomulag þykir hafa gefist vel.

Stofnkostnaðarviðfangsefni. Helstu stofnkostnaðarframkvæmdir eru sem hér segir:

Fjárl.nr.	Viðfangsefni	Þús.kr.
211–6.01	Tæki og búnaður	6.200
212–6.01	Akranes, skrifstofuhúsnæði o.fl.	1.200
213–6.01	Borgarnes, frágangur lóðar	1.000
215–6.50	Búðardalur, stjórnsýsluhús	1.900
216–6.10	Patreksfjörður, viðbygging	9.900
218–6.10	Ísafjörður, fasteign og búnaður	6.200
222–6.10	Sauðárkrókur, nýbygging	16.600
223–6.01	Siglufjörður, embættisbústaður	6.200
223–6.10	Siglufjörður, skrifstofuhúsnæði	11.100
224–6.20	Ólafsfjörður, lögreglustöð	600
225–6.51	Dalvík, lögreglustöð	1.000
226–6.01	Húsavík, skrifstofa og lögreglustöð	13.700
229–6.21	Egilsstaðir, lögreglustöð	3.700
231–6.02	Vík, innréttingar skrifstofu	1.200
233–6.10	Vestmannaeyjar, stjórnsýsluhús	25.200
234–6.20	Selfoss, lögreglustöð	19.900
235–6.01	Keflavík, skrifstofuhúsnæði	7.400
236–6.01	Hafnarfjörður, skrifstofuhúsnæði	2.500
237–6.10	Kópavogur, fasteign og búnaður	600
	Samtals	135.500

Fjárveitingu á liðnum 211-6.10 er ætlað að standa undir tækjakaupum og skrifstofubúnaði í samræmi við tillögur dómsmálaráðuneytis. Á Akranesi er ætlunin að leita að nýju skrifstofuhúsnæði fyrir bæjarfógeta. Fjárveiting er til nauðsynlegs undirbúnings. Í gildandi fjárlögum er fjárveiting til byggingar bifreiðageymslu í Borgarnesi. Fjárveitingu á árinu 1988 er ætlað að duga til að ljúka þeim framkvæmdum og einnig til frágangs lóðar. Í Búðardal er verið að ljúka byggingu stjórnsýsluhúss í samvinnu ríkis og Laxárdalshrepps. Eignaraðild ríkisins er 30,5%. Fjárveitingu nú er ætlað að mæta kostnaðarhlut ríkisins við lóðarfrágang og til lokauppgjörs. Á Patreksfirði er lögreglustöð, bifreiðaeftirlit og skrifstofa sýslumanns í einu húsi. Til að rýmka um þessa aðila er ætlað að byggja við húsið. Á Ísafirði hafa ríki og fleiri aðilar reist stjórnsýsluhús. Embætti sýslumanns og bæjarfógeta flytur inn í það hús á árinu 1988. Fjárveiting nú á m.a. að fara til kaupa á húsgögnum og öðrum lausum búnaði fyrir skrifstofu embættisins og lögreglustöðina. Á Sauðárkróki eru hafnar framkvæmdir við byggingu húss undir skrifstofu embættis sýslumanns að Suðurgötu 1. Áætlað er að ljúka fyrsta áfanga byggingarinnar á næsta ári og verður húsið þá fokhelt. Fjárveiting er ætluð til þess að því verði náð að ljúka fyrsta áfanga og standa við gerða verksamninga. Á Siglufirði hefur verið gerður samningur um smíði einingahúss og verður það notað sem embættisbústaður sýslumanns. Fjárveiting er ætluð til lokafrágangs hússins. Þá er áformað að hefja framkvæmdir á árinu 1988 við byggingu húss undir lögreglustöð og skrifstofu bæjarfógeta. Á Ólafsfirði eru 600 þús. kr. ætlaðar til uppgjörs vegna innréttingar lögreglustöðvar. Á Dalvík er fé veitt til endanlegs frágangs nýbyggingar og lóðar lögreglustöðvar. Á Akureyri er fjármunum veitt til frágangs á dómsal og skjalageymslu í kjallara húsnæðis sýslumanns og bæjarfógeta. Á Húsavík er verið að byggja hús yfir skrifstofur sýslumannsembættisins og lögreglustöð. Verklok eru áætluð í apríl 1988 og er fjárveiting á árinu 1988 miðuð við það. Á Egilsstöðum hefur verið leitað eftir heppilegu húsnæði undir lögreglustöð en fé var veitt til þess á árinu 1987. Af kaupum hefur ekki orðið en málið er í athugun. Í Vík í Mýrdal er ætlað að innrétta húsnæði sem tekið hefur verið á leigu fyrir skrifstofu sýslumanns. Í Vestmannaeyjum stendur yfir lagfæring á húsinu að Heiðarvegi 15. Þar munu nokkrar af þjónustustofnunum ríkisins svo sem skattstofa, fógetaskrifstofa og útibú Siglingamálastofnunar verða til húsa. Samkvæmt verksamningi eru verklok áætluð í febrúar 1988 og fjárveiting miðuð við það. Á Selfossi er unnið að byggingu lögreglustöðvar. Allir þættir verksins hafa verið boðnir út og er áætlað að verkinu ljúki snemma á árinu 1989. Í Keflavík eru verið að byggja nýja hæð á hús þar sem skrifstofa sýslumanns er. Fjárveiting á næsta ári er ætluð til framhalds þessa verks. Í Hafnarfirði mun falla til nokkur kostnaður vegna breytinga á skrifstofuhúsnæði sýslumanns en embættið býr við mikil þrengsli. Í Kópavogi er fé veitt til að bæta aðstöðu og ganga frá bifreiðageymslu lögreglunnar. Til frekari skýringa vísast til fylgiskjals nr. 2 með greinargerð þessari. Þar er gerð ítarlegri grein fyrir framkvæmdum á vegum dómsmálaráðuneytisins.

241-247 og 283 Fangelsismál

Eðlilegt þykir að gera sameiginlega grein fyrir fjárveitingum til stofnana sem gegna því hlutverki að vista og hafa eftirlit með brotamönnum eða þeim sem grunaðir eru um lögbrot. Í eftirfarandi töflu er gerður samanburður milli fjárveitinga til þessara stofnana samkvæmt gildandi fjárlögum 1987 og samkvæmt frumvarpi 1988:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Rekstur	**114.080**	**167.787**	**53.707**	**47**
Hegningarhúsið í Reykjavík	20.992	27.106	6.114	29
Vinnuhælið að Litla-Hrauni	56.900	78.852	21.952	39
Vinnuhælið að Kvíabryggju	10.949	15.139	4.190	38
Fangelsið, Síðumúla 28	15.696	20.557	4.861	31
Fangelsið, Kópavogsbraut 17	-	15.823	15.823	.
Skilorðseftirlit ríkisins	2.857	4.101	1.244	44
Fangamál, ýmis kostnaður	6.686	6.209	-477	-7
Stofnkostnaður og viðhald	**6.220**	**7.500**	**1.280**	**21**
Samtals	120.300	175.287	54.987	46

Heildarframlag til fangelsismála hækkar um 48,5% eða úr 120.300 í 178.667 þús.kr. Þar um ræður mestu stofnun nýs fangelsis, *Fangelsið, Kópavogsbraut 17*, en áætlað er að rekstur þess muni kosta kr. 15.823 þús. Þá er miðað við átta starfsmenn á launum. Í staðinn falla niður tvö viðfangsefni undir fjárlagaliðnum *06-283 Fangamál, ýmis kostnaður*. Annað er *sjúkrakostnaður refsifanga* (1.11) en hitt er *vistun kvenfanga* (1.14) og er lækkun vegna þessa 3.380 þús.kr. *Hegningarhúsið í Reykjavík* er 113 ára gamalt og til úttektar á nauðsynlegu viðhaldi hússins eru áætlaðar 400 þús.kr. Til viðhalds á Litla-Hrauni er framlag 2.500 þús.kr. vegna endurnýjunar hurða í fangelsi. Auk þess er 1.100 þús.kr. framlag til bifreiðakaupa. Til *Vinnuhælisins að Kvíabryggju* er fjárveiting til meiri háttar eignakaupa 1.600 þús.kr. sem ætluð er til endurnýjunar á bifreið og á húsgögnum í fangaklefum. Til viðhalds á *Fangelsinu, Síðumúla 28* er 1.500 þús.kr. fjárveiting vegna óviðunandi loftræstingar og eldvarna. Undir fjárlagaliðnum *06-283 Fangamál, ýmis kostnaður* hefur bæst við nýtt viðfangsefni sem er *fangelsisstjóri á Reykjavíkursvæði* (1.15). Á það er fært 546 þús.kr. framlag vegna nýrrar stöðu fangelsisstjóra er samhæfa á fangelsismál á Reykjavíkursvæðinu. Önnur ástæða hækkunar á umræddum lið er aukinn kostnaður vegna ferða og uppihalds við *námskeið fangavarða* þar sem framlag hækkar úr 1.059 í 1.987 þús.kr. eða um 88%. Um rekstur hverrar stofnunar þykir ekki ástæða til að fjalla sérstaklega enda eru engar rekstrarbreytingar fyrirhugaðar frá því sem nú er.

251 Landhelgisgæslan

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð milli frumvarps og fjárlaga 1987 á fjárveitingum til einstakra viðfangsefna hjá Landhelgisgæslunni:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	23.234	38.587	15.353	66
V/s Ægir	56.392	70.723	14.331	25
V/s Óðinn	47.229	58.958	11.729	25
V/s Týr	55.410	70.723	15.313	28
Fluggæsla	81.266	104.534	23.268	29
Þyrluvakt lækna	1.736	2.518	782	45
Sjómælingar og sjókortagerð	8.727	11.605	2.878	33
Viðhald flugskýlis	11.245	-	-11.245	.
Viðhald skipa og flugfara	-	3.700	3.700	.
Tæki og búnaður	7.800	9.900	2.100	27
Samtals	293.039	371.248	78.209	27

Framlag hækkar úr 293.039 í 371.248 þús.kr. eða um 26,7%. Almennar forsendur um rekstur skipa og flugvéla eru óbreyttar frá fjárlögum 1987. Þannig er gert ráð fyrir 12 mánaða úthaldi Ægis og Týs og 9 mánaða úthaldi Óðins. Gert er ráð fyrir 1.200 flugtímum sem fyrr eða 750 tímum á Fokker-flugvél stofnunarinnar (TF-SÝN) og 450 tímum á þyrlur (TF-SIF og TF-GRÓ). Þær breytingar verða á rekstri varðskipanna að fækkað er í áhöfn skipanna um loftskeytamann og vélstjóra á hverju skipi þannig að

áhafnir þeirra telja nú 24 menn hver, í stað 26 áður. Alls fækkar því um 6 menn á skipunum en í stað þriggja loftskeytamanna verða nú sex varðstjórar í stjórnstöð í landi þar sem vakt er höfð allan sólarhringinn. Hjá *yfirstjórn* bætist við ein föst staða símavarðar og eru fastar stöður nú alls ellefu. Auk þess er verkefnaráðið í níu stöður, þ.e. einn skipherra, tvo stýrimenn og sex varðstjóra. Launagjöld stofnunarinnar í heild hækka um 39% og verða 199.808 þús.kr. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka úr 133.089 í 165.980 þús.kr. eða um 25%. Þá er tekið tillit til verðlækkunar á brennsluolíu um 29% og á flugsteinolíu um 25% frá verðforsendum gildandi fjárlaga. Alls lækkar orkukostnaður vegna þessa í kringum 10 milljónir króna. Drjúgan hluta þeirrar lækkunar étur hækkun annarra rekstrarliða upp en við áætlun þeirra er stuðst við niðurstöðutölur reiknings 1986. Framlög til Ægis og Týs eru jafnháar upphæðir en fjárveiting til Óðins er lægri vegna 9 mánaða úthalds. Framlag vegna viðhaldsverkefna er 3.000 þús.kr. og fjárveiting til stofnkostnaðarverkefna 8.000 þús.kr. og rennur til ýmissa verkefna. Á árunum 1986 og 1987 var ráðist í gagngerar úrbætur á aðstöðu fyrir flugrekstur embættisins. Ýmsar lagfæringar voru gerðar á flugskýli, m.a. á gólfi og burðarvirki auk uppsetningar á nýju hitakerfi. Lækkun stofnkostnaðar skýrist fyrst og fremst af þessu. Að lokum þarf að geta þess að yfir standa viðræður um að flugmenn sem starfað hafa hjá *Landgræðslu ríkisins* verði ráðnir til fastra starfa hjá Landhelgisgæslunni. Á álagstímum mundu þeir jafnframt sinna störfum við áburðarflug. Fyrir afgreiðslu fjárlaga mun væntanlega liggja fyrir skoðun á framtíðartilhögun þessara mála.

252 Bifreiðaeftirlit ríkisins

Framlag til stofnunarinnar er efnislega óbreytt frá því sem var 1987. Alls nemur það 128.241 þús.kr. Þar af eru launagjöld 85.551 þús.kr. Nú stendur yfir endurskoðun á starfsemi Bifreiðaeftirlitsins og tekur sú endurskoðun til allra þátta starfseminnar. Teknar hafa verið upp viðræður við tryggingarfélög og samtök bifreiðaeigenda um að sameiginlega verði reist bifreiðaskoðunarstöð af fullkomnustu gerð. Vonir eru bundnar við að samkomulag náist á næstu vikum um tilhögun málsins. Í þessu frumvarpi eru nú gjaldfærðar 17.300 þús.kr. sem framlag til stofnkostnaðar. Á árinu 1987 var einnig veitt nokkurt fé til nýrrar skoðunarstöðvar en af því fé hefur enn þá aðeins verið tekið til undirbúnings nýbyggingar.

253 Almannavarnir ríkisins

Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar úr 11.873 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 16.081 þús.kr. eða um 35%. Launagjöld hækka um 47% en önnur rekstrargjöld um 31%. Starfsemi verður óbreytt en ræsting og leigugjöld hækka nokkuð vegna flutnings í nýtt skrifstofuhúsnæði að Laugavegi 118 en þangað mun stofnunin flytja um eða upp úr næstkomandi áramótum. Framlag til stofnkostnaðar er 2.500 þús.kr. sem skiptist þannig að 625 þús.kr. eru til endurnýjunar á viðvörunarbúnaði í Reykjavík og 1.875 þús.kr. til kaupa á rafeindabúnaði í stjórnstöð o.fl.

255 Umferðarráð

Framlag nemur alls 13.924 þús.kr. og hækkar um 61% frá fjárlögum 1987 eða um 5.266 þús.kr. Heimilaðar stöður á föstum launum eru sem fyrr 3,0 en nú bætist við ein og hálf staða sem ráðið er tímabundið í. Það er staða upplýsingafulltrúa sem ráðinn verður í tengslum við kynningu nýrra umferðarlaga og hálf staða fulltrúa til umferðarfræðslu á forskólastigi. Útgjöld vegna þessara nýju staða nema um 1.200 þús.kr.

262 Löggildingarstofan

Sú breyting verður á högum stofnunarinnar að henni er gert að standa undir rekstrargjöldum með tekjum af starfseminni. Til þess þurfa tekjurnar að hækka um 77%, eða úr 6.623 í 11.697 þús.kr. og eru það áætluð gjöld stofnunarinnar. Þau voru 8.560 þús.kr. í fjárlögum 1987 og hækka því um 37%.

281 Dómsmál, ýmis starfsemi

Framlag er samtals 59.959 þús.kr. og hækkar um 34.172 þús.kr. eða 133%. Hér fara á eftir helstu breytingar sem verða á þessum fjárlagalið en að öðru leyti vísast til töflu hér að neðan. Útgáfa nýs lagasafns er nauðsynleg og er framlag vegna þess áætlað kr. 10.298 þús. undir viðfangsefninu *útgáfa lagasafns*. Árin á milli útgáfa er fjárveiting lítil sem engin. *Dómsmál, ýmis starfsemi* er safnliður fyrir tölvu- og hugbúnaðarkostnað hjá stofnunum dómsmálaráðuneytisins. Fjárveiting til þessa liðar er nú 8.600 þús.kr. en var 3.000 í fjárlögum 1987. Liðurinn er einkum ætlaður til hugbúnaðargerðar fyrir *Rannsóknarlögreglu ríkisins* og *Lögregluna í Reykjavík* vegna ýmiss konar gagnageymslu. Einnig er fyrirhugað að tölvuvæða málaskrá hjá *Borgardómi* og *Sakadómi*. Þá er hugsanlegt að hafinn verði undirbúningur að tölvuskráningu dóma sem talið er vera mjög kostnaðarsamt verk. Nýtt viðfangsefni bætist nú við sem er *setusaksóknari*, settur vegna Hafskipsmálsins. Framlag til þess er kr. 4.453 þús. Einnig er nú áætlað fé til *þjóðarátaks í umferðaröryggi*, alls 5.040 þús.kr. Vonir standa til þess að tryggingafélög, bifreiðaeigendur og ríkið taki höndum saman um aðgerðir til þess að fækka slysum í umferðinni. Ýmis stórmál hafa valdið því að *málskostnaður* hefur aukist verulega tvö undanfarin ár. Fjárveiting til þessa liðar hækkar nú um 5.479 þús.kr. og nemur alls 17.130 þús.kr. Framlag til *gjafsóknar- og málsvarnarlauna* lækkar um 251 þús.kr. að teknu tilliti til reikningstalna ársins 1986. Fjárveiting til *aðgerða gegn fíkniefnum* hækkar frá fjárlögum 1987 og verður alls 2.520 þús.kr. Þá er að nefna að engin fjárveiting er til viðfangsefnisins *próf fasteignasala* því að nú eiga prófgjöld og námskeiðsgjöld að standa undir kostnaði. Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á hreinum framlögum (sértekjur dregnar frá ef einhverjar eru) í frumvarpi og fjárlögum:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Málskostnaður	11.651	17.130	5.479	47
Meðdómsmenn	3.064	3.982	918	30
Setu- og varadómarar	1.403	1.695	292	21
Siglingadómur	344	477	133	39
Gjafsóknar- og málsvarnarlaun	2.011	1.760	-251	-12
Setusaksóknari	-	4.453	4.453	.
Próf málflytjenda	206	265	59	29
Próf skjalaþýðenda	238	271	33	14
Próf fasteignasala	136	-	-136	.7
Útgáfa lagasafns	-	10.298	10.298	-
Útgáfa norræns dómasafns	191	254	63	33
Tölvunefnd	1.204	1.751	547	45
Matsnefnd eignarnámsbóta	837	1.037	200	24
Orator, almenn lögfræðiaðstoð	138	170	32	23
Norræn samvinna á sviði sakfræði	192	256	64	33
Aðgerðir gegn fíkniefnum	1.172	2.520	1.348	115
Þjóðarátak í umferðaröryggi	-	5.040	5.040	.
Dómsmál, ýmis kostnaður	3.000	8.600	5.600	187
Samtals	25.787	59.959	34.172	133

Um aðra liði en þá sem að ofan er getið sýnist ekki ástæða til að fjalla um sérstaklega.

282 Ýmis löggæslukostnaður

Þessi fjárlagaliður skiptist í þrjú viðfangsefni eins og eftirfarandi tafla sýnir:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Ýmis löggæslukostnaður	2.879	3.249	370	13
Kostnaður vegna lögregluskóla	15.059	21.039	5.980	40
Lögreglubifreiðir	11.000	16.200	5.200	47
Samtals	28.938	40.488	11.550	40

Um einstaka útgjaldaliði er ekki að fjölyrða. Þess ber þó að geta að dómsmálaráðuneyti og fjárlaga- og hagsýslustofnun hafa ákveðið að fram fari athugun á bifreiðamálum löggæslunnar í landinu.

284 Áfengis- og fíkniefnamál

Framlög til áfengis- og fíkniefnamála eru á nokkrum fjárlagaliðum undir dómsmála-, heilbrigðis- og menntamálaráðuneyti. Með tilkomu sérstaks tekjustofns af aðgöngumiðum veitingahúsa, sem renna á til fyrirbyggjandi aðgerða gegn áfengis- og fíkniefnanotkun, mun nauðsynlegt að endurmeta tilhögun þess starfs sem kostað er nú af þessum fjárlagalið.

302 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar

Heildarfjárveiting til embættisins verður 11.371 þús.kr. en framlag vegna almenns rekstrar hækkar úr 5.549 í 7.771 þús.kr. eða um 40%. Hækkun umfram verðlag stafar fyrst og fremst af aukinni aðsókn að námskeiðum og tónskóla þjóðkirkjunnar. Launakostnaður vegna aukinnar stundakennslu í tónskóla þjóðkirkjunnar og organistanámskeiða í Skálholti eykst í kringum 650 þús.kr. Að þessu frátöldu hækka laun í kringum 450 þús.kr. Hafin mun innheimta skólagjalda í tónskólanum er jafngilda eiga náms- og kennslukostnaði og er hann áætlaður 660 þús.kr. Fjárveiting til stofnkostnaðarverkefna verður 3.600 þús.kr. Þar af eru 3.100 ætlaðar til flutnings, uppsetningar og innréttingar vegna orgels er embættið hefur fengið að gjöf frá Þýskalandi og til tækjakaupa í tónskólann eru ætlaðar 500 þús.kr.

303 Prestaköll og prófastsdæmi

Viðfangsefni undir þessum fjárlagalið eru fimm talsins. Í eftirfarandi töflu er sýndur samanburður við fjárlög 1987:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Prestar og prófastar	131.579	169.704	38.125	29
Byggingar á prestssetrum	7.000	9.200	2.200	31
Kaup á eignum á kirkjujörðum	1.600	2.800	1.200	75
Viðhald embættisbústaða	20.000	25.000	5.000	25
Byggingareftirlit	292	380	88	30
Samtals	160.471	207.084	46.613	29

Viðfangsefnið *prestar og prófastar* hefur af geyma framlög til prestsþjónustu í landinu sem nú hækka um 29% eða úr 131.579 í 169.704 þús.kr. Tvær nýjar prestsstöður hafa bæst við í Reykjavíkurprófastsdæmi og eru heimiluð stöðugildi nú alls 124 á föstum launum. Auk þess er lausráðið í 3,33 stöður, þ.e. eina stöðu prests sem þjónar í London og 2,33 stöður vegna þjónustu við niðurlögð prestaköll. Launagjöld hækka um 30% en önnur rekstrargjöld um 23%. Aðrar breytingar á þessum fjárlagalið skýrast af töflunni að ofan.

304 Ýmis kirkjuleg málefni

Framlag er samtals 28.795 þús.kr. og hækkar um 6.525 þús.kr. eða 29%. Til skýringar er sýndur samanburður við fjárlög 1987 í eftirfarandi töflu:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Húsmæðraskólinn á Löngumýri	529	721	192	36
Kirkjugarðaeftirlit	1.060	1.263	203	19
Ýmislegt	6.881	8.211	1.330	19
Viðhald húseignar á Löngumýri	–	600	600	.
Skálholtsstaður	800	1.000	200	25
Hallgrímskirkja	8.000	10.000	2.000	25
Hólar í Hjaltadal	5.000	7.000	2.000	40
Samtals	22.270	28.795	6.525	29

Tekið er upp nýtt viðfangsefni sem er *viðhald húseignar á Löngumýri* og til þess veittar 600 þús.kr.

373 Kristnisjóður

Fjárveiting nemur alls 14.280 þús.kr. og hækkar um 4.538 þús.kr. eða 47%. Þar af er 2.080 framlag til að standa undir afborgunum af skuldabréfum vegna kaupa á kirkjuhúsi við Suðurgötu. Framlag til sjóðsins verður því hærra sem þessu nemur en gert er ráð fyrir í 20 gr. laga nr. 35/1970.

07 Félagsmálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	29.139	48.997	19.858	68
Húsnæðismál	1.300.000	1.750.000	450.000	35
Önnur félagsmál	804.139	1.124.018	319.879	40
Samtals	2.133.278	2.923.015	789.737	37
Þar af markaðir tekjustofnar	90.000	70.000	-20.000	-22

Markaður tekjustofn félagsmálaráðuneytisins er nú einn, erfðafjárskattur, og áætlað að hann verði 70.000 þús. kr. árið 1988. Í fjárlögum 1987 eru mörkuðu tekjustofnarnir tveir, þ.e. auk erfðafjárskattsins, sem þá var áætlað að mundi nema 60.000 þús.kr., var skipulagsgjald sem var talið að mundi gefa um 30.000 þús.kr. Nú er gert ráð fyrir að skipulagsgjaldið verði lagt niður sem markaður tekjustofn en verði í staðinn sértekjur Skipulags ríkisins. Til þessarar breytingar þarf breytingu á lögum. Verður nú vikið að helstu fjárlagaliðum til skýringar á breytingu framlaga til málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til aðalskrifstofu félagsmálaráðuneytisins hækkar úr 29.139 þús.kr. á árinu 1987 í 48.997 þús.kr. eða um 68%. Til skýringar á þessari hækkun milli ára má nefna eftirfarandi atriði. Á launalið er gert ráð fyrir tveimur nýjum verkefnaráðnum starfsmönnum, öðrum til að sinna húsnæðismálum en hinum málefnum fatlaðra. Laun hækka af þessum sökum um 1.500 þús.kr. Fastar stöður á aðalskrifstofu ráðuneytisins eru nú 15 auk tveggja verkefnaráðinna sem áður getur. Hækkun annarra gjalda sem er 42% skýrist fyrst og fremst af auknum verkefnum ráðuneytisins, kostnaði við rekstur tölvukerfis vinnumiðlunar og vanáætlun við fjárlagagerð 1987, einkum vegna aukins kostnaðar í nýju húsnæði. Veitt er framlag til tveggja nýrra liða, þ.e. minni háttar eignakaupa (300 þús. kr.) og tilfærslu (580 þús.kr.). Síðari liðurinn er norrænt verkefni á sviði jafnréttismála sem nefnist BRYT og er rekið í samvinnu við Akureyrarbæ. Ríkissjóður greiðir hálf laun og kostnað. Undanfarin ár hefur ríkisframlagið verið greitt með aukafjárveitingum. Til kaupa á tækjabúnaði er áætlað að verja 2.200 þús.kr., einkum til kaupa á búnaði til gagnavinnslu vinnumiðlunar.

271–272 Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna

Með lögum nr. 54/1986, um breyting á lögum nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 77/1985, var gerð umtalsverð breyting á útlánareglum og fjármögnun byggingarsjóðanna. Í fjárlögum 1987 nemur framlag ríkissjóðs til byggingarsjóðanna 1.300.000 þús.kr. en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að framlagið á árinu 1988 nemi 1.750.000 þús.kr. Jafngildir það um 17% raunhækkun milli ára. Nánar er fjallað um sjóðina í kaflanum um fjárreiður B-hluta fyrirtækja og sjóða.

301 Skipulagsstjóri ríkisins

Fjárveiting til embættis skipulagsstjóra ríkisins hækkar úr 25.228 þús.kr. á árinu 1987 í 48.729 þús.kr. eða um 93%. Launagjöld hækka um 60% og verða 13.219 þús. kr. Mestu veldur um hækkunina að gert er ráð fyrir því að Skipulagið nýti allar þær tíu föstu stöðuheimildir sem það hefur fengið en í fjárlögum undanfarinna ára hefur verið reiknað með að nýttar væru einungis 7,61 stöðugildi. Launaliður stofnunar hækkar um

2.300 þús.kr. vegna þessa. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 11.183 þús.kr. í fjárlögum ársins 1987 í 24.510 þús.kr. eða um 119%. Að mestum hluta er hér um að ræða aukna sérfræðiþjónustu til þess að ljúka mikilvægum skipulagsverkefnum sem embættið getur ekki annað og þarf því að kaupa að þjónustu arkitekta og verkfræðinga. Þá er nokkur hækkun á leigu vegna stærra húsnæðis en ákveðið er að embættið flytji í nýtt húsnæði að Laugavegi 166 á árinu 1988. Kostnaður við það fellur að stórum hluta til á árinu 1987 og mun greiddur af sértekjum stofnunar. Tilfærslur til sveitarfélaga vegna greiðslu fyrir vinnu við skipulagsmál hækka úr 5.800 þús.kr. í 10.350 þús.kr. eða um 78%. Nýr liður, *sértekjur*, er myndaður með seldri þjónustu til sveitarfélaga og skipulagsgjöldum sem áður voru markaður tekjustofn en teljast nú til sértekna Skipulagsins. Heildarfjárhæð sértekna er ætlað að standa undir öllum útgjöldum skipulagsins eða 48.729 þús. kr. en þar af er seld þjónusta rúmlega 3.000 þús.kr. Sú stefna er hér mörkuð eins og um fleiri þjónustu- og eftirlitsstofnanir að saman eru stillt útgjöld og tekjur.

302 Ríkissáttasemjari

Framlag til embættis ríkissáttasemjara hækkar um 62% og verður 14.472 þús.kr. Launagjöld hækka úr 6.108 þús. kr. á árinu 1987 í 10.722 þús.kr. eða um 72%. Ekki er gert ráð fyrir öðrum breytingum á starfsmannahaldi en þeim að gera verður ráð fyrir hækkun á launum vegna verkefnaráðinna starfsmanna og raunar yfirvinnu fastra starfsmanna einnig. Ástæðan er ný ákvæði í lögum um samningsrétt starfsmanna ríkisins (BSRB og BHM) sem heimila hverju aðildarfélagi um sig að fara með sín samningsmál. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka um 32% og verða 3.750 þús.kr.

399 Vatnsveitur

Fjárveiting til vatnsveituframkvæmda á vegum sveitarfélaga er felld niður þar sem þetta er einn af þeim liðum sem ríkisstjórnin áformar að færa til sveitarfélaga.

700–708 Málefni fatlaðra

Heildarkostnaður vegna þessara liða hækkar úr 490.618 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 756.523 þús.kr. eða um 54%. Af þessari hækkun eru 42.057 þús.kr. vegna nýrrar starfsemi. Laun hækka um 201.731 þús.kr. og verða 527.193 þús.kr. og er það hækkun um 62%. Af þessari hækkun launa eru 40.488 þús.kr. laun á nýjum stofnunum. Einnig er nokkur hækkun á launum hjá stofnunum sem sett voru í fjárlög 1987 en ekki gert ráð fyrir rekstri nema hluta úr árinu. Reiknuð stöðugildi í þessu frumvarpi eru 529,07 og fjölgar frá fjárlögum 1987 um 74,1, þar af eru 50,7 vegna nýrra heimila. Flestum þeirra er búið húsnæði sem verður til reiðu í lok ársins 1987 eða á því næsta og er reist eða keypt fyrir fé úthlutað úr Framkvæmdasjóði fatlaðra. Viðfangsefni eru auðkennd með stjörnu á yfirliti hér á eftir. Önnur gjöld án eignakaupa hækka um 25% og verða 159.970 þús. kr. Til eignakaupa er áformað að verja 2.250 þús.kr. en er 900 þús.kr. í fjárlögum 1987. Tilfærslur hækka úr 72.240 þús.kr. í 114.780 þús.kr. eða um 59%. Af hækkun upp á 42.540 þús.kr. eru 32.012 þús.kr. hækkun á greiðslum samkvæmt 10. gr. laga nr. 41/1981, um málefni fatlaðra, en þar segir að „fatlað barn á aldrinum 0–18 ára, sem dvelur í heimahúsum eða sem nýtur takmarkaðrar þjónustu og þarfnast sérstakrar umönnunar eða gæslu að dómi svæðisstjónar, á rétt á aðstoð eftir því sem við verður komið". Hækkun fjárveitingar samkvæmt þessari grein er byggð á reynslu undanfarinna ára. Liðurinn verður alls 76.750 þús.kr. og hækkar um 72%. Sértekjur hækka úr 34.815 þús.kr. í 47.670 þús.kr. eða um 37%. Að mestu eru sértekjurnar seldar afurðir framleiddar á vernduðum vinnustöðum. Meðfylgjandi yfirlit sýnir skiptingu á fjárveitingum og stöðugildum á viðfangsefni:

		Stöðugildi Reiknuð	Þar af heimiluð	Gjöld samtals þús.kr.	Sértekjur þús.kr.	Fjárveiting skv. frv. þús.kr.
700	**Málefni fatlaðra**			**91.028**		**91.028**
	Stjórnarnefnd			981		981
	Samráðsnefnd			871		871
	Samráðsnefnd um ferlimál			1.216		1.216
	Kostnaðar skv. 10. gr.			76.750		76.750
	Kostnaður skv. 19. gr.			4.910		4.910
	Vistanir			1.890		1.890
	Starfsþjálfun			4.410		4.410
701	**Málefni fatlaðra, Reykjavík**	**156,17**	**23,13**	**188.737**	**7.070**	**181.667**
	Svæðisstjórn	3,5	3,5	6.325		6.325
	Sambýli Drekavogi 16	4,0	4,0	4.651		4.651
	Sambýli Akurgerði 20 (Reykjavíkurborg)			1.960		1.960
	Sambýli í leiguhúsnæði, óstaðsett	4,0		4.880		4.880
	Sambýli Háteigsvegi 6	2,51		2.939		2.939
	Sambýli Sigluvogi 5	3,19		2.940		2.940
	Sambýli Auðarstræti 15	4,07		4.661		4.661
	Sambýli Víðihlíð 11	4,92		5.568		5.568
	Sambýli Víðihlíð 7	3,55		4.014		4.014
	Sambýli Víðihlíð 5	3,71		4.271		4.271
	Sambýli Sóleyjargötu	4,0	3,0	5.007		5.007
	Vinnustofan Ás	4,0		12.470	5.970	6.500
	Tæknivinnustofa Öryrkjabandalagsins			3.360		3.360
	Vernd, vinnustaður Sjálfsbjargar			880		880
	Dagvistun Lækjarási	14,0		14.255		14.255
	Dagvistun Bjarkarási	14,0		17.190		17.190
	Dagvistun Lyngási	24,9		24.141		24.141
	Skammtímavistun Víðihlíð 9	6,39		8.518	1.100	7.418
	Skammtímavistun Dalbraut 12 (Rv.borg)			6.110		6.110
	Meðferðarheimili f. einhverf börn, Sæbraut 2	12,63	12,63	17.948		17.948
	Sambýli einhverfra barna, Trönuhólum 1	10,8		9.854		9.854
	Vistheimili við Holtaveg	8,5		10.536		10.536
	Meðferðarheimili Njörvasundi 2 *	5,5		6.376		6.376
	Hjúkrunar- og vistheimili *	8,5		2.642		2.642
	Atvinnuleit			1.770		1.770
	Sambýli 1 (hálft ár) *	4,0		2.251		2.251
	Sambýli 2 (4 mán.) *	4,0		1.542		1.542
	Þrjú sambýli Styrktarfél. vangefinna *	1,5		1.678		1.678
702	**Málefni fatlaðra, Reykjanesi**	**136,35**	**22,25**	**174.729**	**8.550**	**166.179**
	Svæðisstjórn	3,0	3,0	5.434		5.434
	Sambýli Vallargerði 26, Kópavogi	6,55	3,65	7.513		7.513
	Sambýli Klettahrauni 17, Hafnarfirði	4,8	3,0	5.553		5.553
	Sambýli Markarflöt, Garðabæ	4,0	3,0	4.622		4.622
	Sambýli fyrir börn	6,5		8.400		8.400
	Sambýli Bakkaflöt, Garðabæ *			250		250
	Sambýli (teg. II) *	6,5		7.449		7.449
	Örvi, verndaður vinnustaður Kópavogi	5,5	3,0	14.580	5.240	9.340
	Verkstjórn fatlaðra *	1,0		726		726
	Leikfangasafn Keflavík	0,6	0,6	626		626
	Skammtímavistun	7,4	3,0	8.902	1.280	7.622
	Dagvistun Keflavík	5,0	3,0	6.164	280	5.884
	Helgarskammtímavistun Hafnarfirði *			1.647		1.647
	Dagvist Hafnarfirði *	4,0		2.980		2.980
	Vistheimilið Skálatúni	57,0		69.654	1.150	68.504
	Vistheimilið Tjaldanesi	21,7		26.432	600	25.832
	Gistiheimili Þroskahjálpar Kópavogi	0,8		2.027		2.027
	Atvinnuleit			1.770		1.770
703	**Málefni fatlaðra, Vesturlandi**	**14,5**	**8,0**	**22.292**	**3.800**	**18.492**
	Svæðisstjórn	2,0	2,0	3.269		3.269
	Sambýli Akranesi	7,5	3,5	7.651		7.651
	Verndaður vinnustaður Akranesi	2,0		6.532	3.800	2.732
	Leikfangasafn Borgarnesi	0,5	0,5	843		843
	Dagvistun Akranesi	2,5	2,0	3.004		3.004
	Sumarbúðir *			993		993
704	**Málefni fatlaðra, Vestfjörðum**	**20,25**	**9,0**	**26.369**	**1.900**	**24.469**
	Svæðisstjórn	2,0	2,0	3.221		3.221
	Þjónustumiðstöð Bræðratungu	18,25	7,0	22.448	1.500	20.948
	Þjónustumiðstöð vegna bílaskipta *			700	400	300

	Stöðugildi Reiknuð	Þar af heimiluð	Gjöld samtals þús. kr.	Sértekjur þús. kr.	Fjárveiting skv. frv. þús. kr.
705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	**15,5**	**6,0**	**17.548**		**17.548**
Svæðisstjórn	2,0	2,0	3.445		3.445
Sambýli Siglufirði	5,5	2,0	5.552		5.552
Sambýli Sauðárkróki	4,0		3.607		3.607
Leikfangasafn Siglufirði	1,0	1,0	1.230		1.230
Leikfangasafn Blönduósi	1,0	1,0	1.271		1.271
Leikfangasafn Sauðárkróki	1,0		1.254		1.254
Sumardvöl Egilsá	1,0		1.189		1.189
706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	**94,3**	**35,1**	**149.495**	**15.710**	**133.785**
Svæðisstjórn	3,5	2,5	6.332		6.332
Sambýli Byggðavegi 91, Akureyri	5,0	2,3	4.994		4.994
Sambýli Borgarhlíð 3, Akureyri	4,0	1,1	4.065		4.065
Sambýli Vanabyggð 4c, Akureyri	4,0	1,6	4.156		4.156
Sambýli Húsavík	5,0		5.069		5.069
Iðjulundur, verndaður vinnustaður	7,0	3,0	20.770	12.280	8.490
Bjarg, verndaður vinnustaður			6.620		6.620
Leikfangasafn Akureyri	0,6	0,6	791		791
Skammtímavistun Akureyri	2,2		2.101	1.410	691
Vistheimilið Sólborg	63,0	24,0	90.280	2.020	88.260
Sumarbúðir í Botni			3.137		3.137
Atvinnuleit *			780		780
Sambýli Byggðavegi, viðhald húss *			400		400
707 Málefni fatlaðra, Austurlandi	**28,5**	**11,5**	**34.708**	**820**	**33.888**
Svæðisstjórn	2,0	2,0	3.606		3.606
Sambýli Egilsstöðum	5,0	3,0	5.047		5.047
Verndaður vinnustaður Egilsstöðum	2,0	1,0	4.573	820	3.753
Leikfangasafn	0,5	0,5	807		807
Vonarland, þjónustumiðstöð	18,5	5,0	20.675		20.675
708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi	**63,5**	**15,5**	**99.287**	**9.820**	**89.467**
Svæðisstjórn	2,5	2,5	4.182		4.182
Sambýli Árvegi 8, Selfossi	4,0	4,0	4.881		4.881
Sambýli Vallholti 9, Selfossi *	7,5		7.633		7.633
Verndaður vinnustaður Selfossi	3,0	2,0	3.949	790	3.159
Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum	2,0		10.227	6.980	3.247
Leikfangasafn Vestmannaeyjum	1,0	1,0	1.222		1.222
Lambhagi, meðferðarheimili Selfossi	7,0	6,0	8.095		8.095
Vistheimilið Sólheimum	32,5		48.728	2.050	46.678
Skaftholt, meðferðarheimili			3.570		3.570
Meðferðarheimili Búhamri 17, Vestm.eyjum *	4,0		4.500		4.500
Vistheimilið Sólheimum vegna starfsmannahúss og hitaveitu *			1.300		1.300
Verndaður vinnustaður Selfossi, bílakaup *			1.000		1.000
Samtals	529,07	130,48	804.193	47.670	756.523

750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Á árinu 1987 var keypt húseignin Digranesvegur 5 í Kópavogi til afnota fyrir Greiningarstöð ríkisins og svæðisstjórn málefna fatlaðra á Reykjanesi. Gera þarf ýmsar breytingar á innréttingu hússins áður en inn í það verður flutt en vonir standa til þess að framkvæmdum ljúki upp úr næstu áramótum. Greiningarstöðin ætti því að geta flutt í rýmra og hentugra húsnæði áður en langt líður, en að allra dómi er það húsnæði sem stofnunin hefur haft til umráða óhentugt fyrir þessa starfsemi. Frá fjárlögum 1987 hækkar heildarfjárveiting til Greiningarstöðvar ríkisins úr 19.110 þús.kr. í 31.886 þús.kr. eða um 67%, þar af hækka laun langmest eða um 12.614 þús.kr. sem er 89%. Í fjárlögum 1987 er gert ráð fyrir 20,3 föstum stöðugildum heimiluðum af ráðninganefnd, auk eins og hálfs stöðugildis á öðrum dagvinnulaunum. Þar er um að ræða eitt stöðugildi sem fjárveitinganefnd tók inn og hálft stöðugildi þriggja lækna sem árum saman hafa gegnt þar læknisþjónustu sem verkefnaráðnir starfsmenn. Til viðbótar þessum stöðum er í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1988 gert ráð fyrir fimm stöðugildum sem ráðið er í til að sinna ákveðnum verkefnum og eru laun vegna þeirra talin með öðrum dagvinnulaunum. Launaliður hækkar um 4.500 þús.kr. vegna starfsmannabreytinga. Þannig er gert ráð fyrir 26,8 stöðugildum hjá stofnuninni, 20,3 grunnheimildum og 6,5 verkefnaráðnum.

795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Fjárveiting til Framkvæmdasjóðs fatlaðra er áætluð 180.000 þús.kr. samanborið við 130.000 þús.kr. á árinu 1987. Hækkunin nemur 38%. Tekjur af erfðafjárskatti renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra, sbr. 35. og 44. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra. Áætlaðar tekjur af skattinum á árinu 1988 eru 70.000 þús.kr. þannig að framlag ríkissjóðs til sjóðsins þarf að vera 110.000 þús.kr. til þess að heildarfjárhæðinni verði náð.

951 Brunamálastofnun ríkisins

Ekki er gert ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði til rekstrar Brunamálastofnunar ríkisins fremur en fyrri ár og er rekstur stofnunarinnar fjármagnaður að öllu leyti með tekjum af brunavarnagjaldi sem tryggingafélög í landinu greiða. Í fjárlögum fyrir árið 1987 var gert ráð fyrir 8,0 stöðugildum við stofnunina og eru það fastar stöður (grunnheimildir) en í þessu frumvarpi er til viðbótar gert ráð fyrir launum eins starfsmanns til eins árs til að semja reglugerðir um brunavarnir. Alls er því gert ráð fyrir níu starfsmönnum við stofnunina. Launagjöld hækka um 79% milli ára og verða 12.110 þús.kr. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka úr 6.380 þús.kr. í 10.840 þús.kr. eða um 70%. Gert var ráð fyrir 900 þús.kr. útgjöldum á árinu 1988 til kaupa á ýmsum tækjabúnaði en ekki var gert ráð fyrir slíku á árinu 1987. Samkvæmt 24. gr. laga nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál, er lagt 1,75% brunavarnagjald á brúttóiðgjaldatekjur tryggingafélaganna. Félagsmálaráðherra mun leggja fram frumvarp til laga um breytingu á álagningarhlutfalli þessu.

953 Jafnréttisráð

Framlag til Jafnréttisráðs hækkar um 95% frá árinu 1987 og verður 6.981 þús.kr. Gert er ráð fyrir vaxandi umsvifum ráðsins. Tvær stöður eru nú heimilaðar við ráðið en til viðbótar er gert ráð fyrir hálfri stöðu verkefnaráðins fræðslufulltrúa til eins árs. Launagjöld hækka um 98% frá 1987 og verða 4.311 þús.kr. Hækkun umfram áðurnefnda hálfa stöðu skýrist af hækkun annarra launa eins og þóknun fyrir setu í Jafnréttisráði o.fl., sem ákveðin er af þóknananefnd, en laun af þessu tagi hafa verið vantalin undanfarin ár. Þar á meðal eru 260 þús.kr. ætlaðar til undirbúningsstarfs fyrir kvennaráðstefnu. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka úr 1.398 þús.kr. á árinu 1987 í 2.170 þús.kr. eða um 55%. Eignakaup, 500 þús. kr., er nýr liður og er til kaupa á ýmsum búnaði, m.a. vegna fyrirhugaðs flutnings í nýtt húsnæði að Laugavegi 118d. Í það húsnæði flytja nokkrar ríkisstofnanir um næstkomandi áramót.

954 Vinnueftirlit ríkisins

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir framlagi til Vinnueftirlits ríkisins fremur en í fjárlögum fyrri ára. Útgjöld stofnunarinnar hækka um 40%. Fjárveiting til rekstrar hækkar um 29% milli ára og verður 64.801 þús.kr. Ráðningnefnd ríkisins heimilaði eitt nýtt stöðugildi (tvær hálfar stöður) og eru þá fastar stöður alls 30 talsins. Miðað er við óbreyttan fjölda lausráðinna starfsmanna frá því sem er í fjárlögum 1987, þ.e. sem nemur 3,33 stöðugildum, til að sinna sérstökum verkefnum. Framlag til eignakaupa nemur 8.800 þús.kr. og þar af eru röskar 5.000 þús.kr. til greiðslu á skuld við ríkissjóð vegna húsakaupa. Annað er til kaupa á bifreið (480 þús.kr.) og öðrum tækjabúnaði (rannsóknartækjum) fyrir stofnunina.

972 Bjargráðasjóður Íslands

Fjárveiting til sjóðsins er felld niður enda verður sótt um heimild til niðurfellingar í frumvarpi til lánsfjárlaga.

981 Vinnumál

Framlag til þessa fjárlagaliðar hækkar úr 23.024 þús.kr. í 26.726 þús.kr. eða um 16%. Ekki þykir ástæða til að fjalla um önnur viðfangsefni en viðfangsefnið *ýmislegt*. Gert

er ráð fyrir að fjárveiting undir þeim lið skiptist eins og fram kemur í meðfylgjandi yfirliti og til samanburðar er sýnd skipting í fjárlögum 1987:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Samtök vinnumarkaðarins, hagræðingarstarfsemi	4.060	4.670	610	15
ASÍ, vegna Menningar- og fræðslusambands alþýðu	2.860	3.290	430	15
Félagsmálaskóli alþýðu	3.910	4.497	587	15
Hagdeildir ASÍ, VSÍ, VMS, BSRB og BHM	3.460	3.980	520	15
ASÍ, vegna norræna verkalýðsskólans í Genf	100	115	15	15
Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum	1.100	1.265	165	15
Fræðslumál BSRB	950	1.093	143	15
Fræðslumál BHM	155	178	23	15
Fræðslumál annarra	155	178	23	15
Upplýsingastarfsemi um kjaramál	300	345	45	15
Þátttaka í erlendu vinnumálasamstarfi	816	1.159	343	42
Samtals	17.866	20.770	2.904	16

982 Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota

Í fjárlögum fyrir árið 1987 eru veittar 10.000 þús.kr. á þessum fjárlagalið. Ljóst er að útgjöld á árinu munu verða þó nokkru hærri. Til loka ágúst 1987 hafa 19.751 þús.kr. verið greiddar. Erfitt er að áætla endanlega fjárhæð þar sem óvíst er hversu mikið af útgjöldum ríkissjóðs fæst endurgreitt úr þrotabúum. Ákveðið hefur verið að hækka fjárveitinguna á árinu 1988 til mikilla muna og nemur hún 23.000 þús.kr.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Þær breytingar sem gerðar eru undir þessum fjárlagalið frá fjárlögum 1987 eru að bætt er við einu nýju viðfangsefni, *starfsmenntun í atvinnulífinu*, og að fellt er niður viðfangsefnið *öryggisfræðsla sjómanna, námskeið*. Í meðfylgjandi yfirliti er sýnt framlag til einstakra viðfangsefna á árinu 1987, í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1988 og breytingin milli ára:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Meðlög skv. 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga	3.193	5.620	2.427	76
Meðlög skv. lögum nr. 9/1981	36.935	49.900	12.965	35
Slysavarnafélag Íslands	5.400	6.210	810	15
Öryggisfræðsla sjómanna, námskeið	8.000	.	-8.000	.
Sjómannastofur	500	500	.	.
Félagasamtök, styrkir	5.500	6.200	700	13
Starfsmenntun í atvinnulífinu	-	5.000	5.000	.
Kvennaathvarf í Reykjavík	3.500	4.500	1.000	29
Snjóflóða- og skriðufallavarnir	3.000	3.000	.	.
Ýmis framlög	1.800	3.500	1.700	94
Samtals	67.828	84.430	16.602	24

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	33.531	56.957	23.426	70
Tryggingamál	11.413.202	14.729.530	3.316.328	29
Heilbrigðismál	7.071.446	9.887.656	2.816.210	40
Annað	29.846	51.994	22.148	74
Samtals	18.548.025	24.726.137	6.178.112	33
Þar af markaðir tekjustofnar	1.594.520	2.027.520	433.000	27

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis eru eftirfarandi: Lífeyristryggingaiðgjald atvinnurekenda verður 1.600.000 þús.kr. og hækkar um 350.000 þús.kr. frá fjárlögum 1987. Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda verða 223.000 þús.kr. og hækka um 38.000 þús.kr. Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs hækkar um 45.000 þús.kr. og verður 200.000 þús.kr. Hlutur Gæsluvistarsjóðs af hagnaði ÁTVR er 1.500 þús.kr. og óbreyttur frá fjárlögum 1987. Sömuleiðis er gjald af eyðublöðum heillaskeyta óbreytt frá fjárlögum 1987, 20 þús.kr., og tekjur af samúðarskeytum Landssímans, 3.000 þús.kr. Gjald til Framvæmdasjóðs aldraðra fellur niður sem markaður tekjustofn en framlag ríkissjóðs til sjóðsins innheimtist sem hluti af álagningu við staðgreiðslu skatta. Ákveðið er að hluti af skemmtanaskatti (svokölluðu rúllugjaldi) verði varið til áfengis- og fíkniefnamála, alls 20.000 þús.kr. og fellur stór hluti þess undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Verður nú fjallað um breytingar á fjárveitingum til stofnana og viðfangsefna ráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa

Heildarfjárveiting nemur 56.957 þús.kr. Að frátöldum stofnkostnaði er hækkun frá fjárlögum 1987 um 65%. Nýjar stöður samkvæmt frumvarpinu eru fjórar og stöðugildi því samtals 22,5. Um er að ræða eina stöðu deildarstjóra, skrifstofustjóra og sérmenntaðan starfsmann. Seinni tvær stöðurnar eru vegna sérstakrar fjármálaskrifstofu sem verður sett upp í ráðuneytinu. Útgjaldaaukning vegna þessa er áætluð um 3.500 þús.kr. Einnig hefur verið skipaður yfirlæknir í ráðuneytinu til þess að annast störf skólayfirlæknis og eru launagjöld vegna þessa talin um 2.200 þús.kr. Framlag til tímabundins verkefnis sem unnið hefur verið í samvinnu við Alþjóðaheilbrigðisstofnunina undanfarin fjögur ár fellur nú niður, en framlagið samsvaraði kostnaði við eina læknisstöðu. Húsnæði til ráðstöfunar fyrir ráðuneytið stækkar töluvert og eykst rekstrarkostnaður vegna þess. *Lyfjanefnd, Lyfjaeftirlit ríkisins* og *Lyfjaverðlagsnefnd* flytja úr húsnæði ráðuneytisins en þessir aðilar hafa verið leigjendur undanfarin ár. Ráðuneytið mun nú nýta það húsnæði. Framlag til stofnkostnaðar er 3.700 þús.kr. vegna endurbóta á húsnæði og tækjakaupa.

271 Tryggingastofnun ríksins

Fjárframlög til Tryggingastofnunar ríkisins nema samtals 14.147 m.kr. Framlögin renna til lífeyristrygginga, sjúkratrygginga og slysatrygginga. Auk þess er framlag til almenns rekstrar og stjórnunar stofnunarinnar og til viðhalds fasteigna. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram skipting útgjalda milli viðfangsefna og samanburður við fjárlög 1987:

Almannatryggingar 1987 og 1988

	Fjárlög 1987 m. kr.	Frumvarp 1988 m. kr.	Breyting m. kr.	%
Yfirstjórn	110	164	54	49
Lífeyristryggingar	6.360	8.669	2.309	36
Sjúkratryggingar	4.235	5.079	844	20
Slysatryggingar	185	223	38	21
Viðhald húseignar	–	12	12	.
Samtals	10.890	14.147	3.257	30

Sömu forsendur gilda um framlög til almannatrygginga og við eiga um laun og verðlag í frumvarpinu. Tekið hefur verið sérstakt tillit til hækkunar tekjutryggingar skv. reglugerð nr. 211/1987 og einnig til hækkunar bóta vegna sérstakrar ákvörðunar núverandi ríkisstjórnar skv. reglugerð nr. 392/1987. Þá er gert ráð fyrir hækkun framlaga til fæðingarorlofs og fæðingarstyrkja í samræmi við lög nr. 57/1987 um fæðingarorlof og lög nr. 59/1987, um breyting á lögum um almannatryggingar. Og loks er gert ráð fyrir hækkun bílastyrkja til öryrkja skv. reglugerð nr. 170/1987. Skal þetta nú skýrt frekar.

1.01 Yfirstjórn. Fjárveiting til yfirstjórnar nemur 164 m.kr. en var 110 m.kr. í fjárlögum 1987. Heimiluð stöðugildi eru 112,7 og er það óbreytt frá fjárlögum 1987. Kostnaðarhlutur atvinnuleysistrygginga og ýmissa sjóða sem eru í vörslu stofnunarinnar koma fram sem sértekjur á þessu viðfangsefni. Nú er í fyrsta sinn áætlað sérstaklega fyrir viðhaldi húseigna og er framlagið 12,3 m.kr. Það er m.a. ætlað til viðgerðar á lyftu að Laugavegi 114, viðgerðar á suðurhluta 3. hæðar húseignarinnar að Laugavegi 116, málningar og viðhalds á gluggum svo og til viðhalds innanhúss.

1.10 Lífeyristryggingar. Heildarframlag nemur 8.669 m.kr. og hækkar um 36% frá fjárlögum 1987. Endurskoðuð áætlun ársins 1987 er um 7.140 m.kr. og er hækkun frá þeirri tölu því um 21%. Miklar breytingar hafa verið gerðar á lífeyrisbótum umfram almennar launahækkanir frá samþykkt fjárlaga 1987 og verður þeirra helstu getið hér. Með reglugerð nr. 211/1987 var full tekjutrygging einstaklinga og hjóna hækkuð um 18,5%. Önnur hækkun var gerð með reglugerð nr. 392/1987 um sérstaka heimilisuppbót sem miðast við lágmarkslaun. Er það í samræmi við stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar um að lágmarksframfærslueyrir einstaklinga með heimilisuppbót skuli ekki vera lægri en lágmarkslaun frá 1. september 1987 að telja. Með reglugerð nr. 170/1987 er kveðið á um sérstaka bifreiðastyrki til handa elli- og örorkulífeyrisþegum. Allar þessar breytingar hafa leitt til umtalsverðrar hækkunar bóta á árinu 1987 umfram forsendur fjárlaga þess árs. Auk þess sem tillit er tekið til þessa í áætlun fyrir árið 1988 er gert ráð fyrir hækkun framlags vegna fæðingarorlofs og fæðingarstyrkja en lög varðandi þessi framlög taka gildi 1. janúar 1988. Útgjaldaaukning á árinu 1988 af þessum sökum er talin verða um 1.100 m.kr. Að öðru leyti er við áætlun fyrir árið 1988 tekið mið af hækkun bóta fyrr á þessu ári ásamt almennum launahækkunum. Gert er ráð fyrir að bótaþegum fjölgi í samræmi við aldurssamsetningu þjóðarinnar og út frá reynslu síðustu ára. Að meðaltali er um 3% fjölgun bótaþega að ræða en hún skiptist misjafnlega á hina ýmsu bótaþætti. Í eftirfarandi yfirliti koma fram áætluð útgjöld lífeyristrygginga sundurliðuð á hina ýmsu bótaþætti ásamt samanburði við fjárlög 1987:

Lífeyristryggingar 1987 og 1988

		Fjárlög 1987 m. kr.	Frumvarp 1988 m. kr.	Breyting m. kr.	Breyting %
	Gjöld	**6.945**	**9.369**	**2.424**	**35**
101–103	Lífeyrir og örorkubætur	5.320	7.365	1.860	35
	Elli- og örorkulífeyrir	2.150	2.650	500	23
	Tekjutrygging	2.245	3.100	855	38
	Uppbót	515	655	140	27
	Heimilisuppbót o.fl.	235	645	410	174
	Örorkustyrkur	175	275	100	57
104	Barnalífeyrir	135	160	25	19
105,107	Ekkju-, ekkla- og makabætur	125	150	25	20
106	Mæðra- og feðralaun	380	480	100	26
108	Fæðingarorlof	330	500	170	52
120	Meðlög	585	700	115	20
171	Vextir	70	54	–16	–23
	Tekjur	**6.945**	**9.369**	**2.424**	**35**
180	Framlög ríkissjóðs	6.360	8.669	2.309	36
181	Meðlög, sveitarfélög	585	700	115	20

Almennar bótahækkanir á árinu 1987 eru eftirfarandi: Frá 1. mars hækkuðu allar bætur um 1,5%, frá 1. júní um 2,85% og áætlað er fyrir 7,23% hækkun bóta frá 1. október. Á árinu 1988 er miðað við sömu forsendur og í hækkun launaliðar frumvarpsins, þ.e.a.s. að bætur hækki um 3% 1. janúar 1988, 2% 1. febrúar og 2% 1. júlí. Hækkanir þessar eru í samræmi við breytingar á almennum kauptöxtum. Auk þess hafa verið gerðar sérstakar breytingar með reglugerðum sem getið er um hér að framan.

1.20 Sjúkratryggingar. Fjárveiting nemur 5.079 m.kr. og skiptist á helstu útgjaldaliði sem hér segir:

Sjúkratryggingar 1987 og 1988

		Fjárlög 1987 m. kr.	Frumvarp 1988 m. kr.	Breyting m. kr.	Breyting %
Gjöld		**5.130**	**6.450**	**1.320**	**26**
301,312	Vistgjöld á sjúkrastofnunum	2.140	2.255	115	5
302	Heimaþjónusta við aldraða	60	105	45	75
303	Hjálpartæki	135	230	95	70
305	Útgjöld skv. 39. gr. tryggingal.	80	140	60	75
310	Lækniskostnaður	550	810	260	47
311	Tannlæknakostnaður	300	410	110	37
313–314	Innlendur og erlendur sjúkrak.	520	790	270	52
315	Lyfjakostnaður	1.130	1.410	280	25
316	Sjúkradagpeningar	145	200	55	38
370	Rekstrarkostnaður	70	100	30	43
Tekjur		**5.130**	**6.450**	**1.320**	**26**
380	Hlutur ríkissjóðs	4.235	5.090	855	20
	Hlutur sveitarfélaga	895	1.360	465	52

Hækkun hinna ýmsu liða er mismunandi mikil. Lítil hækkun á vistgjöldum sjúkrastofnana skýrist af því að í fjárlögum 1987 er áætlað fyrir um 400 m.kr. hallauppgjöri við sjúkrahús sem fá nú beint framlag í fjárlögum í stað daggjalda áður. Ríkissjóður greiddi um 90% þess halla á móti sveitarfélögum og skýrir það einnig hlutfallslega lækkun á hlut ríkissjóðs í framlagi til sjúkratrygginga í heild. Tilfærsla hefur einnig verið gerð á milli ríkis og sveitarfélaga á liðnum heimaþjónusta við aldraða og er nú fyrirhugað að sveitarfélög greiði heimilishjálp að fullu en ríkissjóður heimahjúkrun. Eftirfarandi hækkanir hafa orðið á töxtum rekstrargjalda þeirra hjúkrunarheimila og sjúkrahúsa sem enn fá daggjöld: 1. janúar 1987 varð 3,4% hækkun, 1. mars 1%, 1. apríl 10% og 1. júní varð 4,5% hækkun. Þann 1. október er hækkunin 7,4% og hafa daggjöld því hækkað um tæplega 29% frá upphafi ársins til 1. október 1987. Aðrir útgjaldaþættir sjúkratrygginga hækka í samræmi við almennar launa-, verðlags- og gengisforsendur frumvarpsins auk þess sem tekið er tillit til útkomu ársins 1986 og fyrstu mánaða 1987 hvað aukningu snertir. Mjög mikil aukning er í heimaþjónustu við aldraða og er þá bæði átt við heimahjúkrun og heimilishjálp. Sömuleiðis er mikil aukning í styrkjum til hjálpartækjakaupa og í útgjöldum skv. 39. gr. tryggingalaga en þar vega þyngst framlög vegna sjúkraþjálfunar og greiðslur til rannsóknastofnana. Er þar um að ræða greiðslur fyrir rannsóknir sem aðallega eru unnar fyrir heilsugæslustöðvar og sérfræðinga á rannsóknastofum eins og Rannsóknastofu Háskólans. Verð lyfja hefur hækkað tiltölulega lítið frá miðju ári 1986. Stór hluti lyfjakostnaðar er vegna innfluttra lyfja. Því eru útgjöld þeirra vegna fyrst og fremst háð gengisþróun. Í fjárlögum 1987 var gert ráð fyrir samtals um 150 m.kr. sparnaði á útgjaldaliðunum lyf og læknishjálp. Þessum sparnaði hefur ekki verið náð. Hækkun lyfjakostnaðar og læknisþjónustu í samanburði við fjárlög 1987 er því m.a. vegna þess að tölur í fjárlögum eru of lágar en einnig vegna mikillar aukningar á báðum þessum liðum.

1.30 Slysatryggingar. Útgjöld slysatrygginga eru áætluð 223 m.kr. Innheimta markaðra tekna í ríkissjóð af slysatryggingagjaldi samkvæmt reglugerð nr. 142/1987 er áætluð 223 m.kr. skv. 3. gr. frumvarpsins.

273 Atvinnuleysistryggingasjóður

Framlag til sjóðsins er áætlað 500.000 þús.kr. Samkvæmt lögum skal framlag atvinnurekenda og sveitarfélaga vera jafnhátt en framlag ríkissjóðs tvöfalt hærra en framlag hvors hinna. Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins er framlag atvinnurekenda 200.000 þús.kr. Verður leitað heimildar í frumvarpi til lánsfjárlaga til takmörkunar á framlagi ríkissjóðs þannig að heildarframlag verði ekki hærri fjárhæð en 500.000 þús.kr. á árinu 1987. Skerðingin í heild nemur því 100.000 þús.kr. Tekjur sjóðsins að frátöldum eigin tekjum eru því áætlaðar 700.000 þús.kr. Nánari grein er gerð fyrir fjármálum sjóðsins í greinargerð um B-hluta fyrirtæki og sjóði.

274 Eftirlaunasjóður aldraðra

Framlag til sjóðsins verður 82.950 þús.kr. og hækkar um 44% frá gildandi fjárlögum. Framlagið er í samræmi við ákvæði laga nr. 2/1985, um framlengingu á greiðslum bóta vegna eftirlaunasjóðs aldraðra til ársloka 1989.

301 Landlæknir

Heildarfjárveiting til landlæknisembættisins nemur 18.107 þús.kr. og hækkar frá gildandi fjárlögum um 53%. Nýtt viðfangsefni, *sjúkraflutningaráð*, bætist við frá gildandi fjárlögum. Ráð þetta starfar á vegum landlæknis og er skipað þremur mönnum. Ráðið á að vera ráðgefandi um allt er varðar sjúkraflutninga í landinu og

gera tillögur til ráðherra um veitingu leyfa til sjúkraflutninga. Viðbótarútgjöld vegna þess eru 630 þús.kr. Framlag til *yfirstjórnar* embættisins er miðað við óbreytta starfsemi frá því sem er í gildandi fjárlögum og byggir launatala á 6,25 heimiluðum stöðum. Hækkun annarra gjalda er m.a. vegna uppsetningar og rekstrar innbrotaviðvörunarkerfis og framlag til viðhalds er fyrst og fremst til endurnýjunar á gólfefni.

324 Heyrnar- og talmeinastöð

Framlag til rekstrar nemur 21.882 þús. kr. og hækkar um 33% frá gildandi fjárlögum. Miðað er við óbreytta starfsemi stofnunarinnar og 18 heimiluð stöðugildi. Tilfærslur að fjárhæð 18.400 þús.kr. eru vegna heyrnatækjakaupa einstaklinga.

325 Hollustuvernd ríkisins

Heildarfjárveiting til stofnunarinnar nemur 41.697 þús.kr., þar með er talið framlag til óskipts stofnkostnaðar 2.200 þús.kr. Framlag til rekstrar hækkar um 49% og er að nokkru umfram almennar launa- og verðlagshækkanir. Launagjöld hækka um 50% og er vegna fjölgunar starfsmanna um eina stöðu náttúrufræðings á rannsóknastofu. Heimiluð stöðugildi eru því 24,3 talsins, 5,3 á yfirstjórn, 4 í heilbrigðiseftirliti, 11 á rannsóknarstofu og 4 í mengunarvörnum. Önnur rekstrargjöld en laun hækka umfram verðlag, m.a. vegna rekstrar á stærra húsnæði og nýrra samninga um húsaleigu. Til bráðabirgða er stofnunin nú til húsa í Síðumúla 13 en stefnt er að því að hún flytji í Ármúla 1a. Einnig aukast rekstrargjöld mengunarvarnardeildar vegna aukins reglulegs eftirlits með atvinnurekstri. Á móti er nú í fyrsta sinn áætlað fyrir sértekjum vegna mengunarvarna.

326 Sjónstöð Íslands

Fjárveiting nemur 11.010 þús.kr. og hækkar um 37% frá fjárlögum 1987. Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri og eru heimilaðar stöður við stofnunina 4,5 talsins. Í áætlun um önnur rekstrargjöld er gert ráð fyrir húsaleigu samkvæmt nýjum samningi við Blindrafélag Íslands og gildir hann til loka ársins 1988.

327 Geislavarnir ríkisins

Heildarfjárveiting til rekstrar nemur 5.800 þús.kr. Byggist áætlun á óbreyttum rekstri að öllu leyti nema því að stofnunin flytur í nýtt húsnæði að Laugavegi 118D um næstu áramót. Hækka önnur gjöld vegna þess auk þess sem laun vegna ræstingar hækka. Laun eru áætluð 5.300 þús.kr. og eru stöðuheimildir 3,5 talsins auk einnar tímabundinnar stöðu.

340 Málefni fatlaðra

Tilfærslur undir þessum fjárlagalið eru til þeirra stofnana sem sjá um læknisfræðilega endurhæfingu fatlaðra, sbr. lög nr. 41/1983, um málefni fatlaðra. Heildarframlag er 23.740 þús.kr. og hækkar um 15% frá fjárlögum 1987. Skipting framlagsins og samanburður við fjárlög 1987 kemur fram í eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	6.118	7.040	922	15
Sjálfsbjörg Akureyri	3.871	4.450	579	15
Sumardvalarheimili í Reykjadal	5.759	6.620	861	15
Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands	936	1.080	141	15
Gigtarfélag Íslands	2.497	2.870	373	15
MS-félag Íslands	292	340	48	16
Önnur starfsemi	1.167	1.340	173	15
Samtals	20.640	23.740	3.100	15

350–357 og 359–368 Sjúkrahús

Hér verður fjallað sameiginlega um öll sjúkrahús sveitarfélaga nema Borgarspítalann í Reykjavík og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Öll þessi sjúkrahús fengu í fyrsta sinn fast rekstrarframlag í fjárlögum 1987 nema Sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum og Sólvangur í Hafnarfirði en þau höfðu einnig fast framlag í fjárlögum 1986. Áður höfðu öll þessi sjúkrahús fengið rekstrardaggjald á hvern nýttan legudag. Launaáætlanir fyrir árið 1988 byggjast á heimiluðum stöðufjölda fyrir hvert sjúkrahús að viðbættu álagshlutfalli á föst laun fyrir afleysingar, yfirvinnu, vaktaálag o.s.frv. Hámarksálag á föst laun grunnheimilda er 69% auk launatengdra gjalda. Alls hækka laun um 48% frá fjárlögum 1987. Áætlunin byggist á svo til óbreyttri starfsemi sjúkrahúsanna. Tekið hefur verið tillit til fjölgunar sjúkrarúma á Sjúkrahúsi Patreksfjarðar og Sjúkrahúsi Seyðisfjarðar og fjölgar stöðugildum um fimm í fyrra tilvikinu en um þrjú í því síðara auk hækkunar á öðrum gjöldum. Einnig er fallist á 30% stöðu lyfjafræðings við Sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum. Heimiluð stöðugildi skiptast sem hér segir á sjúkrahús:

Sjúkrahúsið Akranesi	160,0
Sjúkrahúsið Patreksfirði	32,0
Sjúkrahúsið Ísafirði	61,0
Héraðshæli A-Hún., Blönduósi	56,0
Sjúkrahúsið Sauðárkróki	115,0
Sjúkrahúsið Siglufirði	53,0
Sjúkrahúsið Húsavík	91,0
Sjúkrahúsið Seyðisfirði	29,0
Sjúkrahúsið Neskaupstað	58,0
Sjúkrahúsið Egilsstöðum	39,0
Sjúkrahúsið Selfossi	87,0
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	68,3
Sjúkrahúsið Keflavík	66,0
Sólvangur, Hafnarfirði	120,0

Við áætlun annarra gjalda hefur fyrst og fremst verið stuðst við ársreikning ársins 1986 og framlag í fjárlögum 1987. Felur sú áætlun í sér almennt rekstrarviðhald og minni háttar tækjakaup. Í áætlun um önnur gjöld er tekið tillit til væntanlegs flutnings Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði í nýtt húsnæði. Þá hefur reynst nauðsynlegt að endurmeta rekstrargjöld Sjúkrahússins í Keflavík. Áætlun ársins 1987 reyndist ótrygg vegna ófullnægjandi upplýsinga frá sjúkrahúsinu um rekstrargjöld ársins 1985. Undir fjárlagalið 08–381 er óskipt framlag til meiri háttar viðhalds og tækjakaupa þessara

sjúkrahúsa. Mun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sjá um skiptingu þess fjár. Um framlög til stofnkostnaðar við þessi sjúkrahús vísast til umsagnar um fjárlagalið 08–381. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram hvert framlag er til rekstrar hvers sjúkrahúss og samanburður við framlög í fjárlögum 1987.

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Sjúkrahúsið Akranesi	189.915	271.670	81.755	43
Sjúkrahúsið Patreksfirði	34.025	57.763	23.738	70
Sjúkrahúsið Ísafirði	63.250	100.272	37.022	59
Héraðshæli A-Hún. Blönduósi	57.685	74.314	16.629	29
Sjúkrahúsið Sauðárkróki	120.669	172.375	51.706	43
Sjúkrahúsið Siglufirði	58.996	82.796	23.800	40
Sjúkrahúsið Húsavík	102.869	144.345	41.476	40
Sjúkrahúsið Seyðisfirði	33.496	49.972	16.476	49
Sjúkrahúsið Neskaupstað	77.369	104.217	26.848	35
Sjúkrahúsið Egilsstöðum	45.091	62.670	17.579	39
Sjúkrahúsið Selfossi	99.595	131.509	31.914	32
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	85.806	120.008	34.202	40
Sjúkrahúsið Keflavík	74.338	103.074	28.736	39
Sólvangur, Hafnarfirði	103.991	145.460	41.469	40
Samtals	1.147.095	1.620.445	473.350	41

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Heildarframlag til sjúkrahússins er 740.108 þús.kr. Þar af er framlag til rekstrar 678.608 þús.kr. sem hækkar um 44% frá fjárlögum 1987. Hækkun umfram verðlag er m.a. vegna þess ný hjúkrunardeild í Seli var einungis starfrækt hluta árs 1987 en til hennar er nú áætlað til heils árs. Laun eru 507.858 þús.kr. og hækka um 52%. Stöðuheimildir teljast 390 og fjölgar um 5,45 frá fjárlögum 1987. Eru það þrjár stöður hjúkrunarfræðinga, ein staða sérfræðings í kvensjúkdómum, 45% staða yfirlæknis í meinafræði, hálf staða sérfræðings á barnadeild og hálf staða bókasafnsfræðings. Er þess vænst að bókasafn sjúkrahússins nýtist nemendum í hjúkrunarfræði við Háskóla á Akureyri. Auk þessarar fjölgunar er sú breyting viðurkennd að sérfræðingar við háls-, nef- og eyrnadeild og augndeild verði yfirlæknar. Er hér um 70% og 41% stöður að ræða. Smávægilegar aðrar stöðubreytingar eru og gerðar. Hækkun launa vegna þessara breytinga á starfsmannahaldi er um 9.800 þús.kr. Til annarra gjalda eru áætlaðar 226.150 þús.kr. og sértekjur áætlaðar 55.400 þús.kr. Hækkun þessa gjaldaliðar að teknu tilliti til sértekna er 26%. Framlag til meiri háttar viðhalds búnaðar og húseigna er 7.400 þús.kr. en var 6.000 þús.kr. í fjárlögum 1987. Til meiri háttar eignakaupa eru veittar 9.900 þús.kr. samanborið við 8.000 þús.kr. í fjárlögum 1987. Til nýbyggingar sjúkrahússins er 44.200 þús.kr. fjárveiting, en framlag til nýbyggingarinnar var 20.000 þús.kr. í fjárlögum 1987. Framlagið er miðað við nýlega framkvæmdaáætlun við sjúkrahúsið á árunum 1988–1990. Hlutur ríkissjóðs í framkvæmdunum er 85% og skiptist samkvæmt eftirfarandi yfirliti:

Rannsóknadeild	10.180
Röntgendeild	24.565
Loftræstitæki	1.570
Búnaður í slysadeild	1.600
Ýmis lækningatæki	2.120
Flutningur og uppsetning röntgentækja	4.165

Framkvæmdir við röntgendeild, sem alls eru taldar kosta um 50 m.kr., verða unnar á árunum 1987–1989. Samhliða því sem veitt var heimild til útboðs á innréttingum röntgendeildar gáfu heilbrigðis- og fjármálaráðherra út yfirlýsingu þess efnis að Akureyrarkaupstað væri heimilt að taka lán allt að 57,5 m.kr. til nauðsynlegustu tækjakaupa að fenginni heimild í 6. gr. fjárlaga. Ríkissjóður skuldbindur sig til endurgreiðslu þeirra lána, án vaxta, að sínu leyti á árunum 1989–1991. Í 6. gr. frumvarpsins er leitað heimildar til þessarar skuldbindingar af hálfu ríkissjóðs. Um aðra framkvæmdaliði er óþarft að fjölyrða.

371 Ríkisspítalar

Viðfangsefni undir þessum fjárlagalið eru níu talsins eins og í gildandi fjárlögum. Þar af eru þrjú stofnkostnaðarviðfangsefni, eitt viðhaldsviðfangsefni og fimm rekstrarviðfangsefni. Heildarfjárveiting til rekstrar spítalanna nemur 3.675.349 þús.kr. og er það 39% hækkun frá fjárlögum 1987. Verður hér gerð grein fyrir helstu breytingum sem skýra hækkun rekstrargjalda umfram almennar launa- og verðlagsbreytingar og verður fyrst fjallað um laun. Stöðuheimildir eru nú 2.103,4 talsins og eru sjúkraliðanemar og röntgentækninemar taldir með í þeirri tölu. Á föst heimiluð laun er bætt 69% álagi til þess að mæta afleysingum, yfirvinnu o.fl. Auk þess er áætlað fyrir launatengdum gjöldum. Í fjárlögum 1987 eru heimildir 2.045,4 auk 34 nema, eða samtals 2.079,4. Fjölgun er því um 24 stöður og eru það 10 stöður í bráðamóttökudeild, 10 stöður á nýju barnaheimili, 2 stöður á Kristnesspítala og 2 stöður á bókasafni sem áður voru heimilaðar í Hjúkrunarskóla Íslands og er því um tilfærslu að ræða. Hækkun launa vegna þessara nýju staða er um það bil 25.000 þús.kr. Stöðuheimildir skiptast á viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi yfirliti:

Legudeildir, svæfinga- og gjörgæsludeild	966,8
Geðdeild	439,7
Stofnanir öryrkja og þroskaheftra	182,2
Stoðdeildir, rannsóknastofur	230,8
Þjónustudeildir	283,9

Samtals nemur framlag vegna launa 2.678.809 þús.kr. og hækkar um 46% frá gildandi fjárlögum. Önnur gjöld vegna rekstrar nema 1.360.260 þús.kr. og hækka um 27%. Helstu breytingar eru eftirfarandi: Áætlað er fyrir starfsemi unglingageðdeildar allt árið 1988 en áætlað var fyrir átta mánaða starfsemi á árinu 1987. Fyrir rekstri bráðamóttökudeildar er einnig áætlað allt árið 1988 en fjárveiting í fjárlögum 1987 var einungis fyrir rekstri hluta ársins. Nýtt barnaheimili tekur til starfa í lok árs 1987 og er áætlað fyrir fullum rekstri árið 1988. Áætlað er að hjartaskurðaðgerðum fjölgi en þrátt fyrir þessar aðgerðir innanlands virðist lítið draga úr utanferðum til hjartaaðgerða ef miðað er við kostnað sem greiddur er af Tryggingastofnun ríkisins vegna þess. Þá eru aukin útgjöld vegna áhætturannsóknarstofu sem flytur í nýtt húsnæði í Ármúla 1a á árinu 1988. Þá fer ekki hjá því að útgjöld aukist vegna stækkunar húsnæðis ríkisspítala á árinu 1988. Má nefna hluta K-byggingar, Ármúla 1a og Unglingageðdeild að Dalbraut 12, sem var í rekstri hluta árs 1987 eins og áður sagði. Samtals er hækkun rekstrargjalda, annarra en launa, um 27 m.kr. vegna framangreindrar aukningar í rekstri. Sértekjur nema 363.720 þús.kr. og hækka um 49%. Í eftirfarandi töflu sést skipting rekstrarframlags á hvert viðfangsefni og breyting frá fjárlögum 1987:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Legudeildir, svæfinga- og gjörgæsludeild	1.265.299	1.761.954	496.655	39
Geðdeild	434.211	625.248	191.037	44
Stofnanir öryrkja og þroskaheftra	146.266	263.448	117.182	80
Stoðdeildir, rannsóknastofur	210.316	283.820	73.504	35
Þjónustudeildir	597.655	740.879	143.224	24
Samtals	2.653.747	3.675.349	1.021.602	39

Hækkun er mismikil enda um tilfærslur að ræða á milli viðfangsefna og því ekki fyllilega sambærilegt milli ára. Til dæmis var allur matarkostnaður áætlaður á viðfangsefnið *1.50 þjónustudeildir*, við fjárlagagerð 1987 en matargerð á Kópavogshæli var boðin út og fellur sá kostnaður nú á viðfangsefnið *1.30 stofnanir öryrkja og þroskaheftra*. Virðist sú tilhögun, að kaupa matinn utan frá, ekki hafa orðið til þess sparnaðar í rekstri sem vænst var. Til meiri háttar viðhalds eru áætlaðar 43.200 þús.kr., þar af eru um 20.000 þús.kr. til úrbóta í eldvarnamálum spítalanna. Til almennra eignakaupa og lækningatækja eru áætlaðar 71.900 þús.kr. Þar af eru um 23.000 þús.kr. vegna símstöðvar og er það seinni hluti en framlag í fjárlögum 1987 vegna þessa er 12.000 þús.kr. Til framkvæmda á vegum yfirstjórnar mannvirkjagerðar á Landspítalalóð eru ráðgerðar samtals 151,2 m.kr. Þar af eru 4,2 m.kr. vegna lokagreiðslu á geislatæki eða svokölluðum línuhraðli. Tæki þetta kæmi til landsins í maí 1988. Um útboðsverk nr. 3 hefur nú verið samið. Verkið hefst í september 1987 og er áætlað að því ljúki í september 1988. Eru 127,3 m.kr. áætlaðar í það á árinu 1988. Að þessu verki loknu á framkvæmdum við krabbameinslækningahúsnæði í 1. áfanga hússins að vera lokið og aðstaða til starfrækslu að vera fyrir hendi. Til kaupa á ýmsum tækjum og búnaði í hið nýja rými eru áætlaðar 15 m.kr. á árinu 1988 og áframhaldandi fjárveitingar áætlaðar næstu ár á eftir. Þá er miðað við að veittar verði 4,7 m.kr. til stjórnunar og ráðgjafar. Til áframhaldandi framkvæmda í Ármúla 1a, en þangað mun margs konar starfsemi í sviði líf- og veirurannsókna flytja, eru áætlaðar 62,3 m.kr. Lokið er nú að mestu smíði rannsóknastofu fyrir eyðnirannsóknir og veirurannsóknir að hluta. Sömuleiðis er lokið ýmsum nauðsynlegum framkvæmdum fyrir húsið í heild svo sem loftræstikerfi og lyftubúnaður. Fjárveitingin er ætluð til áframhaldandi innréttinga í kjallara og 1. og 2. hæð hússins. Af framlaginu mun um 9 m.kr. fara til þess að greiða fyrir framkvæmdir sem unnar hafa verið á árinu 1987 en ekki er lokið uppgjöri á.

372 Borgarspítalinn í Reykjavík

Heildarfjárveiting til spítalans er 1.692.234 þús.kr. Þar af eru 18.500 þús.kr. vegna stærri viðhaldsverkefna og 30.800 þús.kr. til meiri háttar tækjakaupa. Framlag til rekstrar nemur 1.624.934 þús.kr. Áætlun launa byggir á 1.034 föstum stöðugildum og eru 20 stöður sjúkraliðanema þar meðtaldar. Á föst laun fyrir heimilaðar stöður er 69% álag til að mæta afleysingum, yfirvinnu o.fl. og er auk þess áætlað fyrir launatengdum gjöldum. Stöðugildum fjölgar um 3,5 frá fjárlögum 1987. Eru það ein og hálf staða taugaskurðlæknis, ein staða aðstoðarlæknis á slysadeild og ein staða skrifstofumanns. Framlag til launa nemur alls 1.300.464 þús.kr. og er hækkunin 50% frá fjárlögum 1987. Til annarra gjalda og minni háttar eignakaupa eru áætlaðar 711.890 þús.kr. og sértekjur eru áætlaðar 369.420 þús.kr. Hækkun að teknu tilliti til sértekna er því um 21,5%.

373 St. Jósefsspítali, Landakoti

Framlag til spítalans nemur samtals 811.763 þús.kr. Til rekstrar eru áætlaðar 792.063 þús.kr. sem er hækkun um 41% frá fjárlögum 1987. Laun vegna rekstrar nema 594.453 þús.kr. og hækka um 43%. Byggir áætlunin á föstum launum 450,7 grunnheimilda, 68% álagi auk launatengdra gjalda. Eru 12 stöðugildi sjúkraliðanema meðtalin auk 36,7 heimilda í hjúkrunardeild í Hafnarbúðum. Samsvarandi tala í fjárlögum 1987 er 446,7. Fjölgar stöðuheimildum því um fjögur og eru það þrjár stöður fóstra frá miðju ári 1988 og ein staða umsjónarmanns við birgðastöð allt árið. Hækka laun um 2.500 þús. kr. vegna þessara nýju staða. Auk launa grunnheimilda er áætlað fyrir verk- og lífeyrisgreiðslum til 32 sérfræðinga en þeir teljast 31 í fjárlögum 1987. Ekki er áætlað fyrir öðrum greiðslum til lækna. Önnur gjöld vegna rekstrar eru 290.800 þús.kr. og hækka um 39% frá gildandi fjárlögum. Hækkun umfram verðlag skýrist m.a. af því að rekstrarkostnaður Hafnarbúða hefur verið meiri en áætlað var fyrir í fjárlögum 1987. Sértekjur eru áætlaðar 93.190 þús.kr. Til meiri háttar viðhalds eru áætlaðar 7.400 þús.kr. og til ýmissa meiri háttar eignakaupa 12.300 þús.kr.

378 Læknishéraðasjóður

Framlag í sjóðinn er 4.000 þús.kr. en var 1.000 þús.kr. í fjárlögum 1987. Samkvæmt lögum skal hlutverk sjóðsins vera að bæta heilbrigðisþjónustu í dreifbýli með þeim ráðum sem tiltæk eru hverju sinni. Á undanförnum árum hafa styrkir úr sjóðnum aðallega verið notaðir til tækjakaupa og tölvuvæðingar á heilsugæslustöðvum.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Viðfangsefni á þessum fjárlagalið eru fimm talsins. Styrkir til rekstrar heilsuverndarstöðva eru áætlaðir 17.336 þús.kr. og fara aðallega til uppgjörs við Reykjavíkurborg vegna reksturs Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg. Nýtt viðfangsefni, *viðhald sjúkrahúsa, óskipt*, er tekið upp og er framlagið 18.500 þús.kr. Framlagið er ætlað til ýmissa stærri viðhaldsverkefna hjá þeim sjúkrahúsum sem upp eru talin og um er fjallað undir fjárlagaliðum 08-350-357 og 359-368. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti mun skipta þessum lið og leggja mat á hvaða verkefni þurfi að njóta forgangs. Framlög til stofnkostnaðarverkefna eru 199.000 þús.kr. Þar af er styrkur til sjúkrahúss St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi 9.000 þús.kr. en samsvarandi styrkur er 8.500 þús.kr. í fjárlögum 1987. Önnur framlög undir viðfangsefnum 6.60 og 6.90 eru til sjúkrahúsa sveitarfélaga, heilsugæslustöðva og læknisbústaða. Framsetningu er nú breytt þannig að í þessu frumvarpi er sérgreint framlag til tækjakaupa en í fjárlögum undanfarinna ára hefur ekki verið greint á milli tækjakaupa, t.d. í eldri byggingar og raunverulegra nýframkvæmda. Til hvers konar tækjakaupa, þ.m.t. röntgentæki og tannlæknatæki, eru ætlaðar 30.000 þús.kr. Hér er tekið tillit til yfirlýsingar fjármálaráðherra um uppgjör á tannlæknatækjum sem keypt voru til heilsugæslustöðvar á Dalvík á árinu 1987. Á viðfangsefninu *bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða* eru nú ætlaðar 160.000 þús.kr. samanborið við 177.280 þús.kr. 1987. Fjárveitinganefnd mun að venju skipta þessum lið á einstök verkefni, en í sérstöku fylgiskjali er gefið yfirlit um allar framkvæmdir við heilbrigðisstofnanir sem unnið er að á vegum Framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins. Þar kemur fram að um 80 m.kr. eru bundnar í samningsverkum á árinu 1988.

385 Framkvæmdasjóður aldraðra

Framlag til Framkvæmdasjóðs aldraðra nemur 160.000 þús.kr. en var 140.000 þús.kr. í fjárlögum 1987. Miðað er við að innkomið gjald í sjóðinn nemi 160.000 þús.kr. en

þetta gjald verður lagt á launaskattsgreiðendur sem hluti af álagningu við staðgreiðslu skatta og er fjallað um það á öðrum stað í frumvarpinu. Gildistími þess ákvæðis í lögum um málefni aldraðra er varða sérstakt gjald til fjármögnunar Framkvæmdasjóðs aldraða rennur út í lok árs 1987.

391 Heilsugæslustöðvar

Heildarfjárveiting er 360.928 þús.kr., þar af eru 14.800 þús.kr. til viðhalds heilsugæslustöðva. Til rekstrar eru áætlaðar 346.128 þús.kr. sem er 46% hækkun frá fjárlögum 1987. Hækkun umfram almennar launa- og verðlagshækkanir skýrast m.a. af eftirfarandi: Áætlað er fyrir 120 stöðum lækna en þær voru 117 í fjárlögum 1987. Stöður þessar eru á Patreksfirði, Seltjarnarnesi og Neskaupstað, ein á hverjum stað. Fimm nýjar stöður hjúkrunarfræðinga bætast einnig við. Þar af er ein staða á Neskaupstað og önnur í Keflavík. Sín hvor hálf staðan er á Húsavík og Eskifirði og tvær eru til ráðstöfunar síðar. Samtals er því áætlað fyrir 221,4 stöðum á heilsugæslustöðvum, 120 stöðum lækna og 131,4 stöðum hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra. Hækka launagjöld um tæplega 9.000 þús.kr. vegna þessa. Önnur gjöld eru fyrst og fremst kostnaður við námsferðir lækna svo og ferðakostnaður innanlands í tengslum við starfið. Báðir þessir liðir hafa hækkað mikið á undanförnum árum enda er hér um kjaramál að ræða. Viðhaldsfénu mun ráðuneytið sem hingað til skipta til brýnustu verkefna. Áform eru uppi um að á vegum ráðuneytis og Framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins verði hafið eftirlit með og gerð áætlun um viðhald bygginga heilbrigðisstofnana í eigu ríkis og sveitarfélaga.

395 Lyfjamál

Heildarframlög til þessara mála eru 4.854 þús.kr. sem er 52% hækkun frá framlagi í fjárlögum 1987. Helstu breytingar eru vegna flutnings Lyfjanefndar, Lyfjaverðlagsnefndar og Lyfjaeftirlits ríkisins úr húsnæði ráðuneytisins að Laugavegi 116 í sérstakt húsnæði að Eiðsgranda 15. Vegna þessa flutnings er framlag til ljósritunarvélar, nýs símakerfis og almenns skrifstofubúnaðar alls 2.500 þús.kr. Önnur gjöld hækka nokkuð vegna nýja húsnæðisins. Einnig er hækkun vegna starfsemi sérlyfjaeftirlits en sértekjur aukast á móti. Hækkun launagjalda umfram almennar launahækkanir skýrist fyrst og fremst af nýrri stöðu lyfjafræðings í Lyfjanefnd og eru 1.300 þús.kr. ætlaðar vegna þess.

399 Heilbrigðismál, ýmis framlög

Í eftirfarandi yfirliti kemur fram skipting fjárveitingar þessa fjárlagaliðar og samanburður við fjárlög 1987. Viðfangsefnum hefur fækkað en umtalsverð hækkun hefur orðið á nokkrum liðum. Mest er hækkunin á framlagi til Krabbameinsfélags Íslands og er sú hækkun í samræmi við samning sem gerður var um þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við skipulega leit að leghálss- og brjóstakrabbameini. Framlag í frumvarpinu samsvarar um 19000 leghálsskoðunum og um 12000 brjóstaskoðunum. Hækkun framlags vegna eyðni er einnig mikil eða um 88% og framlag vegna kostnaðar við lög um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi hækkar einnig umtalsvert. Á viðfangsefni *1.90 Ýmis framlög* er áætlað fyrir 9.000 þús. kr. greiðslu til Norræna heilsugæsluskólans. Þar af eru um 4.500 þús.kr. vegna skuldar sem myndast hefur vegna þátttöku íslenskra heilbrigðisstétta á undanförnum árum. Að öðru leyti eru af þessum lið greidd ýmis útgjöld svo sem styrkir til félagasamtaka og ýmis óvænt útgjöld.

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Eiturefnanefnd	1.190	1.551	361	30
Daggjaldanefnd	1.456	2.107	651	45
Manneldisráð	875	–	-875	.
Áfengis- og fíkniefnanefnd	235	–	-235	.
Krabbameinsfélag Íslands	23.000	50.400	27.400	119
Minningarsjóður Landspítalans	3.000	3.070	70	2
Hjartavernd, Mónica-rannsóknir	1.000	1.640	640	64
Hjartavernd	4.900	5.640	740	15
Norrænt átak gegn krabbameini	1.050	–	-1.050	.
Kostnaður vegna laga nr. 25/1975	826	1.071	245	30
Atvinnusjúkdómar	150	–	-150	.
Kostnaður skv. lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	8.560	17.090	8.530	100
Matvælarannsóknir	288	–	-288	-100
Tóbaksvarnir	4.000	4.600	600	15
Ljósmæðralaun	1.900	1.664	-236	-12
Heilbrigðisáætlun	2.334	–	-2.334	.
Ýmis framlög	7.002	14.950	7.948	114
Kvartananefnd	176	40	-136	-77
Kynsjúkdómar, eyðni	5.350	10.080	4.730	88
Samtals	67.292	113.903	46.611	69

471 Gæsluvistarsjóður, framlag

Þrjú viðfangsefni eru undir þessum fjárlagalið. Framlag til Gæsluvistarsjóðs nemur 6.900 þús. kr. en var 4.500 þús.kr. í fjárlögum 1987. Styrkur til Verndar er 1.150 þús.kr. en var 1.000 þús.kr. í fjárlögum 1987. Loks er byggingarstyrkur til Samtaka áhugamanna um áfengisvandamálið sem nemur 15.000 þús.kr. Samtökin eiga í fjárhagsörðugleikum vegna nýframkvæmda sem ráðist hefur verið í á undanförnum árum. Ætlunin er að veita 15.000 þús.kr. framlag næstu fjögur ár til byggingarframkvæmda sjúkrastöðvar samtakanna í Grafarvogi.

481 Bindindisstarfsemi

Framlag til þessara mála lækkar frá fjárlögum 1987. Ekki er áætlað fyrir neinni starfsemi Áfengisvarna og er framlag einungis miðað við samningsbundnar launagreiðslur. Styrkur til Stórstúku Íslands er 580 þús.kr. en var 500 þús.kr. í fjárlögum 1987.

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld til helstu málefnaflokka fjármálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	97.232	134.582	37.350	38
Toll-og skattheimta	443.484	788.328	344.844	78
Lífeyrissjóðir, styrktarfé o.fl.	527.101	861.063	333.962	63
Annað	1.570.726	806.023	-764.703	-49
Samtals	2.638.543	2.589.996	-48.547	-2
Þar af markaður tekjustofn	45.000	155.000	110.000	244

Markaður tekjustofn fjármálaráðuneytisins er áhættugjald vegna ríkisábyrgða sem rennur til Ríkisábyrgðasjóðs. Hækkun er vegna ákvæða í bráðabirgðalögum nr. 68/1987 um ráðstafanir í fjármálum þar sem álagningu um ríkisábyrgðargjald er breytt. Nú verður fjallað um breytingar á fjárveitingum til stofnana og viðfangsefna ráðuneytisins.

101 Hið almenna ráðuneyti

Á undanförnum árum hafa útgjöld vegna starfsemi launadeildar fjármálaráðuneytis ekki verið aðgreind frá starfsemi yfirstjórnar þess. Nú hefur verið ákveðið að gera þá breytingu að telja aðeins til aðalskrifstofu ráðuneytisins þau útgjöld sem beinlínis snerta starfsemi þess en stofna nýjan fjárlagalið, *09-102 Launaskrifstofa ríkisins*, þar sem færð verða til gjalda öll útgjöld er varða launamálarekstur ríkisins. Þá ber að hafa í huga að launaskrifstofan er að mjög miklu leyti þjónustuaðili fyrir ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki. Hjá aðalskrifstofu er miðað við 22 starfsmenn í föstum stöðum auk þess sem áætlað er fyrir jafngildi liðlega þriggja ársverka í aðkeyptum verkefnum. Launagjöld nema því alls 30.446 þús.kr. Stór hluti annarra gjalda en launa hefur verið vegna launabókhaldsins og flyst nú á lið launaskrifstofunnar. Til greiðslu annarra gjalda eru á þessum fjárlagalið áætlaðar 11.040 þús.kr. Þess ber að geta að nú er unnið að athugun á úrvinnslukerfi fyrir tekjuáætlun ríkissjóðs auk þess sem stefnt er að því að efla eftirlit með starfsmannahaldi ríkisins. Um þetta má einnig lesa í athugasemd undir fjárlagalið *15-101 Fjárlaga- og hagsýslustofnun*.

102 Launaskrifstofa ríkisins

Hér er um að ræða nýjan fjárlagalið, sbr. skýringar hér að ofan. Á hann gjaldfærast útgjöld vegna launaafgreiðslu ríkisins en þau voru áður færð með útgjöldum aðalskrifstofu fjármálaráðuneytisins undir fjárlagalið 09-101. Á launaskrifstofunni eru alls 26 starfsmenn og eru launagjöld áætluð 29.480 þús.kr. en önnur rekstrargjöld 4.630 þús.kr. Framlag til þessa nýja fjárlagaliðar verður því 34.110 þús.kr. og byggir á forsendu um óbreytta starfsemi.

103 Ríkisbókhald

Fjárveiting til ríkisbókhalds lækkar um 3.693 þús.kr. eða 10% vegnar hækkunar sértekna. Þjónustutekjur af bókhaldskerfi ríkisins voru áætlaðar 12.626 þús.kr. í fjárlögum 1987 en eru nú taldar verða 32.750 þús.kr. Rekstur stofnunarinnar er efnislega óbreyttur milli ára. Þess ber þó að geta að nú er áætlað fyrir launum fjögurra lausráðinna starfsmanna, 2.500 þús.kr. Þessir starfsmenn hafa verið í starfi hjá embættinu án þess að áætlað hafi verið fyrir launum þeirra. Föst stöðugildi eru 26,5 sem fyrr. Launagjöld hækka um 42%. Önnur rekstrargjöld hækka um 25% og verða 27.740 þús.kr. Rekstrargjöld alls hækka því um 34% frá fjárlögum 1987 en framlag ríkissjóðs verður 31.670 þús.kr.

104 Ríkisfjárhirsla

Framlag til embættis ríkisféhirðis hækkar úr 11.748 þús.kr. í 18.209 þús.kr. eða um 55%. Launagjöld hækka um 42% og verða 11.689 þús.kr. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka hins vegar um 56% og verða 5.520 þús.kr. Ástæða hækkunar umfram verðlag er aukin verkefni, m.a. við innheimtur og eftirlit með útistandandi kröfum ríkissjóðs. Þá mun stofnunin tengjast bókhaldskerfi ríkisins og er áætlaður stofnkostnaður 1.000 þús.kr. vegna þessa. Fastar stöður eru sem fyrr 8,17 og lausráðnir starfsmenn eru í 1,33 stöðugildi.

105 Ríkislögmaður

Embætti ríkislögmanns var stofnað með lögum nr. 51/1985 og hefur því starfað í þrjú ár. Nú hækkar framlag úr 4.881 í 9.107 þús.kr. eða um 87%. Launagjöld hækka um 44% í 6.167 en föstum stöðugildum hefur fjölgað um eitt. Heimiluð hefur verið staða ólöglærðs fulltrúa til viðbótar þeim þremur stöðum sem fyrir eru. Hér er ekki um aukin útgjöld að ræða þar sem áætlað var fyrir starfsmanni á öðrum dagvinnulaunum í fjárlögum í 1987. Önnur gjöld hækka úr 584 í 2.940 þús.kr. og er meginástæðan að 1.890 þús.kr. hafa verið fluttar til ríkislögmanns af viðfangsefninu *dómkröfur og málskostnaður* á fjárlagaliðnum *09-999 Ýmislegt.*

201 Ríkisskattstjóri

Framlag nemur alls 101.175 þús.kr. eða 75% hærri fjárhæð en í fjárlögum 1987 og er meginástæðan fjölgun starfsmanna. Fyrirhugað er að bæta við 10 starfsmönnum vegna laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Fjórar stöður til viðbótar voru samþykktar við afgreiðslu fjárlaga 1987 og eru fastar stöður nú alls 49,5 auk 12 lausráðinna starfsmanna. Laun hækka vegna þessa í kringum 21.000 þús.kr. Launagjöld hækka alls um 40.122 þús.kr eða 87% en önnur rekstrargjöld taka almennum verðhækkunum og verða 13.820 þús.kr.

202-211 Skattstofur

Heildarframlag til skattstofanna nemur 220.841 þús.kr. og hækkar um 64.990 þús.kr. eða 42% frá fjárlögum 1987. Staðgreiðslukerfi beinna skatta kemur til framkvæmda í ársbyrjun 1988. Hefur það í för með sér breytingar og veldur auknu álagi á skattstofur á árinu 1988. Því er áætlað fyrir viðbótarkostnaði vegna laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Hann er gjaldfærður á fjárlagaliðnum *09-212 Skattstofur, sameiginleg útgjöld* en áætlanir einstakra skattstofa eru að svo komnu miðaðar við sem næst óbreytta starfsemi. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram skipting heildarframlagsins á einstakar skattstofur:

	Fjöldi stöðugilda	1987 þús.kr.	1988 þús.kr.	Breyting þús.kr.	%
Skattstofan í Reykjavík	72	63.635	87.273	23.638	37
Skattstofa Vesturlands	9	9.873	13.760	3.887	39
Skattstofa Vestfjarða	5	7.177	10.173	2.996	42
Skattstofa Norðurlands vestra	7,5	8.106	11.912	3.806	47
Skattstofa Norðurlands eystra	17	17.221	25.268	8.047	47
Skattstofa Austurlands	8,5	10.320	14.766	4.446	43
Skattstofa Suðurlands	9	9.856	14.094	4.238	43
Skattstofa Vestmannaeyja	4	4.258	6.373	2.115	50
Skattstofa Reykjaness	30,6	25.405	37.222	11.817	47
Samtals	162,60	155.851	220.841	64.990	42

Heimiluð stöðugildi á föstum launum eru alls 160,27 að meðtalinni hálfri nýrri stöðu á *Skattstofu Norðurlands vestra* sem áður var lausráðið í. Aðrar breytingar hjá skattstofunum eru þær að *Skattstofa Vestfjarða* flyst í nýtt húsnæði í stjórnsýsluhúsi á Ísafirði og vegna þess er veitt framlag til kaupa á húsbúnaði að fjárhæð 900 þús.kr. Þá aukast rekstrargjöld önnur en launagjöld hjá *Skattstofu Norðurlands vestra* meir en hjá öðrum skattstofum vegna þess að húsaleiga er þar nýr kostnaðarliður.

212 Skattstofur, sameiginleg útgjöld

Framlag á þessum lið nemur alls 170.517 þús.kr. borið saman við 39.748 þús.kr. í fjárlögum 1987. Af þessum fjárlagalið hefur á undanförnum árum verið greiddur kostnaður við árlega prentun á framtalsgögnum, tölvuvinnslu skattálagningar og fleira sem er sameiginlegt fyrir skattakerfið. Þessi útgjöld hafa farið um viðfangsefnið *1.01 Skattstofur, sameiginleg útgjöld*. Miklar breytingar á skattakerfinu krefjast vandaðs undirbúnings og markvissrar framkvæmdar. Því er nú talið afar brýnt að ætla nokkurt fé og starfsmenn til undirbúnings þessu máli. Á viðfangsefnið *staðgreiðslukerfi skatta* eru færðar alls 40.037 þús.kr. Launafjárhæðin er miðuð við 10 árslaun sem að einhverju marki kann að flytjast á skattstofurnar. Þá eru ætlaðar 25.200 þús.kr. til undirbúnings þessa máls, svo sem kynningar fyrir almenning, gerð skattkorta o.fl. Hið nýja kerfi krefst reglubundins eftirlits með skilum fyrirtækja á þeim sköttum sem af launþegum eru teknir. Því er nú ætluð nokkur fjárhæð, eða 14.800 þús.kr., til tölvukaupa og annars vélbúnaðar í tengslum við það. Í ársbyrjun 1989 er miðað að upptöku virðisaukaskatts. Til þess að undirbúa það er nú áætlað fyrir sem nemur 20 ársverkum og tæplega 40.000 þús.kr. til þess að kosta undirbúning málsins. Þá er þess að geta að fjölmörg verkefni á skattasviðinu bíða nú úrlausnar og er óvarlegt að áætla ekki fé til nauðsynlegs undirbúnings.

261 Tollstjórinn í Reykjavík

Ný tollalög tóku gildi 1. september 1987 er hafa ýmsar breytingar í för með sér á framkvæmd tollamála. Stofnað hefur verið embætti ríkistollstjóra sem tollstjórinn í Reykjavík gegnir nú að skipan fjármálaráðherra. Um áramót mun nýtt skipulag hafa tekið gildi þar sem dregin eru skörp skil milli ríkistollstjóraembættisins og tollstjórans í Reykjavík. Við ríkistollstjóraembættið munu starfa Tollgæsla Íslands, endurskoðunardeild og deild er annast framkvæmd tolllöggjafarinnar. Undir tollstjóranum í Reykjavík verða deildir er annast tollmeðferð vöru í tollumdæminu og innheimtu á gjöldum og sköttum. Jafnframt mun um næstu áramót verða tekið í notkun tölvuvætt tollafgreiðslukerfi til einföldunar á meðferð tollskjala. Í samræmi við nefndar lagabreytingar starfa nú fimm menn við tollendurskoðun undir tollstjóranum í Reykjavík sem áður voru starfsmenn við *Ríkisendurskoðun*. Að auki flytjast verkefni frá *fjármálaráðuneytinu* og *Hagstofu Íslands* til embættisins en ekkert liggur fyrir um áhrif þess á tilfærslur í starfsmannahaldi. Í sérstökum verkefnum eru þá 8 starfsmenn en fastráðnir starfsmenn eru 65. Viðbúið er að breytingar á starfsmannahaldi verði nauðsynlegar þegar reynsla er komin á hið nýja fyrirkomulag. Fjárveiting til embættisins verður 103.152 þús.kr. eða 79% hærri en í fjárlögum 1987. Launagjöld hækka 51%, sem er umfram almennar launaforsendur, vegna tilflutnings starfsmanna til embættisins, sbr. það sem að ofan segir. Önnur rekstrargjöld hækka af sömu ástæðu úr 14.938 í 33.890 þús.kr. Munar þar mest um nýjan kostnaðarlið sem er áætlun vegna tölvuvinnslu tollafgreiðslu, samtals 8.800 þús.kr. Einnig er mikil hækkun á húsaleigu í Tollstöðvarhúsi. Þessi atriði skýra bróðurpartinn af hækkun annarra rekstrargjalda umfram almennar verðlagshækkanir. Fjárveiting til aðstöðubreytingar er 6.000 þús.kr. Fyrir afgreiðslu fjárlaga mun gerð tillaga um breytta framsetningu á fjárlagaliðum 09-261 og 09-263 í samræmi við nýtt skipulag.

263 Tollgæsla

Framlag ríkissjóðs nemur 122.851 þús.kr. og hækkar um 59% frá fjárlögum 1987. Launagjöld hækka um 64% og verða 108.551 þús.kr. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka úr 14.641 í 18.800 þús.kr. eða um 28%. Hækkun launa umfram almennar

hækkanir stafar aðallega af kjarasamningum undir lok árs 1986 sem ekki voru með í launaforsendum fjárlaga 1987. Auk þess hækka laun sem nemur 1.200 þús.kr. vegna fjölgunar lausráðinna um tvo. Starfsmenn tollgæslunnar eru alls 77 á föstum launum en lausráðnir eru nú þrír. Fjárveitingu til stofnkostnaðar að fjárhæð 1.400 þús.kr. verður varið til endurnýjunar á bifreið og til kaupa á húsbúnaði. Tollgæslan er nú sýnd sem sérstakur fjárlagaliður en samhliða breytingum sem skýrðar eru undir fjárlagalið 09-261 kann það að breytast fyrir afgreiðslu fjárlaga.

282 Tollamál

Þessi fjárlagaliður skiptist í tvö viðfangsefni. Fjárveiting til *sameiginlegs kostnaðar* verður 8.510 þús.kr. sem er hækkun um 28% frá fjárlögum 1987. Af þessum lið er kostuð ýmiss konar kynningar- og útgáfustarfsemi auk vinnu við endurskoðun tollskrár. Framlag til *tölvuvæðingar* verður 7.400 þús.kr. eða 1.750 þús.kr. hærra en í fjárlögum 1987. Þetta framlag er ætlað til tölvuvæðingar tollafgreiðslu en að því verkefni hefur verið unnið undanfarið og er hluti af heildarendurskipulagningu tollamála.

381 Uppbætur á lífeyri

Útgjöld ríkissjóðs vegna uppbóta á lífeyri eru áætluð 861.063 þús.kr. eða 63% hærri fjárhæð en í fjárlögum 1987. Á síðari árum hefur þessi útgjaldaliður ríkissjóðs aukist allmjög. Nú er tvennt sem skýrir hækkun umfram hækkun launa. Hið fyrra er að á síðustu tveimur til þremur árum hefur farið fram endurmat á lífeyrisréttindum fjölmargra félaga í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Þetta endurmat hefur leitt af sér hærri framlög til sjóðsins. Í annan stað er nú áætlað fyrir verðbótum vegna skuldbindinga ríkissjóðs við starfsfólk Útvegsbankans. Áætluð aukning útgjalda vegna þessa nemur 34.900 þús.kr.

402 Fasteignamat ríkisins

Unnið er að úttekt á Fasteignamati ríkisins í samvinnu fjárlaga- og hagsýslustofnunar, fasteignamatsins og fjármálaráðuneytisins. Gert er ráð fyrir að henni verði lokið ekki síðar en á miðju næsta ári. Launagjöld alls nema 37.956 þús.kr. og hækka um 45%. Hækkun umfram launaforsendur stafar af fjölgun lausráðinna starfsmanna um tvo, þ.e. tölvunarfræðing og tölvuritara í tölvudeild. Heimilar stöður á föstum launum verða áfram 28,5 auk þess sem áætlað er fyrir sem nemur sjö árslaunum lausráðinna manna. Önnur rekstrargjöld hækka um 38% eða úr 15.151 í 20.970 þús.kr. Ástæða hækkunar umfram almennt verðlag er að áætlun styðst við niðurstöðu reiknings 1986 annars vegar og hins vegar vegna samstarfssamnings milli Fasteignamats ríkisins, Húsnæðisstofnunar ríkisins og Þjóðhagsstofnunar. Um er að ræða kostnað vegna samræmingar á gagnasöfnun um fasteignamál sem sameiginleg er þessum stofnunum. Sértekjur aukast um 52% og nema alls 27.770 þús.kr. Til eignakaupa eru ætlaðar 3.700 þús.kr. sem skiptast þannig að 3.100 þús.kr. eru til kaupa á gagnavinnslubúnaði en 600 þús.kr. til kaupa á skrifstofuáhöldum.

481 Útgjöld skv. sérstökum heimildarlögum

Undir þessum fjárlagalið er áætlað fyrir útgjöldum ríkissjóðs vegna heimildarákvæða samkvæmt 6. grein frumvarpsins svo og útgjöldum sem ríkissjóði er gert að inna af hendi samkvæmt ýmsum sérlögum en ekki var hægt að sjá fyrir við samningu fjárlagafrumvarps eða afgreiðslu fjárlaga. Framlag er áætlað 150.000 þús.kr. en var 120.000 þús.kr. í fjárlögum 1987.

901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins

Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins starfar samkvæmt lögum nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda. Stofnunin annast eftirlit með verklegum framkvæmdum og undirbýr verkútboð og gerð verksamninga. Unnið hefur verið að endurskipulagningu starfseminnar á árinu 1987. Samþykkt hefur verið nýtt skipurit fyrir stofnunina og gefnar út starfslýsingar. Á miðju ári 1988 verður hið nýja skipulag síðan endurskoðað í ljósi reynslu. Föstum stöðum hjá stofnuninni hefur verið fækkað um tvær, úr sextán í fjórtán. Áætluð rekstrargjöld hjá stofnuninni eru 31.674 þús.kr. en sértekjur hennar eru jafnháar. Fjárveiting til viðhalds er 1.000 þús.kr. vegna lagfæringar á húsnæði stofnunarinnar í Borgartúni 7 og veittar eru 1.500 þús.kr. til kaupa á skrifstofubúnaði ýmiss konar. Nú er unnið að fjárhagsuppgjöri og skilagrein um fjölmargar opinberar byggingar undir eftirliti framkvæmdadeildar, sbr. fylgiskjal 1 með frumvarpinu.

971 Ríkisábyrgðasjóður

Framlag til Ríkisábyrgðasjóðs á árinu 1988 nemur alls 200.000 þús.kr. Þar af er áhættugjald ríkisábyrgða 155.000 þús.kr. en það er markaður tekjustofn sjóðsins. Með lögum nr. 68/1987, um ráðstafanir í fjármálum, er þessu gjaldi breytt þannig að nú skal greitt 1,5% af ábyrgðarupphæð í áhættugjald af einfaldri ábyrgð ríkissjóðs og 2,0% af sjálfskuldarábyrgð. Auk þess skulu aðilar, er njóta lögum samkvæmt ábyrgðar ríkissjóðs, greiða 0,0625% ábyrgðargjald til ríkissjóðs af skuldbindingum sínum í erlendum gjaldeyri.

981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Þessi fjárlagaliður skiptist í þrjú stofnkostnaðarviðfangsefni. Til framkvæmda við *Laugaveg 166* er áformað að verja 37.000 þús.kr. en ákveðið er að ríkisskattstjóraembættið flytji í húsið í áföngum. Brýnt er talið að bæta og auka aðstöðu ríkisskattstjóraembættisins vegna upptöku staðgreiðslukerfis skatta og undirbúnings og framkvæmdar virðisaukaskattsins. Tvær neðstu hæðirnar eru ætlaðar Námsgagnastofnun. Eignarhlutur ríkisins í *stjórnsýsluhúsi á Ísafirði* verður 33-34%. Nú er í byggingu þriðji áfangi og er fjárþörf ríkissjóðs vegna hans talin alls 43.200 þús.kr. Í húsinu verða m.a. skrifstofa bæjarfógeta, skattstofa, lögreglustöð og fulltrúi verðlagsstjóra. Þriðja framlagið, 25.000 þús.kr. er til byggingarframkvæmda á *Sölvhólsgötu 7*. Ráðgert er að byggja við húsið sem er í eigu ríkissjóðs. Fjármálaráðuneytið hyggst nýta viðbótarhúsrýmið fyrir ýmsar stofnanir sem undir ráðuneytið heyra.

989 Launa-og verðlagsmál

Þessi fjárlagaliður var áætlaður 1.100.000 þús.kr. í fjárlögum 1987. Liðurinn fellur nú brott þar sem samningsbundnar launahækkanir við ríkisstarfsmenn koma til gjalda hjá einstökum stofnunum.

999 Ýmislegt

Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram skipting fjárveitingar á einstök viðfangsefni:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Símakostnaður og burðargjöld	19.927	28.871	8.944	45
Skýrsluvélakostnaður vegna launagreiðslna	23.644	34.610	10.966	46
Skýrsluvélakostnaður vegna tekjubókhalds	30.697	41.080	10.383	34
Kjarasamningar	1.534	1.840	306	20
Tryggingabætur skv. kjarasamningum	819	1.510	691	84
Kjararannsóknir	233	290	57	24
Bókhaldskerfi ríkisins	1.757	1.260	-497	-28
Ýmis sameiginlegur kostnaður	11.113	14.650	3.537	32
Til blaðanna, að fengnum tillögum stjórnskipaðrar nefndar	21.840	26.140	4.300	20
Lífeyrissjóðir sjómanna	724	900	176	24
Lífeyrissjóður bænda	33.843	57.780	23.937	71
Milliþinganefndir	117	170	53	45
Dómkröfur og málskostnaður	5.859	8.190	2.331	40
Ýmis innheimtukostnaður	17.106	20.650	3.544	21
Þungaskattsálagning með ökumælum	1.502	2.006	504	34
Endurgreiðsla söluskatts vegna snjómoksturs	12.000	–	-12.000	.
Til útgáfumála skv. ákvörðun þingflokka	11.760	13.520	1.760	15
Óviss útgjöld	10.000	40.000	30.000	300
Símstöð	–	20.000	20.000	.
Samtals	204.475	313.467	108.992	53

Helstu breytingar sem vert er að nefna eru þessar: Í fyrsta lagi er lagt til að 20.000 þús.kr. verði varið til kaupa á *símstöð* fyrir Stjórnarráðið. Um nokkurt skeið hefur þetta mál verið í athugun og tæknilegar lausnir eru nú til reiðu. Það er talið til hagræðis fyrir þá sem til Stjórnarráðsins þurfa að leita að öll ráðuneyti verði tengd einu sameiginlegu símakerfi. Í öðru lagi verður felld niður *endurgreiðsla söluskatts vegna snjómoksturs* sem var 12.000 þús.kr. í fjárlögum 1987. Þetta kemur til af breyttum reglum um söluskattsskylda starfsemi, sbr. það sem segir um söluskattsbreytingar. Í þriðja lagi hækkar framlag vegna *óvissra útgjalda* úr 10.000 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 40.000 þús.kr. Árlega hefur sýnt sig að óvænt útgjöld, sem ekki var hægt að sjá fyrir, falla til og ríkissjóði er ótvírætt gert að greiða. Í fjórða lagi flyst hluti fjárveitingar vegna *dómkrafna og málskostnaðar* til embættis ríkislögmanns eða sem nemur 1.850 þús.kr. Í fimmta og síðasta lagi má nefna að framlag til *lífeyrissjóðs bænda* nemur 57.780 þús.kr. og er það áætlað samkvæmt ákvæðum 24. gr. laga nr. 50/1984 og 4. gr. laga nr. 20/1985.

10 Samgönguráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka þessa ráðuneytis breytast milli ára eins og meðfylgjandi yfirlit sýnir:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	23.658	34.160	10.502	44
Póst- og símamál	110.000	112.700	2.700	2
Vegamál	2.150.000	2.850.015	700.015	33
Önnur samgöngumál	1.160.834	1.324.094	163.260	14
Samtals	3.444.492	4.320.969	876.477	25
Þar af markaðir tekjustofnar	2.296.700	2.948.200	821.700	36

Tekjur af mörkuðum tekjustofnum samgönguráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir: Tekjur af þungaskatti hækka úr 700.000 þús.kr. í 900.000 þús.kr. Tekjur af innflutningsgjaldi af bensíni eru áætlaðar 2.000.000 þús.kr. samanborið við 1.450.000 þús.kr. í fjárlögum 1987. Samtals nema tekjur af þessum tekjustofnum 2.900.000 þús.kr. en 2.150.000 þús.kr. á árinu 1987. Tekjur af vitagjaldi hækka úr 17.500 þús.kr. í 23.200 þús.kr. Tekjur af skipaskoðunargjaldi eru áætlaðar 25.000 þús.kr. samanborið við 9.200 þús.kr. í fjárlögum 1987. Með lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, voru sett ákvæði um mörkun tekna af flugvallaskatti og eldsneytisnotkun. Tekjur af þessum stofni eru nú innheimtar beint til flugmálastjórnar og fara til framkvæmda á flugvöllum. Á árinu 1987 var innheimta af flugvallaskatti áætluð 117.000 þús.kr. en fellur nú niður sem innheimta skv. 3. gr. fjárlagafrumvarpsins. Tekjur af sérleyfisgjaldi voru áætlaðar á árinu 1987 3.000 þús.kr. og skyldu renna til sérleyfissjóðs. Þar sem sjóðurinn hefur nú verið aflagður og sömuleiðis sérleyfisgjald fellur liðurinn niður.

101 Aðalskrifstofa

Rekstrarframlag til aðalskrifstofu samgönguráðuneytisins hækkar úr 23.358 þús.kr. á árinu 1987 í 33.560 þús.kr. eða um 44%. Engin breyting er fyrirhuguð á rekstri skrifstofunnar á árinu 1988. Starfsmenn verða tólf eins og í fjárlögum 1987, þar af einn lausráðinn. Auk rekstrarframlagsins er veitt 600 þús.kr. til kaupa á ýmsum skrifstofubúnaði til ráðuneytisins.

102 Póst- og símamálastofnunin

Í fjárlögum fyrir árið 1987 eru veittar 110.000 þús.kr. til Póst- og símamálastofnunarinnar undir þessum fjárlagalið. Hér er um að ræða skil á tekjum frá Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) til Póst- og símamálastofnunarinnar fyrir ýmsa þjónustu í þágu millilandaflugs á íslensku flugstjórnarsvæði. Nú eru þessar tekjur áætlaðar 112.700. Nánar er fjallað um fjárreiður Póst- og símamálastofnunarinnar í greinargerð um B-hluta fyrirtæki og sjóði.

211 Vegagerð ríkisins

Framlag til Vegagerðar ríkisins hækkar úr 2.150.000 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 2.850.015 þús.kr. eða um 33%. Tekjustofn til vegamála er bensíngjald og þungaskattur, því er ekki gert ráð fyrir beinu ríkisframlagi af almennum skatttekjum. Í tekjuáætlun um bensíngjald er við það miðað að gjaldið hækki um 20% 1. nóvember næstkomandi og að bensínsala verði ekki undir 160 milljónum lítra á árinu 1988.

321 Strandferðir, framlög

Framlög undir þessum lið eru nú áformuð samtals 229.010 þús.kr. samanborið við 217.010 þús.kr. á árinu 1987. Þetta er hækkun um 6%. Fjárveiting til Skipaútgerðar ríkisins hækkar úr 143.000 þús.kr. á árinu 1987 í 155.000 þús.kr. eða um rúm 8%. Með þessari fjárveitingu mun fyrirtækið væntanlega geta staðið við skuldbindingar vegna rekstrar og fjármagnskostnaðar á árinu 1988. Nánar er fjallað um fjárreiður Skipaútgerðar ríkisins í kaflanum um B-hluta fyrirtæki og sjóði. Fjárveiting til viðfangsefnisins *flóabátar og vöruflutningar* nemur 74.010 þús.kr. sem er sama fjárhæð og í fjárlögum 1987. Samvinnunefnd samgöngumála mun gera tillögu um skiptingu fjárins þegar fjallað verður um frumvarpið á Alþingi.

331 Vita- og hafnamálaskrifstofan

Rekstrarframlag til vita- og hafnamálaskrifstofunnar hækkar nú um 21% og verður 24.308 þús.kr. Ekki er gert ráð fyrir breytingum í rekstri skrifstofunnar og mannahald

miðað við 25 starfsmenn eins og verið hefur. Launagjöld hækka úr 24.899 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 34.398 þús.kr. eða um 38%. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka um 29% frá árinu 1987 og verða 11.660 þús.kr. Sértekjum er ætlað að hækka um 57% úr 13.889 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 21.750 þús.kr. Reiknað er með að húsaleigutekjur í nýrri straumfræðistöð muni falla til á árinu. Þá er gert ráð fyrir 900 þús.kr. framlagi til kaupa á tækjabúnaði á skrifstofu. Til byggingar nýrrar straumfræðistöðvar eru veittar 2.500 þús.kr. Framkvæmdir hófust á árinu 1987. Auk ríkisframlagsins hefur verið ákveðið að verja til framkvæmdanna tryggingarfé vegna dýpkunarskipsins Grettis sem sökk út af Reykjanesi. Tryggingarfé þetta nemur 12.300 þús.kr. og þannig verður framkvæmdafé alls 14.800 þús.kr.

332 Vitastofnun Íslands

Framlag til rekstrarviðfangsefna stofnunarinnar hækkar úr 50.290 þús.kr. á árinu 1987 í 63.725 þús.kr. eða um 27%. Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri stofnunarinnar frá því sem verið hefur að öðru leyti en því að stofnunin hefur yfirtekið verkstæðisrekstur Hafnarmálastjórnar en sú starfsemi aflar tekna til móts við kostnað. Framlag til rekstrar *vitaskipsins Árvakurs* verður nú 8.394 þús.kr. og hækkar um 7% frá gildandi fjárlögum. Þetta er töluverð lækkun miðað við raungildi og mun því stytta úthaldstíma skipsins, en í gildandi fjárlögum er miðað við 50 daga úthald. Á síðari árum hefur verkefnum skipsins fækkað, enda svo komið að athugaðir hafa verið möguleikar um sölu á skipinu. Til framkvæmda við vitana eru nú veittar 14.800 þús.kr. en 14.000 þús.kr. á árinu 1987. Framlagið er fyrst og fremst ætlað til rafvæðingar vitunum og annarra brýnna framkvæmda.

333 Hafnamál

Fjárveiting til þessa fjárlagaliðar hækkar um 62.790 þús.kr. eða 23% frá fjárlögum 1987 og verður 338.620 þús.kr. Þar af er framlag til *hafnarannsókna og mælinga* 15.120 þús.kr. sem er 71% hækkun frá fjárlögum 1987. Mestu munar hér um 6.300 þús.kr. framlag til rannsóknaverkefna í nýrri straumfræðistöð sem ekki hefur verið jafnhátt áður. Framlag til viðfangsefnisins *landshafnir, endurgreiðslur lána*, 400 þús.kr., er til greiðslu afborgana og vaxta af láni vegna *Þorlákshafnar*. Ekki er gert ráð fyrir framlögum til framkvæmda í landshöfnum enda er við það miðað að eignarhald og rekstur hafnanna muni færast til sveitarfélaganna um næstu áramót. Er þetta liður í tilflutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Framlag til hafnabótasjóðs hækkar um 5.000 þús.kr. og verður alls 20.000 þús.kr. Þetta er lægri fjárhæð en lög kveða á um og mun því verða leitað heimildar í lánsfjárlögum til þessa fráviks. Að öðru leyti þykir ekki ástæða til að fjalla um einstök viðfangsefni en vísað er til meðfylgjandi yfirlits:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Hafnarannsóknir og mælingar	8.864	15.120	6.256	71
Ferjubryggjur	5.300	5.800	500	9
Hafnarmannvirki og lendingarbætur	218.500	250.000	31.500	14
Sjóvarnargarðar	18.032	17.300	-732	-4
Landshafnir, endurgreiðsla lána	1.734	400	-1.334	-77
Landshöfn Rifi	4.000	-	-4.000	.
Landshöfn Þorlákshöfn	4.400	-	-4.400	.
Hafnabótasjóður, framlag	15.000	20.000	5.000	33
Samtals	275.830	308.620	32.790	12

341 Siglingamálastofnun ríkisins

Heildarfjárveiting til stofnunarinnar verður 49.136 þús.kr. Þar af eru 45.636 þús.kr. ætlaðar til rekstrar eða um 31% hærri fjárhæð en er í gildandi fjárlögum. Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri frá því sem fjárlög 1987 segja til um. Þó er reiknað með að sértekjur muni hækka umfram verðlagsforsendur á milli ára. Til kaupa á mengunarvarnarbúnaði eru veittar 3.500 þús.kr. Við undirbúning þessa frumvarps hefur verið rætt um að gera sértekjur að ríkari þætti í fjármögnun starfseminnar í framtíðinni þannig að skipaeigendur verði látnir standa undir tilteknum hluta starfseminnar með hækkuðum skoðunargjöldum. Tekjur tengdar stofnuninni innheimtast bæði beint til hennar og einnig af innheimtumönnum ríkissjóðs skv. 3. gr. frumvarpsins alls 35.000 þús.kr. Fyrir afgreiðslu þessa frumvarps er nauðsynlegt að fjalla nánar um mál þetta svo að viðeigandi breytingum verði við komið.

342 Rannsóknanefnd sjóslysa

Rannsóknanefnd sjóslysa starfar skv. lögum nr. 21/1986. Starfsemin er enn í mótun. Til hennar eru nú veittar 2.555 þús.kr. sem að hluta er til launagreiðslna hvers konar og að hluta til greiðslu ýmiss kostnaðar sem nefndin kann að stofna til.

471 Flugmálastjórn

Með lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, er afmörkuð stefna um framkvæmdir í flugmálum. Samkvæmt lögunum eiga tekjur af flugvallagjaldi og gjaldi sem innheimt er af eldsneytissölu að renna óskert til framkvæmda í flugmálum. Tekjur þessar eru alls áætlaðar 254.500 þús.kr. Þar af 204.900 þús.kr. af flugvallagjaldi og 49.600 þús.kr. vegna gjalds af sölu eldsneytis. Viðkomandi tekjur eru færðar til bókar undir viðfangsefninu *yfirstjórn*. Af þessum sökum fellur flugvallaskattur niður sem tekjuliður í 3. gr. fjárlagafrumvarpsins. Um rekstur flugmálastjórnar er það helst að segja að nokkur tilfærsla verður á starfsmönnum milli viðfangsefna auk þess sem reiknað er með fjölgun starfsmanna á föstum launum. Starfsmenn verða því 179 í stað 177,25 eins og er í fjárlögum 1987. Þetta hefur þó ekki í för með sér útjaldaaukningu þar sem áætlað var fyrir þessum stöðum á árinu 1987 sem tímabundinni ráðstöfun. Heildarlaun hjá stofnuninni nema alls 298.710 þús.kr. og hækka um 46% frá fjárlögum 1987. Rekstrargjöld allra rekstrarviðfangsefna nema 177.080 þús.kr. og hækka um 22%. Aðrar sértekjur en þær sem ætlaðar eru til framkvæmda nema 91.530 þús.kr. og eru einkum vegna þjónustu og lendingargjalda. Þessar tekjur hækka um 36% frá fjárlögum 1987. Að lokum er þess að geta að útgjöld vegna *alþjóðaflugþjónustunnar*, 112.060 þús.kr., eru að fullu greiddar af Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) og innheimtist sú greiðsla skv. 3. gr. fjárlaga. Framkvæmdir nema nokkru hærri upphæð en markaðar tekjur til þeirra eða 254.500 þús.kr. Mismunur er framlag ríkissjóðs eða 36.700 þús.kr. Almennar framkvæmdir, þar með taldar framkvæmdir vegna alþjóðaflugþjónustunnar, nema 172.000 þús.kr. og mun fjárveitinganefnd ákveða skiptingu hennar. Að auki eru fyrirhugaðar framkvæmdir við *Egilsstaðaflugvöll* fyrir 82.500 þús.kr. Mörkuðum tekjum samkvæmt lögum nr. 31/1987 er ætlað að standa undir öllum framkvæmdum við flugvelli 1988, eða samtals 254.500 þús.kr.

485 Ýmis framlög

Heildarframlag á þessum lið er 9.760 þús.kr. og lækkar um 2.315 þús.kr. frá fjárlögum 1987 samkvæmt yfirlitinu hér á eftir:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Björgunarbúnaður Sigmunds	125	–	–125	.
Flugbjörgunarsveitir	900	1.040	140	16
Tilkynningarskylda íslenskra skipa	5.000	5.430	430	9
Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	600	580	–20	–3
Sjálfvirkt tilkynningakerfi fyrir fiskiskip	2.500	–	–2.500	.
Ferðamálasamtök	600	–	–600	.
Norrænar jarðskjálftarannsóknir á Suðurlandi	500	580	80	16
Ýmislegt	1.100	1.270	170	15
Rannsóknarnefnd flugslysa	750	860	110	15
Samtals	12.075	9.760	–2.315	–19

Framlag fellur niður til eftirtalinna þriggja viðfangsefna, *björgunarbúnaður Sigmunds, sjálfvirkt tilkynningarkerfi fyrir fiskiskip* og *ferðamálasamtök.*

651 Ferðamálaráð

Heildarfjárveiting til stofnunarinnar hækkar úr 19.959 þús.kr. á árinu 1987 í 35.020 þús.kr. eða um 75%. Framlag til rekstrar skrifstofunnar í Reykjavík hækkar um 42% og verður 7.020 þús.kr. Gert er ráð fyrir óbreyttum starfsmannafjölda frá því sem er í fjárlögum 1987, fjórum fastráðnum mönnum. Rekstur skrifstofunnar í Reykjavík kemur fram á viðfangsefninu *Ferðamálaráð* og er miðað við að hann sé alfarið greiddur úr ríkissjóði. Á viðfangsefnið *ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985* koma lögbundin skil ríkissjóðs af tekjum Fríhafnar í Keflavík. Leitað er heimildar í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1988 til skerðingar á lögbundnum skilum Fríhafnarinnar til Ferðamálaráðs. Því er hér gert ráð fyrir 28.000 þús.kr. framlagi.

652 Veðurstofa Íslands

Rekstrarframlag til Veðurstofu Íslands hækkar úr 115.950 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 162.340 þús.kr. eða um 40%. Hækkun umfram það er verðlagsforsendur gefa tilefni til er á launalið. Þar munar mestu um hækkun á launalið viðfangsefnisins *veðurstöðvar.* Launakjör veðurathugunarmanna hafa verið endurskoðuð og að ákvörðun samgönguráðuneytisins voru viðmiðunarlaun hækkuð í árslok 1986. Annars er ekki um breytingu að ræða á rekstri veðurstofunnar frá því sem er í fjárlögum yfirstandandi árs. Heimilaðar stöður eru eftir sem áður 61,17 talsins og 2,5 stöðugildi lausráðinna við *hálendis- og hafsrannsóknir.* Til viðbótar ofangreindu rekstrarframlagi er veitt 8.600 þús.kr. til eignakaupa og ber þar hæst kaup á veðurratsjá fyrir stofnunina en ætlað er að útgjöld vegna þessa muni nema rúmum 6.000 þús.kr. árið 1988. Um er að ræða fyrstu greiðslu af þremur.

656 Landmælingar Íslands

Rekstrarframlag til Landmælinga Íslands verður nú 22.860 þús.kr. sem er 56% hækkun frá gildandi fjárlögum. Hækkun umfram þróun verðlags er til komin vegna lækkunar sértekna en launa- og rekstrarkostnaður er hinn sami að raungildi milli ára. Undanfarin ár hefur stofnunin átt við rekstrarerfiðleika að stríða. Meðal annars hefur gengið erfiðlega að afla tekna í samræmi við áætlanir svo og að hemja útgjöld stofnunarinnar. Af hálfu samgönguráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins var skipaður starfshópur í sumar til að fjalla um vandann og finna leiðir til úrbóta. Óvíst er hvort verkefninu verði lokið fyrir samþykkt fjárlaga. Auk rekstrarframlagsins eru veittar 3.700 þús.kr. til meiri háttar eignakaupa. Þar af 1.200 þús.kr. til kaupa á bifreið til nota við mælingar.

11 Iðnaðarráðuneyti

Framlög til hinna einstöku málefnaflokka iðnaðarráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn	22.677	30.734	8.057	36
Iðnaðarmál	346.168	380.376	34.208	10
Orkumál	738.372	645.770	-92.602	-13
Samtals	1.107.217	1.056.880	-50.337	-5
Þar af markaðir tekjustofnar	44.000	61.412	17.412	40

Í fjárlögum 1987 eru áætlaðar tekjur af mörkuðum tekjustofnum ráðuneytisins 44.000 þús.kr. sem skiptast þannig: Rafmagnseftirlitsgjald 37.000 þús.kr. og byggingariðnaðarsjóðsgjald 7.000 þús.kr. Á árinu 1988 er áætlað að tekjur af rafmagnseftirlitsgjaldi nemi 53.412 þús.kr. og tekjur af byggingariðnaðarsjóðsgjaldi 8.000 þús.kr.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til aðalskrifstofu iðnaðarráðuneytisins hækkar úr 22.677 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 30.734 þús.kr. eða um 36%. Launagjöld nema 22.454 þús.kr. og hækka um 44% frá fjárlögum. Er þá miðað við 15,5 stöður sem er óbreytt frá 1987. Rekstrargjöld hækka um 21%, sem gefur ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar. Veittar eru 750 þús.kr. til kaupa á ýmsum skrifstofubúnaði. Sértekjur hækka um 31% og verða 6.030 þús.kr. Hér er aðallega um að ræða tekjur af skráningu vörumerkja, en ráðuneytið hefur hana með höndum.

201 Iðntæknistofnun Íslands

Framlag til Iðntæknistofnunar Íslands er nú fært sem tilfærsla til atvinnuveganna þar sem stefnt er að breytingu á rekstri stofnunarinnar. Heildarframlag er 64.160 þús.kr. þar af eru 56.260 þús.kr. vegna rekstrar sem er svipað að raungildi og fjárveiting til stofnunarinnar í fjárlögum 1987 en það hækkar um 25% í krónum talið. Miðað er við óbreyttan starfsmannafjölda eða 58 eins og í fjárlögum 1987. Þá er gert ráð fyrir að verkstjórnarnámskeið og námskeið í stjórn vinnuvéla standi undir kostnaði með sértekjum. Veittar eru 7.900 þús.kr. til tækjakaupa til að efla möguleika stofnunarinnar til að afla sér sjálf tekna.

203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins

Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar úr 28.214 þús.kr. í 39.186 þús.kr. eða um 39%. Gert er ráð fyrir óbreyttu starfsmannahaldi frá fyrra ári, það er 7,6 verkefnaráðnum og 36 starfsmönnum á föstum launum. Launagjöld stofnunarinnar hækka um 40% og verða 52.016 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs hækka um 32% og verða 20.070 þús.kr. Rífleg hækkun annarra gjalda er vegna þess að sérstakt tillit var tekið til ríkisreiknings 1986. Sama á reyndar við um tekjur stofnunarinnar sem hækka úr 29.119 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 39.300 þús.kr. eða um 35%. Þá eru veittar eru 6.400 þús.kr. til kaupa á tækjum og búnaði samanborið við 5.000 þús.kr. á árinu 1987.

221 Lánasjóðir iðnaðarins

Samkvæmt 9. gr. laga nr. 55/1984, um breytingu á lögum um Iðnlánasjóð, skal framlag ríkissjóðs nema 4/7 hlutum af áætluðum tekjum af iðnlánasjóðsgjaldi, en þær eru áætlaðar um 126.800 þús.kr. á árinu 1988. Framlag í fjárlögum 1987 nam 25.000 þús kr. sem er minna en lögbundið framlag en það var skert með heimildarákvæðum. Nú verður leitað heimildar í lánsfjárlögum til að fella framlagið niður árið 1988. Ætlan stjórnvalda er að fella niður sem mest af lögbundnum framlögum og tekjustofnum og í samræmi við það verður stefnt að breytingum á lögum um Iðnlánasjóð.

240 Iðnaðarrannsóknir

Í fjárlögum fyrir árið 1987 eru veittar 14.000 þús.kr. til þessara verkefna. Undir þennan lið falla athuganir á nýiðnaðarkostum. Í frumvarpi eru veittar 16.000 þús.kr. í þessu skyni.

289 Jöfnunargjald

Hér eru færðir til gjalda 2/3 hlutar af áætluðum tekjum af jöfnunargjaldi í iðnaði, en þær nema 375.000 þús.kr., sbr. 3. gr. fjárlagafrumvarps. Fjárveiting á árinu 1988 nemur því 250.000 þús.kr. samanborið við 210.000 þús.kr. á árinu 1987.

299 Iðja og iðnaður, framlög

Framlag til verkefna undir þessum fjárlagalið lækkar um 27% og verður 11.030 þús.kr. samanborið við 15.081 þús.kr. í fjárlögum 1987. Þessa lækkun má rekja til þess að framlag til *iðnráðgjafa* og *byggingarþjónustu* eru felld niður. Engin lög um *iðnráðgjafa* eru í gildi og því er framlag fellt niður en það nam 6.830 þús.kr. í fjárlögum. Framlag til *byggingarþjónustu* nam 578 þús.kr. í fjárlögum. Til *iðnþróunarverkefna* eru nú veittar 1.730 þús.kr. samanborið við 3.151 þús.kr. í fjárlögum. Fjárveiting til *iðnþróunar og tækninýjunga* hækkar úr 4.522 þús.kr. í 9.300 þús.kr. Þar af er ráðgert að styrkja sérstaklega framleiðniátak í iðnaði með 3.450 þús. kr. og norrænt tækniár með 2.300 þús.kr. á móti framlagi frá samstarfsmönnum.

301 Orkustofnun

Framlag til Orkustofnunar er nánast óbreytt í krónutölu á milli áranna 1987 og 1988 eða fer úr 158.544 þús.kr. í 159.278 þús.kr. Launagjöld hækka um 3% og verða 135.638 þús.kr. Gert er ráð fyrir að starfsmönnum fækki úr þeim 112 stöðugildum sem nú eru viðurkennd. Önnur gjöld vegna reksturs nema 114.780 þús.kr. og lækka í samræmi við fækkun starfsmanna og minnkuð umsvif stofnunarinnar. Reiknað er með að sérverkefni tengt fiskeldi haldi áfram og eru veittar til þess 12.600 þús.kr. Sértekjur eru alls áætlaðar 94.840 þús.kr., en öflun þeirra er háð hitaveitu- og virkjanaframkvæmdum að verulegu leyti. Hefðbundin verkefni Orkustofnunar hafa farið dvínandi á liðnum árum.

302 Rafmagnseftirlit ríkisins

Fjárveiting til Rafmagnseftirlits ríkisins hækkar úr 41.438 þús.kr. í 53.412 þús.kr. eða um 29%. Í fjárlögum fyrir 1987 var fjárveiting samræmd við raunverulegt umfang stofnunarinnar. Starfsmannahald er miðað við 21 mann í föstu starfi sem er óbreytt. Gert er ráð fyrir einni nýrri stöðu í raffangaprófun og verða lausráðnir starfsmenn því 5. Alls er því gert ráð fyrir 26 starfsmönnum við stofnunina. Launagjöld hækka um 39% milli ára og verða 32.682 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 15.962 þús.kr. í 21.950 þús.kr. eða um 38%. Til kaupa á ýmsum tækjabúnaði eru veittar 1.600

þús.kr. samanborið við 2.320 þús.kr. á árinu 1987. Sértekjur aukast úr 351 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 2.820 þús.kr. og vegur hækkunin upp kostnað af nýrri stöðu og hærri rekstrargjöldum. Mismunur gjalda og sértekna er borinn uppi af rafmagnseftirlitsgjaldi. Tekjur af gjaldinu þurfa því að vera um 53.000 þús kr. eins og kemur fram í 3. gr. frumvarpsins.

371 Orkusjóður

Á undanförnum árum hefur hlutverk Orkusjóðs í uppbyggingu raforkukerfisins gjörbreyst. Ríkissjóður hefur yfirtekið lán vegna byggðalína, Kröflu og Rafmagnsveitna ríkisins og þar með dregið úr lánaumsvifum Orkusjóðs. Áform eru því uppi um endurskoðun á tilhögun og starfsemi Orkusjóðs enda eru aðstæður nú allt aðrar en þegar til hans var stofnað. Á árinu 1988 er áhersla lögð á hækkun framlags til sveitarafvæðingar, en þar er átt við tengingar býla og atvinnufyrirtækja í sveitum við samveitur. Um aðra liði þarf ekki að fjölyrða. Framlag til Orkusjóðs nemur 209.350 þús.kr. samanborið við 299.390 þús.kr. í fjárlögum 1987. Í meðfylgjandi yfirliti er sýnd skipting fjárveitingar í fjárlögum 1987 og frumvarpi 1988 á einstök viðfangsefni og breyting milli ára. Nánar er fjallað um fjárreiður Orkusjóðs í greinargerð um B-hluta fyrirtæki og sjóði.

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Rekstur Orkusjóðs	1.000	1.090	90	9
Notendur utan samveitna	1.700	1.960	260	15
Lánagreiðslur, framlög	223.690	129.800	-93.890	-42
Lán til jarðhitaleitar	10.000	11.500	1.500	15
Sveitarafvæðing	10.000	25.000	15.000	150
Styrking dreifikerfis í sveitum	50.000	40.000	-10.000	-20
Lán til einkarafstöðva	3.000	-	-3.000	.
Samtals	299.390	209.350	-90.040	-30

399 Ýmis orkumál

Fjárveiting lækkar úr 239.000 þús.kr. á árinu 1987 í 223.730 þús.kr. eða um 6%. Framlag til aðgerða á sviði *orkusparnaðar* fellur niður en það nam 8.000 þús.kr. í fjárlögum. Framlag til *setlagarannsókna* hækkar úr 1.000 þús.kr. í 1.730 þús.kr. Framlag til *niðurgreiðslu á rafhitun* nemur 200.000 þús.kr. samanborið við 230.000 þús.kr. á árinu 1987. Á liðnum *önnur orkumál* eru veittar 2.000 þús.kr., en það er nýr óskiptur liður. Af þeim lið er m.a. ráðgert að greiða fyrir endurskoðun á ýmsum rekstrarmálum stofnana á sviði iðnaðarráðuneytisins.

12 Viðskiptaráðuneyti

Útgjöld til helstu málefnaflokka viðskiptaráðuneytisins breytast milli ára sem hér greinir:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	28.635	37.316	8.681	30
Niðurgreiðslur	1.090.000	1.587.000	497.000	46
Annað	43.849	52.668	8.819	20
Samtals	1.162.484	1.676.984	514.500	44

Engir markaðir tekjustofnar teljast til þessa ráðuneytis. Í frumvarpinu flyst fjárlagaliðurinn, *Útflutningsráð Íslands* til utanríkisráðuneytisins. Verður nú vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á framlagi til málefnaflokka ráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til skrifstofunnar er 37.316 þús.kr. en var 28.635 þús.kr. í fjárlögum 1987. Launagjöld hækka um 33% úr 14.764 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 19.646 þús.kr. Miðað er við að tveir starfsmenn viðskiptaráðuneytisins flytjist til viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Á launalið aðalskrifstofu viðskiptaráðuneytis er því áætlað fyrir launum 11 starfsmanna. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka um 28% og verða 15.920 þús.kr. og framlag til neytendasamtakanna er áætlað 1.150 þús.kr. samanborið við 1.000 þús.kr. í fjárlögum 1987.

201 Niðurgreiðslur á vöruverði

Fjárveiting undir þessum fjárlagalið er 1.587.000 þús.kr. Heildarframlag skiptist þannig að til Lífeyrissjóðs bænda renna 222.000 þús.kr. og 1.365.000 þús.kr. til niðurgreiðslna á vöruverði. Áætlun um niðurgreiðslur á vöruverði er sýnd í eftirfarandi yfirliti.

	Áætlað magn á ári tonn eða Ml	Niðurgreiðsla kr. á kg eða l	Útgjöld á ári m.kr.
Dilkakjöt (úrval, 1. og 2. fl.)	7.200	51,04	368
Annað dilkakjöt (3.–6. fl.)	2.000	21,00	42
Vaxta- og geymslukostnaður	770	257,40	199
Mjólk	42.000	5,83	245
Undanrenna	2.000	3,10	7
Skyr	1.400	7,14	10
Rjómi	1.600	7,57	13
Ostur, 45 gráðu	1.400	11,10	16
Ostur, 30 gráðu	600	9,26	6
Smjör	1.270	240,70	306
Ull	1.250	106,00	133
Nýmjólkurmjöl	180	110,00	20
			1.365

Niðurgreiðsla á sérhverja einingu er eins og hún stendur í september 1987. Í fjárlögum ársins 1987 voru veittar 978.000 þús.kr. til niðurgreiðslna á vöruverði. Á árinu 1987 hafa ýmsar breytingar verið gerðar á tilhögun niðurgreiðslna og er nú áætlað að alls verði útgjöld vegna niðurgreiðslna 1.365.000 þús.kr. Ákveðið hefur verið að sýna framlag til lífeyrissjóðs bænda sem sérstakt viðfangsefni. Á undanförnum árum hefur framlag til sjóðsins verið talið hluti af liðnum *201 Niðurgreiðslur á vöruverði*. Samkvæmt lögum nr. 50/1984 ber ríkissjóði að greiða til lífeyrissjóðsins 1,60% af heildarverðmæti búvara á árinu 1988 eða 222.000 þús.kr.

902 Verðlagsstofnun

Framlag nemur alls 52.904 þús.kr. en er 32.620 þús.kr. í fjárlögum 1987. Hækkun á milli ára er 62% en þegar frá er talið stofnkostnaðarframlag er hækkunin 46%. Launagjöld hækka um 50% og verða 35.994 þús.kr. Stöðugildi eru 33,5 og er það óbreytt frá fjárlögum 1987. Önnur rekstrargjöld hækka úr 6.975 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 10.310 þús.kr. eða um 48%. Hækkun umfram verðlagsforsendur skýrist fyrst og

fremst af auknum leigugjöldum og öðrum húsnæðiskostnaði. Stofnunin mun í árslok 1987 flytja í húsnæði að Laugavegi 118D auk nokkurra annarra stofnana. Til kaupa á tölvu- og skrifstofubúnaði í hið nýja húsnæði eru veittar 6.600 þús.kr.

903 Skráning hlutafélaga

Framlag ríkissjóðs nam 1.229 þús.kr. í fjárlögum 1987. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að starfsemi stofnunarinnar verði eingöngu kostuð af sértekjum. Ekki eru áform um breytingu á umsvifum stofnunarinnar.

13 Hagstofa Íslands

Fjárveiting til Hagstofu Íslands hækkar úr 48.100 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 76.021 þús.kr. eða um 58%.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til aðalskrifstofu hækkar úr 35.921 þús.kr. á árinu 1987 í 56.893 þús.kr. eða um 58%. Launagjöld hækka um 63% og verða 37.503 þús.kr. Stöðugildi aðalskrifstofunnar eru 22,08 á föstum launum og ráðið er í 7,26 stöður til að annast ýmis verkefni. Það er 1,66 stöðugildum fleira en áætlað var fyrir í fjárlögum 1987 en áætlað er fyrir nýrri stöðu viðskiptafræðings. Útgjöld vegna þessa nema 646 þús.kr. Önnur rekstrargjöld hækka úr 12.972 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 20.810 þús.kr. eða um 60%. Hækkun rekstrargjalda umfram almennar verðlagsbreytingar skýrist af hækkun rafreikniþjónustu og prent- og útgáfukostnaðar. Ráðgert er m.a. að gefa út sveitarsjóðsreikninga síðustu ára, niðurstöður nýlegrar neyslukönnunar, fyrstu útgáfu manntals frá árinu 1981, landbúnaðarskýrslur og nýja útgáfu tölfræðihandbókar. Þar sem alger óvissa ríkir í húsnæðismálum stofnunarinnar er áætlað fyrir umtalsverðri hækkun leigugjalda frá fjárlögum 1987. Á móti hækkun útgjalda kemur 89% hækkun sértekna og verða þær 2.620 þús.kr. Þá eru veittar eru 1.200 þús.kr. til kaupa á ýmiss konar skrifstofubúnaði.

102 Þjóðskráin

Framlag hækkar úr 12.179 þús.kr. í fjárlögum 1987 í 19.128 þús.kr. eða um 57%. Umsvif hafa aukist á síðustu árum með vaxandi eftirspurn eftir upplýsingum úr þjóðskrá og er gert ráð fyrir að svo verði einnig á árinu 1988. Launagjöld hækka um 60% milli ára og verða 15.008 þús.kr. Þá er miðað við 16,18 stöðugildi og er það óbreyttur fjöldi frá fjárlögum 1987. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka um 63% og verða 15.400 þús.kr. Hjá þjóðskrá hefur kostnaður við fjölritun og bókband íbúaskrár aukist mikið. Á árinu 1988 er auk þess gert ráð fyrir sérstökum auglýsingakostnaði vegna upptöku kennitölu í stað nafnnúmera. Áætlað er fyrir töluvert hærri húsaleigu en nemur áætlaðri leigu 1987. Sama skýring á hér við og segir um aðalskrifstofuna. Á móti hækkun launa og annarra gjalda kemur 62% hækkun sértekna og verða þær 12.480 þús.kr. eða um 41% heildarútgjalda. Til kaupa á skrifstofu- og tölvubúnaði eru veittar 1.200 þús.kr.

15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun

Útgjöld til málefnaflokka fjárlaga- og hagsýslustofnunar breytast milli ára sem hér greinir:

	Fjárlög 1987 þús. kr.	Frumvarp 1988 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	36.380	65.003	28.623	79
Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	3.620.000	4.800.000	1.180.000	33
Samtals	3.656.380	4.865.003	1.208.623	33

Verður nú vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á breytingu framlags til málefnaflokka ráðuneytisins:

101 Aðalskrifstofa

Framlag nemur samtals 40.457 þús.kr. og hækkar úr 28.844 þús.kr. í fjárlögum 1987 eða um 40%. Gert er ráð fyrir svipaðri starfsemi og á árinu 1987 og fjöldi starfsmanna verður óbreyttur, 14 menn. Auk þess er lausráðinn einn maður sem ætlað er að vinna að áætlunum og umbótum á sviði opinberra framkvæmda. Þrír starfsmenn starfa að hagræðingarmálum. Til þeirra verkefna eru veittar 8.323 þús.kr. en í fjárlögum 1987 er framlagið 6.767 þús.kr. Verkefni á árinu 1987 hafa m.a. verið vinna við skipulagsbreytingu á tollstjóraembættinu í Reykjavík. Nú í haust, svo og um næstu áramót ganga í gildi umfangsmiklar breytingar á starfsháttum hjá embættinu. Þá hefur hagsýslustofnun aðstoðað við endurskoðun á starfsháttum Framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins, Ríkismats sjávarafurða í kjölfar lagabreytingar, Bifreiðaeftirlits ríkisins o.fl. Af minni verkefnum má nefna aðstoð við skipulag á aðalskrifstofu landbúnaðarráðuneytis og biskupsstofu. Þá hefur Stjórnsýslufræðsla ríksins staðið að skipulögðum námskeiðum fyrir ríkisstarfsmenn og stofnanir. Rúmlega 500 ríkisstarfsmenn sóttu námskeið veturinn 1986–1987 í ýmsum hagnýtum málum er varða ríkisstarfsemina.

182 Tölvumál

Heildarfjárveiting vegna tölvumála nemur 22.346 þús.kr. Hækkun þessa liðar skýrist af sérstakri fjárveitingu, 12.000 þús.kr., til tölvuvæðingar í Arnarhvoli. Launagjöld nema 2.516 þús.kr. samanborðið við 1.078 þús.kr. í fjárlögum 1987. Hafa ráðuneyti og stofnanir í vaxandi mæli nýtt sér ýmiss konar ráðgjöf sem í boði er. Áætlun nú gerir ráð fyrir óbreyttum fjölda starfsmanna, einum manni í föstu starfi og framlagi til þess að kaupa að ráðgjöf í sérstökum verkefnum.

991 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir

Gert er ráð fyrir að vaxtagreiðslur A–hluta ríkissjóðs á árinu 1988 nemi 4.800.000 þús.kr. samanborið við 3.620.000 þús.kr. í fjárlögum 1987. Í meðfylgjandi yfirliti er sýnd sundurliðun á vaxtagjöldum í frumvarpinu:

	Frumvarp 1988 m.kr.
Innlend lán	860
Spariskírteini vegna innlausnar	625
Seðlabanki Íslands:	
Langtímalán	315
Yfirdráttur á viðskiptareikningum	500
Erlend lán	2.500
Samtals	4.800

Nánar er fjallað um vexti og afborganir í 6. kafla þessarar greinargerðar.

5 Athugasemdir um ríkisfyrirtæki og sjóði í B-hluta

Í þessu frumvarpi hafa fjárhæðir í B-hluta verið færðar til áætlaðs verðlags á miðju ári 1988 með sama hætti og í A-hluta frumvarpsins. Í sumum tilvikum er sá grunnur ótraustur sem áætlanir fyrirtækja og sjóða byggja á og þarf að hafa það í huga. Fram hefur komið í inngangi að athugasemdum með frumvarpinu að fyrir afgreiðslu fjárlaga þurfi að endurmeta fjárhagsstöðu nokkurra ríkisfyrirtækja.

Fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta er hér skipt upp í fjóra flokka, þ.e. fyrirtæki sem selja vörur og þjónustu, lánastofnanir, ýmsa sjóði og annað. Umsvif B-hluta aðila skiptast þannig í frumvarpinu, í m.kr.:

	Ríkis-fyrirtæki	Lána-stofnanir	Sjóðir	Annað	B-hluti samtals
Gjöld	18.411	1.711	1.051	551	21.724
Tekjur af sölu vöru, þjónustu o.fl.	22.114	2.057	651	545	25.367
Framlög úr A-hluta ríkissjóðs	477	3.635	702	49	4.863
Mismunur	4.180	3.981	302	43	8.506
Veitt lán	–	10.023	55	–	10.078
Fjárfesting	911	15	178	43	1.148
Afborganir lána	1.302	1.700	15	1	3.019
Skil í ríkissjóð	4.373	–	–	–	4.373
Annað, sjóðsbreytingar o.fl.	239	238	94	–	571
Innheimtar afborganir	–	1.024	40	–	1.064
Afskriftir	1.683	–	–	1	1.684
Tekin lán	945	6.850	–	–	7.795
Ráðstöfun eigin fjár	4.180	3.981	302	43	8.506
Annað	17	122	–	–	139

Tekjuafgangur B-hluta aðila nemur samtals 8.506 m.kr. Þar af eru arðskil til ríkissjóðs 4.373 m.kr. og eru sem hér segir: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins 4.075 m.kr., Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli 190 m.kr., Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli 20 m.kr., Sala varnarliðseigna 30 m.kr., Happdrætti Háskóla Íslands 43 m.kr. og Lyfjaverslun ríkisins 15 m.kr. Til fjárfestingar renna alls 1.198 m.kr. Veigamestar fjárfestingar eru þessar: Póst- og símamálastofnunin 520 m.kr., Rafmagnsveitur ríkisins 150 m.kr., ÁTVR 30,8 m.kr og Ríkisútvarpið 162 m.kr.

Tekin lán í B-hluta nema alls 7.795 m.kr. Ráðgert er að afla byggingarsjóðunum 6.160 m.kr. lánsfjár á árinu 1988, þ.e. 6.110 m.kr. með sölu skuldabréfa til lífeyrissjóða og 50 m.kr. með skyldusparnaði ungmenna, nettó. Þá er miðað við að A-hluti ríkissjóðs taki 1.635 m.kr. að láni og endurláni til B-hluta aðila eins og fram kemur í 1. gr. frumvarpsins. Þeir aðilar B-hluta sem munu njóta lánafyrirgreiðslu ríkissjóðs eru þessir: Flugstöð á Keflavíkurflugvelli 820 m.kr., Rafmagnsveitur ríkisins 125 m.kr. og Lánasjóður íslenskra námsmanna 690 m.kr.

Verður nú vikið að einstökum fyrirtækjum og sjóðum, eftir því sem ástæða þykir til og upplýsingar leyfa, til skýringar á fjárreiðum þeirra.

22 Menntamálaráðuneyti

201 Happdrætti Háskóla Íslands

Heildarútgjöld 1988 eru áætluð 771.010 þús.kr. eða 66% hærri en í fjárlögum 1987. Tekjur happdrættisins eru áætlaðar 976.010 þús.kr. og er þá gengið út frá 50%

hækkun á miðaverði ásamt því að sala á svonefndri happaþrennu verði um 5 milljónir miða. Um er að ræða verulega aukningu milli ára og fyrir því eru aðallega tvær ástæður. Annars vegar hefur frá því gildandi fjárlög voru afgreidd komið til hreinn viðbótartekjustofn sem er fyrrnefnd happaþrenna. Hins vegar er þess að geta að á árinu 1987 var talið að sala á happdrættismiðum mundi dragast saman vegna samkeppni frá svokölluðu Lottói. Áætlaður rekstrarhagnaður ársins 1988 er 215.000 þús.kr. og verður honum ráðstafað þannig að 43.000 þús.kr. renna til ríkissjóðs og 172.000 þús.kr. til byggingarframkvæmda við Háskóla Íslands.

202 Lyfjabúð Háskóla Íslands og
211 Háskólabíó

Hvorugt þessara fyrirtækja skilaði fjárlagatillögum fyrir árið 1988 og hafa því rekstraráætlanir þeirra samkvæmt gildandi fjárlögum verið framreiknaðar til verðlags frumvarpsins.

276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna

Ráðstöfunarfé sjóðsins eru skil ríkissjóðs á einkaleyfisgjaldi Happdrættis Háskóla Íslands en það er áætlað 43.000 þús.kr. Fjármunir þessir eru ætlaðir til að halda áfram framkvæmdum við uppbyggingu aðstöðu fyrir rannsóknastofnanir atvinnuveganna. Þar má nefna *viðbyggingu við hús Iðntæknistofnunar* og *Líftæknihús* sem er reist í samvinnu við Reykjavíkurborg.

871 Unglingaheimili ríkisins

Gert er ráð fyrir svipuðum rekstri og í fjárlögum líðandi árs. Heildarútgjöld verða samtals 37.780 þús.kr. og hækka um 36% frá fjárlögum 1987. Framlag ríkissjóðs er áætlað 10.800 þús.kr. og tekjur af vistgjöldum 26.980 þús.kr. Við stofnunina eru 23 heimilaðar stöður. Uppi eru áform um að finna heimilinu hentugra húsnæði en það hefur til umráða á Kópavogsbraut 17, en nýta það hús þess í stað sem alhliða fangelsi.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1987 var fjárveiting til sjóðsins ákveðin 928 m.kr., lántaka 800 m.kr og lánveitingar alls 1.460 m.kr. Allt bendir til að fjármál sjóðsins gangi eftir í samræmi við áætlanir í ár. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1988 er gert ráð fyrir að ráðstöfunarfé nemi 2.168 m.kr., þar af er fjárveiting 1.478 m.kr. og lántaka 690 m.kr. Er hér um áherslubreytingu að ræða þar sem hlutdeild fjárveitingar í ráðstöfunarfé sjóðsins eykst verulega eða úr 54% í rúm 69%. Framlag ríkissjóðs til sjóðsins hækkar því um tæp 59% milli ára. Ástæða fyrir stórauknu framlagi er einkum sú staðreynd að sjóðurinn getur engan veginn staðið undir greiðslubyrði af háum skuldum. Greiðslur sjóðsins 1988 af áhvílandi skuldum nema 373 m.kr. umfram innheimtu hans af veittum lánum. Eftirfarandi yfirlit sýnir fjármál sjóðsins í hnotskurn í ár og á næsta ári:

	Fjárlög 1987	Frumvarp 1988	Hækkun %
Innstreymi:	1.837	2.362	29
Framlag ríkissjóðs	928	1.478	59
Tekin lán	900	690	−23
Afborganir, vextir o.fl.	109	194	78
Útstreymi:	1.837	2.362	29
Rekstrarkostnaður	38	52	37
Afborganir, vextir o.fl.	293	567	94
Ferðastyrkir	46	60	30
Veitt lán	1.460	1.683	15

Í lánveitingum á árinu 1988 er gert ráð fyrir óbreyttum fjölda lánþega frá fyrra ári. Hins vegar er tekið tillit til breyttra úthlutunarreglna hjá sjóðnum.

970 Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður

Tekjur sjóðsins eru samkvæmt lögum 10% af tekjum Ríkisútvarpsins, sjónvarps og hljóðvarps af auglýsingum og afnotagjöldum. Hlutur sjóðsins er áætlaður 122.000 þús.kr. Þar af eru 53.000 þús.kr. frá hljóðvarpi og 69.000 þús.kr. frá sjónvarpi. Samkvæmt útvarpslögunum eiga aðflutningsgjöld og sölugjald af innfluttum sjónvarpstækjum og útvarpstækjum að renna til framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins. Ekki liggur fyrir hve háar þessar tekjur eru en Ríkisútvarpið hefur í áætlun sinni metið þær á um 140.000 þús.kr. Í þessu frumvarpi er við það miðað að lögum verði breytt þannig að tekjur vegna aðflutningsgjaldanna renni óskertar í ríkissjóð. Ekki er gert ráð fyrir lántöku til sjóðsins. Áðurnefndum 122.000 þús.kr. skal verja þannig að 75.000 þús.kr. fara til greiðslu áður gerðra kaupleigusamninga og afgangur 47.000 þús.kr. fari til framkvæmda við húsið.

971 Ríkisútvarpið, hljóðvarp

Heildarútgjöld eru áætluð 584.000 þús.kr. sem er 43% hærri en í fjárlögum 1987. Þar af eru yfirfærslur til *framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins* 53.000 þús.kr. Til fjárfestingar eru ætlaðar 20.000 þús.kr. og fara þær fyrst og fremst til kaupa á tækjum og búnaði. Svo unnt verði að standa undir áðurnefndum áformum verður að koma til hækkun sértekna frá því sem er í ár. Því er áætlað að tekjur af auglýsingum aukist um 20% og afnotagjöld hækki um sem svarar 13%. Taka þarf ákvörðun um gjaldskrárbreytingu fyrir samþykkt fjárlaga.

972 Ríkisútvarpið, sjónvarp

Heildarútgjöld eru áætluð 744.000 þús.kr. og eru 41% hærri en í fjárlögum 1987. Þar af eru yfirfærslur til *framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins* 69.000 þús.kr. Til fjárfestingar eru ætlaðar 20.000 þús.kr. og er þar um að ræða kaup á tækjum og búnaði alls konar. Afborganir lána eru áformaðar 15.000 þús.kr. Sama er uppi á teningnum með sjónvarpið eins og hljóðvarpið hér að framan. Tekjur þurfa að aukast eigi þær að standa undir kostnaði við reksturinn. Með hækkun afnotagjölda um 13% og tekna af auglýsingum um 10% á viðunandi rekstrarafkoma að nást. Taka verður ákvörðun um gjaldskrá fyrir samþykkt fjárlaga fyrir árið 1988.

973 Þjóðleikhúsið

Við samþykkt fjárlaga fyrir árið 1987 var framlag til Þjóðleikhússins hækkað verulega eða úr 43% af rekstrarkostnaði í fjárlögum 1986 í 65% rekstrarkostnaðar. Því hlutfalli er haldið í þessu frumvarpi og því er framlag ríkisins til rekstrar 138.700 þús.kr. auk 10.000 þús.kr. framlags til endurbóta á fasteigninni. Viðskiptaskuld hússins í árslok 1986 var um 97.000 þús.kr.

974 *Sinfóníuhljómsveit Íslands*

Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld nemi 111.260 þús.kr. eða 47% hærri en í fjárlögum 1987. Þar af eru 3.100 þús.kr. ætlaðar til lagfæringar á aðstöðu hljómsveitarinnar í Háskólabíói. Starfsemin verður með sama sniði og í gildandi fjárlögum. Stöðuheimildir eru alls 68,5. Samkvæmt lögum eru tekjur hljómsveitarinnar af miðasölu og 10% af skemmtanaskatti. Þann kostnað sem umfram er skipta eignaraðilar með sér í eftirtöldum hlutföllum: Ríkissjóður 56%, Ríkisútvarp 25%, Reykjavíkurborg 18% og Seltjarnarneskaupstaður 1%. Framlag ríkissjóðs er nú áætlað 50.600 þús.kr. að viðbættum 5.200 þús.kr. skemmtanaskatti eða samtals 55.800 þús.kr.

23 Utanríkisráðuneyti

101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli

Rekstrargjöld fyrirtækisins eru áætluð 613.580 þús.kr. og er það 86% hækkun frá fjárlögum 1987. Ástæðan fyrir því að útgjöld á árinu 1988 hækka umfram verðlagshækkanir er flutningur verslunarinnar í nýju flugstöðina á Keflavíkurflugvelli. Þannig hækka launagjöld um 79% og önnur rekstrargjöld um 108% og munar þar mest um aukinn húsnæðiskostnað. Leigugjöld eru áætluð um 36.000 þús.kr. Starfsmannaheimildir við Fríhöfnina eru alls 48 en vegna aukinnar starfsemi hefur þurft fleira fólk á álagstímum. Auk rekstrarkostnaðar eru 7.400 þús.kr. ætlaðar til fjárfestingar og fjármagnast þær af rekstrartekjum fyrirtækisins. Fríhöfninni er einnig ætlað að skila 190.000 þús.kr. í ríkissjóð á árinu 1988 og eru þar með taldar markaðar tekjur og skil ríkissjóðs til Ferðamálaráðs.

111 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli

Rekstrargjöld eru áætluð 96.000 þús.kr. og hækka um 60% frá fjárlögum 1987. Það sama gildir um Flugmálastjórn og Fríhöfnina að hækkun rekstrarkostnaðar kemur til vegna flutnings í *flugstöð Leifs Eiríkssonar*. Tekjur fyrirtækisins, sem aðallega eru flugvallargjöld, greiðslur varnarliðsins fyrir þjónustu stofnunarinnar og greiðslur vegn umsjónar með flugstöðinni, eru alls áætlaðar 114.500 þús.kr. Flugmálastjórn er ætlað að skila 20.000 þús.kr. í ríkissjóð á árinu 1988.

114 Flugstöð á Keflavíkurflugvelli, rekstur

Rekstrargjöld og tekjur *flugstöðvar Leifs Eiríkssonar* á Keflavíkurflugvelli eru eðlilega óviss þar sem starfsemi stöðvarinnar er nýhafin. Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli, sem er umsjónaraðili hennar, hefur látið gera kostnaðar- og tekjuáætlun og er hún lögð til grundvallar við gerð þessarar tillögu. Rekstrargjöld eru áætluð 178.200 þús.kr. Þar af eru vextir 126.000 þús.kr. Þessu til viðbótar eru afborganir lána áætlaðar um 29.000 þús.kr. Nú hefur stærri hluti af framkvæmdalánum stöðvarinnar hjá ríkissjóði verið endurlánaður á samræmdum kjörum þar sem greiðslu afborgana er dreift sem jafnast á 25 ára tímabil. Heildartekjur ársins 1988 þurfa því að nema um 207.200 þús.kr. og skiptast þannig að 174.500 þús.kr. eru leigutekjur af starfsemi í stöðinni og 32.700 þús.kr. eru endurgreiddur rekstur sameiginlegra svæða og aðrar minni háttar tekjur. Samkvæmt þessu mun stöðin geta staðið undir greiðslu vaxta og afborgana á árinu 1988.

115 Flugstöð á Keflavíkurflugvelli, nýbygging

Fjárþörf á árinu 1987 er um 680.000 þús.kr. umfram það sem ákveðið var við samþykkt lánsfjárlaga ársins 1987. Þessi fjárþörf hefur verið brúuð með skammtímalánum innanlands á árinu er endurgreiðast fyrri hluta árs 1988. Því er gert ráð fyrir 820.000 þús.kr. lántöku sem nota skal til greiðslu áðurnefndra skammtímalána auk vaxta og verðbóta. Ólokið er ýmsum framkvæmdum við stöðina, svo sem tengingu hitaveitu og frágangi utanhúss auk ýmissa annarra verka. Með þeirri lantöku sem í frumvarpinu felst er ekki gert ráð fyrir neinum framkvæmdum við eða í flugstöð Leifs Eiríkssonar árið 1988.

118 Ratsjárstöðvar, rekstur

Í fjárlögum ársins 1987 er í fyrsta skipti gert ráð fyrir rekstrarkostnaði vegna ratsjárstöðva. Heimilað hefur verið að reisa tvær ratsjárstöðvar, á Norðurlandi og á

Vestfjörðum, og endurnýja stöðvarnar á Keflavíkurflugvelli og Stokksnesi. Framvegis verður rekstur þessara stöðva í höndum Íslendinga. Bandaríkjamenn munu endurgreiða allan kostnað vegna rekstrar. Gert er ráð fyrir að kostnaður á árinu 1988 verði tæpar 309 m.kr. Reiknað er með að á árinu 1988 verði búið að ráða um fimmtíu menn sem ýmist verða komnir til starfa við stöðvarnar eða í þjálfun í Bandaríkjunum.

121 Sala varnarliðseigna

Rekstrargjöld eru áætluð 67.340 þús.kr. og er það 18% hækkun frá fjárlögum 1987. Til viðbótar eru 1.200 þús.kr. ætlaðar til stofnkostnaðar. Tekjur eru aftur á móti taldar munu nema um 95.000 þús.kr. og er fyrirtækinu ætlað að skila 30.000 þús.kr. í ríkissjóð á árinu 1988.

24 Landbúnaðarráðuneyti

221 Áburðarverksmiðja ríkisins

Rekstrargjöld verksmiðjunnar eru áætluð 982.050 þús.kr. eða 19% hærri en í fjárlögum 1987. Að auki eru afborganir lána áætlaðar 66.830 þús.kr. og fjárfesting 40.000 þús.kr. sem er að mestu vegna fyrirhugaðrar endurnýjunar á rafgreinum í vetnisverksmiðju. Gert er ráð fyrir 55 þús. tonna framleiðslu og sölu áburðar í stað 58 þús. tonna 1987. Til þess að standa undir rekstri þurfa tekjur verksmiðjunnar að nema um 950.000 þús.kr. á árinu. Miðað er við að ríkissjóður greiði ekki niður áburðarverð eins og á árinu 1987 en að áburðarverð hækki um 46%, úr 11.433 kr. í 16.738 kr. hvert tonn.

236–238 Grænfóðurverksmiðjur

Hér verður fjallað sameiginlega um þrjár ríkisverksmiðjur. Þær eru Fóður- og fræframleiðsla Gunnarsholti, Fóðuriðjan Ólafsdal og Stórólfsvallabúið sem hefur verið leigt en á töluverðar birgðir enn óseldar. Hér er því áætlað fyrir lágmarkskostnaði við eftirlit og greiðslu afborgana og vaxta. Ætlast er til að sala af birgðum verksmiðjanna standi undir áðurnefndum greiðslum. Birgðir verksmiðjanna þriggja eru 5.158 tonn í lok september 1987.

246 Laxeldisstöðin Kollafirði

Rekstrargjöld stöðvarinnar eru áætluð 14.550 þús.kr. sem er 23% hækkun miðað við fjárlög 1987. Framlag ríkisins verður 3.540 þús.kr. Eins og í gildandi fjárlögum er framlagið miðað við launagreiðslur til fjögurra starfsmanna, 2.360 þús.kr., og greiðslu afborgana og vaxta af lánum vegna borunarframkvæmda, 1.180 þús.kr.

25 Sjávarútvegsráðuneyti

211 Fiskimálasjóður

Aðaltekjustofn sjóðsins hefur verið 0,8% af útflutningsgjaldi samkvæmt lögum nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Við setningu laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, var sjóðurinn sviptur þessum tekjustofni. Gert er ráð fyrir rekstrarkostnaði sem nemur 15.190 þús.kr. og þar af 12.900 þús.kr. fjármagnskostnaði. Reiknað er með að fjármagnstekjur muni standa undir gjöldum sjóðsins. Með hliðsjón af þessu er augljóst að taka verður ákvörðun um framtíð sjóðsins.

272 Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging

Eins og fram kemur í greinargerðum um stofnanirnar sem í húsinu eru þá er nú í fyrsta sinn gert ráð fyrir að þær greiði hver um sig fyrir rekstur hússins. Nú standa yfir umfangsmiklar endurbætur á húsinu í kjölfar þess að Ríkisútvarpið flutti. Áformað er að sjávarútvegsráðuneytið flytji í hluta þess húsnæðis sem útvarpið hafði og að Hafrannsóknastofnunin og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins fái aukið húsrými. Áætlað er að leigutekjur nemi 12.900 þús.kr. á árinu 1988 en að húsvarsla, almenn rekstrargjöld og viðhald verði 8.090 þús. kr. Fjárveiting úr ríkissjóði er áætluð 25.800 þús.kr. þannig að ráðstöfunarfé til framkvæmda verði 30.610 þús.kr. Fjárveitingin er ætluð til að kosta breytingar á húsinu og til kaupa á nýrri símstöð.

26 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

371 Kirkjubyggingasjóður

Hlutverk sjóðsins er samkvæmt lögum nr. 21/1981 að veita þjóðkirkjusöfnuðum lán til kirkjubygginga og til varanlegra endurbóta á eldri kirkjum. Tekjur sjóðsins samkvæmt sömu lögum eru m.a. framlag ríkissjóðs. Árið 1981 var það ákveðið 600 þús.kr. og skyldi fylgja breytingum á byggingarvísitölu miðað við 1. júlí ár hvert. Nú er þessi fjárhæð áætluð 4.430 þús.kr. Þá hefur sjóðurinn tekjur af gjöfum sem honum berast.

372 Kirkjugarðasjóður

Meginhlutverk sjóðsins samkvæmt lögum nr. 21/1963 er að veita kirkjugarðsstjórnum lán til girðingar og fegrunar kirkjugarða, svo og til þess að setja minnismerki þar sem verið hafa kirkjugarðar, kirkjur eða bænahús að fornu. Helsti tekjustofn sjóðsins er 5% af álögðum kirkjugarðsgjöldum.

373 Kristnisjóður

Meginmarkmið kristnisjóðs er stuðningur við þjóðkirkjuna til eflingar kristinni trú og siðgæði í landinu. Aðaltekjustofn sjóðsins er árlegt framlag úr ríkissjóði er samsvari hámarkslaunum presta í þeim prestaköllum sem lögð eru niður samkvæmt lögum nr. 35/1970. Einnig laun sem sparast á hverjum tíma þegar prestakall er prestlaust. Framlag ríkissjóðs samkvæmt ofanskráðu er nú 14.280 þús.kr. og er þar innifalið 2.080 þús.kr. vegna afborgunar og vaxta af láni sem sjóðurinn tók í tengslum við kaup á Suðurgötu 22 í Reykjavík.

27 Félagsmálaráðuneyti

271–272 Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna

Með lögum nr. 54/1986 var breytt lögum um Húsnæðisstofnun og tóku þau lög gildi 1. september 1986. Með þeim voru ákvæði sjóðanna um hámarkslán til einstaklings bundin skilyrðum um skuldabréfakaup hlutaðeigandi lífeyrissjóðs sem hann ætti aðild að. Þannig getur lánþegi aðeins fengið hámarkslán úr byggingarsjóðnum að lífeyrissjóður hans kaupi skuldabréf af Húsnæðisstofnun fyrir að lágmarki 55% af ráðstöfunarfé sínu. Í þessu felst ákveðin sjálfvirkni á milli ráðstöfunarfjár lífeyrissjóða og útlána íbúðalánasjóðanna. Áhrifa þessa gætir mjög á árinu 1987. Horfur eru á að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna verði mun meira en ráð var fyrir gert í lánsfjáráætlun ársins og stefnir í að skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna af Byggingarsjóði ríkisins verði 875 m.kr. hærri á árinu 1987 en ráð var fyrir gert. Af því fé er nú ákveðið að ráðstafa

150 m.kr.á árinu 1987 til þeirra húsbyggjenda sem eiga í sérstökum greiðsluerfiðleikum en afgangurinn, 675 m.kr., verður bundinn í sjóði í árslok. Þá er miðað við að 150 m.kr. af því fjármagni verði varið í sama skyni á árinu 1988. Miðað er því við að í árslok 1988 verði 500 m.kr. í sjóði hjá Byggingarsjóði ríkisins. Er þetta m.a. gert vegna þess að veruleg aukning er á ráðstöfunarfé byggingarlánasjóðanna og hætta á að vaxandi þensla ýti undir hækkun íbúðarverðs. Ákvörðun þessi getur þó komið til endurskoðunar ef forsendur breytast verulega, t.d. ef ráðstöfunarfé lífeyrissjóða reynist verða undir áætlun eða ef verðlag rýrir framkvæmdamátt.
Nýlega voru gerðir samningar við lífeyrissjóðina um kjör á bréfum húsbyggingarsjóðanna á árunum 1988–1990. Samningarnir eru tvíþættir. Árið 1988 er miðað við fasta vexti, 7%, og 15 ára lánstíma. Á árunum 1989 og 1990 geta lífeyrissjóðirnir valið á milli fastra eða breytilegra vaxta og lánstíma sem er 15 eða 20 ár. Fastir vextir eru þá miðaðir við 6,5% á árinu 1989 og 6,1% 1990.

Fjárveiting til Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1988 nemur 1.150 m.kr. og er það 15% hækkun frá fjárlögum 1987. Lántökur sjóðsins nema alls 4.800 m.kr., þar af eru 4.750 m.kr. hjá lífeyrissjóðum og 50 m.kr. skyldusparnaður, nettó. Mismunur á greiðslubyrði af teknum og veittum lánum er áætlaður alls 100 m.kr. Annað útstreymi umfram innstreymi nemur 172 m.kr. Þá er eins og fram hefur komið ráðgert að binda 500 m.kr. á árinu 1988 af 675 m.kr. sjóðsmyndun í árslok 1987. Lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins nema því alls 5.853 m.kr. á árinu 1988. Að öðru leyti vísast til töflu 20 í töfluviðauka um fjármál sjóðsins á árunum 1987 og 1988.

Lögð er áhersla á aukið ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs verkamanna á árinu 1988. Fjárveiting til sjóðsins nemur 600 m.kr. á árinu 1988 og er það tvöföldun á framlagi frá yfirstandandi ári. Framlög sveitarfélaga eru talin nema 175 m.kr. Þá eru skuldabréfakaup lífeyrissjóða stóraukin af sjóðnum og hækka úr 490 m.kr. í ár í 1.360 m.kr. Mismunur á greiðslubyrði af veittum og teknum lánum er áætluð alls 180 m.kr. Annað innstreymi umfram útstreymi nemur 383 m.kr. Sjóðurinn hefur því 2.338 m.kr. til lánveitinga á árinu 1988 samanborið við 1.175 m.kr. í ár. Í töflu 21 í töfluviðauka eru sýnd fjármál Byggingarsjóðs verkamanna á árunum 1987 og 1988.

28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

273 Atvinnuleysistryggingasjóður

Eins og nafn sjóðsins ber með sér er hlutverk hans að greiða bætur til þeirra félaga í stéttarfélögum sem atvinnulausir eru og eiga til þeirra rétt samkvæmt lögum nr. 64/1981. Tekjur sjóðsins eru í fyrsta lagi lögboðin iðgjöld atvinnurekenda sem innheimt eru af innheimtumönnum ríkissjóðs og skilað með framlagi ríkissjóðs sem er tvöföld upphæð iðgjaldanna. Í öðru lagi framlag sveitarsjóða sem er jafnhátt iðgjaldi atvinnurekenda og svo í þriðja lagi ávöxtunartekjur. Framlag ríkissjóðs er nú 300.000 þús.kr. og er skert um 100.000 þús.kr. frá því sem lög kveða á um. Auk ríkisframlags nema iðgjöld atvinnurekenda 200.000 þús.kr. Framlag og iðgjöld til sjóðsins eru þá alls 500.000 þús.kr.

311 Ríkisspítalar, þvottahús

Undir þennan fjárlagalið heyrir þvottahús ríkisspítalanna, saumastofa og dauðhreinsunardeild. Rekstrargjöld eru áætluð 164.290 þús.kr. en eru 76.400 í fjárlögum 1987. Hækkun er 115% sem kemur til vegna þess að nú er í fyrsta skipti tekið tillit til kaupa á vörum þeim sem dauðhreinsunardeild vinnur úr og selur. Til viðbótar eru 11.800 þús.kr. ætlaðar til kaupa á ýmsum búnaði fyrir þvottahús og

dauðhreinsunardeild. Fjármagns til rekstrar afla áðurnefndar þjónustudeildir með sértekjum en þær selja þjónustu sína og framleiðslu til ýmissa sjúkrastofnana á höfuðborgarsvæðinu.

378 Læknishéraðasjóður

Hlutverk sjóðsins er samkvæmt lögum nr. 59/1983 að bæta heilbrigðisþjónustu í dreifbýli með þeim ráðum sem tiltæk eru hverju sinni. Ráðherra veitir lán og styrki úr sjóðnum. Tekjur sjóðsins skulu vera embættislaun héraðslækna og lækna við heilsugæslustöðvar sem ekki koma til greiðslu vegna þess að læknar hafa ekki fengist til starfanna. Auk þess skal árlega leggja sjóðnum til fé á fjárlögum. Framlag ríkissjóðs nú er 4.000 þús.kr. sem er fjórföldun framlags í gildandi fjárlögum.

29 Fjármálaráðuneyti

101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

Niðurstaða rekstrar er áætluð 1.714.360 þús.kr. sem er 18% hærri fjárhæð en í fjárlögum 1987. Af heildarútgjöldum eru 1.239.420 til kaupa á vörum og hráefni til endursölu. Áætlaðar heildartekjur af sölu áfengis og tóbaks nema 5.785.000 þús.kr. Er það 40% hærri upphæð en í fjárlögum 1987. Rekstrarhagnaði er áformað að verja þannig að 4.075.000 þús.kr. verði skilað í ríkissjóð og 2.990 þús.kr. auk 29.350 þús.kr. afskrifta verði ráðstafað til afborgana af lánum og til fjárfestingar. Fjárfesting er alls áformuð fyrir 30.800 þús.kr. Í áætlun um vörusölu er miðað við að verð á áfengi og tóbaki hækki lítið eitt umfram verðlagsbreytingar milli ára.

102 Lyfjaverslun ríkisins

Rekstrargjöld stofnunarinnar eru áætluð 410.090 þús.kr. sem er 47% hærra en í fjárlögum 1987. Auk þess eru 7.400 þús.kr. ætlaðar til kaupa á töflusláttarvél og áfyllingartæki. Stofnuninni er gert að skila 15.000 þús.kr. í ríkissjóð.

103 Innkaupastofnun ríkisins

Gert er ráð fyrir svipuðum umsvifum stofnunarinnar og verið hefur. Rekstrargjöld eru áætluð 956.580 þús.kr. sem er 30% hækkun miðað við fjárlög 1987. Umfangsmesti liður í rekstri stofnunarinnar eru innkaup á vöru og hráefni til endursölu. Sá liður eru áætlaður 912.420 þús.kr. og á móti eru seldar vörur og þjónusta áætlaðar 948.570 þús.kr. Því lætur nærri að meðalálagning stofnunarinnar sé tæp 4% eins og tíðkast hefur.

30 Samgönguráðuneyti

101 Póst- og símamálastofnunin

Rekstrargjöld stofnunarinnar eru áætluð 4.799.940 þús.kr. og hækka um 35% frá fjárlögum 1987. Þá er gert ráð fyrir að fjárfesting verði 520.000 þús.kr. eða jöfn að verðgildi og fjárfesting í fjárlögum 1987. Til þess að geta staðið undir rekstrarkostnaði, afborgunum lána og fjárfestingu þurfa tekjur stofnunarinnar að verða um 4.658.500 þús.kr. auk framlags ríkissjóðs að fjárhæð 112.700 þús.kr. og eru það skil á svokölluðum ICAO-tekjum. Til þess að ná áðurnefndum tekjum þarf gjaldskrá stofnunarinnar að hækka um 10%. Taka verður ákvörðun um gjaldskrána fyrir samþykkt fjárlaga fyrir árið 1988.

211 Skipaútgerð ríkisins

Reiknað er með að starfsemin verði með sama sniði og í ár. Rekstrarkostnaður er áætlaður 418.800 þús.kr. sem er 10% hækkun frá fjárlögum 1987. Þá er og ætlað að verja 8.900 þús.kr. til kaupa á ýmsum tækjum og búnaði. Greiðslur afborgana og vaxta af lánum nema samtals 99.900 þús.kr. Framlag ríkissjóðs til rekstrar Skipaútgerðarinnar árið 1988 verður 155.000 þús.kr. sem er að raungildi lækkun frá 1987.

31 Iðnaðarráðuneyti

231 Sementsverksmiðja ríkisins

Rekstrargjöld verksmiðjunnar eru áætluð 531.910 þús.kr. sem er 9% hækkun frá fjárlögum 1987. Reiknað er með svipuðum rekstri og á yfirstandandi ári. Sala á sementi er áætluð 112.000 tonn. Áætlun um tekjur byggir á sementsverði í september 1987, 4.710 kr. fyrir tonnið þegar frá hefur verið dregið flutningsjöfnunargjald. Tekjur eru því áætlaðar 528.660 þús.kr. eða 6% hækkun frá fjárlögum 1987. Til fjárfestingar eru ætlaðar 25.000 þús.kr.

321 Rafmagnsveitur ríkisins

Rekstrargjöld eru áætluð 2.197.000 þús.kr. árið 1988 sem er 20% hækkun frá yfirstandandi fjárlögum. Tekjuáætlun fyrir 1988 byggir á gjaldskrá frá 1. ágúst 1987. Til að tryggja fjárhag fyrirtækisins á næsta ári þarf að ná 45 m.kr. út úr rekstri þess með sparnaði og bættri innheimtu. Til fjárfestingar eru ætlaðar 150.000 þús.kr.

6 Lánamál og skuldbindingar A-hluta ríkisjóðs

Í þessum kafla er gerð grein fyrir lánamálum ríkissjóðs, þ.e. bæði veittum og teknum lánum, ásamt áætlun um greiðslubyrði af þeim á næstu árum. Hér á eftir er fjallað um bókfærðar skuldir og veitt lán ríkissjóðs til aðila utan A-hluta. Mismunur tekinna og veittra lána gefur eiginlega lánsfjárráðstöfun ríkissjóðs til kynna. Þá er sett fram stutt yfirlit um hvert stefnir í ríkisfjármálum 1989–1991 út frá gildandi skuldbindingum í lánareikningum að því tilskildu að ríkishalli verði enginn frá og með 1988. Að lokum er gefið yfirlit um heildarskuldbindingar ríkissjóðs í árslok 1986 í veittum ábyrgðum og fyrirhugaða stefnubreytingu stjórnvalda í þeim málum á árinu 1988.

6.1 Tekin og veitt lán A-hluta ríkissjóðs

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1986 var tekin upp breytt skilgreining á A-hluta ríkissjóðs. Sú framsetning samrýmist þjóðhagsreikningum mun betur og gefur gleggri mynd af umfangi lánastarfsemi ríkissjóðs en áður. Eftirfarandi yfirlit sýnir stöðutölur veittra og tekinna lána ríkissjóðs fyrir árin 1981–1986 ásamt áætlun 1987 og 1988 (m.kr.):

Veitt og tekin lán ríkissjóðs 1981–1988
Stöðutölur á verðlagi í lok hvers árs

	1981	1982	1983	1984	1985	1986	Áætlun 1987	Áætlun 1988
1. Tekin lán	**4.999**	**10.190**	**18.941**	**26.913**	**37.570**	**44.173**	**52.315**	**54.115**
Seðlabanki Íslands	401	278	915	1.897	3.683	1.693	2.980	2.680
Spariskírteini	1.131	1.912	3.310	3.244	5.165	8.541	10.560	12.100
Lífeyrissjóðir	85	198	454	669	1.004	2.018	3.050	3.120
Aðrir innlendir aðilar	635	1.070	1.780	1.606	2.088	2.614	4.655	5.995
Erlend lán	2.747	6.732	12.482	19.497	25.630	29.307	31.070	30.220
2. Lánveitingar	**4.025**	**9.909**	**15.149**	**21.414**	**28.996**	**30.421**	**35.340**	**37.730**
Veitt lán	3.655	8.703	13.048	18.182	23.894	22.921	25.340	25.730
Lán tengd innlendu verðlagi	913	2.168	3.114	4.168	6.798	11.532	12.700	14.240
Gengisbundin lán	2.742	6.535	9.934	14.014	17.096	11.389	12.640	11.490
Viðskiptareikningar nettóinneign[1]	370	1.206	2.101	3.232	5.102	7.500	10.000	12.000
3. Tekin lán umfram lánveitingar	**974**	**201**	**3.792**	**5.499**	**8.574**	**13.752**	**16.975**	**16.155**
Lánveitingar í % af teknum lánum	80,5	97,2	80,0	79,6	77,2	68,9	65,6	69,7
4. Hlutfall af VLF:[2]								
Tekin lán	18,0	20,9	25,1	26,2	28,2	27,0	24,3	22,2
þ.a. erlendar skuldir	10,1	13,7	17,1	18,5	19,5	18,1	14,8	12,6
Veitt lán	13,3	17,8	17,4	17,7	18,0	13,9	11,7	10,5
þ.a. gengisbundin lán	10,1	13,3	13,6	13,3	13,6	7,0	6,0	4,8
Viðskiptareikningar, nettó	1,3	2,5	2,5	3,4	3,7	4,4	4,5	4,8
Tekin lán umfram lánveitingar	3,4	0,6	5,2	5,1	6,5	8,7	8,1	6,9

1) Tímabilið 1981–1985 samkvæmt ríkisreikningi, en 1986 er stuðst við bráðabirgðaniðurstöður ríkisreiknings.
2) Reiknað til meðalverðlags viðkomandi árs með lánskjaravísitölu og meðalgengisvísitölu.
Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Yfirlitið sýnir að skuldir ríkissjóðs hafa aukist á tímabilinu 1981–1986. Í hlutfalli við verga landsframleiðslu var ríkisskuldin hæst í árslok 1985 eða um 28% en lækkar í 27% í árslok 1986. Erlendar skuldir ríkissjóðs jukust úr rúmum 10% af vergri landsframleiðslu í 19,5% frá árslokum 1981 til ársloka 1985, en á árinu 1986 lækkaði hlutfallið í 18,1%. Á

nefndu tímabili jókst hlutdeild erlendra skulda úr 56% 1981 í 67% af heildarskuldum ríkissjóðs.

Lánveitingar ríkissjóðs eru tvíþættar, þ.e. formlegar lánveitingar og viðskiptareikningar. Stöðutölur formlegra lánveitinga ríkissjóðs breyttust lítt á tímabilinu 1982–1985 og voru um 18% af vergri landsframleiðslu. Þessi lán hafa að stærstum hluta verið tekin erlendis og endurlánuð til framkvæmda hjá opinberum aðilum. Fram til ársloka 1985 voru 75% af veittum lánum ríkissjóðs gengisbundin.

Það er athyglisvert að fyrstu tvö ár tímabilsins eru lítil frávik á gengisbundnum veittum lánum og erlendum skuldum ríkissjóðs. Eftir það skilur verulega á milli og tengist það yfirtöku ríkisins á skuldum orkugeirans. Í árslok 1986 verður mikil breyting á stöðutölum veittra lána ríkissjóðs í tengslum við yfirtöku á langtímaskuldum Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða og Rafveitu Siglufjarðar að fjárhæð um 4.500 m.kr. Ríkissjóður hafði að stærstum hluta veitt þessi lán og fól yfirtakan því í sér að þau teljast ekki lengur meðal veittra lána. Skuldir orkufyrirtækjanna við ríkissjóð voru mestmegnis gengisbundnar. Á móti fékk ríkissjóður fimm verðtryggð skuldabréf að fjárhæð um 2.000 m.kr. Þar af voru yfirtekin tvö skuldabréf Rafmagnsveitna ríksins í tengslum við sölu fyrirtækisins á mannvirkjum til Hitaveitu Suðurnesja að fjárhæð tæpar 1.000 m.kr. Þá gáfu orkufyrirtækin út verðtryggð skuldabréf til 25 ára með 6,5% vöxtum og skiptust þau þannig: Rafmagnsveitur ríkisins 600 m.kr., Orkubú Vestfjarða 400 m.kr. og Rafveita Siglufjarðar 15 m.kr. Hrein yfirtaka ríkissjóðs vegna þessa nam því um 2.500 m.kr. í árslok 1986.

Hrein inneign ríkissjóðs á viðskiptareikningum hefur farið ört vaxandi á síðustu árum og rúmlega þrefaldast á tímabilinu. Hér er um að ræða ýmsa reikninga til skamms tíma vegna óinnheimtra skatta, aðflutningsgjalda o.fl.

Síðustu tveir dálkar yfirlitsins sýna áætlaðar stöðutölur veittra og tekinna lána ríkissjóðs í árslok 1987 og 1988. Tekið er mið af áætlun um útkomu yfirstandandi árs og fjárlagafrumvarps 1988. Samkvæmt þeim áætlunum lækka skuldir ríkissjóðs bæði árin vegna minni tekjuhalla og lánveitinga. Enn fremur endurspeglar yfirlitið aukna áherslu á innlenda fjármögnun ríkishallans, en erlendar skuldir ríkissjóðs lækka úr 18,1% af vergri landsframleiðslu 1986 í 14,8% 1987 og 12,6% í árslok 1988.

Uppistaðan í innlendri lánsfjáröflun ríkissjóðs á liðnum árum hefur verið sala spariskírteina. Handhafar/eigendur bréfanna eru fyrst og fremst ýmsir sjóðir og einstaklingar. Lánstími skírteinanna er breytilegur eftir flokkum og hefur fjölbreytni þeirra aukist verulega á undanförnum 2–3 árum. Í flestum tilvikum koma þau til lokainnlausnar 14–16 árum eftir útgáfu. Sumir flokkar spariskírteina eru aðeins innleysanlegir að ósk eiganda þeirra. Aðrir flokkar skírteina bera með sér gagnkvæm innlausnarákvæði að loknum binditíma þeirra. Stærstur hluti spariskírteina á undanförnum árum hefur verið með binditíma á bilinu 2–6 ár. Að þeim tíma liðnum eru þau innleysanleg ásamt áföllnum vöxtum og verðbótum miðað við fasta gjalddaga árlega. Útgefnir flokkar spariskírteina bera margir tiltölulega háa raunvexti en í árslok 1986 nam verðgildi útistandandi skírteina með vöxtum og verðbótum alls 10.110 m.kr. Á sama tíma nam verðmæti þeirra spariskírteina, sem voru innleysanleg, 1.736 m.kr.

Mikil óvissa ríkir um innlausn spariskírteina á næstu árum og ræðst hún að miklu leyti af þróun vaxta á innlendum lánsfjármarkaði. Áætluð innlausn tímabilið 1988–1991 tekur í fyrsta lagi mið af því hve mikið er til lokainnlausnar á hverju ári. Að auki er metin líkleg innlausn skírteina með hliðsjón af þeim raunvöxtum sem hver flokkur spariskírteina skilar eigendum sínum. Að lokum er í áætluninni ekki miðað við að ríkissjóður nýti sér heimild til uppgreiðslu á þeim flokkum spariskírteina þar sem slíkt ákvæði er fyrir hendi.

Í áætlun frumvarpsins er miðað við að afla ríkissjóði 3.000 m.kr. á árinu 1988 með sölu spariskírteina. Á móti er innlausn eldri spariskírteina áætluð 2.755 m.kr., þar af eru 625

m.kr. vegna vaxtaþáttarins. Árleg innlausn á tímabilinu 1989–1991 er áætluð um 3.200 m.kr. og sala nýrra spariskírteina 3.500 m.kr.

Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlun um veitt og tekin lán ríkissjóðs 1987–1991. Allar fjárhæðir á tímabilinu 1988–1991 eru miðaðar við áætlað meðalverðlag á árinu 1988.

Veitt og tekin lán ríkissjóðs 1987–1991

	Milljónir kr.		Milljarðar kr.		
	1987	1988	1989	1990	1991
1. Tekin ný lán	**6.800**	**5.400**	**4,5**	**4,4**	**4,4**
Sala spariskírteina	1.500	3.000	3,5	3,5	3,5
Verðbréfakaup bankakerfis	1.716	1.800	–	–	–
Skuldabréfakaup lífeyrissjóða	800	–	–	–	–
Seðlabanki vegna Útvegsbanka o.fl.	864	–	–	–	–
Önnur innlend lánsfjáröflun	–	–	1,0	0,9	1,0
Erlend lán	1.920	600	–	–	–
2. Afborganir af teknum lánum	**3.410**	**4.635**	**5,7**	**5,7**	**5,8**
Innlausn spariskírteina	1.000	2.130	2,5	2,5	2,5
Seðlabanki	–	640	0,6	0,6	0,6
Önnur innlend lán	1.110	1.015	1,4	1,5	1,6
Erlend lán	1.300	850	1,2	1,1	1,1
3. Tekin lán, nettó (1–2)	**3.390**	**665**	**−1,2**	**−1,3**	**−1,3**
Spariskírteini	500	870	1,0	1,0	1,0
Seðlabanki	864	−640	−0,6	−0,6	−0,6
Önnur innlend lán	1.406	685	−0,4	−0,6	−0,6
Erlend lán	620	−250	−1,2	−1,1	−1,1
4. Veitt ný lán	**1.680**	**1.635**	**1,0**	**1,0**	**1,0**
Lán tengd innlendu verðlagi	–	1.635	1,0	1,0	1,0
Gengisbundin lán	1.680	–	–	–	–
5. Innheimtar afborganir	**1.980**	**2.540**	**2,7**	**2,8**	**2,8**
Af lánum tengdum innl. verðlagi	1.100	1.390	1,5	1,5	1,4
Af gengisbundnum lánum	880	1.150	1,2	1,3	1,4
6. Veitt lán, nettó (4–5)	**−300**	**−905**	**−1,7**	**−1,8**	**−1,8**
7. Tekin lán, nettó, umfram veitt lán, nettó (3–6)	**3.690**	**470**	**0,5**	**0,5**	**0,5**
8. Hlutfall af VLF:					
Tekin lán, nettó	1,7	0,2	−0,5	−0,6	−0,6
Veitt lán, nettó	−0,1	−0,4	−0,7	−0,8	−0,8
Tekin lán umfram veitt, nettó	1,8	0,2	0,2	0,2	0,2

Áætlun um greiðslur af veittum og teknum lánum ríkissjóðs á tímabilinu 1988–1991 byggir í grófum dráttum á eftirfarandi: 1) Stöðu tekinna og veittra lána um miðjan ágúst 1987 samkvæmt lánaskrá ríkissjóðs, 2) horfum um nýjar lántökur og lánveitingar til ársloka 1987 í samræmi við endurskoðaða áætlun í ríkisfjármálum, 3) teknum (veittum) lánum 1988 miðað við forsendur þessa frumvarps og 4) teknum (veittum) lánum 1989 og 1990 samkvæmt því að tekjujöfnuður haldist bæði árin.

Mikil óvissa ríkir um væntanleg lánskjör bæði á innlendum og erlendum lánsfjármörkuðum á næstu misserum. Áætlun um endurgreiðslur af skuldbindingum, sem ekki hefur nú þegar verið stofnað til svo og þeim sem eru með breytilegum vöxtum, verður ævinlega háð óvissu og ræðst af þróun lánsfjármarkaðarins.

Í forsendum áætlunarinnar er miðað við að afla ríkissjóði innlendra lána, annarra en með spariskírteinum, með sölu ríkisvíxla eða verðbréfa til bankakerfisins. Þá er miðað við að tekin erlend lán og gengisbundin veitt lán séu með breytilegum vöxtum og 10 ára lánstíma að meðaltali. Mikil óvissa ríkir um vexti á erlendum lánsfjármörkuðum og eru ýmis teikn á lofti um að þeir fari hækkandi, en þeir hafa verið á bilinu 7–8% frá miðju þessu ári. Breytilegir vextir á dollaralánum sem koma til greiðslu í ár eru áætlaðir að meðaltali um 6,5% og í áætlun næsta árs er miðað við að þessir vextir hækki í 7,5%. Gróft áætlað leiðir einnar prósentu hækkun breytilegra vaxta á erlendum lánsfjármörkuðum til um 300 m.kr. hækkunar á vaxtagreiðslum þjóðarinnar út á við á heilu ári. Hlutdeild erlendra skulda ríkissjóðs með breytilegum vöxtum hefur verið nokkru lægri en í erlendum skuldum þjóðarbúsins. Lækkun breytilegra vaxta um eina prósentu dregur úr vaxtagreiðslum ríkissjóðs út á við um 100 m.kr.

Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlun um greiðslur ríkissjóðs af skuldum og innheimtu af veittum lánum yfir tímabilið 1988–1991:

Afborganir og vextir af teknum og veittum lánum ríkissjóðs 1988–1991

	Milljónir kr.		Milljarðar kr.					
	1988		1989		1990		1991	
	Afb.	Vextir	Afb.	Vextir	Afb.	Vextir	Afb.	Vextir
A. Greiðslur af teknum lánum	**4.635**	**4.800**	**5,7**	**4,9**	**5,7**	**4,8**	**5,8**	**4,6**
1. Áhvílandi lán í árslok 1987	4.635	4.300	5,4	4,2	5,3	4,0	5,3	3,8
Seðlabanki Íslands	640	315	0,6	0,3	0,6	0,2	0,6	0,1
Innlausn spariskírteina	2.130	625	2,5	0,7	2,5	0,7	2,5	0,7
Gengisbundin lán innanlands	80	50	0,1	0,0	0,1	0,0	0,1	0,0
Önnur innlend lán	935	810	1,0	0,7	1,0	0,7	1,0	0,7
Erlend lán	850	2.500	1,2	2,5	1,1	2,4	1,1	2,3
2. Tekin lán 1988–1991	–	–	0,3	0,2	0,4	0,3	0,5	0,3
Innlend lán	–	–	0,3	0,2	0,4	0,3	0,5	0,3
3. Yfirdráttur í Seðlabanka	–	500	–	0,5	–	0,5	–	0,5
B. Innheimta af veittum lánum	**2.540**	**2.800**	**2,7**	**2,9**	**2,8**	**2,7**	**2,8**	**2,6**
1. Veitt lán í árslok 1985	2.540	1.700	2,5	1,7	2,5	1,5	2,4	1,3
Tengd innlendu verðlagi	1.390	640	1,4	0,6	1,3	0,5	1,1	0,4
Gengisbundin lán	1.150	1.06	1,1	1,1	1,2	1,0	1,3	0,9
2. Veitt lán 1988–1991	–	–	0,2	0,1	0,3	0,2	0,4	0,2
Tengd innlendu verðlagi	–	–	0,1	0,1	0,2	0,1	0,3	0,2
Gengisbundin lán	–	–	0,1	0,0	0,1	0,0	0,1	0,0
3. Dráttavextir af skammtímakröfum	–	1.100	–	1,1	–	1,1	–	1,1
C. Nettó-útstreymi afborgana og vaxta	**2.095**	**2.000**	**3,0**	**2,0**	**2,9**	**2,1**	**3,0**	**2,0**

Niðurstöður framangreindrar áætlunar benda til verulegs útstreymis umfram innstreymi af lánareikningum ríkissjóðs. Heildargreiðslur ríkissjóðs af teknum lánum á árinu 1988 eru 9.435 m.kr. eða um 16% af heildartekjum, þar af eru vextir rúm 8%. Á móti nema innborganir af veittum lánum ríkissjóðs alls 5.340 m.kr. eða um 9% af heildartekjum. Hrein greiðslubyrði ríkissjóðs vegna afborgana og vaxta á lánareikningum nemur því 4.095 m.kr. eða ríflega 7% af heildartekjum á árinu 1988. Horfur um greiðslur ríkissjóðs á tímabilinu 1988–1990 benda til að þetta hlutfall fari hækkandi.

Að framan var fjallað um hreina yfirtöku ríkissjóðs á skuldum orkufyrirtækjanna í árslok 1986 að fjárhæð um 2,5 milljarðar króna. Áhrif þessa á fjárhag ríkissjóðs 1987 og á næstu árum eru mun meiri en yfirtökufjárhæðin gefur til kynna. Ástæðan felst einkum í því að skuldir orkufyrirtækjanna koma tiltölulega ört til endurgreiðslu á næstu árum en þau skuldabréf sem ríkissjóður fékk á móti greiðast upp á löngum tíma. Vegna þessa mismunar þarf ríkissjóður að reiða fram um 820 m.kr. í ár og um 870 m.kr. á árinu 1988. Lánsfjárþörf ríkissjóðs eykst sem þessu nemur.

Í ljósi skuldbindinga af lánamálum og stefnu stjórnvalda í ríkisfjármálum eru settar fram horfur um afkomu ríkissjóðs á tímabilinu 1987–1991 í eftirfarandi yfirliti:

Horfur í ríkisfjármálum 1987–1991

	Milljónir kr.		Milljarðar kr.		
	1987	1988	1989	1990	1991
1. Tekjur umfram gjöld	**−2.110**	**27**	–	–	–
2. Veitt lán, nettó[1]	**−300**	**−905**	**−1,7**	**−1,8**	**−1,8**
Ný lán til B-hluta aðila	1.460	1.635	1,0	1,0	1,0
Ný lán til atvinnufyrirtækja	220	–	–	–	–
– Innheimtar afborganir	−1.980	−2.540	−2,7	−2,8	−2,8
3. Hlutafjárframlög	**844**	**80**	**0,1**	**0,1**	**0,1**
4. Viðskiptareikningar nettó-útstreymi	**723**	**400**	**0,4**	**0,4**	**0,4**
5. Lánsfjárþörf, nettó (1+ +4)[2]	**3.377**	**−452**	**−1,1**	**−1,3**	**−1,3**
6. Tekin lán, nettó (6.1+6.2)	**3.390**	**−435**	**−1,1**	**−1,3**	**−1,3**
6.1 Innlend lán, nettó	2.770	415	0,1	−0,1	0,0
Ný lán	4.880	4.200	4,5	4,4	4,5
– Afborganir	−2.110	−3.785	−4,4	−4,5	−4,6
6.2 Erlend lán, nettó	620	−850	−1,2	−1,2	−1,2
Ný lán	1.920	–	–	–	–
– Afborganir	−1.300	−850	−1,2	−1,2	−1,2
7. Greiðsluafkoma, sjóðsbreyting (6–7)	**13**	**17**	–	–	–

1) Neikvætt formerki felur í sér að innheimtar afborganir af útistandandi kröfum ríkissjóðs eru hærri en nemur veittum nýjum lánum.

2) Neikvætt formerki á lánsfjárþörf nettó felur í sér möguleika til að greiða niður skuldir.

Áætlað útstreymi 1989–1991 vegna hlutafjárkaupa, lánveitinga til B–hluta aðila og á viðskiptareikningum tekur mið af frumvarpi 1988. Þó ber að nefna að lánveitingar til B–hluta aðila lækka enda sýnt að lántökur til flugstöðvar í Keflavík falla að mestu niður en þær nema alls 820 m.kr. 1988 vegna endurgreiðslu á skammtímalánum frá bankakerfinu í ár.

Niðurstaða af því sem að ofan segir er að takist stjórnvöldum að halda ríkissjóði hallalausum á næstu árum verður svigrúm til að grynnka á heildarskuldinni. Aftur á móti er

ekki þar með sagt að hreinar skuldir ríkissjóðs, þ.e. heildarskuldir að frádregnum lánveitingum, lækki. Það getur því aðeins orðið að ríkissjóði verði skilað með tekjuafgangi.

6.2 Ríkisábyrgðir

Heildarskuldbindingum ríkisins má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi eru bókfærðar skuldir sem ríkissjóður hefur tekið innanlands og utan, eins og hefur verið skýrt frá í kaflanum hér að framan. Í öðru lagi skuldbindingar ríkissjóðs á lánum sem ýmsir aðilar hafa fengið heimild til að taka með ábyrgð ríkisins. Í þriðja lagi eru síðan sjálfvirkar ábyrgðir ríkisins sem felast í eignarhaldi þess t.d. á ríkisbönkum og fjárfestingarlánasjóðum. Hér á eftir verður grein fyrir skuldbindingum ríkissjóðs sem stofnað er til bæði með formlegum ríkisábyrgðum og með sjálfvirkum hætti.

Eftirfarandi tafla sýnir stöðu skráðra ríkisábyrgða á undanförnum árum (m.kr.):

Skráðar ríkisábyrgðir 1980–1986

Ár	Verðlag í lok hvers árs: Óverðtryggð lán	Verðtryggð lán	Gengisbundin lán	Ríkisábyrgðir samtals	Ríkisábyrgðir samtals, verðlag í árslok 1986[1])
1986	250	5.520	16.632	22.746	22.746
1985	275	4.979	12.873	18.127	19.706
1984	302	4.006	10.355	14.663	19.624
1983	241	3.598	6.599	10.438	17.273
1982[2])	–	–	3.346	5.618	15.295
1981[3])	–	–	–	2.044	9.072
1980[3])	–	–	–	1.365	7.717

1) Fært til árslokaverðlags 1986 með meðalgengisvísitölu og lánskjaravísitölu.
2) Innbyrðis skipting milli verðtryggðra lána og óverðtryggðra lána í árslok 1982 liggur ekki fyrir.
3) Innbyrðis skipting liggur ekki fyrir í árslok 1980 og 1981.

Eins og yfirlitið ber með sér hvíla verulegar skuldbindingar á ríkissjóði í veittum ábyrgðum. Í árslok 1986 jafngiltu skráðar ríkisábyrgðir, reiknaðar til meðalverðlags 1986, um 13,7% af VLF. Þar af nema gengisbundin lán rúmum 73% og hefur hlutdeild þeirra aukist nokkuð í skráðum ábyrgðum á síðustu árum samanborið við tæp 60% af heildarábyrgðum ríkissjóðs í árslok 1982. Skráðar ríkisábyrgðir hafa verið nokkuð stöðugar, mældar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, á árabilinu 1983–1986 eða á bilinu 13–15%.

Ábyrgðir hafa verið veittar fjölmörgum aðilum á liðnum árum. Erfitt er að draga fram í stuttu yfirliti raunverulega áhættu ríkissjóðs af greiðslufalli lána sem ríkissjóður hefur gengist í ábyrgð fyrir. Við mat á áhættu þarf í fyrsta lagi að skoða hve stór hluti veittra ríkisábyrgða eru sjálfskuldarábyrgðir. Komi til vanskila á láni með sjálfskuldarábyrgð getur lánveitandi gengið að ábyrgðaraðila og krafið hann um greiðslu án þess að fullreynt sé hvort skuldari geti staðið í skilum. Sé ábyrgðin hins vegar einföld þarf lánveitandi áður að reyna til hlítar hvort skuldari geti innt greiðsluna af hendi. Við skoðun á skráðum ríkisábyrgðum á tímabilinu 1982–1984 kemur í ljós að þær eru að stórum hluta með sjálfskuldarábyrgð.

Eftirfarandi yfirlit sýnir flokkun skráðra ábyrgða í grófum dráttum eftir þeim aðilum sem vega hvað þyngst í veittum ríkisábyrgðum (m.kr.):

Flokkun skráðra ríkisábyrgða 1980–1986 eftir skuldurum
Fast verðlag í árslok 1986

Ár	Framkvæmda-sjóður	Veðdeild Landsbanka	Landsvirkjun	Aðrir	Ábyrgðir samtals
1986	12.003	5.300	718	4.725	22.746
1985	9.300	5.213	904	4.288	19.706
1984	8.030	5.525	1.100	4.969	19.624
1983	5.658	5.989	1.229	4.397	17.273
1982	3.932	6.550	1.240	3.573	15.295
1981	2.414	3.377	1.039	2.242	9.072
1980	1.990	3.740	1.287	700	7.717

Ætla verður að áhætta ríkissjóðs af vanskilum hjá Framkvæmdasjóði Íslands, Veðdeild Landsbanka Íslands og Landsvirkjun sé hverfandi lítil. Hlutdeild þessara aðila í veittum ríkisábyrgðum var hæst árið 1980 eða rúm 90% en hefur verið tiltölulega stöðug hin árin eða á bilinu 74–79% af heildinni. Í dálkinum sem ber heitið „Aðrir" eru ýmis ríkisfyrirtæki, bæjar- og sveitarfélög og atvinnufyrirtæki. Innan þessa hóps hafa orðið talsverð vanskil á undanförnum árum. Útgjöld Ríkisábyrgðasjóðs hafa því orðið nokkur á tímabilinu 1980–1986, sbr. eftirfarandi yfirlit (m.kr.):

Nettó-útgreiðslur ríkissjóðs vegna vanskila lána með ríkisábyrgð 1980—1986

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986
Innleystar kröfur	43	61	89	193	248	238	636
– Endurgreiðslur skuldara	–37	–61	–67	–91	–121	–204	–356
Nettó-útgreiðslur ríkissjóðs	6	0	22	102	127	34	280

Heildarfjárhæð krafna sem Ríkisábyrgðasjóður varð að leysa til sín á árinu 1986 nam 636 m.kr. og er það hærri fjárhæð en nokkru sinni til þessa. Stærsti hluti þessarar fjárhæðar er vegna Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins eða um 201 m.kr. Er það vegna afurðadeildar fyrir mjöl og lýsi hjá sjóðnum sem gat ekki staðið Seðlabanka skil af láni frá árinu 1981. Endurgreiðslur frá skuldurum til Ríkisábyrgðasjóðs jukust einnig, þó eru nettó-greiðslur úr sjóðnum mun meiri en áður.

Í árslok 1986 námu kröfur ríkissjóðs vegna vanskila skuldunauta Ríkisábyrgðasjóðs alls 737 m.kr. Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu þeirra eftir málaflokkum í árslok 1984–1986 (m.kr.):

Kröfur ríkissjóðs 1984–1986 vegna vanskila ýmissa aðila við Ríkisábyrgðasjóð

	1984	1985	1986
1. Hafnalán	13	15	12
2. Raforkulán	14	29	61
3. Fiskiðnaður	3	5	207
4. Togaralán	91	143	49
5. Samgöngur	77	162	238
6. Hitaveitulán	15	15	51
7. Landbúnaður	63	1	6
8. Aðrir	77	84	113
Samtals	353	454	737

Til viðbótar við ofangreindar ábyrgðir er ríkissjóður skuldbundinn af sjálfvirkum ríkisábyrgðum sem eigandi ríkisbanka og opinberra fjárfestingarlánasjóða. Eftirfarandi yfirlit gefur grófa mynd af þeim skuldbindingum sem hér um ræðir miðað við brúttó-skuldir þeirra í árslok 1986:

	Skuldir í árslok 1986 í m.kr.
Útvegsbanki Íslands	10.339
Landsbanki Íslands	15.236
Veðdeild Landsbanka Íslands	5.720
Búnaðarbanki Íslands	11.721
Veðdeild Búnaðarbanka Íslands	89
Byggingarsjóður ríkisins	11.039
Byggingarsjóður verkamanna	1.941
Framkvæmdasjóður Íslands	16.536
Byggðastofnun	2.531
Fiskveiðasjóður	9.735
Iðnlánasjóður	2.677
Iðnþróunarsjóður	355
Landflutningasjóður	65
Stofnlánadeild landbúnaðarins	3.102
Ferðamálasjóður	294
Samtals	**91.380**

Samkvæmt yfirlitinu námu langtímaskuldir ofangreindra aðila ríflega 91 milljarði króna í árslok 1986. Ekki má líta á þessa fjárhæð sem hreina viðbót við ábyrgðir ríkisins. Í fyrsta lagi er rétt að vekja athygli á að hér er um heildarskuldir að ræða sem eiga sér oftast samsvörun í veittum lánum. Í öðru lagi þarf að taka tillit til innbyrðis lánveitinga milli aðila og við ríkissjóð til að forðast tvítalningu. Í þriðja lagi þarf að taka tillit til hvort einhverjar af þessum skuldum séu meðal skráðra ríkisábyrgða. Hér má t.d. nefna heildarskuldir Framkvæmdasjóðs í árslok 1986, 16,5 milljarða króna, þar af eru 12,5 milljarðar skráðir hjá Ríkisábyrgðasjóði eins og fram hefur komið.

Lán milli ofangreindra fjárfestingarlánasjóða námu alls 14.214 m.kr. í árslok 1986. Þá námu skuldir þeirra við ríkissjóð alls 5.553 m.kr. og skráðar ríkisábyrgðir 12.130 m.kr. Skráðar ábyrgðir ríkisbankanna eru aðeins vegna Veðdeildar Landsbankans að fjárhæð 5.300 m.kr. eins og fram hefur komið. Að teknu tilliti til skráðra ríkisábyrgða, innbyrðis skulda og við ríkissjóð lækkar ofangreind fjárhæð úr 91.380 m.kr. í 54.183 m.kr. Ekki liggur fyrir hver skuld sjóðanna er við ríkisbankana en skuld þeirra við bankakerfið í heild nam 6.907 m.kr. í árslok 1986. Að því gefnu að 90% af skuldum sjóðanna sé við ríkisbanka þá er niðurstaðan sú að viðbótarskuldbindingar ríkissjóðs vegna framangreindra aðila nemi alls 47.966 m.kr. í árslok 1986 eða tæpum 29% af vergri landsframleiðslu. Áhætta ríkisins af þessum skuldbindingum er óljós.

Að öllu samanlögðu, þ.e. skuldum ríkissjóðs, skráðum og sjálfvirkum ríkisábyrgðum vegna eignar á bönkum og lánastofnunum, lætur nærri að ríkissjóður beri ábyrgð á um 115 milljörðum króna í árslok 1986 eða sem svarar um 70% af vergri landsframleiðslu ársins. Áhættan sem þessum skuldbindingum fylgir er mismikil en langt í frá að vera óveruleg.

Það er einkum þrennt sem gefur tilefni til ítarlegri umfjöllunar um ábyrgðarmál ríkins en áður. Í fyrsta lagi er það stefna ríkisstjórnarinnar að dregið verði úr ábyrgðum ríkisins og afskiptum þess af banka- og lánastarfsemi. Skref í þessa átt kemur fram í frumvarpi til lánsfjárlaga og lánsfjáráætlun fyrir árið 1988 þar sem ekki er gert ráð fyrir ríkisábyrgðum á nýjum skuldbindingum atvinnuvegasjóða frá árslokum 1987. Ríkisábyrgðin gildir áfram á

skuldbindingum þeirra til þess tíma. Hér er um að ræða Fiskveiðasjóð, Iðnlánasjóð, Iðnþróunarsjóð og Stofnlánadeild landbúnaðarins. Þessi ráðstöfun kallar á breytingar á sérlögum þessara sjóða fyrir lok þessa árs. Líta ber á þessa aðgerð sem fyrsta skref stjórnvalda í heildarendurskoðun á sjóðakerfinu.

Í öðru lagi gefur það tilefni til aðgátar að ríkissjóður hefur orðið og verður fyrirsjáanlega fyrir meiri háttar áföllum vegna þeirrar ábyrgðar sem hann ber á nokkrum fyrirtækjum. Þannig hefur ríkissjóður tapað verulegum fjármunum vegna Útvegsbankans bæði vegna eignar á fyrirtækinu og skuldbindinga sem á ríkissjóði hvíla gagnvart starfsfólki bankans og þeirrar ábyrgðar sem ríkissjóður tók að sér við stofnun Útvegsbankans hf. Hér hleypur á hundruðum milljóna króna. Fleiri fyrirtæki kunna að verða þess valdandi að ríkissjóður verður fyrir fjárútlátum vegna veittra ábyrgða. Þannig er líklegt að ríkissjóður þurfi að taka að sér miklar skuldbindingar vegna Sjóefnavinnslunnar hf., en ríkissjóður á um 97% hlutafjár í fyrirtækinu.

Í þriðja og síðasta lagi færist í vöxt að einkafyrirtæki leiti til opinberra lánastofnana um milligöngu á erlendum lántökum út á heimildir viðskiptaráðuneytis eða svokallaðrar langlánanefndar. Þannig hefur t.d. Framkvæmdasjóður Íslands tekið erlend lán fyrir hótelbyggjendur upp á 75 m.kr. á þessu ári. Einnig tók sjóðurinn erlent lán á árinu að fjárhæð 150 m.kr. vegna Arnarflugs hf., sbr. töflu 22 í töfluviðauka. Ekki liggja fyrir upplýsingar um lántökur annarra fjárfestingarlánasjóða fyrir einkaaðila en óhjákvæmilega eru margar af þeim ábyrgðum áhættusamar. Það skal tekið skýrt fram að þótt hér sé oft um háar fjárhæðir að ræða eru í flestum tilvikum gerðar strangar kröfur um trygg veð að baki þessum lánveitingum.

Opinber umræða að undanförnu um erlendar lántökur þjóðarbúsins á árinu 1987 gefur tilefni til þess að árétta að lántökur ríkissjóðs og opinberra lánastofnana þurfa alls ekki að fela í sér að ríkið eða aðrir opinberir aðilar standi að ráðstöfun fjárins. Athugun á auknu innstreymi erlends lánsfjár á þessu ári sýnir að það eru einkum einkaaðilar sem hafa farið fram úr áætlun. Erlendar lántökur þeirra hafa ýmist farið um viðskiptabanka, kaupleigufyrirtæki eða opinbera sjóði sem eru með sjálfvirka ríkisábyrgð. Á þessu þarf að verða stefnubreyting.

7 Lánsfjáráætlun

Sem fyrr hefur Framkvæmdasjóður Íslands, Seðlabanki Íslands og Þjóðhagsstofnun lagt til efni í þennan kafla frumvarpsins. Í athugasemdum hér að neðan er fyrst gerð grein fyrir horfum um heildarfjárfestingu 1988 og síðan er fjallað um áformaða ráðstöfun þess lánsfjár sem aflað verður. Þá er fjallað um innlenda og erlenda lánsfjáröflun. Í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1988, sem lagt er fram samtímis fjárlagafrumvarpinu, er leitað nauðsynlegra lántökuheimilda.

7.1 Heildarfjárfesting

Í þjóðhagsspá fyrir árið 1987, sem gerð var í júlí síðastliðnum, var gert ráð fyrir að fjárfesting ykist um 6,6%. Fjárfestingarspáin var endurskoðuð í september og er nú gert ráð fyrir 8% aukningu. Fjármunamyndun atvinnuveganna er nú talin aukast um 8,3%. Gert er ráð fyrir að íbúðabyggingar aukist um 8% og byggingar og mannvirki hins opinbera um 7,2%. Aukningin frá júlíspánni stafar einkum af meiri innflutningi véla, tækja og bifreiða til atvinnurekstrar en áður var reiknað með. Heildarfjármunamyndunin 1987 er áætluð 36.130 m.kr. og talin nema 17,6% af landsframleiðslu. Þetta hlutfall nam að meðaltali 21,9% á árunum 1978–1987.

Fjármunamyndun 1987–1988

	Verðlag hvors árs		Magnbreytingar frá fyrra ári	
	Áætluð útkoma 1987 m.kr.	Áætlun 1988 m.kr.	Áætlun útkoma 1987 %	Áætlun 1988 %
1. Atvinnuvegir	19.080	21.190	8,3	1,2
2. Íbúðarhús	7.100	8.70R	8,0	7,0
3. Opinberar framkvæmdir	9.950	11.160	7,2	−1,8
4. Samtals	36.130	41.050	8,0	1,5
5. Fjármunamyndun sem hlutfall af vergri landsframleiðslu	17,6%	17,1%		

Áætlað er að fjármunamyndun á árinu 1988 muni aukast um 1,5% og nema 17,1% af landsframleiðslu. Aukningin stafar af auknum innflutningi skipa. Gert er ráð fyrir að hin almenna fjármunamyndun dragist saman um 0,5% en hún er talin aukast um 6% á þessu ári. Á árinu 1988 er talið að fjárfesting atvinnuveganna aukist um 1,2%. Áætlað er að framkvæmdir við íbúðarhús aukist um 7%. Aftur á móti er gert ráð fyrir að framkvæmdir hins opinbera dragist saman um 1,8%.

Atvinnuvegir. Fjárfesting atvinnuvegannna er talin aukast um 1,2% árið 1988. Framkvæmdir í landbúnaði hafa verið með mesta móti frá og með árinu 1985. Ástæðan er sú að framkvæmdir við fiskeldisstöðvar eru taldar með fjármunamyndun í landbúnaði. Önnur fjárfesting í landbúnaði hefur dregist saman á þessu tímabili. Fjárfesting í fiskveiðum jókst um 125% á árinu 1986. Áætluð aukning á þessu ári er 14,9%, og enn er búist við aukningu á næsta ári er nemur 17,7%. Mikið hefur verið um endurbætur eldri fiskiskipa síðustu árin bæði innanlands og erlendis. Innlendar nýsmíðar hafa verið með minnsta móti en leyft hefur verið að kaupa nokkur fiskiskip erlendis frá, árin 1986–1988. Í sumum tilvikum hefur eldra fiskiskip verið selt úr landi í stað hins nýja. Áætlað er að 5% aukning verði í framkvæmdum fiskvinnslufyrirtækja. Framkvæmdir í almennum iðnaði eru einnig taldar aukast um 5% árið 1988. Aukning fjárfestingar í flutningatækjum er áætluð 12,3%.

Miklar framkvæmdir hafa verið við verslunar-, skrifstofu- og gistihús á árunum 1985–1987. Á næsta ári er gert ráð fyrir 10% samdrætti í þessari grein þar sem nokkrum stórum verkefnum lýkur á þessu ári. Innflutningur ýmissa véla og tækja er talinn dragast saman um 8%, enda er hann með mesta móti í ár. Hér er aðallega um að ræða tölvubúnað og vinnuvélar alls konar.

Íbúðabyggingar. Árið 1986 drógust íbúðabyggingar saman um 15% samkvæmt bráðabirgðatölum. Fjöldi fullgerðra íbúða var 1.487 og byrjað var á 1.198 íbúðum. Á árunum 1981–1985 voru fullgerðar íbúðir 1.710 að meðaltali og byrjað var á 1.623 íbúðum að meðaltali. Samdráttur varð í íbúðabyggingum 1986 bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landsbyggðinni.

Hinn 1. september 1986 tóku gildi ný lög um Húsnæðisstofnun ríkisins. Lánveitingar voru stórauknar bæði til nýbygginga og til kaupa á notuðu íbúðarhúsnæði. Á árinu 1988 er áætlað að íbúðabyggingar aukist um 7%. Gangi þessar áætlanir eftir verða framkvæmdir við íbúðarhús árið 1988 álíka miklar og þær voru á árinu 1985.

Opinberar framkvæmdir. Talið er að framkvæmdir við byggingar og mannvirki hins opinbera dragist saman um 1,8% á árinu 1988 en 7,2% aukning er talin verða 1987. Áætlað

er að framkvæmdir við rafvirkjanir og rafveitur aukist um þriðjung. Stafar aukningin af auknum framkvæmdum Landsvirkjunar og Hitaveitu Suðurnesja, sem hefur yfirtekið dreifikerfi raforku á Suðurnesjum af Rafmagnsveitum ríkisins og rafveitum sveitarfélaga, sem áður voru rekin í þessum landshluta. Framkvæmdir Landsvirkjnunar við Blönduvirkjun miðast við að virkjunin verði gangsett árið 1991. Talið er að vatnsveitufamkvæmdir verði svipaðar bæði árin 1987 og 1988. Áætlað er að hitaveitufamkvæmdir aukist um 11%. Af framkvæmdafjárhæð hitaveitna renna um 60% til framkvæmda Hitaveitu Reykjavíkur við Nesjavallavirkjun.

Samgönguframkvæmdir eru taldar dragast saman um 21% á næsta ári. Samdrátturinn stafar af því að ekki er gert ráð fyrir framvæmdum við flugstöð á Keflavíkurflugvelli en hún var tekin í notkun s.l. vor. Gert er ráð fyrir 13% aukningu í vegagerð og 7% aukningu í framkvæmdum við götur og holræsi. Áætlað er að framkvæmdir við byggingar hins opinbera aukist um 12%. Að lokum liggur fyrir ákvörðun um að hefja byggingu ráðhúss í Reykjavík á næsta ári.

Fjárfesting og atvinnuhorfur. Samkvæmt þeirri fjárfestingarspá fyrir árið 1988, sem hér hefur verið rakin, verða umsvif í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð 1–2% minni en á þessu ári. Á árinu 1987 er áætlað að byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð aukist um 5–6% frá fyrra ári. Aftur á móti var samdráttur í þessari grein á árunum 1985 og 1986, 4,5% 1985 og 3% 1986.

7.2 Opinberar framkvæmdir – opinber lánsfjárþörf

Heildarframkvæmdir á vegum opinberra aðila eru áformaðar 11.160 m.kr. á árinu 1988. Í því felst lítils háttar samdráttur samanborið við framkvæmdir yfirstandandi árs eða um 1,8%. Á undanförnum árum hefur fjárfesting hins opinbera sveiflast nokkuð milli ára. Þannig er útlit fyrir að hún aukist um 7,2% í ár samanborið við um 4,6% samdrátt á árinu 1986 og um 8,5% 1985. Leita þarf aftur til ársins 1984 eftir aukningu í opinberri fjárfestingu en þá jókst hún um 1,5% frá árinu á undan.

Ráðgerðar framkvæmdir á árinu 1988 sýna aukningu á öðrum sviðum opinberra framkvæmda en í samgöngumannvirkjum en þau eru talin dragast saman um fimmtung. Skýrist það af því að framkvæmdir við flugstöð í Keflavík voru mestar 1986 og 1987 en þær nema um 1.200 m.kr. í ár. Miðað er við að engar framkvæmdir verði á árinu 1988. Áhrif þessa eru mikil fyrir samanburð á opinberum framkvæmdum milli ára. Að frátöldum framkvæmdum við flugstöð í ár, þá aukast samgöngumannvirki um 5,6% á næsta ári og opinber fjárfesting um 11,7% í stað 1,8% samdráttar.

Samdráttur í samgöngumannvirkjum nægir til að vega upp aukningu á öðrum sviðum opinberra framkvæmda. Þannig eru horfur á að raforkuframkvæmdir aukist um 33%, hita- og vatnsveitufamkvæmdir um 9% og opinberar byggingar um 12%. Í töflu 11 í töfluviðauka má sjá að vægi opinberra framkvæmda er áætlað um 27% af heildarfjárfestingu í landinu og er það svipað hlutfall og á undanförnum 2–3 árum. Hlutdeild opinberra framkvæmda hefur dregist verulega saman frá seinni hluta áttunda áratugarins eða úr þriðjungi heildarframkvæmda í um fjórðung. Töflur 13–16 í viðauka sýna frekari sundurliðun opinberra framkvæmda á árinu 1988.

Fjármögnun opinberra framkvæmda er ýmist með beinum fjárveitingum A-hluta ríkissjóðs, lántökum eða úr rekstri fyrirtækja. Eftirfarandi yfirlit sýnir ráðgerða fjármögnun einstakra framkvæmdaflokka á árinu 1988 (m.kr.):

Fjármögnun opinberra framkvæmda 1987

	Áætluð fjárfesting 1987	Fjármögnun: Fjárveiting	Fjármögnun: Úr rekstri eða sjóðum	Fjármögnun: Lántökur
1. Raforku- og rafveituframkvæmdir	1.680	65	890	725
2. Hita- og vatnsveitur	1.620	11	1.559	50
3. Samgöngumannvirki	4.330	2.041	2.289	–
4. Opinberar byggingar	3.530	1.890	1.640	–
Samtals	11.160	4.007	6.378	775
Hlutfallsleg samsetning fjármögnunar	100,0	35,9	57,2	6,9

Fjárveitingar ríkissjóðs til opinberra framkvæmda nema um þriðjungi heildarfjármögnunar þeirra eða 4.007 m.kr. á árinu 1988. Þá er ráðgert að skilað verði úr rekstri eða sjóðum ríflega helmingi framkvæmdakostnaðarins eða 6.378 m.kr. Loks eru lántökur til opinberra framkvæmda ráðgerðar 775 m.kr. Eru þetta svipuð fjármögnunarhlutföll og miðað var við í lánsfjáráætlun 1987.

Veigamestu raforkuframkvæmdir árið 1988 eru á vegum Landsvirkjunar 880 m.kr., Rafmagnsveitna ríkisins 150 m.kr. og sveitarfélaga 525 m.kr. Aðrar raforkuframkvæmdir eru áætlaðar alls 125 m.kr.

Hita- og vatnsveituframkvæmdir eru einkum á vegum Hitaveitu Reykjavíkur og Vatnsveitu Reykjavíkur eða alls 1.185 m.kr. Miðað er við að þær framkvæmdir verði fjármagnaðar að fullu af eigin tekjum fyrirtækjanna. Aðrar framkvæmdir af þessu tagi eru áætlaðar alls 435 m.kr.

Í samgöngumannvirkjum eru framkvæmdir við vega- og gatnagerð þyngstar eða alls 2.950 m.kr. Framkvæmdir við hafnir og vita eru áætlaðar alls 443 m.kr. og flugvallaframkvæmdir 257 m.kr. Að síðustu eru framkvæmdir hjá Póst- og símamálastofnuninni áætlaðar 520 m.kr. og hjá Ríkisútvarpi 162 m.kr., þar af 47 m.kr. vegna byggingar útvarpshúss, 75 m.kr. vegna fjármögnunarleigu af tækjabúnaði og 40 m.kr. vegna kaupa á nýjum búnaði fyrir hljóðvarp og sjónvarp.

Fyrirhugað er að verja 3.530 m.kr. til opinberra bygginga á árinu 1988. Er það nokkur aukning miðað við framkvæmdir yfirstandandi árs eða um 12,1%. Stærstur hluti þessa fjármagns rennur til sjúkrahúsa eða 1.160 m.kr. og 1.290 m.kr. til bygginga skóla og íþróttamannvirkja.

Lántökur opinberra aðila eru ekki einskorðaðar við fjármögnun framkvæmda. Eftirfarandi yfirlit sýnir lánsfjárráðstöfun opinberra aðila miðað við lánsfjárlög 1987, endurskoðaða áætlun í september 1987 og samkvæmt frumvarpinu 1988 (m.kr.):

Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila 1987 og 1988

	Láns-fjárlög 1987	Endurskoðuð áætlun 1987	Lánsfjár-áætlun 1988
1. Ríkissjóður, A-hluti	**6.150**	**6.800**	**4.200**
Þar af endurlánað til B-hluta	1.420	1.460	1.635
Lánasjóður íslenskra námsmanna	800	800	690
RARIK, almennar framkvæmdir	100	140	125
Flugstöð á Keflavíkurflugvelli	520	520	820
Þar af endurlánað til atvinnufyrirtækja	–	220	–
Togarinn Merkúr	–	160	–
Baldur hf., Stykkishólmi	–	35	–
Herjólfur hf., Vestmannaeyjum	–	25	–
2. Ríkissjóður, B-hluti	**–**	**955**	**–**
Póst- og símamálastofnunin	–	170	–
Síldarverksmiðjur ríkisins	–	105	–
Flugstöð Keflavík	–	680	–
3. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	**500**	**570**	**650**
Landsvirkjun	400	470	600
Þróunarfélag Íslands hf	100	100	50
4. Sveitarfélög	**350**	**520**	**350**
Hitaveita Akureyrar	–	373[1])	120
Hitaveita Egilsstaða og Fella	9	9	8
Hitaveita Siglufjarðar	12	12	–
Hitaveita Hveragerðis	45	45	–
Hitaveita Eyra	3	3	10
Annað	281	78	212
5. Ráðstöfun (1+... +4) = Fjáröflun (6+7)	**7.000**	**8.845**	**5.200**
6. Innlend fjáröflun	**4.450**	**5.560**	**4.300**
Útgáfa spariskírteina	1.500	1.500	3.000
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	1.300	800	–
Verðbréfakaup bankakerfis	1.650	1.716	1.200
Seðlabanki Íslands v/Útvegsbanka	–	864	–
Bankakerfið v/flugstöðvar í Keflavík	–	680	–
Önnur innlend fjáröflun	–	–	100
7. Erlendar lántökur	**2.550**	**3.285**	**900**
Ríkissjóður, A-hluti	1.700	1.920	–
Ríkissjóður, B-hluti	–	275	–
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	500	570	650
Sveitarfélög	350	520[1])	250

1) Þar af eru 373 m.kr. vegna skuldbreytinga Hitaveitu Akureyrar á erlendum skammtímalánum.

Aukin lánsfjárráðstöfun 1987 miðað við áætlun ársins nemur alls 1.845 m.kr., þar af hækka innlendar lántökur um 1.110 m.kr. og erlendar um 735 m.kr. Af hækkun erlendrar lántöku má draga 373 m.kr. vegna skuldbreytinga á erlendum skammtímalánum Hitaveitu Akureyrar. Í lánsfjárlögum 1987 var gert ráð fyrir skuldbreytingum veitunnar. Hins vegar eru þær ekki sýndar sérstaklega, þar sem ekki er um viðbótarskuldbindingu að ræða og hreinar erlendar skuldir þjóðarbúsins eru óbreyttar. Þannig að í raun eru erlendar lántökur 362 m.kr. umfram áætlun.

Hækkun innlenda hlutans skýrist af 864 m.kr. lántöku ríkissjóðs hjá Seðlabanka vegna Útvegsbanka Íslands o.fl. og 680 m.kr. bráðabirgðafjármögnun bankakerfisins á umframfjárþörf vegna flugstöðvarbyggingar í Keflavík. Á hinn bóginn er útlit fyrir að sala verðbréfa ríkissjóðs til lífeyrissjóða verði 500 m.kr. lægri en ráðgert var í lánsfjáráætlun 1987. Að lokum eru horfur á að kaup bankakerfisins á verðbréfum og ríkisvíxlum verði tæpar 70 m.kr. umfram áætlun.

Hækkun erlendrar lántöku skiptist þannig að 220 m.kr. eru hjá A-hluta vegna milligöngu ríkissjóðs fyrir atvinnufyrirtæki og 275 m.kr. eru vegna beinnar lántöku B-hluta fyrirtækja. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs standa fyrir 70 m.kr. en nýjar lántökur sveitarfélaga eru um 203 m.kr. undir áætlun.

Erlendar afborganir opinberra aðila eru áætlaðar 2.550 m.kr. á árinu 1987 og nema hreinar erlendar lántökur þeirra til langs tíma því um 735 m.kr. Að teknu tilliti til 220 m.kr. erlendrar lánsfjárútvegunar ríkissjóðs fyrir einkaaðila lækkar hrein erlend lántaka opinberra aðila í 515 m.kr. á árinu 1987.

Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila á árinu 1988 er áformuð alls 5.200 m.kr. Samanborið við endurskoðaða áætlun 1987 lækkar lánsfjárráðstöfunin um 3.645 m.kr. milli ára. Það er einkum fernt sem skýrir breytinguna. Í fyrsta lagi batnar afkoma ríkissjóðs úr 2.110 m.kr. tekjuhalla 1987 í jöfnuð árið 1988. Í öðru lagi falla skuldbindingar ríkissjóðs vegna Útvegsbankans til á árinu 1987. Þá ber að nefna að framkvæmdir við flugstöð í Keflavík falla niður árið 1988 og loks er ekki gert ráð fyrir milligöngu ríkissjóðs um erlendar lántökur fyrir atvinnufyrirtæki.

Áformað er að afla opinberum aðilum alls 5.200 m.kr. lánsfjár á árinu 1988, þar af verði 4.300 m.kr. teknar innanlands og 900 m.kr. erlendis. Áætlaðar endurgreiðslur af erlendum skuldum nema alls 2.250 m.kr. Afborganir umfram lántökur erlendis eru því áætlaðar 1.350 m.kr. á árinu 1988.

Í athugasemdunum hér að framan hefur framkvæmdum og lánsfjárráðstöfun A- og B-hluta ríkissjóðs þegar verið gerð skil. Hér á eftir er gerð grein fyrir framkvæmdum og lánsfjárráðstöfun fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og sveitarfélaga.

Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs

Landsvirkjun. Ráðgerðar framkvæmdir fyrirtækisins á árinu 1988 nema um 880 m.kr. og er þá miðað við að Blönduvirkjun verði tekin í notkun á árinu 1991. Fjárfestingin skiptist þannig að um 600 m.kr. renna til Blönduvirkjunar, 220 m.kr. til kaupa á búnaði vegna nýs kerfiráðs og húsbyggingar fyrir nýja stjórnstöð. Þá er ráðgert að um 50 m.kr. fari í að reisa nýja aðveitustöð í Kapelluhrauni sunnan Hafnarfjarðar fyrir notendur á Suður-Faxaflóasvæðinu og mögulega nýja stóriðju. Áætlað er að taka stöðina í notkun síðla árs 1989. Að lokum eru um 10 m.kr. ætlaðar til virkjunarrannsókna. Af framkvæmdakostnaði Blönduvirkjunar á árinu 1988 eru um 240 m.kr. vegna vaxta á byggingartíma.

Ráðgert er að fjármagna framkvæmdir Landsvirkjunar annars vegar með 600 m.kr. erlendri lántöku vegna Blöndu og hins vegar með 280 m.kr. úr rekstri fyrirtækisins. Að lokum miðast áætlanir fyrirtækisins við greiðslu afborgana að fjárhæð alls 1.112 m.kr., þar af eru 635 m.kr. af erlendum lánum og um 470 m.kr. renna til ríkissjóðs. Þá eru vaxtagreiðslur áætlaðar 1.756 m.kr. á árinu 1988, þar af eru 1.374 m.kr. til útlanda og 380 m.kr. til ríkissjóðs.

Orkubú Vestfjarða. Fyrirhugaðar framkvæmdir Orkubús Vestfjarða nema 60 m.kr. á árinu 1988 og munu þær að fullu fjármagnaðar úr rekstri. Í lok árs 1986 yfirtók ríkissjóður áhvílandi langtímaskuldir fyrirtækisins að fjárhæð um 1.000 m.kr. Á móti gaf Orkubúið út 400 m.kr. verðtryggt skuldabréf til 25 ára með 6,5% vöxtum. Var þetta gert til að bæta fyrirtækinu tekjutap sem það varð fyrir þegar verðjöfnunargjald af raforku var fellt niður

snemma árs 1986, en 20% innheimtunnar runnu til fyrirtækisins. Forsenda yfirtökunnar miðaðist við að Orkubúið fjármagnaði framkvæmdir sínar af eigin fé í framtíðinni. Lánagreiðslur fyrirtækisins eru áætlaðar alls um 40 m.kr. til ríkissjóðs, þar af eru vextir um 32 m.kr. og afborganir 8 m.kr.

Íslenska járnblendifélagið hf. Fyrstu áætlanir félagsins gera ráð fyrir fjárfestingum að fjárhæð um 30 m.kr. á árinu 1988 vegna reglulegrar endurnýjunar á ýmsum tækjum og búnaði. Miðað er við að fjárfestingin fjármagnist að fullu af eigin tekjum fyrirtækisins.

Þróunarfélag Íslands hf. Félaginu er heimiluð 50 m.kr. erlend lántaka á árinu 1988. Áætlunin miðast við að útlán félagsins nemi 105 m.kr. og að óráðstafaður sjóður þess nemi um 89 m.kr. í árslok 1988.

Áætluð lántaka félagsins 1987 nemur 100 m.kr. og er það í samræmi við lántökuheimild þess í ár. Framkvæmdasjóður Íslands hefur milligöngu um lántökuna erlendis og endurlánar félaginu. Samkvæmt 3.tl. 4. gr. laga nr. 69/1985, um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þátttöku í félaginu, var veitt heimild til ríkisábyrgða á næstu árum að fjárhæð alls 500 m.kr. Miðað við framangreind lántökuáform verður búið að nýta um 340 m.kr. af þessum heimildum í árslok 1988.

Sveitarfélög

Á undanförnum árum hafa lántökur sveitarfélaga nær eingöngu verið tengdar fjármögnun framkvæmda og skuldbreytingum hjá hitaveitum. Ljóst er að margar þessara veitna eiga í miklum erfiðleikum bæði vegna rekstrar og þungrar greiðslubyrði af áhvílandi skuldum. Fyrirliggjandi upplýsingar um fjármál þessara fyrirtækja eru í mörgum tilvikum ónógar. Hér á eftir verður greint stuttlega frá fyrirliggjandi upplýsingum um nokkrar þessara veitna á árinu 1988.

Hitaveita Reykjavíkur. Fyrirliggjandi áætlun veitunnar um framkvæmdir næsta árs nemur 1.050 m.kr. og er ráðgert að fjármagna þær að fullu af eigin tekjum. Þessar framkvæmdir takmarkast að stærstum hluta við Nesjavallavirkjun, en þó liggur endanleg ákvörðun um framkvæmdir 1988 ekki fyrir fyrr en í nóvember næstkomandi.

Hitaveita Suðurnesja. Afkoma veitunnar er mjög góð og miðast áætlunin við fjárfestingu að fjárhæð 240 m.kr. sem fjármagnast að fullu af eigin tekjum. Fyrirtækið hefur um nokkurt skeið verið með umsókn um leyfi til virkjunar strompgufunar. Ekki hefur verið tekin endanleg afstaða í því máli. Hins vegar er ljóst að hér er um mikla fjárfestingu að ræða verði hún samþykkt.

Lánagreiðslur fyrirtækisins eru áætlaðar 380 m.kr. á árinu 1988, þar af eru afborganir 240 m.kr. og vextir 140 m.kr. Ekki er gert ráð fyrir neinum erlendum lántökum hjá Hitaveitu Suðurnesja á árinu 1988.

Hitaveita Akureyrar. Lántaka veitunnar á árinu 1988 að fjárhæð 3 milljónir bandaríkjadala eða um 120 m.kr. er vegna afborgana af erlendum skammtímalánum veitunnar. Að auki er sótt um ríkisábyrgðarheimild 17 milljóna dollara eða um 680 m.kr. til að skuldbreyta óhagstæðum erlendum lánum veitunnar. Nýverið var gerður samningur um yfirtöku ríkissjóðs á 100 m.kr. af skuldum veitunnar til að létta á greiðslubyrði hennar.

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar. Veitan hefur átt í erfiðleikum á undanförnum árum vegna þungrar greiðslubyrði af skuldum. Stórum hluta af erlendum lánum fyrirtækisins hefur verið skuldbreytt í erlend langtímalán með ríkisábyrgð. Nýlega var gerður samningur um yfirtöku ríkissjóðs á 220 m.kr. af skuldum veitunnar til að treysta fjárhag hennar. ekki er talin þörf á lántökuheimild fyrir Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar á árinu 1988.

Hitaveita Egilsstaða og Fella. Veitunni er veitt heimild til 8 m.kr. lántöku á árinu 1988 vegna þungrar greiðslubyrði af áhvílandi skuldum. Heildarlánagreiðslur fyrirtækisins eru áætlaðar um 25 m.kr. á árinu 1988, þar af eru afborganir um 15 m.kr. og vextir um 10 m.kr.

Annað. Þá eru áætlaðar alls 212 m.kr. á safnlið vegna lántöku ýmissa sveitarfélaga. Ljóst er að ekki eru komnar fram allar lántökubeiðnir sveitarfélaga og má ætla að einhverjar berist á síðari stigum fyrir afgreiðslu lánsfjárlaga 1988. Hér má nefna málefni Fjarhitunar í Vestmannaeyjum, en ljóst er að þar eru vandamál sem þarf að leysa á næstunni.

7.3 Fjárfestingarlánasjóðir

Fjárfestingarlánasjóðir sem hér er greint frá eru 16 að tölu, þar af eru þrettán sem lánsfjár er aflað til samkvæmt lánsfjáráætlun. Eru þetta svo til sömu sjóðir og teknir hafa verið til meðferðar í lánsfjáráætlunum fyrri ára.

Í áætluninni fyrir 1988 er fjárfestingarlánasjóðum skipt í tvo aðalflokka, annars vegar opinbera fjárfestingarlánasjóði, þ.e. Byggingarsjóð ríkisins, Byggingarsjóð verkamanna, Byggðastofnun og Framkvæmdasjóð Íslands, og hins vegar atvinnuvegasjóði. Nú eru dregin gleggri skil milli þessara flokka en áður vegna breyttrar meðferðar á ábyrgðarveitingum á lánum.

Ný útlán sjóðanna eru áætluð alls 12.732 m.kr. á árinu 1988, þar af 9.236 m.kr. hjá opinberum fjárfestingarlánasjóðum eða 73% og 3.496 m.kr. hjá atvinnuvegasjóðum eða 27%. Er þetta um 46% hærri fjárhæð en áætluð útlán 1987 samkvæmt lánsfjáráætlun. Hækkun útlána opinberra fjárfestingarlánasjóða milli ára er 50% en 39% hjá atvinnuvegasjóðum. Ef breyting á útlánum íbúðalánasjóða (Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna) milli ára er athuguð sérstaklega sést að útlán þeirra hækka úr 5.057 m.kr. í 8.191 m.kr. eða um 62%.

Fjármögnun fjárfestingarlánasjóðanna, sem útlánastarfsemi þeirra byggist á, gerist sem kunnugt er með þrennum hætti: a) Eigin fjármögnun af fé er losnar úr rekstri, b) framlögum frá hinu opinbera og skatttekjum eins og lög ákveða og c) lánsfé eins og ákveðið er í lánsfjárlögum. Til að standa undir framangreindum heildarútlánum 1988, 12.732 m.kr., þurfa sjóðirnir að taka að láni 9.000 m.kr. Þar af falla 7.040 m.kr. undir ríkisábyrgðir, þ.e. lántökur byggingarsjóðanna, Byggðastofnunar og Framkvæmdasjóðs. Má því segja að starfsemi sjóðanna byggi í höfuðdráttum á lánsfé enda nemur það um 70% af útlánum þeirra. Sjóðirnir fá framlög og skatttekjur að fjárhæð 3.023 m.kr. en eigin fjármögnun og sjóðsbreytingar þeirra eru um 709 m.kr.

Fjárfestingarlánasjóðirnir gegna þýðingarmiklu hlutverki í fjármögnun fjárfestingar hér á landi, ekki síst sökum þess hve almenn þátttaka áhættufjármagns í atvinnurekstri er hér óveruleg. Eins og undanfarin ár eru lífeyrissjóðirnir veigamikil og vaxandi uppspretta lánsfjár. Á árinu 1988 er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir láni 6.110 m.kr. til íbúðalánasjóða og 60 m.kr. til Stofnlánadeildar landbúnaðarins sem eru lögbundin skuldabréfakaup Lífeyrissjóðs bænda af deildinni. Ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á árinu 1988 er áætlað 11.100 m.kr. þannig að óráðstafaður hluti lífeyrissjóðafjár er áætlaður 4.930 m.kr.

Í þessari áætlun er miðað við að atvinnuvegasjóðirnir annist eigin lántöku. Stefna ríkisstjórnarinnar er að draga úr ríkisafskiptum og auka markaðsáhrif á lánamarkaðnum. Þess vegna er ekki talið rétt að binda lántökur sjóðanna við Framkvæmdasjóð heldur heimila þeim að afla lánsfjár innan ramma lánsfjárlaga að eigin vild á hagkvæmustu kjörum sem bjóðast. Með frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1988 verður tekin upp stefnubreyting í veitingu ríkisábyrgða. Þar er miðað við að aðilar sem ekki njóta ríkisábyrgðar geti ekki sótt lánsfé um Framkvæmdasjóð eða Byggðastofnun. Á þetta jafnt við um fjárfestingarlánasjóði sem atvinnufyrirtæki og einstaklinga. Fjáröflun nokkurra stærstu sjóðanna er sýnd í töflu 17 í viðauka.

Gert er ráð fyrir að bankarnir láni til Framkvæmdasjóðs af innlánsaukningu ársins 1988 eins og á liðnum árum. Viðskipti þessi milli Framkvæmdasjóðs og viðskiptabankanna hafa verið í föstum skorðum í rúm 20 ár og taka bankarnir á þennan veg þátt í uppbyggingu

atvinnuveganna með lánveitingum til langs tíma. A síðustu árum hafa þessi lán viðskiptabankanna verið miðuð við 4% af innlánsaukningu ársins, en 1988 er miðað við lægri fjárhæð eða það sem á vantar hjá Framkvæmdasjóði til þess að sinna því hlutverki sem sett er fram í lánsfjáráætlun. Fjárhæðin 1988 er áætluð 280 m.kr. Framkvæmdasjóður mun lána alls 680 m.kr. samkvæmt lánsfjáráætlun á árinu 1988, þar af 490 m.kr. til fjárfestingarlánasjóða, en sú fjárhæð er miðuð við að lágmarksútlánageta viðkomandi sjóða sé tryggð. Í áætluninni er ekki gert ráð fyrir að Framkvæmdasjóður láni til Verslunarlánasjóðs og Stofnlánadeildar samvinnufélaga. Auk framangreindra lána mun Framkvæmdasjóður lána um 190 m.kr til fiskeldisfyrirtækja. Miðað er við sömu fjárhæð og var í lánsfjárlögum 1987 og er það talin lágmarksþörf í þessari atvinnugrein.

Greiðsluhalli Fiskveiðasjóðs verður áfram mikill. Á árinu 1988 er áætlað að rekstrar- og fjármagnshreyfingar verði neikvæðar um 300 m.kr. og er þá ekki reiknað með neinum vaxtaafslætti eða aukningu á vanskilum á árinu. Til að fjármagna fyrrgreindan greiðsluhalla er áætlað að sjóðurinn taki erlent lán að fjárhæð 150 m.kr. og afli jafnhárrar lánsfjárhæðar innanlands. Útlán Fiskveiðasjóðs 1988 eru áætluð 600 m.kr. sem er um 180 m.kr. hærri fjárhæð en í lánsfjárlögum 1987. Til endurbóta fiskiskipa o.þ.h. er áætlað að veita um 200 m.kr. en til fiskvinnslunnar í heild er áætlað að veita um 400 m.kr. Áætlað er að sjóðurinn fjármagni útlán sín með 350 m.kr. af erlendum lánum og 250 m.kr. með innlendu lánsfé. Í lánsfjáráætlun 1988 er gert ráð fyrir mikilli aukningu á yfirteknum erlendum lánum Fiskveiðasjóðs vegna nýsmíði, kaupa tækja og breytinga á fiskiskipum. Áætlað er fyrir þessum útlánum undir erlendum lánum atvinnufyrirtækja að fjárhæð 2.800 m.kr. Yfirtekin erlend lán sjóðsins 1987 voru áætluð 760 m.kr. Tekið skal fram að ekki er gert ráð fyrir lánveitingum til fiskeldis þrátt fyrir heimild Fiskveiðasjóðs samkvæmt lögum nr. 71/1985.

Samkvæmt áætlun mun Iðnlánasjóður geta lánað um 851 m.kr. 1988. Til að fjármagna útlán sín er gert ráð fyrir að sjóðurinn afli lánsfjár erlendis að fjárhæð 400 m.kr. og innanlands að fjárhæð 300 m.kr. Þegar með eru tekin um 150 m.kr. útlán og styrkir vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs og 390 m.kr. útlán Iðnþróunarsjóðs geta lán þessara sjóða til iðnaðar numið um 1.391 m.kr. á árinu 1988. Þar til viðbótar koma síðan lán Byggðastofnunar og Þróunarfélags Íslands hf. til iðnaðar.

Samkvæmt lánsfjáráætlun 1988 er gert ráð fyrir að Byggðastofnun hafi til almennra lána um 855 m.kr. Áætlað er að stofnunin afli lánsfjár erlendis að fjárhæð 350 m.kr. og 250 m.kr. innanlands til að fjármagna þessi útlán.

Á árinu 1988 er gert ráð fyrir að Framkvæmdasjóður láni Stofnlánadeild landbúnaðarins 350 m.kr. Áætlað er að Lífeyrissjóður bænda veiti deildinni lán í samræmi við ákvæði laga að fjárhæð 60 m.kr. Eigið ráðstöfunarfé deildarinnar er áætlað 42 m.kr. svo að útlán hennar gætu þá numið 452 m.kr. á árinu 1988.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins hefur einnig miklu hlutverki að gegna í fjármögnun fjárfestingar í landbúnaði. Ráðstöfunarfé sjóðsins er nær eingöngu framlag úr ríkissjóði en með lögum nr. 46/1985 var ákveðið að verja sem svarar 9% af heildarverðmæti landbúnaðarvara í þágu landbúnaðarins. Á árinu 1987 fékk Framleiðnisjóður 267 m.kr. framlag, þ.e. 3% af framangreindum 9%. Í áætlun fyrir 1988 er í samræmi við lögin, og síðari breytingu á þeim með lögum nr. 29/1987, gert ráð fyrir að sjóðurinn fái 4% eða 429 m.kr. og hafi alla þá fjárhæð til útlána og styrkveitinga. Sjóðurinn mun áfram greiða með ýmsum hætti fyrir búháttabreytingum, m.a. með því að lána til fjárfestingar í nýjum búgreinum og atvinnutækifærum.

Á árinu 1988 er gert ráð fyrir að Framkvæmdasjóður láni Lánasjóði sveitarfélaga 20 m.kr. og er þá áætlað að sjóðurinn hafi um 198 m.kr. til útlána.

Þá er ráðgert að Framkvæmdasjóður láni Ferðamálasjóði 110 m.kr. Útlán sjóðsins munu þá geta numið um 112 m.kr. og munu fara til ýmissa framkvæmda víðs vegar um landið, sbr. töflu 22 í viðauka.

7.4 Innlend lánsfjáröflun og bankakerfi

Þróun peningamála á árinu 1987 hefur einkennst af mikilli aukningu peningalegs sparnaðar bæði í innlánsstofnunum og lífeyrissjóðum. Útlit er fyrir að innlán aukist um 40% á þessu ári og líkur benda til að aukning ráðstöfunarfjár lífeyrissjóðanna verði rúm 28%. Gætir þar fyrst og fremst áhrifa tveggja þátta. Annars vegar mikillar aukningar þjóðartekna og hins vegar hárra og hækkandi raunvaxta. Jafnframt veldur breyting á iðgjaldastofni lífeyrissjóðanna verulegri aukningu á ráðstöfunarfé þeirra.

Peningaþensla hefur verið mikil á þessu ári. Helsta uppspretta þess er innstreymi erlendra lána sem virðist stefna í 4–5 milljarða króna umfram það sem áformað var í lánsfjárlögum. Þá mun ríkissjóður auka skuldir sínar við Seðlabankann einkum vegna lántöku til að fjármagna hlutafjárframlag í Útvegsbanka Íslands hf.

Í febrúar voru gerðar veigamiklar breytingar á stjórn peningamála. Bindiskylda innlánsstofnana var lækkuð úr 18% í 13% en samhliða var þeim gert að halda lausafé innan ákveðinna marka. Til lausafjár teljast m.a. ríkisvíxlar og nettóinnstæður lánastofnana í innlendum og erlendum bönkum. Lækkun bindiskyldu var að tveimur þriðju greidd út í ríkisvíxlum, en með því var stefnt að því að koma á fót markaði með ríkisvíxla. Í byrjun júní var síðan hafin sala þeirra. Víxlarnir eru nú seldir með ákveðnum forvöxtum en ekki á uppboði eins og reynt var 1984. Meðalstaða á þessum lánum hefur verið um 300 m.kr. mánuðina júní til september.

Veruleg spenna hefur ríkt á peningamarkaði á þessu ári. Mikill hagvöxtur hefur örvað eftirspurn eftir lánsfé auk þess sem fjárþörf hins opinbera hefur verið mikil. Lánsfjáreftirspurn einstaklinga (heimila) hefur einnig vaxið í kjölfar hins nýja húsnæðislánakerfis. Því hafa vextir farið hækkandi á árinu þrátt fyrir mikla aukningu sparnaðar sem áður er getið. Aðstæður á peningamarkaði eru einnig allt aðrar en áður þar sem innlánsstofnanir hafa nú frelsi til ákvörðunar vaxta.

Innlend lánsfjáröflun 1987. Ríkissjóður áformaði að selja á árinu 1987 spariskírteini að fjárhæð 1.500 m.kr. Salan gekk afar dræmt á fyrrihluta ársins en vextir þeirra voru þá 6,5%. Vextir voru hækkaðir í ágúst og hefur salan aukist verulega í kjölfar þeirrar breytingar en óvíst er hvort tekst að ná settu marki. Innlausn spariskírteina er áætluð 1.250 m.kr.

Að auki áformaði ríkissjóður að selja bönkum og sparisjóðum verðbréf fyrir 1.650 m.kr. og átti að dreifa þeirri fjáröflun yfir árið. Lítið var afgreitt af þessum lánum á fyrrihluta ársins meðan óvissa var um vaxtakjör ríkissjóðs en nú er allt útlit fyrir að þessi fjáröflun takist. Þessar lántökur eru ýmist í formi spariskírteina eða sérstakra skuldabréfa til sjö ára.

Verðbréfakaup lífeyrissjóða eru veigamesti liður innlendrar fjáröflunar. Samkvæmt lánsfjárlögum var áætlað að lánveitingar til húsnæðiskerfisins yrðu um 3,4 milljarðar króna eða 55% af áætluðu ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna. Endurskoðuð áætlun um ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna bendir til að það verði talsvert hærra. Líklegt er talið að verðbréfakaup lífeyrissjóðanna af Húsnæðisstofnun verði á þessu ári um 4,6 milljarðar króna.

Lánsfjáröflun 1988. Heildarlántökur, að frátöldum lánum innlánsstofnana til fyrirtækja og heimila, eru taldar verða um 21,5 milljarðar króna samanborið við tæpa 18 milljarða króna í lánsfjárlögum 1987. Þar af eru innlendar lántökur taldar vera um 12,2 milljarðar króna. Lántökur hjá lífeyrissjóðum eru helmingur þessarar fjárhæðar eða um 6,2 milljarðar króna. Afgangurinn skiptist á spariskírteini, verðbréfakaup banka og aðra innlenda lántöku.

Samkvæmt þessu eykst hlutdeild innlendrar fjármögnunar talsvert milli ára eða um 6 prósentur sem hlutfall af heildarlántökum á lánsfjáráætlun og verður um 60%. Yfirlitið hér að neðan sýnir innlendu lánsfjáröflunina samkvæmt lánsfjárlögum í ár og frumvarpi 1988. Jafnframt eru þar sýndar horfur um útkomu yfirstandandi árs að svo miklu leyti sem þær liggja fyrir.

	Lánsfjár-lög 1987	Áætluð útkoma 1987	Frumvarp 1988
Sala spariskírteina	**1.500**	**1.500**	**3.000**
Verðbréfakaup bankakerfis	**2.070**	**2.096**	**1.480**
Af ríkissjóði	1.650	1.716	1.200
Af Framkvæmdasjóði	420	380	280
Skuldabréfakaup lífeyrissjóða	**5.805**	...	**6.170**
Af ríkissjóði	1.300	800	–
Af húsbyggingasjóðum	3.765	4.590	6.110
Af fjárfestingarlánasjóðum	740	...	60
Önnur innlend lánsfjáröflun	**370**	...	**1.600**
Innlend lánsfjáröflun alls	**9.745**	...	**12.250**
–55% skuldabréfakaup lífeyrissjóða húsbyggingasjóða	–3.765	4.590	–6.110
Óumsamin innlend lánsfjáröflun	**5.980**	...	**6.140**
Innlausn spariskírteina	**–1.250**	**–1.250**	**–2.755**
	4.730	...	**3.385**
Áætlað ráðstöfunarfé lífeyrissjóða	**6.875**	**8.350**	**11.100**
Óráðstafaður hluti lífeyrissjóðafjár	**1.070**	...	**4.930**

Af yfirlitinu verður m.a. ráðið að þó svo að áform um innlenda lánsfjáröflun vaxi umtalsvert milli ára þá eru mjög háar fjárhæðir bundnar umsaminni ráðstöfun. Af 12.250 m.kr. eru 6.110 m.kr. skuldabréfakaup lífeyrissjóða af húsbyggingarsjóðunum sem gerast nokkurn veginn með sjálfvikum hætti. Nýverið voru undirritaðir samningar milli þessara aðila um kjör bréfanna á árabilinu 1988–1990. Í 5. kafla frumvarpsins er gerð grein fyrir þessum samningum, þar sem fjallað er um fjárhag íbúðalánasjóðanna. Að teknu tilliti til þessa nemur óumsamin innlend lánsfjáröflun um 6 millljörðum króna á árinu 1988. Er það svipuð fjárhæð og í lánsfjárlögum í ár.

Mikil aukning á sölu spariskírteina, úr 1,5 milljarði í ár í 3 milljarði 1988 eins og fram kemur í yfirlitinu, er villandi. Þessar tölur verða ávallt að skoðast í samhengi við áætlaða innlausn eldri skírteina, en mikið af því fé skilar sér aftur í ný bréf. Áætluð innlausn eykst um 1,5 milljarð milli ára, þannig að hrein fjáröflun ríkissjóðs með spariskírteinum er svipuð.

Af framansögðu sýnist ljóst að ekki virðast lagðar auknar byrðar á innlenda lánamarkaðinn á næsta ári. Auk þess er mun minna af fjármagni lífeyrissjóðanna bundið ákveðinni ráðstöfun. Búast má við samkeppni um það fé og annað innlent fjármagn og hefur það óhjákvæmilega áhrif á vexti. Forsenda þess að innlendi peningamarkaðurinn verði liður í aðhaldssamri peningastefnu er að erlent lánsfé til fjárfestingar og neyslu innanlands fari ekki úr böndum og vinni ekki gegn markaðri stefnu stjórnvalda.

Spariskírteini. Fram hefur komið að áformað er að selja spariskírteini fyrir 3 milljarða króna á árinu 1988 en áætluð innlausn er talin verða um 2,7 milljarðar króna. Hér er um rúmlega tvöfalt hærri fjárhæð að ræða en 1987 og endurspeglar þá styttingu lánstíma sem orðið hefur á spariskírteinum undanfarin þrjú ár. Hrein fjáröflun sem áformað er að ná með þessum hætti á árinu 1988 er svipuð og á yfirstandandi ári eða um 250 m.kr.

Verðbréfakaup banka. Ríkissjóður áformar að selja innlánsstofnunum verðbréf fyrir 1200 m.kr. á næsta ári. Það samsvarar um 10% af áætluðum útlánum innlánsstofnana á árinu. Ekki liggur endanlega fyrir í hvaða formi þessar lántökur verða.

Að auki er áætlað að bankar kaupi verðbréf af Framkvæmdasjóði fyrir 280 m.kr. Á undanförnum árum hefur gjarnan verið miðað við að kaup banka af Framkvæmdasjóði samsvari 4% af innlánsaukningu þó um hafi verið að ræða lánafyrirgreiðslu sem byggð er á samkomulagi milli aðila. Þessi fjárhæð er talsvert lægri en það hlutfall eða 1,9% af áætlaðri aukningu innlána.

Verðbréfakaup lífeyrissjóða. Reiknað er með að lífeyrissjóðirnir verji um 55% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum frá byggingarsjóðunum. Áætlað ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á árinu 1988 er um 11,1 milljarður króna og lántökur byggingarsjóðanna samkvæmt því um 6,1 milljarður króna. Veruleg aukning hefur orðið á ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna að raungildi á undanförnum árum. Þessu valda margar ástæður. Þar má telja vaxandi verðtryggingu á eignum sjóðanna, hækkandi raunvexti og verulega kaupmáttaraukningu síðustu þrjú ár. Þá hefur breytingin á iðgjaldstofninum haft mikil áhrif.

Horfur um þróun bankakerfis. Bankakerfið hefur undanfarin ár verið veigamikil uppspretta lánsfjár fyrir ríkissjóð. Sala spariskírteina, sem áður var mikilvægasti hluti innlendrar fjáröflunar ríkissjóð, hefur ekki skilað ríkissjóði miklu viðbótarlánsfé, a.m.k. ekki tvö síðustu ár. Í eftirfarandi töflu er sýnt samandregið yfirlit úr peningamálaspá fyrir 1987 og 1988.

Helstu niðurstöður eru þær að peningamagn og sparifé muni vaxa um 20%. Er þá byggt á þeim forsendum að verðbóga verði um 10% frá upphafi til loka árs, raunvextir innlána verði jákvæðir um 2% og vöxtur þjóðarframleiðslu verði mjög lítill.

Forsendur þjóðhagsáætlunar um viðskiptajöfnuð og lánsfjáráætlunar um erlendar lántökur benda til að heildargreiðslujöfnuður við útlönd verði verulega neikvæður á árinu 1988. Er þar reiknað með að gjaldeyrisstaða bankakerfisins versni á árinu 1988 um röska tvo milljarða samanborið við tæplega 3 milljarða bata 1987. Þessi niðurstaða endurspeglar að sjáfsögðu það aðhald sem fyrirhugað er í erlendum lántökum og aukna hlutdeild innlends lánamarkaðar.

Útstreymi gjaldeyris dregur úr peningaframboði. Framangreind rýrnun gjaldeyrisstöðu myndi því draga mjög úr myndun lausafjár nema úr því yrði bætt með peningaframboði af öðrum toga. Í þessu sambandi verður að telja æskilegt að verðbréfakaup Seðlabankans stefni að ákveðnu marki með hliðsjón af þeirri aukningu peningamagns og lausafjárstöðu sem talin er æskileg.

Peningamálaáætlun 1987 og 1988

	Staða 31.12.86 m.kr.	Hreyfingar milli ára: Áætlun 1987 m.kr.	Dæmi 1988 m.kr.	Hreyfingar í % 1987	1988
1. Erlend skammtímastaða bankakerfisins, nettó	9.120	2.550	-2.650	.	.
2. Innlendir liðir, nettó	57.876	19.304	18.415	33,4	25,4
3. Samtals (1+2)=(4+5)	**66.996**	**21.854**	**15.764**	.	.
4. Peningamagn og sparifé	52.978	20.854	14.764	39,4	20,0
5. Löng erlend lán bankakerfis til endurlána	14.018	1.000	1.000	.	.

7.5 Erlend lán og greiðslujöfnuður

Á árinu 1987 er áætlað að erlendar lántökur til lengri tíma en eins árs verði um 12.440 m.kr. en lánsfjáráætlun 1987 gerði ráð fyrir lántökum að fjárhæð 8.215 m.kr. Erlendar lántökur umfram áætlun stafa einkum af auknum lántökum einkaaðila og skuldbreytingum á erlendum skammtímalánum sveitarfélaga í löng lán. Auk þess er talið að fjármögnunarleigur taki erlend lán að fjárhæð um 2.000 m.kr. á árinu 1987. Afborganir af löngum lánum eru taldar verða 5.750 m.kr. og hreint innstreymi erlends fjármagns verður því 6.690 m.kr. Er það um 3,2% af áætlaðri landsframleiðslu 1987. Erlendar lántökur fjármögnunarleiga hafa verið flokkaðar meðal skammtímahreyfinga en verða nú taldar með langtímalánum.

Á árinu 1986 var viðskiptajöfnuður við útlönd hagstæður um 554 m.kr. Horfur eru á að halli á viðskiptum við útlönd verði 2.400 m.kr. á árinu 1987 sem er um 1,2% af landsframleiðslu ársins. Reiknað er með að viðskiptahallinn aukist á árinu 1988 og verði 4.400 m.kr. eða um 1,8% af áætlaðri landsframleiðslu 1988. Erlendar lántökur eru áætlaðar 8.000 m.kr. og afborganir 6.200 m.kr. Talið er að aðrar fjármagnshreyfingar verði jákvæðar um 300 m.kr. og verður innstreymi erlends fjár því 2.100 m.kr. Heildargreiðslujöfnuður verður því óhagstæður um 2.300 m.kr. á árinu 1988 og versnar gjaldeyrisstaða Seðlabankans sem því nemur. Á árinu 1986 batnaði gjaldeyrisstaðan um 3.381 m.kr. og áætlun bendir til að hún batni um 3.300 m.kr. 1987. Kemur það fram í töflu 25 sem sýnir greiðslujöfnuð við útlönd á árinu 1986 til samanburðar við áætlun 1987 og 1988.

Eftirfarandi yfirlit sýnir fyrirhugaðar erlendar lántökur á árinu 1988 með hliðsjón af lánsfjáráætlun 1987 og nýrri spá um ráðstöfun innkominna lána á árinu 1987 að teknu tilliti til skuldbreytinga á erlendum skammtímalánum (m.kr.):

Erlendar lántökur 1987 og 1988

	Láns-fjárlög 1987	Horfur 1987	Lánsfjár-áætlun 1988
1. Opinberir aðilar	**2.550**	**3.285**	**900**
Ríkissjóður A-hluti	1.700	1.920	–
Ríkissjóður B-hluti	–	275	–
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	500	570	650
Sveitarfélög	350	520*	250
2. Opinberir lánasjóðir	**520**	**845**	**350**
3. Atvinnufyrirtæki einkaaðila	**5.145**	**8.310**	**6.750**
Atvinnufyrirtæki	4.100	4.700	4.900
Atvinnuvegasjóðir	1.045	1.610	1.050
Fjármögnunarleigur	–	2.000	800
4. Löng erlend lán, alls (1+2+3)	**8.215**	**12.440**	**8.000**
5. Erlend skammtímalán, nettó	**–600**	**–973**	**–**
Sveitarfélög	–	–373*	–
Atvinnufyrirtæki	–600	–600	–
6. Hrein lánanotkun	**7.615**	**11.467**	**8.000**

* Skuldbreyting erlendra skammtímalána Hitaveitu Akureyrar 373 m.kr.

Mikill hagvöxtur ásamt gengislækkun bandaríkjadals veldur því að hlutfall langra erlendra lána lækkar úr 47,1% af vergri landsframleiðslu 1986 í 40% á árinu 1987. Áætlað er að þetta hlutfall lækki enn frekar á árinu 1988 og verði um 35% vergrar landsframleiðslu. Staða þjóðarbúsins mun þó ekki batna eins mikið gagnvart útlöndum, þar sem talið er að erlend skammtímalán verði nær óbreytt, en gjaldeyrisstaðan versni töluvert á árinu 1988. Hrein skuldastaða við útlönd var 45,4% vergrar landsframleiðslu 1986, en er talin verða um 37% 1987 og 33% 1988, eins og sýnt er í töflu 26 um stöðu þjóðarbúsins á árunum 1979 til 1988.

Í töflu 27 er sýnd greiðslubyrði erlendra lána í hlutfalli við útflutningstekjur af vörum og þjónustu á árunum 1979 til 1988. Áætlað er að greiðslubyrði erlendra lána verði um 16% útflutningstekna á árunum 1987 og 1988. Greiðslubyrði erlendra lána var hæst á árinu 1984, 24,3%, en hefur lækkað síðan bæði vegna aukins útflutnings og vaxtalækkunar á erlendum lánamörkuðum. Meðalvextir erlendra lána, sem voru 10–12% á árunum 1980 til 1984, lækkuðu í 8,7% 1986 og eru nú áætlaðir tæp 8% 1987 og 1988. Vaxtabyrði erlendra lána nam 9,6% útflutningstekna 1986 en er áætluð rúm 8% á árunum 1987 og 1988.

Töfluviðauki

I Ríkissjóður A- og B-hluti
1. Heildarútgjöld A-hluta eftir tegundum gjalda 1987—1988
2. Heildaryfirlit yfir gjöld, tekjur og fjármunahreyfingar fyrirtækja og sjóða í B-hluta
3. Ríkissjóður, A-hluti, greiðsluyfirlit
4. Ríkissjóður, A-hluti, greiðsluyfirlit gagnvart bankakerfinu
5. Heildarútgjöld A-hluta eftir ráðuneytum 1987—1988
6. Markaðar ríkissjóðstekjur 1988
7. Skipting helstu neyslu- og rekstrartilfærslna í A-hluta ríkissjóðs
8. Framlög A-hluta ríkissjóðs til fjárfestingar 1987—1988
9. Þróun helstu vísitalna 1985—1988

II Fjárfesting
10. Fjármunamyndun 1986—1988
11. Fjármunamyndun, sparnaður og viðskiptahalli 1985—1988
12. Byggingar og mannvirki hins opinbera 1986—1988
13. Raforku- og rafveituframkvæmdir 1988
14. Hita- og vatnsveituframkvæmdir 1988
15. Samgönguframkvæmdir 1988
16. Opinberar byggingar 1988

III Fjármögnun
17. Heildaryfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1988
18. Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila 1987—1988

IV Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir
19. Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða 1983—1988
20. Byggingarsjóður ríkisins 1987—1988
21. Byggingarsjóður verkamanna 1987—1988
22. Framkvæmdasjóður Íslands 1987—1988
23. Greiðsluáætlun fjárfestingarlánasjóða 1988
24. Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða 1988

V Erlend lán og greiðslujöfnuður
25. Greiðslujöfnuður við útlönd 1986—1988
26. Staða þjóðarbúsins út á við 1979—1988
27. Greiðslubyrði erlendra lána 1979—1988
28. Erlendar lántökur til langs tíma, verðmætaráðstöfun og landsframleiðsla 1984—1988
29. Löng erlend lán 1979—1988, flokkuð eftir lánnotendum

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 1 Heildarútgjöld A-hluta ríkissjóðs eftir tegundum 1987—1988

(m.kr.)

1 Heildarútgjöld 1987

	51 Laun	52-57 Önnur gjöld	58 Eigna-kaup	59 Til-færslur	5 Gjöld samtals	4 Sér-tekjur	Mis-munur
Almennur rekstur ...	20.229	12.288	117	21.186	53.820	2.966	50.854
Viðhald	120	1.333	31	1	1.485	–	1.485
Fjárfesting	79	2.873	736	3.529	7.217	20	7.197
Samtals	20.428	16.494	884	24.716	62.522	2.985	59.536

II Heildarútgjöld 1987—1988

	Fjárlög 1987	Frumvarp 1988	Hækkun %
Almennur rekstur	**39.161**	**50.834**	**29,8**
51 Laun	14.825	20.229	36,5
52-57 Önnur gjöld án eignakaupa	9.352	12.288	31,4
58 Eignakaup	78	117	50,0
59 Tilfærslur	16.800	21.186	26,1
5 Gjöld alls	41.055	53.820	31,0
4 Sértekjur	−1.894	−2.986	57,6
Viðhald	**1.134**	**1.485**	**30,9**
Fjárfesting	**5.577**	**7.217**	**29,4**
51-58 Stofnkostnaður	2.553	3.688	44,5
59 Fjármagnstilfærslur	3.024	3.529	16,7
Samtals	45.872	59.536	29,8

Tafla 2 Heildaryfirlit yfir gjöld, tekjur og fjármunahreyfingar fyrirtækja og sjóða í B-hluta
(m.kr.)

		Fjárlög 1987	Frumvarp 1988	Breyting í m.kr.	Breyting í %
51	Launagjöld	3.856	5.372	1.516	39
52-57	Önnur rekstrargjöld	3.531	4.575	1.044	30
52,58,8	Hráefni og vörur til endursölu	5.323	6.518	1.195	22
571	Fjármagnskostnaður	1.630	1.899	269	17
51-57	Viðhald	390	504	114	27
593	Afskriftir	1.365	1.684	319	23
59	Yfirfærslur	731	1.171	440	60
5,8	Gjöld samtals	16.832	21.724	4.892	29
44-46,7	Seldar vörur og þjónusta	16.723	21.885	5.162	31
48	Fjármunatekjur	1.484	1.796	312	21
4910	Framlög ríkissjóðs	3.726	4.863	1.137	30
49	Aðrar tekjur	1.044	1.686	642	61
4,7	Tekjur samtals	22.977	30.230	7.253	32
	Mismunur	6.145	8.506	2.361	38
Fjármunahreyfingar út:					
16	Veitt lán	6.679	10.178	3.499	51
18	Fjárfestingar	1.971	1.148	−823	−42
26	Afborgun lána	1.568	3.019	1.451	93
	Annað	3.620	4.944	1.324	37
Fjármunahreyfingar inn:					
16	Innheimtar afborganir	433	1.065	632	146
19	Afskriftir	1.365	1.684	319	23
26	Tekin lán	5.235	7.795	2.560	49
39	Ráðstöfun eigin fjár	6.145	8.506	2.361	38
	Annað	661	139	−522	−79

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 3 Ríkissjóður, A-hluti
Greiðsluyfirlit
(m.kr.)

Rekstrarreikningur:		
Jöfnuður: Tekjur umfram gjöld		**27**
Tekjur	59.563	
Gjöld	59.536	
Lánahreyfingar:		
Jöfnuður: Innsteymi umfram útstreymi		**390**
Lántaka og afborganir af veittum lánum	6.740	
Lánveitingar og afborganir af teknum lánum	6.270	
Hlutafjárframlög	80	
Viðskiptareikningar:		
Jöfnuður: Útstreymi umfram innstreymi		**400**
Almennir viðskiptareikningar	400	
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**17**
Sundurliðun		
Tekjur alls:		**59.563**
Beinir skattar	8.247	
Óbeinir skattar	48.076	
Aðrar tekjur	440	
Tekjur án fjármunatekna	56.763	
Fjármunatekjur, vextir	2.800	
Gjöld alls:		**52.319**
Samneysla	29.319	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	21.186	
Sértekjur	−2.986	
Gjöld án fjármagnskostnaðar	47.519	
Fjármagnskostnaður	4.800	
Jöfnuður:		**7.244**
Almenn rekstrarafkoma	9.244	
Fjármagnskostnaður umfram fjármunatekjur	−2.000	
Fjárfesting:		**7.217**
Stofnkostnaður	3.688	
Fjármagnstilfærslur	3.529	
Tekjur umfram gjöld		**27**
Lánahreyfingar:		
Afborganir:		**2.095**
Afborganir af teknum lánum	2.505	
Innlausn spariskírteina	2.130	
Innheimtar afborganir af veittum lánum	−2.540	
Veitt lán:		**1.635**
Til B-hluta ríkissjóðs	1.635	
Hlutafjárframlög		**80**
Viðskiptareikningar		**400**
Lánsfjárþörf		**4.183**
Lántökur:		
Innlend útgáfa verðbréfa	4.200	**4.200**
Erlendar lántökur	–	
Greiðslujöfnuður, sjóðshreyfing		**17**

Tafla 4 **Ríkissjóður, A-hluti**
Greiðsluyfirlit gagnvart bankakerfinu
(m.kr.)

1	**Tekjur alls:**		**59.538**
	Beinir skattar	8.247	
	Óbeinir skattar	48.076	
	Aðrar tekjur	415	
	Tekjur án fjármunatekna	56.738	
	Fjármunatekjur, vextir	2.800	
2	**Gjöld alls:**		**51.504**
	Samneysla	29.319	
	Neyslu- og rekstrartilfærslur	21.186	
	Sértekjur	−2.986	
	Gjöld án fjármagnskostnaðar	47.519	
	Fjármagnskostnaður til annarra en Seðlabanka	3.985	
3	**Jöfnuður (1—2):**		**8.034**
	Almenn rekstrarafkoma	9.219	
	Fjármagnskostnaður umfram fjármunatekjur	−1.185	
4	**Fjárfesting**		**7.217**
	Stofnkostnaður	3.688	
	Fjármagnstilfærslur	3.529	
5	**Tekjur umfram gjöld (3—4)**		**817**
	Lánahreyfingar		
6	**Afborganir:**		**1.455**
	Afborganir af teknum lánum öðrum en hjá Seðlabanka	1.865	
	Innlausn spariskírteina	2.130	
	Innheimtar afborganir af veittum lánum	−2.540	
7	**Veitt lán**		**1.635**
	Til B-hluta ríkissjóðs	1.635	
8	**Hlutafjárframlög**		**80**
9	**Viðskiptareikningar**		**400**
10	**Lánsfjárþörf (6+7+8+9−5)**		**2.753**
11	**Lántökur:**		**4.200**
	Innlend útgáfa verðbréfa	4.200	
	Erlendar lántökur	–	
12	**Greiðsluhreyfing við bankakerfið (11–10)**		**1.447**
	Hreyfing gangvart Seðlabanka:		
13	**Jöfnuður: Útstreymi umfram innstreymi**		**1.430**
	Afborganir	640	
	Vaxtagreiðslur:		
	Af samningsbundnum lánum	315	
	Af yfirdráttarskuld	500	
	Arðgreiðsla í ríkissjóð	−25	
14	**Greiðslujöfnuður, sjóðshreyfing (12—13)**		**17**

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 5 Heildarútgjöld A-hluta ríkissjóðs eftir ráðuneytum 1987—1988

	Fjárlög 1987 m.kr.	%	Frumvarp 1988 m.kr.	%	Breyting %
Æðsta stjórn ríkisins	353	0,8	483	0,8	36,8
Forsætisráðuneyti	163	0,4	215	0,4	31,9
Menntamálaráðuneyti	7.117	15,5	10.105	17,0	42,0
Utanríkisráðuneyti	473	1,0	657	1,1	38,9
Landbúnaðarráðuneyti	1.644	3,6	1.774	3,0	7,9
Sjávarútvegsráðuneyti	1.149	2,5	978	1,6	−14,9
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	2.235	4,9	3.109	5,2	39,1
Félagsmálaráðuneyti	2.133	4,6	2.923	4,9	37,0
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	18.548	40,4	24.726	41,5	33,3
Fjármálaráðuneyti	2.639	5,8	2.590	4,4	−1,9
Samgönguráðuneyti	3.445	7,5	4.321	7,3	25,4
Iðnaðarráðuneyti	1.107	2,4	1.037	1,7	−6,3
Viðskiptaráðuneyti	1.162	2,5	1.677	2,8	44,3
Hagstofa Íslands	48	0,1	76	0,1	58,3
Fjárlaga- og hagsýslustofnun	3.656	8,0	4.865	8,2	33,1
Samtals	45.872	100,0	59.536	100,0	29,8

Tafla 6 Markaðar ríkissjóðstekjur 1988

	Tekjur þús.kr.	Greiðslur þús.kr.
Menntamálaráðuneyti:		
Einkaleyfisgjald af Happdrætti H.Í.	43.000	
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna		43.000
Skemmtanaskattur	53.000	
Sinfóníuhljómsveit Íslands		5.200
Til áfengis- og fíkniefnavarna		20.000
Miðagjald í Menningarsjóð	9.000	
Menningarsjóður		9.090
Eignarskattsauki	177.000	
Þjóðarbókhlaða (lög nr. 49/1986)		50.000
Félagsmálaráðuneyti:		
Erfðafjárskattur	70.000	
Framkvæmdasjóður fatlaðra		70.000

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 6 Markaðar ríkissjóðstekjur 1988

	Tekjur þús.kr.	Greiðslur þús.kr.
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti:		
Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	1.600.000	
Tryggingastofnun ríkisins		1.600.000
Slysatryggingagjald	223.000	
Tryggingastofnun ríkisins		223.000
Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs	200.000	
Atvinnuleysistryggingasjóður		200.000
Gjald af eyðublöðum heillaskeyta	20	
Krabbameinsfélag Íslands		20
Samúðarskeyti Landssímans	3.000	
Landspítalinn, minningarsjóður		3.000
Hluti af rekstrarhagnaði ÁTVR	1.500	
Gæsluvistarsjóður		1.500
Fjármálaráðuneyti:		
Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	155.000	
Ríkisábyrgðasjóður		155.000
Samgönguráðuneyti:		
Innflutningsgjald af bensíni	2.000.000	
Þungaskattur af dísilbifreiðum, skv. ökumælum	700.000	
Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	200.000	
Vegagerð ríkisins		2.900.000
Vitagjald	23.200	
Vitastofnun Íslands		23.200
Skipaskoðunargjald	35.000	
Siglingamálastofnun ríkisins		35.000
Hluti af vörusölu Fríhafnar á Keflavíkurflugvelli	80.720	
Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985		28.000
Iðnaðarráðuneyti:		
Rafmagnseftirlitsgjald	53.000	
Rafmagnseftirlit ríkisins		53.000
Markaðir tekjustofnar	5.626.440	
Gjaldfærsla markaðra tekjustofna		5.419.010
Skerðing tekjustofna		207.430

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 7 Helstu neyslu- og rekstrartilfærslur í A-hluta ríkissjóðs
(m.kr.)

	Fjárlög 1987	Frumvarp 1988
I Einstaklingar, samtök og heimili	**12.749**	**16.718**
1. Skrifstofa Ráðherranefndar Norðurlandaráðs	18	31
2. Sundkennsla í skólum	20	25
3. Lánasjóður íslenskra námsmanna	928	1.478
4. Jöfnun á námskostnaði	25	25
5. Þjóðleikhús	103	149
6. Sinfóníuhljómsveit Íslands	37	56
7. Kvikmyndasjóður	55	40
8. Listir, framlög	88	138
9. Ýmis íþróttamál	38	30
10. Alþjóðastofnanir	70	73
11. Kostnaður skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra	45	77
12. Vinnumál	22	25
13. Meðlög skv. lögum nr. 9/1981	37	50
14. Sjúkratryggingar	4.235	5.079
15. Lífeyristryggingar	6.360	8.669
16. Slysatryggingar	185	223
17. Atvinnuleysistryggingasjóður	465	500
18. Krabbameinsfélag Íslands	18	50
II Fyrirtæki og atvinnuvegir	**3.487**	**3.817**
1. Áburðarverksmiðja ríkisins	120	–
2. Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir og framlag í Framleiðnisjóð landbúnaðarins	800	915
3. Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla	700	350
4. Póst- og símamálastofnunin	110	113
5. Skipaútgerð ríkisins	143	155
6. Flóabátar og vöruflutningar	74	74
7. Jöfnunargjald í iðnaði	210	250
8. Útflutningsráð Íslands	10	12
9. Veiðimálastofnunin	–	36
10. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	–	61
11. Iðntæknistofnun Íslands	–	64
12. Niðurgreiðslur á vöruverði og framlag í lífeyrissjóð bænda	1.090	1.587
13. Niðurgreiðsla á rafhitun	230	200
III Annað	**564**	**651**
1. Annað	564	651
Samtals	**16.800**	**21.186**

I Ríkissjóður A- og B-hluti

Tafla 8 Framlög A-hluta ríkissjóðs til fjárfestingar 1987—1988

	Fjárlög 1987 m.kr.	Frumvarp 1988 m.kr.
I Stofnkostnaður	**2.553**	**3.688**
1. Alþingi	30	6
2. Bifreiðaeftirlit ríkisins	20	17
3. Borgarspítalinn í Reykjavík	25	31
4. Bygging grunnskóla	209	200
5. Embætti sýslumanna og bæjarfógeta	99	137
6. Fiskvinnsluskólinn	26	35
7. Fjölbrauta- og verkmenntaskólar	74	115
8. Fjórðungssjúkrahús á Akureyri	28	54
9. Flugvellir, framkvæmdir	69	257
10. Framkvæmdasjóður fatlaðra	130	180
11. Háskóli Íslands	75	172
12. Landgræðsluáætlun	45	45
13. Laugavegur 166	6	37
14. Listasafn Íslands	48	32
15. Menntaskólar	26	58
16. Útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum	120	150
17. Ratsjártenging alþjóðaflugþjónustunnar	10	–
18. Ríkisspítalar	196	285
19. Símstöð Stjórnarráðsins	–	20
20. St. Jósefspítali, Landakoti	10	12
21. Stjórnsýsluhús á Ísafirði	17	43
22. Sölvhólsgata 7	–	25
23. Tækniskólar, vélskólar, stýrimannaskólar og iðnskólar	21	14
24. Vegagerð nema sýslu- og þéttbýlisvegafé	938	1.244
25. Vitabyggingar	14	15
26. Þjóðarbókhlaða	45	50
27. Annað	272	454
II Fjármagnstilfærslur	**3.024**	**3.529**
1. Byggðastofnun	80	125
2. Bygging íþróttamannvirkja	38	– [1]
3. Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	5	26
4. Bygging sjúkrahúsa	177	160
5. Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	23	43
6. Byggingarsjóður ríkisins	1.000	1.150
7. Byggingarsjóður verkamanna	300	600
Kongen kan gi norske eller utenlandske personer, herunder også stiftelser, selskaper og andre sammenslutninger, adgang til å utforske eller utnytte naturforekomstene. Det kan settes bestemte vilkår for slike tillatelser.

§ 3.

Kongen kan gi regler om utforskning og utnyttelse av undersjøiske naturforekomster.

§ 4.

Eldre lover skal ikke være til hinder for bestemmelser gitt i medhold av § 2 og 3 i denne lov.

§ 5.

Retten til skipsfart og fiske berøres ikke av denne lov.

§ 6.

Denne lov trer i kraft straks.

[1]) Endret i lov nr. 21 av 25. mars 1977.

Sþ. 3. Tillaga til þingsályktunar [3. mál]

um bann við geimvopnum.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Guðrún Agnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir og styðja á alþjóðavettvangi bann við geimvopnum þar sem miðað verði við:

1. Að allar rannsóknir og tilraunir, er tengjast hernaði í himingeimnum, verði tafarlaust stöðvaðar.
2. Að hvers konar hernaðarumsvif og vopnakerfi til nota í himingeimnum verði bönnuð.
3. Að óheimil sé smíði vopna sem grandað geta gervihnöttum og öðrum tækjum sem tengjast friðsamlegri nýtingu himinhvolfsins.

Greinargerð.

Geimvopn og notkun himingeimsins í hernaðarskyni hafa tekið mikið rúm í umræðunni um vígbúnaðarkapphlaup risaveldanna, einkum eftir hina frægu „stjörnustríðsræðu“ Reagans Bandaríkjaforseta sem hann hélt 23. mars 1983. Þar boðaði hann byltingarkennda áætlun um svonefnt „geimvarnafrumkvæði“ (Strategic Defense Initiative) eða SDI-áætlun. Samkvæmt henni mundu Bandaríkin leita leiða til að eyða öllum langdrægum eldflaugum og kjarnaoddum sem skotið yrði á loft í átt til Bandaríkjanna og gera slík vopn óskaðleg.

Með slíkum vopnabúnaði, sem að hluta til yrði komið fyrir úti í himingeimnum, boðaði Reagan forseti að unnt ætti að verða að útiloka ógnina af gereyðingu af völdum kjarnorkuvopna og gera þau þar með „óvirk og óþörf“ í reynd.

Þessi boðskapur Bandaríkjaforseta og sú áætlun, sem honum tengist, hefur síðan kallað fram mikla og vaxandi gagnrýni, bæði innan Bandaríkjanna og á alþjóðavettvangi. Ýmsir þjóðarleiðtogar og þjóðþing hafa tekið eindregna afstöðu gegn geimvopnaáætluninni, m.a. í löndum sem aðild eiga að Atlantshafsbandalaginu. Má þar nefna Mitterand Frakklandsforseta og danska þingið en meiri hluti þess ályktaði gegn geimvopnum 26. mars 1985.

Fyrir liggur á haustdögum 1987, þegar vonir standa til að samningar takist milli risaveldanna um eyðingu meðaldrægra og skammdrægra eldflauga, að geimvopnaáætlun Bandaríkjanna er enn hindrun í vegi samkomulags um fækkun langdrægra eldflauga.

Andstaða fer stöðugt vaxandi við geimvopnaáætlunina. Ástæður þess eru af margvíslegum toga og verða hér aðeins nefnd örfá atriði:

1. Geimvopnakapphlaup milli risaveldanna mundi gera að engu samninginn um takmörkun gagneldflaugakerfa (Treaty on the Limitation of Anti-Ballistic Missile Systems), ABM-sáttmálann frá árinu 1972 sem er einn gildasti þátturinn í SALT I samkomulaginu.
2. Geimvopnaáætlun Bandaríkjanna gæti girt fyrir allar frekari tilraunir til að hemja vígbúnaðarkapphlaupið og aukið þannig stórkostlega hættuna á gereyðingarstyrjöld.
3. Ríki Vestur-Evrópu yrðu hernaðarlega enn háðari Bandaríkjunum en nú er og vettvangur átakanna milli austurs og vesturs færðist í enn ríkari mæli en nú er til Evrópu.
4. Með tilkomu geimvopna mundi ákvörðun um stríð eða frið, líf eða tortímingu, færast endanlega úr mannlegu valdi yfir í vélrænar tölvur þar eð bregðast yrði við eldflaugaárás innan fárra sekúndna frá því að eldflaugum hefði verið skotið á loft. Hættan á tortímingu mannkyns vegna tæknilegra mistaka margfaldast að sama skapi.

Margir vísindamenn og hernaðarsérfræðingar hafa enga trú á að geimvarnadæmið gangi upp og geti veitt það öryggi sem Reagan notaði sem aðalröksemd í mars 1983. Viðbrögð

gagnaðilans, þ.e. Sovétríkjanna, yrðu að líkindum ekki aðeins þau að setja af stað eða herða á eigin geimvopnarannsóknum, heldur öðru fremur að fjölga langdrægum eldflaugum og fullkomna þær til að komast þannig fram hjá varnarviðbúnaði andstæðingsins. Þannig muni Sovétríkin alltaf geta tryggt að hluti af eldflaugaregninu komist á leiðarenda. Geimvopnakerfi eru heldur ekki talin geta veitt vörn gegn árás stýriflauga sem fljúga lágt yfir yfirborði jarðar. Líkur eru einnig á að auðvelt sé að trufla þau af andstæðingunum og gera þannig geimvopnin óvirk. Þannig er virkni slíkra vopnakerfa mjög óviss þótt tæknidraumarnir rættust sem SDI-áætlunin á að skera úr um. Niðurstaðan yrði að öllum líkindum langtum viðkvæmara og óvissara ástand en nú ríkir á hernaðarsviðinu. Um þetta efni vísast í fylgiskjal II, sem eru kaflar úr nýrri skýrslu frá Öryggismálanefnd eftir Albert Jónsson: „Geimvarnir: Áætlanir risaveldanna og áhrif þeirra (1987)".

Um tæknilegar hugmyndir að baki geimvopnaáætlun Bandaríkjastjórnar er fjallað ítarlega í fylgiskjali III með þessari tilllögu, en það er grein eftir dr. Hans Kr. Guðmundsson eðlisfræðing, sem birtist í tímaritinu Þjóðlífi fyrr á árinu 1986. Þar kemur einnig fram sú mikla óvissa sem tengist stjörnustríðsáætlun Reagans á öllum sviðum.

Hinn gífurlegi kostnaður við rannsóknaáætlun Bandaríkjanna er mál út af fyrir sig. Áætlað hefur verið að hann nemi fyrir tímabilið 1985–89 um 32 milljörðum bandaríkjadala (yfir 1300 milljörðum ísl. króna), þar af hefur Bandaríkjaþing samþykkt um 4 milljarða dala vegna áranna 1985 og 1986 og 3 milljarða vegna ársins 1987. Að þessu rannsóknatímabili loknu á m.a. að vera unnt að meta tæknilegar forsendur að baki SDI-áætluninni, en þær eru taldar afar óvissar miðað við núverandi þekkingu. Þessi hugarfóstur byggja m.a. á leysigeislum sem granda eiga eldflaugum sem fyrst eftir að þeim yrði skotið á loft, en flugtími þeirra er um 30 mínútur samtals milli meginlanda. Hér eru það sekúndur sem úrslitum gætu ráðið og allt er undir vélrænu mati tölvubúnaðar komið. Það segir sitt um viðtökur vísindamanna við þessari áætlun að um miðjan október 1985 bundust um 1300 bandarískir vísindamenn og háskólakennarar, þar af 12 nóbelsverðlaunahafar, samtökum um að eiga engan hlut að geimvopnarannsóknum sem nú eru að hefjast að frumkvæði Reagans forseta.

Í fylgiskjali I með þessari þingsályktunartillögu er að finna kafla úr riti Öryggismálanefndar, „Samningar um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar" eftir Albert Jónsson og Þórð Ingva Guðmundsson (útg. 1985), þar sem m.a. er fjallað um ABM-sáttmálann frá 1972 um takmörkun gagneldflaugakerfa.

Litið hefur verið á þennan ABM-sáttmála sem einn þýðingarmesta samning milli risaveldanna um takmörkun vígbúnaðarkapphlaupsins. Í yfirlýsingu svonefnds Aspen-hóps stjórnmálamanna frá árinu 1984, sem að stóðu fjölmargir heimsþekktir menn, þeirra á meðal Helmut Schmidt, Pierre Trudeau og Robert McNamara, er ABM-samningurinn talinn vera „hornsteinn hernaðarlegs stöðugleika ... Á honum ætti að byggja og bæta um þar sem nauðsyn krefur, en ekki grafa undan honum", segir í yfirlýsingunni. Þar er enn fremur mælt með því að „viðræður ættu að byrja strax milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um að ná tökum á vopnum sem grandað geta gervihnöttum. Eftirlits- og fjarskiptagervihnettir hafa ásamt öðrum gervihnöttum haft grundvallarþýðingu fyrir hernaðarlegan stöðugleika sem ekki má tefla í tvísýnu með truflandi viðleitni til að ná einhliða en skammvinnum yfirburðum."

Í sama streng er tekið í yfirlýsingum og ályktunum margra virtra aðila sem látið hafa sig skipta vígbúnaðarkapphlaupið, t.d. Palme-nefndarinnar og Delhi-hóps sex þjóðarleiðtoga frá árinu 1984.

Brýnt er að Alþingi Íslendinga marki afstöðu sína til geimvopna m.a. vegna þeirrar afstöðu sem fram kom hjá Matthíasi Á. Mathiesen, fyrrverandi utanríkisráðherra, til

málsins. Í skýrslu sinni til Alþingis um utanríkismál í apríl 1986 sagði ráðherrann um þetta efni:

„Eftir leiðtogafund Reagans og Gorbachevs í nóvember vöknuðu vonir á Vesturlöndum um að samninganefndir Bandaríkjanna og Sovétríkjanna í Genf myndu einbeita sér að því að ná samningum um atriði, sem minnstur ágreiningur var um, svo sem um 50% niðurskurð langdrægra kjarnavopna og niðurskurð meðaldrægra kjarnavopna í Evrópu. Þessar vonir hafa ekki ræst, því Sovétmenn gera þá kröfu, að Bandaríkjamenn hætti við geimvarnaáætlun sína áður en samið verði um meðaldræg og langdræg kjarnavopn. Á þetta hafa Bandaríkjamenn ekki fallist og benda á, að hér sé aðeins um að ræða rannsóknir og alls óvíst um niðurstöður þeirra. Hins vegar sé von þeirra sú, að þær sýni fram á hvernig unnt sé að gera kjarnavopn óþörf. Vilja þeir þar af leiðandi ekki útiloka sjálfar rannsóknirnar. Vekja þeir athygli á því að Sovétmenn hafi stundað svipaðar rannsóknir um árabil.

Íslensk stjórnvöld telja mikilvægt að staðið verði við gerða alþjóðasamninga, þar á meðal áðurnefndan samning um takmörkun gagneldflaugakerfa. *Rannsóknir af því tagi, sem hér um ræðir, þurfa ekki að stríða gegn slíkum samningum.* Auk þess er óraunhæft að ætla að hægt sé að framfylgja banni við rannsóknum. Bendi niðurstöður geimvarnarannsókna til að geimvarnakerfi geti stefnt heimsfriðnum í hættu, ber risaveldunum að sjá til þess að geimvarnaáætlanir verði aldrei að veruleika. Sýni þær á hinn bóginn að geimvarnakerfi muni stuðla að friði og öryggi er eðlilegt að risaveldin geri samkomulag um framkvæmd slíkra áætlana. *Vert er að hafa í huga, að geimvarnaáætlun Bandaríkjamanna gerir ráð fyrir stórstígum framförum á sviði tækni og vísinda, og má þar nefna upplýsinga-, efna-, orku-, leysigeisla- og kerfistækni. Geri Bandaríkjamenn öðrum þjóðum kleift að taka þátt í áætluninni, er ljóst að Íslendingar geta, ekki síður en aðrir, notið góðs af samvinnunni.*“ (Lbr. flm.)

Hér gaf fyrrverandi utanríkisráðherra til kynna að æskilegt væri fyrir Íslendinga að taka þátt í geimvopnaáætlun Bandaríkjanna. Alþingi getur ekki látið hjá líða að taka hið fyrsta afstöðu til slíkra hugmynda til að taka af öll tvímæli um afstöðu þingsins. Þess verður að vænta að núverandi utanríkisráðherra, Steingrímur Hermannsson, líti þetta mál öðrum augum en forveri hans.

Með samþykkt þessarar þingsályktunartillögu, sem hér er flutt í þriðja sinn, mundi Alþingi taka undir með þeim fjölmörgu sem gera sér ljósa hættuna af þeirri stigmögnun vígbúnaðarkapphlaupsins sem fylgja mundi í kjölfar geimvopnarannsókna. Með tillögunni er lögð á það áhersla að Alþingi Íslendinga leggi sitt lóð á vogarskálina gegn öllum hugmyndum um að nota himingeiminn til hernaðar nú og í framtíðinni og að fulltrúar Íslands fylgi þeirri stefnu eftir á alþjóðavettvangi.

Fylgiskjal I.

Albert Jónsson og Þórður Ingvi Guðmundsson:

SAMNINGAR UM AFVOPNUN OG TAKMÖRKUN VÍGBÚNAÐAR

II. SALT I samningarnir.

(Úr riti Öryggismálanefndar, 4.)

SALT I samningunum frá 1972 má skipta í þrennt. Í fyrsta lagi var gerður samningur sem takmarkaði eldflaugavarnir. Prótókollur við samninginn var gerður tveimur árum síðar og jók hann enn á þær takmarkanir sem fyrir voru. Í öðru lagi var gerður „bráðabirgðasamningur um vissar ráðstafanir með tilliti til takmörkunar strategískra sóknarvopna". Í þriðja lagi var komið á fót nefnd, sem skipuð er fulltrúum beggja, til að fjalla um og aðstoða við framkvæmd SALT samninganna.

II.1. Samningur milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um takmörkun gagneldflaugakerfa.

(Treaty between the United States of America and the Union of Soviet Socialist Republics on the Limitation of Anti-Ballistic Missile Systems.)

Undirritaður í Moskvu 26. maí 1972: tók gildi 3. október 1972. Samningurinn gildir um ótakmarkaðan tíma. Uppsagnarfrestur er 6 mánuðir, en aðilar skulu í sameiningu endurskoða samninginn á fimm ára fresti miðað við gildistöku hans. Prótókollur við samninginn var gerður árið 1974.

Með samningnum er Bandaríkjunum og Sovétríkjunum bannað að setja upp gagneldflaugakerfi sem geti varið allt landsvæði þeirra. Bannið gildir einnig fyrir varnir ákveðinna staða á landsvæði þeirra, nema að því leyti sem sérstaklega er leyft í samningnum. Gagneldflaugakerfi eru einungis leyfð við tvo staði í hvoru landi. Setja má upp eitt kerfi til að verja höfuðborgina og annað til að verja eitt af þeim svæðum þar sem strategískar landeldflaugar eru staðsettar. Ekki er leyfilegt að hafa nema 100 skotpalla fyrir gagneldflaugar og 100 gagneldflaugar í hvoru kerfi. Ratsjár í hvoru kerfi mega ekki fara yfir tiltekinn fjölda. Þær eru einnig háðar takmörkunum um tæknilega gerð og eðli.

Samningurinn felur ekki í sér fremur en hinir samningarnir að aðilar geti haft eftirlit með því innan landamæra hvor annars að samningnum sé framfylgt. Þess í stað er tekið fram að hvort ríki muni reiða sig á eigin eftirlitskerfi (national technical means of verification) til að tryggja að farið sé eftir ákvæðum samningsins. Eftirlitið hefur einkum farið fram með aðstoð gervihnatta en einnig, hvað Bandaríkjamenn hefur varðað, með sérstökum eftirlitsstöðvum – eða „hlustunarstöðvum" – í ríkjum sem liggja að landamærum Sovétríkjanna. Í þessum samningi, sem og öðrum, er tekið fram að hvor aðili skuldbindi sig til að gera ekkert það sem truflað geti eftirlitskerfi hins. Enn fremur að hann muni ekki af ásettu ráði gera neinar þær ráðstafanir er hindrað geti eftirlit hins, s.s. að hylja vopnin. Þetta á við alla samninga risaveldanna um takmörkun vígbúnaðar.

Í reynd var það svo þegar samningurinn var gerður að hvorugur aðila taldi sig geta sett upp áreiðanlegt og áhrifaríkt gagneldflaugakerfi. Í samningnum endurspeglast og sú trú að svo takmarkaðar eldflaugavarnir, sem leyfðar eru í honum, skipti litlu sem engu máli. Enn fremur að eldflaugavarnir geti valdið pólitískum og hernaðarlegum óstöðugleika í samskipt-

um risaveldanna, vegna hugsanlegs kapphlaups milli þeirra á þessu sviði og þeirrar ógnunar við endurgjaldsgetu sem felast mundi í áhrifaríkum eldflaugavörnum.

Bandaríkjamenn settu upp gagneldflaugakerfi við eitt af hinum strategísku landeldflaugasvæðum sínum en það kerfi var síðan lagt niður. Sovétmenn byggðu kerfi við Moskvu en ekkert við landeldflaugasvæði. Í Moskvu-kerfinu eru nú einungis 32 gagneldflaugar í stað þeirra 100 sem leyfilegar eru.

Báðir aðilar stunda viðamiklar rannsóknir á sviði eldflaugavarna. Í samningnum er tekið fram að rannsóknir og prófanir séu leyfðar. Þó má hvor aðili ekki hafa fleiri en 15 tilraunaflaugar á tilraunasvæðum í einu. Það á að tryggja að ekki sé mögulegt að gera svo viðamiklar tilraunir að komast megi að því með einhverri vissu hvort tiltekið gagneldflaugakerfi sé áhrifaríkt eða ekki. Loks er leyft að endurnýja og bæta gagneldflaugakerfi brjóti slíkt ekki í bága við ákvæði samningsins.

II.2. „Prótókollur við samning Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um takmörkun gagneldflaugakerfa."

(Protocol to the Treaty Between the United States of America and the Union of Soviet Socialist Republics on the Limitation of Anti-Ballistic Missile Systems.)

Undirritaður í Moskvu 3. júlí 1974: tók gildi 25. maí 1976. Um gildistíma, uppsagnarfrest og endurskoðun gildir hið sama og um gagneldflaugasamninginn frá 1972, enda er tekið fram að prótókollur þessi sé óaðskiljanlegur (integral) hluti af þeim samningi.

Í prótókolli þessum segir að hvor aðili megi einungis hafa eitt gagneldflaugakerfi, í stað tveggja eins og leyft var í samningnum frá 1972. Þetta eina kerfi skal annaðhvort vera við höfuðborg eða við eitt af þeim svæðum þar sem strategískar landeldflaugar eru staðsettar.

Prótókollurinn heimilar t.d. Bandaríkjunum að taka niður gagneldflaugakerfið sem þeir reistu við eitt af eldflaugasvæðum sínum og reisa annað, háð sömu takmörkunum, við Washington. Á sama hátt er Sovétmönnum leyfilegt að leggja niður kerfið sem þeir hafa við Moskvu og byggja annað við eitt landeldflaugasvæða sinna. Þetta var þó háð því að tilkynning um slíka fyrirætlan bærist hinum aðilanum áður en framkvæmdir hæfust; í fyrsta lagi 3. október 1977 og í síðasta lagi 2. október 1978. Eftir það varð og er þetta leyfilegt fimmta hvert ár og hvenær sem er á því ári. Þennan rétt má einungis nota einu sinni.

Fylgiskjal II.

Albert Jónsson:

Geimvarnir:

Áætlanir risaveldanna og áhrif þeirra.

(Úr riti Öryggismálanefndar, 1987.)

3.2. Áhrif á vígbúnaðarkapphlaupið og samninga um fækkun kjarnorkuvopna og takmörkun vígbúnaðar.

ABM-samningurinn frá 1972 um takmörkun gagnflaugakerfa (sjá bls. 6–7) leyfir rannsóknir á hvers kyns varnarvopnum. Einu varnarvopnin, sem beinlínis er leyfilegt að

smíða og gera tilraunir með, eru gagnflaugar staðsettar á jörðu niðri. Einungis er leyfilegt að taka í notkun eitt slíkt kerfi og í því mega ekki vera nema 100 gagnflaugar. Í samningnum er gert ráð fyrir að rannsóknir geti leitt til þess að varnarvopn byggð á „öðrum eðlisfræðilegum lögmálum", þ.e. vopn sem ekki séu staðsett á jörðu, geti komið til sögunnar. Í samningnum er sérstaklega kveðið á um viðræður og samninga í framtíðinni milli risaveldanna um slík vopn.

Bandaríkjastjórn er þeirrar skoðunar að túlka megi samninginn þannig að hann leyfi ekki eingöngu að grunnrannsóknir séu stundaðar á varnarvopnum sem byggist á „öðrum eðlisfræðilegum lögmálum", heldur megi einnig smíða slík vopn og gera tilraunir með þau. Þá er haldið fram að svo virðist sem einungis sé bannað að taka slík vopn *í notkun*, þar sem samningurinn kveði aðeins á um að varnarkerfi „byggð á öðrum eðlisfræðilegum lögmálum" og takmörkun þeirra skuli *ræða* sérstaklega. Margir halda fram að samkvæmt samningnum megi einungis taka varnarvopn af þessu tagi í notkun *ef* samkomulag takist um það milli risaveldanna. Það stafi af því að túlka beri samninginn þannig að öll varnarvopn séu bönnuð nema þau sem staðsett séu á jörðu.

Vegna þrýstings heima fyrir og frá hendi bandamanna hefur Reagan-stjórnin ákveðið að líta ekki svo á að samningurinn leyfi að þróa megi eða taka í notkun annars konar varnarkerfi en gagnflaugar. Afstaða stjórnarinnar er að geimvarnaáætlunin, sem feli eingöngu í sér rannsóknir og tilraunir, brjóti ekki í bága við ABM-samninginn. Verði ákveðið að koma upp geimvörnum er ætlunin að semja við Sovétmenn um hvernig uppsetningu varnarkerfa beggja verði best fyrir komið og þá samhliða fækkun kjarnorkuvopna. Í yfirlýsingu Bandaríkjastjórnar kemur fram að hún álíti samt sem áður að víðari túlkunin á ABM-samningnum sé „fyllilega réttlætanleg". Enn fremur hefur hún áskilið sér rétt til að endurskipuleggja geimvarnaáætlunina þannig að hún falli að víðari túlkuninni á samningnum. Þetta virðist þýða að þegar og ef vopnasmíði og tilraunir með vopn hefjist verði túlkuninni breytt enda er ljóst að slíkt er óumflýjanlegt eigi að halda geimvarnaáætluninni áfram eftir að vissu stigi rannsókna er náð. Þá segir að samið verði og rætt við Sovétmenn um uppsetningu geimvarna „eins og henta þyki" („... as appropriate ..."). Þetta hefur verið túlkað þannig, þar á meðal af bandarískum embættismönnum, að vilji Sovétmenn ekki semja verði geimvarnarkerfum komið upp engu að síður. Allt þetta virðist þýða að ABM-samningnum verði rift ef þurfa þyki.

Þá er ljóst að haldi risaveldin áfram rannsóknum á röntgengeislavopnum kemur að því að þau verður að prófa í geimnum. Slíkt bryti í bága við samning frá 1967 sem bannar kjarnorkuvopn í geimnum og við samning frá 1963 sem bannar kjarnorkusprengingar í geimnum. Eigi að halda áfram að þróa röntgengeislavopn verður því að segja þessum samningum upp. Jafnframt virðist þurfa að gera tilraunir á jörðu niðri sem brytu í bága við samning frá 1974 sem takmarkar kjarnorkusprengingar í tilraunaskyni neðanjarðar við 150 kílótonn. Bandaríkjastjórn hefur sagt að sem standi þurfi ekki að sprengja stærri sprengjur en 150 kílótonn en svo kunni að fara að allt að þúsund kílótonna sprengingar þurfi til. Þá hafa bandarískir vísindamenn haldið fram að það kunni að þurfa samtals milli 100 og 200 tilraunasprengingar til að þróa röntgengeislavopn.

Bandaríkjastjórn hefur haldið fram að geimvarnaáætlunin hafi þegar haft þau áhrif að knýja Sovétmenn í ársbyrjun 1985 aftur að samningaborðinu um fækkun kjarnorkuvopna eftir að hafa slitið viðræðum í árslok 1983 í mótmælaskyni við uppsetningu nýrra bandarískra meðaldrægra flauga í Vestur-Evrópu. Aðrir efast um þetta og benda á að Sovétmenn hafi snúið aftur að samningaborðinu af pólitískum ástæðum, jafnvel notað geimvarnaáætlunina til að bjarga andlitinu eftir að hafa gert sér grein fyrir að það að slíta viðræðunum hafi verið mistök. Þá er því einnig haldið fram að sé það rétt að geimvarnaáætlunin hafi einhver áhrif í þá átt að hvetja Sovétmenn til samninga um fækkun kjarnorkuvopna sé best að ná fram

slíkri fækkun gegn því að fallast á að takmarka rannsóknir á sviði varnarvopna. Stuðningsmenn geimvarnaáætlunarinnar hafa bent á að sú gagnrýni að áætlunin muni hafa hvetjandi áhrif á vígbúnaðarkapphlaupið sé ekki annað en gömul tugga. Svo lengi sem þróun vígbúnaðar Bandaríkjanna geti komið í veg fyrir einhvern ávinning eða yfirburði Sovétmanna verki slíkt óhjákvæmilega hvetjandi á vígbúnaðarkapphlaupið. Í sjálfu sér er hægt að taka undir þessa skoðun. Hún virðist hins vegar líta fram hjá þeim nýju vandamálum sem takmarkaðar varnir hafa í för með sér fyrir samninga um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, þeirri grundvallarbreytingu á vígbúnaðarkapphlaupinu sem takmarkaðar varnir leiða til. Sama má segja um þá skoðun að unnt verði að semja við Sovétmenn um fækkun kjarnorkuvopna jafnhliða uppsetningu geimvarna.

Í fyrsta lagi virðist útilokað að samningar takist um fækkun strategískra kjarnorkuvopna svo lengi sem hugsanlegt er að annað risaveldanna komi sér upp takmörkuðum vörnum á undan hinu. Einungis það risaveldanna, sem teldi sig geta orðið á undan, yrði reiðubúið til að fækka vopnum sínum að einhverju marki. Í umfangsmikilli skýrslu, sem ein af rannsóknastofnunum Bandaríkjaþings (*Office of Technology Assessment*) hefur gert um geimvarnir, kemur fram að stofnuninni tókst ekki að finna neinn sem gat fært sannfærandi rök fyrir því að samningar gætu tekist um fækkun kjarnorkuvopna og samvinnu um uppsetningu varnarkerfa áður en risaveldin vissu meira um möguleika og kostnað varðandi varnir. Þetta vandamál sést greinilega í þeim hnút sem samningaviðræður risaveldanna um fækkun strategískra kjarnorkuvopna eru í. Hann ræðst m.a. af ótta Sovétmanna við tæknilega yfirburði Bandaríkjanna og birtist í skilyrði Sovétstjórnarinnar um að ekki geti orðið af fækkun strategískra kjarnorkuvopna nema Bandaríkjamenn fallist á að hætta við geimvarnaáætlunina.

Í öðru lagi hefur alltaf verið órjúfanlegt samband milli varnarvopna og sóknarvopna sem hefur þau áhrif að varnir kalla á fleiri og kröftugri sóknarvopn. Þessu er einungis hægt að breyta ef varnirnar eru þeim eiginleikum gæddar að ekki borgi sig að auka árásargetu. Stórlega má efast um, af mörgum áðurgreindum ástæðum, að geimvarnir nái þessu takmarki. Á sjöunda áratugnum ákváðu Bandaríkjamenn, eins og áður sagði, að hefja smíði fjölodda kjarnaflauga vegna þess að þeir óttuðust að Sovétmenn stefndu að takmörkuðum vörnum með gagnflaugakerfum. Þá má benda á að Bretar og Frakkar vinna nú að því að fjölga kjarnorkuvopnum sínum verulega meðal annars af ótta við að hugsanlegar takmarkaðar varnir kunni ella að draga mjög úr endurgjaldsgetu þeirra á næstu áratugum. Sovétmenn hafa þegar lýst yfir að þeir muni bregðast við uppsetningu bandarísks varnarkerfis með fjölgun kjarnorkuvopna og að þeir séu sannfærðir um að slíkt verði miklu ódýrara en að styrkja varnirnar sem því nemur. Yfirmaður eins stærsta fyrirtækisins, sem vinnur við bandarísku geimvarnaáætlunina, hefur sagt að takmarkaðar varnir muni óhjákvæmilega hafa neikvæð áhrif á vígbúnaðarkapphlaupið. Við þeim megi bregðast með fjölgun kjarnorkueldflauga og það verði gert. Jafnframt sé ljóst af þessu að varnarkerfið verði til lítils gagns verði það sett upp í blóra við Sovétmenn.

Reagan forseti hefur boðist til að veita Sovétmönnum upplýsingar um niðurstöður bandarískra rannsókna á geimvörnum gegn því að þeir gangi til samninga um fækkun strategískra kjarnorkuvopna. Gallinn við hugmynd forsetans er sá að varnirnar mundu ekki byggjast á því að einhverjum einum tilteknum leyndardómi hefði verið lokið upp, einhver ein formúla fundin. Þess í stað yrði líklegt að varnarkerfið samanstæði af margvíslegum og flóknum vopnum og stjórnkerfum. Upplýsingarnar mundu því ekki tryggja að risaveldin kæmu sér upp takmörkuðum vörnum samtímis og bægja frá hættunni á auknum óstöðugleika. Upplýsingarnar mundu enn fremur sýna Sovétmönnum hvernig best yrði að yfirbuga varnirnar. Sovétmenn hafa bent á þetta og segja að ekki sé hægt að taka tilboð forsetans alvarlega. Gorbatsjov Sovétleiðtogi hafnaði tilboðinu á Reykjavíkurfundinum í fyrra og lýsti

yfir að hann tryði ekki að Bandaríkjamenn mundu veita upplýsingarnar. Þá má búast við, eins og fyrr var bent á, að öflugar rannsóknir á sviði varnarvopna herði á tækniþróun og vígbúnaðarkapphlaupinu um venjuleg vopn. Loks er víst að verði hafin smíði varnarvopna mun það ekki einungis leiða til þess að herðist á vígbúnaðarkapphlaupinu í sóknarvopnum heldur einnig marka upphaf kapphlaups um smíði varnarvopna og gagnvarnavopna. Afleiðingin yrði aukinn pólitískur og hernaðarlegur óstöðugleiki í samskiptum austurs og vesturs og aukin ófriðarhætta. Það sem meira er virðast jafnvel fullkomnar varnir fela í sér þessi sömu vandamál.

3.3. Fullkomnar varnir.

Markmiðið með þessum kafla er að sýna að jafnvel þótt bæði risaveldin hefðu „fullkomnar varnir" leysti það ekki þau vandamál sem rædd hafa verið hér að framan. Átt er við fullkomnar varnir í þeim skilningi að unnt yrði að smíða varnarkerfi sem kæmi í veg fyrir að *tryggð* gereyðingargeta væri fyrir hendi. Pottþéttar varnir verða aldrei til.

Engin trygging væri fyrir því að varnirnar héldust fullkomnar. Líklega yrði enn örðugra að viðhalda fullkomnum vörnum en koma þeim upp, sem þó yrði nógu erfitt í ljósi þeirra tæknilegu og vísindalegu vandamála sem menn standa frammi fyrir í þeim efnum. Þar sem engin trygging væri fyrir því að varnirnar héldust fullkomnar mundu bæði risaveldin í sífellu reyna að auka árásargetu sína og varnargetu. Staðan mundi jafnframt einkennast af þeirri meginstaðreynd að annað risaveldanna þyrfti einungis að auka *lítillega* við árásargetu sína til að raska „jafnvæginu". Gæti annað risaveldið komið þó ekki væri nema tíu kjarnaoddum gegnum varnir hins hefði það í för með sér gífurlega eyðileggingu í samanburði við enga eyðileggingu. Sá sem gæti þetta hefði yfirburði yfir hinn. Um leið hefði hann skamman tíma til að njóta yfirburða sinna vegna þess að andstæðingurinn mundi fljótlega ná að jafna metin. Því gæti skapast sterk tilhneiging hjá þeim sem nyti tímabundinna yfirburða til að gera árás meðan hann gæti eða þvinga fram einhverja eftirgjöf með hótunum um árás.

Fæling felur í sér fullyrðingu þess efnis að svo lengi sem unnt sé að hóta styrjöld á trúverðugan hátt megi halda andstæðingi í skefjum. Vandinn er sá að fælingarkenningin veitir ekki svar við því hvað sé trúverðugt, með öðrum orðum hvaða hótun og herstyrkur dugi til við allar kringumstæður. Þar með er sá sem að fælingunni stendur í sífelldri óvissu um hvað nægi til að tryggja frið, óvissu sem kallar á stöðugt fleiri og fullkomnari vopn án nokkurs varanlegs árangurs. Fullkomnar varnir mundu ekki binda enda á þessa óvissu og þar með ekki á vígbúnaðarkapphlaupið. Með vörnum er andstæðingi „hótað" því að árás verði hrundið. Menn gætu hins vegar hvorki verið vissir um að varnarkerfið verkaði eins og til stæði við allar hugsanlegar kringumstæður né heldur að andstæðingurinn tryði að það gerði það. Enn fremur yrði til staðar sífelldur ótti við að andstæðingurinn kynni að finna einhverja leið til að yfirbuga varnirnar og ná yfirburðum í skjóli eigin varna.

Þá gæti hættan á styrjöld með venjulegum vopnum aukist verulega þar sem líkur á kjarnorkustyrjöld hefðu væntanlega minnkað mikið vegna fullkominna varna, nema auðvitað á þeim tíma þegar annar eða báðir hefðu möguleika á að brjótast gegnum varnir hins. Hafi hættan á kjarnorkustyrjöld tryggt frið er óhjákvæmilegt að líkur á ófriði aukist eftir því sem hættan á kjarnorkustyrjöld minnkar. Þá gætu líkur á notkun taktískra kjarnorkuvopna í venjulegri styrjöld aukist verulega vegna þess að ekki þyrfti lengur að óttast stigmögnun til kjarnorkuátaka með strategískum eða meðaldrægum vopnum.

Niðurstaða.

Segja má að risaveldin eigi svo langt í land að koma upp vörnum sem einhverju máli skipti að í reynd sé ótímabært að greina í smáatriðum frá því í hverju rannsóknir á þessu sviði felast, enda hefur þeim einungis verið lýst í grófum dráttum hér. Jafnvel varðandi þær

takmörkuðu varnir, sem stefnt er að og einungis er ætlað að verja hernaðarleg skotmörk, er enn við afar erfið vísindaleg og tæknileg vandamál að fást. Margir sérfræðingar telja þau óyfirstíganleg, að minnsta kosti ef verulegur áreiðanleiki á að nást og ef öryggi varnanna á að vera nægilega tryggt.

Frumskilyrði er að unnt verði að koma upp varnarbúnaði í geimnum, en það er ekki síst á því sviði sem tæknilegu vandamálin eru hvað flest og erfiðust. Jafnframt yrði það þessi hluti varnanna sem andstæðingurinn ætti hægast með að ráðast á. Þá er ljóst að ef varnir á hinu mikilvæga hreyfilsstigi eiga að vera mögulegar verður að vera unnt að smíða áhrifarík geislavopn; því að einungis slík vopn hefðu þá afkastagetu sem til þyrfti.

Ef hins vegar tækist einungis að koma upp nógu áreiðanlegum vörnum á hreyfilsstigi gæti andstæðingurinn hæglega yfirbugað þær með því einu að fjölga og breyta sóknarvopnum sínum. Því eru marglaga varnir nauðsynlegar en hvert einstakt lag þyrfti að vera mjög áreiðanlegt til að tryggja að varnirnar í heild leiddu til nægjanlegrar óvissu fyrir andstæðinginn og kæmu í veg fyrir að hann gæti einfaldlega aukið árásargetu sína. Varnir á farbrautarstigi kjarnaodda yrðu mjög erfiðar, einkum vegna þess að unnt væri að láta aragrúa eftirlíkinga fylgja oddunum eftir á þessu stigi. Á lokalegg oddanna inni í gufuhvolfinu þyrfti ekki að hafa áhyggjur af eftirlíkingunum, en á móti kæmi að tíminn til að verjast er örskammur. Einnig er víst að gífurlega erfitt yrði að tryggja nauðsynlega stjórnun og fjarskipti varnarkerfisins. Enn fremur yrði ekki unnt að prófa varnarkerfið nema með mismunandi ófullkomnum tölvulíkönum. Loks er það svo að þótt tækist að leysa öll tæknileg vandamál og standa undir stjarnfræðilegum kostnaði við að byggja varnarkerfið yrði afskaplega erfitt ef ekki ógerlegt að tryggja öryggi þess.

Ef takmörkuðum vörnum verður komið upp virðast hugsanleg áhrif á stöðugleika gagnvirkrar fælingar risaveldanna verða neikvæð á heildina litið, jafnvel þótt takist að auka verulega óvissu andstæðingsins um ávinning af frumárás. Þá má efast um að takmarkaðar varnir séu nauðsynlegar í þessum tilgangi í ljósi þeirrar gífurlegu óvissu og áhættu sem nú þegar fylgir frumárás til að ná hernaðarlegum ávinningi. Loks hefðu varnir sérstök neikvæð áhrif fyrir samninga um fækkun kjarnorkuvopna vegna þess að þær mundu leiða til þess að sóknarvopnum fjölgaði. Auk þess hæfist kapphlaup í varnarvopnum og um smíði gagnvarnavopna.

Markmiðið með rannsóknum risaveldanna á vörnum er ekki og getur ekki um fyrirsjáanlega framtíð orðið að verja almenning eða gera kjarnorkuvopn úrelt. Jafnvel þótt takast kunni að koma upp vörnum gegn eldflaugum og kjarnaoddum yrðu þær takmarkaðar. Þarna hillir því ekki undir leið út úr þeirri hernaðarlegu stöðu milli austurs og vesturs sem einkennist af gagnkvæmri gereyðingargetu, ógnarjafnvæginu svonefnda. Jafnvel fullkomnar varnir mundu ekki tryggja stöðugleika eða binda enda á vígbúnaðarkapphlaupið.

Fylgiskjal III.

Hans Kr. Guðmundsson:

STJÖRNUSTRÍÐSÁÆTLUN REAGANS

ENDALOK GEREYÐINGAR HÆTTUNNAR EÐA

ÓTRÚLEG SÓUN HUGVITS OG FJÁRMAGNS?

Þær hugmyndir og staðhæfingar sem forsetinn lét sér um munn fara eru mikilfengleg og hafa eflaust vakið þær vonir hjá einhverjum áheyrendum að nú myndi vígbúnaðarkapphlaupinu loksins linna og gereyðingarógn kjarnorkuvopnanna yrði bægt frá. Sú áætlun, sem fylgdi í kjölfar ummæla forsetans og kölluð er Geimvarnaáætlun Bandaríkjanna, hefur hins vegar vakið efasemdir og vantrú margra á þeim raunveruleika sem í henni felst.

Áætlunin heitir opinberlega „The Strategic Defense Initiative", skammstafað SDI. Hún er í raun og veru stærsta og viðamesta vopnaþróunarverkefni sem nokkurn tíma hefur verið ráðist í. Til samanburðar má nefna að hún verður margfalt dýrari en Manhattanverkefnið svokallaða, þegar fyrstu kjarnorkuvopnin voru hönnuð og smíðuð. Af ræðu Reagans má ennfremur ráða að á þeim áratugum sem það tekur að koma geimvarnaáætluninni í framkvæmd, verður ógn kjarnorkuvopnanna að haldast óbreytt til þess að koma í veg fyrir sovéska árás.

Í þessari grein verður reynt að lýsa geimvarnaáætluninni í grófum drættum. Hugmyndum sem á lofti eru um uppbyggingu varnarkerfisins og nýjar tegundir vopna verða gerð nokkur skil. Reynt verður einnig að bera þær kröfur, sem gera þarf til fullkomins varnarkerfis, saman við stöðu tækninnar í dag. Það er von höfundar að þessi umfjöllun geti orðið lesandanum nokkur hjálp til að fylgjast á gagnrýninn hátt með þeirri umræðu, sem um málið snýst á ýmsum vettvangi, og ef til vill til að taka rökum studda afstöðu.

Hin góðu öfl munu sigra hin illu?

Síðan Reagan hélt ræðu sína eru liðin tæp þrjú ár. Á þessum árum hafa stjórnmálamenn, vísindamenn, herfræðingar og fréttamenn deilt á ýmsum vettvangi um gildi þessara varnarhugmynda og réttmæti þeirra gífurlegu fjárveitinga, sem áætlunin þarfnast þegar á upphafsskeiði.

Í munni almennings og fjölmiðla mótaðist fljótlega nafnið **stjörnustríð** um þau átök sem eiga munu sér stað í háloftunum ef áætlað varnarkerfi fer einhvern tíma í gang. Stjörnustríðsnafnbótina má rekja til samnefndrar vinsælla kvikmyndar, þar sem hin góðu öfl berjast við hin illu í óravíddum geimsins með leysigeislum og óteljandi tæknibrellum. Bandaríkjastjórn og forystumönnum áætlunarinnar var í fyrstu lítt um þessa nafnbót gefið og fóru til dæmis fram á að rétt nafn væri notað í umfjöllun fjölmiðla. Erfitt reyndist hins vegar að útrýma stjörnustríðslíkingunni og brátt fóru forystumenn áætlunarinnar sjálfir að nota samlíkinguna við stjörnustríðið og mæltust þá til þess að vera kenndir við hin góðu öfl, sem bægja aðsteðjandi hættu frá.

Rannsóknastarf í þágu hernaðar og vopnatækni hefur aukist mjög á þessum þremur árum. Varnarmálaráðuneytið í Pentagon setti 50 manna varnartæknineftnd undir stjórn James C. Fletchers (Fletcher-nefndin) til þess að leggja fram áætlun um rannsókna- og þróunarstarf sem leiða myndi í ljós hvort tilskipun forsetans er framkvæmanleg. Markmiðið er í stuttu máli að ákvarða hvort hanna megi varnarkerfi, byggt á háþróaðri skynjaratækni og vopnum án kjarnorkusprengja, sem getur eytt sóknarflaugum í allsherjarárás. Nefndin lagði línurnar að rannsóknaáætlun og á niðurstöðum hennar byggðist beiðni varnarmálaráðuneytisins um 26 milljarða dollara fjárveitingu vegna geimvarnarannsókna til áranna 1985 – 1989.

Í lok ársins 1983 var skipuð yfirstjórn rannsóknanna undir forystu James A. Abrahamsons jr., hershöfðingja í flughernum, og vísindalegur yfirmaður við hlið hans er Gerold Yones. Undir þessa yfirstjórn voru settar átta sviðsstjórnir, sem hver hefur umsjón með einu af eftirfarandi sviðum:

1. Kerfishönnun.
2. Skynjaratækni.
3. Lífslíkur/eyðingarmáttur/lykiltæknisvið.
4. Árekstravopn.
5. Geislavopn.
6. Nýsköpun í vísindum og tækni.
7. Samræming og fjármagnsstýring.
8. Ytri tengsl.

150 þróunarverkefni í hernaðartækni, sem þegar voru í fullum gangi, voru

Hinn 23. mars 1983 ávarpaði Ronald Reagan Bandaríkjaforseti þjóð sína í sjónvarpi og markaði í ræðu sinni tímamót í sögu vígbúnaðarkapphlaups stórveldanna. Í ávarpinu skýrði hann frá þeirri ákvörðun sinni að þróa skyldi nýtt varnarkerfi, sem gera ætti kjarnorkuvopnin „gagnslaus og úrelt". Hann taldi að þessi ákvörðun sín myndi „breyta gangi mannkynssögunnar" og „veita börnum okkar nýja von á 21. öldinni." Hið nýja varnarkerfi sagði hann að myndi veita bandarísku þjóðinni og bandamönnum hennar öryggi gegn sovéskri árás, með því að mæta langdrægum flaugum Sovétmanna á miðri leið og eyðileggja þær áður en þær næðu skotmörkum sínum.

innlimuð í aætlunina. Fyrirtæki á sviði flugtækni og geimvísinda svo sem Lockheed Missiles & Space Co. og RCA samsteypan settu upp serstakar geimvarnadeildir og hinar ríkisreknu rannsóknastofnanir í hertækni, Los Alamos, Sandia og Lawrence Livermore efldu rannsóknir sínar verulega. Vísindamönnum í haskólum, stofnunum og fyrirtækjum var og er boðið að sækja á mið þessara 26 milljarða með verkefni sem geta tengst aætluninni. Nu þegar hafa fjölmörg fyrirtæki farið af stað með slík verkefni. Auk þeirra sem að framan eru talin má nefna General Electric, TRW, Rockwell, Boeing, McDonnell Douglas, Westinghouse og morg fleiri. Gert er ráð fyrir að gerðar verði fimmtan megintilraunir fyrir 1990, þar sem m.a. verða profaðar ýmsar nýjar vopnagerðir. Reiknað er með því að niðurstöður rannsóknanna og utkoma tilraunanna, leiði til rökstuddra svara um og upp úr 1990 um það hvort geimvarnakerfi geti þjónað yfirlýstum tilgangi. Ef síðan verður tekin ákvörðun um að koma því fyrir, er reiknað með að það taki 20–30 ár og mun kerfið því ekki koma að fullu gagni fyrr en nokkuð er liðið á 21. öldina.

Einn sjóher í viðbót!

Til þess að kerfið geti orðið að veruleika verður að halda kostnaði við uppbyggingu og framleiðslu einninga þess í lágmarki. Sem dæmi má nefna að eitt þeirra verkefna, sem flugherinn vinnur nú að, er lækkun á kostnaði við flutninga geimferjunnar úr um 2500 dollurum á kg niður í um 20 dollara á kg. Einnig verður að minnka margfalt kostnaðinn við framleiðslu á hátækniafurðum framtíðarinnar, svo sem nýjum tölvum, skynjurum og geimbúnaði. Þetta er ef til vill sambærilegt við það verkefni að fjöldaframleiða bifreið í gæðaflokki Rolls Royce í sama verðflokki og ódýran smábíl.

Ýmsir hafa reynt að meta heildarkostnað við byggingu og uppsetningu kerfisins. Meðalha tala í þeim útreikningum er um 800 milljarðar dollara. Þá er eftir að reikna með viðhaldi, rekstrskostnaði og endurnýjun, því kerfið þarf auðvitað stöðugt að vera til viðbragðs reiðubúið. Sá kostnaður hefur verið talinn á bilinu 50–200 milljarðar dollara á ári hverju. Þetta mun vera nokkuð sambærilegt við það að koma upp svo sem eins og einum sjóher til viðbotar við Bandaríkjaher. Til samanburðar má geta þess að í frumvarpi til fjarlaga fyrir 1986 eru gjöld íslenska ríkisins talin um 33.5 milljarðar króna, sem samsvarar um 0.8 milljörðum dollara.

Ef stjórnkerfið bregst þá er vörnin gagnslaus

Geimvarnaaætlun Bandaríkjanna miðar að uppsetningu kerfis, sem á að veita vörn gegn árás langdrægra kastflauga Sovétríkjanna. Flugi kastflaugar má skipta í fjögur skeið: **Lyftiskeið**, þegar flaugin lyftir sér út úr lofthjúpnum, **skiptiskeið**, þegar hún sendir frá sér kjarnaoddana á braut, **renniskeið**, þegar kjarnaoddarnir fljúga áfram utan lofthjúpsins og **lokaskeið**, þegar þeir koma inn í lofthjúpinn aftur og lenda á skotmarkinu.

Gamlar hugmyndir um varnir gegn kastflaugum byggjast á því að gagnflaug sé skotið á móti árásarflaug á lokaskeiði og hún eyðilögð með árekstri eða sprengingu. Þessar hugmyndir þóttu á sínum tíma gagnslausar meðal annars vegna þess hve dýrt var að koma fyrir gagnflaugum miðað við hugsanlegan árangur. Stórveldin komu sér síðan saman um undirritun gagnflaugasamningsins 1972 sem bannaði frekari uppbyggingu vopna gegn langdrægum kastflaugum. Kerfið sem geimvarnaáætlunin byggist á er frábrugðið þessum eldri kerfum að því leyti að vörnin á nú að fara fram á öllum skeiðum flugsins og gert er ráð fyrir að því fyrr sem flaug er eyðilögð á ferð sinni því betra.

Flestar hugmyndir um slíkt varnarkerfi byggjast á lagskiptri vörn. Þá er átt við að ákveðnir hlutar kerfisins sjái hver um sitt skeið árasarinnar. Talað er um þrjú varnarlog, sem hvert um sig á helst að geta eyðilagt 90% af þeim árasarflaugum og kjarnaoddum sem koma í þess hlut. Með því móti yrði kerfið 99.9% öruggt. Fyrsta lagið mundi fá í sinn hlut fyrstu tvo skeiðin af flugi kastflauganna. Þetta varnarlag er mikil-

Nokkrir kaflar úr sjónvarpsræðu Ronalds Reagans Bandaríkjaforseta þar sem hann kynnti stjörnustríðsáætlunina í fyrsta sinn, 23. mars 1983

... Okkur hefur tekist að halda stöðugu jafnvægi með árásarögninni. Okkur og bandamönnum okkar hefur þannig tekist að koma í veg fyrir kjarnorkustyrjöld í meira en þrjá áratugi ...

... Ég hef orðið sífellt sannfærðari um það að mannsandinn hljóti að vera fær um að rísa ofar því að samskipti milli manna og þjóða eigi sér stað með ógnun við tilveurétt þeirra ...

... Mikilvægasta framlag okkar er að sjálfsögðu að draga úr vígbúnaði, og þá sérstaklega kjarnorkuvígbúnaði ...

... Ég trúi því að til sé leið. Leyfið mér að deila með ykkur framtíðarsýn sem gefur von. Hún er sú að við hefjumst handa um það verkefni að mæta ógurlegri ógn sovésku flauganna með varnaraðgerðum. Við skulum nýta styrk þeirrar tækni sem iðnaður okkar byggist á og veitt hefur okkur þau lífsgæði sem við nú njótum.

Hvernig væri ef frjáls þjóð gæti lifað örugg í þeirri vissu að öryggi hennar byggðist ekki á því að Bandaríkin gætu endurgoldið sovéska árás, heldur á því að við gætum mætt langdrægu kastflaugunum á miðri leið og eyðilagt þær áður en þær lentu á okkur eða bandamönnum okkar?

Ég veit að þetta er gífurlega stórt tæknilegt verkefni, sem verður hugsanlega ekki leyst fyrir lok aldarinnar. Þrátt fyrir það er rétt að hefjast handa, vegna þess að nútíma tækni hefur náð vissri fullkomnun. Verkið mun taka mörg ár, jafnvel áratuga baráttu á mörgum sviðum. Ýmislegt mun mistakast og annað takast. Og samhliða því sem málum vindur fram verðum við stöðugt að halda við kjarnorkufælingunni og möguleikum okkar á sveigjanlegri svörun. En er það ekki hverrar krónu virði að frelsa heiminn undan ógnum kjarnorkustyrjaldar? Við vitum að svo er. Á meðan munum við halda áfram að ná fram raunverulegri fækkun kjarnorkuvopna. Við munum ganga af stýrk til samninga með endurnýjuð langdræg vopn að bakhjarli. Á sama tíma verðum við að minnka hættuna á því að hefðbundið stríð magnist og verði að kjarnorkustríði með því að bæta hefðbundinn vopnabúnað okkar ...

... Samtímis því að við þróum varnartækni okkar, gerum við okkur grein fyrir því að bandamenn okkar treysta því að árásarmáttur hinna langdrægu vopna okkar fæli frá árás á þá. Hagur þeirra og okkar er tengdur órjúfanlegum böndum. Öryggi þeirra og okkar er eitt og hið sama. Engar tæknibreytingar munu geta breytt þeim raunveruleika. Við verðum að gegna skyldu okkar og það munum við gera ...

... Ég skora á vísindamenn þessa lands, sem létu okkur kjarnorkuvopnin í té, að beina nú sínu mikla hugviti til góðs fyrir mannkynið og alheimsfrið og gefa okkur tækifæri til þess að gera kjarnorkuvopnin gagnslaus og úrelt ...

... Við sækjumst ekki eftir yfirburðum í hernaði eða stjórnmálum. Eina takmark okkar – sameiginlegt öllum mönnum – er að leita leiða til þess að minnka hættuna á kjarnorkustyrjöld.

Kæru landar, í kvöld höfum við hrint af stað tilraun, sem mun geta breytt gangi mannkynssögunnar. Í henni felst áhætta og árangurs getur orðið langt að bíða. En ég trúi því að þetta takist. Á þessum tímamótum bið ég um bænir ykkar og stuðning. Kærar þakkir, góða nótt og guð blessi ykkur.

vægast af þeim öllum. Við ferðina upp úr lofthjúpnum hitnar flaugin og eins er útblásturinn heitur þannig að skynjarar varnarkerfisins, sem sjá innrauða varmageislun, eiga auðvelt með að fylgja flauginni eftir og miða hana út. Ennfremur þorgar sig að eyðileggja flaug á þessum skeiðum áður en hún skiptir sér, því þá nær vörnin mörgum kjarnaoddum í einu „höggi".

Annað varnarlagið sér síðan um þá árásarodda sem sleppa í gegnum fyrsta lagið. Þetta verður miklum erfiðleikum bundið af tveimur ástæðum. Oddarnir fljúga hér án eigin afls, mótstöðulaust og eru því ekki auðgreindir. Ennfremur má gera ráð fyrir því að með oddunum verði á flugi alls kyns villuhlutir, sem árásaraðili sendir með til þess að villa um fyrir skynjurum varnarkerfisins. Gera má ráð fyrir að með hverjum oddi sem fer á eigin braut fljúgi 10 villuhlutir, oddalíki, radarspeglar og annað rusl.

Þriðja varnarlagið á svo að taka við oddunum sem eftir eru á lokaskeiðinu. Við ferðina niður í gegnum lofthjúpinn hitna oddarnir aftur þannig að auðvelt er að greina þá. Léttir villuhlutirnir hægja meira á sér og brenna upp.

Tæknibúnaði varnarkerfisins má skipta í tvo höfuðflokka:

- Búnað til eyðingar flauga og kjarnaodda; vopnin sjálf.
- Búnað til skynjunar, samskipta, stjórnunar og ákvarðanatöku; tölvukerfið.

Hér verður fyrst fjallað um síðari flokkinn. Segja má að tölvukerfið sé „heili" varnarkerfisins og hlutverk þess er hvað mikilvægast. Ef það bregst þá skiptir engu máli hve fullkomin vopnin eru, kerfið er gagnslaust ef samhæfinguna skortir.

Hvað þarf kerfið að gera?

- Varnarkerfið þarf fyrst af öllu að uppgötva árásarflaugarnar og gera viðvart. Þetta tekur um 90 sekúndur með þeim skynjunar- og njósnahnöttum sem nú eru í háloftunum, eða um helming þess tíma sem lyftiskeiðið varir. Síðan þarf að taka ákvörðun um það hvort þetta sé nú örugglega árás og hvort vörnin eigi að fara í gang.
- Varnarkerfið þarf síðan að skipta verkum. Ákveða þarf hvaða vopn á að eyðileggja hvaða árásarhlut og hvenær. Ennfremur verður kerfið að geta endurskipað í hlutverkin ef einhver varnarvopn eru eyðilögð eða bregðast á annan hátt í miðju kafi. Kerfið verður því að hafa áreiðanleg gögn um eigið ástand á hverju sekúndubroti. Þetta má kalla varnargagnagrunninn.
- Varnarkerfið þarf að fylgja eftir, miða út, skjóta á og eyðileggja árásarflaugar og odda. Í þessum tilgangi þarf kerfið að hafa stöðugt upplýsingastreymi um stöðu og hegðun árásarhlutanna, meta hvort hluturinn er kjarnaoddur eða eitthvað hættulaust og ekki síst fullvissa sig um að flaug eða oddur sem skotið er á eyðileggist. Þetta er söknargagnagrunnurinn.

Erfiðast fyrir fyrsta varnarlagið er hinn skammi tími, örfáar mínútur, sem eru til stefnu frá því að árás hefst þar til fyrstu flugskeiðunum er lokið. Ef reiknað er með að 150 til 180 sekúndur verði til stefnu til að eyðileggja 1400 flaugar, þarf kerfið að anna 8 til 10 flaugum á sekúndu. Til þess mun þurfa um 15–16 leysiskotstöðvar. Gert er ráð fyrir að stöðvarnar séu á brautum í um 1000 km hæð. Þessar brautir eru miklu neðar en þær sístöðubrautir sem til dæmis fjarskiptahnettir fljúga eftir og gera þeim kleift að vera sífellt yfir sama jarðarblettinum. Það er því nokkuð ljóst að ef alltaf eiga að vera 15 skotstöðvar í sjónmáli við flaugaskotpallana, þarf margfaldur sá fjöldi að vera á brautum umhverfis jörðu. Margir hafa reynt að meta hvaða fjöldi mundi nægja, en niðurstöðurnar eru ólíkar vegna hve margar forsendur eru breytilegar. Endanleg tala er t.d. háð dreifingu flauganna um Sovetríkin, hraða flauganna út úr lofthjúpnum, viðbragsflýti miðunarbúnaðar og fleiri þáttum. Tölur sem birst hafa eru á bilinu 100–700 leysiskotstöðvar.

„Frá vöggu til grafar"

Eitt af stærstu vandamálum kerfisins, að mati forystumanna áætlunarinnar, er hvernig annað varnarlagið á að geta gegnt hlutverki sínu. Hér er það ekki tíminn sem er naumur, 20 mínútur, heldur hið gífurlega magn af hættulausum villuhlutum sem söknaraðilinn mun láta fylgja oddunum, en um 100 slíkir hlutir munu geta fylgt hverri flaug. Þessir villuhlutir geta verið ýmiss konar, til dæmis radarspeglar eða þunnir málmhúðaðir belgir. Alla þessa hluti verður erfitt að greina vegna þess að þeir munu fljúga án eigin vélarafls.

Ein hugmynd, sem nefnd hefur verið, er að kerfið fylgi hverjum einstökum hlut eftir „frá vöggu til grafar". Skynjarar stjórnstöðvahnattanna geta þá séð flaugarnar þegar þær eru að skipta sér og séð hvort flaugin var að losa sig við þungan hlut (kjarnaodd) ef bakslag „rútunnar" er mikið, eða léttan villuhlut ef lítið bakslag sést. Hlutirnir eru þá merktir hættulegir eða hættulausir í gagnagrunninn og aðeins þeim hættulegu eytt. Leysivopn og öreindageislar gætu einnig nýst í skynjunarhlutverki með því að lýsa hlutina með vægum geisla og mæla endurkast til að átta sig á gerð þeirra. Erfitt gæti reynst að treysta fullkomlega þessu mati, vegna þess að söknaraðili á marga mótleiki. Ef til dæmis væri blásinn út belgur utan um kjarnaodd, gæti kerfið metið hann hættulausan með hörmulegum afleiðingum.

Varnarkerfið þarf þannig bæði að vinna hratt og meðhöndla gífurlegt upplýsingamagn. Annað varnarlagið getur t.d. þurft að ráða við um 15000 hluti jafnvel þótt fyrsta lagið vinni með 90% virkni, eins og til er ætlast. Þessi verkefni verða ekki leyst nema með mjög fullkomnum tölvubúnaði, sem getur meðhöndlað risavaxin gagnasöfn, unnið upplýsingar úr þeim og tekið ákvarðanir á grundvelli þeirra, allt á ótrúlega skömmum tíma. Sú tækni sem nú er fyrir hendi á langt í land að geta uppfyllt kröfurnar. Fletcher-nefndin taldi nauðsynlegt að hanna nýja kynslóð tölvubúnaðar, vélbúnað jafnt sem hugbúnað. Helstu framfara í vélbúnaði er að vænta með ljóstæknitölvunni, sem á að geta unnið margfalt hraðar en rafeindatölvurnar. Í hugbúnaðarþróun er rætt um svokallaða dreifða gagnameðferð, þar sem unnið er úr gögnum í mörgum einingum kerfisins samtímis. Í slíku tölvuneti mætti hugsanlega nota hefðbundinn vélbúnað, en samskiptin milli hinna mismunandi hlekkja yrðu mjög erfið viðfangs. Í árásinni er auðvitað mikil hætta á því að hlekkir bregðist og þarf þá kerfið að endurskipuleggja samskiptin, sem gæti orðið sérstaklega erfitt ef margir hlekkir bregðast á skömmum tíma. Netkerfi af svipuðu tagi sem nú eru til er nokkrar sekúndur að endurskipuleggja sig ef hlekkur bilar og geta hrunið ef annar hlekkur bilar á meðan. Tölvunet geimvarnanna gæti þurft að endurskipuleggja sig meira en hundrað sinnum á örfáum mínútum. Upplýsingarnar sem stöðugt flæða inn um ástand varnar- og árásarvopnanna

Eitt lítið árásardæmi

- Sovétríkin eru talin eiga 1400 langdrægar kastflaugar á landi. Ef hver um sig bæri 10 kjarnaodda, myndi allsherjarárás fela í sér 14000 kjarnorkusprengjur. Fyrsta varnarlagið eyðilegði 1260 flaugar (90%) og eftir væru 140 flaugar með 1400 odda.
- Annað varnarlagið fengi 1400 kjarnaodda til meðferðar. Ef hverjum oddi fylgdu 10 villuhlutir, þyrfti vörnin að greina 15400 hluti. Ef þetta varnarlag gæti eytt 1260 oddum (90%) myndu 140 kjarnaoddar ná inn í lofthjúpinn.
- Síðasta varnarlagið fengi í besta falli 140 odda til eyðingar. Ef hægt er að eyða 126 oddum (90%), þá falla 14 kjarnorkusprengjur á skotmörk sín einhvers staðar í Bandaríkjunum. Hver þessara sprengja hefði líklega að minnsta kosti tuttugufaldan sprengimátt á við sprengjurnar, sem sprengdar voru yfir Hiroshima og Nagasaki. 14 bandarískar stórborgir gætu því þurrkast út þrátt fyrir varnarkerfi sem er 99.9% þétt.

Í þessu árásardæmi er gert ráð fyrir því að hver sovésk flaug beri 10 kjarnaodda, sem aðeins nýjustu gerðir SS–18 flauganna gera. Að meðaltali munu vera 3.5 oddar í sovésku flaugunum. Ekki er í dæminu tekið tillit til annarra árásarvopna Sovétríkjanna, sem einnig eiga 940 langdrægar kafbátaflaugar, 290 kjarnorkusprengjur í langdrægum flugvélum, auk um 440 meðaldrægra flauga sem beint er að Evrópu. Tölurnar eiga við árslok 1983.

Þegar geimvarnakerfið gæti hugsanlega orðið að veruleika á fyrstu áratugum næstu aldar verða kerfishönnuðirnir að reikna með um það bil tvöföldum fjölda sovéskra flauga ef þeim heldur áfram að fjölga í sama takti og nú.

mega auðvitað ekki týnast við það að einhver hlekkurinn bregðist. Gögnin þarf því að geyma samtímis í mörgum stöðvum.

Úrvinnsla gagnanna frá hinum ýmsu skynjurum yrði í reynd miklu erfiðari en gagnasöfnunin sjálf. Hugsum okkur til dæmis að þrír skynjarar sendi samtímis inn upplýsingar um fjölda árásarhluta á einhverjum stað. Einn segir hlutina vera þrjá, annar að þeir séu sex og hinn þriðji níu. Hvaða tala er þá rétt? Sér einhver skynjarinn of fáa eða of marga hluti? Eru þeir allir jafn áreiðanlegir? Sjá skynjararnir kannski ekki sömu hlutina og eru árásarhlutirnir þá 18 í allt? Hugbúnaður stjórnkerfisins verður að vera reiðubúinn að mæta svona tilvikum, og stærsti vandinn verður að bregðast við á réttan hátt.

Hraðinn í allri meðferð upplýsinga þarf að vera ollu meiri en stór tölvusamskiptakerfi geta annað í dag. Stórt bankatölvunet mun til dæmis anna minna en 1000 viðskiptaaðgerðum á sekúndu en geimvarnatölvan þarf að vinna tífalt hraðar.

Verður aldrei treystandi

Gagnrýnendur geimvarnaáætlunarinnar halda því fram að áreiðanlegur hugbúnaður til að stjórna varnarkerfinu geti aldrei orðið að veruleika. David L. Parnas, prófessor í tölvuvísindum við Viktoríuháskóla í Bresku Kólumbíu og ráðgjafi Rannsóknastofu sjóhersins, sagði sig í júní síðastliðnum úr þeirri nefnd geimvarnaáætlunarinnar sem fjallar um „tölvutækni við orrustustjórnun". Hann sagði af því tilefni: „Ég hef ekki trú á því að frekari vinna nefndarinnar verði til gagns og ég get ekki með góðri samvisku þegið laun fyrir gagnslaus störf." Hann sagði ennfremur að „vegna þess hve krafurnar til kerfisins eru gífurlegar og hve ómögulegt verður að prófa það, munum við aldrei geta treyst því að ætlunarverkið hafi tekist."

Og líklega verður aldrei hægt að treysta geimvarnakerfinu. Helstu ástæður þess eru:

- Kerfið er svo stórt að hugbúnaðurinn verður morandi í villum.
- Raunveruleg prófun hugbúnaðarins er ekki möguleg nema í kjarnorkustríði. Miklar líkur eru því á að villur birtist á örlagastund.

Sú tækni sem nú er notuð til þess að leita uppi villur í forritum er ekki talin geta náð fullkomnum árangri ef fjöldi lína í forriti fer mikið yfir 500 línur. Stærri forrit eru yfirleitt notuð með þeim villum sem sleppa í gegnum villuleit og prófanir og þær leiðréttar eftir því sem þær koma í ljós. Forritin til stjórnunar geimvarnanna munu verða upp á milljónir lína.

Eflaust munu fara fram miklar prófanir á hugbúnaðinum með ýmiss konar hermilíkönum, sem líkja eftir árás. Til þess að slík hermilíkön geti líkt eftir raunveruleikanum vantar ýmis gögn og forsendur. Til dæmis eru ekki til gögn um kjarnorkusprengingar í geimnum, enda eru þær ekki leyfðar samkvæmt samningi stórveldanna frá 1963. Kerfið mun þó líklega þurfa að vinna undir því álagi að kjarnorkusprengjur springi í *háloftunum meðan starf þess er í hámarki*. Rafsegulhögg, sem slík sprenging í háloftunum sendir frá sér, getur slegið út og eyðilagt rafeindabúnað í gervihnöttum ekki síður en á jörðu niðri.

Árásaraðili á auðvitað margar leiðir til þess að trufla varnarkerfið í starfi. Hér skulu nokkrar slíkar taldar:

- Mögulegt er talið að stytta lyftiskeiðið þannig að árásarflaug verði skemur en eina mínútu að fara út úr lofthjúpnum.
- Skjóta má gömlum, úreltum flaugum upp samhliða árásarflaugunum til þess að varnarkerfið þurfi að fást við fleiri árásarhluti.
- Hugsanlega mun það kosta minna fyrir sóknaraðilann að fjölga árásarvopnum en það kostar vörnina að auka getu sína til samræmis.
- Sprengja má kjarnorkusprengju í háloftunum rétt áður en aðalárásinni er hrundið af stað. Við það skellur rafsegulhögg og sterk hitageislun á varnarkerfið og viðkvæmir skynjarar gætu fengið „ofbirtu í augun." Árásarflaugarnar gætu síðan laumast framhjá skaðlitilli vörn.
- Auðvitað má beina vopnum að kerfinu sjálfu, svo sem sprengiflaugum frá gervihnöttum, leysigeislum og ekki síst dreifa möl og grjóti á brautir varnarvopnanna.

Það er álit margra að alltaf verði auðveldara að eyðileggja varnarkerfið en þau árásarvopn, sem það á að verjast.

Ekkert stríð án vopna

Þótt stjórnkerfið sé mikilvægt þá verður stríð ekki háð án vopna, hvort heldur er til varnar eða sóknar. Flest þeirra vopna, sem koma fyrir í hug-

myndum þeirra stjörnustríðsmanna, byggja á meira eða minna þekktri tækni. Ýmsar nýjungar eru þó með og má þar til dæmis nefna röntgenleysinn. Þegar vopnagerðir eru valdar í hlutverk í kerfinu þarf að taka tillit til ýmissar sérstöðu þeirra hverrar um sig. Sum vopn geta unnið í lofthjúpnum, til dæmis árekstraflaugar, önnur verða að vera utan hans, til dæmis agnageislavopnin. Sum vopnanna – til dæmis rafeindaleysinn – verður að staðsetja á jörðu niðri þar sem hægt er að tengja þau við orkuver. Auðvitað er verðið mikilvægt. Öll vopn verða að vera nógu ódýr til að það verði ódýrara fyrir vörnina að eyðileggja sóknarvopn en það er fyrir árásaraðila að koma nýjum fyrir.

Vopnagerðunum má skipta í þrjá meginflokka: Árekstravopn, orkugeislavopn og agnageislavopn.

Árekstravopnin eða hreyfiorkuvopn eins og þau eru einnig kölluð eiga að leita uppi árásarflaugina og eyðileggja hana í árekstri, líkt og byssukúla væri stöðvuð með annarri kúlu. Þessi vopn skiptast í tvær höfuðgerðir: „ratvísar" flaugar og sporbyssur.

„Ratvísu" flaugarnar fljúga fyrir eigin vélarafli og leita uppi skotmarkið. Þessi tækni var m.a. prófuð með tilraun 10. júní 1984 þegar árekstraflaug var lyft út úr lofthjúpnum með eldflaug yfir Marshalleyjum í Kyrrahafi og eyðilagði langdræga flaug, sem skotið hafði verið frá Kaliforníu. Innrauðu skynjararnir sem notaðir voru til að leita uppi „árásarflaugina" eru sagðir geta greint sem samsvarar hita mannslíkamans í allt að 2000 km fjarlægð á móti köldum bakgrunni geimsins. Svona flaugar eru hægfara miðað við önnur vopn og fljúga með svipuðum hraða og árásarflaugarnar sjálfar, um 5–7 km á sekúndu. Það er því erfitt að nota þær í fyrsta varnarlaginu, sérstaklega gegn hraðfleygum árásarflaugum, nema þeim sé skotið af skotpöllum í geimnum. Aðalnotin verða því á lokaskeiðinu ekki ósvipað og gömlu gagnflaugakerfin voru hugsuð.

Sporbyssan er ný tegund vopna í örri þróun. Hún á að senda frá sér „ratvísar" kúlur á ofsahraða. Þær leita uppi skotmarkið og eyðileggja það með árekstri. Sporbyssan er eins konar „hátæknirifill" sem kemur kúlunum af stað með rafsegulkröftum í stað þess að sprengja púðurhleðslu. Þeir stjörnustríðsmenn vonast til þess að geta skotið 3–5 kg kúlum sem fara um 20–30 km á sekúndu. Til samanburðar má nefna að venjulegar byssukúlur fara um 1 km á sekúndu. Los Alamos og Livermore rannsóknastofunum hefur tekist með þessari tækni að koma 3ja gramma plastkúlu á 11 km hraða á sekúndu. Við þessa tilraun reyndi svo mjög á byssuhlaupið að það rifnaði. Til þess að ná þeim forsendum sem þarf til að sporbyssan verði nothæft vopn í geimvörninni leita því efnisfræðingar að sterkari efnum meðal hátæknikeramiks og ofursterkra stálblandna. Ennfremur er ekki vitað hvernig hanna skal rafeindabúnaðinn sem þarf að vera í kúlunni til þess að hann lifi af skotið og rati í mark, en hann verður fyrir tífaldri hröðun á við rafeindabúnað hinna ratvísu fallbyssukúlna sem nú eru til. Sporbyssum verður komið fyrir úti í geimnum eða á jörðu niðri og nýtast þær á öllum skeiðum varnarinnar. Aflþörf þeirra er gífurleg, talin í gígavöttum meðan skotið er.

Árekstravopnin eru þau vopn sem hvað lengst eru komin í þróunarstiganum, og þá sérstaklega flaugarnar. Þessi vopn yrðu því líklega fyrstu vopnin sem sett yrðu upp í kerfinu.

Orkugeislavopnin eru ýmiss konar leysigeislabyssur sem beina geisla sínum að skotmarkinu frá skotstöðvum í geimnum eða á jörðu niðri. Efnið í skotmarkinu gleypir hluta af orku geislans og hitnar. Ef þessi orka er nógu mikil og gleypist nógu hratt, eyðileggst skotmarkið.

Leysigeislinn er einlitt ljós, sem á upptök sín í sameindum leysiefnisins. Þær gleypa orku og losa sig síðan við hana aftur, allar í sama takti (samfasa). Ljósið beinist allt í sömu stefnu í örmjóum en mjög björtum geisla. Það dreifist lítið út til hliðanna og er því hægt að senda geislann langar leiðir. Leysigeyslar hafa til dæmis verið notaðir til þess að mæla fjarlægðina til tunglsins. Ennfremur má nýta sér háan orkuþéttleika í mjóum geislanum til þess að brenna lífræna vefi og gera þannig skurðaðgerðir.

Í leysigeislavopnin þarf mjög aflmikla leysa. Aflmestu leysar sem nú eru til eru m.a. nýttir til málmsuðu og skurðar. 10 kílóvatta kolsýruleysir getur til dæmis á fáeinum mínútum skorið nokkurra sentímetra þykkt stál í sundur. Til þess að duga sem varnarvopn gegn flaugum sem fljúga í þúsunda kílómetra fjarlægð mun hins vegar þurfa allt upp í hundrað megavatta leysa – og þá hundruðum saman.

Fjórar megingerðir leysa munu koma til greina í geimvarnakerfinu. Það eru efnaleysar, „excimerleysar", rafeindaleysar og röntgenleysar.

Efnaleysarnir eru tæknilega lengst komnir og hafa verið notaðir um langt skeið í iðnaði, svo sem kolsýruleysirinn. Efnaleysarnir gefa innrautt ljós, utan sýnilega sviðsins, en það kemst illa í gegnum lofthjúpinn nema um sérstakar bylgjulengdir sé að ræða. Þeir verða því væntanlega á brautum utan lofthjúpsins ásamt eldsneyti sínu. Nú er í smíðum flúorvetnisleysir sem á að vera hægt að koma út í geiminn. Flúorvetnisleysar lýsa með 2.7 míkrómetra bylgjulengd, sem er talsvert styttri en 10 míkrómetra ljósbylgjur kolsýruleysisins. Þessi leysir á að hafa 2 megavatta afl. Hann mun verða tilbúinn til prófunar 1988.

„Excimerleysarnir" eru drifnir með raforku, og orkunýtnin er lág, ekki nema 6–10%. Erfitt og dýrt verður því að hafa þá staðsetta annars staðar en á jörðu niðri. Í „excimerleysunum" er eðalgasi, svo sem krypton og xenon, blandað við flúr eða klór. Ljós þeirra er á útfjólubláu sviði, 0.15–0.40 míkrómetrar, og á því auðvelt með að komast um lofthjúpinn. Slíkum leysigeisla yrði beint um tvo spegla að árásarflaugunum. Annar speglinn yrði líklega í um 36 þúsund km hæð á sístöðubraut og því alltaf í sjónmáli við leysinn. Hinn speglinn yrði miklu nær jörðu, tæki við geislanum frá efra speglinum og beindi honum að skotmarki. Orkumesti krypton-flúorleysir í vesturheimi er nú á lokastigi byggingar í Los Alamos. Hann á að gefa gífurlega aflmikla en örstutta ljóspúlsa.

Rafeindaleysarnir eru nýjung í leysitækninni, en í þeim kemur leysiljósið frá orkuríkum frjálsum rafeindum í segulsviði. Með því að stilla segulsviðið má breyta bylgjulengd ljóssins allt frá útfjólubláu yfir sýnilega sviðið og út í innrautt. Þeir þurfa mikla raforku og nýta hana enn verr en „excimerleysarnir" þannig að staðsetning þeirra verður á jörðu niðri. Í Los Alamos er í smíðum stærsti rafeindaleysir, sem hannaður hefur verið. Hann á að gefa stutta 30 kílóvatta ljóspúlsa á 10 míkrómetra innrauðri bylgjulengd. Unnið er mikið þróunarstarf til þess að stytta bylgjulengdina en það krefst meiri orku rafeindanna.

Röntgenleysirinn er nýjasta viðbótin í leysitæknina. Það eru ekki mörg ár síðan talið var mjög ólíklegt að nokkurn tíma yrði mögulegt að fá leysiljós á bylgjulengdum röntgensviðsins. Röntgenljós hefur miklu styttri bylgjulengd og er orkuríkara en annað leysiljós. Röntgenleysirinn þarf sterka aflgjafa til þess að fara í gang. Mikið þróunarstarf er nú unnið til þess að finna góðar aðferðir til að koma honum af stað, til dæmis með öðrum leysum. Öruggasta leiðin til þess að koma röntgenleysi af stað er að „kveikja í honum" með kjarnorkusprengju. Þá er röntgengeislum þeim sem myndast á fyrstu sekúndubrotum sprengingarinnar beint með röntgenspeglum eftir sívölum stöngum. Þar örva þessir geislar atómin í stöngunum, sem síðan senda röntgengeisla sem leysiljós út eftir stönginni. Mjótt, einlitt röntgengeislaknippi beinist svo út í umhverfið í stefnu stangarinnar. Ef margar stengur eru örvaðar samtímis og stefnt í mismunandi áttir, þá má þannig senda geisla til að eyðileggja margar flaugar í einu. Á næstu sek-

úndubrotum eyðileggur síðan kjarnorkusprengingin vopnið, sem nýtist aðeins einu sinni. Röntgenleysir er því einnota vopn.

Ekki hægt að prófa

Röntgenleysinn er ekki hægt að prófa í geimnum nema rjúfa það samkomulag sem stórveldin gerðu 1963 um bann við kjarnorkusprengingum þar. Hins vegar er reynt að prófa þessa aðferð í lofttæmdum hólfum neðanjarðar. Bandaríkjamenn hafa þegar sprengt a.m.k fjórar sprengjur í Nevadaeyðimörkinni í þessum tilgangi, og Sovétmenn munu einnig hafa gert svipaðar tilraunir. Röntgenleysirinn hefur vissa sérstöðu innan geimvarnaáætlunarinnar. Bæði stingur hann í stúf við yfirlýsta stefnu Bandaríkjaforseta um vörn sem ekki byggðist á kjarnorkuvopnum, og jafnframt munu kjarnorkusprengingar í geimnum setja stjórnkerfið í mjög erfiða aðstöðu þar sem áhrif sprenginganna gætu eyðilagt skynjara og tölvubúnað.

Röntgengeislavopnin verða að vera staðsett utan lofthjúpsins því að röntgengeislar komast ekki nema örfáa metra gegnum andrúmsloftið. Rætt er um að hafa slík vopn í kafbátaflaugum sem sendar yrðu upp úr lofthjúpnum við fyrsta boð um árás og myndu þau nýtast til eyðileggingar á skipti- og renniskeiði árásarflauganna.

Ekki vantar hugmyndir að orkugeislavopnum. Eyðingarmáttur þeirra er þó hvergi nærri nægur. Orkumagnið á flatareiningu, ljósstyrkurinn þar sem leysiljósið lendir á árásarhlutnum, þarf til að geta eyðilagt flaug að vera margþúsundfalt á við það sem nú er mögulegt. Til að auka eyðingarmáttinn þarf að auka afl leysisins. Styttri bylgjulengdir hafa svipuð áhrif. Ennfremur eykst eyðingarmátturinn, ef hægt er að hindra breikkun geislans á leið að skotmarkinu. Til þess þarf stóra og fullkomna spegla og linsur. Talað er um að setja spegla, sem eru um 10 metrar í þvermál, út í geiminn. Svo stóra spegla verður mjög vandasamt að smíða í þeim gæðaflokki sem krafist er. Speglarnir verða til dæmis að spegla nógu vel til þess að orkurikir geislarnir eyði þeim ekki.

21. júní 1985 var sendur leysigeisli frá fjallstindi á Hawaieyjum. Geislinn, sem var á blágræna sýnilega sviðinu, hitti geimferjuna Discovery og var varpað til baka með speglum í glugga skutlunnar. Þessi tilraun sýndi að hægt var að hitta flaug á flugi í um 350 km hæð á 7 km hraða á sekúndu með leysigeisla frá jörðu. Hins vegar kom einnig vel í ljós hvert vandamál breikkun geislans er, því blýantsmjór geislinn var orðinn 10 metrar í þvermál þegar hann lenti á skutlunni.

Agnageislar eru knippi atóma eða minni einda, sem gefin er orka í hröðlum ekki ósvipuðum línuhröðlum þeim sem notaðir eru á sjúkrahúsum til meðferðar á krabbameini. Agnirnar losa sig við orku sína í skotmarkinu og eyðileggja það. Agnageislar eru um



Röntgenleysi yrði skotið upp úr lofthjúpnum úr kafbáti. Kjarnorkusprenging kemur svo leysigeislum af stað til eyðingar sovéskri kastflaug. (Mynd úr Scientific Am., okt. 1984)

margt „betri" vopn en leysigeislar. Þeir sökkva til dæmis dýpra inn í skotmarkið og hægt er að beina þeim með seglum í stað spegla, en þeir eru ekki eins viðkvæmir og speglarnir. Geislinn er ennfremur orkuþéttari en leysigeislar og hefur þannig meiri eyðileggingarmátt. Agnageislar stöðvast í lofthjúpnum og verða því einungis að gagni úti í geimnum. Séu agnirnar hlaðnar sveigja þær af leið í segulsviði jarðar og því er athyglinni helst beint að óhlóðnum agnageislum.

Við Los Alamos rannsóknastofnunina er nú í byggingu hraðall þar sem óhlaðin vetnisatóm eiga að ná um sautjánfaldri orku á við það sem áður var hægt. Talið er að enn þurfi að fimmfalda þá orku til að ná þeim krófum sem eyðing árásarflauga gerir til geislans. Ef þeim krófum yrði mætt má gera ráð fyrir að geislaskotstöðin sem flytja þarf á braut út fyrir lofthjúpinn verði a.m.k 25 metra löng og vegi um 50–100 tonn. Þrátt fyrir það að hraðlatæknin sé nú á háu stigi í eðlisfræðirannsóknum á minnstu eindum efnisins, öreindunum, þá krefst vopnatæknin miklu meiri agnastraums samfara hárri orku, en áður hefur þekkst. Þessi tækni er hvað styst komin í þróun af þeim vopnum sem hér eru nefnd. Sovétmenn búa yfir mikilli þekkingu á þessu sviði og hafa bandarískir vísindamenn sótt þangað talsverðan fróðleik.

Kjarnorkuver út í geiminn?

Ef efnaleysar eru sendir á braut umhverfis jörðu til þess að eyðileggja árásarflaugar Sovétmanna á lyftiskeiðinu, verður að reikna með að hver leysir þurfi að hafa um 100 megavatta afl. Ef slíkur leysir getur á 2 sekúndum eyðilagt flaug og miðað á þá næstu þá nær hann að eyðileggja 90 flaugar á þeim 180 sekúndum sem lyftiskeiðið varir. 16 slíka leysa þarf þá til að eyða 1400 flaugum og heildaraflið samsvarar um 1.6 gigavatti. Ef gert er ráð fyrir að leysarnir þurfi um 1 sekúndu til að eyða hverri flaug verður heildarorkuþörfin um 140 gigajoule. Flúorvetnisleysar munu þurfa a.m.k. 1 kg af eldsneyti fyrir hvert megajoule af orku sem þeir gefa frá sér, eða eitt tonn á hvert gigajoule. Til þess að eyða þessum 1400 flaugum þarf því 140 tonn af eldsneyti. Eins og fyrr var nefnt þarf líklega nokkur hundruð leysa á braut til þess að 16 séu örugglega í sjónmáli við flaugarnar á hverjum tíma. Miðað við 250 leysa þarf þá að flytja um 2300 tonn af eldsneyti á brautir umhverfis jörðu, sem er meira en 1.5 tonn á hverja flaug sem á að eyðileggja.

Geimferjur geta nú borið um 15 tonna farm í hverri ferð upp á þær brautir sem hér er um rætt. Samkvæmt þessu litla reikningsdæmi þarf því um 160 ferðir bara til að koma eldsneytinu fyrir. Síðan þarf að margfalda þessa tölu til þess að koma sjálfum vopnunum fyrir.

Ef við notuðum excimerleysi á jörðu niðri til þessarar varnar og reiknum með 6% raforkunýtni þarf um 26 gigavatta rafafl til að eyða 1400 flaugum. Til þess þurfa um 26 kjarnorkuver að standa reiðubúin fyrir hugsanlega 3ja mínútna notkun. Þessa tölu þarf að margfalda til þess að vinna gegn orkutapi á leið geislans um skýjaðan lofthjúp.

Orkuþörf vopnanna sem eru staðsett á jörðu niðri er samt ekki talin vera neitt vandamál því tæknin er þekkt og aðeins kostnaður því fylgjandi að bæta við



Langdræg kastflaug er um 30 mínútur á leiðinni frá skotpalli í Sovétríkjunum yfir að skotmarki í Bandaríkjunum. Fluginu má skipta í nokkur skeið, hvert með sitt einkenni:

Lyftiskeiðið er fyrsti hluti leiðarinnar. Flaugin rís þá fyrir eigin afli upp í gegnum lofthjúp jarðar með því að brenna eldsneyti í þremur þrepum. Þegar þriðja þrepið brennur út, hefur flaugin náð um 200 km hæð og heldur síðan áfram án vélarafls eftir kastbraut sinni. Lyftiskeiðið tekur um 3 mínútur fyrir nýjustu gerðir flauga eins og bandarísku MX–flaugina, og mætti hugsanlega stytta enn frekar.

Næsta skeið er ***skiptiskeiðið***, sem tekur um fimm mínútur. Flestar kastflaugar eru svokallaðar fjölodda-flaugar, þannig að í nefi hverrar flaugar eru margar litlar flaugar, sem kallast kjarnaoddar og bera eina kjarnorkusprengju hver. Á skiptiskeiðinu losar flaugarnefið, sem kallað er „rúta", sig við hvern oddinn, „farþegann", á fætur öðrum. „Rútan" færir sig til með eigin hjálparvélum þannig að oddarnir fara hver á sína kastbraut og geta því stefnt að mismunandi skotmörkum. Hver flaug má ekki bera fleiri en tíu odda samkvæmt SALT II samkomulaginu frá 1979, sem stórveldin hafa haldið, þótt það hafi aldrei verið staðfest.

Þriðja skeiðið er **renniskeiðið**. Á *þessu skeiði, sem tekur rúmlega 20 mínútur, renna allt að tíu oddar úr hverri flaug, sem skotið var upp, hver eftir sinni kastbraut að skotmarki sínu. Með oddunum mun að öllum líkindum fljúga mergð villuhluta og oddalíkja til að villa um fyrir vörninni.*

Lokaskeiðið er það síðan kallað þegar oddurinn fellur niður í gegnum lofthjúpinn, en það tekur um 40 sekúndur. Á þeirri leið munu hinir léttari villuhlutir hægja á sér og brenna upp.

Lýsingin hér að ofan á einnig við um meðaldrægar kastflaugar og kastflaugar sem skotið er úr kafbátum. Þeim er hins vegar ætlað að fara skemmri vegalengd og fara því hvorki eins hátt og langdrægu flaugarnar né eru eins lengi á leiðinni.

nokkrum tugum eða hundruðum orkuvera. Orkuþörfin úti í geimnum er miklu erfiðari viðureignar. Fjölmörg rannsókna- og þróunarverkefni eru nú í gangi til þess að fá fram létta og öfluga aflgjafa. Stærsti aflgjafi sem nokkru sinni hefur verið sendur út í geiminn var röð af sóldrifnum rafhlöðum í Skylab stöðinni 1973, og gaf hann stöðugt 12 kílóvatta afl. Gervihnettir hersins nota nú um 10 kílóvatta afl og reiknað er með að aflgjafar þarfnist endurnýjunar 4. eða 5. hvert ár. Talið er að sólarrafhlöður geti aldrei annað aflþörfinni, þær yrðu of stórar og þungar. Kjarnorkuver virðast hins vegar vera álitlegur kostur.

Orkuþörf geimvarnakerfisins má skipta í þrjá þætti:

- **I hægagangi** hefur aflþörfin verið metin allt frá 100 kílóvöttum upp í 2

megavött eftir því hvernig kerfið er hannað.

- Fari kerfið í **viðbragðsstöðu** eykst aflþörfin upp í 2–20 megavött um óákveðinn tíma.
- Ef **til árásar** kemur verður aflþörfin tugir gígavatta um nokkurra mínútna skeið.

Vopnatæknin þarf einnig aðgang að háspenntu afli, 100 kílóvoltum, og háum straumstyrk, 1000–3000 amperum. Geimtæknin getur nú gefið um 10 ampera straum og 300 volta spennu. Orkunýtni á þyngd aflgjafa er í dag talin um 0.005 kílóvött á kg en samkvæmt óskum stjórnustriðsmanna er þörf á 3 kílóvöttum á kg. Það er því enn mjög langt í land að aflgjafatæknin geti annað kröfum geimvarnaáætlunarinnar.

um og þróunarstarfi vísindamanna í háskólum, stofnunum og fyrirtækjum, segja þó árangur vera framar öllum vonum. Það má því telja líklegt að einhver þeirra vopna, sem eru á döfinni, verði að veruleika, enda er ekki verið að sækja á mið óþekktra náttúrulögmála, heldur einungis að þróa nýja tækni byggða á gömlum lögmálum, sem teygð eru til hins ítrasta.

Vopnin duga hins vegar skammt ef samhæfingin og stjórnunin er ekki í lagi og þar virðist kraftaverka þörf. Stjórnkerfinu, sem lýst er hér að framan, mun aldrei verða treystandi. Líklega munu flestir sem til þekkja gera sér grein fyrir þessu. Forystumenn geimvarnaáætlunarinnar láta sér m.a. um munn fara að kerfið geti þjónað tilgangi sínum þótt það verði aldrei öruggt, m.a.

Áætlaður kostnaður vegna geimvarnaáætlunarinnar til 1990

Tölurnar eru milljónir dollara.

TÆKNISVIÐ	1985	1986	1987	1988	1989	1990	heild
Skynjun og gagnasöfnun	546	1386	1875	2538	3065	3614	13024
Orku- og agnageislatækni	376	966	1196	1435	1677	1903	7553
Árekstravopnatækni	256	860	1239	1480	1675	1975	7485
Kerfistækni og orustustjórnun	99	243	273	303	358	445	1721
Eyðingarmáttur lífslíkur og lykiltæknisvið	112	258	317	400	514	700	2301
Heildarupphæð	1397	3722	4908	6166	7300	8652	32012

Tölurnar eiga við verkefni á vegum varnarmálaráðuneytisins. Verkefni á vegum orkumálaráðuneytis eru ekki meðtalin. Tölur ársins 1985 eru raunverulegar fjárveitingar, tölur ársins 1986 eru tillögur, aðrar tölur eru áætlaðar. Í heildartölum eru innifaldar fjárveitingar til almennrar stjórnunar. Taflan er fengin úr heimild (1).

Vörn til sóknar

Hér að framan hefur verið greint frá meginatriðum þeirra hugmynda sem opinberar eru um geimvarnaáætlun Bandaríkjanna, öðru nafni stjörnustríðið. Það dylst trúlega engum hvílíkum kröfum þarf að mæta til þess að komast í námunda við að láta þær vonir rætast sem Reagan gaf bandarísku þjóðinni og bandamönnum hennar. Ennfremur er ljóst hvert regingap er frá stöðu tækninnar í dag yfir í raunverulegt varnarkerfi. Fréttir, sem nú berast af rannsóknum því að rugla Sovétmenn í ríminu svo að þeir viti aldrei hvaða flaugar muni komast í gegn. Ljóst er því að draumsýn Reagans um fullkomið öryggi Bandaríkjanna og bandamanna þeirra gegn kjarnorkuvopnum verður aldrei að veruleika.

Forystumenn geimvarnaáætlunarinnar segja oft að sovéskar geimvarnarannsóknir séu í fullum gangi og Sovétmenn standi Bandaríkjamönnum þar síst að baki. Því miður eru upplýsingar um stöðu mála í Sovétríkjunum af skornum skammti. Sovétmenn hafa lengi átt mjög hæfa vísindamenn og hafa gegnt forystuhlutverki á ýmsum sviðum vísinda og tækni svo sem áður var getið um agnageislatæknina. Það er því ekki ólíklegt að þeir standi Bandaríkjamönnum framar í þróun einstakra vopnagerða. Þeir munu hins vegar vera mörgum árum á eftir Bandaríkjamönnum í rafeinda- og tölvutækni. Geimvarnakerfi í líkingu við það, sem hér hefur verið lýst, á því væntanlega miklu lengra í land austan hafs en vestan.

Ekki er erfitt að líta á geimvarnakerfi Bandaríkjanna frá sjónarhóli Sovétmanna sem sóknarvopn frekar en varnarkerfi. Ef geimvarnakerfið dugar til einhvers, þá er það góður bakhjarl fyrir sóknaraðila, sem byggst gera árás að fyrra bragði. Þótt kerfinu verði aldrei treystandi til að verjast allsherjarárás 1400 flauga eða fleiri, þá er vel hugsanlegt að það geti varist þeim flaugum, sem slyppu óskaddaðar úr fyrstu árásinni.

Sovétmenn hafa því mætt geimvarnaáætluninni með harðri andstöðu og ekki er líklegt að hún muni stuðla að afvopnun. Eina raunhæfa leiðin til afvopnunar er fækkun kjarnorkuvopna. Hvort kjarnorkustórveldið um sig getur auðveldlega tekið fyrsta skrefið án uggs um eigin hag, svo margföld er ógnin á báða bóga. Geimvarnaáætlun Bandaríkjanna er ekki skref til afvopnunar, heldur í þveröfuga átt. Vígbúnaðarkapphlaupið færist út í geiminn og búast má við að Sovétríkin fjölgi frekar kjarnorkuflaugum en fækki til þess að gera vörninni erfiðara um vik. Reagan dregur heldur ekki dul á það í ræðu sinni, sem fyrr var vitnað í, að halda þurfi kjarnorkufælingunni stöðugt við, endurnýja langdrægar flaugar og bæta hefðbundinn vopnabúnað.

Kjarnorkuvopnakapphlaupið hefur nú staðið í fjóra áratugi. Geimvarnaáætlunin býður okkur upp á 30–40 ára áframhaldandi kapphlaup uns öllum þáttum kerfisins hefur verið komið fyrir. Mannleg ákvarðanataka er útilokuð til þess að viðbragð kerfisins verði nógu snöggt, ef boð berst um árás. Kerfið verður ennfremur morandi í villum, og því er ekki ólíklegt að einhvern tíma á þeim tíma sem um er rætt fari kerfið sjálfkrafa í gang á röngum forsendum og kalli yfir okkur ragnarök.

Vísindin efla . . . ?

Geimvarnaáætlun Bandaríkjanna er fyrst um sinn aðeins rannsókna- og þróunarverkefni, í þeim tilgangi að meta

raunverulega möguleika geimvarnakerfis. Í töflunni hér á síðunni sést hvernig þeim milljörðum dollara sem áætlað er að verja í verkefnið er skipt á milli sviða og ára áður en taka á ákvörðun um uppsetningu kerfisins. Þessir peningar eru kærkomnir fyrir marga vísindamenn í háskólum og stofnunum sem sífellt eru á höttunum eftir fé til að sinna hugðarefnum sínum í hinni eilífu þekkingarleit. Ég hef heyrt vísindamenn segja sem svo að það skipti ekki máli hvort peningaflæðið frá opinberum aðilum er merkt geimvörnum eins og nú, eða orkutækni eins og var fyrir um áratugi, í kjölfar orkukreppunnar. Það er oft hægt að sveigja verkefnislýsingar og verkefnaval örlítið í átt að því sem forskriftin segir og fá fjárveitingar til grundvallarrannsókna án þess að hafa áhyggjur af því hvernig niðurstöðurnar eru síðan notaðar. Hins vegar fer þeim vísindamönnum fjölgandi, sem hafa lýst því opinberlega yfir að þeir muni aldrei taka við peningum, sem merktir eru geimvarnaáætluninni, vegna þess siðleysis sem felist í forsendum þessara fjárveitinga.

Fyrirtæki í hátækniiðnaði, svo sem geimtækni, tölvu- og rafeindatækni, sjá sér einnig leik á borði að ná góðum verkefnasamningum við Bandaríkjastjórn, og efla með því vöxt sinn og viðgang. Bandamönnum í NATÓ hefur ennfremur verið boðið að taka þátt í framgangi áætlunarinnar og hafa hátæknifyrirtæki í Evrópu mörg lýst yfir áhuga á að krækja í sinn hlut af heildinni. Þegar þetta er ritað hefur breska ríkisstjórnin þegar lýst sig reiðubúna og fréttir berast af því að vesturþýska ríkisstjórnin muni taka svipaða ákvörðun. Mitterrand, Frakklandsforseti hefur reynt að ná samstöðu meðal Vestur-Evrópuríkja um sameiginlegt átak í hátækniiðnaði án tengsla við vígbúnaðarþróun. Átakið, sem kallað er Eureka, er hugsað sem tilraun til þess að halda í við þá þróun sem á sér stað í bandarískum hátækniiðnaði vegna geimvarnaverkefnanna. Undirtektir annarra ríkja virðast vera dræmar og vafasamt hvað úr verður.

Það er oft fært geimvarnaáætluninni til framdráttar að hún hleypi af stað tækniframförum á öllum öðrum sviðum og færi þjóðfélaginu hátækni á silfurfati til friðsamlegra nota. Oft er m.a. í því sambandi bent á fordæmi geimferðaáætlunar Bandaríkjanna, sem náði hápunkti með fyrsta karlinum á tunglinu í lok sjöunda áratugarins. Það er vissulega rétt að ákafinn í rannsóknum og tækniþróun er hvað mestur á stríðstímum og í öðrum tilvikum, þegar unnið er að skammtímamarkmiði með svo til ótakmörkuðum fjárveitingum. Hitt gleymist oft, hve miklu hraðar þjóðir heimsins yrðu þessarar velferðar aðnjótandi, ef sömu fjárveitingar lægju á lausu eingöngu til almenningsheilla. Geimvarnaáætlun Bandaríkjanna er því ein sú ótrúlegasta sóun á hugviti og fjármagni, sem nokkurn tíma hefur átt sér stað.

Einnig má benda á að frjáls samskipti vísindamanna eiga við ramman reip að draga þegar rannsóknir tengdar hertækni eiga í hlut, jafnvel þótt um hreinar grundvallarrannsóknir sé að ræða. Mikilvægar vísindaniðurstöður eru geymdar á bak við lás og slá trúnaðarstimpilsins af ótta við óvininn. Bandarískir vísindamenn eru mjög uggandi yfir þeirri þróun sem fylgt hefur í kjölfar geimvarnaverkefnanna. Fundum og ráðstefnum, sem áður voru opnar öllum vísindamönnum, hefur verið lokað alveg eða að hluta fyrir erlendum gestum. Einnig eru uppi hugmyndir um að hleypa ekki erlendum stúdentum og vísindamönnum að vissum búnaði, svo sem hinum svokölluðu ofurtölvum. Það er því augljóst að frjálsri hugmyndaþróun vísindanna er þröngur stakkur skorinn með geimvarnaáætluninni.

Framtíðarvelferð íslensku þjóðarinnar mun í ríkum mæli byggjast á nýsköpun í iðnaði og þá sérstaklega á hátæknisviðum eins og líftækni, efnistækni og upplýsingatækni. Í því sambandi hefur verið nefnt að nýta megi hernaðarlegt mikilvægi landsins og veru erlends herliðs til þess að flytja inn hátækniþekkingu. Íslendingar gætu eflaust hagnast á því efnislega að byggja upp hátækniiðnað í samvinnu við erlenda aðila, með verkefnum sem tengjast geimvarnaáætluninni. Það er hins vegar von höfundar að þjóðin og kjörnir fulltrúar hennar á Alþingi og í ríkisstjórn beri gæfu til þess að byggja upp íslenska atvinnuvegi á siðferðilega traustari grundvelli en vígvélasmíði.

Heimildir

Stuðst var við eftirfarandi aðalheimildir:
(1) Star Wars, SDI: The Grand Experiment, greinaflokkur í tímaritinu IEEE Spectrum, sept. 1985.
(2) Directed Energy Missile Defense in Space, OTA background paper, eftir Ashton B. Carter, apríl 1984.
(3) The Arms Race and Arms Control, The Shorter SIPRI yearbook, Taylor & Francis, London 1984.

Dæmi um mannleg mistök

Það er eiginlega ófrávíkjanlegt lögmál að tölvuforrit innihalda villur, og séu þau stór getur verið erfitt að komast fyrir þær fyrr en þær gefa sig til kynna þegar síst skyldi. Þessar villur eru af mörgum toga, forritarinn getur misritað eða forritið verið byggt á röngum forsendum.

Í tímaritinu New Scientist 10. febrúar 1983 (s.353) er sagt frá eftirfarandi atviki úr stríði Breta og Argentínumanna um Falklandseyjar. Nokkrum breskum orrustuskipum var sökkt með argentínskum „Exocet"-flugskeytum. Skipin voru búin tölvustýrðum varnarbúnaði, sem haldið var að hefði ekki getað séð skeytin sem skriðu við yfirborð sjávar, og því ekki komið við vörnum. Nokkrum mánuðum seinna kom hins vegar í ljós að varnarbúnaðurinn hafði vissulega séð flugskeytin og stjórntölvan meira að segja talið þau réttilega vera af gerðinni „Exocet". Tölvan hafði hinsvegar tekið þá ákvörðun samkvæmt forriti sínu að „Exocet"-flugskeytin, sem eru frönsk að uppruna, væru vinveittar flaugar og því látið þau afskiptalaus.

Í tímaritinu Nature 27. júní 1985 (s.702) er greint frá því þegar leysigeisla var beint að speglum í glugga geimferjunnar Discovery frá fjallstindi á Hawaieyjum viku áður. Fyrsta tilraunin misheppnaðist þannig að leysigeislinn lenti á öfugri hlið ferjunnar. Villan var leiðrétt og allt tókst vel í annarri tilraun. Hver var þá villan? Opinber skýring er sú að stjórntölva um borð í ferjunni hafi óvart verið forrituð með enska mílu sem lengdareiningu í stað sjómílu, eins og átti að vera.

Vonandi kemur geimvarnakerfið ekki til með að ruglast á fetum og metrum.

Úr *Þjóðlífi*, 1. árg., 1. tbl. des. 1985.

Sþ. 4. Tillaga til þingsályktunar [4. mál]

um frystingu kjarnorkuvopna.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir,
Kristín Einarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir,
Málmfríður Sigurðardóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að Sovétríkin og Bandaríkin lýsi yfir tafarlausri frystingu kjarnorkuvopna, annaðhvort með samtíma, einhliða yfirlýsingum eða með sameiginlegri yfirlýsingu. Slík yfirlýsing yrði fyrsta skref í átt að yfirgripsmikilli afvopnunaráætlun sem felur í sér:

1. Allsherjarbann við tilraunum með, framleiðslu á og uppsetningu kjarnorkuvopna og skotbúnaðar þeirra. Enn fremur algjöra stöðvun á framleiðslu kjarnakleyfra efna til vopnanotkunar.
2. Frystingu sem er háð öllum þeim aðferðum til sönnunar og eftirlits sem þegar hafa verið samþykktar af málsaðilum í SALT I og SALT II samningunum, auk þeirra aðferða sem þeir hafa samþykkt í grundvallaratriðum í þríhliða undirbúningsviðræðum í Genf um algjört bann við kjarnorkuvopnatilraunum.
3. Frystingu sem gildir í fimm ár til að byrja með en gæti orðið lengri ef önnur kjarnorkuveldi slást í hópinn eins og vonir standa til.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt fjórum sinnum á síðasta kjörtímabili og er nú endurflutt. Hún er efnislega samhljóða tillögu sem flutt hefur verið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna á undanförnum árum. Á sl. fundi var hún flutt af Indónesíu, Mexíkó, Pakistan, Svíþjóð, Uruguay og Perú, en hefur gjarnan verið kennd við Mexíkó og Svíþjóð. Tillagan fjallar fyrst og fremst um bann við frekari tilraunum með, framleiðslu á og uppsetningu kjarnorkuvopna.

Augu æ fleiri stjórnmálamanna eru að opnast fyrir þeirri staðreynd að kjarnorkuvopn eru ekki nothæf til að ná skynsamlegum pólitískum markmiðum né heldur er hægt að nota slík vopn til að öðlast hernaðarlega yfirburði vegna þess að ekki er hægt að nýta þau til hernaðarsigurs.

Eðli vopnanna og gjöreyðingarmáttur er slíkur að ekki er hægt að beita þeirri hernaðarlist og hugsunarhætti sem þróast hefur um hefðbundin vopn. Veröld okkar stendur því á barmi hyldýpis þar sem mannkynið býr nú yfir tækniþekkingu til að tortíma sjálfu sér. Kjarnorkustyrjöld mundi deyða hundruð milljóna manna á augabragði. Heimsmenningin yrði lögð í rúst og framtíð þeirra, sem kynnu að lifa af, væri ótrygg ef nokkur. Eyðileggingarmáttur þeirra vopnabirgða, sem Bandaríkin og Sovétríkin eiga nú, er langtum meiri en mögulegur fjöldi skotmarka beggja aðila. Því er það blekking að fleiri kjarnorkuvopn, af hvaða gerð sem er, gefi nokkra hernaðarlega eða pólitíska yfirburði.

Í þessu efni eru hagsmunir og velferð Íslands og alls heimsins sameiginleg, þ.e. að kjarnorkuvopnum verði aldrei beitt. Jafnframt er það skylda Íslands eins og allra annarra þjóða að leggja sitt af mörkum til að draga úr vígbúnaði og tryggja lausn þessa ógnarlega vanda. Á sl. hausti varð Reykjavík vettvangur fyrir mikilvægan fund leiðtoga stórveldanna. Sá fundur markaði ákveðin spor í átt til afvopnunar. Síðan hefur þróun í afvopnunarmálum verið jákvæð og vakið vonir manna víðs vegar um heiminn, vonir um heim án kjarnavopna. Íslensk stjórnvöld hafa hingað til ekki séð ástæðu til þess að styðja þessa tillögu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna en jafnan setið hjá við atkvæðagreiðslu. Slíkt er óviðunandi og í

ósamræmi við anda þeirrar þingsályktunar um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum sem samþykkt var á Alþingi í maí 1985. Í fyrrahaust sáu allar Norðurlandaþjóðirnar aðrar en Íslendingar sér fært að styðja áðurnefnda tillögu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Þessi tillaga miðar að því að hindra frekari kjarnorkuvopnasöfnun. Mikilvægt er að Alþingi fjalli um þessa þingsályktunartillögu áður en efnislega samhljóða tillaga verður borin upp til atkvæða á því þingi Sameinuðu þjóðanna sem nú stendur yfir. Með samþykkt þessarar þingsályktunartillögu mundi Alþingi gefa íslenskum stjórnvöldum það verðuga verkefni að beita sér fyrir allsherjarbanni við tilraunum með, framleiðslu á og uppsetningu kjarnorkuvopna.

Ed. 5. Frumvarp til laga [5. mál]

um breytingu á lögum nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

Flm.: Salome Þorkelsdóttir.

1. gr.

Við 138. gr. laganna bætist ný mgr., svohljóðandi:

Brot, sem falla undir XXI. og XXII. kafla hegningarlaga, um sifskaparbrot og skírlífisbrot, skulu hafa sérstakan forgang fram yfir önnur hegningarlagabrot hvað varðar rannsókn og meðferð. Dómur í undirrétti skal ganga innan átta mánaða frá ákæru nema sérstakar ástæður hamli.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mikil umræða hefur verið allt sl. ár um kynferðisafbrot gagnvart börnum og það ekki að ástæðulausu. Afbrotin eru svo gróf og eðli þeirra slíkt að þau hljóta að setja mark sitt óafmáanlega á þá sem fyrir þeim verða og aðstandendur þeirra.

Samkvæmt upplýsingum geðlækna eru eftirfarandi einkenni dæmigerð fyrir ástand barna sem orðið hafa fyrir kynferðislegri misnotkun: Þau þjást af hræðslu, sektarkennd og sjálfsmorðshugmyndum, þeim finnst þau sjálf vera óhrein og saurug vegna þess sem fyrir hefur komið.

Þjáningar sem þessar marka tvímælalaust djúp spor í sálarlíf barnanna sem erfitt er að má burtu. Hver áhrif þessa kunna að verða síðar meir, t.d. á kynþroskaárunum, er ómögulegt að geta sér til um, en ljóst er að þau eru mikil.

Ef halda á uppi réttarríki hér á landi er nauðsynlegt að virðing ríki fyrir lögum og reglum. Hætt er við að sú virðing þverri þegar í ljós kemur að sami maðurinn kemst upp með að brjóta af sér gagnvart börnum áratugum saman.

Það verður að bregðast strax við afbrotum af þessu tagi, rannsaka þau til hlítar og ljúka allri meðferð þeirra á sem skemmstum tíma. Skjót málsmeðferð er sérstaklega nauðsynleg þegar börn eiga hlut að máli en á auðvitað við um öll mál sama eðlis. Börnin þurfa á öllu sínu að halda til þess að þroskast og komast til vits og ára. Eigi þau hins vegar um lengri tíma stöðugt yfir höfði sér upprifjun á þeim voðaatburði sem hratt þeim úr öruggri og áhyggjulausri barnæsku yfir í kvalafulla veröld er næsta víst að sá þroski verður ekki áfallalaus.

Það er þess vegna einlæg ósk flutningsmanns að Alþingi afgreiði frumvarpið skjótt svo að hegningarlögin nái tilgangi sínum til fulls hvað þessi brot varðar.

Nd. 6. Frumvarp til laga [6. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Ragnar Arnalds, Hjörleifur Guttormsson, Steingrímur J. Sigfússon, Þórhildur Þorleifsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Kristín Einarsdóttir, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

1. gr.

4. mgr. 45. gr. laganna orðist svo:

Fullir dagpeningar fyrir einstakling skulu jafngilda lágmarkslaunum ófaglærðs verkafólks fyrir 8 stunda dagvinnu eins og þau eru á hverjum tíma. Að auki skal greiða 4% af framangreindum launum fyrir hvert barn undir 18 ára aldri, þar með talin börn utan heimilis, sem bótaþegi sannanlega greiðir með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi.

2. gr.

Í c-lið 2. mgr. 51. gr. laganna falli niður orðin „vegna brottfalls tekna af vinnu utan heimilis“.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrsta grein þessa frumvarps fjallar um hækkun sjúkradagpeninga sem sjúkrasamlög greiða ef samlagsmaður, sem orðinn er 17 ára, veikist og verður algjörlega óvinnufær, enda leggi hann niður vinnu og launatekjur falli niður. Frumvarpið gerir ráð fyrir að sjúkradagpeningar fyrir einstakling nemi sömu upphæð og lágmarkslaun ófaglærðra á hverjum tíma og verði jafnháir greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Greiðslur vegna barna undir 18 ára aldri eru einnig færðar til samræmis við greiðslur vegna barna úr þeim sjóði.

Sjúkradagpeningar hafa um árabil verið svo lág upphæð að erfitt er að skilja hvernig tekjulausum einstaklingi er ætlað að draga fram lífið af þeim. Frá 1. október 1987 fær maður, sem orðið hefur tekjulaus vegna veikinda, 346,93 kr. á dag **eða 10 407,90 kr. á mánuði**. Fyrir hvert barn undir 18 ára aldri eru greiddar 94,14 kr. á dag eða 2824,20 kr. á mánuði. Hvert mannsbarn hlýtur að geta gert sér í hugarlund hvernig staða fjölskyldumanns verður í því tilviki ef veikindi ber að höndum, ekki síst þegar litið er til þeirra fjárskuldbindinga sem allflestar fjölskyldur hafa á herðunum.

Við gerð kjarasamninga hefur verið viðurkennt að 29 975 kr. á mánuði séu nú lágmark þess sem unnt er að komast af með sér til viðurværis. Í lögum um atvinnuleysistryggingar er tryggt að við atvinnumissi hafi bótaþegi lágmarkslaun verkafólks sér til framfærslu. Lög um almannatryggingar eru hins vegar löngu úrelt orðin hvað sjúkradagpeninga varðar og bótaupphæðir í engu samræmi við tilgang laganna sem hlýtur að hafa verið sá að tryggja þeim afkomu sem af einhverjum ástæðum geta ekki gert það með vinnu sinni. Hvergi í almannatryggingakerfinu er ástandið í líkingu við þau bágindi sem þeim eru boðin sem veikst hafa og orðið hafa óvinnufærir og eiga ekki rétt á öðru en sjúkradagpeningum meðan þeir eru undir læknishendi. Er með öllu ósæmandi að við svo búið standi.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir nokkurri lækkun greiðslna vegna barna og er það gert til samræmis við ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar, þ.e. 4% lágmarkslauna fyrir hvert barn undir 18 ára aldri. Við gerð þeirra laga var litið til þess að barnmargar fjölskyldur hefðu ekki meira milli handanna þegar fyrirvinna veiktist en vinnutekjur hennar voru áður. Er það

raunar í samræmi við grunnhugmyndina að baki almannatryggingakerfisins sem er að réttur til tryggingabóta verði aldrei til að letja menn til vinnu. Það er auk þess fullkomlega eðlilegt að framfærsluþörf sé metin sú sama hvort sem maður missir vinnu vegna veikinda eða af öðrum ástæðum.

Upphæð sjúkradagpeninga er ljótur blettur á því félagslega öryggi sem almannatryggingakerfinu er ætlað að veita og brýn þörf á að úr verði bætt. Það væri verðugt verkefni fyrir nýkjörið Alþingi, sem nú hefur störf, að má hann burt. Kjör sjúklinga, sem undir læknishendi eru og eiga ekki kost á öðrum tryggingum en sjúkradagpeningum, eru langt frá öllu velsæmi.

Önnur grein frumvarpsins er til þess flutt að numið verði úr gildi það ranglæti sem nú viðgengst að mæðralaun skerði sjúkradagpeninga hafi foreldrið, sem þeirra naut, verið heimavinnandi. Hlýtur hverjum manni að vera ljóst að hér er svo til eingöngu um að ræða mæður með svo mörg börn að útivinna með tilheyrandi barnagæslukostnaði er ekki framkvæmanleg. Þessar konur reyna því að komast af á meðlögum og mæðralaunum. Verði konan veik skerðast sjúkradagpeningar sem mæðralaununum nemur. Hafi kona hins vegar unnið úti heldur hún óskertum dagpeningum. Starfsfólk sjúkrasamlaga hefur ítrekað bent á þetta óréttlæti án árangurs.

Að öðru leyti telja flutningsmenn ekki þörf á frekari skýringum.

Frumvarpið var áður flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Það er nú endurflutt með þeirri breytingu sem felst í 2. gr. þess. Er þeirri grein nú bætt við hið fyrra frumvarp samkvæmt ótal ábendingum starfsfólks sjúkrasamlaganna.

Sþ. 7. Tillaga til þingsályktunar [7. mál]

um undirbúning notkunar á blýlausu bensíni hér á landi.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Skúli Alexandersson, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að vinna að því að hafin verði notkun á blýlausu bensíni hér á landi. Nefndinni verði falið að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um leiðir að þessu marki, en jafnframt skal hún benda á varnir gegn því að önnur og ekki síður hættuleg eiturefni taki við af útblæstri farartækja sem ganga fyrir blýbættu bensíni.

Í nefndinni skulu eiga sæti fulltrúar hagsmunaaðila, notenda og seljenda, svo og kunnáttumenn um umhverfismál.

Nefndin ljúki störfum fyrir árslok 1988. Kostnaður við störf hennar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga þessi var fyrst flutt á síðasta löggjafarþingi, en varð ekki útrædd. Er hún því endurflutt nú lítillega breytt.

Íslendingar hafa um langt skeið tekið þátt í alþjóðasamstarfi um varnir gegn mengun af öllu tagi og samningar hafa verið undirritaðir fyrir Íslands hönd. M.a. hefur ríkisstjórn Íslands undirritað og staðfest alþjóðasáttmála um varnir gegn loftmengun sem gerður var í Genf milli fulltrúa 35 ríkja í nóvember 1979.

Á síðasta þingi Norðurlandaráðs var samþykkt tillaga samgöngunefndar ráðsins um að Norðurlandaþjóðir samræmdu aðgerðir til að hverfa frá notkun bensíns og annars eldsneytis sem inniheldur blý, en útblástur eiturefna frá farartækjum, er ganga fyrir slíku eldsneyti, er

verulegur loftmengunarvaldur og veldur sem kunnugt er miklum skaða á gróðri og mannvirkjum auk þess sem hann veldur heilsutjóni á fólki. Langflestar Evrópuþjóðir hafa nú hafið sölu á blýlausu eldsneyti en Ísland er meðal örfárra landa þar sem ekki er unnt að kaupa annað en það bensín sem inniheldur blý. Ein ástæða þess er vafalaust sú að bensín er keypt frá Sovétríkjunum en þar er sala blýlauss bensíns ekki hafin. Þar mun þó hafa verið reynt að koma til móts við kröfur um hreinna bensín, en svokölluð oktantala þess eldsneytis, sem þar er framleitt, er þó hærri en æskilegt er talið. Á nýliðnu sumri hafa Sovétmenn komið enn lengra til móts við óskir um minna blýmagn í eldsneyti og hafa minnkað það úr 0,40 g í 0,15 g af blýi í lítra. Um nánari upplýsingar varðandi hina efnafræðilegu hlið málsins vísast annars til greinargerðar Guðmundar G. Haraldssonar, dósents í lífrænni efnafræði við Háskóla Íslands, sem hann gerði góðfúslega að ósk flutningsmanna og er lögð fram með tillögunni sem fylgiskjal I.

Þó að loftmengun sé ekki það vandamál, sem hún er víða um heim, hér á okkar slóðum er óhjákvæmilegt að Íslendingar taki þátt í þeim vörnum gegn mengun sem þjóðir heims vinna nú að í æ ríkara mæli. Ljóst er einnig að innan tíðar verða bifreiðar þannig búnar að þær ganga einungis fyrir blýlausu bensíni. Svíar hafa þegar lögfest að frá árinu 1989 verði ekki framleiddar aðrar bifreiðar en þær sem ganga fyrir blýlausu eldsneyti og í Noregi verður notkun þess lögskyld í janúar 1989. Þjóðir innan Efnahagsbandalagsins hafa ályktað um að almenn notkun verði hafin á blýlausu bensíni frá 1. október 1989 og í Bandaríkjunum og Japan eru nýjar bifreiðar þegar búnar tækjum sem hreinsa útblástur eiturefna en sá búnaður krefst notkunar á blýlausu bensíni.

Það er því ljóst að vandamál geta skapast verði ekki hafinn undirbúningur að þessum breytingum hér á landi sem fyrst. Olíufélögunum mun ekkert að vanbúnaði að hefja sölu blýlauss bensíns hvað varðar búnað en ýmis atriði þarf að kanna, svo sem samkeppnishæfni, kaupsamninga, bifreiðainnflutning og eflaust ótal margt fleira, og þyrfti þar að koma til samvinna hagsmunaaðila, notenda og seljenda auk kunnáttufólks um umhverfismál. Breyting sem þessi tekur langan tíma en mikilvægt er að vel takist til um undirbúning hennar því að fram hjá henni verður ekki komist.

Á vegum Hollustuverndar ríkisins standa nú yfir mælingar á loftmengun við fjölfarnar akstursleiðir en niðurstöður liggja enn ekki fyrir. Samkvæmt upplýsingum vísindamanna, sem við rannsóknirnar vinna, er þegar vitað að um verulega loftmengun er að ræða vegna umferðarinnar. Mengunarvandinn eykst hér á landi ekki síður en annars staðar og því er mikilvægt að fylgt verði þeim varnaðarráðstöfunum hér á landi sem aðrar þjóðir leggja nú kapp á.

Tillaga þessi er flutt fyrst og fremst til þess að stjórnvöld hafi frumkvæði að undirbúningi þessara mála hér á landi og hefji viðræður við samningsaðila um kaup á eldsneyti og önnur þau atriði sem stuðlað geta að því að Íslendingar sem aðrar þjóðir taki upp notkun á blýlausu eldsneyti og taki þannig þátt í alþjóðasamstarfi um varnir gegn mengun, eins og þeir hafa þegar skuldbundið sig til.

Á síðustu árum hefur athygli manna beinst að öðrum hættulegum efnum, og hefur verið bent á að jafnhliða því að útblástur frá farartækjum sem ganga fyrir blýþættu bensíni minnki, aukist að sama skapi eiturgufur frá efnum sem notuð eru í bensínið í stað blýsins til þess að hækka oktantöluna. Vestur-þýska rannsóknastofnunin STIFTUNG WARENTEST, sem annast rannsóknir á neytendavarningi, hefur nýlega varað við efnum eins og bensol, toluol og fleiri efnum sem talin eru vera krabbameinsvaldar og bendir á leiðir til að koma í veg fyrir að menn verði fyrir útgufun þeirra, m.a. með því að blanda hráolíuna metanoli eða etanoli. Flutningsmenn þessarar tillögu til þingsályktunar ætla sér ekki þá dul að fjalla á faglegan hátt um þau vandamál, en vilja samt vekja athygli stjórnvalda á þeim umræðum sem fram fara í öðrum löndum um þessi mál. Og með sívaxandi fjölda bensínknúinna farartækja hér á

landi er brýnt að þessi mál verði tekin föstum tökum og reglur og aðgerðir samræmdar. Til þess þurfa kunnáttumenn og sérfræðingar að koma stjórnvöldum til aðstoðar.

Óþarfi ætti að vera að geta þess að flutningsmenn telja eðlilegt að fullt samráð verði haft við þá aðila sem þegar fást við mengunarvarnir. Hitt leggja þeir áherslu á að sú nefnd, sem gert er ráð fyrir að verði skipuð, hafi þetta afmarkaða verkefni sem tillagan gerir ráð fyrir og ljúki störfum fyrir árslok 1988.

Lokaskjal frá alþjóðlegri ráðstefnu Norðurlandaráðs um loftmengun yfir landamæri, sem haldin var í Stokkhólmi í september 1986, fylgir tillögunni sem fylgiskjal II.

Fylgiskjal I.

Guðmundur G. Haraldsson:

Notkun á blýbættu eldsneyti.

Afköst bensínhreyfla hafa verið aukin með því að hækka s.k. þjöppunarhlutfall vélarinnar. Slík hækkun á þjöppunarhlutfallinu hefur í för með sér vandamál, sem er s.k. bank eða glamur (knocking). Glamrið er afleiðing af ótímabærri íkveikju bensíngufunnar í hreyflinum og leiðir til dvínandi afkasta. Slíkt vandamál hefur verið leyst á tvo vegu:

1. Með nákvæmu vali eða stjórnun á samsetningu kolvetnanna í eldsneytinu.
2. Með viðbót á blýi í eldsneytið í formi s.k. tetraalkylblýsambanda.

Bensín (gasoline) er blanda kolvetna af margvíslegri gerð og fæst með eimingu á jarðolíu (petroleum). Brennslueiginleikar hinna einstöku kolvetnissambanda í blöndunni eru mjög mismunandi og ákvarðast gæði eldsneytisins því af þeim kolvetnum sem mest er af í blöndunni.

Svokölluð oktantala eldsneytis er mælikvarði á hæfi þess til að koma í veg fyrir framangreint bank og þá um leið brennsluhæfi þess og gæði. Oktantalan er háð samsetningu eldsneytisins m.t.t. kolvetnanna. Mælikvarði hefur verið valinn af handahófi frá 0 fyrir s.k. n-heptan, sem er afleitt í þessu sambandi, upp í 100 fyrir s.k. ísóoktan. Til er þó eldsneyti með oktantölu hærri en 100.

Hátt hlutfall greinóttra kolefniskeðja og s.k. arómatískra kolvetnissambanda í eldsneytinu leiðir til hárrar oktantölu. Því miður er samsetningu þess eldsneytis sem fæst beint úr jarðolíu þannig háttað, að stór hluti þess er línulegar keðjur, en þær leiða til lágrar oktantölu. Þeim er þó unnt að breyta í greinóttar keðjur og arómatísk sambönd með tiltölulega kostnaðarsömum efnaferlum, t.d. svokallaðri hvataðri ummyndun (catalytic reforming). Þetta þýðir í reynd, að því hærri sem oktantalan er þeim mun dýrara verður eldsneytið. Það eldsneyti, sem notað er á bifreiðar í dag, hefur jafnan oktantölu á bilinu 90–100.

Önnur leið og mun kostnaðarminni til að bæta brennslueiginleika eldsneytisins og hækka oktantöluna er notkun bætiefna (additives) í tiltölulega litlu magni. Eitt hið algengasta í þessu sambandi hefur verið blýsambandið tetraethylblý (tetraethyl lead, TEL) og hófst notkun þess á fjórða áratug þessarar aldar. Slíkt blýbætt eldsneyti (leaded gasoline) inniheldur venjulega 0,25–0,75 g af blýi á lítra af eldsneyti og jafngildir slíkt hækkun um u.þ.b. 7 einingar í oktantölu. Blýmagn er þó breytilegt eftir löndum. Í Þýskalandi t.d., þar sem umhverfissamtök eru geysiöflug, hefur blýmagni verið haldið í lágmarki.

Framangreind notkun blýs hefur þó í för með sér alvarlegt mengunarvandamál. Kvað svo rammt að slíkri blýnotkun í Bandaríkjunum að hundruð tonna af blýi dreifðust út í

umhverfið dag hvern í formi eitraðra blýoxíða þegar verst lét. Árið 1970 voru t.d. 39% allrar umhverfismengunar í Bandaríkjunum talin eiga rætur að rekja til bifreiðanotkunar. Upp úr þessu hófu umhverfissamtök mjög að beita sér gegn þessu og er notkun blýbætts eldsneytis nú á hröðu undanhaldi þar vestra. Þróunin virðist ætla að taka svipaða stefnu í nágrannalöndum okkar.

Gamla glamurvandamálið er því aftur komið til sögunnar. Til að sporna við því hafa fjórar meginleiðir verið farnar:

1. Breyting á samsetningu eldsneytisins er leiðir til hærri oktantölu og um leið kostnaðarsamari framleiðslu, sbr. framangreint.
2. Notkun blýsnauðra viðbótarefna til hækkunar oktantölu. Má þar nefna methyl tert-butyl ether (MTBE) sem hefur verið að ryðja sér til rúms á undanförnum árum.
3. Lækkun á þjöppunarhlutfalli sem leiðir til dvínandi afkasta.
4. Endurbætur í hönnun bensínhreyfla.

Hérlendis er einvörðungu boðið upp á blýbætt bensín fyrir bifreiðar. Ekkert mælir gegn notkun blýsnauðs eldsneytis fyrir þær bifreiðar sem þegar eru í notkun hérlendis, svo fremi að oktantalan sé sambærileg. Sömuleiðis er ekkert sem mælir gegn notkun á blýbættu eldsneyti í sjálfu sér á t.d. bandarískar bifreiðar, jafnvel þótt í mælaborði þeirra standi stórum stöfum: „Unleaded Fuel Only". Slíkt hefur að gera með bandaríska reglugerð gegn mengun sem kveður á um sérstakan útbúnað sem viðbótareiningu í útblásturskerfi bifreiðanna. Slíkar einingar eru búnar hvötum sem brjóta niður óæskileg köfnunarefnissambönd, sem myndast við brunann, kolmónoxíð og ýmis kolvetnissambönd sem ekki hafa nýst við brennsluna. Blýið gerir hins vegar slíka hvata óvirka á tiltölulega skömmum tíma og gerir slíkan útbúnað ónothæfan. Hér á Íslandi er engin slík mengunarlöggjöf við lýði og hafa menn í flestum tilvikum látið fjarlægja slíkan útbúnað af bandarískum bifreiðum sínum, t.d. þegar skipt er um hljóðdeyfikerfi.

Tæknilega séð virðist okkur því ekkert að vanbúnaði að taka upp notkun blýsnauðs eldsneytis hér á landi og yrði slíkt fagnaðarefni. Hins vegar hefði slík breyting í för með sér hækkun á bensínverði í samræmi við framangreinda greinargerð.

Fylgiskjal II.

Lokaskjal frá alþjóðlegri ráðstefnu Norðurlandaráðs um loftmengun yfir landamæri, 8.–10. september 1986.

Með eftirfarandi atriði í huga:

— skaðleg áhrif, staðbundin, svæðisbundin og sem ná til jarðarinnar allrar, er stafa af loftmengandi efnum og súrum úrfellingum, á vistkerfi, jarðveg og vatn, skóga og annan gróður, dýralíf, byggingar, vélbúnað, og menningarsögulega muni, og heilsu manna, einkum barna;

— þá vinnu sem fer fram nú þegar innan ramma sáttmálans um langtímaloftmengun yfir landamæri;

— bókun við áðurnefndan sáttmála, undirritaða í Helsinki í júlí 1985, um að draga skuli úr brennisteinsútstreymi, eða streymi hans yfir landamæri, um að minnsta kosti 30% fyrir árið 1993;

— nauðsyn þess að gera einnig ráðstafanir til að draga úr útstreymi köfnunarefnisoxíða, kolvatnsefna og annarra efnasambanda;

— aukna erfiðleika og aukinn kostnað við að bæta úr umhverfisspjöllum meðan ekki eru gerðar fullnægjandi ráðstafanir og hætta verður á óbætanlegu tjóni;
— þá staðreynd, að þegar er fyrir hendi tækniþekking til að draga verulega úr útstreymi brennisteinstvísýrlings, köfnunarefnisoxíðs og kolvatnsefnis bæði af staðbundnum og færanlegum uppruna;
— þá staðreynd að alþjóðleg samvinna um umhverfisvernd stuðlar að friði og öryggi í Evrópu. Umhverfisvandamál verða aðeins leyst í friði;

leggja þátttakendur áherslu á þörf fyrir:
— árangursríka viðleitni til að draga úr útstreymi brennisteins- og köfnunarefnissambanda og kolvatnsefna með því að nota aukna tækniþekkingu á sviði orku og framleiðslu, endurvinnslu og háþróaða stýritækni ásamt mótun stefnu um skynsamlega orkunotkun; unnt er að leysa núverandi umhverfisvandamál, án þess að skapa ný, með því að beita aðferðum sem taka bæði tillit til umhverfis og framleiðslu;
— auknar aðgerðir gegn útstreymi loftmengandi efna frá fólksflutningabifreiðum, öðrum vélknúnum ökutækjum og flugvélum; þannig þarf betri árangur við að fjarlægja mengunarefni úr útblæstri ökutækja og breytingar á uppbyggingu í samgöngumálum;
— árangursrík mæli- og greiningarkerfi til eftirlits með loftstreymi, dreifingarháttum og áhrifum eðlis- og efnafræðilegra umbreytinga í því skyni að öðlast betri yfirsýn yfir mengun yfir landamæri og orsakasamhengi milli loftmengandi efna og skaðlegra áhrifa þeirra;
— auknar upplýsingar og rannsóknir, bæði á þjóðlegum og samræmdum alþjóðlegum grunni, á uppruna og skaðlegum áhrifum loftmengandi efna og koltvísýrlings á umhverfið og samverkandi tengslum þeirra gagnvart heilsu manna;
— að athygli sé beint sérstaklega að og rannsóknir séu efldar til skýringar á efnafræðilegum umbreytingum sem leitt gætu til myndunar ósons og öðrum ljósefnafræðilegum hvörfum sem gætu valdið alvarlegum skaða á skógum og öðrum gróðri;
— víðtækar áætlanir um viðhald og viðgerðir til að vernda alla þá menningarsögulegu muni og þær sögulegu og menningarsögulegu minjar sem eru óbætanlegur hluti af evrópskri menningararfleifð.

Til að ná þessum markmiðum er eftirfarandi nauðsynlegt:
— að allir aðilar sáttmálans samþykki bókunina um að draga úr brennisteinsútstreymi og að viðræðufundir hefjist innan ramma sáttmálans í þeim tilgangi að setja markmið af meiri stórhug til að draga enn frekar úr brennisteinsútstreymi á síðasta áratug aldarinnar; við setningu þessara markmiða skal meðal annars taka tillit til hver eru álagshættumörk mismunandi svæða og vistkerfa;
— að auka viðleitni til að draga úr útstreymi köfnunarefnisoxíða og kolvatnsefna með það í huga að semja bindandi bókanir þar sem þau ríki, sem undirrita samkomulagið, skuldbinda sig til að draga úr útstreymi innan gefins tímafrests; bæta þarf við þekkingu okkar á þætti mannsins í tilurð, flutningi, og umbreytingum köfnunarefnisoxíða og kolvatnsefna og afleiddra efna í andrúmsloftinu og reikna þarf út streymi þeirra yfir landamæri fyrir hvert land fyrir sig;
— án tillits til tímans, sem það mun taka að ljúka gerð alþjóðlegrar, bindandi bókunar, þá þurfa öll ríki að grípa til árangursríkra aðgerða til að hafa hemil á útstreymi köfnunarefnisoxíða bæði af föstum og færanlegum uppruna;
— að halda áfram að veita því verulegan forgang að þróa orkusparandi aðgerðir og orkugjafa sem eru hagstæðir umhverfinu og framleiðsluhætti sem hafa í för með sér lítið af úrgangsefnum eða engin slík, einnig að þróa hagkvæma stýritækni; þetta á bæði við

um tækniþróun innan einstakra ríkja og í fjölþjóðlegri efnahags- og tæknisamvinnu; ráðstefnan hvetur til fjölþjóðlegra verkefna á þessu sviði;
— að öll ríki leggi aukna áherslu á það í gerð áætlana um stefnu sína í orku-, flutninga- og iðnaðarmálum að samhæfa slíkar áætlanir stefnu í umhverfismálum; í þessu skyni er mælt með vistfræðilegum kostnaðaráætlunum þar sem tekið er tillit til kosta og galla við ýmsar aðferðir við orkuframleiðslu;
— að efla rannsóknir á áhrifum loftmengunar á heilsu manna;
— að auka menningarsamstarf í því skyni að vernda og gera upp menningarsögulega muni og sögulegar og menningarsögulegar minjar sem hætta er búin vegna örra skemmda ef ekki verður dregið úr loftmengun og jafnframt ráðist í umfangsmiklar viðgerðir; ráðstefnan hvetur til sameiginlegra fjölþjóðlegra verkefna á þessu sviði;
— að verslun við þróunarlönd og aðstoð við þau fari fram á þann hátt að viðtakendum sé gerð grein fyrir vistfræðilegum áhrifum framleiðsluaðferða og framleidds varnings og að ráðstafanir séu gerðar til að tryggt sé að vistfræðilega ábyrg þróun fái ævinlega forgang þegar aðstoð er veitt eða tækniþekkingu er miðlað;
— að bæta eftirlit með köfnunarefnisoxíði og kolvatnsefni á framkvæmdaáætlun EMEP. Í þessu sambandi ættu allir aðilar sáttmálans að veita EMEP verulegan stuðning og staðfesta bókunina um fjármögnun stofnunarinnar svo fljótt sem auðið er;
— að auka alþjóðlega samvinnu á sviði rannsókna til að skýra frekar orsakatengsl milli loftmengandi efna, þar á meðal geislavirkra mengunarvalda, efnafræðilegra umbreytinga efnasambanda og umhverfisskemmda; ráðstefnan leggur áherslu á að mikilvægt sé að veita sérstökum fjármunum til rannsókna á díoxíni og ósonmyndun og öðrum ljósefnafræðilegum breytingum;
— að auka alþjóðlega samvinnu, fyrst og fremst innan ramma IAEA, í sambandi við öryggi í kjarnorkuiðnaði og þá hættu sem fylgir því að geislavirk efni sleppa út í umhverfið, í því skyni að afla sem fyrst stuðnings við drög að alþjóðasáttmála um tafarlausa tilkynningarskyldu um kjarnorkuslys og aðstoð vegna kjarnorkuslysa og í neyðartilvikum af völdum geislavirkni;
— að þróa annars vegar alþjóðleg viðvörunarkerfi og vitneskju um aðgerðir sem grípa skal til vegna kjarnorkuslysa, neyðarástands af völdum geislavirkni, og hins vegar viðmiðunarkerfi vegna aðgerða sem grípa þarf til í því skyni að vernda fólk og umhverfi ef um er að ræða að geislavirk efnasambönd í andrúmsloftinu séu ofan eðlilegra marka;
— að hver þjóð, auk þess að styðja aukna alþjóðlega viðleitni, taki á sig ábyrgð á því að taka upp árangursríkar stýriaðgerðir sem taki m.a. til fólksflutningabifreiða, flutningabifreiða og flugvéla og á því að draga úr mengandi útstreymi af staðbundnum uppruna og að þróa tækniþekkingu á sviði orku og framleiðslu sem er vistfræðilega heppileg.

Þátttakendur hvetja ríkisstjórnir landa sinna til að stórauka viðleitni sína á þessum sviðum innan ramma þeirra sáttmála sem í gildi eru eða með annars konar samvinnu eftir því sem við á.

Ráðstefnuna sóttu þingmenn frá eftirtöldum ríkjum: Belgíu, Frakklandi, Hollandi, Póllandi, Sviss, Sovétríkjunum, Bretlandi, Vestur-Þýskalandi, Austur-Þýskalandi, Tékkóslóvakíu, Austurríki, Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð.

Einnig sóttu ráðstefnuna fulltrúar frá eftirtöldum alþjóðastofnunum: Efnahagsmálastofnun Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (ECE), þingi Evrópubandalagsins, Evrópuráðinu, Evrópubandalaginu, Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA), Efnahags- og þróunarstofnuninni (OECD), Ráðinu fyrir gagnkvæma efnahagsaðstoð (SEV), Alþjóðaveðurfræðistofnuninni (WMO) og Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP).

Lokaskjalið var samþykkt samhljóða af þátttakendum ráðstefnunnar.

Ed. 8. Frumvarp til laga [8. mál]

um Skattadóm og rannsókn skattsvikamála.

Flm.: Svavar Gestsson, Margrét Frímannsdóttir,
Skúli Alexandersson.

1. gr.

Setja skal á stofn sérstakan sakadóm fyrir landið allt og nefnist hann Skattadómur.
Aðsetur dómsins skal vera í Reykjavík eða næsta nágrenni.

2. gr.

Hlutverk Skattadóms er að rannsaka fyrir dómi og dæma í málum sem höfðuð eru af ríkissaksóknara til refsingar vegna brota á skattalögum og brota sem tengjast skattsvikum, svo sem brotum gegn bókhaldslögum og gjaldeyrislögum.
Leiki vafi á hvort aðalþáttur brots teljist skattsvik eða annars konar brot ákveður ríkissaksóknari hvort mál skuli höfðað fyrir Skattadómi eða öðrum dómstólum.

3. gr.

Dómsmálaráðherra skipar sakadómara í skattamálum — skattadómara — og skal hann fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti og hafa aflað sér sérþekkingar á sviði skatta- og bókhaldsmála.
Skattadómarinn nýtur réttinda og ber skyldur sem aðrir héraðsdómarar.
Skattadómari getur háð dómþing hvar sem er á landinu.

4. gr.

Við Skattadóm er heimilt að ráða dómarafulltrúa ef þörf krefur að mati dómsmálaráðherra. Dómarafulltrúar skulu fullnægja skilyrðum 33. gr., sbr. 6. tölul. 32. gr. laga nr. 85/1936. Dómsmálaráðherra ræður og Skattadómi annað starfsfólk eftir því sem þörf þykir á.

5. gr.

Um meðferð mála fyrir Skattadómi og lögregluransókn skal fara eftir ákvæðum laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á, þar á meðal um meðdómendur.

6. gr.

Hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins starfar deild er annast hvarvetna á landinu rannsókn á brotum þeim sem getið er í 2. gr. laga þessara. Fela skal forstöðu deildarinnar sérstökum deildarstjóra sem lokið hefur lögfræðiprófi og aflað sér sérþekkingar á sviði skatta- og bókhaldsmála. Rannsóknarlögreglustjóra ríkisins er heimilt að fela deild þessari rannsókn annarra mála á skyldum sviðum eftir því sem aðstæður leyfa.

7. gr.

Heimilt er að hafa uppi skattakröfu á hendur ákærða fyrir Skattadómi. Um meðferð slíkrar kröfu skal fara eftir ákvæðum 17. kafla laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á.
Heimilt er að gefa út ákæru vegna brota á skattalöggjöf þótt ekki liggi fyrir endanleg ákvörðun skattakröfu.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar Vilmundur Gylfason var dómsmálaráðherra flutti hann stjórnarfrumvarp um rannsókn skattsvikamála og skattadómstól. Frumvarpið náði ekki afgreiðslu.

Sumarið 1986 kom út skýrsla um skattsvik sem unnin var af nefnd undir forustu Þrastar Ólafssonar. Þar er rækilega staðfest það sem lengst af hefur verið á almannavitorði að skattsvik eru verulegt efnahagslegt vandamál hér á landi. Er löngu fullreynt að ekki verður tekið á þessum vandamálum eftir hefðbundnum leiðum og því óhjákvæmilegt að grípa til sérstakra úrræða. Frumvarpið um Skattadóm er því endurflutt hér af þingmönnum Alþýðubandalagsins, en á aðalfundi miðstjórnar flokksins í byrjun nóvember 1986 var samþykkt að flokkurinn beiti sér fyrir stofnun skattadómstóls og öflugri meðferð skattsvikamála en verið hefur til þessa. Jafnframt þessu frumvarpi flytja þingmenn flokksins nú frumvarp um breytingar á skattkerfinu sem lúta að breytingum á sköttum fyrirtækja og einföldun á meðferð skattamála einstaklinga.

Frá því að Vilmundur Gylfason flutti frumvarp sitt hefur það breyst í meðferð þessara mála að Rannsóknarlögregla ríkisins hefur nú starfandi á sínum vegum sérstaka deild sem rannsakar svokölluð „hvítflibbabrot". Þar starfa nú lögreglufulltrúi og lögreglumenn, en enginn þeirra er sérmenntaður til þessara starfa. Þá hefur sakadómurum í Reykjavík verið fjölgað og var fyrirhugað að þeir tækju sérstaklega að sér að sinna málum af því tagi sem frumvarpið fjallar um. Ekki er þó um að ræða deildaskiptingu í sakadómi í þessu skyni. Vegna fjölgunar sakadómara er þó talið að mál hafi gengið þar hraðar fyrir sig en áður hafi verið.

Þrátt fyrir þetta töldu flutningsmenn rétt að halda inni ákvæðum 6. gr. frumvarpsins eins og það var upphaflega með lítils háttar breytingum. Með ákvæðum 6. gr. hefði umrædd deild Rannsóknarlögreglu ríkisins fengið lagagrundvöll að starfa á, jafnframt því sem greinin gerir ráð fyrir því að deildarstjórinn hafi sérmenntun til þess að rannsaka skattsvik og bókhaldsmál.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að skattrannsóknarstjóri annist almennt eftirlit og rannsókn á skattkröfuþætti mála. Síðan annist deild RLR rannsókn skattsvika og brota sem þeim tengjast. Embætti ríkissaksóknara fari sem áður með ákæruvald í þeim málum. Þá taki við sérstakur sakadómur í skattamálum — Skattadómur — og skal umdæmi hans vera landið allt.

Heyrst hafa hugmyndir um að hafa alla rannsókn og dómsmeðferð skattsvikamála á einni hendi. Þessari hugmynd er hafnað með þessu frumvarpi því flutningsmenn telja ekki rétt að blanda þannig saman rannsóknarvaldi og dómsvaldi. Þá er þeirri hugmynd einnig hafnað, sem gæti komið til greina, að skattrannsóknarstjóri annist rannsókn á refsiþætti skattamála. Ástæðan er meðal annars sú að slíkt ákvæði gæti dregið úr almennu eftirliti hjá embætti skattrannsóknarstjóra.

Oft hefur verið rætt um ókosti þess að hafa sérdómstóla. Þar hefur einkum verið bent á þann vanda sem upp kemur þegar sami maður er grunaður um mörg mismunandi brot, bæði skyld og óskyld skattsvikabrotum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að skattadómstóllinn geti fjallað um skattabrot og tengd brot, svo sem skjalafals, brot á bókhaldslögum eða gjaldeyrislögum. Aðaláherslan er lögð á skattalagabrotið, enda geta brot á þeim lögum varðað allt að sex ára fangelsi. Telji hins vegar ríkissaksóknari aðalþátt brotastarfsemi vera annan en skattalagabrot getur hann höfðað mál fyrir almennum dómstóli.

Verði frumvarp þetta samþykkt er sjálfsagt að breyta lögunum um tekjuskatt og eignarskatt til samræmis við ákvæði þessa frumvarps.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að dómstóllinn nefnist Skattadómur og að lögsaga hans nái til landsins alls. Ekki er talið rétt að binda aðsetur hans við Reykjavík og þá er haft í huga að hentugt getur talist að hafa dómstólinn í einhverju nágrannasveitarfélagi Reykjavíkur eins og aðsetur Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Um 2. gr.

Ákvæðum frumvarpsins er ætlað að ná til hvers konar brota gegn lögum um tekjuskatt og eignarskatt, en einnig til brota gegn öðrum lögum um skatta og gjöld til hins opinbera, hvort sem um er að ræða ríki eða sveitarfélög. Enn fremur til þeirra brota sem beinlínis tengjast skattsvikabrotum, eins og fram kemur í greinargerðinni hér á undan. Gert er ráð fyrir því að ríkissaksóknari ákveði hvort mál eru lögð fyrir Skattadóm og skal hann þá hafa það til viðmiðunar hvort skattabrot eru aðalþáttur máls eða annars konar brot.

Um 3. gr.

Skattadómari skal hafa aflað sér sérþekkingar á sviði skatta- og bókhaldsmála, auk þess sem hann uppfylli almenn embættisskilyrði dómara.

Hér er einnig gert ráð fyrir því að heyja megi dómþing í skattsvikamálum hvar sem er á landinu.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að heimilt verði að ráða dómarafulltrúa. Er þá ekki síst haft í huga að nauðsynlegt getur reynst að ráða fólk til starfa tímabundið á fyrstu missirum Skattadómsins.

Um 5. gr.

Markmið frumvarpsins er að flýta meðferð skattsvikamála, en gert er ráð fyrir því að sömu réttarfarsreglur gildi um meðferð málanna að öðru leyti en því sem leiðir af stofnun sérstaks dómstóls og lögfestingu sérstakrar deildar hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Um 6. gr.

Starfandi er deild hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins sem hefur með fjármálaafbrot að gera. Með þessu frumvarpi og samþykkt þess yrði henni skapaður nýr lagagrunnur að starfa á. Með því yrði vægi deildarinnar aukið, auk þess sem krafist er sérmenntunar af forstöðumanni deildarinnar. Eðlilegt þykir að heimila rannsóknarlögreglustjóra að fara með rannsókn annarra mála, enda sé um að ræða skyld mál, þó meðferð þeirra mála megi undir engum kringumstæðum tefja afgreiðslu aðalverkefna deildarinnar.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir því að sá aðili, sem leggur á skatt eða önnur opinber gjöld, geti komið að skattakröfu á hendur ákærða fyrir Skattadómi á sama hátt og tjónþoli getur komið fram bótakröfu í opinberu máli. Ákvæði 2. mgr. er ætlað að flýta fyrir meðferð skattsvikamála og þarf ágreiningsmál um upphæð skattkröfu ekki að tefja meðferð skattsvikamála.

Um 8. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Fylgiskjal.

SKÝRSLA UM SKATTSVIK

Sumarið 1986 gaf fjármálaráðherra út skýrslu um skattsvik. Skýrslan var unnin af nefnd sem starfaði undir forustu Þrastar Ólafssonar hagfræðings. Í skýrslunni koma fram athyglisverðar upplýsingar og athugasemdir og fara nokkrir kaflar í skýrslunni hér á eftir.

1.2 Samandregnar niðurstöður.

1.2.1 Niðurstaða starfshópsins er sú að umfang dulinnar starfsemi hérlendis sé á bilinu 5–7% af VLF. Ef miðað er við 6% sem meðaltal nemur þetta um 6,5 milljörðum króna árið 1985 miðað við áætlaða verga landsframleiðslu.

Tap hins opinbera vegna vangoldinna beinna skatta og söluskatts má áætla um 2,5–3,0 milljarða króna árið 1985 (sjá kafla 4.2).

1.2.2 Samkvæmt niðurstöðu skoðanakönnunarinnar (4.4.5) og matsaðferðarinnar (4.3) eru mestar líkur fyrir dulinni starfsemi og skattsvikum í eftirtöldum greinum, raðað eftir áhættustigi:

a. Byggingarstarfsemi.
b. Persónuleg þjónustustarfsemi (svo sem bílaþjónustugreinar, gúmmíviðgerðir, hjá hárgreiðslu- og snyrtistofum o.s.frv.).
c. Iðnaður, verslun, veitinga- og hótelrekstur.

1.2.3 Engar óyggjandi leiðir eru til að áætla söluskattssvik. Samkvæmt þeirri aðferð, sem lýst er í kafla 5, má gera ráð fyrir að umfang söluskattssvika hér á landi sé um 11% af skiluðum söluskatti. Þetta jafngilti um 1,3 milljörðum kr. árið 1985.

1.2.4 Helstu ástæður skattsvika teljum við vera þessar:

a. Flókið skattkerfi með óljósum mörkum milli hins löglega og ólöglega. Frádráttar- og undanþáguleiðir íþyngja mjög framkvæmd skattalaga og opna margvíslegar sniðgönguleiðir.
b. Skattvitund almennings er tvíbent og verður óljósari eftir því sem einstök skattaleg ívilnunarákvæði einstakra hópa aukast og skatteftirlitið versnar. Þetta grefur undan réttlætiskennd skattgreiðenda.
c. Há skatthlutföll hafa áhrif á umfang skattsvika. Þau hvetja til þess að nýta sér sniðgöngumöguleika og það þeim mun meira sem hlutföllin eru hærri.
d. Auk þessa ber að nefna að eflaust á tilhneiging til lagasetningar og opinberra hafta á ákveðnum sviðum sinn þátt í örvun til skattsvika.

1.3 Tillögur til úrbóta.

1.3.1 Skattalög og skattaframkvæmd.

a. Einfalda þarf skattalögin, fækka undanþágum og afnema margs konar frádráttarliði þannig að skattstofnar verði skýrir og afmarkaðir og greiðsluskylda auðreiknanleg. Einföldun skattalaga og fækkun undanþága og frádráttarliða auðveldar öll skattskil virkara skatteftirlits. Um leið þarf að fækka skatttegundum og gæta þess að einstakir skattstofnar séu ekki ofnýttir.
b. Endurskoða þarf ákvæði um refsingu og álag. Setja þarf nýtt refsiákvæði um stórfelld skattsvik inn í almenn hegningarlög þar sem fangelsi (allt að sex árum) yrði lagt við brotum.

1.3.2 Bókhaldslög og framkvæmd þeirra.

a. Herða þarf bókhaldseftirlit og viðurlög við brotum bókhaldsskyldra aðila. Fela ætti skattrannsóknarstjóra bókhaldseftirlitið með lögum og veita honum ýmsar auknar heimildir, svo sem sektarheimild vegna bókhaldsbrota.

b. Lögfest verði ótvíræð lagaheimild fyrir ríkisskattanefnd til þess að úrskurða sektir fyrir hrein bókhaldsbrot svipuð þeirri sem hún hefur vegna skattabrota.

c. Sjálfstæð refsiákvæði komi í bókhaldslög. Brot verði þar skilgreind sjálfstætt eftir atvikum með mismunandi refsimörkum. Setja þarf í lögin ákvæði um heimild til sviptingar starfsréttinda að því leyti sem almenn ákvæði hegningarlaga eru talin ófullnægjandi.

d. Endurskoða þarf ákvæði í almennum hegningarlögum um „stórfellda óreglusemi" í færslu bókhalds. Verknaðarlýsing ákvæðisins er óljós og refsimörk mjög væg.

e. Lögfest verði hlutræn refsiábyrgð lögaðila svipuð þeirri sem nú er að finna um skattabrot.

1.3.3 Skatteftirlit.

a. Embætti ríkisskattstjóra verði breytt í stofnun er fari með heildarstjórnun skattamála bæði faglega og verkstjórnarlega. Það býður upp á mun meiri möguleika til bættrar verkaskiptingar og samræmdra vinnubragða sem bæta munu skatteftirlit. Öll úrvinnsla og allt eftirlit með framtölum færi fram á einum stað þar sem sérhæft, menntað starfsfólk er fyrir hendi í nægilegum mæli. Skattstofur í núverandi mynd legðust niður, en eftir yrðu aðilar sem mundu veita upplýsingar til almennings og hugsanlega afla gagna vegna framtala.

b. Til vara er lagt til að verkstjórnarvald ríkisskattstjóra verði eflt og öll atvinnurekstrarframtöl verði unnin hjá embættinu svo og álagning og eftirlit með söluskatti. Skattstofunum verði fækkað en haldi þó áfram fyrrverandi störfum að undanskildum atvinnurekstrarframtölum, undir beinni verkstjórn ríkisskattstjóra.

c. Gera þarf verulegt átak í menntunarmálum starfsfólks á skattstofum. Endurverkja þarf skattskólann og festa hann betur í sessi.

d. Komið verði á fót sérstakri eftirlitssveit sérhæfðra skattrannsóknarmanna sem geri skyndikannanir á bókhaldi fyrirtækja og taki til rannsóknar flókin og erfið framtöl.

e. Endurskoðuð verði ákvæði um skattalega meðferð hlunnindagreiðslna.

8. Ábendingar um úrbætur.

Augljóst er af því sem nú hefur verið rakið að mikið vantar á að skattsvik séu tekin þeim tökum sem tíðkast t.d. um hin hefðbundnu auðgunarbrot. Sæmilega er séð fyrir lagaheimildum, raunar betur í skattalögum en bókhaldslögum, en meinsemdanna er einkum að leita í skipulagi og framkvæmd þessara mála. Skal hér bent á nokkur atriði sem til úrbóta horfa.

8.1 Skattalög og skattaframkvæmd.

a. *Skattalög þarfnast einföldunar.* Aftur hefur sigið á ógæfuhliðina fyrir lögum um tekjuskatt og eignarskatt síðan 1978, sbr. stofnlögin nr. 40/1978, lög nr. 75/1981 og síðari breytingar. Undanþágum, frádráttarliðum og valkostum hefur sífellt fjölgað. Einfalda má lögin með því m.a. að koma til móts við mismunandi sérþarfir í tryggingalöggjöf, húsnæðislöggjöf og kjarasamningum í stað þess að gera það í skattalögum. Raunar var bent á það í skýrslu til fjármálaráðherra frá nefnd um tekjuöflun ríkisins (1973), að skattstofnar þurfi að vera skýrt afmarkaðir, undanþágur og sérreglur sem fæstar og greiðsluskylda auðreiknanleg (Skýrsla til fjármálaráðherra frá nefnd um tekjuöflun ríkisins (1973), bls. 43–

44). Niðurfelling undanþága og fækkun frádráttarliða auðvelda öll skattskil, getur stytt fresti, dregur úr vinnuálagi á skattstofunum og gerir þeim kleift að sinna betur endurskoðun skattframtala og rannsóknum. Með því eykst aðhald og upplýstum brotum fjölgar. Flest af því sem hér segir á einnig við um söluskattslögin og undanþágur frá söluskattsskyldu.

b. *Gæta þarf þess að einstakir skattstofnar séu ekki ofnýttir.* Skattbyrði á Íslandi telst ekki þung borið saman við nálægustu lönd. Engu að síður er rétt að benda á að ofnýting einstakra skattstofna kann að hvetja til undandráttar og/eða draga óhóflega úr framtaki einstaklinga eða lögaðila á viðkomandi sviði.

c. *Fækka þarf skatttegundum.* Að líkindum má spara talsvert fé og fyrirhöfn með því að leggja niður skatttegundir er litlu máli skipta og vinna upp að verulegu leyti skatttekjur þær er tapast.

d. *Breyta þarf skipulagi skattyfirvalda.* Taka þarf til endurskoðunar allt skipulag skattyfirvalda, bæði embætti skattstjóra, ríkisskattstjóra og yfirstjórn þessara mála í fjármálaráðuneyti með það fyrir augum að koma á virkari yfirstjórn og meiri sérhæfingu við vinnslu skattframtala. Sjá nánar um breytt skipulag og vinnubrögð í lið 8.3.

e. *Nýtt refsiákvæði komi í almenn hegningarlög.* Lagt er til að lögfest verði nýtt ákvæði um stórfelld skattsvik í XXVII. kafla almennra hegningarlaga og að refsimörk þess verði fangelsi allt að 6 árum. Falli brot undir slíkt ákvæði verði ekki beitt vægari refsingu en fangelsi, nema almennar refsilækkunarástæður eigi við (t.d. neyðarréttur, afsakanleg lögvilla). Fangelsisdómar geta þó orðið skilorðsbundnir í mörgum tilvikum. Hliðstætt ákvæði var lögfest í Danmörku 1971 (289. gr. hegningarlaganna dönsku). Hefur ákvæðið þótt gefast vel.

f. *Endurskoðuð verði ákvæði um álag og sektir.* Refsimörk og viðurlagakostir laga nr. 75/1981 og laga nr. 10/1960 eru út af fyrir sig fullnægjandi, en þessar heimildir eru lítt notaðar. Má um þetta m.a. vísa í bréf fjármálaráðherra fyrstu árin eftir gildistöku laga nr. 75/1981, þar sem þess er óskað við ríkisskattstjóra að álagi sé ekki beitt. Kanna þarf hvort ákvæðunum verði betur fyrir komið, t.d. þannig að tekin verði upp aftur skylda til álagsbeitingar í lögum nr. 75/1981.

8.2 Bókhaldslög og framkvæmd.

a. *Hert bókhaldseftirlit.* Forsenda öflugs skatteftirlits og rannsókna á skattabrotum er að bókhald sé fært jafnskjótt og viðskipti eiga sér stað, að fylgiskjöl séu fyrir hendi og geymd á skipulegan hátt. Eitthvert mikilvægasta úrræðið til að herða skatteftirlit og draga úr skattsvikum er hert bókhaldseftirlit og viðurlög við brotum bókhaldsskyldra aðila. Fela ætti skattrannsóknarstjóra bókhaldseftirlitið með lögum og veita honum ýmsar heimildir sem nánar verður lýst hér á eftir.

b. *Sektarheimild skattrannsóknarstjóra vegna bókhaldsbrota.* Æskilegt er að veita skattrannsóknarstjóra sektarheimild vegna bókhaldsbrota, t.d. vanrækslu um réttan frágang fylgiskjala. Heimildin yrði háð venjulegum skilyrðum fyrir sektargerðum stjórnvalda, þ.e. að brot sé skýlaust sannað, varði einungis fésekt upp að tilteknu marki og að hinn brotlegi játist undir þá ákvörðun, sbr. t.d. 1. mgr. 76. gr. laga nr. 59/1969, sbr. 10. gr. laga nr. 46 1984.

c. *Sektarheimild ríkisskattanefndar.* Lagt er til að lögfest verði ótvíræð lagaheimild fyrir ríkisskattanefnd til þess að úrskurða sektir fyrir hrein bókhaldsbrot svipuð þeirri sem hún hefur til þess að úrskurða sektir fyrir skattabrot, sbr. 108. gr. laga nr. 75/1981 og 26. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 5. gr. laga nr. 33/1982.

d. *Sjálfstæð refsiákvæði komi í bókhaldslög.* Taka þarf til heildarathugunar í bókhaldslögunum sjálfum ákvæði um refsingar og önnur viðurlög. Æskilegt er að skilgreina helstu brotin sjálfstætt, eftir atvikum með mismunandi refsimörkum. Tekin verði afstaða til

saknæmis (ásetnings og gáleysis), tilraunar og hlutdeildar í brotum. Setja þyrfti í lögin nýtt ákvæði um sviptingu starfsréttinda, ef almenna ákvæðið í 68. gr. almennra hegningarlaga er ekki talið fullnægjandi, t.d. í tengslum við hlutræna refsiábyrgð.

e. *Endurskoðun hegningarlagaákvæðis.* Ákvæði 262. gr. almennra hegningarlaga þarfnast endurskoðunar, svo sem fram kemur í kafla 4, bæði verknaðarlýsing ákvæðisins og refsimörk. Til greina kemur líka að tilgreina stórfelld bókhaldsbrot ásamt skatta- og tollabrotum, ef til lögfestingar slíks ákvæðis kemur sem nefnt er í e-lið 8.1.

f. *Lögfest verði hlutræn refsiábyrgð lögaðila.* Lagt er til að lögfest verði í bókhaldslögum ákvæði um fésektaábyrgð lögaðila, án tillits til sakar, svipað ákvæðum þeim sem nú er að finna um skattabrot í 5. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981 og 5. mgr. 25. gr. laga nr. 10/1960. Ákvæðin þyrftu þó öll að vera nokkru hnitmiðaðri.

8.3 Bætt skatteftirlit.

8.3.1 Skipulag og vinnubrögð.

Starfshópurinn telur brýna þörf á breyttri stjórnun og gjörbreyttum vinnubrögðum skattyfirvalda einkum við álagningu og eftirlit. Virðist umtalsverð skipulagsbreyting nauðsynleg til að framkvæma nútímalegri og markvissari vinnubrögð.

Tillögur okkar á þessu sviði eru eftirfarandi:

a. Aðaltillaga okkar er sú að breyta embætti ríkisskattstjóra í stofnun sem fari með faglega stjórnun og verkstjórnarvald í skattamálum á öllu landinu. Skattstofurnar í núverandi mynd yrðu þá óþarfar. Með tilkomu slíkrar stofnunar gæfist tækifæri til mikillar verkaskiptingar og samræmdra vinnubragða varðandi einstaklingsframtöl, en ekki síður rekstrarframtöl. Með því yrði takmarkað starfslið betur nýtt. Einstaklingsframtöl eru að verulegum hluta nauðaeinföld, þar sem 10%-frádrátturinn er nýttur af yfirgnæfandi meiri hluta framteljenda. Þetta er skynsamlegt, — en þó ekki nauðsynlegt að vinna á einni stofnun. Um atvinnurekstrarframtöl gildir þetta í enn ríkara mæli. Þau á skilyrðislaust að vinna á einum stað, þar sem nægilega sérhæft starfsfólk er fyrir hendi, þ.e. í Reykjavík.

Skattstofurnar í núverandi mynd legðust niður samkvæmt þessari tillögu. Þó mætti hugsa sér einhvers konar umboðsskrifstofur út um land. Þær gætu þjónað til upplýsinga- og gagnaöflunar á viðkomandi svæði. Einnig mætti hugsa sér að þær gætu haft með höndum eftirlit með bókhaldi og framkvæmd bókhaldslaga.

b. Til vara leggjum við til að verkstjórnarvald ríkisskattstjóra yfir skattstofunum verði eflt og öll atvinnurekstrarframtöl hvaðanæva af landinu verði unnin hjá embættinu. Skattstofum verði fækkað, t.d. í fimm, og þar fari fram úrvinnsla einstaklingsframtala og álagning auk gagnaöflunar og upplýsingaþjónustu. Gæta verður þess að slíta ekki atvinnurekstrarframtölin og úrvinnslu þeirra frá söluskattsálagningu, og yrði hún því líka að flytjast til embættis ríkisskattstjóra. Þetta mundi leysa þann skort sem er nú á menntuðu starfsliði í hverri skattstofu fyrir sig því að atvinnurekstrarframtöl úti á landi eru jafnflókin og erfið og í Reykjavík. Það er hins vegar mun auðveldara að ná í hæft og kunnáttumikið starfsfólk í Reykjavík en víða úti á landi. Slíkt fyrirkomulag hefði allar forsendur til betra eftirlits og virkari vinnubragða en núverandi kerfi sem í reynd er of óvirkt og ómarkvisst. Meginkostur slíkra breytinga er samræmd ábyrgð og ótvíræð verkstýring sem hlýtur að leiða til skilvísara og „réttlátara" skattkerfis.

c. Gera þarf verulegt átak í menntunarmálum starfsmanna sem starfa að skattamálum. Skattkerfið verður aldrei rekið með neinum þrótti fyrr en það hefur nægilegt úrval sérhæfðs, menntaðs starfsfólks. Endurvekja þarf skattaskólann og festa hann í sessi. Eflaust mun þurfa að huga að launakjörum þess fólks um leið ef ráða á hæfa og menntaða starfsmenn.

8.3.2 Eftirlitssveit.

Starfshópurinn leggur til að komið verði á laggirnar við embætti skattrannsóknarstjóra sérstakri eftirlitssveit 5–7 sérþjálfaðra og hæfra skattrannsóknarmanna. Sveitin hafi það hlutverk m.a. að gera skyndikannanir bæði á bókhaldi fyrirtækja svo og á öðrum þeim sviðum í tengslum við skatteftirlit sem hún telur nauðsynlegt að vinna að hverju sinni. Hún taki einnig til rannsóknar sérstök flókin og erfið framtöl og safni að sér vettvangsgögnum á hinum ýmsu sviðum atvinnulífsins sem nota mætti í baráttunni gegn skattsvikum.

8.3.3 Endurmat hlunninda.

Það tíðkast í æ ríkari mæli að ýmiss konar hlunnindi komi í stað launahækkana og gerir það skatteftirlit allt erfiðara en ella. Þannig hafa ökutækjastyrkir hækkað úr 0,6% af framtöldum launum og launatengdum greiðslum árið 1980 í tæp 1,9% 1984. Þetta hefur gerst í skjóli þess að slíkar launagreiðslur hafa fengið aðra skattalega meðferð en laun vegna þess að erfitt er að meta hvort þær eru vegna kostnaðar af starfinu eða dulbúnar launagreiðslur. Við leggjum til að fjármálaráðherra láti fara fram gagngera athugun á hvers konar hlunnindagreiðslum, svo sem ökutækjastyrkjum, bifreiðaafnotum, dagpeningum, risnufé, námsferðum o.s.frv., með það fyrir augum að endurmeta skattameðferð þeirra og samræma betur venjulegum launagreiðslum. Rétt er að minna á að heilum launakerfum hefur verið breytt til að auka hlunnindagreiðslur í stað beinna launahækkana.

Ed. 9. Frumvarp til laga [9. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Svavar Gestsson, Margrét Frímannsdóttir,
Skúli Alexandersson.

1. gr.

31. gr. laganna breytist þannig:

3. tölul. orðist svo:

Tap á útistandandi viðskiptaskuldum á því tekjuári sem skuld er sannanlega töpuð. Útistandandi viðskiptaskuldir, sbr. 2. mgr. 5. tölul. 74. gr., er heimilt að færa niður um allt að 4% á árinu 1988, um allt að 3% á árinu 1989 og um allt að 1% á árinu 1990, en þá falli heimildir samkvæmt þessum tölul. niður.

4. tölul. orðist svo:

Matsverð vörubirgða í lok reikningsárs, sbr. 4. tölul. 74. gr., er heimilt að færa niður um allt að 7% 1987, 4% 1988 og 2% 1989, en þaðan í frá fellur þessi heimild niður. Þá upphæð, sem fæst samkvæmt fyrri málslið, má draga frá skattskyldum tekjum.

11. tölul. 31. gr. (um tillög í fjárfestingarsjóð) falli niður.

Við bætist nýr tölul. er orðist svo:

Heimilt er framleiðslufyrirtæki annað hvert ár að draga frá hagnaði allt að 5% vegna rannsóknar- og þróunarstarfs á vegum fyrirtækisins. Skal ríkisskattstjóri gefa út reglur um framkvæmd þessa ákvæðis að höfðu samráði við Rannsóknaráð ríkisins.

2. gr.

38. gr. laganna breytist sem hér segir:

Í stað „10%“ í 1. og 2. tölul. komi: 8%.

Í stað „15%“ í 3 tölul. komi: 12%.

Í stað „20%“ í 4. og 7. tölul. komi: 15%.

3. gr.

Við 52. gr. laganna bætast nýir tölul. sem orðist svo:

4. Persónulega eyðslu forráðamanna fyrirtækis eða starfsmanna þess er óheimilt að telja til rekstrarkostnaðar. Skal ríkisskattstjóri gefa út reglur árlega um takmörk samkvæmt þessum tölulið.
5. Risnu má ekki telja til rekstrarkostnaðar nema hún sé sannanlega í þágu fyrirtækisins. Ríkisskattstjóri setur reglur um risnukostnað fyrirtækja eftir stærð þeirra og veltu og með hliðsjón af markaðsstöðu fyrirtækjanna. Við ákvörðun sína skal ríkisskattstjóri gæta þess sérstaklega að persónuleg eyðsla forráðamanna fyrirtækis eða starfsmanna þess færist aldrei á kostnað fyrirtækisins.

4. gr.

54. gr., 55. gr. A og 55. gr. B falli brott.

5. gr.

Síðari mgr. 5. tölul. 74. gr. laganna orðist svo:

Útistandandi skuldir skal telja til eignar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól í lok reikningsárs nema sannað sé að þær séu minna virði. Frá þannig töldu verði útistandandi skulda er þó heimilt að draga allt að 4% 1988, 3% 1989 og 1% 1990 og mynda með því mótreikning fyrir skuldum sem kunna að tapast. Útistandandi viðskiptaskuldir í þessu sambandi teljast kröfur sem stofnast vegna sölu á vörum og þjónustu og falla í gjalddaga innan eins árs frá því til þeirra var stofnað.

6. gr.

Við 92. gr. laganna bætist ný mgr. sem orðist svo:

Framtalsskyldur einstaklingur samkvæmt þessari grein getur heimilað skattyfirvöldum að ganga að öllu leyti frá framtali sínu og skattlagningu samkvæmt upplýsingum sem skattyfirvöld afla sér frá opinberum aðilum, bönkum, sparisjóðum, lífeyrissjóðum eða öðrum aðilum sem skattstofurnar meta gilda. Skal þá framteljandinn útfylla eyðublað sem skattstjórinn útbýr og sendir með framtalseyðublaði. Þegar skattstofan hefur síðan unnið framtal einstaklingsins samkvæmt þessari málsgrein og öðrum ákvæðum þessara laga skal skattstofan senda skattgreiðanda útfyllt framtalsafrit. Getur þá viðkomandi gert athugasemdir ef hann telur ástæðu til, enda berist þær innan mánaðar frá því að skattstofan sendi honum framtalsafritið. Berist engar athugasemdir telst framtalið eins og skattstofan gekk frá því samkvæmt afriti endanlegt og fullfrágengið framtal. Með framtalsafritinu skal skattstofan senda áætlaða álagningu skatta. Endanleg álagning telst þó ekki frágengin fyrr en síðar samkvæmt álagningarseðli skattstofu.

7. gr.

Við 92. gr. laganna bætist enn ný mgr. sem orðist svo:

Allir sem taka fé á leigu gegn gjaldi eða stunda viðskipti með fjármuni og skuldabréf, hvort sem um er að ræða banka, sparisjóði, verðbréfamiðlara, fasteignasala eða aðra skylda aðila, samkvæmt nánari skilgreiningu ríkisskattstjóra, skulu ótilkvaddir senda skattstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu um greiðslur fyrir fjármuni í hvaða mynd sem er. Hér er átt við vaxtatekjur og vaxtagjöld, verðbætur á skuldir og innstæður, dráttarvexti, innheimtukostnað, afföll eða annars konar greiðslur fyrir fjármuni sem þessir aðilar lána eða taka á móti eða þjónustugjöld þessara stofnana.

Hver stofnun skal tilgreina nafn, heimilisfang og nafnnúmer einstaklings eða fyrirtækis og heildarviðskipti við stofnunina og allt það annað sem ríkisskattstjóri kann að ákveða að nauðsynlegt sé til þess að fá tæmandi upplýsingar um viðskipti einstaklinga og fyrirtækja samkvæmt þessari málsgrein.

8. gr.

Á eftir 2. mgr. 102. gr. laganna komi ný mgr. sem orðist svo:

Skattrannsóknarstjóri skal á hverju ári láta fara fram rannsókn á bókhaldi og skattskilum a.m.k. 100 fyrirtækja sem ákveðin verða samkvæmt útdrætti á nöfnum þeirra. Stuðlað skal að því að fyrirtæki og einstaklingar með rekstur geti gengið að því vísu að skattskil þeirra verði rannsökuð reglulega.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Meginefni frumvarps þessa er sem hér segir:

1. Dregið úr frádráttarheimildum fyrirtækja.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir eftirfarandi breytingum á skattskilum fyrirtækja:

— að fella niður í áföngum heimildir fyrirtækja til þess að draga frá skatti 5% af matsverði vörubirgða,

— að fella niður í áföngum heimild fyrirtækja til þess að afskrifa 10% útistandandi viðskiptaskulda í árslok; haldið er inni heimild til þess að draga frá *sannanlega* tapaðar viðskiptaskuldir,

— að fella niður heimild til að draga frá skatti framlög í fjárfestingarsjóð,

— að draga úr fyrningarheimildum fyrirtækja. Eru fyrningarprósentur lækkaðar í samræmi við fyrri ákvæði skattalaga.

2. Frádráttur vegna rannsóknar- og þróunarstarfsemi.

Gert er ráð fyrir því að framleiðslufyrirtæki fái heimild til að draga frá hagnaði fyrir skatt 5% annað hvert ár vegna rannsóknar- og þróunarstarfsemi. Um þetta verður að setja strangar reglur enda er gert ráð fyrir því í greininni. Flutningsmönnum er ljóst að markatilvik geta verið erfið í þessum efnum, en þá er eðlilegt að Rannsóknaráð ríkisins meti vafaatriði eftir nánari reglum sem fjármálaráðherra setur í reglugerð að tillögum ríkisskattstjóra að fenginni umsögn Rannsóknaráðs ríkisins.

3. Ráðstafanir gegn persónulegri eyðslu á reikning fyrirtækja. — Meðferð risnufjár.

Sett eru inn ný og afgerandi ákvæði um að komið verði í veg fyrir að persónuleg eyðsla forráðamanna fyrirtækja verði flutt á reikning fyrirtækjanna og að settar verði reglur um risnu á kostnað þeirra.

4. Veruleg einföldun á framtölum einstaklinga.

Í 6. gr. er þýðingarmikið nýmæli: Þar er opnað fyrir þann möguleika að fólk geti losnað við framtöl sín um hver áramót með sérstökum heimildum til skattstofanna. Þessi grein mundi í framkvæmd auðvelda einstaklingum alla meðferð eigin skattamála. Hefur hliðstætt kerfi verið tekið upp í Danmörku með þeim afleiðingum að stór hluti skattgreiðenda sleppur við að gera framtöl með þeim hætti sem verið hefur. Greinin mundi í framkvæmd hafa í för

með sér nokkuð aukið álag á skattstofurnar, en þar á móti skapast möguleiki til þess að ljúka álagningu mun fyrr en nú er á skattstofunum á hluta framteljenda.

Verði greinin samþykkt er sjálfsagt að setja inn í frumvarpið bráðabirgðaákvæði sem opnar skattstofunum leið til þess að aðlaga starfsemi sína þessu nýmæli.

5. Árviss skattrannsókn á fjárhag 100 fyrirtækja.

Í 8. gr. er einnig nýmæli: Að skattrannsóknarstjóri skuli á hverju ári rannsaka sérstaklega samkvæmt útdrætti framtöl 100 fyrirtækja umfram þau verkefni sem skattrannsóknarstjóra berast með öðrum hætti. Skattrannsóknarstjóri hefur framkvæmt slíkar rannsóknir af og til en ekki jafnreglulega og hér er gert ráð fyrir. Er þessi tillaga flutt í beinum tengslum við frumvarp um Skattadóm og rannsókn skattsvikamála sem var flutt á síðasta þingi og verður endurflutt á yfirstandandi þingi.

6. Fjármagnstekjur allar framtalsskyldar.

Eitt veigamesta nýmæli frumvarpsins er í 7. gr. þar sem bankar og sparisjóðir og aðrar fjármunastofnanir eru skyldar að gera skattyfirvöldum grein fyrir tekjum og gjöldum af fjármagni. Hér er gerð tillaga um sömu reglu og hefur verið við lýði í Danmörku um áratugaskeið, en hún opnar leið til þess að fylgjast betur með fjármagnstekjum og gjöldum en nú er. Í þessu sambandi má benda á að í Færeyjum gegna bankarnir sama hlutverki og gjaldheimtur opinberra gjalda, þannig að þeir innheimta opinber gjöld í gegnum bankareikninga skattgreiðenda.

Samþykkt aðalfundar miðstjórnar Alþýðubandalagsins.

Í samþykkt aðalfundar miðstjórnar Alþýðubandalagsins, sem haldinn var 7. nóvember 1986, segir svo:

„1. Skattkerfinu verði breytt til þess að tryggja að allir leggi af mörkum til sameiginlegra þarfa landsmanna.
2. Skattleysi eignamanna, hátekjufólks og gróðafyrirtækja í gegnum háþróað net frádráttarliða og sérreglna verði afnumið.
3. Tekjuskattskerfið verði einfaldað bæði að því er varðar framtöl og skattlagningu.
4. Frádráttarheimildum fyrirtækja og einstaklinga í rekstri verði fækkað.
5. Skattfrelsismörk einstaklinga verði hækkuð verulega.
6. Með þessu verði skattbyrði almenns launafólks minnkuð en skattar fyrirtækja auknir.
7. Komið verði á stighækkandi stóreignaskatti.
8. Tekið verði upp staðgreiðslukerfi skatta.
9. Skatteftirlit verði hert.
10. Viðurlög við skattsvikum verði látin bíta í raun.
11. Settur verði upp skattadómstóll og fyrirtæki og einstaklingar í einkarekstri sem verða uppvísir að skattsvikum missi rekstrarleyfin.“

Fyrirtækin sleppa.

Frumvarp þetta tekur á hluta þess vandamáls sem minnt er á í samþykktum Alþýðubandalagsins. Ekki er vafi á því að skattgreiðslur fyrirtækja ykjust verulega með frumvarpinu og samþykkt þess. Sýnt hefur verið fram á að fá fyrirtæki greiða skatta og mörg sleppa afar auðveldlega eins og fram kemur í kafla úr greinargerð með tillögu Ragnars Arnalds og fleiri, um skattamál, sem birt var á síðasta þingi en gerð verður grein fyrir í framsöguræðu með frumvarpi þessu.

Í þessu frumvarpi er ekki gerð tillaga um að breyta álagningarhlutföllum fyrirtækja þrátt fyrir fækkun frádráttarliða. Ástæðan er meðal annars sú að ríkisstjórn Steingríms

Hermannssonar hafði áður lækkað skattahlutfall fyrirtækja úr 65% í 50% og má ætla að tekjutap ríkisins af þessum ástæðum nemi 1987 um 300 millj. kr.

Með samþykkt þeirra tillagna, sem frumvarp þetta byggist á, má gera ráð fyrir verulegri aukningu skatttekna ríkisins af fyrirtækjum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um 1. tölul.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir því að fyrirtæki geti dregið frá tekjum um áramót 5% af útistandandi viðskiptaskuldum. Hér er gert ráð fyrir því að þessi heimild verði felld niður í áföngum og að fyrirtækin geti að loknum aðlögunartíma aðeins dregið frá sannanlega tapaðar viðskiptaskuldir.

Um 2. tölul.

Í gildandi lögum er ákvæði þess efnis að fyrirtæki geti dregið frá tekjum við skattauppgjör 10% af matsverði vörubirgða sinna. Hér er gert ráð fyrir því að heimild þessi verði felld niður í áföngum.

Um 3. tölul.

Hér er gert ráð fyrir því að heimild til þess að draga frá framlög í fjárfestingarsjóði falli niður.

Um 4. tölul.

Hér er gert ráð fyrir því að fyrirtæki hafi heimild til þess að draga frá hagnaði allt að 5% vegna rannsóknar- og þróunarstarfsemi, enda sé sannanlega um slík verkefni að ræða. Er gert ráð fyrir því að ríkisskattstjóri setji reglur í þessu efni að höfðu samráði við Rannsóknaráð ríkisins.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að breyta öllum fyrningarhlutföllum gildandi laga sem hér segir:

1. Skip og skipsbúnaður breytist úr 10% í 8% á ári.
2. Loftför og fylgihlutir þeirra úr 10% í 8%.
3. Verksmiðjuvélar og hvers konar iðnaðarvélar úr 15% í 12%.
4. Vélar og tæki til jarðvinnslu og mannvirkjagerðar, bifreiðar og önnur flutningatæki, skrifstofuáhöld og skrifstofutæki, svo og annað lausafé sem ekki fellur undir 1.–3. tölul., breytist úr 20% í 15%.
5. Keyptur eignarréttur að verðmætum hugverkum og auðkennum, stofnkostnaður og aðrar eignir en um er rætt í 4. og 5. tölul. 32. gr. breytist úr 20% í 15%.

Um 3. gr.

Í 52. gr. skattalaganna eru ákvæði um það sem alls ekki má telja sem rekstrarkostnað. Hér þykir ástæða til þess að bæta við tveimur nýjum töluliðum. Þar er í 4. tölul. gert ráð fyrir því að settar verði strangar reglur til að koma í veg fyrir að persónuleg eyðsla forráðamanna eða starfsmanna sé færð á kostnaðarliði fyrirtækjanna. Og í 5. tölul. er gert ráð fyrir því að á sama hátt verði settar reglur um risnu fyrirtækjanna. Í Finnlandi er heimild fyrirtækjanna í þessu efni að hámarki 2 prómill og má hugsa sér svipaða reglu hér, en þó verður að hafa takmörkin önnur þegar um stórfyrirtæki er að ræða. Er hér gert ráð fyrir því að ríkisskattstjóri setji um þetta almennar reglur og má í því sambandi hafa hliðsjón af reglum sem um þetta gilda í grannlöndum okkar.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að öll ákvæði um fjárfestingarsjóði falli út úr skattalögum, sbr. breytingartillögu við 31. gr.

Um 5. gr.

Þessi grein er til samræmis við 1. tölul. 1. gr. þessa frumvarps.

Um 6. gr.

Með nútímatækni, tölvubyltingunni, er unnt að safna upplýsingum með auðveldari hætti en áður. Skattyfirvöld fá — eða eiga að fá — allar upplýsingar um launagreiðslur frá atvinnurekendum. Hið sama er að segja um hvers konar lífeyrisgreiðslur. Í 7. gr. þessa frumvarps er auk þess gert ráð fyrir því að lánastofnanir sendi skattyfirvöldum upplýsingar. Það eru því allar forsendur fyrir því að losa almenning við smásmugulega skriffinnsku á skattframtöl vegna þess að skattyfirvöld hafa upplýsingarnar hjá sér hvort eð er. Hér er gert ráð fyrir því að fólk geti — ef það vill — heimilað skattyfirvöldum að ganga frá framtölum og bráðabirgðaálagningu. Hafi skattyfirvöld ekki nægilegar upplýsingar frá einstaklingunum verða þau að segja til um hvers þau óska að auki og þá verður líka að ætlast til þess að skattgreiðendur komi upplýsingum til skila til skattyfirvalda. En verulegur hluti þjóðarinnar — líklega um helmingur eða meira — hefur svo einfaldan fjárhag að skattframtöl í þeim mæli sem tíðkast hafa eru óþarfi.

Þegar atvinnurekendur koma framtalsupplýsingum — launamiðum — ekki til skila til skattyfirvalda verður að beita sérstökum viðurlögum og aðgerðum með sama hætti og nú er gert. Þá geta skattyfirvöld ekki gengið frá framtali með þeim hætti sem greinin gerir ráð fyrir og verður þá að fara aðrar leiðir og þá þær sömu sem nú tíðkast við meðferð skattframtala og skattálagningu.

Um 7. gr.

Ekki verður hjá því komist að setja reglur um framtalsskyldu peningastofnana hvort sem þær eru á vegum ríkis eða einkaaðila. Framtalsskylda af því tagi sem gert er ráð fyrir í 7. gr. hefur tíðkast um áratugaskeið í Danmörku og hefur gefist vel. Hér er ekki hróflað við svonefndri bankaleynd. Hins vegar er nauðsynlegt að sjá til þess að upplýsingar um fjármagnstekjur eins og aðrar tekjur berist skattyfirvöldum undanbragðalaust. Þá verður unnt að sjá hvaða greiðslur einstaklingarnir eða fyrirtækin fá frá þessum stofnunum og hvað greitt er til viðkomandi stofnana. Þetta hefur í för með sér aukna skriffinnsku hjá viðkomandi stofnunum en er engu að síður óhjákvæmilegur þáttur nútímaþjóðfélags.

Í þessu frumvarpi er ekki gerð tillaga um það hvernig tekjur af fjármagni verða skattlagðar. En það er skoðun flutningsmanna að eðlilegt sé að skattleggja fjármagnstekjur umfram verðtryggingu eins og aðrar tekjur og að engin rök séu fyrir því að skattleggja fjármagnstekjur á annan hátt. Að vísu má hugsa sér að lágir raunvextir af innstæðum upp að ákveðnu marki verði skattfrjálsir í því skyni að hvetja til aukins sparnaðar. Verður það mál sérstaklega gert að umræðuefni í framsöguræðu með frumvarpi þessu.

Um 8. gr.

Í 8. gr. er gert ráð fyrir því að skattrannsóknarstjóri hafi þá skyldu að láta fara fram árlega rannsókn á framtölum 100 fyrirtækja og einstaklinga í rekstri. Með þessu móti væri skapað sterkt aðhald að fyrirtækjunum vegna þess að forráðamenn þeirra ættu það stöðugt yfir höfði sér að framtöl þeirra yrðu tekin til rannsóknar. Má telja víst að þetta fyrirkomulag skapaði svo sterkt aðhald að skattskil bötnuðu frá því sem nú er.

Sþ. 10. Tillaga til þingsályktunar [10. mál]

um umhverfisfræðslu.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir,
Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Einarsdóttir,
Málmfríður Sigurðardóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að efla og samræma fræðslu um umhverfismál í grunnskólum og framhaldsskólum landsins og á meðal almennings.

Greinargerð.

Að margra áliti er maðurinn, sem svo lengi hefur litið á sig sem herra jarðarinnar, langt á veg kominn með að tortíma umhverfi sínu og þar með sjálfum sér. Verði ekki snarlega snúið af þeirri braut erum við að bregðast afkomendum okkar með því að fá þeim í hendur verra umhverfi en okkur var trúað fyrir og við getum ekki afsakað okkur með því að við höfum ekki vitað betur.

Staðreyndirnar blasa við allt í kringum okkur. Margháttaðar rannsóknir og mælingar upplýsa okkur um jarðvegs- og gróðureyðingu, ofnýtingu auðlinda og mengun í lofti, vatni og sjó, sem stefnir öllu lífi í voða, jafnvel þótt unnt yrði að koma í veg fyrir mestu ógn lífs á jörðu, kjarnorkustyrjöld. Einstaklingar, samtök, ríkisstjórnir og alþjóðastofnanir, svo sem Sameinuðu þjóðirnar, hafa safnað upplýsingum og sett fram stefnumörkun um hvað gera má til úrbóta svo að maðurinn gangi ekki stöðugt á umhverfi sitt og tortími með því sjálfum sér að lokum. Mönnum er löngu orðið ljóst að ekki er nóg að taka frá og friða skika hér og þar, þótt það sé líka nauðsynlegt. Við verðum að horfa á jörðina sem heild og skilja þær takmarkanir sem náttúran setur okkur um leið og við notum og njótum þeirra auðlinda sem hún gefur.

Móðir jörð setur ákveðin lögmál. Maðurinn gengur þvert á mörg þeirra á leið sinni til hámarksskammtímagróða og tekur hvorki tillit til hagsmuna heildarinnar, jarðar né framtíðar. Þetta dekur við skammtímasjónarmið er orðið mannkyninu dýrkeypt og mál til komið að við taki sú langtímahagfræði sem felst í umhverfisvernd. En umhverfisvernd er að ganga um hverja auðlind með virðingu og nærgætni, taka aðeins vextina en láta höfuðstólinn ósnertan til þess að afkomendur okkar fái notið sömu náttúrugæða og núlifandi kynslóðir.

Íslendingum er tamt að telja umhverfismál í góðu lagi hér á landi, dyggilega studdir af erlendum ferðamönnum sem teyga að sér hreina loftið, dásama tært vatnið og falla í stafi yfir óbyggðum landsins. En þótt við búum enn við minni mengun en helstu iðnríki heims þá fer því fjarri að við höfum efni á því að hreykja okkur. Staðreyndin er sú að við höfum farið illa með þá náttúru sem okkur hefur verið trúað fyrir. Má þar minna á ofnýtingu fiskistofna, gegndarlausa gróðureyðingu og linku við endurheimt og varðveislu landgæða, hirðuleysi í umgengni um viðkvæm landsvæði, óskipulagðar veiðar villtra dýra, mengun frá verksmiðjum, hömluleysi í notkun einnota umbúða, óviðunandi ástand í frárennslismálum, kæruleysi um varnir gegn olíumengun, slæman frágang á úrgangi og sinnuleysi um endurnýtingu og endurvinnslu. Hér verður að snúa við blaðinu og ganga í lið með náttúrunni.

Það eina sem getur forðað manninum frá því að þurrausa auðlindir jarðar og eyðileggja það umhverfi sem hann lifir á er *stóraukin þekking og skilningur á náttúrunni*. Að því þarf að vinna án tafar með skipulegum hætti og á öllum stigum þar sem því verður við komið.

Þrátt fyrir ákvæði um umhverfisfræðslu í grunnskólalögum og í lögum um náttúruvernd er mála sannast að slík fræðsla er ákaflega tilviljanakennd og af skornum skammti og má ýmsu um kenna. Fyrst og fremst er þó sökin stjórnvalda. Það er nefnilega ekki nóg að setja ákvæði í lög; það verður einnig að skapa skilyrði til að framfylgja þeim.

Það er til lítils að leggja Náttúruverndarráði þá kvöð á herðar að það „... hafi forgöngu um fræðslu fyrir almenning um náttúru landsins og leitist við að efla áhuga á náttúruvernd, m.a. með útgáfustarfsemi, kynningu í skólum og fjölmiðlunartækjum“, eins og segir í lögum um náttúruvernd frá 1971, ef því er ekki gert kleift að ráða starfsfólk til þess að sinna þessari lagaskyldu. Þrátt fyrir manneklu og lítil auraráð hefur þó Náttúruverndarráð sinnt umhverfisfræðslu eftir föngum. Einnig ber að geta um gagnmerka starfsemi Landverndar og fleiri samtök áhugamanna hafa lagt sitt af mörkum.

Í grunnskólalögum er ákvæði sem lýtur að umhverfisfræðslu. Því þarf að fylgja eftir með útgáfu námsefnis og þjálfun kennara. Annars kemur það fyrir lítið. Vissulega hafa margir færir og áhugasamir kennarar unnið frábært starf á þessum vettvangi og ekki er alltaf nauðsyn flókinna kennslutækja. En eigi að vera unnt að ná markmiðum umhverfisfræðslu er nauðsynlegt að skipuleggja hana og samræma og tryggja að allir fái notið hennar.

Samkvæmt upplýsingum Þorvalds Arnar Árnasonar, námsstjóra í náttúrufræðum, er umhverfisfræðslu sinnt í heldur vaxandi mæli í grunnskólum, en mjög undir einstökum skólum og kennurum komið hvernig til tekst. Allir kennaranemar fá stutt námskeið í umhverfisfræðslu og auk þess geta þeir valið stutt námskeið í náttúruvernd. Lítil eftirspurn hefur verið eftir námskeiðum í umhverfisfræðslu fyrir starfandi kennara. Í framhaldsskólum er lítið um markvissa umhverfisfræðslu nema að því marki sem vistfræði er innifalin í líffræði. Ljóst er því að grunninn þarf að styrkja og byggja myndarlega ofan á.

Á ráðstefnu, sem haldin var á vegum UNESCO í Tbílísí árið 1977, voru markmið umhverfisfræðslu skilgreind á eftirfarandi hátt:

„1. Vekja athygli einstaklinga og hópa á umhverfi sínu og þeim vandamálum sem þar bíða úrlausnar.
2. Auka þekkingu og skilning fólks á náttúrunni og umhverfi sínu í heild svo það geri sér betur grein fyrir áhrifum gjörða mannsins.
3. Efla viðhorf ábyrgðar gagnvart umhverfi og vilja til að vinna að náttúruvernd og fegrun umhverfis.
4. Þjálfa nemendur í að skilgreina og leysa umhverfisvandamál.
5. Auka hæfni til að vega og meta ákvarðanir og athafnir út frá margvíslegum forsendum, svo sem vistfræðilegum, fjármálalegum, félagslegum, fagurfræðilegum, hagfræðilegum, uppeldislegum o.s.frv.
6. Stuðla að þátttöku í fyrirbyggjandi aðgerðum.“

Á sömu ráðstefnu var enn fremur samþykkt að í umhverfisfræðslu bæri að leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

„1. Umhverfisfræðsla þarf að fjalla um umhverfið í heild, bæði náttúruna og það sem menn hafa gert (bæði náttúrufræði og samfélagsfræði).
2. Umhverfisfræðsla þarf að vara ævilangt og fara fram á öllum skólastigum auk hvers kyns fræðslu utan skóla.
3. Umhverfisfræðsla á að vera ófagbundin og hluti af kennslu í öllum námsgreinum á öllum skólastigum. Í námsskrá og kennsluleiðbeiningum ber að taka sérstakt tillit til umhverfisfræðslu.
4. Fræða þarf um nánasta umhverfi og síðan málefni héraðsins, landsins og heimsins alls.
5. Áherslu þarf að leggja á þau vandamál sem efst eru á baugi á hverjum stað, en taka jafnframt mið af sögunni og spá um nánustu framtíð.
6. Fræðslan verður að stuðla að því að einstaklingar, fjölskyldur, félög og þjóðir taki ábyrgð á umhverfinu.
7. Umhverfisfræðsla þarf að stuðla að því að tekið sé fullt tillit til verndunarsjónarmiða og hugsanlegra skaðlegra afleiðinga þegar verk eru skipulögð.“

Um allan heim er nú smám saman að glæðast skilningur manna á og vitund um nauðsyn þess að ganga um náttúruna með virðingu og nærgætni, bæta fyrir náttúruspjöll og sjá til þess að afkomendur okkar fái notið a.m.k. sömu náttúrugæða og núlifandi kynslóðir. Sú hugarfarsbreyting gengur þó allt of, allt of hægt. Mannkynið gæti fallið á tíma.

Íslendingar gætu orðið fyrirmynd annarra í þessum efnum ef vilji væri fyrir hendi. Til þess þarf markvissa, öfluga umhverfisfræðslu í skólum og á meðal almennings. Aukinn skilningur er lykilorðið.

Sá er tilgangurinn með flutningi þessarar tillögu.

Sþ. 11. Fyrirspurn [11. mál]

til utanríkisráðherra um kjarnorkuvopnalaust Ísland.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Er utanríkisráðherra reiðubúinn að staðfesta þau ummæli sín í Ríkisútvarpinu (sjónvarpi) 13. júní sl. að ályktun Alþingis um afvopnunarmál frá 21. maí 1985, þess efnis að á Íslandi verði ekki kjarnorkuvopn, nái „til bæði friðar- og ófriðartíma“?

Sþ. 12. Fyrirspurn [12. mál]

til forsætisráðherra um umhverfismál.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvernig hyggst ríkisstjórnin undirbúa framkvæmd á þeirri stefnu sinni „að sett verði almenn lög um umhverfismál og samræming þeirra falin einu ráðuneyti“?

Hvenær er gert ráð fyrir að leggja frumvarp um umhverfismál fyrir Alþingi?

Hvaða ráðuneyti mun fá það hlutverk að samræma stjórn umhverfismála innan stjórnkerfisins?

Sþ. 13. Fyrirspurn [13. mál]

til samgönguráðherra um undirbúning framkvæmda við Egilsstaðaflugvöll.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvers vegna var ekki gengið til samninga við heimamenn um framkvæmdir við fyrsta áfanga nýs flugvallar á Egilsstöðum?
2. Hvernig er gert ráð fyrir að haga framkvæmdum við þennan áfanga, m.a. við verkbyrjun og verklok?
3. Hvenær gerir ríkisstjórnin ráð fyrir að lokið verði framkvæmdum við Egilsstaðaflugvöll?

Sþ. 14. Fyrirspurn [14. mál]

til menntamálaráðherra um leiðbeinendur við kennslustörf.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hversu margir leiðbeinendur eru nú samtals við kennslu á grunnskóla- og framhaldsskólastigi, sundurliðað eftir fræðsluumdæmum?
2. Hve margir leiðbeinendur voru ráðnir í fyrsta sinn að grunnskólum og framhaldsskólum á nýbyrjuðu skólaári, sundurliðað eftir fræðsluumdæmum?
3. Hvað kenna margir leiðbeinendur samræmdar námsgreinar til grunnskólaprófs?
4. Hefur í einhverjum tilvikum þurft að fella niður lögboðna kennslu í grunnskólum og framhaldsskólum, draga úr námsframboði eða breyta námstilhögun vegna skorts á starfsmönnum og þá hvar og í hve miklum mæli?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 15. Fyrirspurn [15. mál]

til iðnaðarráðherra um nýtt álver við Straumsvík.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

1. Hvaða áform eru uppi um byggingu nýs álvers eða stækkun álversins í Straumsvík?
2. Hvað er gert ráð fyrir stórri verksmiðju?
3. Hvers konar eignaraðild er fyrirhuguð að verksmiðjunni og við hvaða aðila hefur verið rætt um byggingu hennar?
4. Hver er áætluð orkuþörf nýrrar verksmiðju og hvenær telja stjórnvöld æskilegt að hún taki til starfa?
5. Hvaða áætlanir hafa verið gerðar um byggingu raforkuvera í tengslum við nýtt álver?
6. Hvaða aðilar hafa unnið að málinu af hálfu íslenskra stjórnvalda og hvar hefur ráðgjafar verið leitað?
7. Hvað hafa þessar athuganir kostað og hvernig skiptist kostnaðurinn?

Þess er óskað að uppdráttur fylgi er sýni fyrirhugaða staðsetningu verksmiðjunnar.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 16. Beiðni um skýrslu [16. mál]

frá utanríkisráðherra um útgjöld og kostnað við byggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur, Danfríði Skarphéðinsdóttur, Kristínu Einarsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur, Málmfríði Sigurðardóttur, Þórhildi Þorleifsdóttur, Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur, Guðrúnu Helgadóttur og Margréti Frímannsdóttur.

Með vísan til 30. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að utanríkisráðherra gefi Alþingi skýrslu um útgjöld og kostnað við byggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

Í skýrslunni verði gerð grein fyrir áætluðum kostnaði annars vegar og endanlegum kostnaði hins vegar. Ef um umframkostnað er að ræða er óskað eftir að gerð verði grein fyrir því af hverju hann stafar og hver beri ábyrgð á honum.

Óskað er eftir sundurliðun í eftirfarandi þætti: Undirbúningskostnað, verktakakostnað, hönnunar- og umsjónarkostnað og fjármagnskostnað á byggingartíma. Óskað er eftir sérstakri sundurliðun á verkþáttum og útboðsáföngum verktakakostnaðar. Einnig er óskað eftir sundurliðun í innlendan og erlendan kostnað.

Enn fremur er óskað eftir upplýsingum um það hvernig umframkostnaði verður mætt, þ.e. hvort fé til hans kemur úr ríkissjóði, með því að taka erlend lán eða með öðrum hætti.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis þegar henni hefur verið útbýtt til þingmanna.

Alþingi, 12. október 1987.

Guðrún Agnarsdóttir.	Danfríður Skarphéðinsdóttir.	Kristín Einarsdóttir.
Kristín Halldórsdóttir.	Málmfríður Sigurðardóttir.	Þórhildur Þorleifsdóttir.
Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.	Guðrún Helgadóttir.	Margrét Frímannsdóttir.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Sþ. 17. Fyrirspurn [17. mál]

til menntamálaráðherra um leiðbeinendur og stundakennara í grunnskólum og framhaldsskólum.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur.

1. Hvert er hlutfallið milli grunnskólakennara og leiðbeinenda í fræðsluumdæmum landsins miðað við fullt stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar?
2. Hvert er hlutfallið milli framhaldsskólakennara og leiðbeinenda í fræðsluumdæmum landsins miðað við fullt stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar?
3. Hve margir stundakennarar á hvoru skólastigi fyrir sig starfa án kennsluréttinda?
4. Hve margir hinna réttindalausu stundakennara á hvoru skólastigi fyrir sig ná lægsta launaþrepi kennara?
5. Hefur umsóknum fyrir leiðbeinendur verið synjað? Ef svo er, hve mörgum?

Sþ. 18. Fyrirspurn [18. mál]

til utanríkisráðherra um viðskipti við Suður-Afríku.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvernig samrýmist það þeirri yfirlýstu stefnu íslenskra stjórnvalda að draga úr samskiptum við Suður-Afríku og taka þátt í samnorrænum aðgerðum af því tagi — að verslun með vörur frá Suður-Afríku hefur stóraukist á fyrri hluta þessa árs?
2. Hyggst ríkisstjórnin í ljósi þessa grípa til sérstakra aðgerða, svo sem innflutningsbanns á suður-afrískar vörur?

Sþ. 19. Fyrirspurn [19. mál]

til viðskiptaráðherra um erlend nöfn á íslenskum fyrirtækjum.

Frá Guðrúnu Helgadóttur og Steingrími J. Sigfússyni.

1. Telur viðskiptaráðherra það samrýmast lögum um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42/1903, sbr. lög nr. 57/1982, að æ fleiri íslensk fyrirtæki bera erlend heiti?
2. Hefur viðskiptaráðherra gert gangskör að því að farið sé að þeim lögum, telji hann svo ekki vera?
3. Hyggst viðskiptaráðherra sporna við þeirri þróun að íslensk fyrirtæki beri erlend nöfn? Sé svo, til hvaða ráða hyggst ráðherra grípa?

Sþ. 20. Beiðni um skýrslu [20. mál]

frá fjármálaráðherra um kaup og sölu fasteigna á vegum ríkisins síðan 26. maí 1983.

Frá Guðrúnu Helgadóttur, Ólafi Ragnari Grímssyni,
Hjörleifi Guttormssyni, Margréti Frímannsdóttur,
Skúla Alexanderssyni, Steingrími J. Sigfússyni,
Ragnari Arnalds, Svavari Gestssyni
og Málmfríði Sigurðardóttur.

Með vísan til 30. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að fjármálaráðherra gefi Alþingi skýrslu um kaup og sölu fasteigna sem fram hafa farið á vegum ríkisins síðan 26. maí 1983 og til þessa dags.

Í skýrslunni verði getið kaup- og söluverðs hverrar fasteignar, fasteigna- og brunabótamats og greiðsluskilmála. Gerð verði grein fyrir stærð húsnæðis, afhendingartíma og kostnaði við breytingar. Einnig komi fram í skýrslunni hvort heimild var fyrir viðskiptunum í fjárlögum þegar viðskiptin fóru fram.

Beiðni þessi var lögð fram á síðasta þingi, en ekki tókst að skila skýrslu fyrir þinglok. Því er beiðnin lögð fram að nýju.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis þegar henni hefur verið dreift meðal þingmanna.

Alþingi, 12. okt. 1987.

Guðrún Helgadóttir.	Ólafur Ragnar Grímsson.	Hjörleifur Guttormsson.
Skúli Alexandersson.	Margrét Frímannsdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.
Málmfríður Sigurðardóttir.	Ragnar Arnalds.	Svavar Gestsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Sþ. 21. Fyrirspurn [21. mál]

til fjármálaráðherra um staðgreiðslu opinberra gjalda fyrirtækja og fjármagnseigenda.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

Hvað líður undirbúningi lagafrumvarps um staðgreiðslu opinberra gjalda fyrirtækja og fjármagnseigenda?

Sþ. 22. Þjóðhagsáætlun [22. mál]

fyrir árið 1988.

(Lögð fram af forsætisráðherra 13. okt. 1987.)

I. INNGANGUR

Mikið góðæri hefur ríkt í íslenskum þjóðarbúskap á þessu ári. Framleiðsla hefur farið vaxandi og stefnir jafnvel í meiri hagvöxt í ár en í fyrra sem þó var einstaklega gott ár. Þjóðartekjur hafa aukist enn meira en landsframleiðsla vegna batnandi viðskiptakjara. Kaupmáttur tekna hefur verið meiri en nokkru sinni fyrr. Atvinna hefur verið mikil og raunar hefur gætt verulegs skorts á vinnuafli.

Á hinn bóginn hefur sigið á ógæfuhliðina varðandi verðbólgu og viðskiptahalla. Verðbólga frá upphafi til loka árs stefnir nú í 25%, samanborið við 13% í fyrra, en það var minnsta verðbólga hér á landi á heilu ári í hálfan annan áratug. Þá eru líkur á því að viðskiptahalli gagnvart útlöndum á þessu ári svari til um rúmlega 1% af landsframleiðslu. Á síðasta ári var hins vegar afgangur af utanríkisviðskiptunum sem nam tæplega ½% af landsframleiðslu í fyrsta sinn frá árinu 1978. Þessa óhagstæðu þróun má rekja til þeirrar þenslu sem verið hefur í þjóðarbúskapnum á þessu ári. Þrátt fyrir mikla aukningu þjóðartekna hafa þjóðarútgjöld aukist enn meira öfugt við það sem var á síðasta ári. Margt hefur lagst á eitt til að skapa þessa eftirspurnarþenslu. Mikil tekjuaukning í sjávarútvegi, hallarekstur ríkissjóðs, miklar erlendar lántökur og útlánaþensla í bankakerfinu hafa valdið uppgangi í efnahagsstarfseminni sem leitt hefur til mikilla almennra launahækkana. Þetta hefur haft í för með sér að allir þættir þjóðarútgjalda hafa aukist til muna. Forsenda þess að

varanlegur árangur náist í baráttunni gegn verðbólgu og viðskiptahalla er að betra samræmi komist á milli þjóðarútgjalda og þjóðartekna en verið hefur á þessu ári.

Nú eru horfur á að verulega dragi úr hagvexti á næsta ári hvort sem miðað er við landsframleiðslu eða þjóðartekjur. Miðað við forsendur þessarar áætlunar er gert ráð fyrir því að landsframleiðsla og þjóðartekjur verði því sem næst óbreyttar á árinu 1988 frá þessu ári. Til samanburðar er reiknað með að landsframleiðsla aukist um 6½% á þessu ári og þjóðartekjur um 9½%. Þetta stafar einkum af því að ekki er búist við að útflutningsframleiðsla aukist nema lítillega á næsta ári þar sem talið er nauðsynlegt að draga úr sjávarafla auk þess sem ekki er gert ráð fyrir að viðskiptakjör batni á næstunni frá því sem þau eru nú. Því er ljóst að halda verður aftur af aukningu þjóðarútgjalda á næsta ári ef koma á í veg fyrir að verðbólga magnist enn og að viðskiptahalli verði óviðunandi. Með hliðsjón af framvindunni að undanförnu og horfum fyrir næsta ár hefur ríkisstjórnin markað stefnu í ríkisfjármálum, peningamálum og gengismálum sem miðar að því að veita þjóðarútgjöldum og innlendri verðlagsþróun á næstunni eins mikið aðhald og kostur er. Þessi stefnumörkun felur meðal annars í sér nokkra viðbótartekjuöflun fyrir ríkissjóð á þessu ári, hallalaus fjárlög fyrir árið 1988, aðhald að útlánum banka, takmarkanir á innstreymi erlends lánsfjár og ýmsar ráðstafanir til að efla innlendan sparnað og treysta þar með gengi krónunnar.

Stefna ríkisstjórnarinnar miðar að hjöðnun verðbólgu á næsta ári og að því að dregið verði úr fyrirsjáanlegum halla á viðskiptum við önnur lönd á árinu 1988. Það er hins vegar ekki á valdi stjórnvalda einna að tryggja að þessi árangur náist. Ekki er síður mikilvægt að kjarasamningar fyrir næsta ár taki mið af þeim ytri skilyrðum sem þjóðarbúinu verða sett.

Í næsta kafla er gerð nánari grein fyrir markmiðum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og þeim leiðum sem hún hyggst fara til að þau náist. Í þriðja kafla er rakin framvinda efnahagsmála á þessu ári. Í fjórða kafla er lýst efnahagshorfum fyrir árið 1988 eins og þær eru nú metnar.

II. MARKMIÐ OG LEIÐIR

1. Markmið

Markmið efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar á næstu árum eru að örva hagvöxt og framfarir í atvinnulífinu á grundvelli aukinnar framleiðni og nýsköpunar, að bæta lífskjör og að tryggja jafnvægi í viðskiptum við útlönd, sem stöðugast verðlag og fulla atvinnu. Við ríkjandi aðstæður og í ljósi þeirra horfa sem við blasa er þó nauðsynlegt að markmiðin um hjöðnun verðbólgu og betra jafnvægi í utanríkisviðskiptum njóti forgangs. Hér á eftir er nánar fjallað um einstök markmið ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum á árinu 1988.

1. Verðlag

Einn helsti vandi í íslenskum efnahagsmálum um þessar mundir er vaxandi verðbólga. Ríkisstjórnin telur brýnasta verkefni sitt á sviði efnahagsmála vera að ná verðbólgu hér á landi niður á svipað stig og í helstu samkeppnis- og viðskiptalöndum. Efnahagsstefna ríkistjórnarinnar miðar að því að leggja grunn að stöðugleika í verðlagsmálum með aðhaldi að þjóðarútgjöldum á næstunni. En árangur á þessu sviði veltur ekki síður á því að almenn samstaða skapist um þetta markmið og þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að það náist.

2. Viðskiptajöfnuður

Eitt af meginmarkmiðum ríkisstjórnarinnar er að tryggja jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd. Ríkisstjórnin hefur því sett sér það takmark að draga úr fyrirsjáanlegum viðskiptahalla á næsta ári. Til þess að ná þessu markmiði eru boðaðar aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum

með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1988, sem gerir ráð fyrir því að ríkissjóður verði rekinn hallalaus á næsta ári, og í peningamálum með ráðstöfunum til að efla innlendan sparnað, halda aftur af útlánum innlánsstofnana og takmarka erlendar lántökur.

3. Atvinna
Á þessi ári hefur ríkt mikil spenna á vinnumarkaði. Skortur á vinnuafli hefur leitt til mikilla launahækkana hjá ýmsum hópum launafólks og magnað launakröfur annarra þannig að efnahagslegum stöðugleika er stefnt í hættu. Ríkisstjórnin leggur höfuðáherslu á næga og örugga atvinnu. Jafnframt mun hún stuðla að því að betra jafnvægi komist á milli framboðs og eftirspurnar á vinnumarkaði.

4. Kaupmáttur og lífskjör
Kaupmáttur tekna er nú meiri en nokkru sinni fyrr. Ríkisstjórnin vill fyrir sitt leyti stuðla að því að verja þann árangur sem náðst hefur í sókn til bættra lífskjara innan þeirra marka sem ytri skilyrði þjóðarbúsins og verðlags- og viðskiptajafnaðarmarkmið ríkisstjórnarinnar setja. Eftir mikinn uppgang í efnahagslífinu síðustu tvö til þrjú árin eru horfur á hægum hagvexti á næstunni. Mikilvægt er því að hófsemi verði gætt í kjarasamningum fyrir næsta ár, þannig að ekki verði teflt á tæpasta vað með verðbólgu og atvinnu. Ríkisstjórnin telur þó mikilvægt að áhersla verði lögð á að bæta kjör þeirra sem hafa lægst laun.

5. Framleiðsla og þjóðartekjur
Framleiðsla og þjóðartekjur hafa aukist ört að undanförnu. Bætt ytri skilyrði hafa átt hér stóran hlut að máli, en innlendar aðstæður hafa einnig verið hagstæðar. Ekki eru líkur á að ytri skilyrði þjóðarbúsins batni á næsta ári og því er búist við litlum sem engum hagvexti. Til lengri tíma litið vill ríkisstjórnin örva hagvöxt og framfarir í atvinnulífinu á grundvelli aukinnar framleiðni og nýsköpunar. Ríkisstjórnin mun stuðla að þessu með því að móta meginreglur um atvinnu- og efnahagslífið, en hafa sem minnst bein afskipti af einstökum atvinnugreinum og fyrirtækjum.

2. Leiðir

Eins og fram kemur í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er grundvallaratriði í efnahagsstefnu hennar:

> „að móta meginreglur um efnahagsleg samskipti og umgjörð atvinnu- og efnahagslífs sem tryggi eðlilega samkeppni og samkeppnishæfni íslenskra atvinnuvega. Afskipti ríkisins af einstökum atvinnugreinum og fyrirtækjum verði sem minnst. Með almennum aðgerðum verði skapaðar aðstæður fyrir tækniþróun, aukinn útflutning og fjölbreytni í atvinnulífinu."

Þessa umgjörð atvinnu- og efnahagslífsins kynnir ríkisstjórnin fyrir fram í þjóðhagsáætlun, fjárlagafrumvarpi og lánsfjár- og fjárfestingaráætlun, þannig að einstaklingar og fyrirtæki geti tekið sínar eigin ákvarðanir í ljósi hennar. Meginþættir efnahagsstefnunnar birtast í stefnunni í gengismálum, peningamálum, ríkisfjármálum og atvinnumálum. Við ríkjandi aðstæður telur ríkistjórnin nauðsynlegt að beita samræmdum ráðstöfunum á öllum þessum sviðum gegn þenslu. Hér á eftir verður fyrst lýst ráðstöfunum í ríkisfjármálum og peningamálum, sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að grípa til þegar í stað til að koma á betra jafnvægi í þjóðarbúskapnum en þar á eftir verður efnahagsstefnunni til lengri tíma lýst í nánari atriðum.

1. Ráðstafanir í efnahagsmálum

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 1988 verður lagt fram hallalaust og dregið úr lántökum ríkisins. Ríkissjóður mun ekki taka ný erlend lán á næsta ári. Þá miðar lánsfjárlagafrumvarp að miklum samdrætti í erlendum lántökum í heild árið 1988. Gripið hefur verið til almennra ráðstafana til að draga úr erlendum lántökum með lántökugjaldi og innlendri fjármögnunarkvöð. Flýting aðgerða til tekjuöflunar mun í senn draga úr innflutningi og bæta stöðu ríkissjóðs á þessu ári og því næsta.

- Innflutningsgjald á bifreiðum hækkar frá og með 12. október misjafnlega mikið eftir stærð bifreiða, mest á stærri gerðum.

- Fækkun undanþága frá söluskatti verður flýtt. Frá 1. nóvember falla niður söluskattsundanþágur á matvælum. Frá þeim tíma munu öll matvæli bera 10% söluskatt. Jafnframt verður 75 milljónum króna varið til tímabundinna niðurgreiðslna á búvöru.

- Verð á áfengi og tóbaki hækkar um 8% að meðaltali frá og með 12. október.

Auk ráðstafana til að bæta stöðu ríkissjóðs hefur ríkisstjórnin ákveðið aðgerðir til að efla innlendan sparnað og bæta jafnvægi á lánamarkaði.

- Bönkum og sparisjóðum verður heimilað að bjóða gengisbundna innlánssreikninga og gefið svigrúm til að lána út með sambærilegum kjörum, meðal annars mun ríkissjóður bjóða gengisbundin skuldabréf og víxla í þessu skyni.

- Einstaklingum og fyrirtækjum verður heimilað að eignast erlend verðbréf. Heimildir íslenskra fyrirtækja til að fjárfesta í atvinnurekstri erlendis og styrkja þannig viðskiptastöðu sína verða rýmkaðar. Íslendingum verður heimilað að kaupa skuldabréf ríkisins og annarra íslenskra aðila sem til sölu eru á verðbréfamörkuðum erlendis. Þá verða veittar heimildir til kaupa á öðrum tryggum verðbréfum.

- Ríkissjóður mun bjóða gengisbundin spariskírteini til sölu á innlendum markaði.

- Jafnframt því sem haldið verður óbreyttum kjörum á tveggja ára spariskírteinum ríkissjóðs sem selst hafa vel að undanförnu verða önnur spariskírteini boðin fram með betri kjörum í samræmi við markaðsaðstæður.

- Vextir af ríkisvíxlum verða endurskoðaðir reglulega en jafnframt boðnir ríkisvíxlar til lengri tíma en verið hefur.

- Sala og dreifing spariskírteina og ríkisvíxla verður endurbætt.

- Til þess að hvetja þá sem hyggja á erlendar lántökur til að fresta áformum sínum og draga þannig úr innstreymi erlends lánsfjár á næstunni verður gjald á erlendar lántökur fellt niður við lok næsta árs.

- Rutt verður úr vegi skattalegum hindrunum þess að almenningur spari í formi hlutafjárkaupa.

- Ríkisstjórnin mun afnema ríkisábyrgð á skuldbindingum opinberra fjárfestingarlánasjóða.

Á næstunni verður fylgst nákvæmlega með því hvort þörf verður fyrir frekari aðgerðir til að tryggja nægilegt aðhald í útlánum bankanna.

Stöðugt gengi krónunnar er hornsteinn efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar þar sem fast gengi er forsenda stöðugleika í verðlagsmálum. Markmið ríkisstjórnarinnar er að brjótast út úr vítahring verðbólgunnar og leggja þannig grunn að jafnvægi í efnahagsmálum sem er forsenda áframhaldandi hagvaxtar og velmegunar. Til áréttingar þessari stefnu hefur Seðlabankinn með samþykki ríkisstjórnarinnar ákveðið að gengi krónunnar verði haldið stöðugu miðað við vægi erlendra gjaldmiðla í viðskiptum þjóðarinnar við útlönd. Ásamt aðhaldi í ríkisfjármálum og peningamálum er fastgengisstefnunni ætlað sporna við verðbólgu. Jafnframt er með þessu eytt þeirri óvissu sem ríkt hefur í efnahagsmálum að undanförnu og mótuð almenn umgjörð fyrir ákvarðanir og efnahagsleg samskipti í hagkerfinu.

2. Peningamál

Stjórn peningamála verður miðuð við það að framvindan á peningamarkaði samrýmist verðbólgu- og viðskiptajafnaðarmarkmiðum ríkisstjórnarinnar. Lánastofnunum verður veitt aðhald innan ramma gildandi laga. Sýnt er að raunvextir munu haldast allháir á næstunni. Seðlabankinn mun ársfjórðungslega gera grein fyrir þróun raunvaxta hér á landi í samanburði við viðskipta- og samkeppnislönd. Einnig verður fylgst með vaxtamun. Þá mun ríkisstjórnin stuðla að því að innlendur sparnaður aukist, meðal annars með þeim ráðstöfunum sem lýst var hér að framan. Ein helsta forsenda lækkunar raunvaxta er betra jafnvægi í ríkisfjármálum og miðar fjárlagafrumvarp fyrir næsta ár að því marki.

Dregið verður úr ábyrgð ríkisins á og afskiptum af bankarekstri og lánastarfsemi. Stefnt verður að samruna banka með því að setja um það efni almennar reglur, en einnig með endurskipulagningu á viðskiptabönkum í eigu ríkisins. Markmiðið er að ná aukinni hagkvæmni og rekstraröryggi í bankakerfinu en tryggja jafnframt eðlilega samkeppni milli alhliða viðskiptabanka. Stefnt verður að því að heimila þátttöku erlendra aðila í bankastarfsemi hér á landi samkvæmt ákveðnum reglum.

Við ríkjandi þensluaðstæður er óhjákvæmilegt að þrengja heimildir til erlendrar lántöku með því að gera auknar kröfur um innlenda fjáröflun. Meðal fyrstu aðgerða ríkisstjórnarinnar var að leggja 3% tímabundinn skatt á erlendar lántökur og sérstakt ríkisábyrgðargjald í því skyni að halda aftur af erlendum lántökum. Í framhaldi af þessum ráðstöfunum hafa heimildir til erlendrar lántöku verið þrengdar um sinn. Meginreglan verður að erlend lán séu ekki tekin vegna innlends kostnaðar við framkvæmdir. Hliðstæðar reglur skulu gilda um kaup- og fjármögnunarleigu. Eins og áður sagði gilda þessar takmarkanir til ársloka 1988. Þá er fyrirhugað að setja reglur um afborgunar- og greiðslukortaviðskipti.

3. Ríkisfjármál

Meginmarkmið stefnunnar í ríkisfjármálum eru að koma á jafnvægi í ríkisbúskapnum, stokka upp tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs, og endurmeta útgjaldaþörf ríkisins, herða skattaeftirlit.

Jafnvægi í ríkisbúskapnum er mikilvægur þáttur í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Í starfsáætlun sinni markaði ríkisstjórnin þá stefnu að eyða hallanum á ríkissjóði á þremur árum. Fyrsta skrefið í þessa átt var tekið á miðju sumri. Þegar ríkisstjórnin var mynduð voru gerðar ýmsar ráðstafanir til að afla ríkissjóði viðbótartekna á árinu. Annað skref í þessa átt eru aðgerðir þær í ríkisfjármálum sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að grípa til nú í byrjun október. Loks verður skrefið stigið til fulls með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1988 sem gerir ráð fyrir að ríkissjóður verði rekinn hallalaus á næsta ári.

Endurskoðun á tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs er annað veigamikið atriði í þessari stefnumörkun. Tilgangurinn er að gera skattkerfið einfaldara, skilvirkara og um leið réttlátara. Helstu þættir þessarar endurskoðunar eru:

- Veruleg fækkun söluskattsundanþága. Jafnframt verði skatthlutfallið lækkað og miðað við eina álagningarprósentu. Með þessu væri stigið skref í átt til upptöku virðisaukaskatts.

- Tekjuskattsálagning á atvinnurekstur verður endurskoðuð og einfölduð og að því stefnt að ný skipan taki gildi á árinu 1988.

- Fyrsti áfangi í átt til samræmingar í álagningu launaskatts kemur til framkvæmda á næsta ári, þannig að 1% skattur verður lagður á allar þær atvinnugreinar, sem nú eru undanþegnar greiðslu, nema búrekstur. Launaskattur á aðrar greinar verður óbreyttur frá því sem nú er, eða 3½%.

- Sú tollasamræming og niðurfelling ýmissa smærri vörugjalda, sem verið hefur á döfinni um nokkurra ára skeið, kemur til framkvæmda á næsta ári. Þessi ráðstöfun felur meðal annars í sér lækkun hæstu tolla og niðurfellingu tolla af aðföngum. Í staðinn verður lagt á eitt vörugjald til þess að vega upp tekjutap sem af þessari ráðstöfun hlýst.

- Ríkisfyrirtækjum verður gert að skila arði í ríkissjóð. Lagt verður sérstakt gjald á verktakafyrirtæki sem starfa að varnarliðsframkvæmdum.

- Loks má nefna staðgreiðslu beinna skatta einstaklinga, sem tekin verður upp um næstu áramót.

Framkvæmd og eftirlit með skattalögum verður stórlega hert. Veigamikil forsenda þess er, að skattkerfið verði einfaldara og undanþágum fækkað eins mikið og kostur er. Jafnframt verður bókhaldseftirlit eflt, bæði hjá skattstofum og innheimtuaðilum, eftir því sem við verðu komið, auk þess sem eftirlitsstarfsemi ríkisstjóra og skattrannsóknarstjóra verður aukin. Þessu verður síðan fylgt eftir með hertum viðurlögum við skattalagabrotum.

Útgjaldaáform ríkissjóðs verða endurmetin með það fyrir augum að tryggja sem besta nýtingu skatttekna í þágu almennings. Mikilvægur þáttur í þessu endurmati er að draga sem mest úr sjálfvirkni ríkisútgjalda. Jafnframt verður sjálfstæði og rekstrarábyrgð ríkisstofnana aukin og fjárhagsleg ábyrgð stjórnenda efld. Fyrsta skref í átt til aukins fjárhagslegs sjálfstæðis sveitarfélaga verður stigið um næstu áramót með tilflutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Hlutur velferðarmála í útgjöldum ríkisins eykst á kostnað framlaga til atvinnuvega.

- Endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti til sjávarútvegs er helmingi lægri fjárhæð en í ár.

- Fjármagnstilfærslur til ýmiss konar starfsemi í tengslum við landbúnað og iðnað eru lækkaðar.

- Niðurgreiðslur og útflutningsuppbætur vegna landbúnaðarafurða lækka að raungildi.

- Framlög til fjárfestingarlánasjóða eru afnumin.

- Ráðstöfunarfé bygingarsjóða er aukið bæði af ríkisframlagi og fjáröflun hjá lífeyrissjóðunum.

- Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna er stóraukið til að draga úr skuldasöfnun hans.

- Auknu fé er varið til samgöngubóta á landi og í lofti til að treysta byggð í landinu.

- Aukin áhersla er lögð á málefni fatlaðra með því að auka framlög til byggingar og reksturs heimila og dvalarstaða fyrir fatlaða.

4. Atvinnumál

Stefna ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum er rakin ítarlega í starfsáætlun hennar. Hér verður látið nægja að nefna nokkra mikilvæga þætti hennar. Ríkisstjórnin telur að hlutverk ríkisins í atvinnumálum sé einkum að tryggja að almenn skilyrði atvinnustarfsemi séu stöðug og jöfn að því er varðar verðlag, gengi, skatta og lánskjör en ekki að skipta sér af eða reka atvinnufyrirtæki.

Núgildandi lög um stjórn fiskveiða renna út um næstu áramót. Samkvæmt starfsáætlun ríkisstjórnarinnar skal fiskveiðistefnan endurskoðuð og stefna mörkuð er taki gildi í upphafi næsta árs. Sjávarútvegsráðherra hefur skipað fulltrúa þingflokka og helstu hagsmunaaðila og stofnana sem tengjast sjávarútvegi í sérstaka nefnd sér til ráðuneytis við mótun þessarar stefnu.

Stefna ríkisstjórnarinnar er að frjáls verðlagning sé meginreglan í viðskiptum þar sem samkeppnisaðstæður leyfa. Aðhald að verðmyndun í innflutningsverslun verði aukið með bættri verðgæslu og samanburðarathugunum á verði hér og í öðrum löndum. Skipan útflutningsverslunar verður einfölduð og færð til meira frjálsræðis þar sem aðstæður á erlendum mörkuðum leyfa.

Á sama hátt og fríverslun er meginstefna ríkisstjórnarinnar varðandi viðskipti með vörur og þjónustu telur hún að auka beri frjálsræði í gjaldeyrisverslun og fjármagnshreyfingum milli Íslands og annarra landa. Stefnt er að því að draga úr skilaskyldu útflytjenda á gjaldeyri og hömlum á erlendri fjárfestingu í atvinnufyrirtækjum. Nauðsynlegt er að endurskoða og samræma lög og reglur um erlent fjármagn í íslensku atvinnulífi. Markmiðið er að erlent áhættufé geti komið í staðinn fyrir erlent lánsfé við fjármögnun atvinnufyrirtækja hér á landi. Jafnan verður þó tryggt að erlendir aðilar nái ekki tökum á náttúruauðlindum lands og sjávar. Forsætisráðherra hefur skipað sérstaka nefnd til að undirbúa þessar breytingar.

Þá hefur ríkisstjórnin ákveðið að skipa nefnd til að endurskoða löggjöf um starfshætti og stjórn fjárfestingarlánasjóða. Endurskoðunin mun jafnframt ná til eignarhalds sjóða og ríkisábyrgðar. Markmiðið er einkum tvíþætt. Í fyrsta lagi að hverfa frá hefðbundinni atvinnugreinaskiptingu sjóðanna þannig að nýjar greinar standi jafn vel að vígi og gamlar hvað varðar aðgang að lánsfé. Í öðru lagi stefnir ríkisstjórnin að því að draga úr afskiptum sínum af starfsemi fjárfestingarlánasjóða, meðal annars með afnámi ríkisábyrgðar eins og áður sagði.

III. FRAMVINDAN 1987

Skemmst er frá því að segja að mikil þensla hefur sett svip sinn á framvindu efnahagsmála það sem af er árinu. Margir þættir hafa lagst á eitt til að skapa þessa þenslu. Tekjuaukning í sjávarútvegi hefur verið mikil vegna aukins fiskafla og verðhækkana á erlendum mörkuðum. Ríkissjóður hefur verið rekinn með halla. Útlán bankakerfisins hafa aukist mikið og erlent lánsfé hefur streymt inn í landið. Meðal annars af þessum sökum hefur ríkt mikil spenna á vinnumarkaði og almennar launahækkanir hafa farið langt fram úr því sem gert var ráð fyrir í kjölfar kjarasamnings ASÍ og VSÍ frá því í desember á síðasta ári. Jafnframt hefur kaupmáttur atvinnutekna aukist verulega umfram það sem samningarnir gerðu ráð fyrir.

Þetta hefur leitt til mun meiri aukningar útgjalda en reiknað var með í áætlunum fyrr á árinu með tilsvarandi veltuaukningu í ýmsum atvinnugreinum og vaxandi innflutningi. Jafnframt hafa horfur um verðlagsþróun sífellt versnað eftir því sem á árið hefur liðið. Hér á eftir verður gerð grein fyrir forsendum og niðurstöðum endurskoðaðrar þjóðhagsspár fyrir árið 1987.

Afli og útflutningsframleiðsla

Fyrri áætlanir fyrir þetta ár hafa byggst á því að á þessu ári yrði þorskafli 380 þúsund tonn, afli annarra botnfisktegunda 290 þúsund tonn, rækjuafli 36 þúsund tonn og loðnuafli 900 þúsund tonn. Aflabrögð fyrstu átta mánuði ársins gefa hins vegar tilefni til að endurskoða þessar áætlanir. Nú er gert ráð fyrir að á þessu ári verði þorskafli 390 þúsund tonn og rækjuafli 40 þúsund tonn. Á hinn bóginn er reiknað með heldur minni afla annarra botnfisktegunda, eða 282 þúsund tonnum, en óbreyttum loðnuafla þótt óvissa ríki um loðnuveiðar nú í haust. Í ljósi þessara aflahorfa gæti sjávarvöruframleiðsla aukist um 7% á föstu verði frá síðasta ári samanborið við 5½% í fyrri áætlunum.

Horfur eru á að framleiðsla í útflutningsgreinum öðrum en sjávarútvegi aukist um 3% að raungildi á þessu ári og er þetta heldur minni aukning en spáð hefur verið áður. Þetta á einkum við um framleiðslu á áli og kísiljárni. Samtals er nú gert ráð fyrir að útflutningsframleiðsla aukist um 6% að raungildi á árinu. Vöruútflutningur í heild er hins vegar ekki talinn aukast um nema 2% þar sem mjög mikið var selt úr birgðum sjávarvöru á síðasta ári en litlar líkur eru á að svo verði á þessu ári. Raunar voru sjávarvörubirgðir því sem næst uppurnar í ársbyrjun.

Hagur atvinnuvega

Þegar á heildina er litið hefur afkoma fyrirtækja í sjávarútvegi verið mun betri undanfarin tvö ár en mörg ár þar á undan. Flest bendir til þess að á árinu 1986 hafi botnfiskveiðar og vinnsla í heild verið reknar án halla og að á þessu ári muni þær skila nokkrum hagnaði. Áætlun, sem tekur mið af aðstæðum nú í byrjun október, gefur til kynna að botnfiskvinnsla í heild sé enn rekin með hagnaði, einkum söltun. Þó ríkir nokkur óvissa um þróun launa- og hráefniskostnaðar að undanförnu. Botnfiskveiðar eru hins vegar reknar með hagnaði miðað við núverandi rekstrarskilyrði. Hagur rækjuvinnslu hefur versnað mjög síðustu mánuði vegna lækkunar á verði rækju á erlendum mörkuðum. Þá er afkoma loðnuvinnslu slæm en loðnuveiða óviss.

Álframleiðsla verður nokkru minni á þessu ári en áður hefur verið reiknað með vegna framleiðsluerfiðleika í sumar. Á hinn bóginn hefur álverð hækkað mjög að undanförnu og gert er ráð fyrir að álverksmiðjan skili hagnaði á árinu. Samdráttur hefur einnig orðið í kísiljárnframleiðslu og er reiknað með að tap verði á rekstri járnblendiverksmiðjunnar á þessu ári.

Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um afkomu í öðrum atvinnugreinum á þessu ári. Í því efni er við fátt annað að styðjast en tölur um veltubreytingar á fyrri hluta ársins og upplýsingar um innlenda verðlags- og kostnaðarþróun á árinu. Samkvæmt söluskattsframtölum hefur heildarvelta í ýmsum greinum verslunar og þjónustu aukist töluvert umfram hækkun verðlags á fyrri hluta þessa árs og ekkert bendir til að afkoma í þessum greinum sé slæm um þessar mundir. Þá virðist sem veruleg veltuaukning hafi átt sér stað í vörugreinum iðnaðar á þessu ári. Á hinn bóginn er ljóst að mikil hækkun innlends kostnaðar ásamt stöðugu gengi það sem af er árinu hefur þrengt hag innlendra samkeppnisgreina. Raungengi krónunnar hefur hækkað talsvert á þessu ári og er það nú svipað og það var á árunum 1980 og 1981 en 15—20% hærra en árið 1983.

Ríkisfjármál og peningamál

Hallarekstur ríkissjóðs og fjármögnun hans með erlendri lántöku og yfirdrætti í Seðlabanka hefur átt sinn þátt í þeirri þenslu sem einkennt hefur þjóðarbúskapinn á þessu ári. Fyrstu átta mánuði ársins var tekjuhalli A-hluta ríkissjóðs tæplega 2,9 milljarðar króna. Á sama tíma var peningaleg eignaaukning ríkissjóðs 1,5 milljarðar króna. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs mánuðina janúar til ágúst var því tæplega 4,4 milljarðar króna og var henni mætt með erlendri lántöku að fjárhæð 1,5 milljarðar króna, innlendri lántöku að upphæð 1 milljarður króna, einkum hjá innlánsstofnunum, og 1,9 milljarða króna yfirdrætti í Seðlabanka. Þessar tölur fara nærri því sem gert var ráð fyrir í áætlun á miðju sumri um stöðu ríkissjóðs á þessu ári að öðru leyti en því að innlend lántaka hefur verið mun minni en þar var reiknað með en erlend lántaka og yfirdráttur í Seðlabankanum að sama skapi meiri. Aðhaldsaðgerðir ríkisstjórnarinnar nú í október fela hins vegar í sér nokkrar viðbótartekjur fyrir ríkissjóð á þessu ári og bæta þar með stöðu hans lítillega.

Yfirlit ríkisfjármála 1987

Fjárhæðir í milljónum króna.

	Fjárlög 1987	Ný áætlun 1987	Staða jan.-ágúst 1987
Tekjuafgangur/halli	−2.843	−2.110	−2.853
— % af VLF	−1,4	−1,0	−1,4
— % af tekjum	−6,6	−4,4	−11,0
Peningaleg eignaaukning	−180	1.267	1.506
— % af VLF	−0,1	0,6	0,7
Hrein lánsfjárþörf	2.663	3.377	4.359
— % af VLF	1,3	1,7	2,2
— innl. lántaka, nettó	2.370	1.906	994
— erl. lántaka, nettó	370	620	1.481
— Seðlabanki, nettó	−77	851	1.884

Töluverðrar þenslu hefur gætt í peningamálum á þessu ári og hefur hún komið fram í því að bæði inn- og útlán hafa aukist verulega umfram hækkun lánskjaravísitölu. Þá hefur sú breyting átt sér stað á þessu ári frá því sem var á árunum 1985 og 1986 að útlán hafa aukist með svipuðum hraða og innlán. Frá áramótum til ágústloka jukust heildarinnlán innlánsstofnana um 24% en heildarútlán um 29%. Heildarútlán að frádregnum afurðalánum og lánum til ríkissjóðs jukust hins vegar um tæplega 25%. Á sama tíma hækkaði lánskjaravísitalan um 13%. Mikið framboð lánsfjár í bankakerfinu stafar ekki síst af því að aðgangur að erlendu lánsfé hefur verið greiðari en áður, meðal annars vegna nýlegra reglna um gengisbundin afurðalán og fjármögnunar- og kaupleigustarfsemi. Nú er gert ráð fyrir því að erlendar lántökur til lengri tíma en eins árs verði um 12,4 milljarðar króna á þessu ári en lánsfjáráætlun gerði ráð fyrir lántökum erlendis að fjárhæð 8,2 milljarðar króna. Helming þessarar aukningar, eða 2 milljarða króna, má rekja til erlendrar lántöku fjármögnunarleiga. Margir þættir hafa lagst á eitt til að skapa mikla eftirspurn eftir lánsfé. Má þar nefna mikinn uppgang í sjávarútvegi, sem jafnan hefur mikla fjárfestingu í för með sér, hallarekstur ríkissjóðs og lánsloforð byggingarsjóða.

Vextir eru nú mun hærri hér en áður hefur tíðkast. Frá því vaxtaákvarðanir voru færðar frá Seðlabanka til banka og sparisjóða 1. nóvember á síðasta ári hafa vextir innlánsstofnana hækkað verulega vegna mikillar eftirspurnar eftir lánsfé. Þannig voru raunvextir langra

verðtryggðra skuldabréfalána hjá bönkum og sparisjóðum 5% í október í fyrra en nú í september voru þeir á bilinu 8½—9%. Vextir af spariskírteinum ríkissjóðs voru hækkaðir úr 6,5% í 7,2—8,5% um miðjan ágúst. Á almennum fjármagnsmarkaði eru vextir hins vegar mun hærri en þetta.

Tekjur, verðlag og kaupmáttur

Í kjölfar kjarasamnings ASÍ og VSÍ í desember á síðasta ári var reiknað með því að atvinnutekjur á mann yrðu að meðaltali 22—23% hærri á þessu ári en í fyrra. Raunin hefur hins vegar orðið sú að almennar launahækkanir á árinu hafa orðið mun meiri. Nú bendir allt til að atvinnutekjur á mann hækki að meðaltali um 37—38% milli áranna 1986 og 1987. Þessar miklu launahækkanir stafa ekki síst af þeirri eftirspurnarþenslu sem ríkt hefur í hagkerfinu á árinu og hefur meðal annars leitt til mikillar spennu á vinnumarkaði.

Eftir því sem á árið hefur liðið hafa horfur um verðbólgu sífellt versnað. Í ársbyrjun var því spáð — meðal annars á grundvelli áætlana um launaþróun — að vísitala framfærslukostnaðar mundi hækka um 14½% frá meðaltali síðasta árs en um 11—12% frá upphafi til loka þessa árs. Nú eru hins vegar horfur á að hækkun vísitölunnar frá síðasta ári verði 18—19% en um 25% á þessu ári. Þessa breytingu má einkum rekja til fjögurra þátta. Í fyrsta lagi hefur eftirspurnarþensla verið mikil eins og áður sagði. Í öðru lagi hefur innlendur kostnaður hækkað verulega, meðal annars vegna mikilla launahækkana. Í þriðja lagi hefur verð opinberrar þjónustu hækkað meira en gert var ráð fyrir í upphafi árs. Loks hafa aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, bæði frá því í sumar og nú í byrjun október, falið í sér hækkun óbeinna skatta, sem óhjákvæmilega hefur áhrif til hækkunar verðlags.

Þrátt fyrir meiri verðbólgu en spáð var í upphafi árs er ljóst að aukning kaupmáttar á þessu ári fer langt fram úr því sem gert var ráð fyrir í ársbyrjun. Þá var reiknað með að kaupmáttur atvinnutekna á mann yrði að jafnaði 7% hærri á þessu ári en í fyrra. Nú virðist hins vegar stefna í að aukningin verði um 16%. Kaupmáttur ráðstöfunartekna gæti aukist enn meira vegna léttari byrði af beinum sköttum á þessu ári en í fyrra. Að langstærstum hluta kom þessi kaupmáttaraukning fram á fyrsta og öðrum ársfjórðungi og er reiknað með að kaupmáttur haldist því sem næst óbreyttur á síðari helmingi ársins.

Hlutfall launa af þjóðartekjum hefur sveiflast verulega á undanförnum árum. Árið 1982 fór það í um 70% en lækkaði mjög á næstu tveimur árum og var um 60% árið 1984. Síðan hefur það hækkað ört og benda áætlanir til að það verði um 71% á þessu ári, eða hærra en um langt árabil.

Þjóðarútgjöld

Þjóðarútgjöld eru nú talin verða mun meiri á þessu ári en gert hefur verið ráð fyrir í fyrri spám. Þetta má fyrst og fremst rekja til aukinna einkaneysluútgjalda vegna mikillar kaupmáttaraukningar á árinu. Þá er einnig gert ráð fyrir því að fjárfesting verði töluvert meiri en í fyrri áætlunum.

Sú mikla kaupmáttaraukning sem átti sér stað á fyrri hluta ársins hefur meðal annars komið fram í stórauknum einkaneysluútgjöldum heimilanna. Þessa sér merki í mikilli veltuaukningu í ýmsum greinum sem selja vörur sínar og þjónustu á innlendum markaði og í stórauknum innflutningi. Á fyrri helmingi ársins var velta í ýmsum verslunar- og þjónustugreinum 17–18% meiri að raungildi en á sama tíma í fyrra. Þá var almennur innflutningur — að olíuinnflutningi undanskildum — fyrstu átta mánuði ársins um fjórðungi meiri í föstu gengi en sömu mánuði á síðasta ári. Gert er ráð fyrir því að heldur dragi úr þessari þenslu á síðari helmingi ársins meðal annars vegna minni kaupmáttaraukningar en á fyrri hluta ársins og vegna þeirra aðhaldsaðgerða sem ríkisstjórnin hefur nú gripið til. Á þessum forsendum er því spáð að fyrir árið í heild aukist einkaneysla um 12% að raungildi frá árinu 1986.

Ekki er reiknað með neinum breytingum á fyrri áætlunum um samneysluútgjöld á þessu ári og er áfram búist við því að þau aukist um 4% að raungildi frá síðasta ári. Á hinn bóginn er nú gert ráð fyrir nokkru meiri fjárfestingu á árinu en áður meðal annars í ljósi mikils innflutnings á vélum og tækjum á fyrri hluta ársins. Í heild gæti því fjárfesting aukist um 8% að raungildi frá síðasta ári.

Samtals felst í þessum áætlunum spá um tæplega 10% aukningu neyslu- og fjárfestingarútgjalda að raungildi á þessu ári. Að teknu tilliti til þess að reiknað er með að lítið sem ekkert verði selt úr birgðum á þessu ári samanborið við töluverða birgðasölu í fyrra verður útgjaldaaukningin í reynd enn meiri, eða rúmlega 11%.

Utanríkisviðskipti

Horfur um viðskiptakjör á þessu ári eru nú heldur betri en gert var ráð fyrir í júlí. Þá var reiknað með að viðskiptakjörin í heild yrðu að meðaltali um 5½% betri í ár en í fyrra en nú er reiknað með að viðskiptakjarabatinn verði um 6%. Verð á sjávarafurðum hefur haldið áfram að hækka auk þess sem líkur eru á að útflutningsverð iðnaðarvöru verði nokkru hærra í ár en áður hefur verið reiknað með. Þetta á einkum við um verð á áli sem hefur hækkað verulega undanfarna mánuði. Nú er gert ráð fyrir að verð útflutningsvöru verði í heild rúmlega 14% hærra í krónum talið á þessu ári en í fyrra en verð innflutningsvöru tæplega 8% hærra. Í heild gætu því viðskiptakjör vöru batnað um 6% frá síðasta ári.

Sú mikla eftirspurn sem verið hefur á fyrri hluta ársins hefur haft í för með sér mikla aukningu vöruinnflutnings. Fyrstu átta mánuði ársins var vöruinnflutningur í heild þriðjungi meiri en á sama tíma í fyrra. Vöruútflutningur sömu mánuða jókst hins vegar aðeins um fimmtung milli ára. Þetta hefur leitt til lakari vöruskiptajafnaðar við útlönd á þessu ári en á sama tíma í fyrra. Vöruskiptajöfnuðurinn var hagstæður um rúmlega 2 milljarða króna fyrstu átta mánuði ársins og vantar ríflega 2 milljarða króna upp á vöruskiptaafgang sömu mánuði á síðasta ári. Gert er ráð fyrir að vöruskiptajöfnuðurinn verði ívið lakari á síðari hluta ársins en í fyrra vegna mikils innflutnings skipa og flugvéla. Því er áætlað að í heild verði afgangur af vöruskiptum við útlönd tæplega 1½ milljarður króna í ár samanborið við tæplega 4 milljarða króna afgang á síðasta ári.

Þjónustuviðskipti — að vaxtagreiðslum undanskildum — reyndust nokkuð óhagstæðari á fyrri helmingi ársins en á sama tíma í fyrra. Þannig var um ½ milljarður króna afgangs af þjónustuviðskiptunum fyrstu sex mánuði þessa árs, samanborið við 1 milljarð króna í afgang sömu mánuði í fyrra. Hins vegar eru líkur á því að þjónustujöfnuðurinn sýni aðeins um 2 milljarða króna afgang á þessu ári, sem er óhagstæðari niðurstaða en í fyrra og munar þar tæplega 1 milljarði króna og má meðal annars rekja það til aukinna útgjalda Íslendinga erlendis. Horfur um vaxtajöfnuð á árinu eru óbreyttar frá fyrri spám þrátt fyrir að vextir erlendis hafi heldur þokast upp á við að undanförnu. Hann gæti því orðið óhagstæður um tæplega 6 milljarða króna á árinu.

Að öllu samanlögðu felst í þessum áætlunum spá um tæplega 2½ milljarð króna í viðskiptahalla á þessu ári sem svarar til rúmlega 1% af landsframleiðslu samanborið við um ½% í fyrri áætlunum fyrir þetta ár. Á síðasta ári var hins vegar afgangur af viðskiptum við útlönd sem nam tæplega ½% af landsframleiðslu.

Erlendar lántökur til lengri tíma en eins árs umfram afborganir af eldri lánum eru taldar verða tæplega 6 milljarðar króna á þessu ári. Samkvæmt því verða erlendar langtímaskuldir þjóðarbúsins í árslok um 83 milljarðar króna á gengi í lok júní sl. Hlutfall erlendra skulda af landsframleiðslu verður þá rúmlega 40%, samanborið við 47% í árslok 1986. Nettóstaða þjóðarbúsins gagnvart útlöndum lækkar hins vegar úr rúmlega 45% af landsframleiðslu í árslok 1986 í 37% í lok þessa árs. Gert er ráð fyrir að greiðslubyrði vegna afborgana og vaxtagreiðslna af erlendum lánum nemi tæplega 16% af útflutningstekjum á þessu ári, sem er talsvert léttari greiðslubyrði en á síðasta ári en þá var hún um 19% af útflutningstekjum.

Yfirlit þjóðhagsspár fyrir árið 1987

Sú endurskoðun á þjóðhagsspá fyrir árið 1987 sem lýst hefur verið hér að framan gefur til kynna meiri hagvöxt á þessu ári en fyrri áætlanir. Nú er gert ráð fyrir að hagvöxtur á mælikvarða landsframleiðslu verði rúmlega 6½% í ár. Þessi hagvöxtur stafar fyrst og fremst af mikilli aukningu þjóðarútgjalda á árinu, einkum einkaneysluútgjalda, sem haft hefur í för með sér mikil umsvif í verslun og þjónustu. Á hinn bóginn dregur mikil aukning innflutnings, sem að hluta má rekja til aukinnar einkaneyslu, verulega úr hagvexti á þessu ári. Í heild draga utanríkisviðskiptin að birgðabreytingum meðtöldum úr hagvexti um nálægt 3% á þessu ári.

Yfirlit þjóðhagsspár árið 1987

	Breyting frá fyrra ári %	Hlutdeild í hagvexti %
Einkaneysla	12,0	7,4
Samneysla	4,0	0,7
Fjárfesting	8,0	1,4
Birgðabreytingar	—	1,2
Þjóðarútgjöld	11,2	10,7
Útflutningur vöru og þjónustu	2,9	1,2
Innflutningur vöru og þjónustu	15,1	−5,3
Viðskiptajöfnuður, án vaxta	—	−4,1
Landsframleiðsla	6,6	6,6

Áætlun um framleiðsluaukningu eftir atvinnugreinum bendir til ívið meiri aukningar landsframleiðslu á þessu ári en ofangreind spá, eða um 7½%, og má meðal annars rekja þann mun til ólíkra uppgjörsaðferða. Verslun, samgöngur, þjónusta og starfsemi hins opinbera eiga stærstan hlut í þessari framleiðsluaukningu, eða rúmlega 5½%, en sjávarútvegur, iðnaður og byggingarstarfsemi innan við 2%.

Framleiðsla atvinnuvega árin 1986 og 1987

	Breytingar í framleiðslu		Hlutdeild í hagvexti	
	1986	1987	1986	1987
	%	%	%	%
Landbúnaður og vinnsla búvöru	−2,5	2,2	−0,2	0,1
Fiskveiðar og fiskvinnsla	13,8	5,8	2,0	0,9
Almennur iðnaður	4,5	4,6	0,5	0,5
Byggingarstarfsemi	−3,0	6,0	−0,2	0,4
Verslun og veitingarekstur	6,5	12,5	0,8	1,5
Starfsemi hins opinbera	3,9	6,5	0,5	0,8
Samgöngur, þjónusta o. fl.	5,8	9,1	2,2	3,3
Framleiðslan í heild	5,5	7,5	5,5	7,5

IV. HORFUR 1988

Efnahagshorfur fyrir árið 1988 benda til þess að í besta falli verði hægt að halda í horfinu með þjóðartekjur og kaupmátt miðað við það sem verður á þessu ári. Síðastliðin tvö til þrjú ár hefur hagvöxtur hér á landi á mælikvarða landsframleiðslu verið að jafnaði 5½—6% á ári. Þjóðartekjur hafa aukist enn örar á þessu tímabili, eða um 7—7½% á ári að meðaltali, vegna batnandi viðskiptakjara. Nú eru hins vegar horfur á því að á næsta ári dragi verulega úr hagvexti. Þetta stafar einkum af því að ekki er reiknað með að útflutningsframleiðsla aukist nema lítillega þar sem talið er nauðsynlegt að draga úr fiskafla frá því sem hann verður í ár og ekki eru horfur á að viðskiptakjör batni í viðlíka mæli og á undanförnum árum. Miðað við forsendur þessarar áætlunar er gert ráð fyrir að landsframleiðsla og þjóðartekjur verði því sem næst óbreytt á árinu 1988 frá þessu ári.

Á árunum 1985 og 1986 var aukning þjóðarútgjalda minni en aukning þjóðartekna en á þessu ári hefur þetta snúist við og þjóðarútgjöld aukist meira en þjóðartekjur. Meðal annars af þessum sökum hefur verðbólga farið vaxandi og viðskiptahalli aukist að undanförnu. Því virðist ljóst að veruleg hætta er á því að jafnvægisleysis gæti í efnahagsmálum á árinu 1988 ef ekki tekst að halda aftur af aukningu þjóðarútgjalda á næstunni. Í ljósi þessa hefur ríkisstjórnin markað stefnu í efnahagsmálum sem miðar að því að veita öllum þáttum þjóðarútgjalda aðhald á næstunni.

Hér á eftir er helstu atriðum í efnahagshorfum fyrir árið 1988 lýst. Þessar horfur mótast annars vegar af almennum efnahagsskilyrðum, jafnt innlendum sem erlendum, og hins vegar af stefnu þeirri í efnahagsmálum sem ríkisstjórnin hefur mótað til að stuðla að hjöðnun verðbólgu og til að sporna við auknum viðskiptahalla á næsta ári og lýst er nánar hér að framan.

Eins og jafnan á þessum árstíma eru ýmsar mikilvægar forsendur spár um framvindu efnahagsmála á næsta ári óráðnar. Af innlendum forsendum ber fyrst að nefna að fiskveiðistefnan fyrir næsta ár hefur ekki enn verið mótuð og eykur það óvissuna sem jafnan ríkir um væntanlegan sjávarafla. Þá gætir verulegrar óvissu um verðlags- og tekjuþróun á næstu misserum. Hækkun launa um rúmlega 7% um síðustu mánaðamót og sú hækkun óbeinna skatta sem ákveðin hefur verið valda því að verðbólguhraðinn eykst talsvert næstu mánuði. Þá er fram undan gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði fyrir næsta ár. Á miklu ríður að í þeim verði tekið mið af horfum um ytri skilyrði þjóðarbúsins á næsta ári og verður í því sambandi einnig að hafa í huga þá miklu aukningu kaupmáttar sem orðið hefur að undanförnu. Af erlendum forsendum má nefna að óvissa ríkir um áframhaldandi viðskiptakjarabata. Þessu valda jafnt almennar sem sérstakar aðstæður í umheiminum. Hagvöxtur í iðnríkjunum hefur verið fremur hægur undanfarin tvö ár og er ekki talið líklegt að á því verði breyting á næsta ári. Því má búast við tiltölulega lítilli aukningu almennrar eftirspurnar á helstu mörkuðum fyrir íslenskar útflutningsvörur. Þótt eftirspurn eftir íslenskum sjávarafurðum sé mismunandi bæði eftir mörkuðum og tegundum er líklegt að í besta falli verði unnt að halda þeirri miklu hækkun á verði sjávarafurða erlendis sem átt hefur sér stað undanfarin misseri. Afar ólíklegt er að búhnykkur í líkingu við stórfellda lækkun olíuverðs falli þjóðinni í skaut á næstunni. Á þessu ári hefur olíuverð á heimsmarkaði og vextir á alþjóðalánamörkuðum farið heldur hækkandi og gæti sú þróun haldið áfram.

Afli og útflutningsframleiðsla

Eins og áður sagði renna núgildandi lög um stjórn fiskveiða út um næstu áramót. Sjávarútvegsráðherra hefur skipað sérstaka ráðgjafarnefnd fulltrúa þingflokka og helstu hagsmunaaðila og stofnana sem tengjast sjávarútvegi til að vera sér til ráðuneytis við

undirbúning fiskveiðistefnu. Stefnt er að því að frumvarp til nýrra laga um stjórn fiskveiða verði lagt fyrir Alþingi um mánaðamótin október/nóvember nk. Ekki verða teknar ákvarðanir um hámarksafla einstakra tegunda á næsta ári fyrr en þessi lög hafa verið samþykkt. Hafrannsóknastofnun hefur lagt til að verulega verði dregið úr þorskafla næstu tvö árin en nokkra aukningu í öðrum botnfiskafla. Horfur um afla á næsta ári verða óvissar þar til reglur um veiðitakmarkanir liggja fyrir en nokkur samdráttur í þorskveiðum virðist óhjákvæmilegur. Breyting á afurðasamsetningu gæti vegið á móti samdrætti í afla og er hér gengið út frá að svo verði. Hvort breytt afurðasamsetning vegur aflasamdráttinn upp að fullu er verulegri óvissu undirorpið og gæti því stefnt í samdrátt útflutningstekna af sjávarafurðum á næsta ári. Horfur um þjóðartekjur og viðskiptajöfnuð mundu versna að sama skapi.

Miðað við óbreytta sjávarvöruframleiðslu á næsta ári gæti útflutningsframleiðslan í heild aukist um 1% að raungildi milli áranna 1987 og 1988 þar sem reiknað er með nokkurri framleiðsluaukningu í útflutningsgreinum öðrum en sjávarútvegi. Munar þar mestu um mikla aukningu í framleiðslu fiskeldisafurða. Einnig er reiknað með því að framleiðsla á áli og kísiljárni aukist um 2% frá þessu ári.

Ekki er reiknað með teljandi birgðabreytingum í útflutningsgreinum á árinu 1988. Þó er talið að heildarvöruútflutningur muni aukast heldur minna en útflutningsframleiðsla, eða um nálægt ½%, vegna lítillar sölu skipa og flugvéla úr landi á næsta ári.

Þjóðarútgjöld

Óvissa ríkir um þróun þjóðarútgjalda á næsta ári sem meðal annars má rekja til óvissu um væntanlega verðlags- og tekjuþróun. Þá er nokkrum erfiðleikum bundið að meta nákvæmlega áhrif þeirra aðhaldsaðgerða í fjármálum og peningamálum sem ríkisstjórnin hefur ákveðið.

Einkaneysluútgjöld, sem vega langþyngst í þjóðarútgjöldum, eða nálægt tveimur þriðju, ráðast að verulegu leyti af ráðstöfunartekjum heimilanna. Hér er reiknað með að einkaneysluútgjöld heimilanna í heild aukist um ½% að raungildi milli áranna 1987 og 1988 á þeirri forsendu að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist ekki. Þessi forsenda fyrir kaupmætti ráðstöfunartekna á næsta ári er vitaskuld óviss ekki síst þar sem kjarasamningar á almennum vinnumarkaði eru lausir frá og með næstu áramótum. Á hinn bóginn er ljóst að ekki er svigrúm fyrir almenna aukningu á kaupmætti ráðstöfunartekna á næsta ári ef ná á markmiðunum um hjöðnun verðbólgu og að dregið verði úr fyrirsjáanlegum viðskiptahalla á árinu 1988.

Útgjaldaáform ríkisins eins og þau koma fram í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1988 eru talin fela í sér um 2% aukningu samneysluútgjalda að raungildi á næsta ári. Þetta er töluvert minni aukning en á þessu ári. Þá er reiknað með að opinberar framkvæmdir í heild dragist saman á næsta ári. Áætlað er að framkvæmdir við raforkuver aukist mikið, en á móti vegur líklegur samdráttur í samgönguframkvæmdum sem má rekja til þess að framkvæmdum við flugstöðina á Keflavíkurflugvelli er lokið. Fjárfesting í heild er þó talin munu aukast á næsta ári þar sem gert er ráð fyrir aukinni fjárfestingu á öðrum sviðum. Munar þar mestu um aukna fjárfestingu í íbúðarhúsabyggingum. Að öllu samanlögðu er því áætlað að fjármunamyndun aukist um 1½% á næsta ári.

Samkvæmt þessu verða neyslu- og fjárfestingarútgjöld í heild á næsta ári um 1% meiri að raungildi en á þessu ári.

Utanríkisverslun

Undanfarin tvö ár hafa viðskiptakjörin í heild batnað mjög mikið, eða um samtals nálægt 11—12%. Hér hefur margt lagst á eitt meðal annars stórfelld lækkun olíuverðs í upphafi árs

1986 en ekki síður hækkun fiskverðs í erlendri mynt sem hefur gert gott betur en vega upp gengislækkun dollarans. Ekki er búist við miklum breytingum á gengi helstu gjaldmiðla á næstu misserum þótt tímabundnar sveiflur muni án efa áfram setja svip á alþjóðagjaldeyrismarkaði. Þá er einnig gert ráð fyrir því að verulega dragi úr hækkun verðs sjávarafurða á erlendum mörkuðum á næstunni. Reiknað er með að verð á sjávarafurðum verði að meðaltali 3% hærra í krónum talið á næsta ári en í ár miðað við óbreytt gengi krónunnar. Þessi verðhækkun er að stærstum hluta þegar komin fram. Ýmislegt bendir til þess að fiskverð erlendis hafi náð hámarki í bili og hefur verð á sumum afurðum, þar á meðal á rækju og skelfiski, lækkað að undanförnu. Verð annarrar útflutningsvöru gæti hækkað töluvert meira, eða um 8%, einkum vegna hækkandi álverðs að undanförnu. Samtals gæti því verð útflutningsvöru í heild hækkað um 4%. Á innflutningshlið er reiknað með að verð almenns vöruinnflutnings — að olíu undanskilinni — fylgi almennri verðþróun í milliríkjaviðskiptum og gæti það því hækkað um 4% í krónum talið frá því sem það verður að meðaltali á þessu ári. Olíuverð á heimsmarkaði hefur heldur farið hækkandi frá því um síðustu áramót. Miðað við að það haldist óbreytt frá því sem það er nú verður það að jafnaði 10% hærra á næsta ári en í ár. Í heild gæti því verð innflutningsvöru hækkað um 4½%. Samtals er því reiknað með að viðskiptakjör vöru verði heldur lakari á árinu 1988 en á þessu ári. Hvað varðar þjónustuviðskipti — að vaxtagreiðslum frátöldum — er hins vegar gert ráð fyrir heldur meiri verðhækkunum á útflutnings- en innflutningshlið. Vextir af lánum í dollurum hafa hækkað nokkuð undanfarna mánuði en lækkað af lánum í öðrum gjaldmiðlum. Þetta stafar að nokkru af ólíkri verðlagsþróun í hinum ýmsu löndum og raunvextir hafa því lítið breyst. Þótt vextir á alþjóðalánamarkaði hafi í heild fremur hækkað að undanförnu og ekki sé búist við umtalsverðum breytingum á næstunnni má gera ráð fyrir því að meðalvextir af erlendum lánum Íslendinga verði svipaðir á árinu 1988 og á þessu ári vegna skuldbreytinga gamalla lána. Að öllu samanlögðu er því spáð að viðskiptakjörin í heild verði því sem næst óbreytt á næsta ári.

Horfur um innflutning á næsta ári eru óljósar þar sem hann ræðst að miklu leyti af þjóðarútgjöldum og þróun raungengis krónunnar gangvart erlendum myntum. Þær áætlanir um útgjaldaþróun, sem lýst var hér að framan, gefa tilefni til að spá um 1—1½% aukningu almenns vöruinnflutnings að raungildi árið 1988. Miklar innlendar verðlagshækkanir á þessu ári umfram verðhækkanir í milliríkjaviðskiptum og stöðugt gengi krónunnar hafa hins vegar gert það að verkum að verðhlutföll hafa breyst innlendum samkeppnisgreinum í óhag. Miðað við að gengi krónunnar verði áfram haldið stöðugu gæti almennur vöruinnflutningur því aukist um allt að 3% að magni til á næsta ári. Þá er gert ráð fyrir að sérstakur vöruinnflutningur aukist talsvert á næsta ári. Samtals er reiknað með að vöruinnflutningur aukist um rúmlega 3½%. Eins og áður sagði er reiknað með að vöruútflutningur aukist um 1% að raungildi milli áranna 1987 og 1988. Þessar áætlanir um vöruútflutning og vöruinnflutning og þær horfur á viðskiptakjörum vöru, sem raktar voru hér að ofan, fela í sér nokkurn halla á vöruviðskiptum við önnur lönd á næsta ári gagnstætt því sem verið hefur undanfarin tvö ár.

Talið er að nokkru meiri afgangur verði af þjónustuviðskiptum — að vaxtagreiðslum undanskildum — á næsta ári en í ár en að vaxtajöfnuðurinn verði ívið óhagstæðari. Að öllu samanlögðu stefnir því í talsvert meiri viðskiptahalla árið 1988 en á þessu ári eða sem gæti svarað til tæplega 2% af landsframleiðslu.

Verðlag

Veruleg óvissa er um þróun verðlags á næsta ári en talsverð hækkun á verðlagi milli ársmeðaltala 1987 og 1988 er fyrirsjáanleg vegna örra verðhækkana síðustu mánuði ársins og í upphafi næsta árs. Hér er þó reiknað með að hækkun verðlags frá upphafi til loka næsta árs verði innan við 10%.

Í þessari áætlun er gert ráð fyrir að gengi krónunnar verði haldið óbreyttu frá því sem það er nú allt næsta ár. Á hinn bóginn er ljóst að undanfarin misseri hefur verðlagsþróun hér á landi verið útflutningsgreinum og innlendum samkeppnisgreinum óhagstæð auk þess sem viðskiptahalli hefur farið vaxandi. Í forsendunni um áframhaldandi fast gengi krónunnar felst því að hratt dragi úr verðbólgu er líða tekur á árið 1988. Forsenda þess að slíkur árangur náist í baráttunni gegn verðbólgu er hvort tveggja í senn: Aðhaldssemi í stjórn ríkisfjármála og peningamála á næsta ári og hófsamir kjarasamningar í vetur.

Yfirlit þjóðhagsáætlunar fyrir árið 1988

Á þeim forsendum fyrir framleiðslu og þjóðarútgjöldum, sem hér hefur verið lýst, verður hagvöxtur á mælikvarða vergrar landsframleiðslu á næsta ári óverulegur. Þjóðartekjur í heild aukast ekki heldur þar sem reiknað er með óbreyttum viðskiptakjörum. Samkvæmt þessu verða landsframleiðsla og þjóðartekjur á mann minni á næsta ári en í ár. Þetta eru mikil umskipti frá því hagvaxtarskeiði sem ríkt hefur undanfarin tvö til þrjú ár og er afar brýnt að útgjaldaákvarðanir einstaklinga, fyrirtækja og hins opinbera taki mið af þeim.

Yfirlit þjóðhagsáætlunar árið 1988

	Breyting frá fyrra ári %	Hlutdeild í hagvexti %
Einkaneysla	0,5	0,3
Samneysla	2,0	0,3
Fjárfesting	1,5	0,3
Birgðabreytingar	—	—
Þjóðarútgjöld	1,0	0,9
Útflutningur vöru og þjónustu	1,0	0,3
Innflutningur vöru og þjónustu	3,0	−1,0
Viðskiptajöfnuður, án vaxta	—	−0,7
Landsframleiðsla	0,2	0,2

Tafla 1. Þjóðhagsyfirlit 1986–1988

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs			Magnbreytingar frá fyrra ári, %[1])		
	Bráðab. 1986	Spá 1987	Þjóðhags-áætlun 1988	Bráðab. 1986	Spá 1987	Þjóðhags-áætlun 1988
1. Einkaneysla	97 970	130 100	154 150	6,5	12,0	0,5
2. Samneysla	27 600	36 320	43 400	6,5	4,0	2,0
3. Fjárfesting	29 030	36 130	41 050	−2,2	8,0	1,5
4. Neysla og fjárfesting, alls	154 600	202 550	238 600	4,6	9,8	1,0
5. Birgðabreytingar[2])	−2 008	−100	.	−0,7	1,3	.
6. Þjóðarútgjöld, alls	152 592	202 450	238 600	3,9	11,2	1,0
7. Útflutningur vöru og þjónustu	63 125	73 450	77 300	6,2	3,0	0,9
8. Innflutningur vöru og þjónustu	56 342	70 050	75 400	0,3	15,1	3,1
9. **Verg landsframleiðsla**	**159 375**	**205 850**	**240 500**	**6,3**	**6,6**	**0,2**
10. Vaxtajöfnuður o.fl.	−6 229	−5 800	−6 300	.	.	.
11. Viðskiptajöfnuður (7.−8.+10.)	554	−2 400	−4 400	.	.	.
12. **Verg þjóðarframleiðsla (9.+10.)**	**153 146**	**200 050**	**234 200**	**6,3**	**6,7**	**0,0**
13. Viðskiptakjaraáhrif[3])	.	.	.	2,5	2,6	0,1
14. **Vergar þjóðartekjur (12.+13.)**	.	.	.	**8,6**	**9,3**	**0,1**
15. Viðskiptajöfnuður sem % af VLF	.	.	.	0,3	−1,2	−1,8
16. Viðskiptajöfnuður sem % af VÞF	.	.	.	0,3	−1,2	−1,8

1) Magnbreytingar 1986 eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1980, en í spá fyrir 1987 og 1988 á verðlagi fyrra árs.
2) Hlutfallstölurnar sýna birgðabreytingar milli ára sem hlutföll af þjóðarframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.
3) Hlutfall af þjóðarframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

Tafla 2. Utanríkisviðskipti 1986–1988

	Milljónir króna (fob.) á verðlagi hvers árs			Magnbreytingar frá fyrra ári, %		
	Bráðab. 1986	Spá 1987	Þjóðhags-áætlun 1988	Bráðab. 1986	Spá 1987	Þjóðhags-áætlun 1988
Útflutningsframleiðsla						
Sjávarafurðir	32 605	40 500	41 700	9,8	7,0	0,0
Ál og kísiljárn	5 539	6 250	7 200	9,2	3,0	2,0
Annað	4 476	5 000	5 600	−6,8	3,0	8,5
Samtals	42 620	51 750	54 500	7,2	6,1	1,0
Útflutt skip og flugvélar	340	600	400	.	.	.
Birgðabreytingar	−2 008	−100	.	.	.	.
Vöruútflutningur, alls	**44 968**	**52 450**	**54 900**	**10,3**	**2,0**	**0,5**
Vöruinnflutningur, alls	**40 988**	**51 050**	**55 300**	**5,6**	**15,6**	**3,6**
Almennur vöruinnflutningur	36 650	45 450	48 900	5,5	15,0	3,0
Þar af olía	3 693	3 350	3 750	2,8	3,0	2,0
Þar af annað	32 957	42 100	45 150	6,1	16,4	3,1
Sérstakur vöruinnflutningur	4 338	5 600	6 400	6,8	20,5	9,0
Vöruskiptajöfnuður	**3 980**	**1 400**	**−400**	.	.	.
Útflutt þjónusta (án vaxta o.fl.)	18 157	21 000	22 400	−3,4	5,4	1,8
Innflutt þjónusta (án vaxta o.fl.)	15 354	19 000	20 100	−13,8	13,8	1,8
Þjónustujöfnuður (án vaxta o.fl.)	**2 803**	**2 000**	**2 300**	.	.	.
Vaxtajöfnuður o.fl.	**−6 229**	**−5 800**	**−6 300**	.	.	.
Viðskiptajöfnuður	**554**	**−2 400**	**−4 400**	.	.	.

Tafla 3. Fjármunamyndun 1986–1988

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs			Magnbreytingar frá fyrra ári, %[1])		
	Bráðab. tölur 1986	Spá 1987	Þjóðhags-áætlun 1988	Bráðab. tölur 1986	Spá 1987	Þjóðhags-áætlun 1988
Fjármunamyndun alls	**29 030**	**36 130**	**41 050**	**−2,2**	**8,0**	**1,5**
Þar af:						
Landsvirkjun, járnblendiverksmiðja og álverksmiðja	653	790	910	−33,1	2,9	3,7
Innflutt skip og flugvélar	1 862	3 000	3 600	61,6	47,8	15,4
Útflutt skip og flugvélar	−340	−600	−400	.	.	.
Önnur fjármunamyndun	26 855	32 940	36 940	−2,9	6,0	−0,5
I Atvinnuvegirnir	**15 545**	**19 080**	**21 190**	**4,4**	**8,3**	**1,2**
1. Landbúnaður[2])	2 020	2 200	2 340	9,5	−5,6	−5,0
2. Fiskveiðar	2 648	3 430	4 300	124,5	14,9	17,7
3. Vinnsla sjávarafurða	1 325	1 560	1 760	−7,3	5,0	5,0
4. Álverksmiðja	130	180	.	33,3	17,7	.
5. Járnblendiverksmiðja	30	30	30	−42,9	−13,3	−14,0
6. Annar iðnaður en 3.–5.	3 310	4 000	4 500	−9,5	8,0	5,0
7. Flutningstæki	1 240	1 550	1 810	−38,2	14,7	12,3
8. Verslunar-, skrifstofu-, gistihús o.fl.	2 470	3 050	3 140	9,7	5,0	−10,0
9. Ýmsar vélar og tæki	2 372	3 080	3 310	−0,3	15,0	−8,0
II Íbúðarhús	**5 585**	**7 100**	**8,700**	**−15,0**	**8,0**	**7,0**
III Byggingar og mannvirki hins opinbera	**7 900**	**9 950**	**11 160**	**−4,6**	**7,2**	**−1,8**
1. Rafvirkjanir og rafveitur	1 070	1 120	1 680	−24,0	−10,9	33,3
2. Hita- og vatnsveitur	930	1 300	1 620	−13,5	18,9	8,8
Þar af hitaveitur	(720)	(1 030)	(1 310)	−12,7	21,8	11,1
3. Samgöngumannvirki	3 860	4 780	4 330	7,2	5,4	−20,9
4. Byggingar hins opinbera	2 040	2 750	3 530	−8,7	14,7	12,1

1) Magnbreytingar 1986 eru miðaðar við fast verðlag ársins 1980. Magnbreytingar 1987 eru miðaðar við verðlag ársins 1986, en magnbreytingar 1988 eru miðaðar við verðlag ársins 1987.
2) Fiskeldisstöðvar meðtaldar.

Tafla 4. Afli og aflaverðmæti 1981–1987

	Í þúsundum lesta						
	1981	1982	1983	1984	1985	1986	spá[1]) 1987
1. Þorskur	461	382	294	281	323	366	390
2. Annar botnfiskur	254	308	311	284	263	266	282
3. Síld	40	56	59	50	49	66	66
4. Loðna	642	13	133	867	993	898	900
5. Humar	3	3	3	2	2	3	3
6. Rækja	8	9	13	24	25	36	40
7. Hörpudiskur	10	12	15	16	17	16	16
8. Annað	23	5	11	12	8	5	5
Heildarafli	1.441	788	839	1.536	1.680	1.656	1.702
Breytingar heildaraflaverðmætis á föstu verði, %							
Samtals	÷0,2	÷12,0	÷5,2	13,9	13,9	17,5	8,1

1) Athygli skal vakin á því að aðferðum við mat á aflaverðmæti frystitogara, sölu á gámafiski og sölu fiskiskipa erlendis á föstu verði hefur verið breytt. Áhrifa þess endurmats gætir í tölum fyrir árin 1985–1987.

Tafla 5. Tekjur, verðlag, kaupmáttur 1980–1987

(Á mann.)

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	Áætlun 1986	Spá 1987
1. Vísitölur 1980 = 100								
Tekjur								
Kauptaxtar launþega	100	149	224	335	399	529	661	.
Ráðstöfunartekjur einstaklinga	100	159	247	395	506	743	977	1 363
Atvinnutekjur	100	156	240	376	481	685	911	1 253
Verðlag								
Framfærsluvísitala	100	151	228	420	543	718	871	1 032
Byggingarvísitala	100	152	237	405	495	654	814	957
Verðlag einkaneyslu	100	151	233	420	541	717	870	1 031
Kaupmáttur[1])								
Kauptaxtar	100	99	97	80	74	74	77	.
Ráðstöfunartekjur	100	106	107	94	93	103	112	132
Atvinnutekjur	100	104	104	90	89	95	105	122
2. Breytingar frá fyrra ári, %								
Tekjur								
Kauptaxtar	50,9	49,0	50,4	49,5	19,3	32,6	25,3	.
Ráðstöfunartekjur	57,2	59,3	55,4	59,5	28,0	47,0	31,5	39,5
Atvinnutekjur	52,6	56,2	53,8	56,5	27,8	42,5	33,0	37,5
Verðlag								
Framfærsluvísitala	58,5	50,9	51,0	84,3	29,2	32,4	21,3	18,5
Byggingarvísitala	55,6	51,8	56,2	70,8	22,2	32,1	24,5	17,5
Verðlag einkaneyslu	56,2	50,5	54,0	81,0	29,0	32,5	21,3	18,5
Kaupmáttur[1])								
Kauptaxtar	−3,4	−1,0	−2,4	−17,4	−7,5	0,2	3,3	.
Ráðstöfunartekjur	0,6	5,8	0,9	−11,8	−0,8	10,5	8,5	17,5
Atvinnutekjur	−2,3	3,8	−0,1	−13,6	−0,9	7,6	9,5	16,0

1) Miðað við verðlag einkaneyslu.

Tafla 6. Yfirlit nokkurra þjóðhagsstærða 1980–1987

(Á mann.)

	1980	1981	1982	1983	Áætlun 1984	Áætlun 1985	1986	Spá 1987
1. Vísitölur 1980 = 100								
Landsframleiðsla	100	102	100	94	97	101	107	114
Þjóðarframleiðsla	100	101	99	92	95	98	104	111
Viðskiptakjör[1])	100	101	99	104	105	105	110	117
Þjóðartekjur	100	101	99	94	97	100	109	119
Þjóðarútgjöld	100	104	105	92	97	100	104	116
Einkaneysla	100	104	104	94	97	101	108	121
Samneysla	100	106	110	115	115	122	130	136
Fjárfesting	100	100	98	85	78	79	77	83
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	100	107	107	94	93	103	112	132
Viðskiptajöfnuður sem hlutfall af VLF, %	−2,0	−4,2	−8,1	−1,9	−4,7	−4,0	−0,3	−1,2
2. Breyting frá fyrra ári, %								
Landsframleiðsla	4,4	1,5	−1,7	−6,2	3,5	3,4	6,3	6,6
Þjóðarframleiðsla	4,3	1,0	−2,3	−6,9	3,0	3,1	6,3	6,7
Viðskiptakjör	−3,4	1,0	−1,5	4,3	1,0	0,0	5,1	6,2
Þjóðartekjur	3,1	1,3	−2,5	−5,4	2,9	3,6	8,6	9,3
Þjóðarútgjöld	4,5	3,6	1,4	−12,0	5,7	3,0	3,9	11,2
Einkaneysla	2,4	3,6	0,0	−9,5	2,7	5,0	6,5	12,0
Samneysla	2,9	6,0	4,0	4,1	0,2	6,2	6,5	4,0
Fjárfesting	8,3	−0,1	−1,9	−13,4	−8,4	1,0	−2,2	8,0
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	0,6	5,8	0,9	−11,8	−0,8	10,5	8,5	17,5

1) Með viðskiptakjörum er hér eingöngu átt við hlutfallslegar verðbreytingar vöruskipta.

Sþ. 23. Tillaga til þingsályktunar [23. mál]

um einnota umbúðir.

Flm.: Kristín Einarsdóttir, Hjörleifur Guttormsson, Árni Gunnarsson, Valgerður Sverrisdóttir, Salome Þorkelsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa frumvarp til laga um framleiðslu, innflutning og notkun einnota umbúða hér á landi.

Greinargerð.

Notkun einnota umbúða hefur stóraukist hér á landi undanfarin missiri og má búast við enn frekari aukningu á notkun slíkra umbúða á næstunni. Einnota umbúðir hafa oftast tímabundið hagræði í för með sér fyrir neytandann. Það hefur verið talið óhagkvæmt að safna notuðum umbúðum, hreinsa þær og nota síðan á nýjan leik. En það hefur oft gleymst þegar kostir einnota umbúða eru metnir að aukin notkun þeirra hefur mikinn kostnað í för með sér fyrir þá sem sjá um sorphirðu auk þess sem það eykur þörf á landrými fyrir sorphauga, en það verður að teljast léleg landnýting.

Eitt þeirra vandamála, sem komið hafa upp hér á landi varðandi einnota umbúðir, er að fólk fleygir þeim úti í náttúrunni án þess að hugsa um þá fyrirhöfn og þann kostnað sem það hefur í för með sér við hreinsun. Þó ekki séu þeir margir sem fara um landið með slíku kæruleysi er of algengt að sjá plast-, pappa- og álumbúðir á víð og dreif þar sem fólk hefur farið um. Þá ber einnig að hafa í huga að aukin notkun umbúða, sem hvorki eru endurnotaðar né endurnýttar, leiðir til þess að enn meira gengur á auðlindir jarðarinnar.

Í nágrannalöndum okkar hafa víðast verið settar reglur um notkun og endurnýtingu einnota umbúða. Nauðsynlegt getur verið að banna notkun ákveðinna umbúða og setja reglur um notkun annarra. Æskilegt er að taka upp skilagjald sem væri það hátt að það hvetti fólk til að safna saman umbúðum og skila frekar en að fleygja eða framleiðslugjald sem nota mætti til umhverfismála svo eitthvað sé nefnt.

Lög og reglur um umbúðir eiga að miða að því að halda mengun í lágmarki og draga úr ófhóflegri hráefnisnotkun.

Sþ. 24. Tillaga til þingsályktunar [24. mál]

um ráðstafanir í ferðamálum.

Flm.: Pétur Bjarnason, Guðni Ágústsson, Stefán Guðmundsson,
Jón Kristjánsson, Valgerður Sverrisdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir eftirfarandi ráðstöfunum í ferðamálum:

1. Stofnað verði til embætta ferðamálafulltrúa í landsbyggðarkjördæmunum, tvö stöðugildi á árinu 1988, tvö stöðugildi til viðbótar 1989 og tvö stöðugildi árið 1990.
   Laun ferðamálafulltrúa greiðast úr ríkissjóði en rekstrarkostnaður embættanna af viðkomandi ferðamálasamtökum.
   Ferðamálaráð ákveði forgangsröð starfanna.
2. Að 10% sérstöku gjaldi á vörusölu Fríhafnarinnar í Keflavík verði ráðstafað óskertu til ferðamála samkvæmt gildandi lögum.
3. Hraðað verði endurskoðun laga um skipulag ferðamála, nr. 79/1985.

Greinargerð.

Ferðamál eru vaxandi atvinnugrein hér á landi. Í ár eru áætluð 5500 ársverk við ferðaþjónustu sem nemur um 5% af vinnuafli í landinu. Líklegt má telja að laun og tengd gjöld við ferðaþjónustu nemi 7–8% af heildarlaunagreiðslum í landinu.

Gjaldeyristekjur Íslendinga af ferðamönnum árið 1986 námu 4,6 milljörðum króna.

Ferðamálasamtök hafa verið stofnuð um allt land og hefur starf þeirra víða borið ríkulegan ávöxt, einkum þar sem ferðaþjónusta hefur þegar sannað gildi sitt í atvinnutækifærum fyrir íbúana.

Nauðsyn ber til að ráða ferðamálafulltrúa til þessara samtaka til að annast skipulag og samræmingu á ferðamálum í landinu.

Virðist eðlilegt að ríkið leggi til stuðning með launagreiðslum til þeirra, en ferðamálasamtökin annist rekstur skrifstofanna.

Ekki er í þessari tillögu gert ráð fyrir ferðamálafulltrúa í Reykjavík að svo stöddu né heldur Reykjaneskjördæmi, en þar starfa ferðamálasamtök í hluta kjördæmisins, þ.e. á Suðurnesjum.

Mætti þó vel hugsa sér að þar yrði komið upp sams konar þjónustu.

Í lögum um skipulag ferðamála, nr. 79/1985, er bundinn tekjustofn til ferðamála, 10% sérstakt gjald af vörusölu Fríhafnarinnar í Keflavík.

Þessi stofn hefur stöðugt verið skertur, þannig rann aðeins um þriðjungur þessa fjár á yfirstandandi ári til ferðamálaráðs og tengdra aðila.

Tölur þær, sem hér eru nefndar að ofan, sýna ljóslega að þáttur ferðaþjónustu í gjaldeyrissköpun og atvinnulífi er verulegur og því nauðsynlegt að skapa þessari atvinnugrein góð skilyrði.

Sþ. 25. Fyrirspurn [25. mál]

til viðskiptaráðherra um vexti.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hverjir eru „raunvextir útlána að jafnaði“ (sbr. lög um Seðlabanka Íslands, 9. gr.) hér á landi að mati viðskiptaráðherra?
2. Hverjir eru „raunvextir útlána að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslendinga“ (sbr. sömu lög)?
3. Hvað er „óhæfilegur vaxtamunur milli inn- og útlána“ að mati viðskiptaráðuneytisins (sbr. sömu lög)?
4. Hefur ríkisstjórnin í hyggju að nota ákvæði 9. gr. laga um Seðlabanka Íslands til að hafa áhrif á vaxtastigið?
5. Hver er almenn túlkun ráðherra á því ákvæði seðlabankalaganna að „raunvextir útlána innlánsstofnana verði eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslands“ (sbr. sömu lög)?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 26. Fyrirspurn [26. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um heildarendurskoðun sóttvarnarlöggjafarinnar.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hvað líður störfum þeirrar nefndar sem heilbrigðisráðherra skipaði 27. nóv. 1986 til að gera heildarendurskoðun á sóttvarnarlöggjöfinni?
2. Hvenær hyggst nefndin ljúka störfum?

Sþ. 27. Tillaga til þingsályktunar [27. mál]

um að íslensk stjórnvöld boði til alþjóðlegrar ráðstefnu í Reykjavík um skipulag og efnisþætti formlegra samningaviðræðna um afvopnun á norðurhöfum.

Flm.: Ólafur Ragnar Grímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að boða á fyrri hluta ársins 1988 til alþjóðlegrar ráðstefnu þar sem fjallað yrði um hvernig komið verði á formlegum samningaviðræðum um afvopnun á norðurhöfum. Til ráðstefnunnar verði boðið:

1. Fulltrúum þeirra ríkja sem halda úti kjarnorkukafbátum á norðurhöfum: Bandaríkjanna, Sovétríkjanna, Bretlands og Frakklands.
2. Fulltrúum ríkisstjórna og þjóðþinga á Norðurlöndum.
3. Fulltrúum Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins.
4. Fulltrúum ríkisstjórna og þjóðþinga í Kanada og á Írlandi.
5. Fulltrúum annarra ríkja í Evrópu, bæði innan og utan hernaðarbandalaga, sem lýsa áhuga á að sækja ráðstefnuna.
6. Fulltrúum framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

Auk hinna formlegu fulltrúa ríkisstjórna og þjóðþinga verði vísindamönnum frá viðurkenndum rannsóknastofnunum á sviði afvopnunar og alþjóðamála, fulltrúum friðarsamtaka og annarra almannasamtaka gefinn kostur á að fylgjast með störfum ráðstefnunnar sem áheyrnarfulltrúar.

Helstu viðfangsefni ráðstefnunnar verði:

1. Að fjalla um eðli hernaðarstarfseminnar á norðurhöfum, einkum á sviði kjarnorkuvígbúnaðar, og hætturnar sem felast í auknum vígbúnaði á þessum slóðum.
2. Að ræða hvernig koma megi í veg fyrir að fækkun kjarnorkuvopna á meginlandi Evrópu leiði til aukningar á kjarnorkuvopnum í kafbátum, á herskipum og í flugvélum í norðurhluta Evrópu og nærliggjandi hafsvæðum.
3. Að gera tillögur um hvernig komið verði á formlegum viðræðum um afvopnun á norðurhöfum og um skipulag, efnisþætti og áfanga slíkra samningaviðræðna.
4. Að ræða leiðir til að draga úr þeim hættum sem fiskistofnum og lífríki sjávar stafar frá geislavirkni vegna hugsanlegra bilana, kjarnorkuleka og slysa í kjarnorkukafbátum og skipum og flugvélum sem bera kjarnorkuvopn.

Alþingi felur ríkisstjórninni að setja fram boð um að Reykjavík yrði aðsetur þeirra formlegu samningaviðræðna um afvopnun á norðurhöfum sem hafist gætu í framhaldi af þessari ráðstefnu.

Alþingi felur utanríkisráðherra að eiga formlegar undirbúningsviðræður við fulltrúa þeirra stjórnvalda sem boðið yrði til ráðstefnunnar og gefa Alþingi reglulegar skýrslur um niðurstöður þeirra viðræðna. Ríkisstjórnin hafi auk þess náið samráð við Alþingi um aðra þætti sem snerta undirbúning ráðstefnunnar.

Alþingi felur utanríkisráðuneytinu, utanríkismálanefnd Alþingis, Öryggismálanefnd og Háskóla Íslands að vinna að greinargerðum um efnisþætti ráðstefnunnar í samvinnu við innlenda og erlenda fræðimenn og stuðla á annan hátt að því að ráðstefnan verði vandlega undirbúin.

Greinargerð.

Viðræður Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um fækkun kjarnorkuvopna á meginlandi Evrópu virðast nú hafa skilað þeim árangri að nánast er í höfn fullbúinn samningur sem marka mun tímamót í sögu kjarnorkuvígbúnaðar. Í fyrsta sinn yrði samið um fækkun kjarnorkuvopna. Allir fyrri samningar hafa eingöngu fjallað um stjórn á aukningu vígbúnaðarins.

Á sama tíma og mikil ánægja ríkir víða um heim með þennan árangur er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að engu að síður er haldið áfram að framleiða kjarnorkuvopn sem beita skal á öðrum vettvangi. Sérstaklega er brýnt að Íslendingar og aðrar þjóðir sem búa við norðurhöf geri sér grein fyrir þeirri hættu að fækkun kjarnorkuvopna á meginlandi Evrópu geti á næstu árum leitt til verulegrar fjölgunar kjarnorkuvopna í kafbátum og á skipum sem haldið er út í höfunum í kringum Ísland og helstu nágrannalönd okkar. Kjarnorkuveldin fjögur, Bandaríkin, Sovétríkin, Bretland og Frakkland eru að hrinda í framkvæmd áætlunum um að auka verulega þann kjarnorkuvígbúnað sem bundinn er skipum og flugvélum á norðurslóðum.

Engar viðræður fara nú fram um fækkun kjarnorkuvopna á norðurhöfum. Nánast öll athyglin hefur á undanförnum árum beinst að samningaviðræðum um fækkun kjarnorkuvopna á meginlandi Evrópu og niðurskurð hinna langdrægu kjarnorkueldflauga risaveldanna. Það er hins vegar mjög brýnt að koma hið fyrsta á formlegum viðræðum um fækkun kjarnorkuvopna á norðurhöfum. Annars er hætta á að fækkun kjarnorkuvopna annars staðar í heiminum leiði til aukningar þeirra í okkar nágrenni. Nú þegar eru rúmlega 13 000 kjarnorkuvopn ætluð til notkunar á heimshöfunum og áformað er að fjölga þeim um nokkur þúsund á næstu árum. Verulegur hluti þessara kjarnorkuvopna er tengdur kafbátum og skipum sem sigla um norðurhöf.

Íslendingar eru sérstaklega vel til þess fallnir að beita sér fyrir því að slíkum samningaviðræðum verði komið á fót. Leiðtogafundurinn í Reykjavík markaði tímamót í sögu kjarnorkuvígbúnaðar. Hér var lagður grundvöllur að þeim samningum sem nú eru í höfn og hér fóru leiðtogar stórveldanna í fyrsta sinn að ræða hvernig útrýma mætti öllum kjarnorkuvopnum og koma á nýju öryggiskerfi sem tæki mið af heimi án kjarnorkuvopna.

Við erum lítil þjóð sem engum ógnar og vill friðsamlega sambúð við allar þjóðir. Við eigum lífsafkomu okkar undir lífríki hafsins og gerum okkur því betur grein fyrir því en aðrir hvaða hættur felast í geislavirkni sem verður vegna bilana eða kjarnorkuleka í kafbátum. Við njótum virðingar um allan heim vegna þess hve vel tókst til með framkvæmd leiðtogafundarins í Reykjavík.

Þessi þingsályktunartillaga fjallar um að fela ríkisstjórninni að boða til alþjóðlegrar ráðstefnu til að ræða hvernig koma megi á fót formlegum samningaviðræðum um afvopnun á norðurhöfum, efnisþætti þeirra samninga og áfangaskiptingu. Jafnframt er ríkisstjórninni falið að setja fram boð um að Reykjavík yrði aðsetur þeirra samningaviðræðna ef samkomulag tækist um að hefja þær á formlegum grundvelli. Hlutverk Reykjavíkur yrði þá hið sama og Genfar, Vínarborgar, Stokkhólms og Helsinki en í öllum þessum borgum hafa farið fram umfangsmiklar samningaviðræður sem hafa haft afdrifarík og jákvæð áhrif á bætta sambúð ríkja, takmörkun vígbúnaðar og aukin mannréttindin.

Ráðstefnan yrði í eðli sínu eins konar undirbúningsráðstefna til að koma á fót hinum formlegu samningum um afvopnun á höfunum og ræða skipulag og efnisþætti slíkra samninga. Einnig yrði fjallað um eðli vígbúnaðaruppbyggingarinnar á norðurhöfum og í nærliggjandi löndum ásamt þeim hættum sem felast í aukningu kjarnorkuvígbúnaðarins á þessum slóðum. Sérstaklega yrði rætt um leiðir til að koma í veg fyrir að fækkun kjarnorkuvopna á meginlandi Evrópu leiði til fjölgunar þeirra á norðurslóðum. Mikilvægur þáttur í þessari umræðu væri að gera grein fyrir hvernig kjarnorkulekar, bilanir og geislavirkni geta stofnað í hættu fiskistofnum og lífríki hafsins. Þess vegna sé brýn efnahagsleg nauðsyn fyrir Íslendinga að útrýma kjarnorkuvígbúnaði úr höfunum í kringum landið.

Varðandi þann þátt sérstaklega er rétt að hafa í huga að á árunum 1965–1977 urðu 380 slys og hættuleg atvik sem tengdust kjarnorkuvopnum bandaríska sjóhersins og mörg hundruð Sovétmanna hafa látist vegna bilana í kjarnorkukafbátum. Árið 1970 fórst sovéskur kafbátur undan Spánarströndum vegna bilana í kjarnakljúf og á síðustu fimm árum hafa tveir sovéskir kjarnorkukafbátar farist og týndu um 90 manns lífinu þegar annar þeirra sökk. Margir sovéskir kafbátar, sem sigla um norðurhöf, eru búnir kjarnakljúfum af sömu gerð og var í Tékarnobyl. Þeir eru því eins konar „fljótandi Tékarnobyl". Í skýrslum Bandaríkjahers kemur fram að helstu orsakir slysa og bilana, sem tengjast kjarnorkuvígbúnaði sjóhersins, eru raktir til mannlegra mistaka og bilana í tækjabúnaði. Þessar upplýsingar sýna að auk þeirra ástæðna, sem tengjast almennri nauðsyn afvopnunar, er það brýnt efnahagslegt öryggismál fyrir Íslendinga að hafist verði handa um fækkun og síðan útrýmingu kjarnorkuvopna í hafinu kringum landið.

Til ráðstefnunnar yrði boðið fulltrúum kjarnorkuveldanna fjögurra, Bandaríkjanna, Sovétríkjanna, Bretlands og Frakklands, sem halda á þessum slóðum úti kjarnorkukafbátum og skipum og flugvélum sem bera kjarnorkuvopn. Einnig fulltrúum Norðurlandanna allra, Kanada og Írlands, ásamt fulltrúum frá þjóðþingum þessara landa, til að tryggja að öll sjónarmið komi fram. Hernaðarbandalögunum báðum yrði boðið að senda fulltrúa og einnig öðrum ríkjum í Evrópu sem áhuga hefðu á efni ráðstefnunnar. Sams konar boð yrði sent til framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

Mikilvægt er að ráðstefnan verði vel undirbúin og ætlunarverk hennar kynnt rækilega væntanlegum fulltrúum áður en til hennar kemur. Þess vegna er lagt til að utanríkisráðherra Íslands eigi formlegar undirbúningsviðræður við fulltrúa allra stjórnvalda sem boðið yrði að senda fulltrúa til ráðstefnunnar og Alþingi og ríkisstjórn hafi nána samvinnu um allan undirbúning. Einnig er í tillögunni kveðið á um að utanríkisráðuneytinu, utanríkismálanefnd, Öryggismálanefnd og Háskóla Íslands verði falið að undirbúa fræðilegan og efnislegan grundvöll ráðstefnunnar með ítarlegum greinargerðum sem unnar yrðu af innlendum og erlendum fræðimönnum og öðrum sérfræðingum.

Um þessar mundir eru óvenjulega hagstæð skilyrði til að Íslendingar geti náð árangri á sviði afvopnunar með því að efna til slíkrar alþjóðlegrar ráðstefnu. Á vettvangi alþjóðamála fara nú fram ítarlegar umræður um hverjir eigi að vera næstu áfangar á sviði samningaviðræðna um afvopnun. Í Bandaríkjunum er vaxandi gagnrýni á þær áætlanir sem fjalla um uppbyggingu flotans og aukinn sóknarvígbúnað á höfunum. Leiðtogar Sovétríkjanna hafa sett fram hugmyndir og tillögur um einstaka áfanga á braut afvopnunar í Norður-Evrópu og forustumenn ríkisstjórna í Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi hefa tekið undir nauðsyn þess að ræða ítarlega allar hugmyndir um afvopnun á norðurslóðum. Kjarnorkuslysið í Térnobyl og nýjar heimildir um bilanir í kjarnorkukafbátum og kjarnorkuverum hafa skapað vaxandi umræður um hætturnar sem felast í því að höfin gætu orðið geislavirk vegna tæknilegra mistaka.

Allir þessir þættir gera það að verkum að nú er rétti tíminn fyrir íslensk stjórnvöld að taka forustu um að koma á formlegum samningaviðræðum um afvopnun á norðurhöfum. Slíkt frumkvæði væri verðugt framlag til aukins friðar og öryggis í heiminum.

Sþ. 28. Tillaga til þingsályktunar [28. mál]

um könnun á jarðvarma og ferskvatni á Vesturlandi.

Flm.: Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara samræmda könnun á jarðvarma og fersku vatni á Vesturlandi í samvinnu við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila.

Markmið slíkrar könnunar verði að safna upplýsingum um vatnsforða af heitu og köldu vatni er hagnýta megi m.a. í þágu fiskeldis til eflingar byggðar og búsetu á Vesturlandi.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi. Flutningsmenn voru Friðjón Þórðarson, Valdimar Indriðason og Sturla Böðvarsson. Tími vannst ekki til að fjalla um málið á því þingi. Tillagan er því endurflutt nú. Henni fylgdi svohljóðandi greinargerð:

„Alkunna er að á síðustu áratugum hafa orðið miklar breytingar á byggð og búsetu manna hér á landi. Fólki hefur fækkað í sveitum en fjölgað í þéttbýli. Meginstraumurinn hefur stefnt utan af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins á suðvesturhorni landsins.

Nýjustu upplýsingar og spár benda til þess að þessi byggðaröskun haldi áfram. Að sumu leyti er að sjálfsögðu um eðlilega þróun að ræða þegar afskekkt býli eða byggðarlög fara í eyði og fólkið flytur til staða sem bjóða upp á betri afkomu og léttari lífsbaráttu. En þegar slík þróun snýst upp í alvarlega og óeðlilega röskun eða eyðingu lífvænlegra byggða landsins verður að horfast í augu við þann vanda og leita einhverra úrræða. Um þessar mundir, þegar kvótareglur sníða mönnum þröngan stakk til sjávar og sveita svo að mörgum þykir hart við að búa, eru ríkar ástæður til þess að kanna ný viðhorf til úrbóta. Oft er rætt um nauðsyn þess að gera atvinnulífið fjölbreyttara í þeim tilgangi að tryggja atvinnu og búsetu í byggðum landsins og efla hag þjóðarbúsins. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að þekkja landið sem best, náttúru þess, verðmæti og möguleika til landnýtingar. Margt er lítt kannað í þessum efnum og víða skortir frumrannsóknir. En brýnt er að slíkum rannsóknum verði flýtt eftir föngum svo að ljósara megi verða hverra kosta er völ. Sú tillaga, sem hér er flutt, fjallar um könnun á jarðvarma og fersku vatni á Vesturlandi, frá Hvalfjarðarbotni í Gilsfjarðarbotn, er hagnýta megi til fiskeldis og á annan hátt til eflingar byggðar og búsetu í Vesturlandskjördæmi.

Það sem hér fer á eftir er m.a. byggt á heimildum frá Orkustofnun og upplýsingum sem fram komu á fundi sem haldinn var á vegum Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi í Borgarnesi 8. sept. sl. um fiskeldismál. Þar voru mættir sveitarstjórnarmenn af Vesturlandi, sérfræðingar frá Orkustofnun, fiskræktarmenn og ýmsir áhugamenn um fiskeldi.

Til fiskeldis þarf vatn sem er hreint og ómengað, ferskt eða salt. Vegna hita vatns og sjávar á Íslandi getur þurft heitt vatn úr jörð til að fiskeldi verði arðbært. Ferskvatn og jarðhiti eru náttúrulegar forsendur fiskeldis á ýmsum stigum eldisins. Það er ekki alltaf einfalt mál að afla ferskvatns eða vinna jarðhita því að þar er í mörg horn að líta. Til þess þarf bæði þekkingu og reynslu. Misheppnaðar framkvæmdir, sem byggja á röngum eða engum forsendum, eru dýrustu framkvæmdirnar.

Í Fréttabréfi Orkustofnunar í sept. 1986 segir svo m.a.: „Miklu máli skiptir að traustra upplýsinga um náttúruskilyrði sé aflað áður en lagt er út í stórfelldar fjárfestingar í fiskeldisstöðvum. Frá sjónarhóli Orkustofnunar er einnig um það að ræða að skapa hér á landi stórfelldan nýjan markað fyrir jarðhita til viðbótar við húshitunarmarkaðinn. Slík könnun á nýjum nýtingarmöguleikum íslenskra orkulinda er eitt af hlutverkum Orkustofnunar. Því er eðlilegt að hún leggi nokkuð til af fjárveitingu sinni. En frá sjónarmiði þjóðarbúsins er um miklu stærra mál að ræða, þ.e. að rannsaka sumar grundvallarforsendur nýrrar, hugsanlega meiri háttar, atvinnugreinar, forsendur sem geta ráðið úrslitum um hvort hún er vænleg eða ekki.“

Ýmislegt er vitað um jarðhita á Vesturlandi frá fornu fari. Í Borgarfjarðardölum er eitt öflugasta lághitasvæði landsins. Þar hafa allmiklar rannsóknir verið gerðar, sbr. t.d. þessi rit frá Orkustofnun, jarðhitadeild: *Mat á jarðvarma á Íslandi* (Guðmundur Pálmason o.fl.), *Höfuðborgarsvæði — Borgarfjörður, Niðurstöður viðnámsmælinga* (Lúðvík S. Georgsson), *Borgarfjörður, efnafræði jarðhitavatns* (Einar Gunnlaugsson).

Annars staðar, svo sem í Dölum og á Snæfellsnesi, hafa litlar rannsóknir á jarðvarma farið fram þó að nokkrir jarðhitastaðir séu þekktir á því svæði. Þar eru margir áhugamenn um þessi mál, m.a. bændur sem á eigin kostnað hafa lagt út í dýrar rannsóknir af þessu tagi á jörðum sínum, svo og aðrir sem árum saman hafa unnið að fiskræktarmálum í stórum stíl, klaki, hafbeit og sjókvíaeldi, og eru nú reynslunni ríkari. Um skipulagðar rannsóknir á köldu vatni á Vesturlandi er fátt að segja. En allt eru þetta mjög áhugaverð efni og hagnýt. Þess má geta að í Bændaskólanum á Hvanneyri hefur fiskeldi og fiskrækt verið kennd í 30 ár. Þar hafa menn nú hug á að koma upp matfiskeldi.

Hér er gripið á stóru máli og margþættu sem ekki verður rætt hér til neinnar hlítar. Allar grunnrannsóknir af þessu tagi eru fjárfrekar. Þann þátt málsins verður því að athuga

sérstaklega. Eðlilegt er að hið opinbera leggi fram fé til frumrannsókna á auðlindum til lands og sjávar, þar á meðal á vatnsforða landsins og nýtingu hans, svo og Orkustofnun af því fé sem hún hefur til ráðstöfunar í þessu skyni. En til greina kemur kostnaðarþátttaka fleiri aðila, svo sem hagsmunahópa og sveitarfélaga."

Til frekari útlistunar fylgir hér með stutt greinargerð um sérverkefni Orkustofnunar tengd fiskeldi á Vesturlandi, óbreytt frá fyrra ári. Á hinn bóginn er mál þetta jafntímabært og aðkallandi og áður þó að vitneskja vaxi frá ári til árs og menn verði reynslunni ríkari. Síðastliðið sumar var óvenju þurrt og minnkaði þá eða þraut kalt vatn þar sem áður var talinn nægur vatnsforði. Að því er jarðhitaleit varðar má benda á eftirfarandi:

Árangur nýlegra borana á Hvalfjarðarströnd er skýrast dæmi um gagnsemi jarðhitarannsókna. Þar er enginn jarðhiti á yfirborði. Með fremur einfaldri leitartækni tókst Orkustofnun að finna og kortleggja líkleg jarðhitasvæði, annað kringum Miðsand, hitt innan við Ferstiklu. Boranir báru þann árangur að nú fást yfir 10 l/sek. af rúmlega 130 gráðu C heitu vatni úr borholu Hvals hf. og 28 l/sek. af 83 gráðu C heitu vatni úr borholu á vestra svæðinu í landi Hrafnabjarga.

Fylgiskjal.

SÉRVERKEFNI ORKUSTOFNUNAR TENGD FISKELDI Á VESTURLANDI

Inngangur.

Orkustofnun hefur lagt fram í tillögum til fjárlaga fyrir árið 1987 fjögur sérverkefni, þar af tengjast þrjú beinni öflun upplýsinga fyrir fiskeldi en eitt ferskvatnslagi Reykjaness og því fiskeldi að talsverðu marki. Verkefni þessi er áformað að vinna á næstu tveimur til þremur árum, en þau verði sameiginlega fjármögnuð annars vegar af stofnuninni með sérfjárveitingu frá Alþingi og hins vegar af sveitarfélögum sem og öðrum hagsmunaaðilum í héraði.

Til fiskeldis sem atvinnurekstrar þarf mikið af hreinu ómenguðu vatni og hreinum ómenguðum sjó. Hreint ómengað vatn er helst að fá úr grunnvatni sem síað er í gegnum jarðlög í borholur eða brunna. Bestur vaxtarhraði fæst fyrir lax við 10–14 gráður C og er upphitun með jarðhita því hagkvæm. Seiðaeldisstöðvar nota einungis ferskt vatn og er því hagkvæmast að reisa þær þar sem saman fer mikið og gott grunnvatn og jarðhiti.

Eitt verkefnanna varðar náttúruleg skilyrði fiskeldis, þ.e. magn, gæði og vinnslumöguleika jarðvarma og fersks grunnvatns. Eldisaðferðirnar, sem tengjast verkefninu, spanna eftirtalda möguleika:

a. Seiðaeldi í ferskvatni hituðu með jarðhita.
b. Seiða- eða matfiskeldi í volgu vatni af lághitasvæðum eða jaðarsvæðum háhita.

Þau svæði á Vesturlandi, sem talin eru vænlegust til fiskeldis miðað við núverandi þekkingu á jarðhita og fersku vatni, eru: Hvalfjörður, Borgarfjörður og Dalir.

Orkustofnun verður áþreifanlega vör við óvissuna sem ríkir hjá hagsmunaaðilum um hin náttúrulegu skilyrði til að reisa fiskeldisstöðvar og hvar þau sé helst að finna. Til stofnunarinnar eru oft sótt ráð varðandi öflun vitneskju um alla framangreinda náttúruþætti. Mikill þekkingarskortur á þessum atriðum náttúrufars landsins kemur þannig í ljós, sem og þörf rannsókna. Engri opinberri stofnun hefur verið gert lagalega skylt að afla og halda til haga upplýsingum á þessu sviði nema varðandi jarðhita.

Hér á eftir mun reynt að gera stutta grein fyrir áðurnefndu verkefni hvað varðar:

1. Helstu markmið.
2. Hverju verkefnið skilar í aðra hönd.

Helstu markmið.

Höfuðmarkmið með verkefninu er að afla grunnupplýsinga er beina staðsetningu fiskeldisstöðva á þá staði sem eru fjárhagslega hagkvæmastir. Þá er tekið mið af því að þar sé fyrir hendi nægt ferskvatn og jarðhiti innan gæðamarka sem framleiðslugrein þessi krefst. Grunnupplýsingar þær, sem þannig verður aflað, munu draga úr áhættuþáttum fjárfestingar í þessum atvinnuvegi og jafnframt stuðla að lækkun hennar.

Enn fremur er rétt að hafa í huga að auk upplýsinga um rétta staðsetningu ættu að liggja fyrir ákveðnar vísbendingar um hentuga stærð eininga á hverju svæði fyrir sig og til hvers konar eldis svæðið hentar best.

Hverju verkefnin skila í aðra hönd.

Verkefnið er skipulagt þannig að það skili grunnupplýsingum um eftirtalda þætti:

Kortlagningu þeirra svæða þar sem fyrir hendi eru þau náttúrugæði sem eru undirstaða hagkvæms fiskeldis hérlendis.

a. Líkleg staðsetning stöðva.
b. Möguleg afkastageta.
c. Vatnsgæði.

Nd. 29. Frumvarp til laga [29. mál]

um framhaldsskóla.

Flm.: Ragnar Arnalds, Hjörleifur Guttormsson, Guðrún Helgadóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Ólafur Ragnar Grímsson.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi taka til náms á framhaldsskólastigi sem tekur við af skyldunámsstigi, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1974, um skólakerfi. Skólar, sem undir lögin falla, nefnast framhaldsskólar.

II. KAFLI

Markmið.

2. gr.

Framhaldsmenntun er samfélagslegt úrlausnarefni. Hún þjónar því markmiði lýðræðisþjóðfélags að skapa skilyrði til að fullnægja náms- og þroskaþörf allra að skyldunámi loknu.

Hlutverk framhaldsmenntunar er einkum:

1. að búa uppvaxandi kynslóð undir virka og ábyrga þátttöku í lífi og starfi í þjóðfélagi í sífelldri þróun,
2. að vera vettvangur félagslegra samskipta þar sem rík áhersla er lögð á persónu- og tilfinningaþroska hvers einstaklings.

III. KAFLI

Inngönguskilyrði.

3. gr.

Allir, sem lokið hafa námi í grunnskóla eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun, eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla.

IV. KAFLI

Stjórneiningar.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn framhaldsmenntunar nema öðruvísi sé ákveðið í lögum um einstakar námsstofnanir.

Fræðsluráð skv. 14. gr. fara með stjórn framhaldsmenntunar í hverju fræðsluumdæmi, sbr. 13. gr. Þetta gildir þó ekki um skóla sem getið er í 35. gr.

Skólastjórnir skv. 18. gr. fara með málefni einstakra framhaldsskóla.

V. KAFLI

Námsskipan.

5. gr.

Framhaldsskólar bjóða fram nám í kjarnagreinum, sérgreinum og valgreinum þannig að sem best verði komið til móts við námsmarkmið nemenda.

6. gr.

Nám í framhaldsskóla skal fara fram á námsbrautum sem skilgreindar eru eftir markmiðum námsins. Námsbraut skal eftir föngum skipulögð þannig að unnt sé að ljúka þar mislöngu námi. Setja má í reglugerð hvar á námsbraut slík námslok geti verið.

7. gr.

Í samræmi við hlutverk framhaldsskóla skal á öllum námsbrautum fara saman nám sem lýtur að almennri menntun og sérgreint nám með hliðsjón af markmiðum brautarinnar. Lögð skal áhersla á tengsl verklegra og bóklegra þátta námsins.

Á hverri námsbraut skal gefa kost á valgreinum. Marka skal sem greiðastar leiðir milli námsbrauta svo og til áframhaldandi náms.

8. gr.

Nám í framhaldsskólum skal hlíta lágmarkssamræmingu. Í þessu skyni setur menntamálaráðuneytið almenna námsskrá — rammanámsskrá — þar sem skilgreind eru helstu markmið námsins og kveðið er í meginatriðum á um námsbrautir, markmið þeirra og inntak.

9. gr.

Með rammanámsskránni skal tryggja jafngildi einstakra námsáfanga og viðfangsefna þannig að nemendur geti auðveldlega fært sig milli skóla.

Við gerð rammanámsskrár skal haft samráð við fræðsluráð og samtök kennara og nemenda á framhaldsskólastigi.

10. gr.

Námsefni framhaldsskóla skal skipað í skilgreinda námsáfanga sem metnir séu til eininga eftir umfangi námsins.

11. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur, í samráði við fræðsluráð, forgöngu um umbætur í starfi framhaldsskóla, þar með talið rannsókna- og tilraunastarf og samningu námsefnis eftir því sem þörf krefur.

VI. KAFLI

Stjórn.

12. gr.

Á framhaldsskólastigi skal landinu skipt í 9 fræðsluumdæmi svo sem hér segir:

1. Vesturland.
2. Vestfirðir.
3. Norðurland vestra.
4. Norðurland eystra.
5. Austfirðir.
6. Suðurland.
7. Suðurnes.
8. Hafnarfjörður, Garðabær, Bessastaðahreppur, Kópavogur.
9. Reykjavík, Seltjarnarnes, Mosfellssveit, Kjalarnes, Kjós.

Heimilt er ráðherra að stofna sérstakt fræðsluumdæmi í sveitarfélagi með 10 þúsund íbúum eða fleiri ef sveitarstjóri óskar þess og fjárveiting er fyrir hendi.

13. gr.

Í hverju fræðsluumdæmi skal starfa fræðsluráð, skipað níu mönnum, er kosnir skulu með leynilegum, almennum kosningum um leið og almennar sveitarstjórnarkosningar fara fram. Kosningarrétt og kjörgengi til fræðsluráðs eiga allir þeir sem hafa kosningarrétt í sveitarfélögum hvers fræðsluumdæmis.

14. gr.

Yfirkjörstjórn í viðkomandi kjördæmi við kosningar til Alþingis auglýsir kosningu fræðsluráðs og stjórnar talningu atkvæða, sbr. IV. og XII. kafla laga nr. 52/1959, um kosningar til Alþingis. Að öðru leyti gilda um kosningar til fræðsluráða ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 eftir því sem við getur átt.

15. gr.

Hlutverk fræðsluráðs er í aðalatriðum eftirfarandi:

1. að fara með stjórn framhaldsmenntunar í umdæminu og koma fram fyrir þess hönd gagnvart fræðsluyfirvöldum,
2. að starfrækja fræðsluskrifstofu og ráða fræðslustjóra til að veita henni forstöðu,
3. að móta tillögur um meginskipan framhaldsmenntunar með hliðsjón af stefnumörkun og ábendingum uppeldismálaþings skv. 16. gr.,
4. að fjalla um og afgreiða árlega framkvæmda- og fjárhagsáætlun vegna framhaldsskóla og fræðsluskrifstofu í umdæminu og senda hana menntamálaráðuneyti,
5. að fara með stjórn framhaldsskólasjóðs í umboði sveitarfélaga í umdæminu,
6. að ákveða fyrir sitt leyti, með hliðsjón af fyrri áætlunum skv. 4. tölul., skiptingu fjárframlaga ríkis og sveitarfélaga milli skóla í umdæminu og til sameiginlegra verkefna,
7. að hlutast til um kennslufræðilega þjónustu fyrir umdæmið,
8. að fara með önnur málefni sem því eru fengin í þessum lögum og reglugerðum er settar verða samkvæmt þeim.

16. gr.

Í hverju fræðsluumdæmi skal halda uppeldismálaþing eigi sjaldnar en þriðja hvert ár. Þar skal mörkuð stefna og lagt á ráðin um framhaldsmenntun í umdæminu.

Fræðsluráð boðar til uppeldismálaþings og setur reglur um fjölda kjörinna fulltrúa.

Sveitarstjórnir kjósa fulltrúa á uppeldismálaþing í hlutfalli við íbúafjölda. Auk kjörinna fulltrúa á uppeldismálaþing er áhugamönnum heimilt að sækja þingið og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

17. gr.

Fræðsluskrifstofa undir stjórn fræðslustjóra er framkvæmdaaðili fræðsluráðs. Skrifstofan er jafnframt þjónustustofnun fyrir framhaldsskóla í umdæminu og annast eftir því sem við á tengsl þeirra og umdæmisins við fræðsluyfirvöld.

Helstu verkefni fræðsluskrifstofu eru þessi:

1. að gera heildaráætlanir um skólahald og skólamannvirki í umdæminu, þar með taldar áætlanir um fjölda skóla, staðsetningu þeirra og byggingu,
2. að aðstoða skólastjórnir við að samhæfa og tengja saman starfsemi skólanna þannig að reksturinn verði sem hagkvæmastur og tækifæri til menntunar sem fjölbreyttust,
3. að gera heildaráætlanir um fjárþörf vegna skólahaldsins á grundvelli árlegra rekstraráætlana skólanna,
4. að annast undirbúning vegna byggingar skólamannvirkja (áætlanir, útboð, verksamningar), sbr. 1. tölul., og sjá um umsýslu fjármála vegna þessara þátta,
5. að annast launagreiðslur til starfsmanna framhaldsskóla,
6. að starfrækja kennslugagnamiðstöð er taki mið af þörfum skólanna og þeirra sem vilja færa sér í nyt fjarkennslu, sbr. 23. og 24. gr.,
7. að starfrækja ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fyrir framhaldsskóla í umdæminu,
8. að hafa milligöngu um ýmiss konar þjónustu og ráðgjöf við skólana eftir því sem óskir standa til og við getur átt,
9. að hafa milligöngu um samstarf skóla og atvinnulífs í umdæminu,
10. að annast framkvæmd annarra mála sem skrifstofunni eru fengin í lögum þessum eða reglugerðum er settar verða samkvæmt þeim.

18. gr.

Skólastjórn framhaldsskóla skal skipuð fulltrúum kennara, nemenda og annarra starfsmanna skólanna eftir nánari reglum sem fræðsluráð setur. Skólastjórn fer með málefni hvers skóla samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Skólastjórn kýs skólastjóra til fjögurra ára í senn, svo og formann skólastjórnar.

19. gr.

Þar sem tvö eða fleiri sveitarfélög innan fræðsluumdæmis standa saman að rekstri framhaldsskóla er heimilt að koma á fót samstarfsnefnd er skipuð verði fulltrúum hlutaðeigandi sveitarfélaga. Á sama hátt er heimilt, þar sem tveir eða fleiri framhaldsskólar eru starfræktir í sama sveitarfélagi, að stofna til slíks samstarfs innan sveitarfélagsins.

20. gr.

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendaráð og hefur það tillögu- og umsagnarrétt um markmið námsins, námsefni, námstilhögun og námsmat. Almenn samtök nemenda í hverjum skóla setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs.

VII. KAFLI

Fræðsla fullorðinna og fjarnám.

21. gr.

Framhaldsskólar skulu sinna menntun fullorðinna á þeim námsbrautum sem reglulegt starf skólanna tekur til. Í þessu skyni má heimila skóla að stofna til sérstakra námskeiða, þar á meðal kvöldskóla, til að fullnægja óskum og þörfum þeirra sem komnir eru af venjulegum skólaaldri og ekki hentar að sækja reglulega kennslu skólans.

22. gr.

Stefnt skal að því að kennsluaðstaða framhaldsskóla nýtist einnig fyrir almenna fræðslustarfsemi, aðra en þá sem um getur í 21. gr., þar á meðal endurmenntun og símenntun. Fræðsluráð getur í samráði við menntamálaráðuneyti heimilað skóla að eiga hlut að skipulagningu og framkvæmd slíkrar fræðslustarfsemi.

23. gr.

Fjarkennsla á framhaldsskólastigi fer fram undir yfirstjórn menntamálaráðuneytis. Öllum er frjálst að njóta fjarkennslu.

24. gr.

Námsgagnastofnun gegnir hlutverki fjarkennslumiðstöðvar og annast öflun og gerð námsefnis til fjarkennslu, svo sem myndbanda, hljóðbanda, tölvuforrita og prentaðs máls.

Ríkisútvarpið annast útsendingu efnis til fjarkennslu eftir því sem þörf krefur, sbr. 7. mgr. 16. gr. útvarpslaga, nr. 68/1985.

Í hverju fræðsluumdæmi skal starfrækt ein fjarkennsluútstöð þar sem best hentar að mati fræðsluráðs. Útstöðin annast leiðbeiningar og tengsl við nemendur.

Heimilt er að hefja tilraunastarf þar sem hluti hefðbundinnar kennslu fer fram með fjarkennslu.

VIII. KAFLI

Starfslið.

25. gr.

Störf við framhaldsskóla skiptast í eftirtalda meginþætti:

1. Stjórnun:
   a. yfirstjórn, rekstur,
   b. námsstjórn, þar á meðal í einstökum greinum eða samstæðum greinum, svo og skipulagningu kennslu og eftirlit með verklegri þjálfun.
2. Kennsla.
3. Starfræksla skólasafns.
4. Ráðgjöf:
   a. náms- og starfsráðgjöf,
   b. félagsleg ráðgjöf og sálfræðiþjónusta.
5. Þjónustustarfsemi:
   a. mötuneyti og heimavistir,
   b. heilsugæsla,
   c. húsvarsla, ræsting.

26. gr.

Um fjölda starfsmanna og skiptingu starfa fer eftir stærð skóla og verksviði samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Skólastjórn ræður kennara og ráðstafar störfum til námsstjórnar.

27. gr.

Um skilyrði til að vera ráðinn skólastjóri og kennari við framhaldsskóla fer eftir ákvæðum laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Setja skal í reglugerð ákvæði um orlof og endurmenntun starfsmanna framhaldsskóla.

IX. KAFLI

Fjármál.

28. gr.

Skólahald samkvæmt lögum þessum skal kostað af ríki og fræðsluráðum í umboði sveitarfélaga. Um kostnaðarskiptingu fer eftir ákvæðum 32. gr.

29. gr.

Heildarframlög ríkisins til framhaldsskóla í fræðsluumdæmi eru ákveðin á fjárlögum með hliðsjón af framkvæmdaáætlun sem menntamálaráðuneytið gerir og lætur fylgja fjárlagatillögum. Framkvæmdaáætlunin skal byggð á áætlunum fræðsluráða, sbr. 4. tölul. 15. gr.

30. gr.

Sveitarfélög í hverju fræðsluumdæmi stofna sérstakan sjóð, framhaldsskólasjóð, til að standa undir greiðslum til fræðsluráða vegna kostnaðar við framhaldsskóla. Framhaldsskólasjóður skal vera í vörslu fræðsluskrifstofu í hverju umdæmi. Tillag sveitarfélaga til sjóðsins greiðist úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga af framlagi hans til viðkomandi sveitarfélags.

31. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga reglur um framlög sveitarfélaga til framhaldsskólasjóða sem gilda skulu verði ekki samkomulag um annað. Reglur þessar skulu miðast við íbúafjölda í sveitarfélögum en taka jafnframt tillit til sérstöðu þeirra sveitarfélaga þar sem framhaldsskólar starfa.

32. gr.

Fjárframlög ríkis og sveitarfélaga til fræðsluráða skiptast þannig:

Ríkissjóður greiðir:

1. 80% alls stofnkostnaðar fullbúins kennslurýmis, sbr. einnig 37. gr.,
2. stofnkostnað heimavistarrýmis, þar með taldar skólastjóra- og kennaraíbúðir,
3. laun skólastjóra, fastra kennara og annarra starfsmanna, svo og laun starfsmanna fræðsluskrifstofu og stjórnskipaðra prófdómenda,
4. laun starfsfólks við mötuneyti heimavistarskóla samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð,
5. 80% af viðhaldskostnaði skólamannvirkja og endurnýjun tækja og búnaðar,
6. flutning nemenda til skóla þegar við það sparast bygging heimavista og skólamannvirkja eða hagkvæmt þykir af öðrum ástæðum,
7. 60% af öðrum rekstrarkostnaði en þeim sem talinn er upp í þessari lagagrein.

Fræðsluráð greiðir:

8. 20% stofnkostnaðar við kennslurými, sbr. þó 37. gr.,
9. stofn- og rekstrarkostnað fræðsluskrifstofu, annan en launakostnað,
10. 20% af viðhaldskostnaði skólamannvirkja og endurnýjun tækja og búnaðar,
11. 40% af öðrum rekstrarkostnaði en þeim sem talinn er upp í þessari lagagrein.

33. gr.

Sveitarfélög leggja fram á sinn kostnað lóðir til skólamannvirkja sem lög þessi ná til. Náist ekki samkomulag um kaup á landi undir skólamannvirki fer um slíkt eftir lögum um eignarnám, nr. 11/1973.

34. gr.

Sveitarfélög geta falið samstarfsnefnd skv. 19. gr. að fjalla um skiptingu stofn- og rekstrarkostnaðar við skólahald. Ákveða má að sveitarfélag, þar sem framhaldsskóli starfar, beri hlutfallslega hærri kostnað af starfrækslu hans en önnur sveitarfélög.

35. gr.

Þegar sérgreinaskólar á tilteknu sviði eru starfræktir fyrir landið allt greiðir ríkið kostnað að öllu leyti og fer með stjórn þeirra, sbr. 44. gr.

36. gr.

Til stofnkostnaðar samkvæmt lögum þessum teljast allar framkvæmdir við nýbyggingar og kaup á eldra húsnæði, innanstokksmunir, kennslutæki, skólabifreiðar, áhöld og búnaður. Í reglugerð skal kveða nánar á um framkvæmdir er teljast til stofnkostnaðar.

37. gr.

Heimilt er menntamálaráðherra að hækka hlutdeild ríkisins í greiðslu kostnaðar skv. 1. og 5. tölul. 32. gr. ef afbrigðilegar aðstæður eru fyrir hendi varðandi staðsetningu skóla, nemendafjölda, námsframboð og tekjumöguleika sveitarfélaga er mynda skólasvæði.

38. gr.

Heimilt er ríkissjóði, að uppfylltum vissum skilyrðum samkvæmt reglugerð, að greiða framlag til stofnkostnaðar vegna íþróttamannvirkja er sveitarfélög hyggjast reisa í samvinnu við íþrótta- eða ungmennafélög.

X. KAFLI

Eftirlit.

39. gr.

Til að fylgjast með starfi framhaldsskóla og afla hlutlægra og almennra upplýsinga um þá skal komið á fót óháðri eftirlitsnefnd þriggja manna með sérþekkingu á skólamálum. Skal einn þeirra tilnefndur af Háskóla Íslands, félagsvísindadeild, einn af Kennaraháskóla Íslands og einn af menntamálaráðuneyti.

Eftirlitsnefndin skal beita sér fyrir úttekt á starfi og stöðu a.m.k. fimm framhaldsskóla árlega og skila niðurstöðum til menntamálaráðuneytis, hlutaðeigandi fræðsluráðs og skólastjórna.

Heimilt er að verja allt að sex árslaunum dósenta til nauðsynlegra rannsókna á vegum nefndarinnar. Kostnaður við starfsemi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfshætti eftirlitsnefndarinnar og tengsl hennar við rannsókna- og tilraunastarf skv. 11. gr.

XI. KAFLI

Sérþjónusta fyrir fatlaða.

40. gr.

Nemendur, sem vegna fötlunar eða frávika frá eðlilegum þroskaferli fá ekki notið venjulegrar kennslu í einni eða fleiri námsgreinum, eiga rétt á sérstakri kennslu við sitt hæfi. Nánar skal kveðið á um þessa kennslu í reglugerð.

XII. KAFLI

Kynningarstarf.

41. gr.

Hverjum framhaldsskóla ber eftir föngum að kynna starfsemi skólans á skólasvæðinu og stuðla þannig að sem nánustum tengslum við íbúana.

XIII. KAFLI

Reglugerðir, gildistaka laganna og undirbúningur að framkvæmd þeirra.

42. gr.

Menntamálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

43. gr.

Við samningu reglugerða skal haft samráð við fræðsluráð og fulltrúa framhaldsskóla og atvinnulífs, svo og menntamálanefndir Alþingis.

44. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda á árinu 1988. Jafnframt falla úr gildi lagaákvæði er fara í bága við lög þessi. Eftirtalin lög um skóla á framhaldsskólastigi skulu gilda til bráðabirgða þar til settar hafa verið reglugerðir um tilsvarandi nám:
Lög nr. 55/1971, um fiskvinnsluskóla, lög nr. 14/1973, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla, sbr. lög nr. 21/1977 og lög nr. 85/1984, lög nr. 10/1973, um Fósturskóla Íslands, lög nr. 35/1962, um Hjúkrunarskóla Íslands, lög nr. 40/1985, um Þroskaþjálfaskóla Íslands, lög nr. 6/1971, um Hótel- og veitingaskóla Íslands, sbr. lög nr. 109/1974, lög nr. 49/1946, um húsmæðrafræðslu, sbr. lög nr. 89/1952, lög nr. 53/1975, um hússtjórnarskóla, lög nr. 68 1966, um iðnfræðslu, sbr. lög nr. 18/1971 og lög nr. 68/1972 (ákvæði laganna um löggildingu iðngreina, löggildingu iðnmeistara, réttindi og skyldur iðnnema og meistara, námssamninga og meðferð mála, er þá varða, skulu þó halda gildi sínu þar til sett hefur verið ný löggjöf sem tekur til þessara atriða), lög nr. 37/1975, um Leiklistarskóla Íslands, lög nr. 35/1964, um Ljósmæðraskóla Íslands, lög nr. 12/1970, um menntaskóla, lög nr. 38/1965, um Myndlista- og handíðaskóla Íslands, lög nr. 63/1975, um Sjóvinnuskóla Íslands, lög nr. 22/1972, um Stýrimannaskólann í Reykjavík, lög nr. 1/1973, um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, lög nr. 11/1985, um vélstjórnarnám, lög nr. 51/1976, um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi (þó skulu áfram halda gildi sínu ákvæði 9. gr. þeirra laga um Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands).

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Þar til l. nr. 63/1974, um grunnskóla, hafa verið endurskoðuð koma fræðsluráð skv. 13. gr. í stað fræðsluráða sem kjörin eru skv. 11. gr. laga nr. 63/1974. Fræðsluráð fara einnig með þau verkefni sem þeim er ætlað í 12.–14. gr. sömu laga.

II

Menntamálaráðuneytið skal þegar hefja undirbúning að framkvæmd laganna, m.a. með samningu rammanámsskrár og öðrum ráðstöfunum er miða að samhæfingu náms á framhaldsskólastigi.

Greinargerð.

Dregist hefur úr hömlu að setja heildarlöggjöf um framhaldsskóla. Vanræksla löggjafans í þessu efni hefur tafið æskilega þróun framhaldsmenntunar og jafnframt valdið margs konar vandkvæðum og óvissu varðandi starfsemi og rekstur framhaldsskólanna. Frekari töf á því, að hafist verði handa um skipulega uppbyggingu framhaldsmenntunar, mun hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir skólastarf í landinu og þá sem leggja stund á

framhaldsnám. Með löggjöf þarf þegar að marka helstu skipulagsdrætti framhaldsskólastigsins. Starfi á löggjafarsviðinu þarf síðan að fylgja eftir með auknum fjárveitingum og markvissum áætlunum um bættan aðbúnað að skólastarfi.

Aðdragandi frumvarpsins og helstu nýmæli.

Á landsfundi Alþýðubandalagsins 1983 var gerð ítarleg ályktun um uppeldis- og fræðslumál. Þar var m.a. hvatt til þess að hraðað yrði setningu laga um framhaldsskóla. Talið var nauðsynlegt að í tengslum við það verkefni beitti flokkurinn sér fyrir opinni stefnuumræðu um málefni framhaldsmenntunar. Veturinn 1984–85 helgaði hópur flokksmanna og áhugamanna utan flokksins sig þessu verkefni. Gekkst hópurinn m.a. fyrir opinni ráðstefnu um framhaldsmenntun í október 1985 og kynnti þar hugmyndir sínar, þar á meðal efnispunkta í frumvarp um framhaldsskóla. Mörg atriði í þessu frumvarpi eru byggð á tillögum hópsins.

Liðinn er rúmur áratugur frá því hafist var handa um þær breytingar á skólakerfinu sem mynda áttu undirstöðu fyrir úrbætur í framhaldsmenntun hér á landi. Setning laga um grunnskóla, nr. 63/1974, var áfangi að þessu marki. Haustið 1974 skipaði þáverandi menntamálaráðherra nefnd til að gera tillögur um breytta skipan náms á framhaldsskólastigi. Nefnd þessi skilaði áfangaáliti í júlí 1976 og í febrúar 1977 frumvarpi til laga um framhaldsskóla. Frumvarpið var fyrst flutt á 98. löggjafarþingi 1976–77 og hefur síðan verið lagt fram fimm sinnum með ýmsum breytingum án þess að ná fram að ganga.

Alþýðubandalagið hefur jafnan látið skólamál mjög til sín taka. Það studdi á sínum tíma þá meginstefnu sem fyrrnefnt frumvarp um framhaldsskóla frá 1976–77 byggðist á og ekki vantaði nema herslumuninn á að frumvarpið yrði lögfest á árunum 1978–79 þegar Alþýðubandalagið fór með menntamálin í þáverandi ríkisstjórn.

Eins og fram kemur í þessari greinargerð hafa miklar breytingar orðið á íslensku þjóðfélagi og almennum viðhorfum til skólamála síðustu 10 árin. Af þeirri ástæðu, og í ljósi þess hve lengi hefur dregist að setja löggjöf um framhaldsskóla, er knýjandi að fram fari endurmat á ýmsum þáttum í skipan framhaldsmenntunar.

Frumvarpið byggir á þeirri almennu stefnu að framhaldsmenntun sé samfélagslegt úrlausnarefni, menntunin þurfi að þjóna því markmiði að skapa skilyrði til að fullnægja náms- og þroskaþörf allra að skyldunámi loknu.

Ákvæði frumvarpsins um skiptingu landsins í fræðsluumdæmi og um kostnaðarskiptingu milli ríkis og fræðsluráða (í umboði sveitarfélaga) eru að efni til hin sömu og fram komu í tillögum er hópur sveitarstjórnarmanna sendi menntamálaráðherra í september 1985. Þá eru ýmis ákvæði í frumvarpinu, svo sem um inngönguskilyrði í framhaldsskóla, námsskipan og starfslið, áþekk þeim sem voru í frumvarpi um framhaldsskóla frá 1976–77.

Afnumin er sú mismunun sem verið hefur milli verknáms og bóknáms að því er varðar þátttöku ríkisins í fjármögnun skólahaldsins. Sömu kostnaðarákvæði gilda samkvæmt frumvarpinu um allt nám á framhaldsskólastigi ef frá eru taldir sérgreinaskólar sem starfræktir eru fyrir landið allt. Lagt er til að ríkið kosti slíka skóla að öllu leyti. Kostnaðarákvæði eru einnig sambærileg gagnvart öllum sveitarfélögum í landinu.

Ein veigamesta breytingin felst í því að *dregið er mjög úr einhliða ákvörðunarvaldi menntamálaráðuneytis og að sama skapi eru aukin áhrif fræðsluumdæmanna á stefnumótun og stjórnun framhaldsmenntunar.* Í þessu efni er frumvarpinu ætlað að ýta undir þróun í þá átt að fræðsluumdæmin og hvert skólasamfélag axli aukna ábyrgð á þessu málasviði.

Stefnt er að verulegri valddreifingu í málefnum framhaldsskólans. Fræðsluumdæmunum er ætlað að móta menntastefnu umdæmanna í mun ríkara mæli en verið hefur.

Stjórneiningar í hverju umdæmi taka við mörgum verkefnum sem áður voru á hendi menntamálaráðuneytis. Meðal þátta, sem ætlað er að stuðla að auknum áhrifum fræðsluumdæmanna, má nefna:

1. Lýðkjörin fræðsluráð í hverju fræðsluumdæmi fá það hlutverk að ráða til lykta á lýðræðislegan hátt málum er varða uppbyggingu skóla og framhaldsmenntunar. Uppeldismálaþing sótt af kjörnum fulltrúum sveitarstjórna í hverju fræðsluumdæmi og áhugaaðilum yrði ráðgefandi aðili um stefnumótun varðandi framhaldsmenntun.
2. Fræðsluráðunum er ætlað að ráðstafa innan hvers umdæmis því fjármagni sem veitt er á fjárlögum hverju sinni til stofnunar og reksturs framhaldsskóla í hverju umdæmi. Gert er ráð fyrir að sveitarfélög í hverju fræðsluumdæmi stofni sérstakan sjóð, framhaldsskólasjóð, til að standa undir kostnaðarhlut sínum í stofnun og rekstri framhaldsskóla.
3. Fræðsluskrifstofu í hverju umdæmi er ætlað að vera framkvæmdaaðili fræðsluráðs og jafnframt miðstöð fyrir alhliða þjónustu við framhaldsskóla er þar starfa, þar á meðal um aukin tengsl skóla og atvinnulífs. Í tengslum við skrifstofuna er lagt til að starfi kennslugagnamiðstöð er hafi sjálfstæðu þjónustuhlutverki að gegna á sviði kennslu, ráðgjafar og fjarkennslu.
4. Sjálfsforræði hvers skólasamfélags er aukið að því er varðar innra starf skóla. Skólastjórn skipuð fulltrúum kennara, nemenda og annarra starfsmanna skóla kjósi skólastjóra. Nemendaráðum í hverjum skóla er fenginn réttur til að hlutast til um námið og tilhögun þess. Stefnt er að því að skólarnir geti í auknum mæli sinnt menntun fullorðinna. Þar getur ýmist verið um að ræða reglubundið nám eða ýmiss konar almenna fræðslustarfsemi, svo sem á sviði endurmenntunar og símenntunar.

Markmið framhaldsmenntunar er víkkað til muna með hliðsjón af breyttum viðhorfum til menntunar og hlutverks skóla í lýðræðisþjóðfélagi. Lögð er áhersla á tvo meginþætti: 1) að skólinn þurfi að búa einstaklingana undir virka og ábyrga þátttöku í lífi og starfi í þjóðfélagi sem stöðugt er að breytast og 2) að skólinn þurfi einnig, og ekki síður, að vera vettvangur félagslegra samskipta þar sem rík áhersla er lögð á persónu- og tilfinningaþroska hvers einstaklings.

Með frumvarpinu er lagður grunnur að því að fjarkennsla geti orðið gildur þáttur í framhaldsnámi. Gert er ráð fyrir að Námsgagnastofnun sjái um öflun og gerð námsefnis á þessu sviði, Ríkisútvarpið annist útsendingar, svo sem heimild er fyrir í útvarpslögum, og útstöðvar í hverju fræðsluumdæmi annist leiðbeiningar og tengsl við nemendur.

Óháðri eftirlitsnefnd er fengið það hlutverk að gera reglubundna úttekt á starfi og stöðu framhaldsskóla. Slík greiningarvinna, gerð af mönnum með sérþekkingu í skólamálum, gæti orðið til mikils stuðnings fyrir rannsókna- og tilraunastarf í hverjum skóla og þannig stuðlað að æskilegri þróun skólanna og framhaldsmenntunar í heild.

Samfélagsbreytingar og hlutverk framhaldsmenntunar.

Þeim nýmælum, sem að framan greinir, er m.a. ætlað að svara breytingum sem orðið hafa á samfélaginu á síðustu áratugum og jafnframt að beina þróuninni í æskilegan farveg.

Eðli og samfélagslegt hlutverk framhaldsmenntunar hefur breyst stórlega á tiltölulega skömmum tíma. Þetta kemur skýrast fram í hinni miklu hlutfallslegu fjölgun einstaklinga í hverjum árgangi sem leggja stund á lengra eða skemmra framhaldsnám. Í stað þess að framhaldsnám gegndi áður nokkuð einhliða því hlutverki að búa ákveðið hlutfall þessara einstaklinga undir háskólanám er það nú á góðri leið með að verða hluti af almennri menntun. Af þessu spretta eðlilega kröfur um að framhaldsskólar leggi vaxandi rækt við alhliða menntunar- og uppeldisstarf.

Fjölbrautanám hefur verið vaxtarbroddur framhaldsmenntunar í landinu þótt ekki hafi verið til heildaráætlun um uppbyggingu og verkaskiptingu fjölbrautaskóla. Menntaskólar starfa eftir sérlögum og um þá gilda allt önnur ákvæði varðandi fjármögnun en aðra framhaldsskóla. Þannig hefur bóknámi og verknámi verið mismunað vegna þess að ekki hafa gilt sömu kostnaðarákvæði um þetta nám. Ríkið hefur að öllu leyti staðið undir stofn- og rekstrarkostnaði menntaskóla en sveitarfélög orðið að bera stóran hluta sömu kostnaðarþátta vegna fjölbrautaskóla og iðnfræðsluskóla.

Þeir aðilar, sem unnið hafa á undanförnum árum að uppbyggingu framhaldsskóla, hafa beitt sér fyrir ýmsum veigamiklum úrbótum, en innri starfshættir skólanna hafa samt ekki breyst sem skyldi. Framhaldsnám þarf að taka mið af örum en oft óvissum samfélagsbreytingum og þannig fela í sér starfsmenntun í víðum skilningi. Í þessu efni þarf að hafa í huga að hugtakið starfsmenntun hefur fengið aðra merkingu en það hafði fyrir nokkrum árum. Sú tíð er liðin að skóli geti búið menn, á ákveðnu skeiði ævinnar, undir lífsstarf í eitt skipti fyrir öll. Skólastarfi þarf að haga þannig að nám og vinna verði samtengd heild í lífi hvers einstaklings. Námið þarf jafnframt að vera vettvangur uppeldis með það að markmiði að auðvelda ungmennum að skilja stöðu sína í samfélaginu og efla á þann hátt sjálfsvitund sína og sjálfsforræði. Í skólastarfinu þurfa nemendur og kennarar m.a. að vinna saman að nærtækum verkefnum sem tengjast umhverfi og reynslu nemenda á líðandi stund og úrlausnar krefjast. Námið á ekki aðeins að skila sér í undirbúningi að framtíðarstarfi heldur einnig í þroska einstaklinganna og menningarlegum verkum.

Þegar á heildina er litið veitir framhaldsskólinn ekki enn nægilega haldgóða menntun til undirbúnings starfa í lýðræðisþjóðfélagi. Verkmenntunin hefur heldur ekki þróast í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa og verða fyrirsjáanlega í framtíðinni á starfskerfi og verkaskiptingu þjóðfélagins. Æskileg þróun í þessa átt hefur m.a. strandað á því að framhaldsmenntun er ekki skipulögð sem samvirk heild. Mismunandi hlutdeild ríkis og sveitarfélaga í fjármögnun bóklegs og verklegs náms, sem áður er að vikið, hefur verið hér mjög til trafala, sérstaklega fyrir eflingu framhaldsmenntunar í umdæmum utan Stór-Reykjavíkursvæðisins. Þetta ástand eykur á þann búsetu- og stéttamun sem er þó ærinn fyrir.

Valddreifing og stjórn.

Með frumvarpinu er leitað jafnvægis milli miðstýringar og valddreifingar. Þannig er gert ráð fyrir því að yfirstjórn menntamálaráðuneytis felist einkum í samræmingu á námi með setningu rammanámsskrár, fjárlagaáætlunum fyrir skólastigið í heild og eftirliti. Jafnframt hafi ráðuneytið forgöngu um umbætur í starfi framhaldsskóla, svo sem varðandi rannsókna- og tilraunastarf, samningu námsefnis eftir því sem þörf krefur og setningu reglugerða um einstaka þætti skólastigsins.

Veigamesta skipulagsbreytingin felst í tilfærslu verkefna frá ríki til lýðkjörinna fræðsluráða í hverju umdæmi. Fræðsluráðunum er ætlað margþætt hlutverk samkvæmt frumvarpinu. Meðal verkefna fræðsluráðs er að starfrækja fræðsluskrifstofu, móta tillögur um meginskipan framhaldsmenntunar í umdæminu, fjalla um árlegar fjárhagsáætlanir vegna framhaldsskóla og að ákveða endanlega skiptingu á fjárframlögum ríkis og sveitarfélaga milli skólanna og sameiginlegra verkefna. Við stefnumótun skólastarfsins skal fræðsluráð hafa hliðsjón af ábendingum frá uppeldismálaþingi sem gert er ráð fyrir að haldið verði í umdæminu, ekki sjaldnar en á fjögurra ára fresti.

Fræðsluráð ræður fræðslustjóra til að veita fræðsluskrifstofu forstöðu. Fræðsluskrifstofunni eru ætluð mörg og umfangsmikil verkefni. Hún tekur m.a. við ýmsum verkefnum sem áður voru á hendi menntamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis. Sem dæmi má nefna gerð heildaráætlana um skólahald og skólamannvirki í umdæminu, umsýslu fjármála vegna byggingaframkvæmda og launagreiðslur til starfsmanna skóla. Þá kemur í hlut skrifstofunnar að veita skólunum margháttaða þjónustu og aðstoð. Dæmi hér um eru samhæfing á skólastarfi, starfræksla kennslugagnamiðstöðvar og ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, aðstoð vegna tengsla skólanna við atvinnulíf, málefni fjarkennslu o.fl.

Ákvæði frumvarpsins eiga að stuðla að eflingu hvers skólasamfélags. Skólastjórn, sem skipuð er fulltrúum kennara, nemenda og annarra starfsmanna skóla, er fenginn í hendur réttur til að kjósa skólastjóra til fjögurra ára í senn. Þá er gert ráð fyrir að nemendaráð starfi við hvern skóla og er samtökum nemenda tryggður tillögu- og umsagnarréttur varðandi ýmsa þætti námsins. Til að stuðla að sem nánustum tengslum skóla við íbúa skólasvæðis er skólanum skylt að kynna starfsemi sína eftir föngum.

Niðurlag.

Svo brýnt sem það er að setja hér skýra löggjöf um framhaldsmenntun er ljóst að löggjöf ein sér tryggir ekki nauðsynlegar úrbætur. Þar þarf margt fleira að koma til. Skólastarf og nám er margþætt ferli þar sem „einfaldar lausnir“ eiga ekki við. Svo mikilvæg sem öll ytri skilyrði eru fyrir skólastarfið ræðst árangur fræðslunnar öðru fremur af samstarfi leiðbeinandans og nemandans. Varast þarf að líta frá of þröngu sjónhorni á vandamál framhaldsmenntunar. Þótt skólastig séu aðskilin í starfslegu tilliti orka þau hvert á annað. Árangur nemenda í framhalds- og háskólanámi ræðst m.a. af grunnmenntun þeirra. Á sama hátt er háskólamenntun kennara og annarra uppeldisstétta einn af hornsteinum starfs á fyrri skólastigum.

Við umfjöllun um framhaldsmenntun er einnig ástæða til að hafa í huga að skólastarf á víða í vök að verjast um þessar mundir. Þeirrar tilhneigingar gætir hér á landi sem annars staðar að litið sé á skólann sem hluta af markaðskerfi, menntun er vegin á mælistiku taps og gróða, verður að „skila arði“, eins og það er orðað án frekari skilgreininga. Slík viðhorf eiga ekkert skylt við það sjálfsagða stefnumið að nýta skynsamlega alla þætti sem tengdir eru skólastarfi heldur styðjast þau við það brenglaða gildismat að menntun lúti lögmálum vöruframleiðslu, hana sé hægt að kaupa eins og hvert annað góss hjá þeim sem best býður. Í þessari hugmyndafræði hefur sjálft inntak menntunarinnar gleymst.

Um leið og vinna ber að hagkvæmni í rekstri framhaldsskóla þarf að bægja þeirri hættu frá að markaðshyggja og einsýni ráði ferðinni varðandi hlutverk skóla og þróun menntamála. Aðeins vakandi almenningsálit og samstaða þeirra, sem vilja efla skólann sem vettvang fyrir þekkingarleit og skapandi uppeldisstarf, getur hindrað slíka öfugþróun og veitt brautargengi hugmyndum og tillögum sem miða að betri skóla.

Sþ. 30. Fyrirspurn [30. mál]

til menntamálaráðherra um aðgang að náms- og kennslugögnum í öllum fræðsluumdæmum.

Frá Pétri Bjarnasyni.

1. Hvað líður könnun á því hvernig hagkvæmast verði að auðvelda skólum aðgang að námsgögnum, kennslutækjum og hjálpargögnum þannig að tryggt verði að allir nemendur, hvar sem þeir búa á landinu, geti hagnýtt sér fjölbreytt kennslugögn í námi, sbr. þingsályktun frá 13. júní 1985?
2. Eru fyrirhugaðar sérstakar fjárveitingar til þessara mála á næstunni?
3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að kennslugagnamiðstöðvar verði formlega settar á stofn í fræðsluumdæmunum?

Sþ. 31. Tillaga til þingsályktunar [31. mál]

um klak- og eldisstöð fyrir sjávarfiska.

Flm.: Hreggviður Jónsson, Júlíus Sólnes.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að kanna og gera tillögur um að setja á stofn klak- og eldisstöð fyrir sjávarfiska sem verði staðsett á Suðurnesjum. Gerðir verði útreikningar á þjóðhagslegri arðsemi slíkrar stöðvar og rekstrar- og kostnaðaráætlun.

Í nefndinni skulu eiga sæti fulltrúar helstu hagsmunafélaga í sjávarútvegi, fulltrúar Hafrannsóknastofnunar, fulltrúar frá klak- og eldisstöðvum á Suðurnesjum og Samtökum sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Nefndin ljúki störfum fyrir árslok 1988. Kostnaður við störf hennar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Með tillögu þessari til þingsályktunar er hugað að enn nýjum þætti í sjávarútvegi sem gæti, þegar til langs tíma er litið, skipt sköpum í afkomu og aflabrögðum.

Eins og allir vita hefur fiskisæld verið að verulegu leyti háð hagstæðum skilyrðum sjávar og því að klak heppnist hverju sinni. Ef mið er tekið af árangri í fiskirækt og fiskeldi í ferskvatni er ekki fráleitt að álíta að svipaður árangur geti náðst í framtíðinni í eldi sjávarfisks í sjó. Þá benda allar tilraunir og árangur annarra þjóða í þessum efnum til að þetta sé það sem koma skal.

Ef aðeins er litið til klaks þorskhrogna og haft í huga að fjöldi hrogna úr einni hrygnu er 2 til 3 milljónir getur dæmið litið þannig út:

Árið 1986 var heildarþorskaflinn 365 859 tonn. Ef gert er ráð fyrir að meðalaldur veiddra þorskfiska væri 6,3 ár og hver fiskur að meðaltali 4,3 kg eru í þeirri veiði 85 milljónir fiska. Ef gert væri ráð fyrir að 8500 hrygnur væru kreistar og 1 milljón hrogna fengjust úr hverjum hrognabelg mundi nægja að 1% hrognanna næði að verða sex ára þorskar til að heildaraflamagni ársins 1986 væri náð.

Þetta er svo veigamikið hagsmunamál fyrir þjóðina að það þolir enga bið. Þá er það staðreynd að við eigum úrvalsvísindamenn og sérfræðinga á þessu sviði sem geta nú þegar hafist handa um að vinna að þessu máli.

Sþ. 32. Tillaga til þingsályktunar [32. mál]

um notkun síma í bifreiðum.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Margrét Frímannsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Guðrún Agnarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því að settar verði almennar reglur um notkun farsíma í ökutækjum hér á landi og þær kynntar ökumönnum og við ökukennslu. Skipuð verði átta manna nefnd sem í eiga sæti fulltrúar frá Ökukennarafélagi Íslands, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Bandalagi íslenskra leigubílstjóra, Landssambandi vörubílstjóra, umferðardeild lögreglu, Umferðarráði, Pósti og síma og dómsmálaráðuneyti og skal fulltrúi þess jafnframt veita nefndinni forstöðu.

Nefndin skal hafa lokið störfum fyrir 1. maí 1988. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Í svo harðbýlu landi sem Ísland er, er farsími mikið öryggistæki fyrir þá sem um landið fara og þá sem stunda sjóinn í kringum það. Og vissulega hefur aukin notkun farsíma í bifreiðum einnig létt fjölmörgum starfsstéttum störf og sparað mönnum tíma og peninga.

Á síðustu mánuðum hefur notkun síma í bifreiðum farið ört vaxandi. Sú sjón er orðin algeng í umferðinni á Stór-Reykjavíkursvæðinu að ökumenn séu að tala í síma við akstur og hafa menn af því nokkrar áhyggjur að af því kunni að stafa slysahætta. Ekki síst mætti ætla að símanotkun við akstur kynni að trufla unga ökumenn og dreifa athygli þeirra meðan þeir hafa enn ekki náð þeirri þjálfun við akstur sem vanir bifreiðastjórar hafa öðlast.

Í umferðarlögum, sem sett voru 19. mars 1987, eru engin ákvæði um notkun þessara tækja við akstur og engar reglur munu vera til um hana annars staðar. Engin trygging er fyrir því að ökukennarar bendi nemendum sínum á mikilvægi þess að sími sé einungis notaður í akstri ef nauðsyn ber til. Sívaxandi umferðarþungi á vegum landsins og þá ekki síst á þéttbýlissvæðunum krefst þess að ökumenn beiti varúð og árvekni við aksturinn. Víst er að símasamtöl geta dregið athygli ökumanns frá akstrinum auk þess sem önnur hönd hans er teppt meðan á samtalinu stendur sem kynni að draga úr viðbragðsflýti ef hætta steðjaði að.

Slysatíðni í umferðinni er óhugnanlega há hér á landi og hafa fæstir komist hjá því að kynnast þeim hörmungum sem af þeim slysum hefur leitt. Ökumönnum er meiri vandi á höndum hér á landi en víða annars staðar og kemur þar til ófullkomið vegakerfi og erfið veðurskilyrði. Því sýnist full þörf á að gera allt sem í mannlegu valdi stendur til að auka öryggi manna í umferðinni. Börn eru meira úti í umferðinni hér á landi en víða annars staðar vegna skorts á skóladagheimilum og frístundaþjónustu og því er stærri áhættuhópur hér en í nágrannalöndum okkar. Samkvæmt skýrslu um umferðarslys á Íslandi árið 1984 sem Umferðarráð gaf út létust 24 manneskjur í umferðarslysum það ár, þar af 3 börn undir 14 ára aldri. Það ár slösuðust 44 börn undir 6 ára aldri í umferðaróhöppum, 90 á aldrinum 7–14 ára og 71 á aldrinum 15–16 ára. Má geta sér til hverjar þjáningar þessi börn hafa þolað og vitað er að mörg þeirra búa við varanlegt heilsutjón.

Sívaxandi fjöldi bifreiða á vegum landsins og þá fyrst og fremst á þéttbýlissvæðunum dregur tæpast úr mikilvægi þess að ekið sé með óskertri athygli. Það getur engum blandast hugur um að símasamtöl draga athygli ökumanns frá akstrinum og teppa aðra hönd hans meðan á símtali stendur og því ættu ökumenn aðeins að nota þessa tækni ef brýn þörf krefur.

Með flutningi þessarar tillögu til þingsályktunar vilja flutningsmenn vekja athygli á þessu máli og fara þess á leit við yfirvöld að því verði gaumur gefinn. Nefnd þeirri, sem hér er lagt til að skipuð verði, yrði falið að finna leiðir til þess að auka fræðslu um áhrif notkunar síma á ökumenn við akstur og kanna hver áhrif akstursbraði kann að hafa í því sambandi, um leið og nefndin athugaði sérstaklega áhrif sívaxandi notkunar bifreiðasíma á þéttbýlissvæðunum.

Mikill tími hins háa Alþingis undanfarin tvö ár hefur farið í að setja ítarleg umferðarlög, enda er það án alls vafa áhugamál allra alþingismanna að tryggja örugga og góða umferð og koma í veg fyrir þær skelfilegu mannfórnir sem samfélagið færir ár hvert. Flutningsmenn þeirrar tillögu til þingsályktunar sem hér er kynnt treysta því þess vegna að henni verði tekið af skilningi og henni veitt brautargengi á hinu háa Alþingi.

Nd. 33. Frumvarp til laga [33. mál]

um jarðhitaréttindi.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Guðrún Helgadóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Ólafur Ragnar Grímsson, Ragnar Arnalds.

I. KAFLI

1. gr.

Landareign hverri, sem háð er einkaeignarrétti, fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á og undir yfirborði hennar í allt að 100 metra dýpi.

Landeiganda er rétt að bora eftir og hagnýta sér jarðhita með þeim takmörkunum sem lög þessi tilgreina.

2. gr.

Með rétti til umráða og hagnýtingar jarðhita samkvæmt lögum þessum fylgir réttur til uppleystra efna og gastegunda sem heitu vatni og gufu fylgja.

3. gr.

Nú eiga fleiri en einn rétthafi heimild til að hagnýta jarðhita úr sama jarðhitasvæði, þannig að ekki verði aðskilið þegar hagnýtt er, og skal þá skera úr því með mati dómkvaddra matsmanna á hvern hátt hagkvæmast er að hagnýta jarðhitann og hver sé hlutfallslegur réttur hvers þeirra til hans.

Ef rétthafar verða ekki ásáttir að öðru leyti um rétt til hagnýtingar jarðhita skal á sama hátt úr því skorið með mati.

4. gr.

Nú vill jarðeigandi ekki leggja í neinn kostnað til hagnýtingar jarðhita á jörðinni og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hann á sinn kostnað, þó þannig að hann spilli ekki jörð að neinu leyti. Ekki má byrja á verkinu fyrr en það hefur verið skoðað af matsmönnum samkvæmt ábúðarlögum og þeir talið það réttmætt. Ekki er jarðeigandi skyldur til, þegar svo stendur á sem í grein þessari segir, við brottför ábúanda að innleysa þau mannvirki er ábúandi hefur gert til hagnýtingar jarðhita, önnur en þau sem gerð hafa verið til heimilis- og búsþarfa.

5. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra, sbr. þó 3. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976. Um sölu jarða er jarðhitaréttindi fylgja fer eftir ákvæðum jarðalaga, þó þannig að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum sem hann er veittur með þeim lögum. Nú hefur sveitar- eða bæjarfélag notað forkaupsrétt sinn til slíkra jarðeigna, en selur aftur, og skal þá ríkissjóður eiga forkaupsrétt er svo stendur á.

II. KAFLI

6. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur dýpra en 100 metra undir yfirborði landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur utan landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.

7. gr.

Óheimilt er að bora eftir eða hagnýta jarðhita skv. 6. gr. nema með leyfi ráðherra skv. 9. eða 10. gr.

8. gr.

Sá sem borað hefur eftir jarðhita og byrjað hagnýtingu hans með réttri heimild fyrir 1. janúar 1988 hefur rétt til notkunar þess jarðhita áfram án sérstaks leyfis og án greiðslu leyfisgjalds skv. 12. gr. Hann skal og hafa forgangsrétt til frekari borana og hagnýtingar jarðhitans á því jarðhitasvæði til sama fyrirtækis.

9. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum aðilum leyfi til rannsókna, þar með taldar boranir á afmörkuðum jarðhitasvæðum hvar sem er á landi hér. Slík leyfi nefnast jarðhitarannsóknarleyfi og skulu vera til fyrir fram ákveðins tíma.

10. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum aðilum leyfi til nýtingar jarðhita á afmörkuðu jarðhitasvæði hvar sem er á landi hér. Slík leyfi kallast jarðhitaleyfi.

Rétt er ráðherra að krefjast þess að umsóknum um leyfi skv. 9. og 10. gr. fylgi ítarlegar upplýsingar um umsækjandann, fyrirhugaðar rannsóknir hans og jarðhitanýtingu.

11. gr.

Sveitarfélag, sem á land á jarðhitasvæði við gildistöku laga þessara, skal hafa forgangsrétt til jarðhitarannsóknarleyfis og jarðhitaleyfis skv. 9. og 10. gr. á landi sínu og vera undanþegið leyfisgjaldi skv. 12. gr.

12. gr.

Í leyfi skv. 9. og 10. gr. skulu greind þau skilyrði sem leyfishafa eru sett, þar á meðal um gildistíma leyfis, skýrslugjöf leyfishafa, skyldu hans til að hlíta eftirliti og greiða kostnað af því, um öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir og greiðslu leyfisgjalds.

Við ákvörðun leyfisgjalds skal m.a. taka tillit til verðmætis orkunnar fyrir leyfishafa eða notanda, kostnaðar við orkuöflun með öðrum hætti svo og kostnaðar við öflun og afhendingu orkunnar til notanda.

Áður en leyfi skv. 9. og 10. gr. er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar. Jafnframt skal leita umsagnar Náttúruverndarráðs skv. 29. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd.

13. gr.

Ráðherra getur heimilað þeim sem fengið hefur leyfi skv. 9. eða 10. gr. að taka eignarnámi lönd, mannvirki, rétt til jarðhita skv. 1. mgr. 1. gr. og önnur verðmæti og réttindi sem nauðsynleg eru til rannsókna og nýtingar jarðhitans, þar með talin dreifing jarðvarmans.

Ráðherra getur enn fremur heimilað að jarðhiti sé tekinn eignarnámi í vinnsluskyni eða til að afstýra því að borun á jarðhitasvæði spilli verðmæti hagnýtingar sem hafin er á jarðhita í námunda við svæðið.

Um eignarnám samkvæmt þessari grein skal fara að lögum um framkvæmd eignarnáms og 140. gr. vatnalaga, nr. 15/1923.

14. gr.

Til rannsókna, hagnýtingar eða hvers konar ráðstöfunar á jarðhita á jörðum í opinberri eigu og öðru ríkiseignalandi þarf leyfi ráðherra skv. 9. eða 10. gr., sbr. þó 2. mgr. 4. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, og 3. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976.

III. KAFLI

15. gr.

Óheimilt er að spilla jarðhitasvæðum hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti svo og að breyta farvegi þess vatns er frá jarðhitasvæði rennur, nema talið sé nauðsynlegt að mati dómkvaddra matsmanna til varnar landi eða landsnytjum eða til þeirrar hagnýtingar jarðhita sem heimil er að lögum.

16. gr.

Mannvirki öll til hagnýtingar jarðhita skulu þannig úr garði gerð að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns, nema skylt sé að hlíta samkvæmt sérstakri heimild.

17. gr.

Skylt er umráðamanni að girða jarðhitasvæði sem hætta stafar af. Þó skal nægilegt að merkja slík svæði sem eru fjarri byggð með aðvörunarmerkjum.

18. gr.

Við allar jarðboranir dýpri en 10 metra skal halda dagbók er gefi upplýsingar um jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna, hitastig og hvað annað sem reglugerð ákveður eða Orkustofnun mælir fyrir um að færa í dagbók.

Skylt er að láta Orkustofnun í té afrit af dagbók þegar hún óskar þess. Hún getur einnig krafist þess að boranir og berg- og jarðvegssýnishorn séu varðveitt.

Ef Orkustofnun mælir svo fyrir er þeim sem lætur bora skylt að tilkynna henni þegar í stað er heitt vatn eða gufa kemur eða vex í borholu.

19. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi III. og VII. kafli orkulaga, nr. 58 1967.

Greinargerð.

Hliðstætt frumvarp hefur verið flutt á síðustu þingum af þingmönnum Alþýðubandalagsins í neðri deild en ekki orðið útrætt. Áður var það lagt fram á 105. löggjafarþingi 1983 og þá sem stjórnarfrumvarp.

Hvati að undirbúningi málsins var m.a. ákvæði í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar frá 1. september 1978, þess efnis að djúphiti í jörðu skuli vera þjóðareign.

Eins og fram kemur síðar í greinargerðinni hafa ýmsar tilraunir verið gerðar til að setja heildarlög um jarðhita allt frá árinu 1937 að telja. Á tíma ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar 1971–74 beitti Magnús Kjartansson, þáverandi iðnaðarráðherra, sér fyrir flutningi frumvarps til laga um breytingu á orkulögum, nr. 58/1967, varðandi rétt ríkisins til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum. Var frumvarp um þetta efni flutt sem stjórnarfrumvarp á þingunum 1972 og 1973 og á sumarþinginu 1974 og síðan af Magnúsi Kjartanssyni o.fl. sem þingmannafrumvarp þrívegis 1974–76, en hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er víðtækara þar eð það tekur til alls jarðhita hvort sem um er að ræða svonefnd lághita- eða háhitasvæði.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfestar verði reglur um umráðarétt og hagnýtingarrétt jarðhita. Lagt er til að landeigendur hafi umráð jarðhita á yfirborði landsins og undir því í 100 metra dýpi, en umráð alls annars jarðhita, hvort sem er á landssvæðum sem ekki eru háð einkaeignarrétti eða undir yfirborði einkaeignarlanda í meira en 100 metra dýpi, skulu vera í höndum ríkisins, þ.e. almannaeign.

Þá er lagt til að ráðherra veiti leyfi til rannsókna, borana og hagnýtingar jarðhita sem er almannaeign samkvæmt lögunum og sett verði reglugerð með nánari fyrirmælum um framkvæmd laganna, þar á meðal um umsóknir um jarðhitaleyfi og jarðhitarannsóknarleyfi svo og leyfin sjálf, en í þeim er eðlilegt að ákveða leyfisgjöld sem leyfishafi greiðir þegar við á.

Enn fremur er lagt til að þeir sem þegar hafa borað eftir jarðhita dýpra en 100 metra í einkaeignarlandi skuli halda rétti sínum til nýtingar jarðhitans án sérstaks leyfis og án greiðslu leyfisgjalds. Slíkir aðilar skulu og hafa forgangsrétt til frekari nýtingar á jarðhitasvæðinu, þó ekki til nýrra fyrirtækja.

Lagt er til að sveitarfélög, sem land eiga á jarðhitasvæði við gildistöku laganna, skuli hafa forgang að nýtingu jarðhitans á landi sínu og vera undanþegin leyfisgjaldi.

Þá er með frumvarpinu lagt til að veitt verði heimild til eignarnáms vegna rannsókna, borunar og vinnslu jarðhita. Loks eru tekin upp í frumvarp þetta núverandi ákvæði orkulaga, nr. 58/1967, um vinnslu jarðhita og verndun jarðhitasvæða, ásamt smávægilegum breytingum.

I.

Í núgildandi löggjöf eru helstu ákvæði um jarðhita í 9. og 10. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, og III., V. og VII. kafla orkulaga, nr. 58/1967.

Í ákvæðum vatnalaga er á því byggt að hverir og laugar fylgi landareign þeirri sem hver eða laug er á, en nokkrar takmarkanir eru þó á umráðaréttinum.

Ákvæðin í orkulögum leystu af hólmi lög nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita, en í 1. gr. þeirra laga sagði að landareign hverri fylgdi „réttur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum (jarðhita), sem á henni eru, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina".

Sambærilegt ákvæði er nú að finna í 9. gr. orkulaga frá 1967 en greinin hljóðar þannig: „Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita úr landareigninni, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina." Í greinargerð með frumvarpi til orkulaga var tekið fram að ekki væru ráðgerðar róttækar breytingar á þeim lögum er giltu um orkumál, heldur væru þau samræmd þannig að unnt væri að fella þau í einn lagabálk miðað við þá breytingu sem frumvarpið ráðgerði á stjórn orkumálanna.

Í þriðja kafla laganna, sem ber yfirskriftina „Um vinnslu jarðhita", er að finna þau ákvæði sem áður voru í lögum nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita. Eina efnislega nýmælið er að í 14. gr. er almenn heimild til eignarnáms á jarðhitaréttindum og jarðhitaorku. Þá er í lagatextanum talað einungis um jarðhita í stað hvera og lauga eða hveraorku. Í athugasemdum um 9. gr. frumvarpsins er tekið fram að greinin sé efnislega samhljóða 1. gr. laga nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

Auk ákvæðanna um rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita í 9. gr. orkulaganna eru í III. kafla laganna ákvæði um jarðhitasvæði á landamerkjum, um rétt ábúanda til að hagnýta sér jarðhita á jörð, um bann við því að landeigandi undanskilji landareign sinni jarðhitaréttindi, um forkaupsrétt að jörðum er jarðhitaréttindi fylgja, um heimild til að taka jarðhita eignarnámi, um rétt ríkisins til að láta rannsaka jarðhita hvar sem er á landi hér, um skyldur landeiganda til að láta af hendi land og mannvirki þegar jarðhiti er tekinn

eignarnámi og um skyldu til að leita umsagnar Orkustofnunar um hagnýtingu og ráðstöfun jarðhita í eigu ríkisins.

Í V. kafla laganna eru ákvæði um hitaveitur, þar á meðal um heimild ráðherra til að veita sveitarfélögum eða samtökum þeirra einkarétt til þess að starfrækja hitaveitur.

Í VII. kafla orkulaga eru ákvæði um verndun jarðhitasvæða, jarðhitavirki og eftirlit með þeim og í VIII. kafla laganna eru ákvæði um Jarðboranir ríkisins.

Með frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir breytingum á ákvæðum vatnalaga. Lagt er til að ákvæðum orkulaga verði haldið efnislega að undanteknu því að kveðið verði á um að réttur landeigenda til umráða og hagnýtingar jarðhita takmarkist við 100 m dýpi. Nokkrar lítils háttar orðalagsbreytingar eru gerðar þessu samfara auk þess sem kveðið er á um skyldur ríkisins til ákveðinna ráðstafana og eftirlits vegna hættu sem stafar af jarðhitasvæðum.

Meðal ákvæða í yngri lögum um jarðhita ná nefna 4. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, þar sem vatnsréttindi, þar með talinn jarðhiti, eru undanskilin leiguliðaafnotum. Þó á leiguliði rétt á vatni til upphitunar á húsum jarðar, þar með talin gróðurhús til eigin atvinnurekstrar.

Í 3. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, er tekið fram að ríkið skuli við sölu á ríkisjörðum undanskilja námaréttindi og rétt til efnistöku, svo og vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþörf.

Eins og ljóst er af framangreindu er fyrsta tilraun til að setja heildarlög um jarðhita lögin nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita. Í greinargerð með frumvarpi til laganna, er það var lagt fram á síðara þingi 1937, segir m.a.: „Frumvarp þetta er flutt með það fyrir augum að tryggja almenningi, eftir því sem hægt er, not þessara verðmæta og vernda þau fyrir því, að þeim verði spillt.“ (Alþingistíðindi 1937, síðara þing, A, bls. 124). Í umræðum um frumvarpið (Alþingistíðindi 1940 B, d. 553–572) var á það lögð áhersla að hætta væri á að meira og meira af jarðhitanum lenti í höndum þeirra manna sem eru að reyna að ná eignarhaldi á verðmætum þessum í því skyni að græða á þeim. Sagt er að það sé þetta sem lagasetningin eigi að fyrirbyggja.

Efnisákvæði laganna frá 1940 voru tekin upp í orkulög frá 1967 án þess að nokkur veruleg endurskoðun færi fram.

II.

Eins og fram kemur í lýsingu á settum lögum um jarðhita hér að framan hefur í löggjöf verið byggt á þeirri meginstefnu að landeigendur hefðu umráða- og eignarrétt á jarðhita bæði á og í jörðu. Þessum rétti hafa verið sett ýmis takmörk en enga reglu eða ábendingu er að finna í löggjöf um það hversu djúpt í jörðu niður forræði landeiganda á jarðhita nær né heldur er í íslenskum rétti að finna reglu sem kveður á um takmörk eignarráða landeiganda niður á við. Fræðimenn hafa talið að þau nái svo langt niður sem nauðsynlegt er að leyfa til þess að landeigandinn geti haft þau not af landi sínu sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á landi. (Sjá t.d. Ólafur Lárusson: *Eignaréttur,* bls. 46).

Í frumvarpi þessu er á því byggt að eignarrétti að landi geti löggjafinn sett almennar takmarkanir, þó þannig að ekki brjóti í bága við rétt landeiganda til að hafa þau not af landi sínu sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á landi. Í frumvarpinu er annars vegar fjallað um umráða- og hagnýtingarrétt á jarðhita, á eða undir landi sem ekki er háð einkaeignarrétti, og hins vegar jarðhita sem sækja verður í meira en 100 metra dýpi undir yfirborð lands í einkaeign. Er á því byggt að sú takmörkun, sem eignarrétti landeiganda er sett með því að kveða á um það í löggjöf að heimildir landeiganda til að nota og ráðstafa jarðhita nái aðeins til jarðhita á landi hans og jarðhita sem bora verður eftir á dýpi sem er 100 metrar eða minna, sé almenn takmörkun á eignarrétti og sé ekki þess háttar eignarskerðing að bótaskyldu varði skv. 67. gr. íslensku stjórnarskrárinnar.

Áður hefur verið vísað til þess sem Ólafur Lárusson sagði í ritinu *Eignaréttur*. Árið 1956 var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um jarðhita í 66 greinum og 9 köflum. Í 8. gr. frumvarpsins var svohljóðandi ákvæði: „Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita, sem liggur dýpra eða sóttur er dýpra en 100 metra undir yfirborð jarðar, sbr. þó 14. gr.“ Með frumvarpi þessu fylgdi ritgerð eftir Ólaf Jóhannesson sem bar nafnið: Um eignar- og umráðarétt að jarðhita. Ritgerð þessi er ítarlegasta lögfræðilega greinargerðin um þessi efni sem rituð hefur verið á íslensku. Í henni er fjallað um hversu háttað sé að íslenskum lögum eignar- og umráðarétti að jarðhita, hver stefna muni í þeim efnum hallkvæmust hagsmunum bæði einstaklinga og þjóðarheildar og skipun löggjafar á þessu sviði hjá öðrum þjóðum.

Niðurstöður Ólafs Jóhannessonar voru þær að þrátt fyrir að réttur landeigenda til umráða og hagnýtingar jarðhita á landi sínu sé, að því er virðist, litlum skorðum bundinn að núgildandi lögum þá megi auðvitað setja honum ýmis takmörk með nýrri löggjöf ef ástæða þykir til. Enn fremur segir Ólafur að það sé sanngjörn regla og í samræmi við eðli máls að sérstök náttúruauðæfi, sem enginn einstakur hefur átt þátt í að skapa, séu sameign þjóðarinnar allrar. Með löggjöf þeirri, sem gerð var tillaga um, væri ekki gengið of nærri hagsmunum landeigenda. Þeir héldu eftir nægilegri orku til sinna eðlilegu þarfa. Lokaorð ritgerðar Ólafs um ákvæði frumvarpsins um umráðarétt ríkisins neðan 100 metra dýpis eru þessi: „Og slík löggjafarákvæði mundu ekki brjóta í bág við eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar. Er það augljóst þegar litið er til þeirrar löggjafar, sem sett hefur verið í öðrum löndum um hliðstæð efni, enda þótt þar séu svipuð eða samhljóða ákvæði um friðhelgi eignarréttar, sbr. það, sem sagt er hér að framan um Danmörk.“

Rétt er og að vitna til ummæla dr. Bjarna Benediktssonar í greinargerð með frumvarpi til laga sem hann flutti á Alþingi 1945, um viðauka við lög nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita (Alþingistíðindi 1945 A, bls. 434–435). Var lagt til að jarðboranir er ná dýpra en 10 metra mætti ekki framkvæma án leyfis ráðherra, sem skyldi synja leyfis, ef hætta kynni að vera á því að með jarðborunum væri spillt hagnýtingu jarðhita á eign annars manns sem þegar er hafin eða hagnýtingu síðar meir, enda sé sú hagnýting jarðhitans mun verðmeiri en sú hagnýting sem stefnt er að með hinni fyrirhuguðu jarðborun.

Ekki var í frumvarpinu ákvæði um bætur, enda segir m.a. í greinargerð með því: „Hér er aðeins um almenna takmörkun á eignarréttinum að ræða, sem löggjafarvaldinu er heimilt að setja, þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.“ Í frumvarpi þessu var því lagt til að unnt væri að svipta landeiganda rétti til hagnýtingar jarðhita neðan 10 metra dýpis ef hætta kynni að vera á því að það spillti byrjaðri eða væntanlegri hagnýtingu jarðhita á landi annars manns. Taldi dr. Bjarni Benediktsson þetta almenna takmörkun eignarréttar sem heimil væri án bóta. Virðast því fræðimennirnir Bjarni Benediktsson og Ólafur Jóhannesson hafa verið sammála í aðalatriðum um þetta efni.

III.

Svo sem fyrr er getið fjallaði Ólafur Jóhannesson um skipan þessara mála hjá öðrum þjóðum og lýsti hann löggjöf í Nýja-Sjálandi, Ítalíu, Mexíkó, Danmörku, Noregi, Sviþjóð, Frakklandi og Sviss. Vísast til ritgerðar Ólafs sem fylgdi fyrrgreindu frumvarpi og einnig er að finna í Tímariti lögfræðinga 1956, bls. 134–157. Því til viðbótar er þó rétt að geta eftirfarandi atriða um erlenda löggjöf:

Á vegum OECD var árið 1962 gerð könnun á eignar- og umráðarétti yfir olíu í jörðu og var niðurstaðan sú að nánast hvarvetna, þar sem rannsóknir hefðu farið fram á því hvort olíu væri að finna neðanjarðar, væri hún háð eignarráðum eða umráðum ríkisins og virðast Bandaríki Norður-Ameríku vera eina ríkið þar sem olía á landi er háð einkaeignarrétti og landeigendur fá því greiðslur fyrir olíu úr landi sínu.

Í Noregi voru árið 1973 sett lög um rannsókn og vinnslu olíu neðanjarðar undir norsku landsvæði og með þeim kveðið á um skýlausan eignarrétt ríkisins á olíu innan yfirráðasvæðis þess. Ekki var talið að um væri að ræða þess háttar eignarskerðingu að leitt gæti til bóta skv. eignarnámsákvæði stjórnarskrárinnar norsku.

Í Danmörku hefur verið úrskurðað að lög um rannsókn og vinnslu hráefna neðanjarðar nái til jarðhita og er hann því ríkiseign.

Í Bandaríkjunum hafa verið sett lög um jarðhita, annars vegar Geothermal Steam Act 1970 og hins vegar Geothermal Energy Research Development and Demonstration Act 1974. Í Bandaríkjunum hafa stjórnvöld um langan aldur undanskilið verðmæti í jörðu við sölu landareigna. Þetta hefur leitt til þess að langmestur hluti jarðhita þar í landi er í umráðum ríkisins.

Í Nýja-Sjálandi gilda lög frá 1953, með síðari breytingum, um jarðhita og nefnast þau The Geothermal Energy Act 1953. Í 14. gr. laganna segir: „No compensation in respect of geothermal energy. Notwithstanding anything in this Act or any other Act, compensation shall not be payable in respect of any geothermal energy on or below the surface of any land except so far as, at the commencement of this Act, the existence of the geothermal energy on or below the surface of the land is of actual benefit to the owners or occupiers of the land."

Með þessum lögum er allur jarðhiti í Nýja-Sjálandi lýstur almannaeign án bóta til landeiganda, nema því aðeins að landeigandi hafi þegar byrjað að nota jarðhitann og hann hafi því beinan hag af honum. Augljóst er að í öðrum löndum þar sem löggjafar nýtur hefur verið gengið miklu lengra í þá átt að takmarka rétt landeigenda til jarðhita en gerðar eru tillögur um í frumvarpi þessu.

Löggjöf annars staðar virðist benda til þess að ekki sé talið að ákvæði í almennum lögum um eignarrétt eða umráðarétt ríkisins á náttúruauðæfum undir yfirborði einkaeignarlanda brjóti í bága við stjórnarskrárbundna vernd einkaeignarréttarins. Þetta á jafnt við um ríki, sem búa við mjög svipaða löggjöf og við, sem og önnur ríki sem búa við ólíka stjórnskipun.

IV.

Sú spurning hlýtur að vakna hvort ákvæði frumvarps þessa, sem lýsa ónotaðan jarðhita neðan 100 metra dýpis undir einkaeignarlöndum í umráð ríkisins, brjóti í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Þeirri spurningu verður ekki svarað nema fyrst sé kannað hvort öll náttúruauðæfi undir yfirborði jarðar tilheyri landareign. Hvorki í vatnalögum frá 1923, lögunum um eignar- og notkunarrétt jarðhita frá 1940 né í orkulögunum frá 1967 er þess getið hversu djúpt í jörð niður réttur landeiganda nái að þessu leyti. Í lögunum frá 1940 er talað um að landareign fylgi réttur til hvera og lauga (jarðhita) sem á landareign eru (1. gr.) og að landeiganda sé heimilt að hagnýta sér hveri og laugar til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar. Í orkulögunum frá 1967 er hins vegar talað um jarðhita úr landareign og að landeiganda sé rétt að bora á landareign sinni eftir jarðhita, og vinna hann til hvers konar nota. Enda þótt ákvæði orkulaga séu þannig nokkuð ítarlegri, mun ekki hafa verið ætlunin að breyta neinu um eignar- og notkunarrétt jarðhita með setningu III. kafla orkulaganna.

Hvorki vatnalög, orkulög né önnur lög eða réttarheimildir virðast hafa veitt landeiganda heimildir á öllum jarðhita sem finna má undir landareign hans. Ekki verður heldur séð að landeigendur hafi með öðrum hætti eignast slíkar heimildir á jarðhita, sem finnst djúpt í jörðu niðri, að varðað geti bótum samkvæmt stjórnarskrárákvæðum að lýsa jarðhita þennan í umráð ríkisins. Samkvæmt viðtekinni skilgreiningu á eignarrétti felst í honum einkaréttur eigandans til að ráða yfir eign innan þeirra marka sem þessum rétti eru sett í

lögum og af óbeinum réttindum annarra sem til hefur verið stofnað yfir eigninni. Jafnvel þótt því mætti halda fram að með ákvæðum vatnalaga frá 1923, laganna um eignar- og notkunarrétt jarðhita frá 1940 og orkulaganna frá 1967 hafi landeigendum, af löggjafarvaldsins hálfu, verið falinn eignarréttur að öllum jarðhita undir einkaeignarlandi, þá er ekkert því til fyrirstöðu að breyta þessum reglum nú. Eignarrétturinn er að þessu leyti breytilegur. Heimildir hans geta ýmist verið rýmri eða þrengri, allt eftir því hve almenn takmörk honum eru sett í lögum hverju sinni.

Niðurstaðan er því sú að með ákvæðum frumvarps þessa sé einungis verið að setja eignarréttinum almenn takmörk. Ekki verði séð að stofnast hafi til eignarréttar með jarðhita djúpt í jörðu sem girði fyrir að almenni löggjafinn geti mælt fyrir um umráða- og hagnýtingarrétt til handa ríkinu á jarðhita sem ekki hefur verið virkjaður og er neðan 100 metra dýpis í landi sem er háð einkaeignarrétti.

Um rétt ríkisins til að setja reglur um meðferð jarðhita utan einkaeignarlanda og neðan við 100 metra dýpi undir einkaeignarlöndum má vísa til dóms Hæstaréttar 19. febrúar 1981, um eignarrétt að botni Mývatns utan netlaga, og dóms Hæstaréttar 28. desember 1981, um eignarrétt að Landmannaafrétti. Í báðum tilvikum var einkaeignarréttarkröfum landeigenda hafnað, en kveðið á um rétt handhafa ríkisvaldsins til að setja reglur um yfirráð, meðferð og nýtingu náttúruauðæfa þessara.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að umráðaréttur og hagnýtingarréttur landeigenda takmarkist við jarðhita á landi og þann jarðhita sem sóttur verður á dýpi allt að 100 metrum. Talið er að með ákvæði þessu sé tryggt að landeigandi á jarðhitasvæði verði ekki sviptur neinum þeim jarðhitanotum sem teljast til venjulegrar nýtingar á landi.

Um 2. gr.

Með gufu og heitu vatni berast úr jörðu uppleyst efni og gastegundir sem ekki verða skilin frá á auðveldan hátt. Lagt er til að með umráða- og hagnýtingarrétti jarðhita fylgi réttur til þessara uppleystu efna og gastegunda. Þetta er í samræmi við erlenda löggjöf á sviði jarðhita.

Um 3. gr.

Greinin svarar efnislega til 11. gr. orkulaga, nr. 58/1967, þó þannig að orðalagi er breytt til samræmis við frumvarp þetta. Einnig er kveðið á um að matsmenn skuli skera úr um hvernig hagkvæmast sé að hagnýta jarðhitann ef ágreiningur verður. Ekki er talið rétt að lögfesta ítarlegri reglur um skiptingu og hagnýtingu jarðhita þar sem tilvikin sem upp geta komið eru mörg og verða sanngirnisrök oft að ráða skiptingunni. Ef ekki næst samkomulag um hagnýtingu jarðhita er heimilt að beita ákvæðum 13. gr.

Um 4. gr.

Greinin er sama efnis og 12. gr. orkulaga, nr. 58/1967. Tekið er fram að matsmenn þeir, sem vitnað er til, skuli vera hinir sömu og starfa samkvæmt ábúðarlögum, nr. 64/1976.

Um 5. gr.

Grein þessi svarar til 13. gr. orkulaga, nr. 58/1967, með lítils háttar breytingum. Vitnað er í hin nýju jarðalög, nr. 65/1976, auk þess sem ekki er kveðið á um að forkaupsréttur ríkisins takmarkist við fimm ára tímabil eftir að sveitarfélag neytir forkaupsréttar síns.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að kveðið verði á um að allur jarðhiti undir yfirborði einkaeignarlanda og sóttur verður í meira en 100 metra dýpi skuli vera í umráðum ríkisins.

Í 2. mgr. er lagt til að kveðið verði á um í lögum að jarðhiti, sem finnst utan fullkominna eignarlanda, skuli vera háður umráðum ríkisins. Ekki er að finna slíkt ákvæði í gildandi löggjöf en það hefur út af fyrir sig ekki verið dregið í efa að jarðhiti á afréttum og almenningum sé almannaeign.

Um 7. gr.

Lagt er til að ætíð þurfi leyfi til að hagnýta jarðhita neðan við 100 metra undir einkaeignarlandi og utan einkaeignarlanda.

Um 8. gr.

Lagt er til að þeir sem þegar hafa borað eftir jarðhita og byrjað hagnýtingu hans eða munu hafa gert það fyrir 1. janúar 1988 skuli halda rétti til þess jarðhita án sérstaks leyfis og án greiðslu gjalds. Hér er að sjálfsögðu átt við hagnýtingu á jarðhita sem ella þyrfti leyfi til samkvæmt frumvarpinu. Þá er og lagt til að slíkir aðilar hafi forgangsrétt til frekari hagnýtingar sama jarðhitasvæðis til sama fyrirtækis. Þykir sanngjarnt að þeim fyrirtækjum, sem nota jarðhita, verði tryggð aukin not ef nægur jarðhiti er á því jarðhitasvæði sem hagnýtt hefur verið.

Um 9. gr.

Lagt er til að ráðherra veiti leyfi til rannsókna og borana á jarðhitasvæðum. Gert er ráð fyrir að slík leyfi nái til jarðhitasvæðis sem afmarkað er í leyfi.

Um 10. gr.

Á sama hátt og með jarðhitarannsóknarleyfi er lagt til að ráðherra veiti leyfi til hagnýtingar á jarðhita eða vinnslu hans. Kveðið er á um skyldu þess er sækir um leyfi skv. 9. eða 10. gr. að láta í té hvers kyns upplýsingar sem ráðherra telur máli skipta við afgreiðslu umsóknar og útgáfu leyfis.

Um 11. gr.

Í þessu ákvæði er lagt til að sveitarfélög sem eignast hafa land á jarðhitasvæðum við gildistöku laganna skuli hafa betri rétt en aðrir til að hagnýta jarðhita sem á landi þeirra finnst. Þau verða samt sem áður háð ákvæðum laganna um leyfisveitingar en eru undanþegin greiðslu gjalds. Á því er byggt í ákvæði þessu að jarðhiti í umráðum sveitarfélags verði notaður til almenningsheilla og rétt sé að tryggja með löggjöf að réttur sveitarfélagsins til að nýta jarðhitann sé betri en réttur annarra sem kunna að sækja eftir hagnýtingu jarðhita í landi sem sveitarfélag hefur eignast fyrir gildistöku laganna.

Um 12. gr.

Hér er getið nokkurra þeirra atriða sem koma verða fram í leyfi skv. 9. og 10. gr. en að sjálfsögðu er ekki um tæmandi upptalningu að ræða. Gert er ráð fyrir að ítarlegri fyrirmæli um framkvæmd laganna verði sett með reglugerð.

Rétt þykir að kveða á um að leita skuli umsagnar Orkustofnunar og eftir atvikum Náttúruverndarráðs áður en leyfi skv. 9. eða 10. gr. er veitt.

Um 13. gr.

Ákvæði þetta samsvarar 14.–16. gr. orkulaga, nr. 58/1967.

Um 14. gr.

Með þessu ákvæði er skýrt kveðið á um að ráðstöfun á jarðhita ríkisins heyri undir einn og sama aðila til að tryggja samræmda ákvarðanatöku um slík mál.

Um 15. gr.

Greinin er samhljóða 46. gr. orkulaga, nr. 58/1967, nema að því leyti að skýrt er kveðið á um skipun matsmanna samkvæmt greininni.

Um 16. gr.

Greinin er samhljóða 47. gr. orkulaga.

Um 17. gr.

Þessi grein fjallar um sama efni og 48. gr. orkulaga. Tekið er fram að umráðamanni sé nægilegt að merkja með aðvörunarmerkjum jarðhitasvæði sem eru fjarri byggð og hætta stafar af.

Um 18. gr.

Greinin er samhljóða 49. gr. orkulaga.

Um 19. gr.

Í þessu ákvæði er almenn heimild til reglugerðarsetningar fyrir lögin í heild.

Um 20. og 21. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Nd. 34. Frumvarp til laga [34. mál]

um breytingu á lögum nr. 19 4. nóvember 1887, um aðför.

Flm.: Jón Magnússon.

1. gr.

33. gr. laganna orðist svo:

Þegar aðfararheimild er fyrir hendi og fógeti álítur að öðru leyti ekkert því til fyrirstöðu að verða við beiðni um aðför tiltekur hann stund til aðfarar svo sem verða má eftir óskum dómhafa. Fógeti getur ex officio eða skv. beiðni dómhafa boðað dómfellda til að mæta við fyrirtöku gerðarinnar með áskorun sem hann lætur hlutaðeigandi stefnuvotta birta dómfellda a.m.k. sjö dögum fyrir fyrirtökuna. Í áskoruninni skal getið um tilefni fyrirtökunnar og hvenær og hvar hún fari fram.

Mæti dómfelldi ekki við fyrirtöku gerðarinnar getur fógeti að kröfu og ábendingu dómhafa gert aðför í þinglýstum og skráðum eignum eða eignarréttindum dómfellda. Fógeti skal tilkynna dómfellda um aðförina með ábyrgðarbréfi.

Verði aðför ekki framkvæmd samkvæmt ofangreindu getur fógeti framkvæmt hana að heimili dómfellda, starfsstöð hans eða þar sem dómfellda er að finna.

Ef dómur dæmir mann til að framselja muni eður af hendi láta má aðför hefja þar er þeir eru fyrir.

Nú á dómfelldi eigi heimili á Íslandi og er þá rétt að hefja aðför þar er hann verður fyrir eða munir hans eru sem til fullnægingar má nota.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér er lögð til sú breyting á aðfararlögunum að miðað er við að aðför hefjist að starfsstöð viðkomandi fógeta. Gerð er krafa um að gerðarþola sé birt áskorun um fyrirkall með a.m.k. sjö daga fyrirvara fyrir fyrirtökuna, en láti hann undir höfuð leggjast að mæta í fógetaréttinum megi gera fjárnám eða lögtak í þinglýstum eða skráðum eignum hans eða eignarréttindum. Sé fjárnám eða lögtak gert með þeim hætti er sú skylda lögð á fógeta að senda gerðarþola tilkynningu í ábyrgðarbréfi. Önnur efnisákvæði lagagreinar þessarar eru óbreytt frá núverandi 33. gr. aðfararlaganna.

Þessi breyting, sem hér er lögð til, er sett fram í þeim tilgangi að draga úr kostnaði og tímasóun við aðfarargerðir. Meginreglan skv. 33. gr. er sú að aðför skuli hefja á heimili gerðarþola sem hefur það í för með sér að fógeti, lögmaður og tveir vottar fara að heimili gerðarþola og gera þar aðför, í flestum tilvikum í þinglýstum eða skráðum eignum eða eignarréttindum hans. Ljóst er að slíkt bakar gerðarþola ærinn kostnað, sérstaklega í dreifbýlinu, þar sem dæmi eru um að kostnaður gerðarþola vegna aðfarargerðarinnar nemi margfalt hærri fjárhæð en dómskuldinni með áreiknuðum vöxtum og málskostnaði. Þessi breyting mundi að sama skapi auðvelda störf fógeta og draga úr mannaflaþörf sýslumanna- og bæjarfógetaembætta því að ljóst er að löng og tímafrek ferðalög starfsmanna þeirra embætta valda því að þeir sinna ekki öðrum störfum á meðan.

Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, er ekki dregið úr réttaröryggi gerðarþola, heldur eykst það ef eitthvað er. Nú veit gerðarþoli iðulega ekki um að fjárnám eða lögtak hafi verið gert í eigum hans fyrr en uppboðs hefur verið krafist eða eignir hans eru af honum teknar. Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, fær gerðarþoli tilkynningu með góðum fyrirvara um hvar og hvenær aðför á að framkvæma. Réttarstaða hans er því síst lakari nái umrædd breyting fram að ganga. Meginatriði málsins er því eins og að framan greinir að draga úr óþarfa tilkostnaði og tímasóun við aðfarargerðir hvort heldur er um að ræða lögtak eða fjárnám.

Lög um aðför eru frá árinu 1887. Nauðsynlegt væri að taka þau í heild til endurskoðunar hið fyrsta og laga þau að breyttum aðstæðum. Sú breyting, sem hér er lögð til, er þó löngu orðin tímabær og ekkert verður séð því til fyrirstöðu að hún verði samþykkt og á hana reyni áður en til heildarendurskoðunar á aðfararlögum kemur.

Á aðalfundi Dómarafélags Reykjavíkur 26. nóv. 1986 var samþykkt ályktun, sem borin var fram af stjórn félagsins, þess efnis að hið bráðasta verði gerðar nauðsynlegar breytingar á aðfararlögum sem leiði til þess m.a. að fógeta verði heimilað að framkvæma aðfarargerðir á starfsstöð sinni að undangengnum tryggum boðum til gerðarþola. Sú breyting á aðfararlögunum, sem tillaga er gerð um í frumvarpi þessu, er í fullu samræmi við greinda ályktun.

Sþ. 35. Fyrirspurn [35. mál]

til fjármálaráðherra um milliþinganefnd um staðgreiðslu skatta.

Frá Óla Þ. Guðbjartssyni.

Hvers vegna var Sambandi íslenskra sveitarfélaga ekki gefinn kostur á að tilnefna fulltrúa í milliþinganefnd um staðgreiðslu skatta og mál tengd henni?

Sþ. 36. Fyrirspurn [36. mál]

til iðnaðarráðherra vegna fjöldauppsagna á Orkustofnun.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hverju sæta skyndilegar hópuppsagnir starfsmanna á Orkustofnun nú áður en fjárlög næsta árs hafa verið afgreidd og áður en athugun sú á starfsemi stofnunarinnar, sem getið er um í stjórnarsáttmálanum, hefur farið fram?
2. Hvernig fer um þau verkefni er starfsmenn, sem nú hverfa frá stofnuninni, unnu að og hvaða áhrif hafa þessar aðgerðir á framtíðarrannsóknir á verksviði stofnunarinnar?
3. Eru á döfinni frekari aðgerðir af þessu tagi á Orkustofnun eða öðrum stofnunum sem heyra undir iðnaðarráðuneytið?

Sþ. 37. Fyrirspurn [37. mál]

til menntamálaráðherra um rekstur fréttastofa Ríkisútvarpsins.

Frá Inga Birni Albertssyni.

1. Er nauðsynlegt að Ríkisútvarpið, sem rekur útvarpsstöð með tveim rásum og eina sjónvarpsstöð, haldi úti tveim fréttastofum?
2. Hvað kostar féttaöflun frá erlendum fréttastofum?
3. Hver er kostnaðurinn af fréttamönnum er starfa erlendis á þeim stöðum þaðan sem keyptar eru fréttir, annaðhvort frá þarlendum fréttastofum eða alþjóðlegum fréttastofum?

Sþ. 38. Fyrirspurn [38. mál]

til heilbrigðisráðherra um framkvæmd þingsályktunar um fræðslu meðal almennings um kynferðismál.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar, sem samþykkt var á Alþingi 19. mars sl., um fræðslu meðal almennings um kynferðismál?

Sþ. 39. Fyrirspurn [39. mál]

til heilbrigðisráðherra um B-álmu Borgarspítalans.

Frá Svavari Gestssyni og Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hverju nema framlög til B-álmu Borgarspítalans á hverju ári frá því að bygging hennar hófst (á föstu verðlagi í okt. 1987), hvert ár tilgreint sérstaklega
   a. úr ríkissjóði,
   b. úr Framkvæmdasjóði aldraða,
   c. úr Borgarsjóði?

2. Hve stór hluti B-álmunnar er í notkun núna og hvenær hafa áfangarnir verið teknir í notkun?
3. Hvenær verður B-álma Borgarspítalans fullbúin ef framlög verða þau sömu á ári og er á þessu ári?
4. Hve mikið kostar alls að fullbúa B-álmuna?
5. Hve margir aldraðir Reykvíkingar eru nú á biðlistum eftir þjónustu við aldraða?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 40. Frumvarp til laga [40. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 5. maí 1986, um Útflutningsráð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

Í stað „viðskiptaráðherra“ í 1. og 2. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna komi: utanríkisráðherra.

2. gr.

Í stað „viðskiptaráðherra“ í 3. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna komi: utanríkisráðherra.

3. gr.

Í stað „ráða viðskiptafulltrúa ... að höfðu samráði við viðskiptaráðuneytið og utanríkisráðuneytið“ í 7. gr. laganna komi: ráða viðskiptafulltrúa ... að höfðu samráði við utanríkisráðuneytið.

4. gr.

Í stað „Viðskiptaráðherra“ í 8. gr. laganna komi: Utanríkisráðherra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Breyting sú, sem hér er lagt til að gerð verði á lögum um Útflutningsráð Íslands, er liður í nauðsynlegum breytingum á löggjöf í samræmi við samkomulag milli stjórnarflokkanna þriggja um nýja verkaskiptingu milli viðskiptaráðuneytis og utanríkisráðuneytis. Eftir breytinguna heyrir Útflutningsráð Íslands stjórnarfarslega undir utanríkisráðuneytið í stað viðskiptaráðuneytisins enda er ætlunin að starfsemi, sem örvar útflutning af opinberri hálfu, verði á vegum utanríkisþjónustunnar.

Nd. 41. Frumvarp til laga [41. mál]

um breytingu á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson.

1. gr.

1. mgr. 20. gr. laganna falli brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa fjármálaráðherrar mjög gripið til þeirrar heimildar sem er að finna í 20. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, en hún hljóðar svo:

„Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, getur fjármálaráðherra ákveðið að undanþiggja söluskatti tilteknar tegundir vörusölu, vinnu eða þjónustu umfram það, sem undanþegið er í 6. og 7. gr."

Með frumvarpi þessu er lagt til að þessi heimild verði felld niður. Erfitt reynist að skilgreina hugtakið „sérstakar ástæður" og getur túlkun þess orðið nokkuð persónubundin.

Flutningsmaður telur að heimildin hafi verið frjálslega notuð og óviðunandi fyrir Alþingi að fjármálaráðherra geti á þennan hátt skipað sköttum án samráðs við Alþingi eða án samþykkis þess.

Í 40. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum." Ljóst virðist því að heimildargrein þessi og framkvæmd hennar getur vart samrýmst stjórnarskránni.

Rétt er að vekja athygli á því að heimild þessi hefur einnig verið túlkuð þannig að ráðherra geti á ný lagt söluskatt á þótt hann hafi áður fellt hann niður. Dæmi er um slíkt.

Verði þetta frumvarp að lögum og heimild þessi felld úr gildi ber að líta svo á að þær undanþáguheimildir, sem ráðherrar hafa þegar veitt, gildi og þarf þá lög til að leggja söluskatt á aftur í þeim tilvikum.

Nd. 42. Frumvarp til laga [42. mál]

um breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969.

Flm.: Jón Magnússon, Geir H. Haarde,
Guðrún Helgadóttir, Ingi Björn Albertsson.

1. gr.

3. málsl. 3. gr. laganna falli brott.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Bannað er án leyfis ríkisstjórnarinnar að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki eða áfengisvökva og gera drykkjarhæft það áfengi sem er eða gert hefur verið óhæft til drykkjar.

Um leyfi til bruggunar öls, sem hefur meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, fer að öðru leyti samkvæmt lögum um vörugjald. Framleiðslugjald af slíku öli skal ákveðið í lögum um vörugjald. Um meðferð og sölu áfengs öls gilda ákvæði IV. og V. kafla þessara laga.

3. gr.

1. mgr. 15. gr. laganna orðist svo:
Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu áfengs öls og vína samkvæmt þessum kafla.

4. gr.

Lög þessi taka gildi 1. október 1988.

Greinargerð.

Á 106. löggjafarþingi voru flutt tvö mál er varða breytingu á gildandi áfengislögum.

Hið fyrra var þingsályktunartillaga um almenna atkvæðagreiðslu um „heimild til bruggunar og sölu meðalsterks áfengs öls“ um leið og næst yrði gengið til kosninga. Flutningsmenn voru Magnús H. Magnússon, Friðrik Sophusson, Guðrún Helgadóttir og Stefán Benediktsson. Tillagan kom fyrst til umræðu í sameinuðu þingi 1. mars 1983. Umræðunni var frestað og málið dagaði uppi.

Hið síðara var frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969. Flutningsmenn voru Jón Magnússon sem þá sat á þingi sem varamaður og Jón Baldvin Hannibalsson. Frumvarpið kom til 1. umr. í neðri deild. Frekari umræður urðu ekki um málið en því var vísað til allsherjarnefndar þar sem það dagaði uppi.

Frumvarp þetta var endurflutt á 107. löggjafarþingi með breyttu gildistökuákvæði. Frumvarpið var ekki afgreitt. Flutningsmenn voru Jón Baldvin Hannibalsson, Ellert B. Schram, Guðmundur Einarsson, Guðrún Helgadóttir og Friðrik Sophusson. Frumvarp þetta er hér endurflutt með þeirri einu breytingu að gildistaka laganna verði 1. okt. 1988.

Greinargerð sú, er fylgdi frumvarpinu upphaflega, er svohljóðandi:

Í núgildandi áfengislögum telst áfengi vera hver sá vökvi sem hefur meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli. Óheimilt er að flytja inn öl sem hefur meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli. Ríkisstjórninni er heimilt að leyfa tilbúning slíks öls vegna sölu til varnarliðsins eða til útflutnings. Verði frumvarp þetta samþykkt getur ríkisstjórnin veitt leyfi til bruggunar öls sem hefur meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli samkvæmt nánari ákvæðum. Hömlum á innflutningi slíks öls í áfengislögum er aflétt.

Tilgangur flutningsmanna með frumvarpi þessu er:

1. að draga úr hinni miklu neyslu sterkra drykkja,
2. að breyta drykkjusiðum þjóðarinnar til batnaðar,
3. að afla ríkissjóði tekna,
4. að efla þann hluta íslensks iðnaðar sem annast framleiðslu á öli og gosdrykkjum,
5. að samræma áfengislöggjöfna.

I.

Frá upphafi Íslands byggðar, alla söguöldina og jafnvel lengur, var af áfengum drykkjum eingöngu drukkið öl og mjöður. Eftir því sem leið fram á aldir breyttist þetta til hins verra þegar brennivínið kom til sögunnar. Lengi vel hafði þó ölið betur en upp úr miðri 17. öld fóru hlutföllin að jafnast. Eftir 1730 náði brennivínið yfirhöndinni en ölið þvarr að mestu leyti. Af þessum orsökum jókst drykkjuskapur svo ákaflega að bestu mönnum þjóðarinnar þótti horfa til vandræða og vildu á ýmsan hátt reyna að ráða bót á ástandinu, sbr. almenna bænaskrá frá Alþingi 1733 þar sem farið er fram á algert aðflutningsbann á áfengi eða því sem næst. Síðar á öldinni fóru Íslendingar þess oft á leit að takmarkaður væri innflutningur áfengis en engar af þessum tilraunum báru árangur.

Á 19. öldinni kemur fram ný stefna með bindindishreyfingunni. Þessari stefnu óx mjög fylgi síðari hluta aldarinnar. Fyrir áhrif bindindishreyfingarinnar fer löggjafinn að gera

ýmsar takmarkanir á tilbúningi, sölu og veitingum áfengra drykkja. Með tilskipun 26. febrúar 1872 er lagður sérstakur innflutningstollur á brennivín og aðra áfenga drykki, en allar aðrar vörur voru þá tollfrjálsar. Með lögum nr. 3 frá 10. febrúar 1888 eru fyrst lagðar verulegar hömlur á sölu og veitingu áfengra drykkja í landinu. Með lögum nr. 26 11. nóvember 1899 er enn hert á takmörkun vínsölu og vínveitinga. Með lögum nr. 5 12. janúar 1900 er lagt bann við innflutningi áfengra drykkja að öli undanskildu. Með lögum frá 30. júlí 1909 var sett aðflutningsbann á áfengi. Loks var með lögum frá 1. janúar 1912 sett algjört bann við aðflutningi, bruggun eða sölu áfengis, bannlögin svonefndu.

Á árunum frá 1890–1912 dró mjög úr ofdrykkju og áfengisnautn. Þessa breytingu vildu margir þakka hæfilega takmarkaðri áfengislöggjöf samfara ötulli bindindisstarfsemi í landinu. Tilgangurinn með bannlögunum frá 1912 var að gera áfengisneyslu landræka, en þessi tilgangur náðist aldrei. Þvert á móti töldu margir bannlögin hafa orðið til tjóns fyrir bindindisstarfsemi í landinu og því í raun unnið gegn tilgangi sínum. Var á það bent að bannlögin hefðu aldrei náð að útrýma vínnautn, þau hafi breytt hugsunarhætti almennings gagnvart vínneyslu til hins verra og vegna þeirra hafi þróast margvísleg lögbrot svo sem smygl, leynivínsala, heimabrugg, auk áfengisneyslu sem að sjálfsögðu var bönnuð samkvæmt bannlögunum.

II.

Frá setningu bannlaganna 1. janúar 1912 til þessa dags hafa allmörg frumvörp verið flutt á Alþingi til breytingar á áfengislögunum. Smám saman voru bannlögin afnumin, en slitur af þeim hefur þó haldist í íslenskri löggjöf, þ.e. hvað varðar bann við bruggun og sölu áfengs öls. Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar til að sleppa þessu slitri af bannlögunum úr löggjöfinni, en það hefur ekki tekist. Þau lagafrumvörp, sem flutt hafa verið um þetta atriði í áfengislöggjöfinni, eru þessi eftir því sem flutningsmenn kunna að greina:

1. Frumvarp til áfengislaga árið 1932. Flutningsmenn eru Jón Auðunn Jónsson, Bergur Jónsson, Lárus Helgason, Ólafur Thors og Jónas Þorbergsson.

   Tilgangur frumvarpsins var að koma svipaðri skipan á bruggun, sölu og meðferð áfengis og var á fyrsta tug 20. aldar. Flutningsmenn töldu rétt að hafa sérlög um tilbúning, sölu og veitingar áfengs öls ef tilbúningur þess yrði heimilaður. Frumvarpi þessu var vísað til 2. umr. í neðri deild með 14:5 atkvæðum og til allsherjarnefndar. Nefndarálit kom ekki og frumvarpið var ekki tekið aftur á dagskrá.
2. Frumvarp til laga um ölgerð og sölumeðferð öls árið 1947. Flutningsmenn Sigurður Bjarnason, Steingrímur Steinþórsson og Sigurður E. Hlíðar.

   Tilgangur frumvarpsins var að draga úr neyslu sterkra drykkja og afla ríkissjóði tekna til framkvæmda í aðkallandi menningarmálum. Frumvarpið gerði ráð fyrir að mesti leyfður styrkleiki áfengs öls yrði 4% af áfengi að vigt, en leyfi til ölgerðar gæti fjármálaráðherra veitt til 10 ára í senn. Frumvarp þetta var lagt fram í neðri deild og vísað til 2. umr. með 19:13 atkvæðum og til allsherjarnefndar með 17:8 atkvæðum. Nefndarálit kom ekki og frumvarpið var ekki tekið aftur á dagskrá.
3. Frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum 1960. Flutningsmaður Pétur Sigurðsson.

   Tilgangur frumvarpsins var að koma á samræmi í áfengislöggjöfinni, en auk þess er vísað til þess að bann á áfengu öli sé móðgun við menningarþroska og frelsiskennd íslenskra þegna. Frumvarpið gerði ráð fyrir að mesti styrkleiki áfengs öls mætti vera 3½% af vínanda að rúmmáli. Frumvarp þetta var lagt fram í neðri deild og var vísað til 2. umr. með 25:6 atkvæðum og til allsherjarnefndar. Nefndarálit kom ekki og frumvarpið var ekki tekið á dagskrá framar.
4. Frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum 1965. Flutningsmenn Pétur Sigurðsson, Björn Pálsson og Matthías Bjarnason.

Tilgangur frumvarpsins var sá sami og lýst er í 3. tölul. hér að framan. Frumvarpið gerði ráð fyrir að mesti styrkleiki áfengs öls mætti vera 4,5% af vínanda að rúmmáli. Frumvarpið var lagt fram í neðri deild og var fellt við 3. umr. með 23:16 atkvæðum.

5. Til viðbótar þessu má nefna breytingartillögur sem fluttar voru við afgreiðslu áfengislaga 1954, 1966 og 1967, þingsályktunartillögur um þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort heimila skuli framleiðslu og sölu áfengs öls, svo og þeirra frumvarpa sem getið er um hér að framan.

III.

Bruggun, sala og neysla áfengs öls á sér stað meðal allflestra þjóða heims. Styrkleiki ölsins er mismunandi eða allt að 13,2% að rúmmáli þegar hann er mestur. Algengasti styrkleiki áfengs öls, sem neytt er, mun vera um eða undir 5% vínandi að rúmmáli. Í Norður-Ameríku, á Englandi og Norðurlöndum mun algengast að styrkleiki áfengs öls sé frá um 3,2% til 5% af vínanda að rúmmáli. Í öllum nágrannalöndum okkar er neysla áfengs öls mikil miðað við annað áfengi.

Nú geta farmenn, flugliðar og ferðamenn, sem koma frá útlöndum, keypt takmarkað magn af áfengu öli og flutt það með sér inn í landið. Fullyrða má að verulegu magni af áfengu öli sé á ári hverju smyglað inn í landið. Því er raunar haldið fram að bjórkassi með 24 flöskum (33 cl) af millisterku áfengu öli hafi hér ákveðið fast markaðsverð og nokkurt framboð sé af slíku öli þó að óleyfilegt sé miðað við núverandi áfengislöggjöf að flytja það inn. Af þessu áfenga öli hefur íslenska ríkið engar tekjur og innlendir framleiðendur eru dæmdir úr leik.

Með auknum ferðalögum til útlanda hafa Íslendingar í síauknum mæli komist í kynni við neyslu áfengs öls og sama gildir um þá námsmenn sem stunda nám erlendis.

Ljóst er að töluvert stór hópur þjóðarinnar kýs að hér sé áfengt öl á boðstólum.

Einnig má benda á að ölgerðarefni eru seld í matvöruverslunum og innflutningur og sala þessara ölgerðarefna er töluverður.

Aðstaðan nú er því breytt í veigamiklum atriðum frá því sem hún var þegar síðast var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um bruggun og sölu áfengs öls. Það er því ekki vansalaust fyrir Alþingi að horfa upp á þessa þróun án þess að móta löggjöf sem er í samræmi við tíðarandann og er til þess fallin að vinna gegn drykkjusýki. Mikilvægast er að horfast í augu við staðreyndir. Nú getur hver, sem eldri er en 20 ára, keypt veikustu áfengistegundir í ÁTVR sem eru um eða undir 9% af vínanda að rúmmáli.

Þessar staðreyndir tala sínu máli og sýna glögglega hversu ófullkomin áfengislöggjöfin er og hversu fráleitt það er að meina bruggun áfengs öls og sölu þess hér á landi. Miðað við þá þróun, sem orðin er í áfengismálum, er það alveg ljóst að spurning er ekki hvort innflutningur, bruggun og sala áfengs öls verður leyfð, heldur hvenær.

IV.

Flutningsmenn telja að samræmi verði að vera í áfengislöggjöfinni. Það er óneitanlega óeðlilegt að heimila sölu á sterku áfengi en banna það léttasta og að margra mati þá tegund áfengisneyslu sem hefur minnst tjón í för með sér fyrir líf og heilsu fólks. Á það má benda að nú er á boðstólum létt vín í ÁTVR sem hefur minni áfengisstyrkleika en sterkustu gerðir áfengs öls, sbr. það sem áður segir.

Þó að í frumvarpi þessu felist einungis þær breytingar á áfengislögum að innflutningur, bruggun og sala áfengs öls verði heimiluð með þar tilgreindum skilyrðum er það skoðun flutningsmanna að verði frumvarp þetta samþykkt beri svo fljótt sem auðið er að undirbúa sérstakt frumvarp um áfengt öl og ölgerð þar sem tilgreind væri m.a. gjaldtaka ríkissjóðs af

ölframleiðslu, almenn ákvæði um skilyrði til að fá ölgerðarleyfi svo og nánari skilgreiningar og flokkun áfengs öls eftir styrkleika þess, svo og umbúðir.

Þá er það enn fremur skoðun flutningsmanna að ákveðinn tími verði að líða frá því að bruggun og sala áfengs öls er samþykkt á Alþingi þangað til lögin taki gildi. Þetta er nauðsynlegt til þess að tryggja innlendum framleiðendum nauðsynlegt svigrúm til að undirbúa framleiðslu áfengs öls, auk þess sem reynt yrði með öllum þeim ráðum, sem tiltæk eru, að tryggja markaðssetningu og mikla markaðshlutdeild innlends öls á innanlandsmarkaði. Þá þarf einnig að kanna hvort unnt er með tilliti til viðskiptasamninga við önnur lönd að í upphafi verði einungis á boðstólum áfengt öl framleitt innan lands en innflutningur hæfist að loknum eðlilegum aðlögunartíma íslenskra ölgerðarfyrirtækja. Þetta mætti gera með því að ákveða að 1. gr. frumvarps þessa tæki gildi síðar en 2. og 3. gr. frumvarpsins. Með slíkum aðgerðum mundi frumvarpið efla öl- og gosdrykkjaiðnað í landinu, skapa ný störf, skilyrði fyrir útflutningi öls og auka tekjur ríkissjóðs.

Því hefur verið haldið fram að íslenska vatnið sé með því besta í heimi. Íslenskir ölgerðarmenn hafa og sýnt það að þeim er ekkert að vanbúnaði að framleiða gott áfengt öl sem gefur því besta, sem kemur frá öðrum þjóðum, ekkert eftir. Forsenda þess að framleiðendur geti sýnt hvað í þeim býr er að þeir fái markað fyrir vöru sína innan lands og geti í framhaldi af því, að fenginni reynslu, hafið útflutning.

V.

Í umræðum um áfengt öl fyrr og nú hefur helst verið fjallað um það hvaða afleiðingar áfengt öl á Íslandi hefði fyrir drykkjuvenjur þjóðarinnar. Fylgjendur áfenga ölsins halda því fram að tilkoma þess mundi bæta úr í þessu efni og er það raunar skoðun flutningsmanna eins og fram kemur hér að framan. Þá muni áfengt öl valda því að minna verði neytt af sterkum drykkjum sem er vafalaust skaðlegasta tegund áfengisneyslu.

Andstæðingar áfengs öls benda aftur á móti á að tilkoma þess muni auka drykkjuskap, valda aukinni drykkjusýki, auk þess sem hætta sé á að unglingar hefji drykkju fyrr en nú er og hætta sé á að ýmsir vinnustaðir verði undirlagðir af ölneyslu á vinnutíma.

Flutningsmenn telja, miðað við reynslu annarra þjóða, að til þess geti komið að heildaráfengisneysla á hvern íbúa aukist eitthvað við tilkomu áfengs öls, án þess þó að það valdi aukinni ölvun eða drykkjusýki. Hér skiptir miklu máli að móta ákveðna áfengisstefnu og freista þess með verðstýringu að beina áfengisneyslu inn á þær brautir sem taldar eru skaðminnstar. Reynsla allra þjóða sýnir að hafa má áhrif á áfengisneyslu almennings með verðstýringu. Því hærra verð á áfengi þeim mun minni neysla. Með því að fella áfengt öl inn í slíkt verðstýrikerfi ætti að vera unnt að halda meðalneyslu áfengis niðri. Miðað við þessar forsendur er afar ólíklegt að tilkoma áfengs öls leiði til aukinnar drykkju á vinnustöðum, aukinnar drykkju unglinga eða valdi því að unglingar hefji drykkju yngri en nú gerist. Raunar er ólíklegt að áfengisneysla geti svo nokkru nemi, frá því sem nú er, náð til yngri aldurshópa. Einnig má benda á að auk þess sem áfengt öl verður dýrt hér á landi er framboð á ódýrum og ókeypis svaladrykkjum mun meira hér á landi en í helstu bjórdrykkjulöndum þar sem t.d. vatnið er þannig að Íslendingar mundu aldrei leggja það sér til munns. Um þessi atriði hafa um árabil verið miklar umræður og því óþarfi að rekja þessi atriði frekar í greinargerð þessari.

Frá árinu 1951 til ársins 1981 jókst heildarneysla áfengis á Íslandi úr 1,4 lítrum af hreinu áfengi á íbúa í 3,2 lítra. Þrátt fyrir þessa aukningu neyta Íslendingar minnst áfengis allra Evrópuþjóða. Neysla á áfengistegundum hefur einnig breyst á undanförnum árum. Þannig hefur sala á sterku áfengi hlutfallslega minnkað frá 1974.

Þrátt fyrir mjög litla heildarneyslu áfengis miðað við aðrar þjóðir hefur komið í ljós að misnotkun áfengis og drykkjusýki er hér með því mesta sem þekkist í veröldinni.

Ástæðurnar fyrir þessu eru margvíslegar, en vafalaust eiga slæmar drykkjuvenjur okkar, mikil neysla sterks áfengis, skortur á samræmdri áfengisstefnu og skortur á fræðslu, sérstaklega ungs fólks, um áfengi og skaðsemi þess mikinn þátt í því slæma ástandi sem hér ríkir í þessum efnum. Það er því full ástæða til að freista þess að bæta ástandið í þessum málum með aukinni fræðslu, samræmdri stefnu í áfengismálum sem m.a. þyrfti að fela það í sér að sveigja drykkjuvenjurnar frá sterku drykkjunum að neyslu léttra vína og áfengs öls.

Það er hlutverk Alþingis að móta slíka meginstefnu og þingmenn geta ekki skotið sér undan ábyrgð í þeim efnum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að brott verði numin ákvæði úr áfengislögum sem banna innflutning áfengs öls.

Um 2. gr.

Miðað er við að leyfi ríkisstjórnarinnar þurfi til framleiðslu áfengs öls og áfengi verði einungis selt í útsölum ÁTVR og á vínveitingastöðum með þeim takmörkunum sem áfengislögin setja að öðru leyti um sölu og meðferð áfengis.

Um 3. gr.

Breytingin er til samræmis við aðrar breytingar í frumvarpinu.

Um 4. gr.

Miðað er við að lögin taki ekki gildi fyrr en 1. október 1988. Þessi tímatakmörk eru sett til að veita innlendum framleiðendum og þeim sem hyggja á ölframleiðslu ákveðið svigrúm. Verði þetta frumvarp að lögum þurfa stjórnvöld, snemma á aðlögunartímanum, að leita nauðsynlegra lagaheimilda er kveði á um tilhögun sölu og dreifingar, skatta- og verðstefnu o.fl.

Nd. 43. Frumvarp til laga [43. mál]

um leyfi til slátrunar.

Flm.: Matthías Bjarnason, Pálmi Jónsson, Pétur Bjarnason,
Sighvatur Björgvinsson, Albert Guðmundsson, Hjörleifur Guttormsson,
Óli Þ. Guðbjartsson, Eggert Haukdal.

1. gr.

Sláturfélagi Arnfirðinga, Bíldudal, er heimil slátrun í sláturhúsi sínu árið 1987. Landbúnaðarráðherra skipar hæfan mann til að annast heilbrigðisskoðun og merkingu á kjöti ef dýralæknir fæst ekki til starfsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á fundi í sameinuðu þingi í dag, 20. okt., kom fram að landbúnaðarráðherra taldi sig skorta lagaheimild til að veita Sláturfélagi Arnfirðinga sláturleyfi. Úr þessu er rétt að bæta með því að Alþingi samþykki lög um leyfisveitinguna. Fyrir liggja upplýsingar um ástand sláturhússins og þær endurbætur sem þar hafa verið gerðar.

Sþ. 44. Fyrirspurn [44. mál]

til utanríkisráðherra um áhrif hins háa byggingarkostnaðar nýju flugstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli á rekstrarútgjöld fyrirtækjanna sem eru þar leigutakar og á viðbótargjaldheimtu af farþegum.

Frá Ólafi Ragnari Grímssyni.

1. Hver er sú leiga sem einstök fyrirtæki greiða fyrir aðstöðu í flugstöðinni?
2. Hvenær var ákvörðun tekin um leigugjaldið og hver tók þá ákvörðun? Hvaða forsendur liggja til grundvallar leigugjaldinu og hve miklu lægri væri leigan ef upphafleg áætlun um byggingarkostnað hefði staðist?
3. Hvaða fyrirtæki hafa ákveðið að nota minna rými í flugstöðinni vegna hinna háu leigugjalda og hvaða fyrirtæki hafa rætt við fulltrúa stjórnvalda um afleiðingar hinnar háu leigu á rekstur fyrirtækjanna? Hvernig hyggst ráðuneytið bregðast við rekstrarvanda þessara fyrirtækja og minni leigutekjum ef fleiri fyrirtæki minnka við sig í flugstöðinni?
4. Hvaða viðbótargjöld hafa verið lögð á farþega sem fara um flugstöðina? Hvað á sú gjaldtaka að standa lengi? Eru horfur á að farþegum, sem fara um flugstöðina, verði gert að greiða enn hærri gjöld á næstu árum vegna hins háa byggingarkostnaðar?
5. Hver er áætlaður árlegur rekstrarkostnaður flugstöðvarinnar á næstu árum og hver er hlutur
   a. fyrirtækjanna sem leigja þar aðstöðu og
   b. farþeganna sem þar fara um til að standa straum af þessum kostnaði?
6. Hverjar verða árlegar greiðslur á næstu 10 árum vegna afborgana og vaxta af erlendum lánum sem Íslendingar tóku til að fjármagna byggingu flugstöðvarinnar og hve mikið af þessum árlegu greiðslum á að fjármagna með
   a. leigugjöldum,
   b. gjöldum á farþega og
   c. framlögum frá annarri gjaldheimtu ríkisins sem ákveðin verður með fjárlögum?
7. Eru líkur á því að byggingarkostnaður flugstöðvarinnar hækki enn á næstu árum vegna framkvæmda við hana eða í nágrenni hennar sem bókfærðar verða sem kostnaður við flugstöðina?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 45. Fyrirspurn [45. mál]

til viðskiptaráðherra um verðlagsmál.

Frá Jóni Magnússyni.

1. Hafa verið gerðar kannanir á því nýlega:
   a. hvers vegna almennt vöruverð er hærra hér á landi en í nágrannalöndunum,
   b. hvort samkeppnishömlur eða samráð söluaðila og framleiðenda um verðlagningu valdi hækkun verðs á þeim vörutegundum sem frjáls álagning gildir um,
   c. hvort farmgjöld á flutningum til landsins eru eðlileg miðað við farmgjöld í nágrannalöndunum?
2. Hafi þær kannanir, sem um getur í 1. tölul. a–c verið gerðar, hverjar eru þá niðurstöðurnar? Sé svo ekki, er þá ekki full ástæða til að láta slíkar kannanir fara fram hið fyrsta?

Sþ. 46. Tillaga til þingsályktunar [46. mál]

um framtíðarskipan kennaramenntunar.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Svavar Gestsson, Guðrún Helgadóttir, Skúli Alexandersson, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða inntak og skipan kennaramenntunar fyrir grunnskóla- og framhaldsskólastig.

Í þessu skyni verði sett á fót nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins með fulltrúum frá samtökum kennara og stofnunum sem annast kennaramenntun. Nefndin fjalli m.a. um

1. hvernig best verði hagað innbyrðis tengslum menntastofnana fyrir kennara og framtíðaruppbyggingu þeirra, bæði til skemmri og lengri tíma,
2. hvernig tryggð verði nauðsynleg endurnýjun og endurskoðun einstakra greina í kennaranámi,
3. hvernig tengja megi nám í uppeldis- og kennslufræðum námi í væntanlegum kennslugreinum kennaraefna,
4. hvaða leiðir séu vænlegastar til að tryggja endurmenntun og starfstengda framhaldsmenntun kennara og skólastjóra, svo og menntun annarra starfsmanna í skólakerfinu, og hvernig best verði séð fyrir þörfum landsbyggðarinnar í þessu tilliti,
5. hvert eigi að vera hlutverk kennaramenntunarstofnana í skólaþróun og nýbreytni í starfi skólanna,
6. hvernig bæta megi úr skorti á fræðilegum upplýsingum um þróun skólakerfisins og tengsl þess við samfélagið og hvernig tryggja megi nauðsynlegar rannsóknir á þessum efnum,
7. hvaða breytingar er æskilegt að gera á gildandi lögum og reglugerðum til að ná þeim markmiðum sem nefndin gerir tillögur um.

Liður í störfum nefndarinnar verði að afla vitneskju um hvernig háttað er kennaramenntun erlendis, einkum í löndum OECD.

Nefndinni verði séð fyrir starfsliði og starfsaðstöðu og við það miðað að hún skili áliti fyrir 1. mars 1989.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

1. Núverandi skipan kennaramenntunar, stutt lýsing.

Eins og sakir standa er engin heildarlöggjöf til um kennaramenntun á Íslandi. Hver menntastofnun kennara starfar eftir sérstökum lögum. Þannig er allmörgum stofnunum ætlað að sinna menntun kennara fyrir grunn- og framhaldsskólastig.

Grunnmenntun.

Samkvæmt lögum nr. 38/1971 annast *Kennaraháskóli Íslands* menntun flestra þeirra sem hyggja á grunnskólakennslu. Grunnmenntun til kennaraprófs (B.Ed.-prófs) er þriggja ára nám (90 einingar); þriðjungi er varið til náms í uppeldis- og kennslufræðum, þriðjungi til náms í kjarnagreinum og þriðjungi til náms í valgrein eða valgreinum. Hvað list- og verkgreinar áhrærir er Kennaraháskólanum samkvæmt gildandi lögum aðeins falin menntun kennara í handavinnu og smíðum. Síðan 1978–79 hefur kennaranemum í skólanum þó verið heimilt að velja tónmennt og hússtjórn sem valgrein (30 einingar). Að öðru leyti fer menntun kennara í list- og verkgreinum fram í sérstökum skólastofnunum (sérskólum), tónmenntakennara í *Tónlistarskólanum í Reykjavík,* kennaradeild (sbr. reglur nr. 181/1959),

myndmenntakennara í *Myndlista- og handíðaskóla Íslands* (sbr. lög nr. 38/1965) og íþróttakennara í *Íþróttakennaraskólanum á Laugarvatni* (sbr. lög nr. 65/1972). Einnig mætti telja *Fósturskóla Íslands* og *Þroskaþjálfaskóla Íslands* til kennaramenntunarstofnana í víðum skilningi orðsins.

Háskóli Íslands annast menntun flestra þeirra sem stefna að kennslu á framhaldsskólastigi. Samkvæmt lögum nr. 51/1978, um embættisgengi kennara, sem og samkvæmt lögum nr. 48/1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum kennara, er taka gildi um næstu áramót, eru tilskildar 60 einingar í sérgrein og 30 einingar í uppeldis- og kennslufræðum til kennsluréttinda í framhaldsskólum. Til þess að fullnægja þessum ákvæðum bæta þeir stúdentar, sem lokið hafa BA- eða BS-prófi, við sig sem svarar eins árs námi í uppeldis- og kennslufræðum; þetta nám fer fram í félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Aftur á móti hefur sú skipan verið við lýði frá árunum 1976–78, samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytisins, að Kennaraháskólinn veitir kennaraefnum í verklegum greinum framhaldsskóla þá menntun í uppeldis- og kennslufræðum sem tilskilin er samkvæmt ofangreindum lögum.

Endurmenntun.

Kennaraháskóli Íslands annast í samvinnu við menntamálaráðuneytið endurmenntun kennara á grunnskólastigi.

Háskóli Íslands sinnir ekki endurmenntun kennara á framhaldsskólastigi að öðru leyti en því að hann greiðir að hluta laun endurmenntunarstjóra og leggur til skrifstofu- og kennsluaðstöðu. Annars ber Háskólinn ekki kostnað af endurmenntunarnámskeiðum fyrir framhaldsskólakennara sem haldin hafa verið síðan 1984.

Framhaldsmenntun.

Kennurum með full kennsluréttindi gefst ekki kostur á að stunda hér á landi skipulegt framhaldsnám er leiði til magisters-gráðu (M.Ed.-gráðu) á sviði uppeldis- og kennslufræða. Vísi að skipulegu framhaldsnámi má kalla það tveggja ára nám í sérkennslu sem fram fer (frá árinu 1985) við Kennaraháskólann samkvæmt heimild í lögum og með sérstakri heimild menntamálaráðuneytisins. Þetta nám veitir aftur á móti ekki formlega prófgráðu umfram kennarapróf (B.Ed.-próf).

Nám til BA-prófs í uppeldisfræði.

Samkvæmt reglugerð um Háskóla Íslands frá 22. jan. 1976 var uppeldisfræði formlega bætt í tölu BA-prófsgreina við skólann. Síðan hefur kennsla í uppeldisfræði til BA-prófs verið starfrækt í félagsvísindadeild en Kennaraháskólinn á enga aðild að þessu námi.

Fyrri tilraunir til endurskoðunar laga.

Samkvæmt lögum um Kennaraháskóla Íslands frá 1971 var kveðið svo á að efna skyldi til endurskoðunar á þeim að tveimur árum liðnum. Árið 1974 setti þáverandi menntamálaráðherra á fót nefnd til að sinna þessu verkefni. Frumvarp til nýrra laga um Kennaraháskólann var lagt fyrir 98. löggjafarþing 1976–77; í framhaldi af því var leitað umsagnar margra aðila. Frumvarpið var síðan lagt aftur fyrir Alþingi 1977–78 (188. mál) en náði ekki að verða að lögum.

Á 107. löggjafarþingi 1984–85 lagði menntamálaráðherra fram frumvarp til laga um Myndlistaháskóla Íslands. Þetta frumvarp náði ekki fram að ganga. Í janúar 1986 skipaði núverandi menntamálaráðherra nefnd til að endurskoða lög um Íþróttakennaraskólann á Laugarvatni. Nefndin hefur ekki enn lokið störfum.

2. Nokkur álitamál.

Eins og lýsingin hér að framan ber með sér er ekki um að ræða heildstæða skipan kennaramenntunar í landinu. Að minnsta kosti fimm stofnanir, sem lítil tengsl hafa sín á milli, sjá um menntun kennara á ólíkum stigum og sviðum. Þó má vera ljóst að á mikilvægum námssviðum hljóta kennarar ófullnægjandi undirbúning fyrir starf sitt jafnvel þótt lög kunni að mæla fyrir um annað.

Að undanförnu hefur gagnrýni á skipan og afköst skólakerfisins og hlut kennara vaxið til muna. Ýmist draga menn í efa að kennarar geti sinnt hinu nýja uppeldishlutverki sem samfélagsbreytingar leggja þeim á herðar í sívaxandi mæli eða þeir gagnrýna ónóga þekkingu kennara í kennslugreinum og telja að nám þeirra í uppeldis- og kennslufræðum og færni til starfs svari ekki kröfum um faglegan undirbúning kennara nú á tímum.

Það má vera augljóst að kennaramenntunin getur ekki, svo sem eðlilegt og nauðsynlegt væri, bæði þjónað sameiginlegu hlutverki ólíkra námsstiga og námssviða og sinnt sérstökum markmiðum þeirra í samræmdu skólakerfi nema nokkurt samræmi sé í þeirri menntun sem kennaramenntunarstofnanir láta í té. Til þess að tryggja sameiginlega skipan kennaranáms þarf að skilgreina námsmarkmið, inntak og námskröfur fyrir kennara á grunn- og framhaldsskólastigi bæði í almennu vísindalegu námi og námi sem bundið er einstökum kennslugreinum. Það þarf að meta vægi og tengsl almennra og sérstæðra þátta í náminu með hliðsjón af kennslu á einstökum starfssviðum og þrepum skólans; jafnframt þarf að skipuleggja nám á sérsviðum með heildarskipan skólakerfisins og sameiginlegt hlutverk kennara að leiðarljósi.

3. Ábendingar um verkefni nefndarinnar.

Mörg viðfangsefni þeirrar nefndar, sem tillagan gerir ráð fyrir, eru álitamál. Nefndinni verður því að sjálfsögðu ekki markaður þröngur rammi til starfa heldur verður hér fyrst og fremst minnst á fáein meginatriði — og snerta þau raunar öll þá gagnrýni sem íslenskt skólakerfi hefur, með réttu eða röngu, sætt á síðustu missirum. Til þess að unnt sé að marka stefnu um framtíðarskipan kennaramenntunar er nauðsynlegt að fyrst sé tekist á við þessi álitamál.

A. Hlutverk kennarans.

Í hinum öru samfélagsbreytingum síðustu áratuga hefur uppeldishlutverki heimilanna verið velt í síauknum mæli yfir á kennara og skóla (sbr. skýrslu menntamálaráðuneytisins um endurmat á störfum kennara 1985). Í þessu sambandi má benda á einstaka uppeldisþætti eins og einbeitingu, almennan aga og máluppeldi. Ljóst er einnig að skólar þurfa í vaxandi mæli að einbeita sér að því að miðla menningararfi þjóðarinnar og vernda hann, en uppalendur á heimilunum önnuðust slíkt langt fram á þessa öld. Svo verður ekki nema tryggð sé víðtæk almenn menntun allra kennara, auk sérmenntunar þeirra til starfs. Nauðsynlegt er að skilgreina hlutverk kennara og starfsundirbúning í ljósi þessara þátta.

B. Umfang og uppbygging náms í kennslugreinum.

Hlutverk, umfang og skipan náms í aðalgrein og aukagrein, kjarna- og valgreinum kennaraefna, orkar tvímælis. Jafnvel framhaldsskólakennari kennir sjaldan eina námsgrein en undirbúningi hans í öðrum greinum en aðalgrein er oft mjög ábótavant. Skipan og inntak náms og kennslu í greinunum hlýtur að taka mið af skipan náms og kennslu í skólunum jafnframt því sem leitað er þeirrar dýptar sem þekkingarmarkmið greinanna sjálfra mæla fyrir um. Inntak og lengd kennaranáms verða því ekki skilgreind án þess að höfð sé hliðsjón af þessu tvíþætta markmiði.

C. Tengsl kennslufræða og einstakra kennslugreina.

Eitt helsta ágreiningsmál í umræðum um kennaramenntun er hvernig haga skuli tengslum kennslufræða við einstakar námsgreinar og aðrar menntagreinar kennaraefna. Engri heildarskipan verður komið á inntak kennaranámsins án þess að leitað sé fullnægjandi lausnar á þessu flókna og umdeilda vandamáli, en slík lausn skiptir sköpum bæði fyrir fræðilegt ágæti og hagnýtt gildi kennaramenntunarinnar.

D. Tengsl fræðilegs og hagnýts náms.

Gagnrýni kennara og kennaranema hefur ekki síst beinst að tengslum fræðilegs og hagnýts náms. Hafa sumir talið „hagnýta" námið (t.d. kennsluæfingar) standa í of lausum tengslum við annað, aðrir talið „fræðilegan" hluta kennaranámsins of stóran. Nauðsynlegt er að brjóta til mergjar hvort tveggja, hugmyndina og framkvæmdina. Í þessu sambandi er ástæða til að huga að því hvort ekki sé tímabært að koma á reynsluári fyrir nýbakaða kennara undir stjórn reyndra handleiðslukennara.

E. Kennaramenntun og nýbreytni í skólastarfi.

Gagnstætt því sem áður var kalla æ örari þjóðfélagsbreytingar á sífellda þróun skólakerfisins til að bregðast við þeim. Ef vel á að vera þarf kennarastéttin að taka virkan þátt í þróun skólakerfisins og þróunarstarfi skólanna. Eðlilegt er því að spurt sé hvernig kennaramenntunarstofnanir geti menntað sérhæft starfsfólk til þátttöku í þróunarverkefnum og stuðlað að færni kennara almennt til þeirrar þátttöku, svo og hvernig stofnanirnar geti sjálfar tekið þátt í nýbreytni og þróunarstarfi.

F. Æfinga- og tilraunaskólar.

Ljóst er að vegur Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskóla Íslands þarf að vaxa ef nýbreytnistarf í skólum á að vera markviss liður í skólaþróun. En einnig er ljóst að hvorki hefur ein stofnun bolmagn til að standa að þróunarstarfi fyrir skólakerfið í heild né væri það æskilegt að fá slíkt hlutverk í hendur einni stofnun. Æfinga- og tilraunaskólar verða því að rísa í öllum fræðsluumdæmum til að sjá um markvisst þróunarstarf undir yfirstjórn Kennaraháskólans, sem og um hagnýta þjálfun kennaraefna.

G. Tengsl Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands.

Framangreind atriði vekja til umhugsunar um stofnunargrundvöll kennaramenntunar. Ef kennaramenntun á — eins og eðlilegt er um æðri menntun fagmanna — að vera vísindaleg menntun verður ekki hjá því komist að huga að tengslum kennaranáms við Háskóla Íslands. Athuga þarf hvernig kennaranámsskólarnir gætu unnið saman, tengst skipulagsböndum, menntað til rannsókna og staðið að rannsóknum sameiginlega, skipst á kennurum og nemendum, menntað nemendur sameiginlega og veitt þeim réttindi sameiginlega. Þótt ekki yrði horfið að því í bráð að sameina skólana formlega þarf að fara fram athugun á því á hvern hátt verði komið á samvinnu eða sameiginlegri skipan sem gæti leitt til sameiningar stofnananna þegar fram líða stundir.

H. Rannsóknir — skólarannsóknir.

Nauðsynlegt er að tryggja öflugar rannsóknir og upplýsingaöflun um skólakerfið og skólastarf, svo og að niðurstöður þeirra berist hratt og örugglega til þeirra stofnana sem annast undirbúning undir starf í skólunum. Það hefur háð kennaramenntun mjög hversu lítið er vitað um ýmsa eiginleika menntakerfisins og þeirrar starfsemi sem fer fram innan þess, svo og um viðhorf þeirra sem aðild eiga að því. Jafnframt kemur til álita hvort kennarar þurfi

ekki að taka mun virkari þátt í könnunum og rannsóknarstarfi en hingað til — og haga menntun þeirra í samræmi við það. Einnig þarf að taka hlutverk Rannsóknarstofnunar uppeldismála til athugunar í þessu sambandi.

I. Grunnmenntun — framhaldsmenntun — endurmenntun — símenntun.

Aldrei hefur verið jafnljós og nú nauðsyn endur- og símenntunar til hvers konar starfa. Nútímaþjóðfélag gerir síauknar kröfur til þess að menn geti brugðist við nýjum og áður óþekktum aðstæðum. Nauðsyn ber til að kennaramenntunarstofnunum sé gert kleift að sinna þörfum kennarastéttarinnar í þessu efni án þess að dragi úr skyldum þessara stofnana til að sinna grunn- og framhaldsmenntun í hefðbundnum skilningi.

J. Vísindaleg menntun — fagmennska — stofnanir.

Flest af því sem nefnt er að framan vekur spurningar um með hvaða hætti unnt sé að reisa fagmenntun kennara á vísindalegum grunni. Allar aðstæður í samtíð og náinni framtíð benda til þess að kennarastéttin geti ekki valdið svo vel sé samfélagslegu hlutverki sínu nema hún eflist að faglegri vitund, ábyrgð og hæfni. Þegar leita skal leiða að því marki verður ekki komist hjá því að taka stofnanalegt skipulag kennaramenntunar í landinu til heildstæðrar endurskoðunar. Meðal annars virðist óhjákvæmilegt að taka afstöðu til þess hvort stefna skuli að því að sameina alla kennaramenntun í einni háskólastofnun eða undir yfirstjórn slíkrar stofnunar.

4. Starfsaðstaða og starfshættir nefndarinnar.

Tillagan gerir ráð fyrir að nefndinni verði séð fyrir nauðsynlegu starfsliði og annarri aðstöðu til að geta rækt vel verkefni sitt og að kostnaður vegna starfa hennar greiðist úr ríkissjóði. Hér er í senn um vandasamt og allumfangsmikið verk að ræða og skiptir afar miklu að þar takist vel til. Æskilegt er að hafa nefndina sjálfa ekki fjölmenna og væru fimm til sjö manns eðlileg mörk í því efni. Þeim mun nauðsynlegra er að nefndin geti haft gott samstarf og samráð við þá er mál þetta einkum varðar, stofnanir, samtök og einstaklinga. Slíkt verður ekki rækt nema nefndinni verði búin góð skilyrði til starfa af hálfu menntamálaráðuneytisins.

Samkvæmt tillögunni er nefndinni ætlað um ár til starfa, þ.e. miðað er við að hún verði komin af stað með verkefni sitt snemma árs 1988.

Nd. 47. Frumvarp til laga [47. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986 og lög nr. 27/1987.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

Ný 6. mgr. 12. gr. hljóði svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1.–5. mgr. er húsnæðismálastjórn heimilt að skerða eða synja um lán ef ríkar ástæður eru fyrir hendi vegna einnar eða fleiri af eftirfarandi ástæðum:

a. Umsækjandi á fyrir fleiri en eina íbúð.
b. Umsækjandi á mikla íbúðareign, skuldlitla eða skuldlausa, samkvæmt nánari reglum sem ákvæði skulu sett um í reglugerð.

c. Fyrri íbúðareign umsækjanda er skuldlítil og stærri en 180 m^2, brúttó, að frádregnum bílskúr, og umsækjandi er að minnka við sig. Um stærðarútreikning íbúða gilda sömu reglur og skv. c-lið 13. gr. laga nr. 60/1984, með síðari breytingum.
Ef umsækjandi er í hjónabandi eða óvígðri sambúð skal miða við íbúðareign beggja aðila skv. lið a–c. Ákvörðun húsnæðismálastjórnar um skerðingu eða synjun á láni skal vera rökstudd.

2. gr.

1. og 2. málsl. 6. mgr. (verður 7. mgr.) 12. gr. hljóði svo:

Umsækjendur, sem uppfylla skilyrði laga þessara um lánveitingu skv. 13., 14., 18. og 25. gr., skulu innan þriggja mánaða, frá því að umsókn var lögð fram, fá svar um hvort þeir eigi rétt á láni og líklegan afgreiðslutíma láns. Endanleg svör um afgreiðslutíma láns og lánsupphæð berist eigi síðar en einu ári áður en fyrsti hluti láns kemur til afgreiðslu.

3. gr.

7. mgr. (verður 8. mgr.) 12. gr. hljóði svo:

Úthlutun lána til þeirra sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn, svo og vegna lána til viðbygginga/endurbóta eða orkusparnaðar, skal ganga fyrir úthlutun lána til þeirra sem eiga íbúð fyrir og skulu fyrrnefnd lán afgreidd í sömu röð og umsóknir berast og/eða íbúðir verða veðhæfar. Þegar um er að ræða þá sem eiga íbúð fyrir er heimilt að láta fjölskyldustærð og skuldlausan eignarhluta í fyrri íbúð hafa áhrif á biðtíma eftir lánum til þeirra innbyrðis þannig að þeir sem verr eru settir að þessu leyti gangi fyrir hinum. Nánari reglur um framangreind atriði skulu settar í reglugerð. — Heimilt er að skipta láni í allt að þrjá hluta eftir nánari reglum er húsnæðismálastjórn setur, enda fylgi lánið eða lánshlutarnir að fullu ársfjórðungslegum breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar.

4. gr.

Á eftir 3. mgr. 30. gr. komi ný 4. mgr. er hljóði svo:

Heimilt er ríkisstjórn að ákvarða mismunandi vexti innan hvers lánaflokks eða að endurgreiða vexti, hvort tveggja eftir nánari reglum er settar verði í reglugerð.

5. gr.

Ákvæði 1. gr. tekur gildi 21. október 1987. Ákvæði 2. og 3. gr. gilda um umsóknir sem borist hafa Húsnæðisstofnun ríkisins frá og með 13. mars 1987. Ákvæði 4. gr. öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Markmið frumvarpsins.

Með því frumvarpi, sem hér er lagt fram, er stigið fyrsta skrefið til að draga úr sjálfvirkni í húsnæðislánakerfinu með breyttum útlánareglum í samræmi við ákvæði í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Meginmarkmiðið með þeim breytingum, sem hér eru lagðar til á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, er eftirfarandi:

— að tryggja betur en nú er forgang þeirra til lána sem eru í brýnni þörf fyrir lánafyrirgreiðslu vegna kaupa á íbúðarhúsnæði;
— að draga úr þenslu á fasteignamarkaði og koma í veg fyrir óeðlilega hækkun á verði íbúðarhúsnæðis;
— að takmarka sjálfvirkni í útlánum og draga úr fjárþörf húsnæðiskerfisins;
— að gera Ráðgjafarstöð Húsnæðisstofnunar kleift að gegna betur en hingað til því veigamikla hlutverki að láta umsækjendum í té leiðbeiningar og fara yfir kostnaðar- og

greiðsluáætlanir með þeim áður en þeir ráðast í húsnæðiskaup til að reyna að koma í veg fyrir greiðsluerfiðleika.

Afgreiðsla lánsloforða hefur legið niðri hjá Húsnæðisstofnun ríkisins frá 13. mars 1987. Í kjölfar samninga við samtök lífeyrissjóða fyrir árin 1989 og 1990 er nú verið að semja við einstaka sjóði um skuldabréfakaup. Nauðsynlegt er að ganga frá þessum samningum áður en framhald verður á afgreiðslu lánsloforða. Nú bíða um 3800 umsækjendur eftir svari frá Húsnæðisstofnun en afgreiðsla þeirra mun kosta um 6,5 milljarða króna. Mikilvægt er að ráðstöfun þessa mikla fjármagns og afgreiðsla umsókna þegar hún hefst á ný verði með þeim hætti að sem best nýtist þeim sem nauðsynlega þurfa á fyrirgreiðslu að halda.

Ljóst er að ef allir, sem nú eiga óafgreiddar umsóknir, fá lánsloforð samkvæmt gildandi lögum mun það hafa mjög óheppileg áhrif á húsnæðismarkaðinn í landinu. Gæti það valdið mikilli þenslu og óeðlilegri hækkun á íbúðaverði.

Má þar m.a. nefna að einhver brögð eru að því að umsækjendur, sem fengið hafa lánsloforð sem koma eiga til greiðslu eftir marga mánuði og jafnvel ár, leiti eftir lánum út á lánsloforð sín á verðbréfamarkaði með miklum afföllum. Í mörgum tilfellum er greitt auk verðtryggingar hátt í 15% ársvexti. Þá er ótalin þóknun til verðbréfasala. Þetta getur haft mjög óheppileg áhrif á fasteignamarkaðinn og er því varhugavert að senda 3800 umsækjendum lánsloforð á skömmum tíma með þeim afleiðingum sem slíkt getur haft meðal annars á verð íbúðarhúsnæðis. Að óbreyttu er líka ljóst að ekki tekur langan tíma að ráðstafa öllu því fjármagni sem um var samið við lífeyrissjóðina. Því gæti stefnt í það að hætta verði á nýjan leik útgáfu lánsloforða um mitt næsta ár.

Þegar af þessum ástæðum er brýnt að gera strax ráðstafanir sem felast í þessu frumvarpi og mikilvægt að þegar afgreiðsla lánsloforða hefst á nýjan leik verði það eftir breyttum útlánareglum. Á það er lögð áhersla að þessum breytingum verði hraðað eins og kostur er þannig að fljótlega verði hægt að hefja afgreiðslu lána.

Einnig er lögð á það áhersla að frekari aðgerða er þörf til að ná því markmiði í stefnu- og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar að húsnæðislánakerfið geti sjálft staðið undir skuldbindingum sínum til frambúðar. Að því er nú unnið að kanna hvaða aðrar breytingar komi til greina að gera á gildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, reglugerð með lögunum og öðrum atriðum sem áhrif geta haft til að koma jafnvægi á húsnæðiskerfið og minnka frekar sjálfvirkni og útlánaþenslu.

Hér á eftir eru skýrðar helstu breytingar sem felast í frumvarpinu. Þær eru fyrsta skrefið til að koma því jafnvægi á húsnæðiskerfið sem að er stefnt.

Að óbreyttu fyrirkomulagi verður innan árs búið að ráðstafa öllu fjármagni sjóðsins fyrir árin 1989, 1990 og vel fram á árið 1991. Það er því ljóst að húsnæðislánakerfið ræður ekki við þá miklu ásókn í lán sem er langt umfram þær áætlanir er kerfið var grundvallað á. Með þessum tillögum er reynt að minnka ásókn í lán fyrstu árin og veita þeim umsækjendum, sem mesta þörf hafa, meiri forgang en nú er mögulegt samkvæmt lögum.

Breyttar reglur um forgang.

Frumvarpið felur í sér þá breytingu að við úthlutun til þeirra umsækjenda, sem eiga íbúð fyrir, er heimilt að láta fjölskyldustærð og eignarhluta í fyrri eign hafa áhrif á biðtíma eftir lánum þannig að þeir sem eru verr settir að þessu leyti gangi fyrir lánum. Jafnframt er húsnæðismálastjórn veitt heimild til að hafna lánum til umsækjenda, sé rík ástæða til þess. Í þeim hópi er að finna umsækjendur sem eiga fyrir fleiri en eina íbúð, umsækjendur sem eiga fyrir mikla skuldlausa eign í fyrri íbúð og umsækjendur sem eiga fyrir skuldlitla 180 m^2 íbúð, brúttó, og eru að minnka við sig húsnæði. Jafnframt er flýtt afgreiðslu lána til þeirra kaupenda sem eru að kaupa sína fyrstu eign og þeirra sem eru að stækka hóflega við sig.

Þetta kæmi fyrst og fremst þeim umsækjendum að gagni sem við minni efni búa. Þær geta einnig auðveldað ákvarðanir um að taka upp breytilega vexti innan einstakra lánaflokka.

Eitt meginmarkmið breytingartillagnanna er að skapa kerfinu aukinn sveigjanleika. Leitast er við að stytta biðtíma þeirra sem mesta þörf hafa fyrir aðstoð.

Í núgildandi lögum eru ákvæði um að lán skuli afgreiða í sömu röð og umsóknir berast, þó í raun í tveimur hópum, forgangshópi og víkjandi hópi. Í ljós hefur komið að þeir umsækjendur, sem eru að sækja um lán til endurkaupa, eru mun fleiri en upphaflega var áætlað. Í þessum hópi eru fjölskyldur sem eiga fyrir litlar eignir skuldum hlaðnar og þurfa nauðsynlega sakir fjölskyldustærðar að stækka við sig. Einnig eru í honum aðrir sem eiga fyrir rúmgóðar eignir en eru einhverra hluta vegna að skipta um húsnæði þó að þeir eigi fullnægjandi húsnæði fyrir. Þá eru þeir ónefndir sem eiga fyrir fleiri en eina íbúð, en sækja engu að síður um lán. Æskilegt verður að telja að húsnæðismálastjórn hafi svigrúm til að flýta lánafyrirgreiðslu til þeirra sem eru í brýnni þörf þó að það lengi að sama skapi biðtíma þeirra sem eiga miklar eignir fyrir. Að óbreyttum lögum þurfa allir, sem eiga íbúð fyrir, að bíða jafnlengi eftir lánum. Til þess að unnt sé að veita þeim sem mesta þörf hafa meiri forgang verður að breyta lögunum. Nánari atriði um skiptingu umsækjenda í hópa eftir eignastöðu verður að setja í reglugerð. Reynslan bendir til þess að skipting umsækjenda eftir eignastöðu hafi verið að breytast undanfarna mánuði. Af þeim sökum þarf skipting umsækjenda í hópa eftir forgangi að vera sveigjanleg og taka þarf tillit til aðstæðna á hverjum tíma. Þess vegna er ekki ástæða til að binda hana í lögum að meira leyti en hér er gerð tillaga um.

Við gerð reglugerðarákvæðis um skiptingu umsækjenda í hópa eftir forgangi verður að hafa í huga að húsnæðismarkaðurinn er afar viðkvæmur fyrir framboði og eftirspurn. Markaðurinn er mjög samofinn og fjármál eins kaupendahóps hafa áhrif á kaup annarra. Til þess að koma í veg fyrir að þetta valdi röskun á fasteignamarkaði verður að vinna af mikilli varfærni þegar byrjað verður að afgreiða lánsloforð eftir rýmri reglum. Gert er ráð fyrir að nákvæma útfærslu á skiptingu umsækjenda í hópa eftir forgangi og ákvörðun á biðtíma innbyrðis verði að finna í reglugerð og starfsreglum Húsnæðisstofnunar.

Fjármagn bundið til skemmri tíma.

Gert er ráð fyrir að þeim ákvæðum í núgildandi lögum verði breytt sem skuldbinda Húsnæðisstofnun til að senda umsækjendum bindandi svör um lánsfjárhæð og greiðsludag. Í núgildandi lögum er kveðið á um að umsækjendur skuli innan tveggja mánaða frá því að umsókn berst fá bindandi svar frá Húsnæðisstofnun. Í svari stofnunarinnar kemur fram lánsfjárhæð og afgreiðsludagur lánsins. Tilgangur þessa ákvæðis í núgildandi lögum var upphaflega að umsækjendur gætu með vissu miðað áform sín um húsnæðiskaup við svarið. Biðtími eftir lánum er hins vegar orðinn svo langur að skiptir árum. Af þeim sökum verður að líta svo á að það skipti umsækjanda ekki meginmáli lengur að vita upp á dag hvenær lánið komi til greiðslu, heldur að hann viti um almennan lánsrétt sinn. Þegar kemur nær greiðsludegi og umsækjandinn þarf að gera tímasettar áætlanir um húsnæðisöflun þarf frekari vitneskja að liggja fyrir. Þá hefur komið í ljós að Húsnæðisstofnun var ætlaður of skammur tími til að svara umsækjendum. Gert er ráð fyrir því að sá frestur verði lengdur í þrjá mánuði.

Eftir breytingu á lögunum mun umsækjandi innan þriggja mánaða, frá því að hann leggur inn umsókn, fá svar um hvort hann á rétt á láni. Ekki síðar en ári áður en lánið kemur til greiðslu fær hann síðan endanlegt svar um fjárhæð og afgreiðsludag.

Talið er að ekki sé raunhæft að gefa út lánsloforð lengra fram í tímann en samið hefur verið um skuldabréfakaup hjá lífeyrissjóðunum. Þetta álit grundvallast á því að lánsréttur umsækjenda falli niður þegar sjóðurinn hefur ekki lengur fjármagn til ráðstöfunar. Þannig

hætti Húsnæðisstofnun útgáfu lánsloforða 13. mars sl. sökum þess að þá hafði öllu áætluðu ráðstöfunarfé sjóðsins árin 1987 og 1988 verið ráðstafað. Ekki höfðu þá verið gerðir samningar til fleiri ára við lífeyrissjóðina um skuldabréfakaup. Nú er ljóst að ekki mun líða langur tími þar til öllu því fé, sem samið var um í september sl., hefur verið úthlutað. Það svarar til ráðstöfunarfjár áranna 1989 og 1990. Samkvæmt því eru allar líkur á því að óbreyttu að enn þurfi að hætta útgáfu lánsloforða næsta sumar talsvert áður en hægt er að ganga til samninga við lífeyrissjóðina. Því er mikilvægt að þær breytingar verði gerðar sem hér er lagt til að gerðar verði, þ.e. að bindandi lánsloforð sé ekki sent til umsækjenda fyrr en liðlega ári áður en fyrri hluti lána kemur til afgreiðslu. Með því móti þarf Húsnæðisstofnun ekki að binda ráðstöfunarfé sitt mörg ár fram í tímann eða semja langt fram í tímann um gífurlega háar fjárhæðir í skuldabréfakaupum við lífeyrissjóðina. Slík breyting gæti einnig haft veruleg áhrif á vaxtakjör sem um er samið hverju sinni vegna skuldabréfakaupa lífeyrissjóðanna.

Aukin ráðgjöf.

Samkvæmt núgildandi lögum ber Húsnæðisstofnun að senda umsækjendum innan tveggja mánaða bindandi loforð um fjárhæð láns og afgreiðslutíma. Á þeim tíma er Ráðgjafarstöð ætlað að fara yfir frumáætlanir umsækjenda og leggja mat á stöðu þeirra. Í svari, sem umsækjendum er sent um lánsfjárhæð og greiðsludag, er einnig tekið fram að þeim beri að skila kaupsamningi til Húsnæðisstofnunar þremur mánuðum áður en fyrri hluti lánsins kemur til greiðslu. Eftir að kaupsamningurinn hefur verið gerður á Ráðgjafarstöðin hins vegar ekki neinn möguleika á að veita aðstoð hversu vafasöm sem kaupin kunna að vera fyrir fjárhag viðkomandi.

Telja verður að núgildandi fyrirkomulag útlána sé ófullnægjandi hvað varðar ráðgjöf til húsnæðiskaupenda. Nauðsynlegt er að efla hlut ráðgjafar við afgreiðslu lánsloforða. Upphaflegar forsendur gildandi laga gerðu ráð fyrir að umsækjendur skiluðu til Húsnæðisstofnunar sundurliðaðri greiðsluáætlun áður en lánið kæmi til greiðslu. Ráðgjafarstöðin færi síðan yfir áætlanirnar með umsækjendum. Ekki hefur reynst svigrúm til að koma því við vegna núverandi aðstæðna.

Ljóst er að margir húsnæðiskaupendur hefðu komist hjá mestu erfiðleikunum ef þeir hefðu notið ráðgjafar áður en kaupin voru gerð. Þess vegna er talið að aukin ráðgjöf, sem veitt er áður en kaup eru gerð, muni draga úr fjölda þeirra húsnæðiskaupenda sem lenda í greiðsluerfiðleikum vegna vanhugsaðra húsnæðiskaupa.

Í tillögunum er lögð áhersla á hlutverk ráðgjafar við veitingu lána til húsnæðiskaupa. Ráðgjafarstöðin mun að eigin frumkvæði kalla eftir upplýsingum um fjárhag og húsnæðisáform umsækjenda og ræða þau við þá áður en útgáfa lánsloforðs fer fram. Til þess gefst nú ráðrúm þar sem bindandi svar um afgreiðslutíma láns og lánsfjárhæð þarf ekki að berast fyrr en einu ári áður en lánið kemur til greiðslu.

Á þann hátt verður leitast við að ráðleggja umsækjendum hversu stóra eign þeir ráði við að kaupa miðað við eign, lánamöguleika og tekjur. Þetta mun gerast á þann hátt að nokkru áður en umsækjandi fær ákveðið svar um lánsrétt og greiðsludag fer Ráðgjafarstöð yfir mál hans. Ef talin er ástæða til kallar stöðin hann til sín og fer með honum yfir áform hans. Umsækjandanum er þá leiðbeint um hversu verðmikla eign hann ráði við að kaupa miðað við efnahag og tekjur. Eftir að farið hefur verið yfir málin á þennan hátt er umsækjandanum sent svar um lánsrétt og greiðsludag.

Sé afgreiðslu hagað á þennan hátt er talið að Ráðgjafarstöðin þurfi að fara yfir sundurliðaðar áætlanir 150 til 200 umsækjenda á mánuði, þ.e. 7 til 10 á dag. Þannig næst mun betri árangur en með því að fara yfir frumáætlanir 500 umsækjenda á mánuði eins og nú er gert. Nú byggist yfirferðin á meira eða minna ófullkomnum gögnum og auk þess er hún í

mörgum tilfellum framkvæmd þremur árum áður en kaup gerast; eftir breytingu fer hún fram 13 til 15 mánuðum áður en kaup eru gerð.

Mjög brýnt er að fólk, sem ekki á lánsrétt í kerfinu, fái strax ákveðið svar. Til þess að kanna málefni þeirra gefast Ráðgjafarstöðinni nú þrír mánuðir í stað tveggja áður. Mikil áhersla er lögð á að farið sé fljótt yfir umsóknir þeirra sem hafnað er og þeir fái greinargóð rökstudd svör innan lögbundins frests.

Breytt vaxtastefna.

Á vegum félagsmálaráðuneytisins er nú unnið að gerð tillagna um breytingu á vaxtastefnu í húsnæðiskerfinu. Á tiltölulega fáum árum munu hvíla gífurlega háar fjárhæðir á íbúðum landsmanna sem greiða þarf niður vexti af, en vaxtaniðurgreiðslur munu renna af algjöru handahófi til fasteignaeigenda þegar frá líður. Má þar nefna að þegar kerfið verður orðið tveggja áratuga gamalt mun varla meira en fjórði hluti af vaxtaniðurgreiðslunum lenda hjá því fólki sem mesta þörf hefur fyrir þær; hinn hlutinn lendir hjá fasteignaeigendum sem hafa yfirtekið lánin við kaup íbúðar eða fengið þau á annan hátt, jafnvel þó að þeir eigi ekki sjálfir lánsrétt í opinbera húsnæðiskerfinu. Innan áratugs er talið að Byggingarsjóður ríkisins muni hafa til útlána nálægt 60 milljörðum króna af fé frá lífeyrissjóðunum. Að óbreyttum vaxtaákvæðum verður allt þetta fé lánað með niðurgreiddum vöxtum. Innan aldarfjórðungs mun þessi fjárhæð fara að nálgast 140 milljarða króna. Af framansögðu er ljóst að ríkissjóður mun ekki að óbreyttu ráða við að greiða niður vexti af lánum til húsnæðiskaupenda úr Byggingarsjóði ríkisins nema fá ár. Miðað við óbreytt ríkisframlag, þá vexti sem samið hefur verið um við lífeyrissjóðina og óbreytta útlánavexti mun allt framlag ríkissjóðs ekki duga til að greiða niður vaxtamuninn nema fram á árið 1992. Árið eftir, þ.e. 1993, mun sjóðurinn verða að ganga á eigið fé og verður af þeim sökum gjaldþrota innan tveggja áratuga. Með hliðsjón af framansögðu er ljóst að grípa verður til áhrifaríkra aðgerða til að koma í veg fyrir gjaldþrot húsnæðiskerfisins. Fyrstu skrefin í þá átt eru stigin með þeim breytingartillögum sem felast í þessu frumvarpi.

Mismunandi vextir innan lánaflokka.

Það vandamál, sem hér hefur verið lýst, verður ekki leyst með því að hækka vexti jafnt á öllum lánum sem Byggingarsjóður ríkisins veitir. Lausnin felst í því að breyta vaxtastefnu lánakerfisins í grundvallaratriðum og beina niðurgreiðslum á vöxtum til þeirra húsnæðiskaupenda sem helst þurfa þess með. Þannig verði losað um þá sjálfvirkni sem verið hefur í kerfinu sem færir öllum lántakendum sömu niðurgreiðslur á vexti án tillits til þess hvernig aðstæður þeirra eru. Af þessum sökum er unnið að gerð tillagna um að breyta vaxtastefnu húsnæðislánakerfisins með það að markmiði að vaxtaniðurgreiðslum verði stýrt með öðrum hætti en verið hefur.

Tillögurnar hafa það að markmiði að niðurgreiðslum vaxta verði fyrst og fremst beint til þeirra lántakenda sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð og fólks sem er að stækka hóflega við sig eða er talið þurfa aðstoð af öðrum sökum. Í höfuðdráttum verði vaxtaniðurgreiðslum stýrt með öðrum hætti en verið hefur, einnig af lánum sem þegar hafa verið tekin. Því er nauðsynlegt að fyrir hendi sé heimild til að ákvarða mismunandi vexti innan hvers lánaflokks eða endurgreiða vexti — ef það auðveldar framkvæmd breyttrar vaxtastefnu.

Til að ná þeim markmiðum, sem hér hefur verið lýst, eru nokkrar leiðir færar. Við úrvinnslu tillagna þarf að taka tillit til margra þátta og framkvæmdaatriða. Mótun endanlegra tillagna um breytta vaxtastefnu mun af þeim sökum taka nokkurn tíma.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Heimildarákvæði þetta er sett til að opna leið til þess að koma í veg fyrir að fólk, sem á mikla skuldlausa íbúðareign(ir), eigi rétt á (fullu) láni með hagkvæmum kjörum af takmörkuðu opinberu lánsfé, enda verði að telja lánveitingu til þessa fólks óeðlilega og utan við það markmið laganna að stuðla að öryggi fólks í húsnæðismálum, sbr. 1. gr. laganna nr. 60/1984. Greiðsla láns til þess hóps, sem hér er hafður í huga, lengir og biðtíma þeirra eftir lánum sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð og þeirra sem skulda mikið í fyrri eign en þurfa nauðsynlega að stækka við sig húsnæði. Hér má einnig benda á einn megintilgang laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins sem fram kemur í 2. málsl. 1. gr. laganna nr. 60/1984, þ.e. að fjármunum Húsnæðisstofnunar ríkisins verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika launafólks til að eignast eigið húsnæði.

Heimildarákvæði 1. gr. verður því aðeins beitt að ríkar ástæður séu fyrir hendi, þ.e. aðeins þegar í hlut eiga þeir sem sannanlega eru mjög vel settir hvað íbúðareign snertir. Allur vafi skýrist umsækjendum í hag enda hér um undantekningarákvæði að ræða sem skýra ber þröngt.

Ekki er talið fært að skilgreina nákvæmar þann hóp sem 1. gr. nær til en gert er í frumvarpinu. Hvað b-lið áhrærir skal tekið fram að með skuldlítilli eða skuldlausri íbúðareign er átt við söluverð eignar að frádregnum öllum áhvílandi lánum. Að öðru leyti skal hér sett ítarlegt reglugerðarákvæði. Jafnframt er gert ráð fyrir að húsnæðismálastjórn semji sérstakar verklagsreglur um 1. gr. í heild sinni og að þær verklagsreglur verði aðgengilegar þeim sem þess óska.

Í c-lið er miðað við sömu stærðarreiknireglur og gilda um lánveitingar til kaupa eða bygginga á nýjum íbúðum skv. c-lið 13. gr. núgildandi laga.

Áhersla skal lögð á það að ákvörðun húsnæðismálastjórnar um skerðingu eða synjun á láni skal vera rökstudd og á það að tryggja vandaða málsmeðferð í sérhverju tilviki.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að ákvæðinu, sem leggur þá skyldu á herðar Húsnæðisstofnunar að veita öllum umsækjendum bindandi fullnaðarsvar um lán innan tveggja mánaða, verði breytt, enda í raun ekki mögulegt að uppfylla það ákvæði miðað við núverandi aðstæður og vísast um það atriði til almennra athugasemda frumvarpsins. Þess í stað er lagt til að svar um lán verði nú veitt í tveimur hlutum. Fyrri hluti svars hljóði upp á það hvort umsækjandi eigi rétt á láni eða ekki og um líklegan afgreiðslutíma láns en síðari hluti svars tilgreini nákvæmlega lánsfjárhæð og afgreiðslutíma láns og það svar berist eigi síðar en ári áður en lán kemur til greiðslu. Auk þess er lagt til að fyrra svar berist þremur mánuðum frá því að umsókn var lögð inn þar sem tveggja mánaða frestur samkvæmt núgildandi lögum hefur reynst of skammur samkvæmt upplýsingum Húsnæðisstofnunar.

Þegar ákvæðið um bindandi svar innan tveggja mánaða var samið í upphafi var mikið lagt upp úr því að umsækjandi gæti verið þess fullviss hver réttur hans væri og hvenær hann fengi lánið greitt og gæti því hagað ráðstöfunum sínum eftir þeirri vissu. Síðar kom í ljós að biðtími eftir lánum varð lengri en ráð var gert fyrir. Því er nú talið að það skipti umsækjanda ekki lengur meginmáli að fá nákvæmt svar um afgreiðslutíma láns langt fram í tímann, nægilegt sé að hann viti með vissu að hann eigi rétt á láni og hafi síðan vissa hugmynd um hvenær lánið verði greitt og er hér átt við árstíma, ár eða árabil eftir aðstæðum.

Á tímabilinu milli fyrra og síðara svars er reiknað með að Ráðgjafarstöð Húsnæðisstofnunar gegni veigamiklu hlutverki við það að láta umsækjendum leiðbeiningar í té. Hér er ætlunin að Ráðgjafarstöð sýni frumkvæði í þessum efnum og er því hér um nýja leið að ræða

til að koma í veg fyrir að fólk lendi í ógöngum. Einnig er nú gert ráð fyrir að í fyrra svari felist aðvörun til umsækjanda í því skyni að forða honum frá því að stunda óhagstæð viðskipti með fyrra svar eitt í höndunum en nokkur brögð hafa verið að slíkum viðskiptum með lánsloforð samkvæmt núgildandi lögum. Í þessari grein felst einnig að Húsnæðisstofnun þarf ekki að binda fjármagn sitt nema eitt til eitt og hálft ár fram í tímann en það er mikilvægt fyrir fjármálastjórn Byggingarsjóðsins og sveigjanleika í röðun á afgreiðslu loforða.

Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda frumvarpsins.

Um 3. gr.

Markmiðið með 3. gr. frumvarpsins er að stytta biðtíma fólks í forgangshópi svo og hjá því fólki sem tilheyrir víkjandi hópi en hefur í raun svipaða þörf fyrir lán og þeir sem eru að eignast sína fyrstu íbúð. Biðtími annarra lengist að sama skapi.

Til þess að ná þessu markmiði þarf að vera heimilt að skipta niður þeim sem eiga íbúð fyrir, þannig að mismunandi biðtími gildi milli þeirra innbyrðis. Samkvæmt gildandi lögum er litið á þennan hóp sem samstæðan hóp og þarf hann allur sem heild að bíða lengur eftir lánum en fólk í forgangshópi.

Komið hefur hins vegar í ljós að þeir sem eru að skipta um íbúð eru mjög misjafnlega settir innbyrðis. Sumir skulda mikinn hluta í íbúð sinni og eru aðstæður þess fólks í raun svipaðar og hjá þeim sem eru að eignast sína fyrstu íbúð. Því er lagt til að komið verði á þeim sveigjanleika að heimilt verði að miða biðtíma þeirra, sem eiga íbúð fyrir, við fjölskyldustærð og hvort þeir skulda mikið eða lítið í sinni íbúð. Biðtími þeirra, sem skulda mikið í íbúð sinni og þurfa að stækka við sig af fjölskylduástæðum, geti orðið sá sami og hjá forgangshópi. Biðtími lengist síðan í ákveðnum þrepum eftir því sem aðstæður eru betri. Um þessi atriði verða sett ítarleg reglugerðarákvæði.

Einnig er lagt til að lán til viðbygginga/endurbóta eða orkusparnaðar færist framar í röð, en skv. 7. mgr. 12. gr. laga nr. 60/1984, með síðari breytingum, eru lán þessi víkjandi fyrir forgangslánum. Annars staðar í löggjöfinni er hins vegar heimilað að lán til viðbygginga/endurbóta eða orkusparnaðar greiðist eftir því sem framkvæmdum miðar, sbr. 1. mgr. 19. gr. og 2. mgr. 26. gr. laga nr. 60/1984. Hér er því um samræmingaratriði að ræða.

Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda með frumvarpinu.

Um 4. gr.

Með ákvæði þessu er ætlunin að veita svigrúm til þess að stýra vaxtaniðurgreiðslum með öðrum hætti en verið hefur. Um þetta atriði vísast til almennra athugasemda frumvarpsins.

Um 5. gr.

Tekið skal fram að frumvarp þetta nær til þeirra fjögurra lánaflokka sem greindir eru í 12. gr., þ.e. til lána úr Byggingarsjóði ríkisins til kaupa á nýjum og notuðum íbúðum, til viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu húsnæði og til orkusparandi breytinga á húsnæði.

Lagt er til að 1. gr. öðlist gildi frá og með 21. október 1987. Með tilliti til mikilvægis þess, að ákvæði 1. gr. komist til framkvæmda um leið og efni hennar verður kunnugt almenningi, verður að telja þetta ákvæði eðlilegt.

Lagt er til að ákvæði 2. gr. og 3. gr. frumvarpsins gildi um þær umsóknir sem borist hafa Húsnæðisstofnun frá og með 13. mars 1987, en þá var útgáfu lánsloforða hætt. Nú bíða 3800 umsóknir afgreiðslu. Með því að beita ákvæði 2. gr. og 3. gr. um þessar umsóknir verður hinum nýju reglum um svör (2. gr.) annars vegar og biðtíma (3. gr.) hins vegar beitt um þær umsóknir sem nú bíða afgreiðslu. Um rökstuðning fyrir þessari nauðsyn vísast til almennra athugasemda frumvarpsins.

Heimildarákvæði um möguleika á nýju vaxtafyrirkomulagi innan lánaflokka (4. gr.) öðlast hins vegar gildi við birtingu laganna.

Fylgiskjal.

Þróun fasteignaverðs.

Könnun á söluverði íbúðarhúsnæðis sýnir að fasteignaverð hefur hækkað mikið á liðnu ári. Söluverð íbúða í fjölbýlishúsum í Reykjavík stefnir í að verða á þessu ári með því hæsta sem mælst hefur undanfarna tvo áratugi. Meðalverð þessa árs, reiknað á föstu verðlagi, verður að líkum svipað og það var árin 1966 og 1984. Einungis árið 1982 er vitað að fasteignaverð hafi verið hærra. Á meðfylgjandi línuritum um þróun á fasteignaverði árin 1966 til 1987 kemur þetta vel fram. Hækkun söluverðs 1987 stefnir í að verða sú mesta á tímabilinu ef miðað er við meðaltal heilla ára.

Mynd 1.

Söluverð fasteigna síðustu tvo áratugi.



Heimildir, gefnar út af Fasteignamati ríkisins: *Fasteignamarkaðurinn á Íslandi*, útg. 1985, *Framreikningsathuganir 1984* og *Markaðsfréttir* 1984—1987.

Verðhækkanirnar hafa aðallega orðið frá hausti 1986 og fram á vor 1987. Á sama tímabili hækkaði útborgunarhlutfall úr 72,5% upp í 78,0%. Af upplýsingum Fasteignamats ríkisins í nýútkomnu fréttabréfi má enn fremur ráða að á öðrum ársfjórðungi 1987 hafi kaupandi meðalíbúðar í Reykjavík þurft að hafa 49,1% meira handbært fé til að kaupa íbúð en árið áður. Það er 28,6% aukning reiknað á föstu verðlagi. Samkvæmt þessum upplýsingum þarf kaupandi nú að hafa meira fé handbært en fyrir ári til að festa sér íbúð. Kaupandi þriggja herbergja íbúðar þurfti til dæmis að hafa að raunvirði 509 þús. kr. meira af handbæru fé í maí 1987 en ári áður. Hækkun á söluverði kallaði á 311 þús. kr. en hækkun á útborgunarhlutfalli 198 þús. kr. Það merkir að lán úr Byggingarsjóði ríkisins, sem hækka með byggingarvísitölu, nýtast honum mun verr en áður.

Mynd 2.

Þróun fasteignaverðs og útborgunar júlí 1986 til júní 1987.



Heimild: *Markaðsfréttir*, sept. 1987, gefnar út af Fasteignamati ríkisins.

Sþ. 48. Fyrirspurn [48. mál]

til félagsmálaráðherra um aðild Íslands að norræna umhverfisverndarsamningnum.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Hvað líður framkvæmd ályktunar, sem samþykkt var á Alþingi 18. mars 1987, um að ríkisstjórnin staðfesti aðild Íslendinga að norræna umhverfisverndarsamningnum sem gerður var milli Noregs, Finnlands, Svíþjóðar og Danmerkur 19. febrúar 1974?

Sþ. 49. Fyrirspurn [49. mál]

til menntamálaráðherra um byggingu yfir náttúrufræðisafn.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvað líður undirbúningi að byggingu yfir náttúrufræðisafn á höfuðborgarsvæðinu?

Ed. 50. Frumvarp til laga [50. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Flm.: Svavar Gestsson, Margrét Frímannsdóttir,
Skúli Alexandersson.

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 12. gr. koma nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Úrskurður tryggingayfirlæknis tekur gildi strax og hann liggur fyrir og frá þeim tíma er örorkan skapaðist.

Nú er öryrki óánægður með úrskurð tryggingayfirlæknis og getur hann þá óskað eftir skriflegri greinargerð læknisins um forsendur matsins. Þeirri greinargerð ásamt athugasemdum skal öryrkinn síðan vísa skriflega til úrskurðar örorkumatsnefndar.

Í örorkumatsnefnd eiga sæti þrír menn:

1. Öryrkjabandalag Íslands tilnefnir einn mann.
2. Hæstiréttur tilnefnir einn mann. Hann skal vera læknir og vera formaður matsnefndarinnar.
3. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið tilnefnir einn mann og skal hann vera lögfræðingur.

Auk aðalmanna skulu tilnefndir varamenn.

Nefndin skal í störfum sínum hafa hliðsjón af öllum þeim þáttum sem b-liður 1. mgr. þessarar greinar gerir ráð fyrir. Þá skal nefndin einnig taka tillit til félagslegra sjónarmiða við úrskurði sína.

Ráðherra setur nánari ákvæði um starfssvið nefndarinnar í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frumvarp er nú flutt á Alþingi í sjötta sinn. Frá fyrri þingum liggja fyrir ítarlegar umsagnir. Verður nú að gera þá kröfu til Alþingis að þetta mál verði afgreitt á yfirstandandi þingi. Sumarið 1985 héldu samtök öryrkja fund þar sem m.a. var fjallað sérstaklega um frumvarp þetta. Lýstu þau eindregnum stuðningi við þá málsmeðferð sem hér er gerð tillaga um.

Frumvarpinu hefur á undanförnum þingum fylgt þessi greinargerð:

„Á 105. löggjafarþinginu var flutt stjórnarfrumvarp sem gerði ráð fyrir því að breyting yrði gerð á ákvæðum almannatryggingalaga um örorkumat. Í frumvarpinu var miðað við að örorkumat væri alltaf framkvæmt af örorkumatsnefnd þriggja starfsmanna Tryggingastofnunar ríkisins. Við umræður á Alþingi kom fram að þingmenn töldu óeðlilegt að láta nefnd annast þetta verk í öllum tilvikum — eðlilegra væri að setja á laggirnar áfrýjunarnefnd en úrskurður væri áfram í höndum tryggingayfirlæknis. Þetta frumvarp, sem hér er nú flutt, tekur tillit til þessara sjónarmiða.

Í núgildandi lögum er tryggingayfirlæknir einvaldur um úrskurði örorkumats. Það verður að teljast óeðlilegt fyrirkomulag, annars vegar frá sjónarmiði viðskiptamanna tryggingarinna og hins vegar frá því sjónarmiði að enginn einn maður getur sem skyldi borið ábyrgð á svo þýðingarmiklum þætti í tryggingakerfinu. Því er hér lagt til að skipuð verði úrskurðarnefnd þriggja manna.

Þegar málið var til meðferðar á síðasta löggjafarþingi fylgdi stjórnarfrumvarpinu stutt greinargerð sem var á þessa leið:

„Vaxandi óánægju hefur gætt á undanförnum árum með fyrirkomulag og ákvörðun örorkumats hjá Tryggingastofnun ríkisins. Bent hefur verið á ýmsar leiðir til bóta, m.a. þá sem hér er lagt til að reynd verði.

Endurskoðunarnefnd laga um almannatryggingar kannaði fyrir nokkrum árum afstöðu yfirmanna stofnunarinnar, þar á meðal flestra deildarstjóra og tryggingayfirlæknis, til þessa atriðis. Meðal þeirra sem tjáðu sig um þetta var tryggingayfirlæknir. Taldi hann, eins og allir sem tjáðu sig um fyrirkomulag örorkumats, að eðlilegt væri að taka tillit til fleiri atriða en læknisfræðilegra þegar örorkustig væri ákveðið. Menn virtust almennt séð sammála um að við slíkt mat yrði að taka mið af a.m.k. þremur ákvarðandi atriðum, þ.e. 1) líkamlegri eða andlegri heilbrigði, 2) tekjuöflunarfærni við óbreytt ástand skv. 1. lið, og loks af 3) félagslegum aðstæðum einstaklinga, þar á meðal fjárhagslegri þörf miðað við fjölskyldubyrði, heimilisástæður o.fl.

Þar eð segir í 3. mgr. 12. gr. laga nr. 67/1971 að tryggingayfirlæknir meti örorku þeirra sem sækja um örorkubætur (örorkulífeyri og örorkustyrki) er lagabreyting í þá veru, sem hér er lögð til, nauðsynleg eigi að reyna hér nýjar leiðir.“

Frumvarpsgreinin er ítarleg og skýrir sig sjálf, auk þess sem hún verður nánar skýrð í framsögu.“

Frumvarpið er nú flutt snemma þings og á því að vera unnt að afgreiða það á þessu þingi. Frumvarpið var fyrst flutt sem stjórnarfrumvarp 1983, síðan hefur það verið lagt fram á þingunum 1983–1984, 1984–1985, 1985–1986, 1986–1987 og er nú flutt í sjötta sinn, eins og áður segir.

Fylgiskjal.

UMSÖGN ÖRYRKJABANDALAGSINS
send heilbrigðis- og tryggingnefnd neðri deildar Alþingis.
(1. mars 1985.)

Á stjórnarfundi Öryrkjabandalags Íslands 25. febrúar 1985 var fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Öryrkjabandalag Íslands mælir með samþykkt frumvarpsins, en telur æskilegt að eftirfarandi breytingar verði gerðar:

1. Í 1. lið komi: Öryrkjabandalag Íslands tilnefni einn mann.
2. Að fulltrúi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis sé lögfræðingur.
3. Að setningarnar: „Nefndin skal í störfum sínum taka tillit til sömu þátta“ o.s.frv. og „Þá skal nefndin einnig taka tillit til félagslegra þátta“ o.s.frv., falli niður.
4. Til þess að örorkumatsnefnd fái nægilegt svigrúm til ákvarðana um leiðréttingar á bótagreiðslum þarf að gera frekari breytingar á tryggingalöggjöf, t.d. með því að taka upp nýtt örorkustig, 60% eða 65%, með tilteknum bótarétti.

Stjórn Öryrkjabandalags Íslands vekur athygli á nauðsyn þess að hraðað verði endurskoðun á lögum um almannatryggingar.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Öryrkjabandalags Íslands,

Vilhjálmur Vilhjálmsson
formaður.

Ásgerður Ingimarsdóttir
deildarstjóri.

Sþ. 51. Fyrirspurn [51. mál]

til menntamálaráðherra um námslán.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hyggst menntamálaráðherra beita sér fyrir endurskoðun á lögum um námslán og námsstyrki á næstunni, og ef svo er: Hvernig mun hann haga þeirri endurskoðun?
2. Ætlar menntamálaráðherra að afnema þá skerðingu námslána sem varð á árunum 1984–1986 með breyttum vísitöluviðmiðunum og útgáfu skerðingarreglugerða og veldur því að lánin eru nú nálægt 20% lægri en ella hefði verið?
3. Er menntamálaráðherra reiðubúinn til að beita sér fyrir því að raunverulegur framfærslukostnaður námsmanna hérlendis og erlendis verði kannaður þar sem sú framfærsluviðmiðun, sem notast hefur verið við hér innan lands, er frá árinu 1973 — og er langt frá því að endurspegla raunveruleg útgjöld námsmanna — og svipuð gagnrýni hefur komið fram á framfærsluviðmiðun námsmanna erlendis?

Sþ. 52. Tillaga til þingsályktunar [52. mál]

um mótmæli gegn kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Dounreay.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Kristín Einarsdóttir, Árni Gunnarsson, Júlíus Sólnes, Páll Pétursson, Guðrún Helgadóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að bera fram formleg mótmæli vegna stækkunar endurvinnslustöðvar fyrir kjarnorkuúrgang í Dounreay í Skotlandi.

Greinargerð.

Fimm ríki, sem aðild eiga að Efnahagsbandalagi Evrópu: Bretland, Frakkland, Vestur-Þýskaland, Ítalía og Belgía, áforma nú að standa sameiginlega að stórfelldri stækkun endurvinnslustöðvar fyrir kjarnorkuúrgang í Dounreay við Pentlandsfjörð nyrst í Skotlandi. Ef áform þessi verða að veruleika skapast mengunarhætta af völdum geislavirks úrgangs í Norður-Atlantshafi og jafnvel í Norður-Íshafi, einkum vegna slysa eða óhappa í stöðinni. Einnig gætu geislavirk efni borist út í andrúmsloftið og á skömmum tíma með vindum til landa við norðanvert Atlantshaf. Má í því sambandi nefna að fjarlægðin frá Dounreay til Íslands, sem er um 560 sjómílur, er minni en fjarlægðin frá Tsjernóbíl til þeirra svæða í Svíþjóð er verst urðu úti eftir slysið vorið 1986.

Geislamengun norðlægra hafsvæða gæti ógnað lífríki sjávar, þar á meðal íslenskum fiskimiðum. Jafnframt er hætta á að umtal um mengun af völdum geislavirkra efna geti haft afar slæm áhrif á sölu sjávarafurða sem aflað er á þessum slóðum.

Tillagan gerir ráð fyrir að íslensk stjórnvöld beri fram formleg mótmæli vegna fyrirhugaðrar stækkunar endurvinnslustöðvarinnar í Dounreay við ríkisstjórnir þeirra landa sem að henni standa. Einnig er nauðsynlegt að vekja athygli á þessu máli á alþjóðavettvangi, hvarvetna þar sem við getur átt. Í því sambandi hljóta Íslendingar að vísa bæði til eigin laga um bann við losun hættulegra efna í sjó (lög nr. 20/1972), alþjóðasamninga og samþykkta sem varða þau mál. Yfirlit um slíka samninga er að finna í fylgiskjali I, 4. kafla. Þá ættu íslensk stjórnvöld að leita samstarfs og samvinnu við þau ríki sem mál þetta snertir sérstaklega, en í þeim hópi eru flest Norðurlöndin. Dapurleg reynsla liggur þegar fyrir um mengun af völdum geislavirks úrgangs í Írska hafinu frá endurvinnslustöðinni í Sellafield á vesturströnd Bretlands, en Íslendingar hafa stutt Íra sem ítrekað hafa borið fram mótmæli vegna starfrækslu þeirrar stöðvar.

Sérstaka athygli ber að vekja á þeirri staðreynd að ríkin, sem áforma stækkun endurvinnslustöðvarinnar í Dounreay, eiga sjálf lítið sem ekkert á hættu vegna mengunar sjávar frá stöðinni.

Þann 21. október 1986 bar Sigríður Dúna Kristmundsdóttir fram fyrirspurn til utanríkisráðherra í sameinuðu þingi um kjarnorkuverið í Dounreay. Í framhaldi af henni leitaði ráðherra umsagnar hjá nokkrum stofnunum um málið.

Í desember 1986 lá fyrir „Greinargerð um kjarnorkuverið og endurvinnslustöðina í Dounreay í Skotlandi“ tekin saman af Geislavörnum ríkisins, Hafrannsóknastofnun, Siglingamálastofnun ríkisins og Magnúsi Magnússyni, prófessor við Háskóla Íslands. Greinargerð þessi er birt í heild sem fylgiskjal I með þessari þingsályktunartillögu. Í greinargerðinni er að finna ágætt yfirlit um kjarnorkuiðnaðinn í Dounreay og fyrirhugaða stórfellda aukningu á endurvinnslu á kjarnorkuúrgangi þar. Einnig er í henni fjallað um geislunaráhrif frá Dounreay og Sellafield á vesturströnd Bretlands, bæði áhrif frá daglegum rekstri og vegna slysa. Utanríkisráðherra lagði greinargerð þessa fram á Alþingi snemma árs 1987.

Þann 11. október var haldin opin ráðstefna um umhverfismál á vegum Alþýðubandalagsins í Gerðubergi í Reykjavík. Á ráðstefnunni var boðið Chris Bunyan, formanni CADE (Campaign Against Dounreay Expansion) á Hjaltlandseyjum, en það eru samtök margra aðila sem berjast gegn stækkun endurvinnslustöðvarinnar í Dounreay. Ræða sem hann flutti á ráðstefnunni er birt sem fylgiskjal II með tillögunni þar eð í henni koma fram margar fróðlegar upplýsingar.

Áformin um endurvinnslustöðina í Dounreay hafa þegar sætt mikilli andstöðu ríkja og almenningssamtaka í löndum sem einkum eru í hættu vegna mengunar þaðan.

Norska ríkisstjórnin hefur ítrekað borið fram mótmæli við bresku ríkisstjórnina. Dönsk stjórnvöld hafa mótmælt harðlega fyrir hönd Færeyinga og í Danmörku fer andstaða einnig vaxandi.

Vestnorræna þingmannaráðið hefur tvívegis ályktað gegn stækkuninni í Dounreay, þ.e. á ársfundum sínum 1986 og 1987. Í þeim ályktunum er vakin athygli á mengunarhættunni frá Dounreay og landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands hvattar til að bera fram mótmæli eins og færeyska landsstjórnin hefur þegar gert. Ályktanir ráðsins eru birtar sem fylgiskjal III með þingsályktunartillögunni.

Á þingi Norðurlandaráðs 26. febrúar 1987 voru bornar fram fyrirspurnir um afstöðu norrænu ráðherranefndarinnar til Dounreay. Í svari kynnti Ragnhildur Helgadóttir fyrir hönd umhverfisráðherra Norðurlanda bréf sem þeir samþykktu á fundi sínum 25. febrúar 1987 að senda til breska umhverfisráðherrans, þar sem lýst er áhyggjum vegna endurvinnslustöðvarinnar í Dounreay. Umræðan á Norðurlandaráðsþingi er birt sem fylgiskjal IV með þessari tillögu.

Á vegum heilbrigðisráðuneytis og samgönguráðuneytis og stofnana á þeirra vegum hefur eins og áður er fram komið verið safnað upplýsingum um Dounreay. Að undirlagi Matthíasar Bjarnasonar heilbrigðisráðherra flutti fulltrúi Íslands á fundi samningsaðila Parísarsamningsins um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum í Cardiff 1.–3. júní 1987 tillögu um sérstakar ráðstafanir vegna nýrra endurvinnslustöðva fyrir brennsluefni kjarnaofna. Var hún samþykkt með nokkrum breytingum. Er fréttatilkynning Siglingamálastofnunar um fundinn og tillaga Íslands birt sem fylgiskjal V hér á eftir.

Hins vegar hafnaði fundurinn í Cardiff tillögu Íra um að endurvinnslustöðinni í Sellafield yrði lokað, en Ísland studdi þá tillögu.

Bygging endurvinnslustöðvar í Dounreay mun auka mengunarhættu fyrir Norður-Atlantshaf ekki hvað síst af völdum slysa sem orðið geta bæði við flutning á geislavirkum efnum með skipum á erfiðum siglingaleiðum og vegna óhappa sem ekki er hægt að útiloka að geti orðið í endurvinnslustöðinni. Staðsetning stöðvarinnar í Dounreay orkar mjög tvímælis. Mengun og mengunarhætta frá væntanlegri stöð í Dounreay snertir frekar hagsmuni ríkja sem hafa ekki beinan hag af vinnslunni en hagsmuni þeirra ríkja sem að byggingu stöðvarinnar munu standa.

Eins og m.a. kemur fram í þessu og í fylgigögnum hér á eftir er mengunarhætta frá Dounreay ekki síst bundin við óhöpp eða slys við starfrækslu endurvinnslustöðvarinnar, svo og flutninga á geislavirkum úrgangi að og frá henni. Þar getur bæði verið um að ræða aðborna mengun í lofti og með sjávarstraumum. Þótt talið sé að mengun af daglegum rekstri stöðvarinnar verði ekki skaðleg á íslenskum hafsvæðum er erfitt að útiloka slíkt fyrir fram.

Allt leiðir þetta til þeirrar niðurstöðu að bygging endurvinnslustöðvarinnar í Dounreay stofni í hættu íslensku umhverfi og lífríki á norðlægum slóðum. Því er nauðsynlegt að íslensk stjórnvöld taki nú þegar af festu á þessum málum og mótmæli formlega og ákveðið öllum áformum um stækkun endurvinnslustöðvarinnar í Dounreay eins og tillagan gerir ráð fyrir.

Fylgiskjöl:

1. Greinargerð um kjarnorkuverið og endurvinnslustöðina í Dounreay í Skotlandi (desember 1986).
2. Ræða Chris Bunyan, formanns CADE, á ráðstefnu í Reykjavík 11. október 1987.
3. Ályktanir Vestnorræna þingmannaráðsins um Dounreay 1986 og 1987.
4. Umræða á þingi Norðurlandaráðs 26. febrúar 1987 vegna fyrirspurnar um Dounreay-endurvinnslustöðina.
5. Fréttatilkynning Siglingamálastofnunar ríkisins um fund samningsaðila Parísarsamningsins í Cardiff 1.–3. júní 1987.

Fylgiskjal I.

Geislavarnir ríkisins,
Hafrannsóknastofnun,
Siglingamálastofnun ríkisins og
Magnús Magnússon prófessor.

GREINARGERÐ
um kjarnorkuverið og endurvinnslustöðina í DOUNREAY í Skotlandi.
(Desember 1986.)

Útdráttur.

Áætlanir eru um að reisa stóra endurvinnslustöð fyrir brennsluefni kjarnaofna í Dounreay á norðurströnd Skotlands við Pentlandsfjörð. Afköst stöðvarinnar munu verða 60–80 tonn á ári af brennsluefni.

Í dag er rekin kjarnorkustöð í Dounreay með þrenns konar starfsemi:

1. raforkuframleiðsla í kjarnaofni með hröðum nifteindum (Fast Reactor, 250 mW(e)),
2. endurvinnslustöð með hámarksafköst 4 tonn á ári af brennsluefni kjarnaofna og
3. kjarnorkutilraunastöð breska flotans þar sem gerðar eru prófanir með kjarnorkuknúnar vélar.

Hinni nýju endurvinnslustöð er ætlað að endurvinna brennsluefni kjarnaofna frá Frakklandi, Vestur-Þýskalandi, Ítalíu og Belgíu auk Bretlands. Fyrirhugað er að flytja efnin sjóleið og landleið til endurvinnslustöðvarinnar en flugleið, sjóleið og landleið til baka. Nokkur ríki hafa þegar lýst opinberlega áhyggjum sínum yfir aukinni hættu á mengun hafsins vegna þessara áforma.

Nýlega er lokið opinberri rannsókn (Public Inquiry) sem fram fór í Skotlandi vegna þessa máls. Von er á skýrslu um þá rannsókn í byrjun næsta árs.

Vegna ríkjandi hafstrauma munu geislavirk efni sem losuð verða í sjó frá stöðinni berast á hafsvæðið umhverfis Ísland, m.a. fiskislóðina milli Jan Mayen og Íslands. Ætla má að það taki geislavirk efni frá Dounreay 4–6 ár að berast þangað.

Líklegt er að vegna þynningar í hafinu muni styrkur geislavirkra efna á hafsvæðinu umhverfis Ísland, er þau berast hingað, vera um einn þúsundasti af styrk efnanna í sjó við Dounreay.

Mat á geislunaráhrifum eðlilegrar og áfallalausrar vinnslu á lífríki hafsins hér við land bendir til þess að áhrifin verði óveruleg. Engu að síður verður að telja þessi áhrif óæskileg og Íslendingum í hag að tekið yrði fyrir þessa losun í hafið.

Bygging endurvinnslustöðvar í Dounreay mun auka mengunarhættu fyrir Norður-Atlantshaf, ekki hvað síst af völdum slysa sem orðið geta bæði við flutning á geislavirkum efnum með skipum á erfiðum siglingaleiðum og vegna óhappa sem ekki er hægt að útiloka að gætu orðið í endurvinnslustöðinni. Staðsetning stöðvarinnar í Dounreay orkar mjög tvímælis. Mengun og mengunarhætta frá væntanlegri stöð í Dounreay snertir frekar hagsmuni ríkja sem hafa ekki beinan hag af vinnslunni en hagsmuni þeirra ríkja sem að byggingu stöðvarinnar munu standa.

1. Inngangur.

Nú um nokkurt skeið hafa verið uppi ráðagerðir um að reisa í Dounreay á Skotlandi stóra endurvinnslustöð fyrir brennsluefni frá kjarnorkuverum (EDRP, European Demonstration Reprocessing Plant). Ráðagerðir þessar eru einn liður í víðtæku samstarfi Breta, Belga, Frakka, Ítala og Vestur-Þjóðverja um þróun kjarnaofna með hröðum nifteindum (Fast Reactor) sem hófst formlega árið 1984. Mun ætlunin, ef af verður, að stöð þessi endurvinni brennsluefni frá slíkum kjarnaofnum, en rætt er um að byggja þrjá slíka kjarnaofna um 1000 mW(e) hvern, þ.e. í Frakklandi, í Þýskalandi og í Bretlandi. Frést hefur, en óstaðfest er að brennsluefni frá Japan og e.t.v. öðrum ríkjum muni síðar bætast við.

Undirbúningur framkvæmda við kjarnorkuverið, sem nú er í Dounreay, hófst 1955 og raforkuframleiðsla 1959, með 15 mW(e) kjarnaofni sem notaði hraðar nifteindir (DFR, Demonstration Fast Reactor). Þessi fyrsti kjarnaofn var í notkun til 1977. Nýr kjarnaofn af sömu gerð, en mun stærri, 250 mW(e), var byggður og hóf raforkuframleiðslu 1975 (PFR, Prototype Fast Reactor).

Kjarnaofnar af þessari gerð nýta kjarnaeldsneytið eða brennsluefnið mun betur en venjulegir kjarnaofnar með hægum nifteindum (Thermal Reactors) og geta breytt ókjarnakleyfu úrani-238 í kjarnakleyft eða brennsluhæft plútón-239. Þannig er hægt að framleiða meira en 60–70 sinnum meiri orku úr tilteknu magni af úrani en í kjarnaofnum með hægum nifteindum. Við rekstur slíkra kjarnaofna þarf tiltölulega mikið magn af kjarnakleyfu efni, venjulega plútóni.

Auk raforkuframleiðslu hafa síðan 1960 verið endurunnin á staðnum brennsluefni frá þessum kjarnaofnum. Lítil endurvinnslustöð fyrir brennsluefni frá fyrsta kjarnaofninum var í notkun í Dounreay frá 1960 til 1975. Mun stærri endurvinnslustöð var byggð og tók til starfa 1980. Frá árinu 1980 hafa samtals verið endurunnin 7–8 tonn af brennsluefni kjarnaofna frá Dounreay og eitthvað frá kjarnaofnum í Evrópu. Áætlanir gera ráð fyrir að nýja endurvinnslustöðin geti endurunnið allt að 80 tonnum á ári af brennsluefni kjarnaofna af þessari gerð.

Þá er starfrækt í Dounreay kjarnorkutilraunastöð breska flotans (The Vulcan Naval Nuclear Propulsion Test Establishment). Í stöð þessari er, eins og nafnið bendir til, unnið að tilraunum og prófunum á kjarnorkuknúnum vélum fyrir breska flotann. Nánast engar upplýsingar liggja fyrir um stöð þessa, aðeins að hún sé ekki stór um sig og frá henni komi lítið magn af úrgangi.

Eigandi núverandi kjarnorkuvers í Dounreay er „United Kingdom Atomic Energy Authority“ (UKAEA).

Endurvinnslustöð fyrir brennsluefni kjarnaofna, eins og þessar áætlanir gera ráð fyrir að reist verði í Dounreay, er í venjulegum skilningi efnaverksmiðja þar sem notað brennsluefni kjarnaofna er hreinsað þannig að annar hluti þess er skilinn frá sem hráefni í nýtt brennsluefni en hinn hlutinn verður eftir sem úrgangur.

Það er því sá eðlismunur á kjarnorkuverum og endurvinnslustöðvum fyrir brennsluefni kjarnaofna að í kjarnorkuverum er brennsluefnið notað til orkuframleiðslu (með kjarnaklofnun) en í endurvinnslustöðvum eru úrgangsefni sem myndast hafa við kjarnaklofnun hreinsuð frá ónotuðu brennsluefni með efnafræðilegum aðgerðum.

Brennsluefni kjarnaofna með hröðum nifteindum (Fast Reactors) samanstendur af efnasamböndum úrans og plútons. Við orkuframleiðslu nýtist hverju sinni aðeins hluti efnanna og notað brennsluefni inniheldur því í stórum dráttum blöndu úrans, plútóns og efna sem myndast hafa við kjarnaklofnun (fission products). Til að hægt sé að nýta orku úrans og plútóns til frekari vinnslu verður að hreinsa úrgangsefnin frá.

Til þess að fjarlægja þessi úrgangsefni úr brennsluefninu er notað tiltölulega einfalt efnaferli (chemical process). Efnin eru fjarlægð með því að notað brennsluefni er leyst upp í saltpéturssýru og lífrænt leysiefni notað til að draga úran og plútón úr sýruupplausninni. Að því búnu eru úran og plútón skilin að og hreinsuð með því að nota til skiptis með sama hætti brennisteinssýru og lífræn leysiefni og þá má nota efnin aftur í „nýtt brennsluefni" eftir því hvar úr ferlinu þau koma (sjá skýringarmynd).



Mynd. Ferill brennsluefnis kjarnaofna.

Þótt hér sé um að ræða tiltölulega einfalt efnaferli, þ.e. ferli sem á sér stað við lágt hitastig og lítinn þrýsting og þar sem ekki er um að ræða stórfelld efnahvörf, er vinnslan sérstæð vegna eðliseiginleika hráefnisins. Sökum mikillar geislvirkni hráefnisins verður vinnslurásin að vera skermuð af og ferlinu fjarstýrt. Notkun sýru og lífrænna leysiefna sem komast í snertingu við hráefnið þýðir að það verður til mikið magn af geislavirkum úrgangi sem aftur kallar á sérstakar varúðarráðstafanir við pökkun, flutning, geymslu og förgun.

Geislavirkur úrgangur frá endurvinnslustöð af þessu tagi er mjög mismunandi bæði að eðli og formi. Fyrst og fremst er um að ræða úrgang í föstu og fljótandi formi auk lítils háttar úrgangs sem ætla má að berist út í andrúmsloftið. Í föstu og fljótandi formi eru geislunaráhrif úrgangsins mjög mismunandi.

Þannig er talað um hágeislavirkni, meðalgeislavirkni og lággeislavirkni. Í áætlunum um endurvinnslustöð í Dounreay er reiknað með að allur há- og meðalgeislavirkur úrgangur verði geymdur sérstaklega á landi, ýmist í Bretlandi eða fluttur til upprunalands hráefnisins, en lággeislavirkum úrgangi verði fargað, þ.e. vökva hleypt til sjávar og föstum efnum samkvæmt reglum.

Geislavirku frárennsli frá endurvinnslustöðinni og litlu magni af geislavirkum úrgangi frá nærliggjandi tilraunastöð breska flotans fyrir kjarnorkuknúnar vélar (The Vulcan Naval Nuclear Propulsion Test Establishment) er hleypt í gegnum frárennslislögn í Pentlandsfjörð. Ekki er ráðgerð önnur breyting á þessu, er nýja endurvinnslustöðin tekur til starfa, en að frárennslislögnin mun ná út á meira dýpi.

Samkvæmt víðtækum umhverfismælingum, sem fram hafa farið við Dounreay, er magn geislavirkra efna í frárennsli innan við 10% af leyfilegu magni samkvæmt breskum reglum sem byggðar eru á viðmiðunarmörkum ICRP (Alþjóðageislavarnaráðið) (1).

Mælingar á geislavirkni í mjólk frá næsta nágrenni Dounreay sýna að lítið af geislavirku ryki berst í andrúmloftið frá Dounreay (2).

Opinberir aðilar í Bretlandi hafa lýst því yfir að í ljósi þeirrar reynslu, sem fengist hefur af núverandi endurvinnslustöð, og framþróunar, sem kemur fram í hönnun nýju endurvinnslustöðvarinnar, muni magn og styrkleiki geislavirkra efna, sem berast frá stöðinni út í umhverfið, ekki aukast fram yfir það sem nú er þrátt fyrir að afköst endurvinnslustöðvarinnar aukist (1.3.).

2. Staðsetning, byggð og flutningar.

Dounreay-kjarnorkuverið er nyrst í Skotlandi í Caithness-héraði og stendur þar út undir sjó við Pentlandsfjörð (oft nefndur „Pentillinn").

Um Pentlandsfjörð er erfið siglingaleið því að þar er einhver mesta straumröst sem þekkist. Fjölmörg sjóslys hafa orðið á þessum slóðum.

Í nágrenni við Dounreay er ferjuhöfnin Scrabster. Þaðan fara ferjur til Orkneyja, Hjaltlandseyja og á sumrin jafnvel til Færeyja og Íslands.

Siglingaleiðin milli Dounreay og Stafangurs í Noregi er um 290 sjómílur en um 560 sjómílur milli Dounreay og Vestmannaeyja.

Talið er að byggðasjónarmið hafi ráðið miklu um að kjarnorkuverið í Dounreay var byggt þar sem það er nú. Lítil byggð var í Dounreay, mjög fáir bændur og lítið um fiskveiðar.

Atvinna var þar lítil og byggð því á undanhaldi. Nú starfa við kjarnorkuverið í Dounreay um 2250 menn sem eru um 20% af vinnuafli í Caithness-héraði.

Ekki er ráðgert að aukning verði á heildarfjölda starfandi manna við Dounreay þegar fyrirhuguð endurvinnslustöð tekur til starfa. Ýmis rekstur sem er þar í dag verður lagður niður og starfsmenn þaðan endurráðnir til nýju endurvinnslustöðvarinnar.

Vegna aukinna sjóflutninga á notuðu brennsluefni kjarnaofna til Dounreay er talin nauðsyn á að byggja ný hafnarmannvirki. Mun það væntanlega verða í Invergordon í Moray-firði, á austurströnd Skotlands. Við kjarnorkuverið í Dounreay er flugvöllur með einni 1000 metra langri flugbraut sem notaður er nú við rekstur kjarnorkuversins og flutning á geislavirkum efnum frá Dounreay til ýmissa staða í Bretlandi og annarra staða í Evrópu. Er ráðgert að flytja áfram í flugi frá Dounreay endurunnið plútón. Til aukins öryggis við flutninga á plútóni munu flugleiðir frá Dounreay verða valdar þannig að flogið sé yfir sjó samkvæmt upplýsingum breskra yfirvalda (1.3.).

3. Geislunaráhrif frá Dounreay.

Mannkynið hefur orðið fyrir geislun frá umhverfi sínu frá fyrstu tíð. Sú geislun, sem kemur m.a. frá himingeimnum, jörðinni og geislavirkum efnum í beinum líkamans, nefnist bakgrunnsgeislun. Að auki er nú á 20. öldinni um að ræða geislun af mannavöldum, m.a. vegna notkunar efna í læknisfræði, tilrauna með kjarnavopn og frá kjarnorkuiðnaði. Þannig hefur aukin hagnýting og notkun geislunar á mörgum sviðum aukið það magn geislavirkra efna sem er í umhverfinu og þá geislun sem við verðum fyrir. Sem dæmi má nefna að fyrir

tilraunir með kjarnavopn var nánast ekkert geislavirkt cesín, Cs-137, í hafinu, en vegna þeirra eru nú um 3 bekerel af því í hverjum rúmmetra sjávar (Bq/m^3) í Norður-Atlantshafi (4). Til viðbótar þessu kemur svo það sem borist hefur í hafið frá kjarnorkuiðnaðinum, mikið eða lítið eftir aðstæðum og fjarlægð frá kjarnorkustöðvum.

Þegar reynt er að meta hugsanleg geislunaráhrif á Norður-Atlantshaf vegna fyrirhugaðrar stækkunar endurvinnslustöðvar fyrir brennsluefni kjarnaofna í Dounreay í Skotlandi er eðlilegt að litið sé til þeirra áhrifa sem rekstur hliðstæðrar endurvinnslustöðvar við Sellafield í Englandi hefur haft. Sú endurvinnslustöð hefur verið starfrækt í um 30 ár og hefur geislavirkur úrgangur frá henni verið leiddur í Írska hafið og dreifst þaðan með hafstraumum allt til Norður-Íshafs og Austur-Grænlands. Um dreifingu geislavirkra efna í hafinu umhverfis Ísland og á landgrunninu er lítið vitað, enda hafa mjög litlar mælingar farið þar fram.

Þær mjög svo takmörkuðu rannsóknir á geislavirkni, sem gerðar hafa verið á sýnum af íslenskum strandsvæðum, benda til lítilla áhrifa frá Sellafield. Áhrif þaðan eru mun meiri við Austur-Grænland. Á það ber þó að líta að geislavirk efni upprunnin í Írska hafinu berast í átt að Íslandi úr norðri með köldum pólsjó í Austur-Grænlandsstraumi og Austur-Íslandsstraumi (sjá mynd 1 um yfirborðsstrauma í Norður-Atlantshafi). Verulegar sveiflur eru frá ári til árs á áhrifum pólsjávar á Íslandsmiðum. Í seinni tíð voru þau einna mest hafísárin 1965–71.

Þegar reynt er að meta geislunaráhrif frá fyrirhugaðri endurvinnslustöð í Dounreay er nauðsynlegt að gera greinarmun á áhrifum sem stafa af eðlilegum áfallalausum rekstri annars vegar og hins vegar geislunaráhrif frá hugsanlegum slysum.

3.1. Geislunaráhrif frá Sellafield.

Á vesturströnd Bretlands, við Sellafield, hefur verið starfrækt endurvinnslustöð fyrir brennsluefni kjarnorkuvera í um 30 ár. Geislavirkum efnum frá þessari starfsemi hefur verið veitt í Írska hafið og hafa þau síðan borist með straumum allt til Norður-Íshafsins og Austur-Grænlands. Í töflu I má sjá hversu mikið af geislavirku cesíni, Cs-137, hefur borist í hafið frá Sellafield undanfarin ár og í töflu II eru niðurstöður mælinga á geislavirku cesíni, Cs-137, sem fram fóru á árunum 1980–83. (4).

Þar sést greinilega hve mjög cesínmagnið minnkar þegar norðar dregur. Það gildi sem gefið er fyrir strandsvæði umhverfis Ísland (3 Bq/m^3) byggir á mjög fáum mælingum og virðist mega rekja að mestu frá tilraunum með kjarnorkusprengjur í andrúmsloftinu á árunum 1956–63. Á því leikur þó enginn vafi að geislavirk efni frá þessari starfsemi berast á íslensk fiskimið, t.d. á fiskislóðina milli Íslands og Jan Mayen, sbr. mynd 1. og mynd 2.

Fylgst er með geislavirkni í hafinu af mörgum þjóðum og hafa þær rannsóknir veitt mikilvægar upplýsingar um dreifingu og útbreiðslu geislavirkra efna sem leidd eru í hafið, m.a. frá endurvinnslustöðinni í Sellafield. Hafa norrænir vísindamenn, og þá sérstaklega danskir, Asker Aarkrog o.fl., stundað umfangsmiklar rannsóknir á þessu sviði. Niðurstöður þeirra sýna dreifingu geislavirkra efna frá Sellafield (4,5,6). Nær slóð þeirra allt til Vestur-Grænlands. Sökum þess hve hér er um mikilvægar rannsóknir að ræða verður hér gerð stutt grein fyrir þessum niðurstöðum. Þær sýna að geislavirkur úrgangur, sem leiddur er í Írska hafið, berst þaðan norður með strönd Skotlands og fram hjá Dounreay.

Þessar rannsóknir veita því mikilvægar upplýsingar um það hvernig vænta má að geislavirk efni frá endurvinnslustöð í Dounreay dreifist og þynnist út.

Frá ströndum Skotlands berast efnin í Norðursjó. Er talið að það taki efnin 2–3 ár að berast úr Norðursjó í norska strandstrauminn, sem flytur mestan hluta þeirra norður með strönd Noregs, en lítill hluti fer úr Norðursjó í Skagerak og þaðan í Eystrasalt. Eftir 4–6 ár

hafa efnin borist norður til Svalbarða og eftir 6–8 ár hafa þau borist til Austur-Grænlands. Þaðan berast þau með Austur-Grænlandsstraumnum til suðurs fyrir Hvarf á Grænlandi og norður með vesturströnd Grænlands. Á þessari löngu leið þynnast efnin mjög. Talið er að í Austur-Grænlandsstraumi sé styrkur geislavirkra efna um þúsundasti hluti þess sem hann er í Írska hafinu. Á 3. mynd má sjá hvaða leið geislavirk efni berast til Austur-Grænlands frá Írska hafinu (7).

Einnig má þar sjá hve styrkur efnanna minnkar með aukinni fjarlægð, hve miklar vegalengdir um er að ræða, svo og þann tíma sem það tekur efnin að berast. Niðurstöðurnar sýna að aukningar á geislavirkni í hafinu við Austur-Grænland verður vart 1981–82 og er hún talin stafa af völdum efna sem hleypt var í Írska hafið 1974–75. Tafla I sýnir að magn geislavirkra efna sem sleppt hefur verið frá Sellafield hefur minnkað u.þ.b. niður í tíunda hluta.

Með vísan til ofanskráðs má ætla að það muni taka geislavirk efni sem berast í hafið frá Dounreay a.m.k. 4–6 ár að berast til hafsvæðanna við Ísland. Þá má ætla að styrkur þeirra verði orðinn um einn þúsundasti hluti þess sem hann var þegar efnin bárust í hafið við Dounreay.

3.2. Áhrif frá daglegum rekstri.

Kjarnorkurannsóknastöð og kjarnorkuver hafa verið starfrækt við Dounreay í Skotlandi um þriggja áratuga skeið. Áhrif þeirrar starfsemi á næsta umhverfi hafa verið könnuð árlega, bæði af þeim er starfrækja rannsóknastöðina, svo og af opinberum eftirlitsaðilum í Skotlandi (2). Reglubundnar mælingar þessara aðila hafa sýnt að magn geislavirkra efna, sem fara út í umhverfið árlega, er aðeins lítill hluti þess sem breskar reglur heimila. Sem dæmi má nefna að í skýrslu Breta til nefndar, er annast eftirlit á vegum Parísarsamningsins (sjá nánar í 4. kafla), kemur fram að á árinu 1985 var hleypt í hafið innan við 5% af því sem heimilt er. Rétt er þó að undirstrika að endurvinnsla stöðvarinnar sl. sex ár hefur verið að meðaltali aðeins 1–2 tonn af notuðu brennsluefni á ári.

Mælingar á geislavirkni í matvælum og í næsta nágrenni rannsóknastofnunarinnar sýna að geislunaráhrif á íbúanna þar, vegna þeirrar starfsemi sem fram fer við Dounreay, eru langt undir þeim mörkum (innan við 4%, samkvæmt opinberum skýrslum) sem reglur bresku geislavarnanna (National Radiological Protection Board) kveða á um, en reglur þeirra byggja á reglum Alþjóðageislavarnaráðsins (ICRP). Mælingar á geislavirkni í skelfiski í hafinu við Dounreay, er fram fóru 1980–83, sýna að geislavirknin var innan við 1% af leyfilegum mörkum samkvæmt sömu reglum.

Áform um að í Dounreay verði byggð ný og stærri endurvinnslustöð fyrir brennsluefni kjarnaofna hafa valdið nokkrum áhyggjum vegna hugsanlegra, skaðlegra áhrifa sem slíkt gæti haft á umhverfi Dounreay, svo og á hafið. Hafa ýmsir lýst áhyggjum sínum vegna þessara áforma þar á meðal Norðmenn, en þeir stunda, ásamt öðrum þjóðum, miklar fiskveiðar í Norðursjó.

Á grundvelli þeirrar vitneskju, sem fyrir liggur um áhrif endurvinnslustöðvarinnar í Sellafield á Norður-Atlantshaf, og þeirra skilyrða sem bresk stjórnvöld hafa lýst yfir að endurvinnslustöðinni í Dounreay verði sett um frárennsli geislavirkra efna má ætla að geislunaráhrif endurvinnslustöðvarinnar á hafið umhverfis Ísland verði óveruleg miðað við eðlilegan og áfallalausan rekstur.

Geislunaráhrif vegna þessa verði aðeins lítið brot náttúrulegrar geislunar sem fylgt hefur mannkyninu frá fyrstu tíð. Með hliðsjón af straumum á þessum hafsvæðum, svo og af fenginni reynslu, má ætla að mengun sjávar á fiskimiðum umhverfis Ísland, af völdum efna er berast í Norðursjó og Írska hafið, verði minni en í hafinu við Grænland. Nauðsynlegt er þó að fram fari rannsóknir í því skyni að afla nánari upplýsinga um þetta atriði.

3.3. Áhrif slyss.

Kjarnorkuslys geta alltaf átt sér stað og gera ekki boð á undan sér. Vissulega er reynt með fræðslu, þjálfun og hönnun mannvirkja og tækjabúnaðar, að draga úr líkum þess að slík slys geti átt sér stað og draga úr áhrifum þeirra, en eins og slysið í Tsjernóbíl í apríl sl. undirstrikar, þá er ekki hægt að útiloka að slys eigi sér stað með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Áhrif slíks slyss í Dounreay gætu orðið tvíþætt hér á landi. Annars vegar vegna geislavirkra efna er kæmust út í andrúmsloftið og bærust hingað með vindum og hins vegar vegna geislavirkra efna er rynnu í hafið og bærust hingað með hafstraumum.

Geislavirk efni geta borist hingað í andrúmsloftinu á skömmum tíma eftir slys ef veðurskilyrði eru þannig. Fjarlægðin frá Dounreay til Íslands er minni en fjarlægðin frá Tsjernóbíl til þeirra svæða í Svíþjóð er verst urðu úti eftir slysið vorið 1986.

Um geislavirk efni, er færu í hafið við slys, gildir það sama og um geislavirk efni sem fara í hafið við daglegan rekstur. Aukning geislavirkra efna í hafinu umhverfis Ísland yrði, þegar tímar liðu, mikil eða lítil, eftir því hve mikið af efnum hefðu farið í hafið við Dounreay.

Auknum umsvifum við kjarnorkustarfsemina í Dounreay munu fylgja auknir flutningar geislavirkra efna á sjó, á landi og í lofti. Auknum flutningum fylgir aukin slysahætta með þeim afleiðingum að geislavirk efni komast út í umhverfið.

Það er álit okkar að fyrirhuguð staðsetning endurvinnslustöðvarinnar við Dounreay orki mjög tvímælis. Staðsetning við Dounreay eykur hættuna á því að lönd, er ekki standa að stöðinni, verði fyrir mengun af völdum geislavirkra efna frá henni á meðan áhrif á þau lönd sem stöðin á að þjóna gætu orðið mun minni eða jafnvel engin.

4. Alþjóðasamningar og alþjóðasamstarf.

Alþjóðasamningar þeir sem fjalla um varnir gegn mengun hafsins og Ísland er aðili að og eiga við í þessu máli eru:

1. Alþjóðasamningur frá 29. desember 1972, um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það (Lundúnasamningurinn (LDC)). Samningur þessi var gerður á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO).
2. Svæðisbundinn samningur fyrir Norðaustur-Atlantshaf frá 4. júní 1974, um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum (Parísarsamningurinn). Aðilar að þessum samningi eru öll ríki í Norður- og Vestur-Evrópu sem eiga land að sjó.
3. International Maritime Dangerous Goods Code (IMDG-code) sem fjallar um flutning á hættulegum varningi með skipum, sbr. reglur nr. 801/1982, um flutning á hættulegum varningi.

Samgönguráðherra, og í hans umboði Siglingamálastofnun ríkisins, annast framkvæmd og eftirlit hér á landi með þessum samningum, sbr. lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar. Bretland er aðili að þessum sömu samningum.

Lundúnasamningurinn fjallar um að varpa mengandi efnum í sjó.

Samkvæmt samningum er óheimilt að varpa hágeislavirkum úrgangi eða efnum í sjó, (sbr. 4. gr. (a)).

Til að varpa lággeislavirkum úrgangi eða efnum í sjó þarf sérstaka heimild, (sbr. 4. gr. (b)).

Á ársfundi Lundúnasamningsins í september 1985 var samþykkt fyrir frumkvæði Norðurlandanna að stöðva í raun varp lággeislavirkra efna í sjó þar til að það land sem varpa vill lággeislavirku efni í sjó getur sýnt fram á að það muni ekki valda skaða á lífríki sjávar eða stofna heilsu manna í hættu.

Parísarsamningurinn fjallar um mengun sem berst í sjó frá landstöðvum.

Í 5. gr. þessa samnings segir m.a.: „Samningsaðilar takast á hendur að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir og, eftir því sem henta þykir, uppræta mengun hafsvæðisins frá landstöðvum af völdum geislavirkra efna.

Á ársfundi Parísarsamningsins í júní 1984 voru fyrir forgöngu Danmerkur, Íslands, Noregs og Sviðþjóðar eftirfarandi tilmæli (reccommendation) samþykkt:

„Til að minnka losun geislavirkra efna í sjó skulu samningsaðilar beita bestu fáanlegri tækni í núverandi endurvinnslustöðvum fyrir brennsluefni kjarnaofna og ætíð þegar nýjar endurvinnslustöðvar eru byggðar".

Jafnframt þessu var þess krafist að Bretar og Frakkar legðu fram árlega skýrslur um magn og eðli geislavirks úrgangs sem fer í sjó frá endurvinnslustöðvum sem eru í notkun. Hafa Bretar orðið við þeirri kröfu. (Tafla I).

Var þessi krafa til komin vegna mengunar frá endurvinnslustöð Breta í Sellafield.

IMDG-code fjallar um flutning hættulegra efna á sjó þar á meðal geislavirkra efna.

Þar er fjallað um umbúnað, merkingu og hvernig hættulegur varningur skuli fluttur.

Heimilt er að flytja geislavirk efni (7. efnaflokkur) á sjó séu ákvæði „IMDG-code" uppfyllt.

Ísland á auk þessa aðild að Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni (International Atomic Energy Agency, (IAEA)). Sú stofnun gefur út reglur og leiðbeiningar m.a. varðandi geislavirk efni og fara aðildarlönd stofnunarinnar mjög eftir þeim.

Á vegum Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar (IAEA) hafa m.a. verið gerðir tveir samningar, annar um að tilkynna þegar í stað verði kjarnorkuslys (IAEA Convention on Early Notification of a Nuclear Accident) og hinn um aðstoð verði kjarnorkuslys eða hætta á geislun (IAEA Convention on Assistance in the Case of a Nuclear Accident or Radiological Emergency).

Ísland undirritaði báða þessa samninga með fyrirvara um staðfestingu 26. sept. sl.

Vert er einnig að minna á Hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna; XII. hluti þessa samnings fjallar um verndun og varðveislu hafsins. Í 195. grein þessa samnings er fjallað um skyldur þjóða til þess að velta ekki hættu yfir á önnur svæði, né breyta einni tegund mengunar í aðra.

Enda þótt þessi samingur hafi ekki enn tekið gildi má túlka ákvæði hans sem viljayfirlýsingu þeirra þjóða sem hafa undirritað hann.

Það hefur verið yfirlýst stefna íslenskra stjórnvalda að mengandi efnum skuli fargað á landi fremur en í sjó og hefur þessi stefna ítrekað verið kynnt á fundum aðildarríkja hinna ýmsu alþjóðasammninga sem fjalla um varnir gegn mengun sjávar, þar á meðal Parísar-samningsins og Lundúnasamningsins.

Ástæða fyrir þessu er að förgun á landi veitir betri og öruggari aðskilnað og einangrun frá lifandi umhverfi en förgun í sjó.

Ísland hefur ásamt öðrum þjóðum flutt tillögur um að förgun geislavirkra efna í sjó verði algjörlega bönnuð. Norðurlöndin hafa öll svipaða stefnu í meðferð geislavirks úrgangs að þessu leyti og hafa leitast við innan fyrrgreindra samninga að koma fram sem ein heild og með því náð tvímælalaust betri árangri í baráttunni við mengun hafsins.

Enn hefir ekki náðst endanleg samstaða um algjört bann við varpi geislavirkra efna í sjó og er það einkum vegna iðnríkja sem þurfa að losna við kjarnaúrgang. Miklar líkur eru til þess að fyrr en síðar verði algjörlega bannað að farga geislavirkum efnum í sjó, enda styður almenningsálitið í heiminum það.

5. Afstaða annarra ríkja til framkvæmdanna í Dounreay.

Ekki er vitað um afstöðu einstakra ríkja í Vestur- og Norður-Evrópu til fyrirhugaðrar stækkunar endurvinnslustöðvar fyrir brennsluefni kjarnaofna. Líklegt verður að telja að þau ríki sem standa að Euratom-samvinnunni séu öll mjög fylgjandi byggingu endurvinnslustöðvarinnar. Í öðrum löndum þar sem kunnugt er um að umræður hafa átt sér stað vegna málsins, þ.e. í Noregi, Danmörk og Færeyjum, hafa stjórnvöld áhyggjur af stækkun endurvinnslustöðvarinnar í Dounreay vegna hættu á aukinni geislamengun í sjó og umhverfi. Auk þess er vitað um að íbúar á Orkneyjum og víða í Skotlandi hafa haft uppi kröftug mótmæli gegn stækkun stöðvarinnar. Hafa þessi mótmæli íbúanna þegar leitt til aðgerða af hálfu opinberra aðila í báðum löndunum. Yfirvöld í Orkneyjum hafa lýst áhyggjum sínum vegna þessara fyrirhuguðu framkvæmda í Dounreay.

Umhverfismálaráðherra Noregs ritaði í maí í vor bresku ríkisstjórninni bréf og lýsti áhyggjum Norðmanna vegna fyrirhugaðrar stækkunar endurvinnslustöðvarinnar í Dounreay í Skotlandi og trúlega aukinnar geislamengunar. (Sjá fylgiskjal 6.)

Ekki hefir frést af viðbrögðum bresku ríkisstjórnarinnar við þessu bréfi. Af hálfu opinberra aðila í Skotlandi hefur verið lögð áhersla á að þau muni ekki heimila umbeðna aukningu á starfsemi í Dounreay ef hún hefur í för með sér að meira magn geislavirkra efna fer út í umhverfið en heimilt er við núverandi starfsemi. Vegna þess hve hér er um viðkvæmt mál að ræða fór fram á þessu ári opinber réttarrannsókn (Public Inquiry) vegna þessa máls í Skotlandi. Þessari rannsókn lauk 19. nóvember sl. Ráðgert er að endanleg skýrsla frá þessari rannsókn liggi fyrir á næsta ári.

6. Helstu heimildir.

1. „Supplementary Information relating to the Outline Planning Application for a European Demonstration Fast Reactor Reprocessing Plant at Dounreay, Caithness Scotland." Sameiginleg greinargerð U.K. Atomic Energy Authority and British Nuclear Fuels, May 1985.
2. Statistical Bulletin No. 4. Nov. 1984, Scottish Development Department. „Environmental Monitoring for Radioactivity in Scotland 1980–83".
3. „Environmental impact assessment relating to the proposed siting of the European Demonstration Fast Reactor Fuel Reprocessing Plant (EDRP) at Dounreay, Caithness". Sameiginleg greinargerð U.K. Atomic Energy Authority og British Nuclear Fuels, Nov. 1985.
4. A. Aarkrog o.fl. „Radioactive tracer studies in the surface waters of the northern North Atlantic, including the Greenland, Norwegian and Barents Seas". Rit Fiskideildar, Vol. IX: bls. 37–42, 1985.
5. A. Aarkrog o.fl. „Radiocesium from Sellafield effluents in Greenland waters", Nature Vol. 304: bls. 49–51, 1983.
6. Ulf Grimaas o.fl. „Behaviour of marine pollutants, Studied by Radiological Methods". National Swedish Environmental Protection Board 1986.
7. H. Dahlgaard o.fl. „Radiocesium transport from the Irish Sea via the North Sea to East Greenland". Ráðstefna í Frakklandi 1984.
8. Statistical Bulletin, May 1984, Scottish Development Department. „Radioactive Waste Disposal from Nuclear Sites in Scotland 1980–1985.
9. H. Livingstone. „Anthroprogenic radiotracer evolution in the Central Greenland Sea". Rit Fiskideildar, Vol. IX: bls. 43–54, 1985.
10. ORKNEY Marine Biology Unit Radioactivity Studies for 1985.
11. Senior Information Officer, Dounreay Nuclear Power Establishment. Grein í blaðinu Occadion 22.08. 1985.

12. Bréf norska sendiráðsins í London, 23. ágúst 1985 og 17. okt. 1985.
13. Bréf norska umhverfismálaráðuneytisins, 11. febr. 1986, varðandi skoðun norskra stjórnvalda á fyrirhugaðri endurvinnslustöð í Dounreay í Skotlandi.
14. Skjöl varðandi Lundúna- og Parísarsamningana.

Fylgiskjal II.

Chris Bunyan:

Hættan frá kjarnorkuverinu og endurvinnslustöðinni í Dounreay.

Ræða flutt á opinni ráðstefnu um umhverfismál í Gerðubergi í Reykjavík 11. október 1987.

Fyrir hönd Baráttusamtaka Hjaltlandseyja gegn stækkun Dounreay-versins og íbúa Hjaltlandseyja langar mig fyrst til að þakka Alþýðubandalaginu fyrir að bjóða mér að tala á ráðstefnunni. Ég veit að nú þegar eru margir Íslendingar áhyggjufullir vegna áætlana bresku stjórnarinnar varðandi Dounreay, en ég held að Ísland geti jafnframt gegnt miklu virkara hlutverki í baráttunni sem þegar hefur tengt saman Hjaltlandseyjar, Orkneyjar, Færeyjar og Noreg.

Hraðkjarnaofninn (FBR).

Fyrir utan miklar áhyggjur okkar sökum þeirrar alvarlegu ógnunar, sem steðjar að heilbrigði fólks frá kjarnorkuiðnaðinum, setur hann fjárhag þessara þjóða sömuleiðis í hættu. Við erum öll háð fiskveiðum og landbúnaði, en undirstaða beggja er hreint og ómengað umhverfi ef við eigum að geta selt afurðir okkar.

Í Dounreay er um nýja tegund kjarnorkutækni að ræða, „Fast Breeder Reactor" (FBR) eða hraðkjarnaofn, sem notar blöndu af úraníumi og plútóníumi. Enska nafnið dregur hann af þeirri staðreynd að eldsneytið, sem brennt er í verinu, myndar („breeds") meira plútóníum en hann notar.

Sjálfur er ég ekki vísindamaður og ætla ekki að fara djúpt í kjarnorkueðlisfræðina, en mér nægir að segja að hraðkjarnaofnarnir skapa algerlega ný vandamál sem þarf að leysa.

Ólíkt öðrum kjarnorkuverum notar þessi nýja tegund natríum í vökvaformi til að flytja geysiháan hita frá hinum geislavirka kjarna versins yfir í vatn, sem við það breytist í gufu sem síðan er notuð til að knýja túrbínu. Þannig er orkan framleidd í verinu. Þetta ofurheita natríum er leitt gegnum vatnið í hundruðum lítilla leiðslna, sem allar verða að vera mjög vandaðar og sterkar, þar sem natríum hefur þann leiða vana að valda sprengingu komist það í snertingu við vatn.

Bresk stjórnvöld hafa látið vinna að þessari nýju tækni hinna svokölluðu hraðkjarnaofna í nærri 40 ár og obbi rannsóknanna hefur farið fram við Kjarnorkustofnunina í Dounreay. Það er vitaskuld engin tilviljun að tilraununum var fundinn staður á norðurodda Skotlands — langt frá þéttbýlissvæðum Stóra-Bretlands. Það var nefnilega allsendis óvíst um hversu öruggar þessar tilraunir voru gagnvart heilbrigði íbúa nærliggjandi svæða. Meira að segja menn í kjarnorkuiðnaðinum sjálfum voru í óvissu um það.

Óvæntir erfiðleikar.

En hvers vegna hafa þá stjórnvöld í Bretlandi eytt svo miklum fjármunum (3000 milljónum punda) og tíma með jafnlitlum árangri og raun ber vitni?

Svarið er einfalt: Á sínum tíma töldu yfirmenn í kjarnorkuiðnaðinum að um síðir myndu þeir verða uppiskroppa með úraníum fyrir hin hefðbundnu kjarnorkuver. Hin nýju FBR-ver (hraðkjarnaofnar) voru því lausnin á þeim vanda þar sem þau bjuggu til meira eldsneyti en þau notuðu. En önnur orsök lá jafnframt til grundvallar hinum furðumikla stuðningi sem ríkisstjórnin veitti til uppbyggingar hinna nýju vera: Í þeim fellur nefnilega til mikið magn af plútóníum sem er nægilega hreint til að hægt sé að nota það í kjarnorkusprengjur.

Þróunin hefur hins vegar orðið allt önnur en kjarnorkuiðnaðinum var upphaflega spáð.

Í fyrsta lagi er til yfrið nóg af úraníumi fyrir hin hefðbundnu kjarnorkuver.

Í öðru lagi hefur hin nýja tækni reynst óheyrilega dýr.

Í þriðja lagi hefur hún reynst mjög illa í útfærslu.

Þannig hafa alvarleg óhöpp átt sér stað bæði í Frakklandi og Vestur-Þýskalandi þar sem tilraunir til að þróa hina nýju tækni að baki FBR hafa verið framkvæmdar. Miklar tafir hafa því orðið á því að nýju verin kæmust í gagnið og enn er ófyrirséð um lyktir þess.

Í ljósi allra þeirra vandamála, sem upp komu í tengslum við þessa nýju tækni FBR, ákváðu Bretar, Frakkar og Þjóðverjar, ásamt tveimur smærri kjarnorkuþjóðum — Ítölum og Belgum — að mynda eins konar evrópskt bandalag, sem hefði með höndum að þróa tæknina fyrir nýju verin. Vandamálin voru einfaldlega svo mikil og kostnaður sömuleiðis að þessi lönd komust að þeirri niðurstöðu að ekkert eitt land gæti staðið fyrir nauðsynlegum tilraunum.

Í öllum löndunum fimm hefur svo ákvörðunin um samstarf að þróun FBR mætt mikilli andstöðu.

Samsteypan ákvað að stefna að því að byggja þrjú ver til að byrja með til að sanna að þau gætu starfað og skilað hagnaði. Einu þessara vera var valinn staður í Dounreay.

Stórfelld stækkun á döfinni.

En áður hafði raunar verið til staðar lítið kjarnorkuver í Dounreay sem við höfðum ekki fett fingur út í. Helsta ástæðan fyrir því var sú að það var eingöngu rannsóknaver og því fylgdi aðeins mjög lítil endurvinnslustöð sem frá 1979 hafði einungis endurunnið um 8 tonn af notuðu eldsneyti. *Nýja stöðin, sem nú á að byggja í Dounreay, er hins vegar hönnuð með það fyrir augum að endurvinna allt að 100 tonnum af notuðu eldsneyti á ári.* En jafnvel enn meira áhyggjuefni er sú staðreynd að Dounreay verður ekki lengur rannsóknaver eftir stækkunina. Það verður rekið með hagnaðarvon í huga.

Aðaltilgangurinn með verinu verður að sanna að hin nýja tækni geti skilað hagnaði og við höfum bitra reynslu frá Sellafield af því hvað gerist þegar hagnaðarkröfunni er beitt á kjarnorkuiðnaðinn.

Það er líka nauðsynlegt að hafa í huga að við erum ekki að tala um nýtt kjarnorkuver í hefðbundnum skilningi í Dounreay, heldur *endurvinnslustöð* sem endurvinnur notað eldsneyti úr öðrum stöðvum. *Ólíkt hefðbundnum kjarnorkuverum verður til geysilegt magn af geislavirkum úrgangi í endurvinnsluverum.* Þannig er það staðreynd að fyrir hvert endurunnið tonn af notuðu eldsneyti verða til 200 tonn af geislavirkum úrgangi.

Mengunarhættan.

Áhyggjur okkar vegna áætlananna um endurvinnsluverið eru því þrenns konar:

Í fyrsta lagi vegna stöðugrar losunar geislavirks úrgangs, annars vegar út í hafið og hins vegar í andrúmsloftið. Í öðru lagi eru líkurnar á slysi. Í þriðja lagi er það vandinn sem felst í

því að eyða eða koma í geymslu geysilegu magni af banvænum úrgangi sem ekki er hægt að losa í hafið eða út í andrúmsloftið.

Við breskum stjórnvöldum blasir sá geysilegi vandi að finna stað þar sem hægt er að geyma úrganginn frá kjarnorkustöðvunum, eins konar kjarnorkuruslahaug. Vitanlega vill enginn hafa úrganginn nálægt sér. Stjórnvöld og kjarnorkuiðnaðurinn virðist um þessar mundir vera að velta fyrir sér möguleikanum á því að grafa geysilegar hvelfingar undir sjávarbotni fyrir geislavirkan úrgang, ef til vill undir botni Norðursjávar. En hver getur ábyrgst að þessi úrgangur leki ekki út í sjóinn á næstu 100, 200 eða jafnvel 2000 árum?

Staðreyndin er nefnilega sú að hverju sem vísindamenn lofa okkur getur enginn ábyrgst að slys hendi ekki.

Þannig er ég reiðubúinn til að fallast á að slys eins og gerðist í Tsjernóbíl getur ekki gerst í Dounreay þar eð hér er um að ræða mismunandi ver. En Tsjernóbíl sýndi eigi að síður að hversu mjög sem menn reyna að gera kjarnorkuver örugg þá er nánast vissa fyrir að fyrr eða síðar fer eitthvað úrskeiðis. Í því sambandi er skemmst að minnast þess að einmitt um þessa helgi (11. október) eru nákvæmlega 30 ár liðin frá því að kviknaði í Sellafield-kjarnorkuverinu og það var versta kjarnorkuslys veraldar þar til slysið varð í Tsjernóbíl.

Aukning á hvítblæði.

Fyrir utan losun geislavirkra efna út í andrúmsloftið eða sjóinn vegna óhappa erum við sem andæfum Dounreay-verinu einnig mjög áhyggjufull vegna þeirrar losunar geislavirks úrgangs sem er leyfileg samkvæmt ákvörðun stjórnvalda eða talinn innan hinna svokölluðu skaðleysismarka.

Í nágrenni við Dounreay-verið er tíðni hvítblæðis í börnum fimm sinnum meiri en að öðru jöfnu mætti gera ráð fyrir og í grennd við Sellafield-verið er hvítblæði í börnum tíu sinnum algengara en annars staðar. Vitanlega halda stjórnvöld og kjarnorkuiðnaðurinn því fram að það séu alls engin tengsl á milli þessa krabbameins og geislamengunarinnar. En í stað þess að loka verunum þangað til sannað er að geislamengunin er ekki orsök þessarar miklu tíðni krabbameina þá er það látið eftir hinum ýmsu umhverfissamtökum að reyna að sanna þessi tengsl. Þetta er þveröfugt við það sem gerist í lyfjaiðnaðinum. Um leið og sýnt þykir að einhverjar líkur séu á hliðarverkunum lyfja eru þau tekin af markaðinum uns þau eru sannanlega örugg.

Við berjumst gegn Dounreay vegna þess að við teljum að geislamengun vegna bæði leyfilegrar losunar á geislavirkum úrgangi og eins vegna mögulegra slysa í verinu muni menga Norðursjóinn og um síðir Norður-Atlantshafið líka. En jafnvel þó þetta gerist ekki setur Dounreay okkur samt sem áður í vanda.

Ógnun við fiskiðnaðinn.

Það þarf ekki nema nokkur minniháttar óhöpp í Dounreay til að fólk sem hefur keypt vörur frá okkur færi að óttast að fiskurinn okkar eða lambakjötið sé mengað. Og um leið mun fólk hætta að kaupa fiskinn okkar.

Þetta fundum við ótrúlega vel eftir Tsjernóbíl, þegar Bandaríkjamenn neituðu að kaupa eldislax frá Hjaltlandseyjum af ótta við að hann væri geislamengaður.

Hafsvæðin út af Dounreay og norðurodda Skotlands eru sum hver á meðal mikilvægustu fiskimiða Evrópu. Ekki aðeins skipafloti frá Skotlandi og Hjaltlandseyjum byggir á þessum miðum, heldur einnig skipafloti Dana og Norðmanna en þeir veiða mikið af síld.

Þó að Ísland og Færeyjar séu langt í burtu frá Dounreay er ég samt sem áður hræddur um að einnig þið getið ekki verið örugg. Til allrar hamingju eru höfin við Ísland laus við mengun að mestu leyti og það myndi taka mörg ár áður en geislavirkni frá Dounreay myndi mælast hér við land í einhverjum mæli. En ykkur er samt sem áður búin hætta vegna loftmengunar

ef slys yrði og ef vindurinn blési úr réttri — eða öllu heldur rangri — átt og ef rigndi á meðan geislavirk loftefni væru yfir Íslandi. Við getum ímyndað okkur að slys verði í Dounreay og síðan spurt okkur sjálf: Hversu langan tíma tæki það vinda að bera geislavirk loftefni til Íslands ef áttin er þannig?

Fjarlægðin frá Dounreay-verinu er að vísu mikil til Íslands. En samt er ekki hægt að útiloka hættuna af beinni geislamengun. Þannig langar mig að nefna tvær fisktegundir sem skipta Íslendinga nokkru máli og hrygna báðar norður af Skotlandi, þ.e. vorgotssíld og kolmunni.

En fiskveiðum Íslendinga stafar einnig hætta af neikvæðu viðhorfi neytenda á erlendum mörkuðum. Ef fólk í Ameríku, Evrópu og víðar hættir að kaupa fisk frá Hjaltlandseyjum, Noregi eða Færeyjum vegna þess að það telur að hann kunni að vera mengaður *þá óttast ég að ykkar fiskiðnaður muni einnig gjalda þess.*

Baráttan gegn Dounreay-verinu.

Að lokum vil ég lýsa aðeins baráttuhreyfingunni gegn Dounreay-verinu. Andstaðan á Hjaltlandseyjum kemur víða að, frá bæjarstjórninni, verkalýðsfélögunum, kirkjunni, bændum, fiskimönnum, ferðamannaiðnaðinum, raunar alls staðar að nema frá Íhaldsflokknum. Eyjarnar eru allar sameinaðar í andófi gegn Dounreay.

Í Noregi hafa yfir 250 þúsund manns undirritað mótmæli við Dounreay og allar 19 héraðsstjórnirnar og 240 bæjar- og sveitastjórnir hafa stutt mótmælin. Norska ríkisstjórnin hefur einnig sent bresku stjórninni mótmæli og fiskvinnslan og landbúnaðurinn taka vaxandi þátt í mótmælunum.

Í Færeyjum hefur ríkisstjórnin borið fram mótmæli við Thatcher forsætisráðherra um stjórnina í Kaupmannahöfn og baráttuhreyfing gegn Dounreay-verinu hefur nýlega verið stofnuð. Sem dæmi um andstöðuna í Færeyjum má nefna að þegar við héldum ráðstefnu á Hjaltlandseyjum í júlí komu Atli Dam, oddviti færeysku ríkisstjórnarinnar, tveir aðrir ráðherrar og sex þingmenn.

Í Danmörku er andstaða við verið vaxandi og *Norðurlandaráð* hefur einnig sent mótmæli til bresku stjórnarinnar.

En Dounreay skiptir einnig *Ísland* máli og þess vegna er ég afar ánægður yfir að geta heimsótt Ísland. Ég veit að heilbrigðisráðuneyti ykkar hefur þegar látið búa til skýrslu þar sem greint er frá þeim vanda sem Ísland kynni að stafa frá Dounreay og utanríkisráðherrann hefur látið í ljósi áhyggjur vegna versins. Íslenska ríkisstjórnin hefur líka tekið þátt í umræðum um málið á vettvangi Norðurlandaráðs. En það er hægt að gera miklu meira. Þegar Parísarnefndin kemur saman á næsta ári vona ég að íslenska ríkisstjórnin muni styðja ályktun Íra þar sem farið er fram á lokun kjarnorkuversins í Sellafield og starfa með öðrum þjóðum að því að taka upp Dounreay-málið.

Að lokum vil ég aftur þakka Alþýðubandalaginu fyrir að bjóða mér til þessa fundar sem ég vona að verði upphafið á samstarfi milli allra íslensku stjórnmálaflokkanna um andóf gegn Dounreay.

Fylgiskjal III.

Ályktun Vestnorræna þingmannaráðsins um Dounreay 1986.

Med baggrund i den fare for menneskeheden og alt andet liv på jordkloden, der er forbundet med drift af atomkraftværker rekommanderer Vestnordens parlamentariske Samarbejdsråd det færøske landsstyre, det grønlandske landsstyre og den islandske regering at arbejde imod oprettelse af nye atomkraftværker og at medvirke til, at eksisterende atomkraftværker bliver nedlagt og imod dumpning af radioaktivt affald i havet.

I den aktuelle situation rekommanderer Vestnordens parlamentariske Samarbejdsråd Grønlands landsstyre og Islands regering til i lighed med Færøernes landsstyre at protestere imod, at atomkraftværket i Dounreay i Caithness i Skotland udbygges, og at affald fra værket dumpes på havområdet The Stormy Bank.

Ályktun Vestnorræna þingmannaráðsins um Dounreay 1987.

Idet havets ressourcer nu som tidigere er grundlaget for Vestnordens velfærd og økonomiske framsteg foreslår undertegnede, at rådet godkender følgende rekommendation:

Meginforsendur spárinnar eru eftirfarandi:

Frjósemi.

Við núverandi aðstæður og þegar til lengri tíma er litið er talið að um 2,1 barn þurfi að fæðast á æviskeiði hverrar konu til þess að viðhalda fólksfjöldanum. Á undanförnum árum hefur frjósemi hér á landi svarað til 2,5 fæddra barna á æviskeiði hverrar konu. Allra síðustu árin hefur fæðingum fækkað að mun niður í 2,05 börn 1984 og 1,9 börn 1985. Í nágrannalöndunum tók fæðingum að fækka eftir miðjan sjöunda áratuginn og nú síðustu árin hefur frjósemi margra Evrópuþjóða verið á bilinu 1,4–1,6 börn. Með hliðsjón af þessu hafa forsendur spárinnar verið ákveðnar þannig að í aðalspá er frjósemi látin lækka í 1,7 börn á sjö árum (1985–1991) og vera óbreytt eftir það. Í lægra fráviki er gert ráð fyrir að frjósemin lækki í 1,4 börn á níu árum, en í hærra fráviki er gert ráð fyrir að frjósemin lækki í 1,4 börn á níu árum, en í hærra frávikinu er miðað við að frjósemin haldist 2,05 börn allt tímabilið, þ.e. eins og á árinu 1984.

Dánarlíkur.

Ekki er búist við að dánarlíkur breytist mikið næstu árin. Í spánni er miðað við að þær lækki um 1% á ári í öllum aldurshópum, en það svarar til þess að meðalævi lengist um eitt ár á hverjum áratug.

Flutningar.

Starfshópurinn telur eðlilegt að gera ráð fyrir að ýmsir þættir, sem varða menntun, menningu, atvinnu, sérhæfingu o.fl., verði þess valdandi að tilhneigingar gæti til þess að streymi fólks úr landi verði meira en inn í landið. Í spánni er gert ráð fyrir að um 300 manns flytjist á ári hverju úr landi umfram þá sem flytjast til landsins.

Meginniðurstöður aðalspár

Fólksfjöldi þús.manns	0-6 ára	7-15 ára	16-24 ára	25-64 ára	65 ára og eldri	Samtals
1985	30,2	37,3	39,2	110,5	24,4	241,5
2010	23,0	30,4	31,9	150,7	35,7	271,6
Breyting %						
1985-2010	-24%	-19%	-19%	+36%	+46%	+12%
Aldursskipting %						
1985	12,5	15,4	16,2	45,8	10,1	100,0
2010	8,5	11,2	11,7	55,5	13,1	100,0

Fylgiskjal II.

Úr umsögnum.

Barnaverndarráð Íslands.
(Úr fyrri umsögn 1. desember 1986.)

Barnaverndarráð Íslands fagnar því að fram hefur komið frumvarp til laga um stofnun embættis umboðsmanns barna. Ráðið telur brýna þörf á umbótum og jafnvel stefnubreytingu í málefnum barna meðal annars vegna gjörbreyttra þjóðfélagshátta á Íslandi. Ráðið telur líklegt að verði frumvarp um umboðsmann barna að lögum verði hagsmunamálum barna betur borgið og ef vel tekst til sé minni hætta á að fram hjá rétti barna í landinu verði gengið.

Barnaverndarráð telur þó að sérstaklega þurfi að huga að því, áður en frumvarpið verður að lögum, hvernig hlutverk umboðsmannsins samræmist núgildandi lögum um barnavernd. Hvorki er að finna í frumvarpinu né í greinargerð með því hvernig starf umboðsmanns barna yrði tengt starfi barnaverndaryfirvalda. Enn fremur þykir ástæða til að benda á mikilvægi þess að umboðsmanni barna verði fundinn staður innan stjórnkerfisins sem bæði hentar hlutverki hans og jafnframt samræmist því barnaverndarstarfi sem fyrir er samkvæmt núgildandi lögum.

Barnaverndarráð telur ástæðu til að huga mun betur að þeim atriðum sem hér hefur verið minnst á en ráðið er nú meðal annars að kynna sér nánar einstakar greinar frumvarpsins svo og ársskýrslu umboðsmanns barna í Noregi en hann starfar samkvæmt

norskum lögum sem íslenska lagafrumvarpið um umboðsmann barna virðist að verulegu leyti byggt á. Barnaverndarráð mun senda yður svo fljótt sem unnt er nánari umsögn um frumvarp til laga um umboðsmann barna en því miður reyndist sá tími, sem ráðinu var ætlaður, of naumur til að kanna svo veigamiklar lagabreytingar sem hér eru til umfjöllunar.

Loks leyfir barnaverndarráð sér að vekja athygli á því að það telur mjög brýnt að lög nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, verði hið fyrsta endurskoðuð í heild.

Barnaverndarráð Íslands.
(Úr síðari umsögn 3. febrúar 1987.)

Barnaverndarráð ítrekar þá skoðun sína að það telur líklegt að hagsmunamálum barna í landinu verði betur borgið ef frumvarp um umboðsmann barna verður að lögum og ef vel tekst til um framkvæmd þess. Til þess að svo megi verða telur ráðið þó að gera verði nokkrar breytingar á frumvarpinu. Einkum telur ráðið skorta í frumvarpið að verkefni og staða umboðsmanns barna sé nægjanlega skýrt mörkuð gagnvart þeim sem fjalla um málefni barna og ungmenna og þá sérstaklega barnaverndarnefndum og barnaverndarráði. Þá yrði einnig nauðsynlegt að breyta lögum um vernd barna og ungmenna til samræmis við lög um embætti umboðsmanns barna til þess að koma í veg fyrir of mikla skörun verkefna þessara aðila svo og að tryggja samstarf þeirra.

Frumvarpið um umboðsmann barna byggir að verulegu leyti á samsvarandi norskum lögum. Það þarf því að huga að því hvernig hinn norski umboðsmaður barna fellur inn í norsk lög um barnavernd. Það fyrsta, sem vekur athygli, er að í Noregi er ekkert stjórnvald sem er sambærilegt við barnaverndarráð. Þá eru norsk lög um barnavernd ekki jafnvíðtæk og íslensku lögin um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966. Hér er sérstaklega átt við ákvæði 2. mgr. 2. gr. íslensku laganna sem er ekki í norsku lögunum, en greinin hljóðar svo:

„Barnaverndarnefndir og barnaverndarráð skulu setja fram tillögur og ábendingar um úrræði sem stuðla að því að búa börnum og ungmennum góð uppeldisskilyrði, svo og benda á félagsleg atriði sem eru andstæð því uppeldistakmarki."

Samkvæmt þessari grein eru barnaverndaryfirvöldum á Íslandi ætluð ýmis þau verkefni sem umboðsmanni barna eru falin skv. 4. gr. frumvarpsins. Og þrátt fyrir mikið álag á barnaverndarráð við úrlausn einstakra mála sinnir ráðið ýmsu því sem fella má undir 2. mgr. 2. gr. laganna. Er það einkum í formi ráðgjafar við foreldra og aðra forráðamenn barna, barnaverndarnefndir og fjölmiðlafólk, auk umsagna og ábendinga til stjórnvalda. Þá stendur ráðið einnig fyrir fræðslustarfsemi í formi námskeiða, fyrirlestrahalds og útgáfu bæklinga í samræmi við 60. gr. laga um vernd barna og ungmenna.

Samkvæmt lögunum um vernd barna og ungmenna hefur barnaverndarráð leiðbeiningarskyldu gagnvart barnaverndarnefndunum, t.d. um skilning á lagaákvæðum, en skv. 4. gr. frumvarpsins á umboðsmaðurinn einnig að gegna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki. Því er hætta á að þarna yrði um óheppilega skörun verkefna að ræða sem úr þyrfti að bæta. Barnaverndarráð ítrekar að það telur að betur verði að huga að því að marka glögglega verkefni umboðsmannsins með tilliti til verkefna annarra barnaverndaryfirvalda í landinu og jafnframt með hvaða hætti samstarf umboðsmannsins við önnur barnaverndaryfirvöld verði tryggt.

Önnur grein frumvarpsins fjallar um hvar umboðsmaðurinn skuli starfa og er þar kveðið svo á að hann starfi í dómsmálaráðuneytinu. Reynsla Norðmanna er hins vegar sú að sjálfstæði umboðsmannsins sé grundvallaratriði og að þannig nái lögin betur tilgangi sínum. Á Íslandi er starfandi barnaverndarráð en svo er ekki í Noregi. Það mætti því hugsa sér að umboðsmaður barna starfaði í því ráði og að þannig væri jafnvel auðveldara að samhæfa

aðgerðir til hagsbóta fyrir börn. Barnaverndarráð telur þó að það færi ekki vel á því að ráðið væri bæði í ráðgjafarhlutverki í þeim mæli sem gert er ráð fyrir að umboðsmaðurinn verði og hefði jafnframt á hendi úrskurðarvald. Barnaverndarráð leggur því áherslu á að umboðsmaður barna hafi sem mest sjálfstæði í starfi. Jafnframt ber að tryggja náið samstarf þessara aðila, en þó þannig að starfsemin verði aðgreind.

Þriðja grein frumvarpsins um umboðsmann barna fjallar um að skipa skuli sjö manna ráð sem vera skuli umboðsmanni til ráðgjafar. Barnaverndarráði þykir samsetning ráðsins samkvæmt frumvarpinu vera of einhæf þar sem í því á eingöngu að sitja fólk sem er sérmenntað í uppeldismálum. Barnaverndarráði þykir nauðsynlegt að í ráðinu sitji einnig fulltrúi heilbrigðisstétta, lögfræðingur og skipulagsfræðingur eða arkitekt og kæmu þeir fulltrúar í stað einhverra þeirra sem lagt er til í 3. gr. að sitji í ráðinu.

Í greinargerð með frumvarpi um umboðsmann barna segir m.a.: „Íslenska þjóðin hefur tekið stærra stökk til gjörbreyttra þjóðfélagshátta á síðustu hálfri öld en nokkru sinni fyrr í sögu þjóðarinnar. Fullvaxta fólk, sem lifði þá þjóðfélagsbyltingu sem átti sér stað á árunum eftir síðari heimsstyrjöldina og staðið hefur síðan, hefur tíðum átt fullt í fangi með að fóta sig í þessari gjörbreyttu tilveru og í því umróti verður því varla mótmælt að börn og aldrað fólk urðu þar verst úti ...“ Undir þetta er hægt að taka svo og mikilvægi þess að stefnubreyting verði í málefnum barna í samfélaginu. Barnaverndarráð telur að með stofnun embættis umboðsmanns barna og þeim markmiðum, sem eru sett fram með frumvarpinu, sé stigið spor í rétta átt.

Fóstrufélag Íslands.
(25. nóvember 1986.)

Stjórn Fóstrufélags Íslands fagnar framkomnu frumvarpi til laga um embætti umboðsmanns barna.

Stjórnin telur að fáir viti betur en fóstrur hve þörfin er brýn fyrir aðila (umboðsmann barna) sem gætir hagsmuna barna í þjóðfélaginu, þjóðfélagi sem ekki er vinsamlegt börnum. Kemur það meðal annars fram í því hve lítið er byggt af dagvistarheimilum, þrátt fyrir nauðsyn þess að báðir foreldrar vinni utan heimilis.

Stjórnin styður eindregið frumvarpið og vonar að það nái fram að ganga á yfirstandandi þingi.

Félag þroskaþjálfa.
(30. nóvember 1986.)

Félag þroskaþjálfa vill lýsa yfir ánægju sinni með það að hafa nú fengið tækifæri til þess að fjalla um frumvarpið, en þær umbætur í málefnum barna, sem kveðið er á um í því, telur stjórn félagsins löngu tímabærar.

Stjórn félagsins vill enn fremur benda á að hún telur útnefningu eins fulltrúa Félags þroskaþjálfa fela í sér mikilvæga viðhorfsbreytingu gagnvart málefnum fatlaðra barna og vill leggja á það áherslu að þessum þætti verði ekki breytt í málsmeðferð Alþingis.

Félag háskólamenntaðra uppeldisfræðinga.
(4. mars 1987.)

Félag háskólamenntaðra uppeldisfræðinga fagnar tilkomu þessa frumvarps og væntir þess að lög um málefni er varða velferð barna nái fram að ganga. Félag háskólamenntaðra uppeldisfræðinga gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1. Við 3. gr. frumvarpsins. Félagið telur rétt að í ráði því, er skal vera umboðsmanni til ráðgjafar, sitji einnig fulltrúi barnalækna og fulltrúi þeirra aðila sem sjá um skipulags- og umhverfismál. Ráðið verði þannig skipað níu mönnum.
2. Félagið lýsir sérstakri ánægju með 6. tölul. 4. gr. sem tekur til aðstæðna barna í samfélaginu. Félagið telur að það skorti mjög allar rannsóknir á aðstæðum og lífi barna í íslensku samfélagi, enda hljóti störf umboðsmanns barna að byggjast á slíkum rannsóknum.
3. Félagið leggur til að síðasta setning 2. gr. verði svohljóðandi: Umboðsmaður skal hafa menntun í uppeldisfræðum og sérþekkingu á málefnum er varða velferð barna.
4. Félagið vill benda á að að minnsta kosti hluti af verksviði umboðsmanns barna og þau störf, sem barnaverndarnefndum og barnaverndarráði eru ætluð, skarast.
5. Félagið leggur áherslu á að embætti umboðsmanns barna verði sjálfstætt og hafi nokkurt svigrúm og frelsi, en verði ekki fastbundið við eina valdastofnun.
6. Félagið telur þýðingarmikið að þeir aðilar, sem sinna málefnum barna, sýni samstarfsvilja, varist árekstra og sjái um að upplýsingastreymi á milli hinna ýmsu aðila verði fullnægjandi.
7. Félagið tekur undir það og leggur á það áherslu eins og segir í 5. gr. frumvarpsins að fyllsta trúnaðar sé gætt í viðkvæmum einkamálum. Þetta er mikilvægt ef skapa á þá tiltrú og ábyrgð sem er nauðsynlegt að embætti það, er hér um ræðir, hafi.

Félag háskólamenntaðra uppeldisfræðinga fagnar framkomnu frumvarpi um embætti umboðsmanns barna og væntir þess að það nái fram að ganga sem lög.

Nd. 54. Nefndarálit [43. mál]

um frv. til l. um leyfi til slátrunar.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin fjallaði um frumvarpið á tveimur fundum og kallaði eftirtalda á sinn fund: Sigurð Sigurðarson yfirdýralækni, Ólaf Hannibalsson, formann Sláturfélags Arnfirðinga, Bíldudal, Gunnar Guðbjartsson, framkvæmdastjóra framleiðsluráðs landbúnaðarins, Magnús H. Guðjónsson dýralækni, fulltrúa stjórnar Dýralæknafélags Íslands, Þórhall Halldórsson, forstöðumann heilbrigðiseftirlits Hollustuverndar ríkisins, Jóhannes Gunnarsson, framkvæmdastjóra Neytendasamtakanna, og Jónas Bjarnason, formann Neytendasamtakanna.

Hjá fimm þessara manna kom fram alger andstaða gegn frumvarpinu og rökstuddu þeir hana með margvíslegum hætti. Gunnar Guðbjartsson vildi ekki taka afstöðu til þessa máls en kvað ástandið í sláturhúsamálum afleitt. Ólafur Hannibalsson lýsti stuðningi við frumvarpið.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Undirritaðir nefndarmenn vilja að **frumvarpið verði fellt**, en minni hl. leggur til að það verði samþykkt.

Afstaða meiri hl. byggist á eftirtöldum rökum:

1. Meiri hl. telur ekki eðlilegt að löggjafarvaldið, Alþingi, taki að sér hlutverk framkvæmdarvaldsins og veiti einstökum sláturhúsum vinnsluleyfi. Meiri hl. vill ekki ganga gegn gildandi lögum og reglugerðum sem eiga að tryggja heilbrigðiseftirlit og hollustuhætti við matvælaframleiðslu.
2. Meiri hl. telur það alvarlegt og hættulegt fordæmi að ganga gegn ákvörðunum lögmætra yfirvalda og að eðlilegra væri í þessu tilviki að kanna með skipulegri rannsókn hvort embættismenn hafi gerst sekir um valdníðslu.

3. Meiri hl. telur að það gæti orðið alvarlegt áfall fyrir þær stofnanir og einstaklinga sem barist hafa fyrir bættum aðbúnaði og betri starfsháttum í heilbrigðiseftirliti með matvælaframleiðslu ef þetta frumvarp næði fram að ganga.
4. Meiri hl. telur að það gæti skaðað sölu á íslenskum matvælum á erlendum markaði, sem og innlendum, ef frumvarp þetta yrði að lögum.

Meiri hl. tekur ekki afstöðu til ástands sláturhússins á Bíldudal umfram þær upplýsingar er fram koma í skýrslu Aðalsteins Sveinssonar héraðsdýralæknis frá því í ágúst sl. og fram komu hjá Sigurði Sigurðarsyni yfirdýralækni á fundi nefndarinnar (sjá fylgiskjal I). Sérstaklega hefur verið getið ýmissa ágalla á húsinu, mengunar vatns (sjá fylgiskjal II) og að ekki hafi fengist dýralæknir til starfa við húsið (sjá fylgiskjal III).

Þá hefur komið fram að Sláturfélag Arnfirðinga óskaði eftir því 20. þessa mánaðar að framleiðsluráð landbúnaðarins sæi um slátrun á fé sem annars hefði verið slátrað á Bíldudal. Þessari beiðni var svarað þegar morguninn eftir (sjá fylgiskjal IV). Framleiðsluráð bauðst til að greiða fyrir slátrun á Patreksfirði og síðan hefur verið boðin fram margvísleg aðstoð til að greiða fyrir samkomulagi, m.a. á grundvelli hugmynda sem Ólafur Hannibalsson, formaður stjórnar Sláturfélags Arnfirðinga, gerði grein fyrir á fundi með landbúnaðarnefnd.

Það hefur verið eindregin skoðun meiri hl. nefndarinnar, og væntanlega allra nefndarmanna, að málið verði að leysa með samningum. Meiri hl. hefur lagt sig fram um að greiða fyrir þeim samningum, svo og margir fleiri aðilar.

Meiri hl. gerir sér fulla grein fyrir þeim vanda sem Arnfirðingar eiga við að stríða og er kunnugt um aðdraganda þessa máls. Mætti jafnvel orða það svo að Sláturfélag Arnfirðinga hafi orðið blóraböggull í þeim sviptingum sem átt hafa sér stað vegna tilrauna til að koma á úrbótum í málefnum sláturhúsa á Íslandi. Þá verður sú skoðun að koma fram að í þessu máli hafa stjórnvöld verið æðisvifasein.

En meginatriði málsins er það að ástand í sláturhúsamálum hér á landi er óþolandi með öllu. Nauðsynlegt er að hraða endurskoðun á skipulagi sláturhúsa, m.a. með tilliti til þess hve fé hefur fækkað hér á landi, eða um 200 þúsund frá árinu 1978. Líðlega 30 sláturhús eru rekin á undanþágum, heilbrigðisástand er í ólestri, allt of víða er lélegt og lítt nothæft vatn og fjárveitingavaldið hefur brugðist þeirri skyldu sinni að veita fjármagn til úrbóta (sjá fylgiskjöl V og VI).

Í umfjöllun um þetta frumvarp hefur nefndin fengið margvíslegar ábendingar um atriði sem betur mega fara. Umræða um þetta frumvarp hnykkir á nauðsyn þess að þegar verði tekið til við að ræða sláturhúsaskýrsluna sem alþingismenn hafa nú fengið í hendur. — Komið hefur fram gagnrýni á afskipti stjórnmálamanna af leyfisveitingum til sláturhúsa, svo og á það fyrirkomulag að héraðsdýralæknar skuli sjálfir þurfa að gera úttekt á sláturhúsum í eigin umdæmum og meta hvort þau eru hæf til slátrunar eða ekki.

Þessi umræða verður því væntanlega til þess að knýja á um úrbætur í matvælaframleiðslu hér á landi.

Alþingi, 24. okt. 1987.

Árni Gunnarsson, form., frsm.	Alexander Stefánsson, fundaskr.	Páll Pétursson.

Ragnar Arnalds.

Fylgiskjal I.

Skýrsla um sláturhús.

Sláturhús S.A.B.

Eigandi: Sláturfélag Arnfirðinga Bíldudal.

Stærð hússins (aldur, gerð, efni, staðsetning): Húsið er gamalt steinhús, staðsett niður við sjó á Bíldudal.

Umhverfi, girðing: Framhlið snýr að vegi meðfram fjörunni, tvær hliðar snúa að grasflöt og Rækjuverið er á eina hlið. Steypt stétt að inngangi.

Vatnsból og vatnsleiðslur, heitt vatn: Vatnsból Bíldudals, vatn ónothæft. Heitt vatn úr hitakút ekki alltaf nægjanlegt.

Fjárrétt, fjós (stærð, útbúnaður, afferming, brynning, loftræsting): Fyrir u.þ.b. 250 fjár, enginn útbúnaður til brynningar. Loftræsting er um glugga og einn stromp.

Banaklefi: Ófullnægjandi.

Slátursalur (stærð, lýsing, áhöld, handlaugar, sótthreinsun hnífa): Steinveggir víða sprungnir og málning flögnuð af. Víða hefur brotnað upp úr gólfi. Loft klætt með álplötum. Blóðbekkur frá banaklefa inn í slátursalinn, fé borið af blóðbekk á fláningsbekk og fláð í talíu. Úr talíu fer kjötið á rá inn í kjötsal, tréverk heldur uppi rám. Í slátursal eru tveir vaskar og tveir „sterilisatorar".

Aðstaða til heilbrigðisskoðunar (rá og klefi fyrir „sjúkt" fé): Rá fyrir sjúkt fé við hliðina á blóðbekk; álþil á milli. Enginn möguleiki á því að rekja saman skrokka, innyfli og hausa.

Snyrting á kjöti (þvottaaðstaða, aðskilnaður): Þvottur fer fram í slátursal og endanleg snyrting í kjötsal.

Kjötsalur (birta, lýsing, loftræsting, stærð, upphengi): Birta í kjötsal er léleg. Loftræsting er um glugga á útvegg og veldur það því að óþrif geta borist inn. Niðurföll eru í rennu við vegg, en nýtast ekki vegna þess að stoðir undir rám standa í rennunni. Álplötur eru í lofti að hluta og á einum vegg. Gólf og aðrir veggir eru víða sprungin og málning flögnuð af.

Innvigtun: Kjöt er vigtað morguninn eftir að slátrað er áður en byrjað er að slátra að nýju.

Innyflasalur (stærð, lýsing, flatarmál borðflatar, gerð borða og grinda): Hólfaður frá slátursal með tréþili með lúgu sem innyflum er kastað í gegnum. Aðskilnaður fer fram á rennu úr vatnsheldum krossvið. Í innyflasal er lítill klefi klæddur með plasti fyrir skiptingu vamba. Úrgangur úr innyflasal fer í gegnum lúgu út á traktorskerru.

Vamba- og gæruþvottur: Gærum er kastað frá talíu í gegnum gang út í gæruskýli.

Hausar og gærur: Hausar fara frá blóðborði gegnum lúgu inn í hausaklefa. Tréklæðning er í lofti og álklæðning á einum vegg. Aðrir veggir og gólf eru ónýt. Niðurfall ónothæft.

Geymsla á sjúkum afurðum: Engin.

Meðferð á úrgangi, frárennsli: Úrgangur grafinn daglega. Frárennsli er ónothæft, nær ekki niður í sjó.

Áhöld til hreinsunar á vinnustað: Engin sérstök áhöld.

Verkun og flutningur á sláturafurðum (útbúnaður flutningstækja, ílát, vegalengdir): Það sem ekki er hægt að geyma eða selja á staðnum er flutt til Reykjavíkur á flutningabílum. Skrokkar klæddir í plastpoka og grisju.

Frystiklefar (stærð, rými, efni, einangrun, hitastig, geymsla á öðrum matvælum, þrifnaður): Tveir frystiklefar, annar tekur afrakstur u.þ.b. eins dags slátrunar, uppihangandi á rennibrautum, og hinn tekur afrakstur nokkurra daga slátrunar í stæðum. Innréttingar úr tré og rennibrautir festar í trébita.

Frysting á innmat, blóði og hausum: Hausar og blóð er selt jafnóðum. Innmatur frystur í þar til gerðum umbúðum í frystiklefum.

Vélar og vélahús: Aðskilið frá sláturaðstöðu; annar inngangur.

Söltunarklefi (stærð, gerð, kjötmagn saltað): Enginn.

Sláturfjártala alls: ...

Sláturfjártala dag hvern: 225 dilkar.

Aðstaða til slátrunar svína og stórgripa: Ekki fyrir hendi.

Tala stórgripa og svína: Ekki hefur verið leyfð slátrun á stórgripum og svínum.

Svefnskáli, matstofa (stærð, fjöldi starfsfólks): Kaffistofa í sláturhúsi fyrir starfsfólk sem er u.þ.b. 20 manns.

Fatahengi og vinnuföt (höfuðbúnaður, þvottur): Fatahengi í snyrtiherbergjum. Sláturhús sér starfsfólki fyrir hvítum sloppum, hlífðarfötum og stígvélum.

Snyrtiherbergi (gerð og fjöldi salerna og handlauga, handþurrkur): Tvö snyrtiherbergi, ein handlaug á hvorum stað, sápuskammtari og bréfþurrkur.

Herbergi kjötskoðunarlæknis: Ekki fyrir hendi.

Athugasemdir og ágallar: Í Vestur-Barðastrandarsýslu eru það fáir sláturgripir og vegalengdir ekki það miklar að ástæða sé til að byggja hér upp fleiri en eitt sláturhús. Verði það ofan á að þetta hús verði á Bíldudal verður í fyrsta lagi að útvega teikningu af sláturhúsi (teikning er reyndar til frá teiknistofu Sambands íslenskra samvinnufélaga) og síðan að vinna eftir henni.

Annars eru athugasemdir við húsið eftirfarandi:

Athugasemdir varðandi sláturhús á Bíldudal.

Sláturhús: Veggi þarf að flísaleggja eða klæða þannig að auðvelt sé að þrífa. Gólf þarf að lagfæra þar sem víða er brotið upp úr því. Lagfæra skal rár; ekkert timbur skal nota. Handlaugar þarf fyrir starfsfólk, fljótandi sápu og handþurrkur (reiknað er með þremur starfsmönnum um hverja handlaug). „Vatnsbyssu" þarf fyrir fláningsmenn. „Gerlabana" þarf við handlaugar. Hurðir í salarkynnum þurfa að vera úr efni sem hægt er að þrífa. Blóðbekkur skal þannig úr garði gerður að blóð renni annaðhvort í þar til gerð ílát til söfnunar á blóði eða beint í niðurfall, en ekki út um allt gólf í slátursal. Innanúrtöku skal háttað þannig að hægt sé að rekja saman innyfli, hausa og skrokka.

Kjötsalur: Veggi þarf að flísaleggja eða klæða þannig að auðvelt sé að þrífa þá. Gólf þarf að lagfæra. Niðurföll þarf að lagfæra; stoðir undir rám standa í vatnsrás og hindra frárennsli. Birta í kjötsal er ekki nægjanleg. Loftræsting í kjötsal er ekki fullnægjandi; opinn gluggi veldur því að flugur og önnur óþrif eiga greiða leið inn í kjötsalinn.

Innyflasalur: Skal aðskilinn frá slátursal. Veggir skulu flísalagðir eða klæddir. Lagfæra skal gólf. Handlaugar vantar, einnig sápu og handþurrkur. Borð og ílát skulu gerð úr ryðfríum málmi.

Vambaklefi: Skal aðskilinn frá öðrum vinnusölum með heilum veggjum.

Hausaklefi: Klæða þarf loft og veggi, lagfæra gólf og gera við ónýtt niðurfall.

Frárennsli: Ónothæft, nær aðeins niður í fjöruna, en þyrfti að ná út fyrir stórstraumsfjöru.

Í ágúst 1987.

Aðalsteinn Sveinsson
héraðsdýralæknir.

Fylgiskjal II.

Hollustuvernd ríkisins,
rannsóknastofur.

Vatnsvottorð,
sýni nr. B-87-0994.

Reykjavík, 12. okt. 1987.

Sláturfélag Arnfirðinga
b.t. Agnars K. Gunnarssonar, Bakkatúni,
Suðurfjarðarhreppi,
465 Bíldudal.

Móttekið: 7. október 1987.
Rannsakað: 7. október 1987.
Tegund vatns: Vinnsluvatn.
Taka sýna: Sláturfélag Arnfirðinga.
Skýringar: Sýni tekið í sláturhúsi S.A.B.

Niðurstöður rannsókna:

Gerlafjöldi við 37*C í 1 ml	15
Gerlafjöldi við 21*C í 1 ml	640
Kólígerlafjöldi í 100 ml (MPN)	54
Saurkólígerlafjöldi í 100 ml (MPN)	54
Fluoris. Pseudomonas	3
Aðrar athuganir:	
Sýrustig (pH)	7.25

Mat:
Ónothæft.

F.h. Hollustuverndar ríkisins, rannsóknastofur,
Sigurður Greipsson.

Fylgiskjal III.

Yfirdýralæknirinn, Reykjavík.

Reykjavík, 12. október 1987.

Landbúnaðarráðuneytið,
Rauðarárstíg 25,
150 Reykjavík.

Sendi hér ljósrit af bréfi Rúnars Gíslasonar, héraðsdýralæknis í Stykkishólmi, dags. 1. okt. 1987. Þar gefur hann umsögn um sláturhús Sláturfélags Arnfirðinga, Bíldudal, eftir skoðun 27. september sl. Héraðsdýralæknirinn treystir sér ekki til að mæla með undanþágu til slátrunar í húsinu í haust.

Ég hef tekið undir þetta álit héraðsdýralæknisins.

Við rannsókn á vatni, sem tekið var í húsinu, hefur komið fram samkvæmt niðurstöðum Hollustuverndar ríkisins sem staðfest var í síma í gær af Sigurði Greipssyni að vatnið í húsinu er óhæft (vegna saurkólígerla og pseudomonas). Það undirstrikar enn frekar það álit að ekki sé verjandi að mæla með undanþágu til slátrunar í húsinu, jafnvel þótt lagfærð hafi verið fimm atriði af ýmsum fleiri sem ábótavant var í þessu húsi.

Héraðsdýralæknirinn í Stykkishólmi hefur óskað eftir því að verða leystur frá því að vera settur héraðsdýralæknir í Barðastrandarumdæmi og hef ég í dag beðið hann um að senda skeyti þess efnis til landbúnaðarráðuneytis, en hann féllst á það fyrir mín orð að gegna embættinu þar til í dag, 12. október.

Bréf, sem hann skrifaði mér 1. október þar sem hann fer fram á þetta, hefur hann óskað að afturkalla.

Virðingarfyllst,

Sigurður Sigurðarson.

P.S. Hef borið niðurstöðu þessa undir Pál Agnar Pálsson og hann hefur tjáð sig samþykkan henni.

Sig. Sig.

Herra yfirdýralæknir.

Vegna eindreginna tilmæla landbúnaðaráðuneytisins vil ég taka eftirfarandi fram vegna skýrslu minnar til yðar frá 27. sept. 1987 um sláturhús Sláturfélags Arnfirðinga, Bíldudal.

Ýmsu er ábótavant í húsi þessu og treysti ég mér ekki til að mæla með undanþágu til slátrunar í því í haust.

Stykkishólmi, 1. okt. 1987.
Rúnar Gíslason dýralæknir.

Framsendi þetta álit héraðsdýralæknis um sláturhús Slátursfélags Arnfirðinga, Bíldudal. Hef sjálfur gefið sams konar umsögn.

Reykjavík, 2. okt. 1987.
Sigurður Sigurðarson.

Fylgiskjal IV.

Skeyti Sláturfélagsins til framleiðsluráðs.
(20. okt. sl.)

Framleiðsluráð landbúnaðarins,
form. Gunnar Guðbjartsson,
Bændahöllinni Reykjavík.

Þar sem settur yfirdýralæknir hefur með bolabrögðum komið í veg fyrir að við gætum slátrað í okkar eigin húsi óskum við eftir því að framleiðsluráð sjái um að útvega slátrun á því fé sem annars hefði verið lógað hér. Um er að ræða hér um bil 3000 fjár. Svar óskast hið bráðasta.

Sláturfélag Arnfirðinga, Bíldudal.

Svarskeyti framleiðsluráðs.
(21. október 1987.)

Sláturfélag Arnfirðinga,
hr. Sigurður Guðmundsson,
Bíldudal.

Skeyti frá í gær móttekið.
Sláturhúsið á Patreksfirði stendur félaginu til boða til afnota við slátrun næstu daga.
Leiga í samræmi við áætlun fimmmannanefndar. Ræða þarf um hana við forstöðumann Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Flutningskostnaður yrði væntanlega greiddur af verðmiðlunarfé.

Ari Ívarsson er hús- og vélgæslumaður á Patreksfirði.

Slátrun mundi félagið sjálft fá leyfi til að annast og framkvæma á sína ábyrgð. Kjötskoðunarmaður fæst til starfa á Patreksfirði.

Látið vita í dag.

Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Fylgiskjal V.

Bréf Stéttarsambands bænda til landbúnaðarnefnda Alþingis.
(21. október 1987.)

Í tilefni af umræðum á hæstvirtu Alþingi í gær, þriðjudag 20. október, um sláturhúsamál á Bíldudal og hugmyndir um setningu sérstakra laga til þess að opna sláturhúsið, vill Stéttarsamband bænda benda hæstvirtum landbúnaðarnefndum Alþingis á eftirfarandi:

1. Um er að ræða sláturhús sem dýralæknar hafa dæmt ónothæft og neita að heilbrigðisskoða kjöt frá og Hollustuvernd ríkisins hefur dæmt vatn það, sem notað er við matvælaiðnað á staðnum, ónothæft vegna mengunar (saurgerlar).
2. Á undanförnum árum hafa verið gerðar sífellt strangari kröfur til matvælaiðnaðar í landinu um aðstöðu alla og eftirlit með framleiðslunni. Flest fyrirtæki á þessu sviði, sem eitthvað kveður að, hafa lagt í gífurlegan kostnað sem mörgum þeirra reynist erfitt að standa undir. Þessar kröfur til matvælaiðnaðarins eru væntanlega gerðar í þeim tilgangi að tryggja gæði íslenskra matvæla og auka álit framleiðslunnar í augum innlendra og erlendra kaupenda.
3. Hver verða viðbrögð neytenda á Íslandi og kaupenda íslenskra matvæla erlendis ef í ljós kemur að hæstvirt Alþingi virðir ekki þau lög og reglur, sem það hefur sjálft haft forgöngu um að setja, meira en svo að það víkur þeim til hliðar og hundsar álit heilbrigðisyfirvalda, svo sem nú er stefnt að samkvæmt fréttum?
4. Því mun haldið fram sem rökum í þessu máli að afurðir þær, sem um ræðir, séu eingöngu nýttar á heimamarkaði (á Vestfjörðum). Hvað réttlætir það að gera aðrar og minni kröfur til matvæla sem seld eru neytendum á Vestfjörðum en annars staðar á landinu? Munu erlendir viðskiptaaðilar treysta því að kjöt frá sláturhúsinu á Bíldudal blandist ekki kjöti sem boðið er til sölu á erlendum markaði?

Stéttarsamband bænda hefur fram til þessa engin afskipti haft af málefnum sláturhússins á Bíldudal, en telur það skyldu sína að benda hæstvirtum landbúnaðarnefndum á þá hættu sem fylgt getur fyrirhuguðum afskiptum Alþingis af málinu fyrir matvælaiðnaðinn í landinu og viðhorf neytenda innan lands og utan til heilbrigðiseftirlits með matvælavinnslunni.

Endurskoðun á skipulagi sláturhúsa er mikið og vandasamt verk sem ekki verður komist hjá að leysa á næstu árum. Í því sambandi má benda á að sláturfé í landinu hefur fækkað úr 1 031 640 fjár árið 1978, þegar það varð flest, í 819 288 á sl. ári. Skipulag sláturhúsa er hins vegar lítið breytt og því fellur fastur fjármagnskostnaður sláturhúsa á minna kjötmagn en áður sem hlýtur að hækka verðlag þess.

Stéttarsamband bænda hefur ekki tekið endanlega afstöðu til þess með hvaða hætti það telur að endurskipulagning sláturhúsanna verði best leyst. Hitt virðist ljóst að umfjöllun Alþingis um Bíldudalsmálið er ekki líkleg til þess að greiða fyrir lausn þessa vanda sem bæði neytendur og framleiðendur eiga mikið undir að leysist farsællega.

Virðingarfyllst,
f.h. Stéttarsambands bænda,
Haukur Halldórsson.
Hákon Sigurgrímsson.

Fylgiskjal VI.

Hr. form. landbúnaðarnefndar neðri deildar,
Árni Gunnarsson.

Bréf Neytendasamtakanna.
(22. október 1987.)

Í framhaldi af þeirri umræðu, sem er um leyfi til búfjárslátrunar, hefur stjórn Neytendasamtakanna samþykkt meðfylgjandi fréttatilkynningu sem sendist yður hér með.

F.h. stjórnar Neytendasamtakanna,
Jóhannes Gunnarsson, formaður.

Slátrun búfjár.

Vegna umræðu um leyfi til slátrunar ítreka Neytendasamtökin fyrri ályktanir sínar um að kröfur verði hertar gagnvart þeim aðilum sem meðhöndla og selja viðkvæmar matvörur. Það er skoðun Neytendasamtakanna að alls ekki megi slaka á kröfum sem gerðar eru til þessara aðila, enda væri slíkt bjarnargreiði við matvælaframleiðslu í landinu og gæti stórskaðað útflutning á matvælum.

Neytendasamtökin styðja viðleitni stjórnvalda til að hamla gegn slátrun á búfénaði við alls ófullnægjandi aðstæður. Jafnframt styðja Neytendasamtökin það átak sem verið er að gera til að fækka þeim sláturhúsum sem mörg undanfarin ár hafa fengið starfsundanþágur hjá heilbrigðisyfirvöldum. Með því móti væru neytandanum tryggðar heilnæmari vörur sem uppfylltu eðlilegar kröfur hans, auk þess mundi slík hagræðing skila sér í lækkuðu vöruverði.

Nd. 55. Nefndarálit [43. mál]

um frv. til l. um leyfi til slátrunar.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt mál þetta á tveim fundum og eigi orðið sammála um afgreiðslu þess.

Á fundi nefndarinnar komu til viðræðna settur yfirdýralæknir, formaður Sláturfélags Arnfirðinga og fulltrúar frá framleiðsluráði landbúnaðarins, Dýralæknafélagi Íslands, Hollustuvernd ríkisins og Neytendasamtökunum. Þessir aðilar gáfu gagnlegar upplýsingar um það mál sem frumvarpið fjallar um, en ekki síður almennar upplýsingar sem snerta matvælaframleiðslu í landinu. Sumir þeirra lögðust gegn frumvarpinu.

Minni hl. tekur undir það meginsjónarmið, sem fram kom hjá ýmsum þeirra sem nefndin ræddi við á fundum sínum, að varast beri að slaka á heilbrigðiskröfum sem gerðar eru við matvælaframleiðslu, hvort sem um er að ræða slátrun sauðfjár og annarra dýra eða aðra þætti í framleiðslu og meðferð matvæla. Á hinn bóginn leggur minni hl. áherslu á að leitast sé við að gæta sem mests samræmis í þessum efnum og að ákvörðun um lokun vinnslustöðvar, eins og sláturhúss, sé kynnt aðilum með eðlilegum fyrirvara.

Frumvarp þetta fjallar um heimild til Sláturfélags Arnfirðinga, Bíldudal, til slátrunar í húsi sínu á þessu ári. Lengra nær sú heimild ekki. Aðdragandi málsins er sá í stórum dráttum að sl. haust var slátrað í þessu húsi, þar á meðal fyrir nágrannabyggðarlög, á sjöunda þúsund fjár án þess að fundið væri að verkun kjötsins. Á þessu ári var sláturhúsið skoðað margsinnis af dýralæknum og gerðar athugasemdir við það sem ábótavant þótti. Hollustuvernd ríkisins taldi vatn í húsinu ónothæft. Sláturfélag Arnfirðinga lagði í verulegan kostnað við að bæta úr ýmsu af því sem aðfinnsluvert þótti í húsinu, þar á meðal að klórblanda vatnið.

Landbúnaðarráðherra sagði í umræðum á Alþingi um þetta mál:

„Það þýðir ekkert fyrir Bílddælinga að gefið sé út leyfi nema einhver vilji skoða kjötið. Og það ætlum við að gera. Ef einhver fengist til að skoða kjötið þá mundi leyfið verða gefið út.“

Að vonum stóð Sláturfélag Arnfirðinga og bændur við Arnarfjörð í þeirri trú að leyfi til slátrunar mundi fást. Þeir voru teymdir til að leggja í kostnað við lagfæringar á sláturhúsinu og til að geyma sláturfé sitt allt til veturnótta. Og enn hefur leyfi til slátrunar ekki verið veitt. Ef það var ekki ætlun landbúnaðarráðherra og hlutaðeigandi embættismanna að veita sláturleyfi á Bíldudal á þessu hausti átti það að liggja skilmerkilega fyrir í sumar áður en lagt var í kostnað og framkvæmdir af hálfu heimamanna við að endurbæta sláturhúsið, þannig að bændur vissu hvar þeir stæðu.

Rétt er að upplýsa að í viðræðum við nefndina sagði fulltrúi Dýralæknafélags Íslands að félagið gæti sent dýralækni til Bíldudals til kjötskoðunar, en einnig til sláturhússins á Patreksfirði þegar ráðningartíma kjötskoðunarmanns þar lýkur. Þá upplýsti annar af fulltrúum Neytendasamtakanna í viðræðum við nefndina að margar vatnsveitur, jafnvel 40–50% af vatnsveitum landsins, væru með svipað vatn og vatnsveitan á Bíldudal.

Minni hl. nefndarinnar telur að meðferð framkvæmdarvaldsins á þessu máli sé ekki viðunandi. Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. okt. 1987.

Pálmi Jónsson, frsm. Eggert Haukdal. Ingi Björn Albertsson.

Nd. 56. Frumvarp til laga [54. mál]

um útflutningsleyfi o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

Utanríkisráðuneytinu er heimilt að ákveða að ekki megi bjóða, selja né flytja vörur til útlanda nema að fengnu leyfi. Útflutningsleyfi getur ráðuneytið bundið skilyrðum sem nauðsynleg þykja.

Útflytjendur eru skyldir að veita ráðuneytinu þær upplýsingar, sem það óskar, um allt er varðar sölu og útflutning vara sem seljast eiga til útlanda.

2. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum, settum samkvæmt þeim, varða sektum. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað má auk sektar dæma sökunaut í varðhald eða fangelsi allt að fjórum árum. Þá má svipta hann atvinnurétti, sbr. 68. gr. almennra hegningarlaga, um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna skv. 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi 13. gr. laga nr. 63 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er liður í nauðsynlegum breytingum á löggjöf í samræmi við samkomulag milli stjórnarflokkanna þriggja um nýja verkaskiptingu milli viðskiptaráðuneytis og utanríkisráðuneytis, sbr. reglugerð nr. 64 8. júlí 1987, um breyting á reglugerð nr. 96 31. desember 1969, um Stjórnarráð Íslands. Með frumvarpinu er stefnt að því að útgáfa útflutningsleyfa verði færð frá viðskiptaráðuneytinu til utanríkisráðuneytisins enda er ætlunin að útflutningsverslun heyri framvegis undir utanríkisráðuneytið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 13. gr. laga nr. 63 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, nema hvað utanríkisráðuneytið kemur í stað viðskiptaráðuneytisins.

Um 2. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 2.–3. mgr. laga nr. 63 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, sbr. breytingu á sektarmörkum skv. 33. gr. laga nr. 75/1982.

Um 4. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringar.

Sþ. 57. Fyrirspurn [55. mál]

til dómsmálaráðherra um undirbúning að fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um bann við pyndingum.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Hvað líður undirbúningi að fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um „bann við pyndingum og annarri grimmilegri og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu“?

Sþ. 58. Fyrirspurn [56. mál]

til dómsmálaráðherra um leigutekjur af flugvél Landhelgisgæslunnar TF-SYN.

Frá Skúla Alexanderssyni.

1. Hvað hafa Flugleiðir hf. greitt á árinu 1986 og í ár fyrir afnot af TF-SYN, Fokker Friendship flugvél Landhelgisgæslunnar?
2. Hafa þær leigutekjur verið notaðar til kaupa á nýjum og bættum tækjakosti í TF-SYN eða á öðrum tækjum fyrir Landhelgisgæsluna?

Sþ. 59. Fyrirspurn [57. mál]

til menntamálaráðherra um styttingu námstíma til stúdentsprófs.

Frá Geir H. Haarde.

Hefur menntamálaráðherra uppi einhver áform um að beita sér fyrir því að námsfólk geti lokið stúdentsprófi á styttri tíma en nú er og geti þannig almennt hafið háskólanám á sama aldri og gengur og gerist í nágrannalöndunum?

Sþ. 60. Fyrirspurn [58. mál]

til heilbrigðisráðherra um Kópavogshælið.

Frá Svavari Gestssyni og Steingrími J. Sigfússyni.

Hver er stefna heilbrigðisráðherra varðandi framtíð Kópavogshælis?

Sþ. 61. Tillaga til þingsályktunar [59. mál]

um rannsóknir á lífríki Tjarnarinnar í Reykjavík.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Albert Guðmundsson, Guðmundur Ágústsson, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar viðræður við borgaryfirvöld í Reykjavík um að ítarlegar rannsóknir fari fram á áhrifum byggingar ráðhúss í Tjörninni á lífríki hennar áður en framkvæmdir hefjast, sbr. 29. gr. laga um náttúruvernd, nr. 47/1971.

Greinargerð.

Reykjavíkurborg hefur ekki af að státa fornum, sögufrægum byggingum eins og flestar höfuðborgir Evrópu. En það sem á skortir um fornminjar bæta náttúruminjar hennar upp. Ein þeirra, og sú sem næst stendur hjarta hvers einasta Reykvíkings, er Tjörnin og Vatnsmýrarsvæðið með því iðandi fuglalífi sem ungir og aldnir borgarbúar líta á sem órjúfanlegan þátt daglegs lífs í borginni.

Það má því ljóst vera að Reykvíkingum er annt um að Tjörnin og fuglalífið þar fái að þrífast og að ekkert það verði gert sem stefni lífríki hennar í hættu. Nú stendur fyrir dyrum að hefja byggingu ráðhúss Reykvíkinga og ljóst er að við þær framkvæmdir verður veruleg röskun á Tjarnarsvæðinu þar sem húsið verður byggt út í Tjörnina. Þarf vafalítið að þurrka upp stórt svæði í Tjörninni meðan á framkvæmdum stendur.

Ekkert skal um það sagt hver áhrif þessar framkvæmdir hafa á Tjarnarsvæðið enda hafa engar rannsóknir verið gerðar á því. Flutningsmenn þeirrar tillögu, sem hér er lögð fram, vilja með henni benda á að samkvæmt lögum nr. 47/1971, um náttúruvernd, ber borgaryfirvöldum að leita álits Náttúruverndarráðs á því þar sem Tjörnin og Vatnsmýrin eru á náttúruminjaskrá.

Í 29. gr. náttúruverndarlaganna segir svo:

„Valdi fyrirhuguð mannvirkjagerð eða jarðrask hættu á því, að landið breyti varanlega um svip, að merkum náttúruminjum verði spillt eða hættu á mengun lofts og lagar, er skylt að leita álits Náttúruverndarráðs, áður en framkvæmdir hefjast.

Ef það er vanrækt, getur Náttúruverndarráð krafist atbeina lögreglustjóra til að varna því, að verk verði hafið eða því fram haldið.

Virkjanir, verksmiðjur og önnur stór mannvirki skulu hönnuð í samráði við Náttúruverndarráð. Sama gildir um vegalagningu til slíkra mannvirkja.

Nánari fyrirmæli samkv. þessari grein setur menntamálaráðuneytið í reglugerð."

Í 36. og 37. gr. reglugerðar nr. 205/1973, um náttúruvernd, er þetta ákvæði ítrekað.

Ljóst er að álits hefur ekki verið leitað hjá Náttúruverndarráði. Tillaga um samkeppni um hönnun ráðhússbyggingar var samþykkt í borgarstjórn á sl. ári og hún auglýst. Í hönnunargögnum var þátttakendum gert að hafa húsið við Tjörnina, en um byggingarstað þess var ekki bókað sérstaklega. Í umræðum í borgarstjórn mun hafa verið rætt um þennan stað og í Kvosarskipulaginu er gert ráð fyrir ráðhúsi á þeim stað sem nú er ákveðinn, en full ástæða hefði verið til að hafa atkvæðagreiðslu um staðsetninguna svo að formlega væri frá því gengið, en það var aldrei gert. Samkeppnin fór síðan fram og verðlaun voru veitt. Hinn 15. september sl. var tillaga borin fram í borgarráði um að byggt skyldi ráðhús eftir tillögu þeirri sem hlaut fyrstu verðlaun í samkeppninni og afgreiðslu hennar vísað til borgarstjórnar. Þar varð ágreiningur um málið og lagði einn minnihlutaflokkurinn, Alþýðubandalagið, til að fram færi almenn atkvæðagreiðsla í borginni um byggingu hússins og staðsetningu þess en Alþýðuflokkurinn og Kvennalistinn vildu að aðrar framkvæmdir hefðu forgang. Ekkert tillit var tekið til vilja minnihlutaflokkanna og tillaga meiri hlutans var síðan samþykkt á fundi borgarstjórnar 1. október sl.

Það hlýtur að vekja undrun að svo afdrifarík framkvæmd skuli ákveðin að svo lítt athuguðu máli og án þess að gætt hafi verið lagalegrar skyldu borgaryfirvalda. Á náttúruverndarþingi, sem haldið var 23.–25. október sl., var samþykkt ályktun sem er mjög í anda þeirrar tillögu sem hér er flutt. Var hún svohljóðandi:

„Sjötta náttúruverndarþing 1987 vekur athygli á því að mjög litlar rannsóknir hafa verið gerðar á lífríki og næringarefna- og vatnsbúskap Reykjavíkurtjarnar. Telur þingið ástæðu til að vara við stórframkvæmdum í Tjörninni og á vatnasviði hennar áður en áhrif þeirra á lífríkið hafa verið metin."

Það hlýtur að vera krafa Reykvíkinga, og raunar landsmanna allra, að svo afdrifaríkar framkvæmdir í hjarta höfuðborgar landsins fari þá fyrst af stað þegar lögum um náttúruvernd hefur verið framfylgt og öll aðgát hefur verið viðhöfð. Ef til röskunar kæmi á lífríki Tjarnarinnar, verður slíkt ekki bætt, ekki fremur en það líf sem eytt hefur verið verður aftur kveikt. Vísast er sú bygging, sem þarna er fyrirhuguð, hin fegursta, en tæplega verður hún yngstu borgurum Reykjavíkur sá gleðigjafi sem fuglalífið á Tjörninni hefur verið þeim kynslóð fram af kynslóð. Því er það von flutningsmanna að Alþingi og borgaryfirvöld í Reykjavík taki höndum saman við Náttúruverndarráð um að sjá til þess að lífríki Tjarnarinnar verði í engu skert og framkvæmdir við ráðhússbyggingu fari ekki af stað fyrr en það hefur verið tryggt.

Fylgiskjal I.

Athugasemdir við deiliskipulag Kvosarinnar.

Bréf Árna Einarssonar til borgarskipulags Reykjavíkur.
(28. mars 1987.)

Undirritaður gerir athugasemd við fyrirhugaða byggingu ráðhúss við Tjörnina og í henni. Forsendurnar eru þessar:

1. Ráðhús af þeirri stærð sem um er rætt í samkeppnislýsingu (3375 m^2 auk bílageymslu) mun óhjákvæmilega gerbreyta þeirri samfelldu og stílfögru götumynd sem Tjarnargata, Vonarstræti og Fríkirkjuvegur mynda. Ráðhúsið mun standa framar í Tjörninni en flest önnur hús við hana og mun þess vegna verða yfirgnæfandi.
2. Á fyrri hluta aldarinnar var flatarmál Tjarnarinnar rýrt um fimmtung með uppfyllingum. Við byggingu ráðhússins mun verða gengið enn eitt skref á þeirri braut og engin trygging verður fyrir því að framhald verði ekki á þeirri þróun. Skerðing vatnsflatarins mun rýra fegurð Tjarnarinnar.
3. Skerðing Tjarnarbotnsins mun hafa neikvæð áhrif á fuglalífið. Á hverju ári klekjast við Tjörnina 500–600 andarungar. Þeir lifa fyrstu vikurnar á dýrum úr botnleðju Tjarnarinnar. Skerðing á botninum mun leiða til beinnar fækkunar anda.
4. Bílastæði af þeirri gerð, sem fyrirhuguð eru í húsinu, munu valda talsvert aukinni bílaumferð við Tjörnina. Slík aukning mun spilla þeirri friðsæld sem Tjörnin býr yfir.
5. Tjörnin skipar sérstakan sess í hugum borgarbúa. Hún er gluggi að hinni lifandi náttúru og þar fá menn tilfinningu fyrir gangi árstíðanna. Tjörnin er útivistarsvæði þar sem fjöldi manna kemur til að njóta þess unaðar sem landslag og fuglalíf veitir. Nauðsynlegar breytingar á umhverfi Tjarnarinnar eiga að vera í samræmi við þetta — auðvelda fólki að njóta hennar. Með byggingu ráðhúss í Tjörninni væri verið að ýta Miðbæjarbyggðinni enn frekar út í Tjörnina en orðið er og væri það í andstöðu við nýtingu Tjarnarinnar sem útivistarsvæðis.

Virðingarfyllst,

Árni Einarsson.

Fylgiskjal II.

Jóhann Óli Hilmarsson:

Tjörnin og fuglalífið.

Fáein kynningarorð í tilefni Náttúrufræðidagsins 26. apríl 1986.

Fuglalíf Reykjavíkurtjarnar er óvenjufjölbreytt ef höfð er í huga staðsetningin í miðju þéttbýli og þær þrengingar og áföll sem hún og nágrenni hennar hafa orðið fyrir á undangengnum áratugum. Að nokkru leyti hefur maðurinn lagst á sveif með náttúrunni við að auka tegundafjölbreytni og á það sérstaklega við um andfugla. Á undanförnum þremur áratugum hefur af og til verið reynt að fjölga ábúendum Tjarnarinnar af anda-, gæsa- og svanategundum með uppeldi þeirra þar og hafa endur af mývetnskum uppruna verið megintilraunadýrin. Ekki má þó gleyma upprunalegum innbyggjurum eins og stokkönd og kríu eða síðari tíma landnemum svo sem hettumáfinum.

Tjörnin liggur í kvos milli Skólavörðuholtsins að austan og Brekkunnar að vestan, að norðanverðu var mjótt malarrif milli Tjarnar og sjávar, en að sunnanverðu allvíðáttumikið mýrlendi, Vatnsmýrin. Nú á tímum er Tjörnin um 9 hektarar að flatarmáli, dýpið er 40–60 cm víðast hvar, leir- eða leðjubotn er ríkjandi botngerð. Tjörninni hefur verið skipt í þrennt með uppfyllingum, Norður-Tjörn, Suður-Tjörn og Þorfinnstjörn, en einnig hefur mikið verið fyllt upp í hana. Þrír hólmar eru í Tjörninni. Suður af Hringbraut hafa verið grafnar tvær litlar tjarnir, samtals um hektari að flatarmáli. Nefnast þær Vatnsmýrartjörn og Hústjörn, eru tveir hólmar í þeirri fyrrnefndu. Þétt byggð umlykur Tjörnina á þrjá vegu, en að sunnanverðu er Hljómskálagarðurinn og í framhaldi af honum sunnan Hringbrautar eru leifarnar af Vatnsmýrinni. Hún er aftur leifarnar af víðáttumiklu mýrlendi sem náði suður af Tjörninni allt að Skerjafjarðarbyggðinni, austur undir Öskjuhlíð og vestur að Grímsstaðaholti. Þetta svæði hefur orðið fyrir mikilli röskun á þessari öld og á undanförnum árum hefur flugvallaryfirvöldum endanlega tekist að ganga frá mýrinni ef undan er skilinn skiki milli gömlu Njarðargötunnar og Norræna hússins. Hafa þau staðið fyrir þurrkun mýrarbletta og sléttun móa sem eru mikilvægar varpstöðvar Tjarnaranda auk fjölda mófugla. Framkvæmdir þessar gætu auk þess haft varanleg áhrif á vatnsbúskap Tjarnarinnar.

Skipulegar rannsóknir hafa farið fram á fuglalífi Tjarnarinnar síðan 1973. Alls er kunnugt um 96 fuglategundir sem sést hafa á svæðinu, sumar aðeins einu sinni, en aðrar eru algengari. Árlega sjást þar um 40–50 tegundir (flestar 56 árið 1979).

Af öndum eru æður (50–60 hreiður) og stokkönd (um 50 varppör) algengastar. Skúfönd og duggönd (10–20 hreiður hvor) ásamt gargönd (2–5 pör) eru einnig reglulegir varpfuglar. Stöku rauðhöfða- og húsandapör hafa reynt varp, en gengið illa að ná fótfestu sem reglulegir varpfuglar. Toppendur halda sig á Tjörninni á vorin, en ekki hefur varp þeirra verið staðfest þar. Endurnar yfirgefa flestar svæðið á haustin að undanskilinni stokköndinni sem dvelur þar vetrarlangt. Hópur skúfanda ásamt stöku æðarfuglum, rauðhöfðum og graföndum sjást þar stundum að vetrarlagi. Toppendur og gulendur auk fleiri tegunda voru áður algengir vetrargestir, en eftir að vakir á Þorfinns- og Vatnsmýrartjörnum hættu að haldast opnar, m.a. vegna framkvæmda í Vatnsmýrinni, hurfu þessar endur.

Grágæsir hófu varp að nýju á þessum áratug eftir nokkurt hlé, en 6–7 hreiður voru í Vatnsmýrinni sl. vor. Álftir verpa stöku sinnum í hólmunum. Hópar álfta og grágæsa eru viðloðandi Tjörnina allan veturinn og hefur vetursetuálftunum fjölgað mjög undanfarin ár.

Eins og fyrr segir er Vatnsmýrin langþýðingarmestu varpstöðvar flestra andanna, en þær verpa þar dreift, nema æðurin sem verpir í þéttum vörpum í hólmunum, auk stöku hreiðra í mýrinni. Þegar kollurnar hafa klakið eggin og leitt út ungana sækja fjölskyldurnar á tjarnirnar og lifa ungarnir fyrstu vikurnar nær eingöngu á rykmýslirfum og öðrum smádýrum sem þeir veiða í botnleðjunni. Er hún því undirstaða ungauppeldisins. Brauðgjafir skipta litlu máli fyrir ungana sem og fuglalífið almennt, en á vetrum leita endurnar fullfleygar og frjálsar sér ætis í fjörum í nágrenninu og koma á Tjörnina til baða, snyrtingar, hvíldar og mökunar. Helst er að jurtaætur eins og grágæsir og álftir fái undirstöðunæringu úr brauðinu.

Um 100–150 kríupör verpa í hólmunum, en mest er varpið í Norður-Tjörninni. Hettumáfurinn hefur átt erfitt uppdráttar sem varpfugl við Tjörnina vegna fordóma, en hefur nú væntanlega verið tekinn í sátt af borgaryfirvöldum og öðrum sem hlut eiga að máli. Eftir að hann hóf varp í hólmum Vatnsmýrartjarnarinnar, en þar verpa nú um 60 pör, minnkuðu líkurnar á árekstrum við kríuna á Norður-Tjörninni. Hettumáfurinn ver varplönd sín af litlu minna harðfylgi en krían, svo að endur sækjast mjög eftir að verpa í návist hans. Ungarán stundar hann aðeins að litlu leyti.

Tjaldur, heiðlóa, sandlóa, hrossagaukur, stelkur og þúfutittlingur voru til skamms tíma algengir varpfuglar í Vatnsmýrinni og stöku steindeplar, skógarþrestir og maríuerlur verptu þar einnig. Skógarþröstur og auðnutittlingur eru algengir varpfuglar í Hljómskálagarðinum, maríuerlur verpa í trjám og á mannvirkjum á Tjarnarsvæðinu og stari og húsdúfa á húsum í grenndinni. Ekki hefur þéttleiki mófuglanna verið kannaður síðan áðurnefnd röskun átti sér stað í Vatnsmýrinni.



1. mynd. Afstöðumynd af Tjörninni.

Skýringar: 1. Norður-Tjörn (a stóri hólmi, b litli hólmi). 2. Suður-Tjörn. 3. Þorfinnstjörn (c Þorfinnshólmi). 4. Vatnsmýrartjörn (d stóri hólmi, e litli hólmi). 5. Hústjörn.

Fylgiskjal III.

Páll Líndal:

Tjörnin.

Tjörnin myndaðist í upphafi sem lón innan við malarkambinn þar sem Miðbærinn reis. Hún liggur milli hæðanna tveggja sem kenndar eru við *Landakot* og *Skólavörðu* og suður í *Vatnsmýrina*. Að norðan takmarkaðist hún af fyrrnefndum malarkambi eða eiði milli hennar og sjávar. Aðrennslissvæði Tjarnarinnar er aðallega úr Vatnsmýrinni, en mjög hefur á það svæði gengið vegna mannvirkjagerðar síðustu áratugi. Reynt er að bæta úr því eftir föngum. Úr Tjörninni rennur *Lækurinn* (Arnarhólslækur) til sjávar.

Tjörnin hefur tekið miklum breytingum síðustu hundrað árin. Fyrir þann tíma náði hún norður undir hússtæði *Alþingishússins*. Með gatnagerð hefur verið þrengt verulega að henni: *Tjarnargata, Vonarstræti, Fríkirkjuvegur*. Þegar *Skothúsvegurinn* var lagður yfir Tjörnina og fyrri Tjarnarbrúin gerð um 1920 var henni í raun skipt í tvennt. Við gerð *Hljómskálagarðsins* snemma á þessari öld þrengdi enn að Tjörninni.

Upphaflega var Tjarnarhólminn aðeins lítið sker eða grjóthrúga, en á seinni hluta aldarinnar sem leið var hann hlaðinn upp og þakinn mold og torfi og þannig gengið frá að fuglar gætu hafst þar við. Í nyrðri hluta Tjarnarinnar er annar hólmi, en hann er gerður af manna höndum fyrir fáum áratugum.

Árið 1862 kom fram sú hugmynd í blaði einu í Reykjavík að gera skipalægi í Tjörninni og tengja það við sjó með skipaskurði gegnum Miðbæinn. Sigurður Guðmundsson málari lét sig og dreyma um slíka framkvæmd. Enn var fitjað upp á þessari hugmynd í einu Reykjavíkurblaði 1911.

Árið 1882 ritaði Luders nokkur múrarameistari bréf til bæjarstjórnar og bauðst til að fylla upp í Tjörnina fyrir 7112,50 kr. Ekki þótti þetta þó meiri fjarstæða en svo að skipuð var nefnd bæjarfulltrúa til að kanna tilboðið, en ekki var því tekið.

Meðan Tjarnarhólminn var ekki orðinn það heimili fugla sem síðar varð voru uppi ýmsar hugmyndir um notkun hans. Þar var sett upp eins konar hringekja, mjög frumstæð, og notuð á vetrum þegar ís var á Tjörninni til að draga sleða kringum hólmann. Þótti það góð skemmtun að svífa um með þessum hætti. Sverrir Runólfsson steinhöggvari vildi fá heimild til að reisa veitingaskála í hólmanum og hugðist hann hafa brú þangað úr túninu í *Skálholtskoti*; fleira mætti nefna af slíku tagi.

Tjörnin hefur lengi verið mikið notuð til skautaferða og er svo enn. Þá var Tjörnin einnig notuð nokkuð til siglinga en aldrei kvað þó mikið að bátsferðum þar. Skömmu eftir 1950 var leitað eftir heimild yfirvalda til að láta fara þar fram kappróður en það leyfi fékkst ekki. Jónassen landlæknir, sem var búmaður mikill og hafði allstórt land í Vatnsmýrinni, flutti hey og mykju á prömmum yfir Tjörnina, en hann hafði fjós við hús sitt í Lækjargötu 8.

Það er varla að tilefnislausu sem svo var mælt fyrir í 54. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur frá 1890: „Safni úr salernum má enginn kasta í Tjörnina."

Nokkurt fuglalíf var á Tjörninni áður fyrr, en því hefur þó farið mjög fram á síðustu áratugum því að áður var það alsiða að menn skytu þar fugla sér til búdrýginda og hirtu egg svo sem þeir gátu. Í Þjóðólfi birtist sumarið 1869 auglýsing frá Guðmundi Lambertsen þar sem hann lýsir „forboði sínu móti því, að skot eða aðrar veiðar verði viðhafðar í Tjarnarendanum eður engjastykki því“ sem hann hafði þar. Ásókn í slægju var mikil alla síðastliðna öld. Sefið í Tjörninni þótti eftirsóknarvert í þessu sambandi og var leiga eftir það lengi tilgreind meðal tekjuliða í bæjarráðningum. Við Tjörnina munu nú verpa að staðaldri nokkrar andategundir, þar á meðal æðarfugl, svo og kría og álft. Svartbakur hefur verið nokkuð áleitinn á þessum slóðum, en reynt hefur verið að bægja honum burt. Um 40–50 tegundir fugla sjást árlega við Tjörnina en alls munu þar hafa sést um 80 tegundir.

Áður fyrr var nokkuð um ál í Tjörninni. Hann gat orðið allt að eitt pund að þyngd og notuðu einstaka menn hann eitthvað til matar. Állinn mun hafa dáið út er Tjörnin botnfraus frostaveturinn 1917–1918. Nú eru þar hornsíli ein fiska. Ýmiss konar sníkjudýr í botnleðju Tjarnarinnar eru mikilvæg fyrir fuglalífið þar.

Gömul saga hermir að eitt sinni hafi Tjörnin verið full af laxi og silungi og hafi bræður tveir, annar í *Hlíðarhúsum* en hinn í Skálholtskoti, átt saman veiðina. Þá greindi á um veiðiréttinn og endaði sú deila með heitingum þeirra á milli og varð afleiðingin sú að öll veiði hvarf úr Tjörninni. Þessi saga er til í fleiri en einni gerð.

Þá er og sagt að nykur haldi til í Tjörninni annað hvort ár en sé hitt árið í Hafravatni og séu göng á milli neðan jarðar. Ekki hefur sú kynjaskepna látið á sér bæra í minni núlifandi manna svo vitað sé.

Allt frá því að *Nordalsíshús* tók til starfa var ístaka á Tjörninni nokkuð þýðingarmikill þáttur í bæjarlífinu enda risu þar þrjú íshús til þjónustu við togaraútgerðina, svo og til matvælageymslu: *Herðubreið* við Fríkirkjuveg, *Ísbjörninn* við Skothúsveg og íshúsið við Tjarnargötu (*Brunnhús*). Veturinn 1924–1925 voru teknir hátt í 5000 rúmmetrar af ís á Tjörninni handa þessum fjórum íshúsum og var ísinn fluttur á sleðum upp bryggjustúf sem gerður var í þessu skyni við norðanverða Tjörnina, Lækjargötumegin, og er þar enn. Bæjarsjóður hafði nokkrar tekjur af leyfum fyrir ístöku. Vinnan við ístökuna var vosbúðarverk en talin nokkur atvinnubót á sínum tíma. Ístaka á Tjörninni mun hafa lagst niður um og upp úr 1940.

Ýmsar hugmyndir hafa verið uppi um framkvæmdir í Tjörninni. Þekktust er eflaust ráðhúsbyggingin sem samþykkt var að reisa í norðurenda Tjarnarinnar árið 1955 en aldrei kom til neinna framkvæmda við það verk. Hugmyndin um ráðhús þar kom víst fram upphaflega í svipaðri tillögu frá 1927. Hún var áréttuð í skipulagi því sem staðfest var 1967. Þá gerði Gísli Halldórsson verkfræðingur miklar áætlanir um frumlegan baðstað í syðri hluta Tjarnarinnar sem ekki náðu fram að ganga.

Tvö myndverk hafa verið sett upp í Tjörninni. Á hólma í syðsta hluta Tjarnarinnar stóð meira en þrjá áratugi stytta Þorfinns karlsefnis eftir Einar Jónsson, en hún var síðan flutt og sett upp við Hrafnistu. Hið eina sem minnir nú á vist sæfarans á þessum stað er nafnið á hólmanum, en hann er nefndur Þorfinnshólmi. Hin styttan var árið 1960 sett upp á stöpul fram undan *Ráðherrabústaðnum*. Það var styttan Hafmeyjan eftir Nínu Sæmundsson. Miklar deilur risu um verkið og þá ekki síst staðarvalið. Lauk þeim deilum með óvenjusögulegum hætti því að á gamlárskvöld þetta sama ár var hún sprengd í loft upp og hefur það mál aldrei verið upplýst.

Oft var um það rætt að vel gæti farið á því að gerður yrði gosbrunnur í Tjörninni. Sú hugmynd átti þó jafnan undir högg að sækja. Þegar svo einn sendiherra Bandaríkjanna hérlendis, L. Replogle, gaf borginni gosbrunn var hann þó settur upp í Tjörninni skömmu fyrir 1980 í samræmi við ósk gefanda.

Fylgiskjal IV.

Tillaga náttúruverndarnefndar Reykjavíkur um Tjörnina.

Lögð fyrir fund hjá skipulagsstjóra ríkisins 27. mars 1968.

Þá mætti að lokum geta þess að nefndin telur ástæðu til þess að haft sé eftirlit með Tjörninni og umhverfi hennar. Að ekki sé skert flatarmál hennar, hreinlæti vatnsins sé ekki spillt, að fuglar hafi þar friðland og sérstaklega sé kríunni helgaður hólminn og yfirleitt sé dýralíf og gróður Tjarnarinnar varðveittur.

(Í náttúruverndarnefnd Reykjavíkur áttu þá sæti: Ármann Snævarr, formaður, Kristján Eldjárn og Sigurður Þórarinsson.)

Ed. 62. Frumvarp til laga [60. mál]

um breyting á iðnaðarlögum, nr. 42 18. maí 1978.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

Við 2. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi:

Iðnaðarráðherra er jafnframt heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum 3. tölul., enda standi sérstaklega á.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til að veita iðnaðarráðherra heimild til að veita undanþágu frá skilyrðum 4. gr. iðnaðarlaga um að meira en helmingur hlutafjár í iðnfyrirtækjum hér á landi skuli vera eign manna búsettra á Íslandi.

Orðalagið, sem lagt er til í frumvarpi þessu, er samhljóða undanþáguákvæði því er var í iðnaðarlögum allt frá árinu 1927 þar til ákvæðið féll úr iðnaðarlögum 1978.

Með orðalaginu „enda standi sérstaklega á“ er fyrst og fremst átt við samstarfsfélög íslenskra og erlendra aðila er vinna að nýsköpun.

Ed. 63. Frumvarp til laga [61. mál]

um heilbrigðisfræðsluráð.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir.

1. gr.

Ríkið starfrækir stofnun sem nefnist heilbrigðisfræðsluráð.

2. gr.

Heilbrigðisfræðsluráð skal annast heilbrigðisfræðslu sem miðar að því að koma í veg fyrir sjúkdóma og slys. Það skal samræma og skipuleggja heilbrigðisfræðslu fyrir almenning í landinu í samvinnu við stjórnendur heilbrigðis-, skóla- og félagsmála og önnur stjórnvöld. Það skal enn fremur koma á samvinnu milli allra þeirra sem annast heilbrigðisfræðslu.

Heilbrigðisfræðsluráð skal vera miðstöð þekkingaröflunar, miðlunar og sérkunnáttu á öllum sviðum heilbrigðisfræðslu þannig að ráðgjöf sé þar alltaf tiltæk fyrir heilbrigðis- og skólayfirvöld, áhugamannafélög og alla þá sem fást við heilbrigðisfræðslu.

3. gr.

Heilbrigðisfræðsluráð skal ráðleggja um forgang viðfangsefna í heilbrigðisfræðslu á grundvelli bestu upplýsinga sem fyrir liggja hverju sinni.

Heilbrigðisfræðsluráð skal stuðla að rannsóknum og könnunum um heilbrigðismál til að tryggja að nýjar upplýsingar og tölfræðilegar niðurstöður séu ávallt fyrir hendi.

Heilbrigðisfræðsluráð skal afla upplýsinga um framfarir á læknis-, farsóttar-, félags- og sálfræðilegu sviði og hagnýta þær í þágu starfsemi sinnar. Enn fremur skal ráðið reyna að meta árangur starfsemi sinnar með hliðsjón af framförum á þessum sviðum.

4. gr.

Heilbrigðisfræðsluráð skal standa að kynningu á einstökum málefnum, er varða heilbrigðisfræðslu, í samvinnu við heilbrigðisyfirvöld eða aðra aðila eftir því sem við á. Það skal sjá um að safna upplýsingum, gera dreifirit, auglýsingaefni og efni til flutnings í hljóðvarpi eða sjónvarpi í kynningarskyni, svo og til annarrar starfsemi ráðsins. Ráðið skal enn fremur láta slík gögn af hendi við aðra þá er heilbrigðisfræðslu annast.

5. gr.

Heilbrigðisfræðsluráð skal stuðla að þjálfun og endurmenntun starfsfólks til að sinna heilbrigðisfræðslu og leiðbeina um hana. Jafnframt skal það gefa út rit sem á erindi til þeirra er starfa við heilbrigðisfræðslu.

6. gr.

Ráðið skal kalla saman samstarfshópa til að vinna að ákveðnum málefnum og leita ráðgjafar sérfræðinga um einstök mál. Laun starfshópa og ráðgjafa skulu ákveðin í samræmi við reglur þóknananefndar hverju sinni.

7. gr.

Í heilbrigðisfræðsluráði eiga sæti 21 fulltrúi sem heilbrigðisráðherra skipar til fjögurra ára í senn.

Eftirfarandi aðilar tilnefna einn fulltrúa hver:

Áfengisvarnaráð.

Félag heilsugæsluhjúkrunarfræðinga.

Félag heilsugæslulækna.

Félag íslenskra sjúkraþjálfara.

Félagsmálaráðuneytið.
Fóstrufélag Íslands.
Geðverndarfélag Íslands.
Hollustuvernd ríkisins.
Hjartavernd.
Bandalag kennarafélaga.
Krabbameinsfélag Íslands.
Landlæknir.
Læknafélag Íslands.
Manneldisráð.
Menntamálaráðuneytið.
Ríkisútvarpið.
Samtök aldraðra.
Sálfræðideild skóla.
Slysavarnafélag Íslands.
Tannlæknafélag Íslands.
Umferðarráð.

Ráðið skal funda a.m.k. fjórum sinnum á ári. Störf í heilbrigðisfræðsluráði eru ólaunuð en fulltrúar skulu sækja fundi sér að kostnaðarlausu.

Fulltrúar ráðsins velja úr sínum hópi þriggja manna framkvæmdanefnd. Heilbrigðisfræðsluráð skal ráða framkvæmdastjóra og starfsfólk eftir þörfum. Starfsemi ráðsins skal kostuð af ríkinu, þar með talin laun framkvæmdastjóra og annars starfsfólks.

Framkvæmdanefnd sér um að framkvæma áætlanir heilbrigðisfræðsluráðs í samvinnu við framkvæmdastjóra og annað starfsfólk ráðsins.

8. gr.

Heilbrigðisfræðsluráð sendir heilbrigðisráðuneytinu í lok hvers árs skýrslu um störf ráðsins.

9. gr.

Ráðherra setur ráðinu starfsreglur að fengnum tillögum ráðsins.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á árinu 1985 og er nú endurflutt með smávægilegum breytingum.

Það verður flestum ljóst fyrr eða síðar á ævinni að heilbrigði er verðmæt auðlind sem ber að varðveita.

En hvað er heilbrigði?

Í stofnskrá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar frá 1946 var heilbrigði skilgreint þannig í þýðingu Vilmundar Jónssonar, fyrrv. landlæknis: „Heilbrigði er fullkomið líkamlegt, andlegt og félagslegt velferli, en ekki einungis firrð sjúkdóma og vanheilinda. Fagnaður fyllstu auðinnar heilbrigði telst til frumréttinda allra manna án tillits til kynflokka, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, fjárhags eða þjóðfélagsstöðu. Heilbrigði allra þjóða er frumskilyrði þess, að höndlað verði hnoss friðar og öryggis, og er komin undir fyllstu samvinnu einstaklinga og ríkja."

Þessi skilgreining, svo háleit sem hún er, telur heilbrigði til grundvallarmannréttinda, en þau hafa löngum verið viðfangsefni löggjafans. Íslensk löggjöf endurspeglar reyndar þessa hugmynd um mannréttindi og jöfnuð því að í 1. gr. laga um heilbrigðisþjónustu frá

1983 segir: „Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði."

Mönnum er orðið æ ljósara hið margslungna orsakasamband sem veldur ýmsum algengum sjúkdómum, einkum samband heilbrigðis og félagslegra þátta.

Margir minnast þess enn t.d. hve ríkan þátt bættur aðbúnaður og bætt lífskjör áttu í útrýmingu berkla hérlendis. Sú skilgreining heilbrigðis sem hér er gefin og dæmið um berklana eru brot af þeirri vitneskju og reynslu sem renna stoðum undir þau nýju viðhorf í heilbrigðismálum sem nú ryðja sér til rúms, a.m.k. meðal þróaðra þjóða. Þessi viðhorf leggja áherslu á heilsugæslu og heilsuvernd. Kjörorð þeirra er: Betra er heilt en vel gróið. Sú vitneskja er að verða almennari að orsakir margra þeirra sjúkdóma sem okkur eru einna skæðastir megi rekja til lifnaðarhátta, umhverfis og næringar svo að eitthvað sé nefnt.

Meðal fátækra þjóða ríkja smit- og hörgulsjúkdómar en meðal ríkra þjóða er heilbrigðisvandinn oft afleiðing velmegunar, eins og umhverfismengunar, kyrrsetu, ofnotkunar tóbaks, áfengis og annarra vímuefna, ásamt slæmum matarvenjum. Þessir þættir ásamt öðrum leiða svo til ýmissa þeirra sjúkdóma sem heilbrigðisþjónustan þarf að kljást við.

Samfélagsbreytingar á sl. áratugum hafa bæði orðið til þess að lengja meðalævi okkar Íslendinga, sem nú er hin lengsta í heimi, og jafnframt bætt heilbrigði okkar en sjúkdómsmyndin hefur sannarlega breyst. Í byrjun aldarinnar dóu um 80 af hverjum 100 manns úr smitsjúkdómum hérlendis, en nú eru helstu dánarorsakir: hjarta- og æðasjúkdómar 47%, krabbamein 22%, slys 10%, lungnasjúkdómar 10% og aðrir sjúkdómar 11%. Ævin hefur lengst og heilbrigði aukist að verulegu leyti vegna bættra lífskjara og forvarna eins og ónæmisaðgerða.

Á sama tíma verjum við, eins og vel flestar hinna efnaðri þjóða heimsins, miklu fjármagni til að viðhalda og fullkomna stöðugt flóknara kerfi tæknivæddrar heilbrigðisþjónustu. Sem betur fer hefur það oft leitt til þess að hægt er að greina og jafnvel lækna æ fleiri sjúkdóma.

Tæknivæðing hefur þó einnig verið gagnrýnd og stundum talin leiða af sér aukna notkun tækni án þess að nægilegrar gagnrýni hafi gætt eða að gætt hafi verið að því hvort tækninotkunin sé í samræmi við þau markmið sem heilsugæslan setur sér. Stofnunum heilbrigðisþjónustunnar hefur fjölgað og þær stækkað, starfslið aukist og kostnaður margfaldast. Heilbrigðisþjónusta er hjá velflestum velferðarþjóðfélögum orðin stjórnvöldum vaxandi áhyggjuefni vegna aukins kostnaðar.

Ef miðað er við hlutfall af þjóðarframleiðslu hefur þessi kostnaður hækkað hérlendis úr 3% árið 1950 í rúm 8% árið 1982. Þó að þetta hlutfall hafi verið um 10% sl. 3–4 ár er þó ekki um að ræða raunhækkun frá árinu 1982 heldur hækkun sem verður fyrst og fremst vegna minni þjóðarframleiðslu. Hlutfall kostnaðar vegna rekstrar sjúkrahúsa hefur farið hækkandi frá 37% 1953 í 52% á árinu 1980. Einungis lítið brot af heildarfjármagni til heilbrigðisþjónustunnar rennur til forvarna. Flestir mundu þó samþykkja að í forvörnum liggur vænlegasti fjárfestingarkostur framtíðarinnar.

Menntun flestra heilbrigðisstétta miðar fyrst og fremst að því að greina og bregðast við sjúkdómum, beinist með öðrum orðum mun meira að björgunarstarfi eða viðgerðarþjónustu en heilbrigðisfræðslu eða heilsuvernd. Þó hafa á sl. árum vaknað efasemdir um hvort þessi forgangsröð sé rétt og viðleitni ýmissa aðila innan sem utan heilbrigðisþjónustunnar hefur beinst að því að leggja meiri áherslu á heilbrigðisfræðslu og ýmsar fyrirbyggjandi aðgerðir í því skyni að draga úr þörf fyrir hina dýru viðgerðarþjónustu. Má í því sambandi geta þess að Íslendingar eru aðilar að Alma Ata yfirlýsingunni sem fjallar um frumheilsugæslu (sjá fskj. I). Sú yfirlýsing er í samræmi við meginstefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar frá 1977 um heilbrigði fyrir alla árið 2000 („Health for All by the Year 2000"). Í framhaldi af því hafa Íslendingar gerst aðilar að samvinnuáætlun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og Evrópuþjóða um varnir gegn langvinnum sjúkdómum og var samningur

undirritaður af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands 10. febr. 1984.

Með langvinnum sjúkdómum er átt við t.d. hjarta- og æðasjúkdóma, krabbamein, afleiðingar slysa, geðræna sjúkdóma, þar með talin áfengis- og fíkniefnaneysla, auk ýmissa annarra sjúkdóma.

Snar þáttur þessarar samvinnuáætlunar er almenn fræðsla og upplýsingar, svo og aukin menntun fólks í heilbrigðisstéttum og kennara og aukin fræðsla í skólum.

Langtímastefnumörkun í heilbrigðismálum hefur sárlega skort hérlendis.

Ástæða er því til að fagna aðild Íslendinga að samvinnuáætlun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og Evrópuþjóða um varnir gegn langvinnum sjúkdómum sem fylgir meginstefnu þeirrar stofnunar um „Heilbrigði fyrir alla árið 2000".

Í lok síðasta þings var lögð fram á Alþingi skýrsla um íslenska heilbrigðisáætlun og lýsir hún fyrirætlunum heilbrigðisyfirvalda í þessu samvinnuverkefni og markar jafnframt stefnu í heilbrigðismálum hérlendis til langs tíma. Áætlun þessi var þó hvorki rædd á þinginu né samþykkt. Í skýrslunni er lögð megináhersla á forvarnir í formi heilsugæslu, heilbrigðra lífshátta og heilbrigðiseftirlits. Hins vegar er eitt að hafa stefnu og annað að framfylgja henni. Fé til forvarna hefur sárlega vantað hingað til. Það er afar brýnt að tryggja nægilegt fjármagn til ýmissa forvarnaraðgerða svo að meiri áhersla verði í raun lögð á að varðveita heilbrigði. Einungis þannig er hægt að draga úr þörf fyrir hina dýru viðgerðarþjónustu sem lækning og meðferð sjúkdóma óhjákvæmilega er.

Nú þegar blasa við ýmis verkefni á sviði forvarna þar sem raunhæft er að ætla að markvissar aðgerðir mundu skila verulegum árangri. Þann árangur má mæla bæði í mannslífum, auknu heilbrigði, bættri líðan og miklum fjárhagslegum sparnaði.

Sem dæmi má nefna *slysavarnir*. Á Íslandi er lægstur ungbarnadauði í heimi. Hins vegar höfum við hæstu tíðni barnaslysa af öllum löndum Evrópu. Þar eru algengust slys bæði í umferð og þó sérstaklega í heimahúsum þar sem eitranir eru algengastar. Umferðarslys eru hér allt of algeng og valda ómældri mannlegri þjáningu og sorg, auk þess mikla kostnaðar sem af þeim hlýst. Önnur tegund slysa sem er algengari hér en í nágrannalöndum eru sjóslys. Öllum þessum málum hefur þegar verið sinnt í einhverjum mæli en þarna er enn mikið verk óunnið.

Annað dæmi mætti taka, *reykingar*. Talið er að engin ein ráðstöfun mundi skila meiri árangri til að bæta heilsufar manna og fækka ótímabærum dauðsföllum en einmitt verulega minnkuð tóbaksnotkun. Sem stendur eru fjórir starfsmenn á vegum Krabbameinsfélagsins við fræðslu í skólum um skaðsemi reykinga. Meðfylgjandi tafla sýnir árangur þessa starfs.

ALDUR OG FJÖLDI UNGLINGA SEM REYKJA
Sýnt í hundraðstölu.

Aldur	**1974**	**1978**	**1982**	**1986**
12 ára	12%	4%	2%	3%
13 ára	25%	13%	11%	4%
14 ára	36%	27%	26%	13%
15 ára	45%	39%	34%	25%
16 ára	54%	47%	36%	31%

Einnig mætti minnast á *tannskemmdir*. Þær eru mun algengari í íslenskum börnum en börnum annars staðar á Norðurlöndunum. Hér hafa börn bæði fleiri viðgerðar og skemmdar tennur en jafnaldrar þeirra á Norðurlöndunum og stafar það að miklu leyti af sykuráti sem hér er meira en víða annars staðar, en einnig af lélegri tannhirðu.

Leit að sjúkdómum á byrjunarstigi getur bæði aukið lífslíkur og komið í veg fyrir mikla vanlíðan. Sem dæmi má nefna leit að krabbameini í leghálsi og brjóstum kvenna og í meltingarvegi. Áætlaður kostnaður á ári við hópskoðun á brjóstum íslenskra kvenna með röntgenmyndatöku er talinn jafngilda þeim kostnaði sem bundinn er við að reka um 5–10 sjúkrarúm á ári. Á hverju ári deyja um 25 konur úr brjóstakrabbameini en nýlegar rannsóknir benda til þess að draga megi verulega úr þessari dánartíðni með því að uppgötva æxlið snemma.

Að lokum má nefna þann vágest sem nýlega hefur vakið ótta manna og umtal en það er *eyðni*. Eyðni er sjúkdómur þar sem einmitt *forvarnir* eru einu varnirnar sem duga og þeim verður að beita ef hindra á vaxandi útbreiðslu sjúkdómsins. Að öllum þessum verkefnum og mörgum fleiri þarf að vinna og veita til þeirra fé. Fjármögnun þessara verkefna er í raun fjárfesting og mikil sparnaðarráðstöfun.

Annar brýnn þáttur forvarna er heilbrigðisfræðsla. Snar þáttur þeirrar samvinnuáætlunar sem áður var nefnd er almenn heilbrigðisfræðsla og upplýsingar svo og aukin menntun fólks í heilbrigðisstéttum og kennara og aukin fræðsla í skólum. Það er mjög brýnt að samræma og skipuleggja aukna heilbrigðisfræðslu á Íslandi og veita henni vel skilgreinda lagalega stoð og nægilegt fjármagn.

Almennri heilbrigðisfræðslu hefur verið í ýmsu ábótavant hér á landi. Heilsufræði hefur verið kennd í skólum að vísu, en þó mjög misvel, t.d. hefur fræðsla um kynlíf og getnaðarvarnir í grunnskólum víða verið vanrækt.

Á árunum 1984–1985 tók Ísland þátt í norrænu verkefni um heilbrigðisfræðslu í grunnskólum og gekk það undir nafninu SPIN-verkefnið og fór fram í tveim skólum. Markmið þess var að þróa heilbrigðisfræðslu í þátttökulöndunum og móta sameiginlega stefnu landanna í málefnum heilbrigðisfræðslu og heilsuuppeldis. Mikil áhersla var lögð á að samþætta heilbrigðisfræðsluna öðru námi þannig að allir starfsmenn skólans væru virkir í heilsuuppeldi barnanna. Slíka fræðslu þarf að efla og slíkt uppeldi þarf vitaskuld einnig að fara fram á dagvistarheimilum og fyrst og síðast á heimilum af foreldrum sem eru meðvituð um heilbrigða lífshætti. Viðhaldsfræðsla almennings um heilbrigðismál hefur þó verið handahófskennd. Stofnanir eða embættismenn á vegum hins opinbera, áhugasamir einstaklingar, félög og samtök heilbrigðra og sjúkra hafa að vísu gefið út ágætis fræðsluefni og jafnvel fylgt því eftir með kennslu eða áróðri. Er vert í þessu sambandi að lofa hið mikla og góða starf sem hefur verið unnið í þessum efnum.

Hins vegar hefur samræmda og skipulega fræðslu vantað og hún hefur ekki verið á ábyrgð neins ákveðins aðila heldur miklu fremur margra ólíkra aðila og þá aðeins sem hluti af miklu stærra verksviði þeirra, enda oft setið á hakanum.

Í lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 59 frá 1. júní 1983, er heilsuvernd skilgreind sem þjónusta er heilsugæslustöð á að veita en ein af aðalgreinum heilsuverndar er þar talin:

„1. Heilbrigðisfræðsla í fyrirbyggjandi tilgangi."

Það er bæði eðlilegt og ágætt að heilsugæslustöðvar hafi þetta hlutverk en þær eru enn of fáar og þangað sækja fáir sem heilbrigðir eru. Því nær fræðsla þeirra ekki til alls þorra almennings.

Í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 50 frá 29. maí 1981, er ákvæði um að veita „alhliða fræðslu og upplýsingar fyrir almenning" um þau mál er varða hollustuhætti í umhverfi. Þetta fræðsluhlutverk er í höndum heilbrigðisnefnda og heilbrigðisfulltrúa. Fræðsluhlutverk er nánar tiltekið síðar í sömu lögum, í kafla um Hollustuvernd ríkisins, en þar eru ákvæði um fræðslu fyrir almenning, heilbrigðisfulltrúa og aðra þá aðila er að þessum málum starfa í landinu.

Hollustuvernd ríkisins er ung stofnun og hefur átt við erfiðleika að etja vegna þess að deildir hennar eru dreifðar í Reykjavík. Verksvið hennar er vítt og minna hefur orðið úr

fræðsluhlutverki hennar en skyldi þar sem önnur verkefni hafa tekið mikinn tíma og fjármagn hefur skort.

Í ýmsum lögum eru svo ákvæði um fræðslu um tiltekin efni, t.d. um kynlíf og barneignir, lög nr. 25 frá 22. maí 1975, um tóbaksvarnir, lög nr. 74/1984 o.s.frv. Enn fremur segir í lögum um heilsuvernd í skólum, nr. 61 frá 8. júní 1957: „Í reglugerð skal ákveðið um ... heilbrigðisfræðslu í skólum ...“

Fræðsla um heilbrigðismál er afar víðtækt viðfangsefni og heyrir þar undir hvaðeina sem stuðlar að heilsuvernd og getur komið í veg fyrir slys og sjúkdóma. Heilbrigðisfræðsla hefur verið skilgreind sem sérhver fræðsla er hefur það markmið að einstaklingar taki sjálfviljugir þátt í því að auka heilbrigði sína. Slík fræðsla og sú vitneskja og leiðbeining, sem hún veitir, heyrir til mannréttinda. Hennar er æ meiri þörf í flóknu lífsmynstri tækniþjóðfélaga þar sem óhollusta steðjar að í margvíslegu gervi. Fræðsla ein sér nægir þó ekki til þess að tryggja það að einstaklingar taki ábyrgð á eigin heilsugæslu. Þeim verður jafnframt að vera það kleift efnahagslega og félagslega að velja sér lifnaðarhætti í samræmi við þá heilbrigðisfræðslu sem veitt er. Stjórnvöld hafa mikilvægu hlutverki að gegna í þessum efnum. Þau verða að vera vel meðvituð um hagsmuni heilbrigðisfræðslu þegar þau móta stefnu og taka ákvarðanir og gæta þess jafnframt að allir þættir stjórnsýslunnar séu samvirkir til að ná markmiðum heilbrigðisfræðslu.

Í seinni tíð hefur frumkvæði heilbrigðra einstaklinga til heilsuverndar og heilsuræktar farið vaxandi og aukinnar meðvitundar gætir um mikilvægi heilbrigðra lífshátta. Það er því sennilegt að jákvæð viðhorf og áhugi á heilbrigðisfræðslu sé að aukast meðal almennings, skólayfirvalda og heilbrigðisyfirvalda. Slík fræðsla er þó enn of tilviljanakennd og háð framtakssemi fárra áhugasamra aðila sem hafa of lítil innbyrðis tengsl.

Það er skoðun flutningsmanna að brýnt sé að samræma og skipuleggja aukna heilbrigðisfræðslu á Íslandi og því sé nauðsynlegt að stofna heilbrigðisfræðsluráð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samræmda og skipulega fræðslu um heilbrigðismál vantar hérlendis. Heilbrigðisfræðsla hefur ekki verið aðalviðfangsefni eða á ábyrgð neins ákveðins aðila heldur margra ólíkra og þá aðeins sem hluti af miklu stærra verksviði þeirra. Skortur á fjármagni til aðalstarfsemi þessara aðila hefur allt of oft leitt til þess að fræðsluhlutverkið hefur orðið út undan.

Útgjöld ríkisins vegna heilbrigðismála hafa farið vaxandi á s.l. áratugum. Þessi kostnaðaraukning hefur orðið fyrst og fremst í rekstri sjúkrahúsa og annarra stofnana heilbrigðisþjónustunnar. Hins vegar hefur í raun orðið hverfandi lítil hækkun á framlagi ríkisins til heilbrigðisfræðslu, þrátt fyrir þá vitneskju að miklu hagkvæmara sé að koma í veg fyrir sjúkdóma en að lækna þá. Það er því löngu orðið tímabært að taka afdráttarlaus skref til að snúa þessari þróun við, og leggja ríkari áherslu á heilbrigðisfræðslu en áður. Slík áherslubreyting krefst þess að heilbrigðisfræðsla sé ótvírætt á ábyrgð einhvers eins aðila eða stofnunar sem hefur ekkert annað hlutverk. Þannig er tryggara að þessu brýna viðfangsefni verði sinnt sem skyldi. Ágæt starfsemi hefur nýlega verið skipulögð hérlendis af hálfu heilbrigðisyfirvalda vegna samvinnuáætlunar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og Evrópuþjóða um varnir gegn langvinnum sjúkdómum fram til aldamóta.

Verkefni fyrir heilbrigðisfræðslu eru nær óþrjótandi og akurinn lítt plægður í þessum efnum. Það er því rúm fyrir margar hendur á plógi og nauðsynlegt er að heilbrigðisfræðsla eigi sér vel skilgreinda lagalega stoð sem tryggi henni þann sess og þá fjármögnun sem henni ber.

Um 2. gr.

Rannsóknir s.l. ára hafa leitt í ljós að margir þeir sjúkdómar, sem mönnum eru skæðastir, eiga rót sína að rekja til lifnaðarhátta og umhverfis og eru orsakir þeirra fjölþættar. Með því að breyta lifnaðarháttum og umhverfisþáttum er hægt að koma í veg fyrir marga sjúkdóma. Heilbrigðisfræðsla varðar því flesta þætti mannlegs lífs og hana þarf að skipuleggja í náinni samvinnu við marga aðila. Eðlilegt þykir að stjórnendur heilbrigðis-, mennta- og félagsmála eigi sérstaklega náið samstarf við skipulagningu slíkrar fræðslu þar sem þeir málaflokkar tengjast svo beint viðfangsefnum heilbrigðisfræðslu.

Fræðsla ein sér nægir þó ekki til þess að tryggja það að einstaklingurinn taki ábyrgð á eigin heilsugæslu. Honum verður jafnframt að vera það kleift efnahagslega og félagslega að velja sér lifnaðarhætti í samræmi við þá heilbrigðisfræðslu sem stunduð er.

Það er því nauðsynlegt að stjórnvöld séu vel meðvituð um hagsmuni heilbrigðisfræðslu þegar þau taka ákvarðanir og móta stefnu sína. Jafnframt er mikilvægt að allir þættir stjórnsýslunnar séu samvirkir til að ná markmiðum heilbrigðisfræðslu.

Margir ólíkir aðilar hafa haft með höndum heilbrigðisfræðslu á s.l. árum og er vaxandi áhugi meðal almennings á heilbrigðu líferni og þörf fyrir slíka fræðslu. Það er því mikilvægt að tiltæk séu nauðsynleg kennslugögn og ráðgjöf í þessum efnum bæði fyrir opinbera aðila, áhugamannafélög og aðra þá sem fást við heilbrigðisfræðslu.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt er að heilbrigðisfræðsla á hverjum tíma sé byggð á sem réttustum og bestum upplýsingum. Það er því nauðsynlegt fyrir heilbrigðisfræðsluráð að fylgjast vel með framförum á mörgum ólíkum sviðum sem varða viðfangsefni heilbrigðisfræðslu. Enn fremur skal ráðið takast á hendur og styðja rannsóknir og kannanir hérlendis sem gefa upplýsingar og haldbærar niðurstöður um ástand mála á þeim sviðum sem heilbrigðisfræðsla nær til. Ráðið skal gefa út niðurstöður slíkra rannsókna eða kannana þegar það á við.

Nauðsynlegt er að heilbrigðisfræðsluráð reyni að meta hvern árangur starf þess ber með því að fylgjast með sjúkdómatíðni, breytingum á lífsháttum, t.d. reykingum, og fleiru því sem hafa má til viðmiðunar.

Um 4. gr.

Útbúa þarf fjölbreytt og gott námsefni og annað efni til dreifingar og auglýsinga um heilbrigðismál. Notkun myndbanda fer vaxandi til afþreyingar og kennslu og miklu varðar að sækja megi gott fræðsluefni um heilbrigðismál í eins konar gagnabanka sem hefur jafnframt það hlutverk að útbúa slíkt námsefni og safna því saman frá öðrum eða halda yfirlit yfir það sem á boðstólum er.

Rétt þykir að heilbrigðisfræðsluráð gegni þessu hlutverki og sé í nánu samstarfi við skólaþróunardeild, Námsgagnastofnun, menntastofnanir, áhugamannafélög og aðra þá er heilbrigðisfræðslu sinna.

Um 5. gr.

Í lögum um Hollustuvernd ríkisins segir í 7. mgr. 13. gr.:

„Stofnunin skal, svo sem þurfa þykir, beita sér fyrir námskeiðum til að fræða þá aðila er að þessum málum (mál er varða hollustuhætti) starfa í landinu."

Í 8. mgr. sömu gr. segir enn fremur:

„Stofnunin skal sjá um að menntun og fræðslu fyrir heilbrigðisfulltrúa verði komið á og hefur um það samráð við þær deildir Háskóla Íslands sem annast kennslu, er því tengist, og aðra sérfróða aðila."

Þrátt fyrir þessi ákvæði þykir nauðsynlegt að hvetja til og leiðbeina um þjálfun fyrir þá sem stunda heilbrigðisfræðslu, starfsfólk heilsugæslustöðva, kennara, áhugamenn og aðra en heilbrigðisfulltrúa. Rétt þykir að heilbrigðisfræðsluráð hafi forgöngu um slíkt.

Ágætt tímarit, Heilbrigðismál, er gefið út af Krabbameinsfélagi Íslands og sinnir því hlutverki að miðla fróðleik um heilbrigðismál og hollustuhætti til almennings. Til greina kemur að heilbrigðisfræðsluráð yrði aðili að útgáfu þessa tímarits eða tæki við útgáfu þess og ætti það að styrkja starfsemi þess.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir að fagleg vinna til undirbúnings heilbrigðisfræðslu um sérstök málefni sé unnin af sérfróðum aðilum í hvert sinn. Sömuleiðis verði leitað ráðgjafar sérfræðinga þegar með þarf. Þessum aðilum skulu greidd laun fyrir vinnu sína í samræmi við reglur þóknananefndar.

Um 7. gr.

Hlutverk heilbrigðisfræðsluráðs er fyrst og fremst að móta stefnu og ákveða forgangsröðun í málefnum heilbrigðisfræðslu og sjá til þess að heilbrigðisfræðslu sé sinnt. Heilbrigðisfræðsluráði er því fyrst og fremst ætlað að koma með hugmyndir og ákveða hvaða viðfangsefni í heilbrigðisfræðslu séu brýnust í hvert sinn. Ekki er reiknað með því að heilbrigðisfræðsluráð þurfi að funda oft á ári og eru störf fulltrúa í ráðinu ólaunuð en skulu vera þeim að kostnaðarlausu þannig að ferðir á fundi séu greiddar ef þurfa þykir.

Þó að störf heilbrigðisfræðsluráðs varði málaflokka sem snerta svið flestra ráðuneyta þykir eðlilegt að það heyri undir heilbrigðisráðherra sem skipar það til fjögurra ára í senn.

Vandasamt er að velja heppilegan fjölda fulltrúa í slíkt ráð en mikilvægt er að tryggja það að mörg ólík sjónarmið eigi aðgang að stefnumótun og ákvarðanatöku í þessum efnum. Til þess að tryggja slíka valddreifingu er nauðsynlegt að hafa þennan hóp fjölskipaðan. Fáeinar breytingar hafa verið gerðar á skipan ráðsins frá frumvarpinu 1985–1986, sumpart vegna ábendinga í umsögnum um það.

Meginstarf við framkvæmd heilbrigðisfræðslu verður í höndum þriggja manna framkvæmdanefndar sem fulltrúar ráðsins velja úr sínum hópi og framkvæmdastjóra er ráðið velur einnig. Er þeim ætlað að fylgja eftir hugmyndum ráðsins.

Starfsemi ráðsins skal kostuð af ríkinu og fær framkvæmdanefnd greidd laun fyrir fundi og önnur störf sem unnin eru í þágu ráðsins. Ríkið greiðir einnig laun framkvæmdastjóra og annars starfsfólks ráðsins. Ljóst er að þörf fyrir heilbrigðisfræðslu er brýn og mikið starf óunnið á þeim vettvangi.

Ætla má að nokkurn tíma taki að byggja upp starfsemi heilbrigðisfræðsluráðs og er því óvíst hver umsvif þess verða í fyrstu. Til þess að reyna að gera sér nokkra grein fyrir þeim kostnaði sem fylgja mundi stofnun heilbrigðisfræðsluráðs má taka mið af Rannsóknaráði ríkisins til samanburðar.

Rannsóknaráði ríkisins voru ætlaðar tæpar níu milljónir króna á fjárlögum 1986. Þar störfuðu á skrifstofu sjö manns með framkvæmdastjóra. Auk launakostnaðar þeirra var innifalið í rekstrarkostnaði Rannsóknaráðs laun fyrir starfshópa, útgáfa skýrsla, upplýsingaþjónusta, fundahöld, erlend samskipti o.fl.

Búast má við að kostnaður við stofnun heilbrigðisfræðsluráðs verði a.m.k. helmingi minni en sú upphæð sem ætluð er til reksturs Rannsóknaráðs.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 9. gr.

Rétt þykir að ráðið geri sjálft tillögur um það hvernig það hyggist starfa og sendi ráðherra þær.

Fylgiskjal I.

ALMA-ATA YFIRLÝSINGIN

Á fundi í Alma-Ata tólfta dag septembermánaðar nítján hundruð sjötíu og átta tjáir Alþjóðaráðstefnan um heilsugæslu, að þörf sé skjótra aðgerða til þess að vernda og bæta heilbrigði allra jarðarbúa, með þátttöku allra ríkisstjórna, allra þeirra er starfa að heilbrigðis- og þróunarmálum og alls samfélags þjóðanna og lýsir yfir eftirfarandi:

I.

Ráðstefnan staðfestir, að heilbrigði, sem er fullkomin líkamleg, andleg og félagsleg vellíðan og ekki aðeins firrð sjúkdóma eða hrumleika, er frumréttur hvers manns. Ennfremur er staðfest, að mjög mikilvægt samfélagsmarkmið er að skapa sem allra best heilbrigðisástand og að slíkt markmið krefst aðgerða á mörgum sviðum efnahags- og félagsmála auk heilbrigðismálanna.

II.

Sá reginmunur, sem er á heilbrigðisástandi þjóða, einkum milli þróunar- og iðnríkja, svo og innan einstakra þjóðríkja, er stjórnmálalega, félagslega og efnahagslega óviðunandi og varðar þetta misræmi þar af leiðandi allar þjóðir sameiginlega.

III.

Efnahags- og félagsþróun, byggð á nýrri skipan alþjóðaefnahagsmála, hefur úrslitaþýðingu um heilbrigði til handa öllum mönnum og um það að minnka bilið milli heilbrigðisástands í þróunar- og iðnríkjum. Bætt heilsufar og heilsuvernd eru nauðsynlegur hluti áframhaldandi efnahags- og félagsþróunar meðal þjóða og stuðla að bættu mannlífi og heimsfriði.

IV.

Þegnar hvers ríkis eiga rétt á og eru skyldir, einir eða ásamt öðrum, að taka þátt í að skipuleggja eigin heilbrigðisþjónustu og að koma henni á.

V.

Ríkisstjórnir bera skyldu varðandi heilbrigði þegnanna og verður sú skylda aðeins rækt með fullnægjandi heilbrigðis- og félagsaðgerðum. Megin félagsmarkmið ríkisstjórna, alþjóðastofnana og samfélags þjóðanna skal á næstu áratugum vera, að árið 2000 hafi öllum þjóðum heims verið tryggt heilbrigðisástand, er geri þeim kleift að lifa frjóu lífi í félagslegu og efnahagslegu tilliti. Heilsugæsla opnar leiðina að að þessu marki og er þáttur þróunar í anda félagslegs réttlætis.

VI.

Heilsugæsla er kjarni heilbrigðisþjónustu, byggð á hagkvæmum, vísindalegum og félagslega viðurkenndum aðferðum og tækni. Hún stendur til boða öllum þegnum hvers byggðarlags og fjölskyldum þeirra og gert er ráð fyrir þátttöku allra. Kostnaður miðast við það, að byggðarlagið og þjóðfélagið í heild geti staðið undir honum á öllum þróunarstigum, í anda sjálfsákvörðunarréttar og þess að vera sjálfum sér nægur. Heilsugæslan er óaðskiljanlegur hluti og þungamiðja heilbrigðisþjónustu hvers lands, svo og almennrar félags- og efnahagsþróunar byggða. Heilsugæslan er fyrsta stigið í samfelldri heilbrigðisþjónustu. Þar eru fyrstu tengsl einstaklinga, fjölskyldna og samfélags við heilbrigðiskerfið og þjónustan er veitt eins nærri vinnu- og bústöðum og kostur er.

VII.

Heilsugæsla

1. endurspeglar og mótast af efnahagsástandi, félags-, menningar- og stjórnmálaeinkennum hverrar þjóðar og hvers byggðarlags.

Hún byggir á útfærslu raunhæfra niðurstaðna félags-, læknisfræði- og heilbrigðisþjónusturannsókna og á reynslu á sviði heilbrigðisfræðinnar;

2. tekst á við aðalheilbrigðisvandamál hverrar byggðar og í samræmi við það er stuðlað að bættu heilsufari og unnið að heilsuvernd, lækningum og endurhæfingu;
3. felur í sér hið minnsta: fræðslu um þau heilbrigðisvandamál, sem uppi eru á hverjum tíma og um aðferðir til þess að halda þeim í skefjum eða tiltækar eru til að leysa þau vandamál að fullu; að bæta mataræði og næringu; að tryggja heilnæmt drykkjarvatn, viðunandi frárennsli og förgun úrgangs; mæðra- og barnaeftirlit, ásamt fjölskylduráðgjöf; ónæmisaðerðir gegn helstu smitsjúkdómum; forvörn gegn og eftirlit með landlægum kvillum; viðeigandi meðferð algengra sjúkdóma, meiðsla og slysa; að nauðsynleg lyf séu tiltæk;
4. nýtir, auk heilbrigðisgeirans, öll þróunarsvið innan ríkis og sveitarfélaga, sérstaklega að því er varðar jarðrækt, búfjárrækt, matvörur, iðnað menntun, húsnæði, opinberar framkvæmdir, samgöngu- og fjarskiptamál og gerir kröfu til samstillts átaks á öllum þessum sviðum;
5. krefst og stuðlar að hámarkspátttöku einstaklinga og byggða og krefst þess og stuðlar að því, að viðkomandi aðilar séu sem allra mest sjálfum sér nægir, hvort tveggja, varðandi áætlanagerð, skipulag, rekstur og stjórnun heilsugæslu, þar sem nýtt eru að fullu þau úrræði, er til boða standa á vegum sveitarfélags, ríkis, sem og annarra; í þessu skyni er séð fyrir viðeigandi menntun, sem stuðlar að því að byggðir geti rækt verkefni sín;
6. skal studd samhæfðu, virku og gagnkvæmu tilvísunarkerfi, sem leiðir til stigbættrar, alhliða heilbrigðisþjónustu, þar sem forgang hafa þeir, sem mesta hafa þörfina;
7. byggist á störfum heilbrigðisstarfsmanna: lækna, hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra, annarra heilbrigðisstarfsmanna og starfsmanna á sviði félagsþjónustu, eftir því sem við á og byggir á alþýðulækningum, þar sem þörf er; starfsmenn skulu fá viðeigandi félags- og tækniþjálfun fyrir hópstarf og til þess að þeir fái svarað heilbrigðisþörfum byggðarinnar.

VIII.

Allar þjóðir skulu á landsvísu marka stefnu og gera áætlanir, er feli í sér að koma á og efla heilsugæslu og sé hún samhæfð við önnur svið og sé hluti alhliða heilbrigðisþjónustu. Í þessu skyni er nauðsyn stjórnmálalegs vilja, er nýtir tiltæk úrræði þjóðar og ytri aðföng á hagkvæman hátt.

IX.

Allar þjóðir skyldu starfa saman í anda þjónustu og samvinnu til þess að tryggja öllum þegnum heilsugæslu, þar sem heilbrigði allra í einu ríki varðar öll önnur ríki og kemur þeim til góða.

Í þessu tilliti er sameiginleg skýrsla Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og Barnahjálparsjóðsins um heilsugæslu traust undirstaða frekari þróunar og útfærslu heilsugæslu um heim allan.

X.

Viðunandi heilbrigðisástandi allra jarðarbúa má ná árið 2000, ef nýtt eru að fullu um heim allan tiltæk úrræði, en nú er verulegum hluta þeirra varið í vopnabúnað og til hernaðarátaka. Raunveruleg stefna í átt til sjálfstæðis, friðar, slökunar og afvopnunar gæti leyst og ætti að leysa úr læðingi aukaúrræði, sem vel væri varið til friðsamlegra nota. Sérstaklega bæri að veita hæfilegum hluta þeirra til þess að stuðla að hröðun efnahags- og félagsþróunar, sem heilsugæslan er mikilvægur hluti af.

Alþjóðaráðstefnan um heilsugæslu hvetur til að sinnt verði brýnum og virkum ráðstöfunum meðal þjóða og á alþjóðavettvangi til þess að þróa og koma á heilsugæslu um heim allan og sérstaklega í þróunarlöndunum í anda tæknisamvinnu og í samræmi við nýja skipun alþjóðaefnahagsmála. Ráðstefnan skorar á ríkisstjórnir, Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina, Barnahjálparsjóðinn og aðrar alþjóðastofnanir, fjölþjóðleg samtök og félagasamsteypur, fjármögnunarstofnanir, alla heilbrigðisstarfsmenn og allt samfélag þjóðanna, að styðja hvers konar skuldbindingar við heilsugæslu og færa aukna tækni- og fjárhagsaðstoð yfir á þetta þjónustusvið, sérstaklega í þróunarlöndum. Ráðstefnan hvetur fyrrgreinda aðila til þess að taka höndum saman um að koma á, þróa og viðhalda heilsugæslu í samræmi við anda og efni þessarar yfirlýsingar.

Alþjóðaráðstefnan um heilsugæslu (The International Conference on Primary Health Care) var haldin 6.-12. september 1978 í Alma-Ata, Kazakh S.S.R. og var til hennar boðað af tveim stofnunum Sameinuðu þjóðanna: World Health Organization og United Nations Childrens Fund. Fundinn sátu fulltrúar eitthundrað þrjátíu og fjögurra ríkja og sextíu og sjö alþjóðastofnana og samtaka. Fulltrúar Íslands voru Páll Sigurðsson, Skúli G. Johnsen og Örn Bjarnason. Birtist hér þýðing þeirra.

Ný skipan alþjóðaefnahagsmála: New International Economic Order (NIEO).

Sameiginleg skýrsla heilbrigðismálastofnunar og barnahjálparsjóðs Sameinuðu þjóðanna (WHO/-UNICEF): Primary Health Care. A joint report by The Director-General of the World Health Organization and The Executive-Director of the United Nations Children's Fund. (Presented at the ICPHC, Alma-Ata). Geneva-New York 1978. ISBN 92 4 154128 8.

Alma-Ata yfirlýsingin er birt í: Alma-Ata 1978. Primary Health Care. Report of the International Conference on Primary Health Care. Alma-Ata, USSR, 6-12 September 1978. WHO Geneva 1978. Health for all Series No. 1 ISBN 92 4 180001 1.

(Úr Læknablaðinu 69, 272—274, 1983.)

Fylgiskjal II.

Páll Sigurðsson

FORVÖRN OG GREINING LANGVINNRA SJÚKDÓMA OG EFTIRLIT MEÐ ÞEIM

Samvinnuverkefni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og nokkurra aðildarþjóða.

INNGANGUR

Langvinnir sjúkdómar hafa á síðustu árum orðið eitt aðalviðfangsefni heilbrigðisþjónustu þróaðra landa. Vonir stóðu til, að viðfangsefni heilbrigðisþjónustunnar yrðu færri, þegar valdi væri náð á smitsjúkdómum, en sú hefur ekki orðið raunin. Hjá þjóðum eins og okkur hafa í stað smitsjúkdómanna komið í vaxandi mæli aðrir sjúkdómar, svo sem hjarta- og æðasjúkdómar, krabbamein, lungnasjúkdómar, gigtsjúkdómar og slys, sumir í raun eins og faraldrar, þegar til lengri tíma er litið.

Um árabil hafa menn hugað að varnaraðgerðum gegn hverjum sjúkdómi fyrir sig og heilbrigðismálastofnun Sameinuðu þjóðanna (WHO) hefur haft forgöngu um slík verkefni, t.d. um hjartasjúkdóma og krabbamein. Hjá okkur þekkjum við þetta sama fyrirkomulag: Krabbameinsfélögin hafa einbeitt sér að illkynja sjúkdómum, greiningu, leit og skráningu; Hjartavernd að hóprannsóknum með tilliti til hjartasjúkdóma; gigtarfélögin að meðferð gigtsjúkdóma og svo mætti lengi telja.

Innan vébanda Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) hefur þeirri skoðun vaxið fylgi á allra síðustu árum, að eigi að nást árangur að ráði við að afstýra þessum sjúkdómum, verði að ráðast að rótum þeirra og taka meira tillit til þess en hingað til, hvað þeir eiga af sameiginlegum orsökum. Orsakir þeirra eru að vísu mjög margþættar og oft alls ekki þekktar. Hins vegar hafa menn smám saman orðið sammála um, að ákveðnir áhættuþættir séu þeim sameiginlegir og sérstakir áhættuþættir séu til fyrir nokkra sjúkdóma.

Um 1950 var því fyrst hreyft innan WHO að skynsamlegt væri að setja upp verkefni, þar sem reynt yrði að ráðast gegn mörgum sjúkdómum samtímis. Ekki varð þó af framkvæmdum, en málið var endurvakið og síðustu 5-6 ár hefur það verið í sviðsljósinu og nokkrir vinnuhópar og fundir fjallað um málið af hálfu WHO. Hjá stofnuninni er málið nú á því stigi, að ákveðið hefur verið að bjóða átta þjóðum að taka þátt í verkefni af þessu tagi og Ísland er eitt þeirra landa, sem fengið hafa slíkt boð.

VERKEFNIÐ

er í höndum svæðisskrifstofu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (World Health Organization, Regional Office for Europe) í Kaupmannahöfn. Skrifstofunni er skipt í deildir: Stjórnun og fjármál, heilbrigðisskýrslur og tölfræði, rannsóknir og áætlanir, umhverfisheilsuvernd, þróun heilbrigðisþjónustu og að lokum *forvarnarstarf og eftirlit með sjúkdómum* og fjallar sú deild um verkefnið.

Lengi vel voru langvinnir sjúkdómar allir í einum flokki hjá WHO/EURO. Síðustu ár hefur þetta breyst og krabbamein fékk sérstakan umsjónarmann 1979 og slys 1981. Nú eru í áðurnefndri deild sérstakir stjórnendur, sem fjalla um langvinna sjúkdóma (þar undir hjartasjúkdómar), krabbamein, geðsjúkdóma, tannsjúkdóma og slys.

Áður en lengra er haldið, er rétt að geta þess, hvað sérstaklega hefur þótt áhugavert í þessum flokkum hingað til og hvað er á dagskrá hjá WHO/EURO.

1.1 Hjartasjúkdómar

Aðalverkefni nú:

1.1.1. Að auka þekkingu á tengslum umhverfismála og hegðunar einstaklinga og þróunar ýmissa langvinnra sjúkdóma, þ.á m. hjartasjúkdóma.

1.1.2. Að meta þá tækni í skurð- og lyflæknisfræði, sem getur haft auka- og hliðarverkanir.

1.1.3. Að kanna þau forvarnar-eftirlitskerfi, sem tiltæk eru og eftirsóknarverð þykja.

Þau eftirlitskerfi og verkefni, sem nú eru á stokkunum fyrir tímabilið 1983 til 1985 eru:

Að kanna gang hjartasjúkdóma og forvörn gegn þeim,

að kanna þróun eftirlitskerfa,
að meta þróun og framfarir í greiningu og meðferð,
að skilgreina og kanna hegðunar- og umhverfisþætti,
að vinna að matsaðferðum á gildi greiningaraðferða og læknismeðferðar.

1.2. Krabbamein

Á Evrópusvæðinu eru upplýsingar um dánartölur góðar, en af skornum skammti um sjúkdómatíðni. Engar upplýsingar eru um þjáningar eða fjárhagstjón, enda erfitt að meta. Eftirlitskerfi með krabbameini er betra í Evrópu en á öðrum svæðum WHO. Víðast virðist bilið aukast milli getu til forvarnarstarfs og meðferðar, þegar sjúkdómur hefur greinst.

Síðustu fimm ár hefur starfið beinst að eftirfarandi þáttum:

1.2.1. Könnun á menntun þeirra, sem annast krabbameinsmeðferð.

1.2.2. Þjónustu við börn, sem fá krabbamein.

1.2.3. Mat á reynslu þjóða af krabbameinsleit í leghálsi.

1.2.4. Þróun krabbameinsleitarstöðva og tengsl þeirra við heilsugæslu.

1.2.5. Notkun meðferðarkerfa við krabbameinsmeðferð (Model health care programme).

Verkefni þessa árs eru aðallega: Mat á eftirlitskerfum einstakra þjóða og um mat á félagslegum og sálrænum áhrifum krabbameinsleitar og -eftirlits.

1.3 Slysavarnir

Þau verkefni, sem nú eru á dagskrá hjá þessari deild, hafa fyrst og fremst tekið til eftirfarandi atriða:

1.3.1. Hlutverk heilbrigðisþjónustunnar í forvörn gegn umferðarslysum.

1.3.2. Samband milli umferðaslysa og heilbrigðis almennt.

1.3.3. Afstýring umferðarslysa hjá áhættuhópum.

1.3.4. Menntun og upplýsingastreymi.

Verkefni sem eru framundan: Landsáætlanir til varnar gegn umferðarslysum og slysum af

Tafla I. *Fyrirkomulag varna og eftirlits.*

	Varnaraðgerðir		
Sjúkdómar	Fyrsta stig	Annað stig	Þriðja stig
Hjarta- og æðasjúkdómar	Reykingavarnir Fæðuval	Finna og lækna áhættuhópa	Hindra að ástand versni. Endurhæfing
Illkynja sjúkdómar	Reykingavarnir Fæðuval Mengunarvarnir	Finna og lækna áhættuhópa	Hindra að ástand versni. Endurhæfing
Sykursýki	Fæðuval	Finna og lækna áhættuhópa	Hindra að ástand versni. Endurhæfing
Lungnasjúkdómar	Reykingavarnir Mengunarvarnir Ofnæmisvarnir	Finna og lækna áhættuhópa	Hindra að ástand versni. Endurhæfing
Slys	Upplýsingar Kennsla Slysavarnir	Finna áhættuhópa Slysameðferð	Hindra að ástand versni. Endurhæfing
Meðfæddir gallar	Vita um lyf og efni sem valda fósturskaða. Erfðakönnun	Fósturgreining	Hindra að ástand versni. Endurhæfing
Tannsjúkdómar	Uppeldi Kennsla *Flúorgjöf*	Tannvernd	Hindra að ástand versni
Geðsjúkdómar og félagslegir kvillar	Fjölskylduáætlanir	0	Endurhæfing
Heila- og taugasjúkdómar	0	0	Endurhæfing
Bæklunarsjúkdómar	0	0	Endurhæfing
Augn- og eyrnasjúkdómar	Ónæmisaðgerðir	Finna og lækna áhættuhópa	Endurhæfing

öðru tagi. Skipulag meðferðar slasaðra. Þjálfun eftirlitsaðila í afstýringu slysa.

1.4 Geðsjúkdómar

Hjá WHO hafa farið fram einstakar kannanir á þjónustu við geðsjúka s.l. tíu ár en forvarnarstarf er lítt þekkt. Talið er, að mjög fá svið geð- og taugasjúkdóma séu þess eðlis, að það starf nýtist, sem á að miða að því að afstýra þessum sjúkdómum. Undir geðsjúkdóma koma hér að nokkru leyti áfengis- og lyfjaofnotkun, en að nokkru leyti eru þetta sérstök verkefni.

1.5. Tannsjúkdómar

Forvörn felst fyrst og fremst í uppeldi og upplýsingum um matarvenjur og tannhirðu. Lögð er áhersla á skipulag tannlæknaþjónustu og flúormeðferð sem skipulagðri varnaraðgerð.

ÁHÆTTUÞÆTTIR

Á fundum WHO, sem hafa verið haldnir um langvinna sjúkdóma, hefur síðustu 4-6 ár verið rætt um sérstaka og sameiginlega áhættuþætti, sem valdið gætu þessum sjúkdómum. Hér er um að ræða marga þætti og hefur málið verið athugað frá ýmsum sjónarhornum:

Í töflu I er lýst fyrirkomulagi varna og eftirlits. Rannsóknir varðandi alla þessa sjúkdóma beinast að orsök og árangri meðferðar. Í

Tafla II. *Nokkur dæmi um forvörn, eftirlit og meðferð.*

	Löggjöf	Heilbrigðisþjónusta	Hegðunarbreyting
Fyrsta stig	Skattur: Tóbak, áfengi sælgæti. Varnaðarorð á söluvöru og auglýsingabann Mengunarvarnir Flúornotkun	Upplýsingar Heilbrigðisfræðsla	Reykingar Áfengisofnot Fæðuval Þjálfun
Annað stig	Lög og reglur um heilbrigðismál og skyld mál (aldraða, fatlaða, vinnuvernd, tryggingar)	Leit að: Háþrýstingi, sykursýki, krabbameini, fóstursköðum.	Fara að ráðum heilbrigðisstarfsfólks um heilbrigðara líferni
Þriðja stig	Reglur um fyrirkomulag og skipulag heilbrigðis- og félagslegrar þjónustu	Meðferð Endurhæfing	Þekkja takmörk og tilgang meðferðar

Tafla III. *Forvarnarstarf og framkvæmdaaðilar.*

Vettvangur	Sjúkdómar	Aðili
I. Hátterni Hegðun		
Tóbak — Áfengi Mataræði — Þjálfun	Hjarta-, lungna- lifrar- og illkynja sjúkdómar og sykursýki	1/2/3*
II. Sérhópar		
Kyn/aldur ø + 0/30 + Þyngd, blóðþrýstingur, þvagsykur	Hjartasjúkdómar, heilablæðing, sykursýki	2
0/35 + Leghálsskoðun	Leghálskrabbi	2
III. Verðandi mæður		
Fósturskoðun	Meðfæddir gallar	2
IV. Sérstakir starfshópar		
Vinnuaðstaða og umhverfi	Hjarta-, lungna-, gigt- og illkynja sjúkdómar, slys	1/2/3
V. Lög og reglur		
Loft, vatn, matvæli, húsnæði, umferð, tóbak, áfengi	Hjarta-, lungna-, tann- og illkynja sjúkdómar, slys	1

*) 1 = Löggjöf 2 = Heilbrigðisþjónusta 3 = Einstaklingar (Hegðunarbreytingar).

næstu töflu eru sýnd dæmi um forvörn, meðferð og eftirlit. Í þriðju töflu er fjallað um forvarnarstarf og framkvæmdaaðila.

Í október 1982 var haldinn fundur í WHO/EURO, þar sem öll fyrirliggjandi gögn voru tekin til endurskoðunar. Á þessum fundi var greinarhöfundur skýrsluritari (rapporteur).

Hópurinn tók sér fyrir hendur að setja nýjar viðmiðunarreglur og tók 12-17 áhættuþætti og tengdi þá sjúkdómum. Í töflu IV eru tengdir saman áhættuþættir og aðgerðir og í fimmtu töflu er fjallað um verkefnaskiptingu milli heilbrigðis- og félagsþjónustu og annarra aðila, samanber og lið 3.4 hér á eftir. Í sjöttu töflunni er fjallað um svið aðgerða.

Niðurstaða þessa vinnuhóps var ótvírætt, að þeir þættir, sem hefðu mest áhrif á heilsufar væru: Reykingar, áfengi, fæðuval, offita, umhverfisþættir og starfsumhverfi. Hópurinn var sammála um, að reykingar, áfengisneysla, mataræði, offita og lyfjaát eru mikilvægir þættir, þegar rætt er um hjartasjúkdóma, heilablóðfall, krabbamein, slys, geðsjúkdóma og sykursýki. Ennfremur að sérstök starfsemi, sem beint er gegn þessum þáttum, sé líkleg til að skila árangri, þegar til langs tíma er litið.

MEGINÞÆTTIR SAMHÆFÐS VERKEFNIS

2.1. Tilgangur

Að bæta heilsufar með forvörn gegn langvinnum sjúkdómum.

2.2 Markmið

Að gera þjóðum innan WHO kleift að koma á samvirkri starfsemi til þess að afstýra sjúkdómum, greina þá snemma og minnka jafnframt áhættuþætti og draga þannig úr fötlun, sjúkleika og dauðsföllum vegna hjartasjúkdóma, heilablæðinga, krabbameins, slysa, geðsjúkdóma og sykursýki. Jafnframt skal kappkostað, að heilsugæslukerfið taki upp þá þætti, sem nauðsynlegir verða og eru í þess verkahring.

2.3 Sérstök markmið

2.3.1. Að samhæfa aðgerðir til þess að afstýra og draga úr langvinnum sjúkdómum. Til þess þarf að setja á laggirnar kerfi aðgerða og verkefna.

2.3.2. Að setja upp upplýsingakerfi, skráningarkerfi og sérstakt kerfi heilsufarsstaðla.

2.3.3. Að kveða á um áhrif sérstakra áhættuþátta.

Tafla IV. *Áhættuþættir og aðgerðir, sem álitið er að geti haft áhrif.*

Áhættuþættir	Aðgerðir: Kynning Fræðsla	Löggjöf	Skipuleg leit	Meðferð
Reykingar ...	+	+	+	+
Mataræði ...	+	+	+	○
Offita	+	○	+	+
Áfengi	+	+	+	+
Lyf	+	+	+	+
Umhverfi ...	+	+	+	+
Starf	+	+	+	+

+ = Mögulegt að hafi áhrif,
○ = Ólíklegt að hafi áhrif

Tafla V. *Aðilar aðgerða og áhrif aðgerða.*

Áhættuþættir	Heilbrigðis- og félagsleg þjónusta	Aðrir aðilar, sem þátt eiga í aðgerðum*
Reykingar	+ + +	+ + +
Mataræði	+ +	+ +
Offita	+ + +	○
Áfengi	+ + +	+ + +
Lyf	+ +	+ +
Umhverfi	+	+ + +
Starf	+	+ +

*) Sjá lið 3.4 í textanum: Verkaskipting aðila.

Tafla VI. *Svið aðgerða.*

Áhættuþættir	Einstaklingur	Fjölskylda	Sveitarfélag	Land	Samvinna þjóða
Reykingar	+ + +	+ + +	+ + +	+ + +	+ + +
Mataræði	+ + +	+ + +	+ +	+	+
Offita	+ + +	+ +	?	?	?
Áfengi ...	+ + +	+ +	+ +	+ +	+
Lyf	+ + +	+ +	+ +	+ +	+
Umhverfi	+	+	+ +	+ + +	+ +
Starf	+ +	+	+ +	+ + +	+

2.3.4. Að þróa samvirka starfsemi til menntunar og almennra upplýsinga um varnir gegn áhættuþáttum og þar með gegn langvinnum sjúkdómum.

2.3.5. Að stuðla að rannsóknum á langvinnum sjúkdómum, eftirliti með þeim og forvörn gegn þeim.

2.3.6. Að meta árangur þessa starfs.

2.4 Framkvæmd forvarnarstarfs

Stefnt er að því að nýta þá starfsemi, sem þegar er skipulögð, einkum heilsugæslu og útvíkka hana. Nokkra verkþætti ber að nefna sérstaklega:

2.4.1. Að finna áhættuhópa og leita aðgerða til varna. Áhætta er mismikil milli aldurs og kynhópa, svo sem barna vegna slysa, miðaldra karla vegna hjartasjúkdóma og krabbameins miðaldra kvenna vegna krabba og aldraðra vegna slysa og geðsjúkdóma.

2.4.2. Að skilgreina hegðunar- og persónuþætti. Hér er um að ræða reykinga-, drykkju- og matarvenjur einstaklinga og hvernig við skuli brugðist. Lífstíl einstaklinga og hópa þarf að endurskoða og beina á hollari brautir sé þess þörf og gera hvern einstakling sér fyllilega meðvitandi um áhættuþætti, sem geta haft áhrif á heilsu hans.

2.4.3. Að skilgreina umhverfisþætti, sem hafa eða geta haft áhrif á langvinna sjúkdóma.

2.4.4. Að endurskoða leitarkerfi vegna sjúkdóma til þess að finna og lækna sjúkdóma á frumstigi og byrjunarstigi. Leit þarf að skipuleggja til að finna á frumstigi sjúkdóma eins og háþrýsting, krabbamein, sykursýki, svo og áhættuþætti svo sem reykingar, áfengisofnot og offitu.

2.4.5. Að byggja upp eftirlitskerfi.

2.4.6. Að bæta meðferðarkerfi.

VERKEFNIÐ OG FRAMKVÆMD ÞESS

3.1. Áður en farið verður af stað með verkefnið, þurfa þær þjóðir, sem taka þátt í því, að gera grein fyrir stöðu mála hjá sér, svo eftir á verði hægt að meta, hvað áunnist hefur. Upplýsingar af ýmsu tagi þurfa að vera fyrir hendi, svo sem almennar upplýsingar um þjóðina, landið og þjóðfélagið:

3.1.1. Saga, landafræði, loftslag.

3.1.2. Þjóðfræði, dreifing mannfjölda.

3.1.3. Atvinna.

3.1.4. Menntun.

3.1.5. Félags- og efnahagsaðstoð.

3.1.6. Heilbrigðisástand: Lífslíkur, dánartölur, fæðingartölur, barnadauði, dauði af sérstökum sjúkdómum, sjúkdómatíðni.

3.1.7. Skipulag heilbrigðisþjónustu: Heilsugæsla, sjúkrahús, ónæmisreglur, mæðra- og ungbarnaeftirlit, leitarkerfi (krabbi, berklar, sykursýki, annað), heilbrigðisfræðsla.

3.1.8. Heilbrigðisstarfslið, fjöldi, starfsstéttir.

3.2 Ábyrgðaraðili

Gert er ráð fyrir, að heilbrigðismálaráðherra sé ábyrgur fyrir verkefninu, en önnur ráðuneyti og stofnanir verði meðvirk. Líklegt er, að ráðherra kjósi að setja á laggir *samvinnunefnd*, sem yrði samsett á mismunandi vegu eftir skipulagi heima fyrir. Hjá okkur þarf a.m.k. að virkja eftirtalda aðila í slíka nefnd: Yfirvöld fjármála, menntamála, samgöngumála og landbúnaðar, starfslið í heilbrigðisþjónustu og kennarasamtök, starfslið fjölmiðla og aðila vinnumarkaðarins. Ennfremur samtök svo sem: Íþrótta- og skátafélög, neytendasamtök, kirkjufélög og félög áhugafólks um heilbrigðismál.

Verkefni samvinnunefndar verða:

að setja aðalreglur um starfið,
að setja aðalmarkmið og sérstök undirmarkmið
að samhæfa starf hinna ýmsu aðila.

3.3 Framkvæmdastjórn

Nauðsynlegt mun reynast fyrir ráðuneytið að setja þessu verkefni sérstakan framkvæmdastjóra til þess sjá um dagleg verkefni og eftirlit Hagkvæmast er, að hann sé læknismenntaður og verði yfirlæknir starfandi í ráðuneytinu.

Eftirtalin atriði eru á verkefnaskrá framkvæmdastjóra:

Semja framkvæmdaáætlun í smáatriðum, samhæfa starfsemi hinna ýmsu aðila, sem að málunum vinna, samhæfa landsáætlun vegna WHO, fylgjast með að framkvæmd sé í samræmi við áætlun og leiðbeina um framkvæmd, vera tengiliður við WHO, safna gögnum um starfið og meta árangur.

3.4 Verkaskipting ýmissa aðila

3.4.1. Heilbrigðisyfirvöld: Ábyrgð á landsáætlun um verkefnið og framkvæmd þess, kanna það upplýsingaflæði, sem nú er og hvernig það nýtist til skráningar þeirra upplýsinga, sem krafist er af WHO og til mats á verkefni. Viðræður við starfslið í heilbrigðisþjónustu um verkefnið. Viðræður við menntamálayfirvöld og skólastjórnendur um breytingar eða viðbætur við námsskrár til að koma til móts við kynningu í anda verkefnisins. Taka ávörðun um, hver beri ábyrgð á framkvæmd hinna ýmsu starfsþátta innan heilsugæslunnar og gera samninga við stofnanir um framkvæmd tiltekinna verkþátta (t.d. krabbameinsfélög, Hjartavernd). Skipuleggja sjónvarpsþætti um forvarnarstarf, aðallega upplýsingar um áhættuþætti. Semja efni fyrir blöð og útvarp. Gangast fyrir ráðstefnum og kynningarfundum meðal starfsliðs og almenn-

ings. Koma á hollum neysluvenjum og umgengnisvenjum á sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnunum (mataræði, reykingar).

Slysavarnir og meðferð slasaðra. Umhverfisvernd (hreint vatn, hreint loft), matvælaeftirlit, merking vöru, aukefni.

3.4.2. Landbúnaðar-, verslunar- og iðnframleiðsluyfirvöld: Reglur um framleiðslu neysluvöru (t.d. fituinnihald).

3.4.3. Menntamálayfirvöld: Koma samræmdum upplýsingum um eigin ábyrgð á heilsufari í námsskrár grunnskóla. Endurskoða námsskrár með tilliti til heilbrigðisfræðslu. Leita annarra leiða til að koma vitneskju um holla lifnaðarhætti til barna og unglinga. Gera foreldrum grein fyrir ábyrgð þeirra á að byggja upp heilbrigðar venjur barna og á því fordæmi, er þeir skapa.

3.4.4. Fjármálayfirvöld: Fjármálaaðgerðir, sem hafa áhrif á neyslu, svo sem sköttun á tóbaki, áfengi, sælgæti og gosdrykkjum og niðurgreiðslu á hollum vörum, t.d. brauðmeti, fitulitlum mjólkurmat, fersku grænmeti og ávöxtum.

3.4.5. Félags- og samgöngumálayfirvöld: Hollur vinnustaður, vegagerð, sjóslys, flugslys.

3.4.6. Dómsmálayfirvöld: Ökuréttindi, viðurlög við ölvun við akstur, eftirlit ökutækja, bílbelti.

3.4.7. Aðrir aðilar með sérstök verkefni: Fjölmiðlar. Ýmis áhugamannafélög. Stéttarfélög. Kirkjufélög.

3.5 Mannafli

Í upphafi er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir mannaflaþörf vegna þessa verkefnis. Mannaflaþörf mun verða mismikil eftir skipulagi heilsugæslustarfs í hverju landi. Hjá okkur verður að kanna rækilega, hvort heilsugæslustöðvar geta tekið að sér þetta verkefni án þess að bæta við verulegum mannafla. Íhuga þarf einnig, hvort hentugt sé, að stjórn heilsugæslustöðvar eða sérstök verkefnisstjórn annist umsjón heima fyrir.

Ég hef talið, að stjórnaraðilar, þ.e. framkvæmdastjóri með læknismenntun og hjúkrunarfræðingur með heilsugæslumenntun, ásamt ritara, yrði það starfslið, sem í byrjun yrði ráðið og ekki þyddi að hefja verkefnið, nema heimild fengist fyrir þessu starfsliði.

GAGNAÖFLUN OG MAT ÁRANGURS

Í áætlun WHO er mikil áhersla lögð á að afla upplýsinga um árangur, til þess að hægt sé að gera sér grein fyrir gagnsemi eða gagnsleysi verkefnisins. Til þess að þetta verði hægt þarf frá byrjun að skipuleggja ákveðna gagnaöflun. Allir gera sér þó ijóst, að breytingar á tíðni langvinnra sjúkdóma gerast hægt, þannig að 5-10 ár geta liðið áður en vissa er fyrir árangri. Þó er hægt að fá upplýsingar um breytta hegðun og breytingar á venjum með sérstökum hóprannsóknum og þannig hægt að vita um einstök og sérstök atriði og tilhneigingar.

Vert er að gera sér ljóst, að ekki er gert ráð fyrir neinum viðmiðunarhópi til að gera samanburð við, þannig að viðmiðun verður einkum við ástand einstakra þátta eins og þeir voru fyrir upphaf verkefnis.

STAÐA MÁLSINS NÚ

4.1. Samningsuppkast liggur fyrir milli WHO/EURO og hverrar þjóðar fyrir sig.

4.2 Austur-Þýskalandi, Búlgaríu, Finnlandi, Íslandi, Júgóslavíu, Litháen, Möltu og Ungverjandi hefur verið boðið að taka þátt í verkefninu.

4.3. Fundir með þátttökuþjóðunum voru haldnir í júní 1983:

Vikufundur um stjórnun og áætlanagerð fyrir þá, sem stjórna verkefni í hverju landi, þriggja daga fundur, þar sem ræddar voru áætlanir þjóðanna um framkvæmd og tveggja daga fundur um aðild fjölmiðla að verkefninu.

4.4. Langt er komið gerð leiðbeininga til þjóðanna, hvernig þær standi að undirbúningi og hvaða grunnupplýsingar um ástand heima fyrir þurfi að leggja fram í upphafi starfsins.

4.5. Yfirstjórn verkefnisins er sameiginleg milli Genfar og Hafnar og er þegar til sérstök stjórnarnefnd verkefnisins, bæði fyrir Evrópusvæðið og að því er varðar fjölþjóðasamvinnu.

4.6. Í Höfn er verkefnið undir stjórn deildarstjóra þess, er fjallar um langvinna sjúkdóma, en ráðgert er að sérstakur verkefnisstjóri taki við, þegar fram í sækir, sennilega í byrjun árs 1984.

LOKAORÐ

Í stuttu máli hef ég reynt að gera grein fyrir nýju verkefni, sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunin býður nokkrum þjóðum að fara af stað með. Ýmislegt er enn óljóst um framkvæmd og fyrirhugað fyrirkomulag. Hinu má ekki gleyma, að hugmyndin er fram komin vegna þess, hve menn standa varnarlausir og máttvana gagnvart skæðustu sjúkdómum nútímans. Þetta verkefni er tilraun til nýs átaks og

öðrum aðferðum verður beitt en áður hafa verið reyndar. Hvort tilraunin gefur árangur getur aðeins tíminn leitt í ljós, en reynist það vera, hafa þær þjóðir, sem taka þátt í tilrauninni, fengið um 10-15 ára forskot.

HEIMILDIR

1. Report on a WHO Meeting Copenhgen 4.-8. Oct. 1982 (ICP/CVD 018 (8)). WHO/EURO.
2. Report on a WHO Meeting Geneve 25.-28. OCT. 1982. (NCD/83.1). WHO/GENEVE.
3. Jackson, RH. Aspects of the Preventation of Noncommunicable Diseases Including Accidents. (ICP/CVD 018 (8) 16, Rev. 1.) WHO/EURO.
4. Sigurðsson P. Guidance for Protocol for Country-wide Integrated Programme for the Prevention and Control of Noncommunicable Diseases. (ICP/CVD 018 (11) (12) (13) (16)) WHO/EURO.
5. Tuomiletho J. Information, Systems and Monitoring and Evaluation Methods in Country-wide Integrated Programmes for the Prevention and Control af Noncommunicable Diseases. (ICP/CVD 018 (12) 7) WHO/EURO.

(Úr Læknablaðinu 69, 217—223, 1983.)

Sþ. 64. Fyrirspurn [62. mál]

til menntamálaráðherra um ráðningu Náttúruverndarráðs í stöðu þjóðgarðsvarðar.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

1. Hefur menntamálaráðherra kynnt sér vinnubrögð Náttúruverndarráðs við ráðningu í stöðu þjóðgarðsvarðar í Skaftafelli?
2. Getur ráðherra upplýst hvaða forsendur lágu til grundvallar þeirri ráðningu og til hve langs tíma ráðningin er?
3. Er ráðherra samþykkur því mati Náttúruverndarráðs sem lýsir sér í vali þess úr hópi sex umsækjenda um stöðuna?

Sþ. 65. Svar [15. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kristínar Einarsdóttur um nýtt álver við Straumsvík.

1. Hvaða áform eru uppi um byggingu nýs álvers eða stækkun álversins í Straumsvík?

1.1. Í bráðabirgðasamningi, dags. 23. september 1983, milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, málsgrein 2.1. (c) og málsgrein 3.2., var kveðið á um viðræður við Alusuisse um stækkun álbræðslunnar í Straumsvík í tveimur áföngum sem hvor svaraði til um 40 000 tonna ársafkastagetu, auk viðræðna um orkusölu, skattamál og skyld mál. Viðræður um endurskoðun orkusölu til Ísals og skattamála Ísals höfðu þó forgang og lauk þeim með undirritun þriðja og fjórða viðauka við aðalsamning milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, 5. nóvember 1984 og 11. nóvember 1985. Með undirritun þessara viðauka var gengið frá heildarendurskoðun samninga við Alusuisse um málefni núverandi álbræðslu og þar með lagður grundvöllur þess að unnt væri að fjalla með ábyrgum hætti um stækkun álversins í Straumsvík. Á árinu 1986 var tekið til við að ræða stækkun álversins með þátttöku Alusuisse og í samstarfi við þriðja aðila. Kannaður var áhugi nokkurra aðila, en viðræður leiddu ekki til árangurs. Síðla árs 1986 mótaði yfirstjórn Alusuisse nýja stefnu varðandi samdrátt í hráálsvinnslu félagsins og þar með varð ljóst að Alusuisse hefði ekki hug á að stækka álverið næstu árin.

1.2. Á fundi iðnaðarráðherra og starfshóps iðnaðarráðuneytisins um stækkun álvers með dr. H. Jucker, aðalforstjóra Alusuisse, og dr. T. Tschopp, forstjóra áldeildar Alusuisse, í Zürich 4. febrúar sl. var endanlega staðfest að Alusuisse hefði ekki hug á að stækka álverið í Straumsvík á næstu árum. Í fréttatilkynningu iðnaðarráðuneytisins, dags. 6. febrúar sl., var m.a. gerð svofelld grein fyrir niðurstöðu fundarins:

„Á fundinum var staðfestur sá góði skilningur sem er milli aðila um málefni álversins í Straumsvík.

Á fundinum var sérstaklega rætt um stækkun álversins og í því sambandi voru eftirfarandi atriði staðfest:

1. Alusuisse hefur ákveðið að draga saman starfsemi sína á sviði hráálsbræðslu. Af þessu leiðir að Alusuisse hefur ekki hug á að stækka álverið í Straumsvík á næstu árum.
2. Íslensk stjórnvöld verða nú að taka frumkvæði varðandi stækkun álvers í Straumsvík, en Alusuisse lýsti yfir fullum stuðningi við slík áform, og er fúst til samvinnu í því efni.
3. Hagkvæmt er að samnýta aðstöðuna í Straumsvík, bæði fyrir Ísal og væntanlega samstarfsaðila um stækkun álversins.
4. Á næstu vikum mun af hálfu iðnaðarráðherra verða gengið til könnunarviðræðna við hugsanlega eignar- og samstarfsaðila.“

1.3. Frá því í febrúar hefur verið unnið að málinu og með fréttatilkynningu iðnaðarráðuneytisins 7. september 1987 var m.a. gerð svofelld grein fyrir framvindu verkefnisins:

„Einn þáttur í atvinnustefnu ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar er að halda áfram tilraunum til að stuðla að aukinni fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi, einnig hvað varðar orkufrekan iðnað. Eftir að ljóst varð í febrúar sl. að Alusuisse mundi ekki hafa hug á að stækka álverið í Straumsvík tóku íslensk stjórnvöld frumkvæðið varðandi frekari uppbyggingu áliðju á Íslandi. Starfshópur um stækkun álvers vinnur nú, samkvæmt endurnýjuðu umboði frá Friðrik Sophussyni iðnaðarráðherra, að frumhagkvæmniathugun á 200 000 tonna álbræðslu sem byggð yrði í áföngum við Straumsvík. (Frumathugunin byggir nánar tiltekið á 180 000 tonna álbræðslu samkvæmt nýjustu tækni.)

Fyrr á þessu ári áttu sér stað óformlegar viðræður milli fulltrúa íslenskra stjórnvalda og nokkurra helstu álframleiðenda í Evrópu um myndun samsteypu til að eiga og reka slíkt álver.

Áformað er að álverið verði í eigu nýs sjálfstæðs fyrirtækis og verði rekið óháð Íslenska álfélaginu hf. (Ísal) í Strausmvík en muni nýta þá aðstöðu er fyrir hendi er.

Starfshópurinn gerir ráð fyrir að ljúka frumhagkvæmniathuguninni í nóvembermánuði nk. og munu viðræður við hugsanlega samstarfsaðila þá hefjast að nýju.

1.4. Ofangreind tímaáætlun virðist geta staðist og má gera ráð fyrir að könnunarviðræður við hugsanlega samstarfsaðila hefjist eftir áramót. Leiði þær í ljós frekari áhuga á verkefni þessu yrði stefnt að því að ganga frá stofnun formlegs undirbúningsfélags nýs álvers um mitt næsta sumar. Gert er ráð fyrir að undirbúningsfélagið þurfi um eitt ár til að ljúka fullnaðarhagkvæmniathugun um álverið og til að ganga frá samningum varðandi eiginlegt rekstrarfélag. Endanlegrar ákvörðunar um hugsanlegt álver er því ekki að vænta fyrr en um mitt ár 1989.

1.5. Hvort til byggingar álversins kemur er að sjálfsögðu háð mörgum þáttum, þar á meðal samkeppnisstöðu Íslands gagnvart öðrum löndum sem nú bjóða ódýra orku til álvera, svo sem Kanada, Venesúela og Ástralíu. Á hinn bóginn fer samkeppnisstaða álvera innan Evrópu mjög versnandi þar sem fyrirsjáanlegar eru verulegar hækkanir á orkuverði og

jafnvel samdráttur á orkuframboði á næsta áratug. Margt bendir því til þess að nú sé lag til að ná samningum um nýtt álver. Kemur þar bæði til óvenjuhátt álverð, sérstaklega á síðari hluta þessa árs, sem hefur áhrif á viðhorf álframleiðenda til nýfjárfestingar, og ekki síður sá vandi sem blasir nú við álframleiðendum á meginlandi Evrópu. Hugmyndin er að hluti þessarar evrópsku álframleiðslu flytjist hingað til lands þannig að nýtt álver yrði ekki til aukningar á framleiðslugetu í Evrópu. Tekið skal sérstaklega fram að nýtt álver yrði byggt með nýjustu tækni, aukinni sjálfvirkni og fullkomnustu mengunarvörnum.

2. Hvað er gert ráð fyrir stórri verksmiðju?

Frumáætlun sú, sem unnið er að, gerir ráð fyrir álverksmiðju sem hefði um 180 000 tonna ársframleiðslugetu þegar hún væri fullbyggð.

3. Hvers konar eignaraðild er fyrirhuguð að verksmiðjunni og við hvaða aðila hefur verið rætt um byggingu hennar?

3.1. Til að byggja verksmiðju af þessari stærð þyrfti væntanlega samvinnu þriggja til fimm álfyrirtækja. Af ýmsum ástæðum er talið líklegast að áhugi sé fyrir hendi hjá álfyrirtækjum í Evrópu. Ekki er gert ráð fyrir að íslenska ríkið eigi beina eignaraðild að fyrirtækinu, nema þá að óverulegum hluta.

3.2. Engar samningaviðræður hafa enn átt sér stað, en haft hefur verið samband við helstu álfyrirtæki í Evrópu til að kanna áhuga þeirra. Vegna viðskiptaleyndar er ekki hægt að upplýsa um nöfn þeirra að sinni en það verður gert þegar tímabært er. Ýmsir aðrir aðilar hafa sýnt málinu áhuga.

4. Hver er áætluð orkuþörf nýrrar verksmiðju og hvenær telja stjórnvöld æskilegt að hún taki til starfa?

Árleg orkuþörf 180 000 tonna álvers er áætluð 2500 gWh og reiknað er með að aflþörfin verði rétt um 300 mW. Æskilegt er að verksmiðjan taki til starfa á árunum 1992–1994. Virðist sú tímasetning raunhæf bæði hvað varðar möguleika til orkuafhendingar og vegna samdráttar sem fyrirsjáanlegur er í álframleiðslu í Evrópu.

5. Hvaða áætlanir hafa verið gerðar um byggingu raforkuvera í tengslum við nýtt álver?

5.1. Landsvirkjun á í fórum sínum nokkra verkhannaða virkjunarkosti auk Blönduvirkjunar sem nú er í smíðum. Orkugeta þessara virkjunarkosta ásamt Blönduvirkjun er um 4000 gWh sem er langt umfram þarfir umrædds álvers. Hér við bætist að líklegt er talið að hagkvæmt reynist að framleiða raforku með jarðgufu í náinni framtíð bæði á Nesjavöllum í tengslum við jarðhitavirkjun Hitaveitu Reykjavíkur og á Reykjanesi í tengslum við jarðhitavinnslu Hitaveitu Suðurnesja.

5.2. Val virkjanakosta og röð áfanga fer eftir stærð og tímasetningu einstakra áfanga við byggingu fyrirhugaðs álvers. Þessir virkjunarkostir eru vatnsaflsvirkjanir á Þjórsársvæðinu,

svo sem stækkun Búrfellsvirkjunar ásamt síðasta áfanga Kvíslaveitu, Sultartangavirkjun, virkjun fallsins milli Þórisvatns og Sigölduvirkjunar, þ.e. Vatnsfellsvirkjun, Fljótsdalsvirkjun, Villinganesvirkjun, svo og jarðgufuvirkjanir á Nesjavöllum og á Reykjanesi eins og áður er að vikið.

6. Hvaða aðilar hafa unnið að málinu af hálfu íslenskra stjórnvalda og hvar hefur ráðgjafar verið leitað?

6.1. Svo sem fyrr er getið vinnur sérstakur starfshópur um stækkun álvers að málinu, en hann skipa:
Dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, formaður.
Birgir Ísl. Gunnarsson alþm. (febrúar til júlí 1987).
Dr. Gunnar G. Schram prófessor.
Guðmundur G. Þórarinsson alþm.
Dr. Geir A. Gunnlausgson framkvæmdastjóri (frá ágúst 1987).
Með starfshópnum starfa Garðar Ingvarsson hagfræðingur, sem er ritari starfshópsins, og Halldór J. Kristjánsson, yfirlögfræðingur í iðnaðarráðuneytinu.

6.2. Ráðgjafar og upplýsinga hefur verið leitað hjá eftirgreindum aðilum:
Landsvirkjun.
Íslenska járnblendifélaginu hf.
VST, ráðgjafarverkfræðingum, Reykjavík.
Alusuisse og Ísal.
Aluval — Aluminium Pechiney, Voreppe, Frakklandi.
Commodities Research Unit, London, Bretlandi.
Hydro Aluminium, Ósló, Noregi (sem arftaka ASV).
James F. King, ráðgjafarþjónusta, Newcastle, Bretlandi.
PHM Advisory Services, dr. Paul H. Mueller, Zürich, Sviss.

6.3. Auk fyrrgreindra aðila hafa þau álfyrirtæki, sem tekið hafa þátt í frumkönnunarviðræðum, veitt ýmsar upplýsingar sem að gagni koma við gerð frumhagkvæmniathugunarinnar. Byggt er á tækni frá franska álfyrirtækinu Aluminium Pechiney, en hliðsjón höfð af tækni Hydro Aluminium.

7. Hvað hafa þessar athuganir kostað og hvernig skiptist kostnaðurinn?

Frá því ákvörðun var tekin um athugun á byggingu nýs álvers við Straumsvík 4. febrúar sl. til 23. október 1987 hefur gjaldfærður kostnaður verið þessi:

Laun og sérfræðiþjónusta	2 603 890 kr.
Ferðakostnaður	444 089 kr.
Fundakostnaður o.fl.	273 354 kr.
Samtals	3 321 333 kr.

Meðfylgjandi er uppdráttur er sýnir þá staðsetningu verksmiðjunnar sem stuðst verður við í frumhagkvæmniathuguninni en uppdrátturinn felur ekki í sér neitt endanlegt mat á því hvar nýju álveri við Straumsvík verður valinn staður.



Ed. 66. Frumvarp lánsfjárlaga [63. mál]

fyrir árið 1988.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka allt að 4 200 000 þús. kr. lán innan lands á árinu 1988.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1988 og þessara laga.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 600 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum fyrirtækisins. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán, sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þeirri grein án samþykkis eignaraðila, hluti af ofangreindri fjárhæð.

4. gr.

Þróunarfélagi Íslands hf. er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 50 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að efla nýjungar í atvinnulífi.

5. gr.

Heimilt er að taka lán vegna framkvæmda og skuldbreytingar sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra sem hér segir:

1. Hitaveita Akureyrar, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 120 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Egilsstaða og Fella, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 8 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Eyra, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 10 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Aðrar framkvæmdir eða skuldbreytingar, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 112 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er heimilt að taka innlend lán að fjárhæð allt að 100 000 þús. kr.

6. gr.

Byggðastofnun er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 350 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

7. gr.

Herjólfi hf., Vestmannaeyjum, er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð 100 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til hönnunar og smíði ferju.

8. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar og endurlána þeim aðilum, sem nefndir eru í 3.–7. gr., með þeim kjörum sem og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

II. KAFLI

9. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, skal framlag ríkssjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins eigi nema hærri fjárhæð en 34 600 þús. kr. á árinu 1988 og er framlagið vegna Lífeyrissjóðs bænda.

10. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs falla niður á árinu 1988.

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tölul. 35. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra að meðtöldum tekjum af erfðafjárskatti eigi fara fram úr 180 000 þús. kr. á árinu 1988.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 2. gr. laga nr. 34/1979, um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands falla niður á árinu 1988.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 31. gr. laga nr. 69/1984, hafnalaga, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 20 000 þús. kr. á árinu 1988.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs falla niður á árinu 1988.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 3. gr. laga nr. 55/1984, um breytingu á lögum um Iðnlánasjóð, skal framlag ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs falla niður á árinu 1988.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum eigi nema hærri fjárhæð en 28 000 þús. kr. á árinu 1988.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 40 000 þús. kr. á árinu 1988.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 50/1957, um menningarsjóð, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi fara fram úr 9 090 þús. kr. á árinu 1988.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laga nr. 32/1979, um framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, falla þær greiðslur niður á árinu 1988 og skulu þess í stað greiðast af tekjum Stofnlánadeildar landbúnaðarins skv. 2. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 64/1981, sbr. lög nr. 10/1985 og lög nr. 55/1986, um atvinnuleysistryggingar, skal heildarframlag ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs skv. 4. gr. fjárlaga eigi fara fram úr 500 000 þús. kr. á árinu 1988.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1988 vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. laga nr. 56/1987, jarðræktarlaga, skal framlag ríkissjóðs til jarðabóta eigi fara fram úr 100 000 þús. kr. á árinu 1988.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 31/1973, um framlög til búfjárræktar, skal framlag ríkissjóðs vegna búfjárræktarstyrkja falla niður á árinu 1988.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka, skal framlag ríkissjóðs vegna bóta fyrir eyðingu refa og minka falla niður á árinu 1988.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 19/1986, um fjáröflun til vegagerðar, skal framlag ríkissjóðs til vegamála eigi fara fram úr 2 850 000 þús. kr. á árinu 1988.

26. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs falla niður á árinu 1988.

27. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 1988 eigi nema hærri fjárhæð en 1 485 000 þús. kr.

III. KAFLI

28. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku skammtímalána og/eða veltilána er honum heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að selja skuldabréf að því marki sem þarf til að standa undir endurgreiðslu spariskírteina með óhagstæðum kjörum og endurgreidd eru vegna uppsagnar fyrir eindaga.

29. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta, þar sem mótaðili ríkissjóðs í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánum sem ríkissjóður tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Ríkissjóður tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.

Enn fremur er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að samþykkja slík skulda- og/eða vaxtaskipti lána sem tryggð eru með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs, enda séu að mati fjármálaráðherra nægar tryggingar fyrir ábyrgð ríkissjóðs þegar til slíkra samninga er stofnað.

30. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán þegar lánstími er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftatíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983, þannig að fari samanlögð fjárhæð lána samkvæmt þessari grein og 3. gr. laga þessara fram úr 5% af höfuðstóli skal leitað samþykkis eignaraðila.

31. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán hjá Seðlabanka Íslands að fjárhæð allt að 100 000 þús. kr. á árinu 1987.

32. gr.

Lántökuheimildir skv. I. kafla gilda á árinu 1988. Heimildir samkvæmt lögum þessum verða þó nýttar til 1. júlí 1989 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra komi til.

33. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt þessu frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1988 eru heildarlántökur, að frátöldum lánum innlánsstofnana til fyrirtækja og heimila, áætlaðar um 20 250 m.kr. samanborið við 17 960 m.kr. í lánsfjárlögum 1987. Ráðgert er að afla 12 250 m.kr. innan lands á árinu 1988 og 8 000 m.kr. með erlendum lántökum. Greiðslur þjóðarbúsins af löngum erlendum lánum eru áætlaðar alls 12 700 m.kr. á árinu 1988, þar af eru afborganir 6 200 m.kr. og vextir 6 500 m.kr. Hreinar erlendar lántökur til langs tíma nema því 1 800 m.kr.

Innlend lánsfjáröflun. Af innlendum lántökum eru skuldabréfakaup lífeyrissjóða veigamest eða um 6,2 milljarðar króna. Afgangurinn skiptist á sölu spariskírteina, verðbréfakaup banka og aðra innlenda lántöku. Hlutdeild innlendrar fjármögnunar eykst talsvert milli ára eða um 6 prósentur sem hlutfall af heildarlántökum á lánsfjáráætlun og verður um 60%. Yfirlitið hér að neðan sýnir innlendu lánsfjáröflunina samkvæmt lánsfjárlögum í ár og frumvarpi 1988. Jafnframt eru þar sýndar horfur á útkomu yfirstandandi árs að svo miklu leyti sem þær liggja fyrir.

	Lánsfjár-lög 1987	Áætluð útkoma 1987	Frumvarp 1988
Sala spariskírteina	**1.500**	**1.500**	**3.000**
Verðbréfakaup bankakerfis	**2.070**	**2.096**	**1.480**
Af ríkissjóði	1.650	1.716	1.200
Af Framkvæmdasjóði	420	380	280
Skuldabréfakaup lífeyrissjóða	**5.805**	...	**6.170**
Af ríkissjóði	1.300	800	–
Af húsbyggingasjóðum	3.765	4.590	6.110
Af fjárfestingarlánasjóðum	740	...	60
Önnur innlend lánsfjáröflun	**370**	...	**1.600**
Innlend lánsfjáröflun alls	**9.745**	...	**12.250**
–55% skuldabréfakaup lífeyrissjóða húsbyggingasjóða	–3.765	–4.590	–6.110
Óumsamin innlend lánsfjáröflun	**5.980**	...	**6.140**
Innlausn spariskírteina	**–1.250**	**–1.250**	**–2.755**
	4.730	...	**3.385**
Áætlað ráðstöfunarfé lífeyrissjóða	**6.875**	**8.350**	**11.100**
Óráðstafaður hluti lífeyrissjóðafjár	**1.070**	...	**4.930**

Af yfirlitinu verður m.a. ráðið að þó svo að áform um innlenda lánsfjáröflun vaxi umtalsvert milli ára eru mjög háar fjárhæðir bundnar umsaminni ráðstöfun. Af 12 250 m.kr. eru 6 110 m.kr. skuldabréfakaup lífeyrissjóða af húsbyggingarsjóðunum sem gerast nokkurn veginn með sjálfvikum hætti. Nýverið voru undirritaðir samningar milli þessara aðila um kjör bréfanna á árabilinu 1988–1990. Að teknu tilliti til þessa nemur óumsamin innlend lánsfjáröflun 6 140 m.kr. á árinu 1988. Er það svipuð fjárhæð og í lánsfjárlögum í ár.

Sala spariskírteina. Mikil aukning á sölu spariskírteina, úr 1 500 m.kr. í ár í 3 000 m.kr. 1988 eins og fram kemur í yfirlitinu, er villandi. Þessar tölur verða ávallt að skoðast í samhengi við áætlaða innlausn eldri skírteina, en mikið af því fé skilar sér aftur í ný bréf.

Áætluð innlausn eykst um rúmar 1 500 m.kr. milli ára, þannig að hrein fjáröflun sem ríkissjóður áformar að ná með þessum hætti á árinu 1988 er svipuð og á yfirstandandi ári eða um 250 m.kr.

Verðbréfakaup banka. Ríkissjóður áformar að selja innlánsstofnunum verðbréf og ríkisvíxla fyrir 1200 m.kr. á næsta ári. Það samsvarar um 10% af áætluðum útlánum innlánsstofnana á árinu. Að auki er áætlað að bankar kaupi verðbréf af Framkvæmdasjóði fyrir 280 m.kr. Á undanförnum árum hefur gjarnan verið miðað við að kaup banka af Framkvæmdasjóði samsvari 4% af innlánsaukningu þó að um hafi verið að ræða lánafyrirgreiðslu sem byggð er á samkomulagi milli aðila. Þessi fjárhæð er talsvert lægri en það hlutfall eða um 1,9% af áætlaðri aukningu innlána.

Verðbréfakaup lífeyrissjóða. Reiknað er með að lífeyrissjóðirnir verji um 55% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum frá byggingarsjóðunum. Áætlað ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á árinu 1988 er um 11 100 m.kr. og lántökur byggingarsjóðanna samkvæmt því um 6 110 m.kr. Þá eru lögbundin skuldabréfakaup Lífeyrissjóðs bænda af Stofnlánadeild landbúnaðarins áætluð um 60 m.kr. Óráðstafaður hluti lífeyrissjóðafjár er því áætlaður 4 930 m.kr. samkvæmt áætlun fyrir árið 1988 samanborið við 1 070 m.kr. í lánsfjárlögum yfirstandandi árs.

Veruleg aukning hefur orðið á ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna að raungildi á undanförnum árum. Þessu valda margar ástæður. Þar má telja vaxandi verðtryggingu á eignum sjóðanna, hækkandi raunvexti og verulega kaupmáttaraukningu síðustu þrjú ár. Þá hefur breytingin á iðgjaldastofninum haft mikil áhrif.

Önnur innlend fjáröflun. Ráðgert er að afla alls 1 600 m.kr. með öðrum hætti á innlendum lánsfjármarkaði á árinu 1988. Ekki er sett fram í áætluninni nákvæmlega hvaðan á að afla þess fjármagns en benda má meðal annars á verulega aukið óbundið ráðstöfunarfé lífeyrissjóða.

Erlend lán. Á árinu 1987 er áætlað að erlendar lántökur til lengri tíma en eins árs verði um 12 440 m.kr. en lánsfjáráætlun 1987 gerði ráð fyrir lántökum að fjárhæð 8 215 m.kr. Erlendar lántökur umfram áætlun stafa einkum af auknum lántökum einkaaðila og skuldbreytingum á erlendum skammtímalánum sveitarfélaga í löng lán. Auk þess er talið að fjármögnunarleigur taki erlend lán að fjárhæð um 2 000 m.kr. á árinu 1987. Afborganir af löngum lánum eru taldar verða 5 750 m.kr. og hreint innstreymi erlends fjármagns verður því 6 690 m.kr. Er það um 3,2% af áætlaðri landsframleiðslu 1987. Erlendar lántökur fjármögnunarleiga hafa verið flokkaðar meðal skammtímahreyfinga en verða nú taldar með langtímalánum.

Horfur eru á að halli á viðskiptum við útlönd verði 2 400 m.kr. á árinu 1987 sem er um 1,2% af landsframleiðslu ársins. Reiknað er með að viðskiptahallinn aukist á árinu 1988 og verði 4 400 m.kr. eða um 1,8% af áætlaðri landsframleiðslu 1988. Erlendar lántökur eru áætlaðar 8 000 m.kr. og afborganir 6 200 m.kr. Talið er að aðrar fjármagnshreyfingar verði jákvæðar um 300 m.kr. og verður innstreymi erlends fjár því 2 100 m.kr. Heildargreiðslujöfnuður verður því óhagstæður um 2 300 m.kr. á árinu 1988 og versnar gjaldeyrisstaða Seðlabankans sem því nemur. Á árinu 1987 benda áætlanir til að hún batni um 3 300 m.kr. Þetta kemur meðal annars fram í fylgiskjali III sem sýnir greiðslujöfnuð við útlönd á árinu 1986 til samanburðar við áætlun 1987 og 1988.

Eftirfarandi yfirlit sýnir fyrirhugaðar erlendar lántökur á árinu 1988 með hliðsjón af lánsfjáráætlun 1987 og nýrri spá um ráðstöfun innkominna lána á árinu 1987 að teknu tilliti til skuldbreytinga á erlendum skammtímalánum (m.kr.):

Erlendar lántökur 1987 og 1988.

	Láns-fjárlög 1987	Horfur 1987	Lánsfjár-áætlun 1988
1. Opinberir aðilar	**2.550**	**3.285**	**900**
Ríkissjóður A-hluti	1.700	1.920	–
Ríkissjóður B-hluti	–	275	–
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	500	570	650
Sveitarfélög	350	520*	250
2. Opinberir lánasjóðir	**520**	**845**	**350**
3. Atvinnufyrirtæki einkaaðila	**5.145**	**8.310**	**6.750**
Atvinnufyrirtæki	4.100	4.700	4.900
Atvinnuvegasjóðir	1.045	1.610	1.050
Fjármögnunarleigur	–	2.000	800
4. Löng erlend lán, alls (1+2+3)	**8.215**	**12.440**	**8.000**
5. Erlend skammtímalán, nettó	**–600**	**–973**	**–**
Sveitarfélög	–	–373*	–
Atvinnufyrirtæki	–600	–600	–
6. Hrein lánanotkun	**7.615**	**11.467**	**8.000**

* Skuldbreyting erlendra skammtímalána Hitaveitu Akureyrar 373 m.kr.

Mikill hagvöxtur ásamt gengislækkun bandaríkjadals veldur því að hlutfall langra erlendra lána lækkar úr 47% af vergri landsframleiðslu 1986 í 40% á árinu 1987. Áætlað er að þetta hlutfall lækki enn frekar á árinu 1988 og verði um 35% vergrar landsframleiðslu. Staða þjóðarbúsins mun þó ekki batna eins mikið gagnvart útlöndum þar sem talið er að erlend skammtímalán verði nær óbreytt, en gjaldeyrisstaðan versni töluvert á árinu 1988. Hrein skuldastaða við útlönd var rúm 45% vergrar landsframleiðslu 1986, en er talin verða um 37% 1987 og 33% 1988, eins og sýnt er í fylgiskjali IV um stöðu þjóðarbúsins út á við á árunum 1979 til 1988.

Þá er í fylgiskjali V sýnd greiðslubyrði af erlendum lánum í hlutfalli við útflutningstekjur af vörum og þjónustu á árunum 1979 til 1988. Áætlað er að greiðslubyrði erlendra lána verði um 16% útflutningstekna á árunum 1987 og 1988. Greiðslubyrði erlendra lána var hæst á árinu 1984, 24,3%, en hefur lækkað síðan bæði vegna aukins útflutnings og vaxtalækkunar á erlendum lánamörkuðum. Meðalvextir erlendra lána, sem voru 10—12% á árunum 1980 til 1984, lækkuðu í 8,7% 1986 og eru nú áætlaðir tæp 8% 1987 og 1988. Vaxtabyrði erlendra lána nam 9,6% útflutningstekna 1986 en er áætluð um 8% á árunum 1987 og 1988.

Stjórn peningamála. Peningaþensla hefur verið mikil á þessu ári. Helsta uppspretta þessa er innstreymi erlendra lána sem virðist stefna í 4–5 000 m.kr. umfram það sem áformað var í lánsfjárlögum. Þá mun ríkissjóður auka skuldir sínar við Seðlabankann einkum vegna lántöku til að fjármagna hlutafjárframlag í Útvegsbanka Íslands hf.

Í febrúar voru gerðar veigamiklar breytingar á stjórn peningamála. Bindiskylda innlánsstofnana var lækkuð úr 18% í 13% en samhliða var þeim gert að halda lausafé innan ákveðinna marka. Til lausafjár teljast m.a. ríkisvíxlar og nettóinnstæður lánastofnana í innlendum og erlendum bönkum. Lækkun bindiskyldu var að tveimur þriðju greidd út í ríkisvíxlum, en með því var stefnt að því að koma á fót markaði með ríkisvíxla. Í byrjun júní var síðan hafin sala þeirra. Víxlarnir eru nú seldir með ákveðnum forvöxtum en ekki á uppboði

eins og reynt var 1984. Meðalstaða á þessum lánum hefur verið um 300 m.kr. mánuðina júní til september.

Veruleg spenna hefur ríkt á peningamarkaði á þessu ári. Mikill hagvöxtur hefur örvað eftirspurn eftir lánsfé auk þess sem fjárþörf hins opinbera hefur verið mikil. Lánsfjáreftirspurn einstaklinga (heimila) hefur einnig vaxið í kjölfar hins nýja húsnæðislánakerfis. Því hafa vextir farið hækkandi á árinu þrátt fyrir mikla aukningu sparnaðar sem áður er getið. Aðstæður á peningamarkaði eru einnig allt aðrar en áður þar sem innlánsstofnanir hafa nú frelsi til ákvörðunar vaxta.

Helstu niðurstöður áætlana fyrir árið 1988 benda til að peningamagn og sparifé muni vaxa um 20%. Er þá byggt á þeim forsendum að verðbóga verði um 10% frá upphafi til loka árs, raunvextir innlána verði jákvæðir um 2% og vöxtur þjóðarframleiðslu verði mjög lítill.

Forsendur þjóðhagsáætlunar um viðskiptajöfnuð og lánsfjáráætlunar um erlendar lántökur benda til að heildargreiðslujöfnuður við útlönd verði verulega neikvæður á árinu 1988. Er þar reiknað með að gjaldeyrisstaða bankakerfisins versni á árinu 1988 um röska tvo milljarða króna samanborið við tæplega þriggja milljarða króna bata 1987. Þessi niðurstaða endurspeglar að sjálfsögðu það aðhald sem fyrirhugað er í erlendum lántökum og aukna hlutdeild innlends lánamarkaðar.

Útstreymi gjaldeyris dregur úr peningaframboði. Framangreind rýrnun gjaldeyrisstöðu mundi því draga mjög úr myndun lausafjár nema úr því yrði bætt með peningaframboði af öðrum toga. Í þessu sambandi verður að telja æskilegt að verðbréfakaup Seðlabankans stefni að ákveðnu marki með hliðsjón af þeirri aukningu peningamagns og lausafjárstöðu sem talin er æskileg.

Af framansögðu sýnist ljóst að ekki virðast lagðar auknar byrðar á innlenda lánamarkaðinn á næsta ári. Auk þess er mun minna af fjármagni lífeyrissjóðanna bundið ákveðinni ráðstöfun. Búast má við samkeppni um það fé og annað innlent fjármagn og hefur það óhjákvæmilega áhrif á vexti. Forsenda þess að innlendi peningamarkaðurinn verði liður í aðhaldssamri peningastefnu er að erlent lánsfé til fjárfestingar og neyslu innan lands fari ekki úr böndum og vinni ekki gegn markaðri stefnu stjórnvalda. Skref í þá átt var stigið í septembermánuði sl. með nýjum reglum viðskiptaráðuneytis um erlendar lántökur og kaupleigu- og fjármögnunarleigusamninga vegna innflutnings á vélum og tækjum. Í fylgiskjali VII er fréttatilkynning ráðuneytisins af þessu tilefni.

Stefnubreyting. Í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er því markmiði lýst að ríkisafskipti og ríkisrekstur á atvinnufyrirtækjum verði sem minnst. Þessari stefnu er til skila haldið í þessu frumvarpi og frumvarpi til fjárlaga 1988 þótt í litlum mæli sé. Til dæmis verði ríkisábyrgðum af lántökum atvinnuvegasjóða aflétt til að ýta undir sjálfstætt áhættumat og auknar arðsemiskröfur. Stefnt er að því að breyta starfsháttum og stjórn fjárfestingarlánasjóða. Horfið verði frá skiptingu þeirra eftir heföbundnum atvinnugreinum, þannig að nýjar greinar standi jafn vel að vígi og gamlar hvað varðar aðgang að lánsfé. Þegar hefur verið skipaður starfshópur til að undirbúa þessar tillögur. Enn fremur hefur verið skipaður starfshópur til að endurskoða lög og reglur um erlent fjármagn í íslensku atvinnulífi. Að því er stefnt að erlent áhættufé geti komið í staðinn fyrir erlent lánsfé við fjármögnun atvinnufyrirtækja hér á landi.

Í áætluninni fyrir 1988 er fjárfestingarlánasjóðum skipt í tvo aðalflokka, annars vegar opinbera fjárfestingarlánasjóði, þ.e. Byggingarsjóð ríkisins, Byggingarsjóð verkamanna, Byggðastofnun og Framkvæmdasjóð Íslands, og hins vegar atvinnuvegasjóði. Nú eru dregin gleggri skil milli þessara flokka en áður vegna breyttrar meðferðar á ábyrgðarveitingum á lántökum.

Í þessari áætlun er miðað við að atvinnuvegasjóðirnir annist eigin lántöku. Fram hefur komið að stefna ríkisstjórnarinnar er að draga úr ríkisafskiptum og auka markaðsáhrif á lánamarkaðnum. Þess vegna er ekki talið rétt að binda lántökur sjóðanna við Framkvæmda-

sjóð heldur heimila þeim að afla lánsfjár innan ramma lánsfjárlaga að eigin vild á hagkvæmustu kjörum sem bjóðast. Með þessu frumvarpi er tekin upp breytt stefna í veitingu ríkisábyrgða. Miðað er við að þeir aðilar, sem ekki njóta ríkisábyrgðar, geti ekki sótt lánsfé um Framkvæmdasjóð eða Byggðastofnun. Á þetta jafnt við um fjárfestingarlánasjóði sem atvinnufyrirtæki og einstaklinga. Fjáröflun nokkurra stærstu sjóðanna er sýnd í fylgiskjali I.

Fjármögnun fjárfestingarlánasjóðanna, sem útlánastarfsemi þeirra byggist á, gerist sem kunnugt er með þrennum hætti: a) Eigin fjármögnun af fé er losnar úr rekstri, b) framlögum frá hinu opinbera og skatttekjum eins og lög ákveða og c) lánsfé eins og ákveðið er í lánsfjárlögum. Til að standa undir framangreindum heildarútlánum 1988, 12 732 m.kr. þurfa sjóðirnir að taka að láni 9 000 m.kr. Þar af falla 7 090 m.kr. undir ríkisábyrgðir, þ.e. lántökur byggingarsjóðanna, Byggðastofnunar, Framkvæmdasjóðs og Þróunarfélags. Má því segja að starfsemi sjóðanna byggi í höfuðdráttum á lánsfé enda nemur það um 70% af útlánum þeirra. Sjóðirnir fá framlög og skatttekjur að fjárhæð 3 023 m.kr. en eigin fjármögnun og sjóðsbreytingar þeirra eru um 709 m.kr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Heildarlántökur ríkissjóðs verða 4 200 m.kr. á árinu 1988 og er stefnt að því að afla þess fjármagns innan lands. Sótt er um heimild til sölu spariskírteina að fjárhæð 3 000 m.kr. og 1 200 m.kr. með sölu verðbréfa og ríkisvíxla til bankakerfisins. Ekki er gert ráð fyrir neinni erlendri lántöku ríkissjóðs á árinu 1988 en afborganir erlendra lána eru áætlaðar 850 m.kr.

Ráðgert er að af lánsfé ríkissjóðs verði veitt lán til B-hluta fyrirtækja og sjóða að fjárhæð 1 635 m.kr. Lán þessi eru 820 m.kr. til flugstöðvar í Keflavík vegna umframframkvæmda á árinu 1987, 690 m.kr. vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna og 125 m.kr. til framkvæmda Rafmagnsveitna ríkisins.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Ráðgerðar framkvæmdir Landsvirkjunar á árinu 1988 nema um 880 m.kr. og er þá miðað við að Blönduvirkjun verði tekin í notkun á árinu 1991. Fjárfestingin skiptist þannig að um 600 m.kr. renna til Blönduvirkjunar, 220 m.kr. til kaupa á búnaði vegna nýs kerfiráðs og húsbyggingar fyrir nýja stjórnstöð. Þá er ráðgert að um 50 m.kr. fari í að reisa nýja aðveitustöð í Kapelluhrauni sunnan Hafnarfjarðar fyrir notendur á Suður-Faxaflóasvæðinu og mögulega nýja stoðriðju. Áætlað er að taka stöðina í notkun síðla árs 1989. Að lokum eru um 10 m.kr. ætlaðar til virkjunarrannsókna. Af framkvæmdakostnaði Blönduvirkjunar á árinu 1988 eru um 240 m.kr. vegna vaxta á byggingartíma.

Ráðgert er að fjármagna framkvæmdir Landsvirkjunar annars vegar með 600 m.kr. erlendri lántöku vegna Blöndu og hins vegar með 280 m.kr. úr rekstri fyrirtækisins. Að lokum miðast áætlanir fyrirtækisins við greiðslu afborgana að fjárhæð alls 1 112 m.kr., þar af eru 635 m.kr. af erlendum lánum og um 470 m.kr. renna til ríkissjóðs. Þá eru vaxtagreiðslur áætlaðar 1 756 m.kr. á árinu 1988, þar af eru 1 374 m.kr. til útlanda og 380 m.kr. til ríkissjóðs.

Um 4. gr.

Þróunarfélagi Íslands hf. er heimiluð 50 m.kr. erlend lántaka á árinu 1988. Áætlunin miðast við að útlán félagsins nemi 105 m.kr. og að óráðstafaður sjóður þess nemi um 89 m.kr. í árslok 1988.

Áætluð lántaka félagsins 1987 nemur 100 m.kr. og er það í samræmi við lántökuheimild þess í ár. Framkvæmdasjóður Íslands hefur milligöngu um lántökuna erlendis og endurlánar félaginu. Samkvæmt 3. tölul. 4. gr. laga nr. 69/1985, um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þátttöku í félaginu, var veitt heimild til ríkisábyrgða á næstu árum að fjárhæð alls 500 m.kr. Miðað við framangreind lántökuáform verður búið að nýta um 340 m.kr. af þessum heimildum í árslok 1988.

Um 5. gr.

Á undanförnum árum hafa lántökur sveitarfélaga nær eingöngu verið tengdar fjármögnun framkvæmda og skuldbreytingum hjá hitaveitum. Ljóst er að margar þessara veitna eiga í miklum erfiðleikum bæði vegna rekstrar og þungrar greiðslubyrði af áhvílandi skuldum. Fyrirliggjandi upplýsingar um fjármál þessara fyrirtækja eru í mörgum tilvikum ónógar. Hér á eftir verður greint stuttlega frá fyrirliggjandi upplýsingum um nokkrar þessara veitna á árinu 1988.

Hitaveita Akureyrar. Lántaka veitunnar á árinu 1988 að fjárhæð 3 milljónir bandaríkjadala eða um 120 m.kr. er vegna afborgana af erlendum skammtímalánum veitunnar.

Hitaveita Egilsstaða og Fella. Veitunni er veitt heimild til 8 m.kr. lántöku á árinu 1988 vegna þungrar greiðslubyrði af áhvílandi skuldum. Heildarlánagreiðslur fyrirtækisins eru áætlaðar um 25 m.kr. á árinu 1988, þar af eru afborganir um 15 m.kr. og vextir um 10 m.kr.

Hitaveita Eyra. Veitunni er heimiluð 10 m.kr. erlend lántaka á árinu 1988 til að standa straum af greiðslum af áhvílandi skuldum.

Annað. Þá eru áætlaðar á safnlið alls 212 m.kr. vegna lántöku ýmissa sveitarfélaga. Ljóst er að ekki hafa komið fram allar lántökubeiðnir sveitarfélaga og má ætla að einhverjar berist á síðari stigum fyrir afgreiðslu lánsfjárlaga. Hér má nefna málefni Fjarhitunar í Vestmannaeyjum, en ljóst er að þar eru vandamál sem þarf að leysa á næstunni.

Um 6. gr.

Hins vegar má það teljast ljóst að kynferðismök önnur en samræði geta haft mjög alvarlegar afleiðingar, sbr. rit prófessors Jónatans Þórmundssonar: *Um kynferðisbrot*, en þar segir í inngangi á bls. 16: „Hugtakið holdlegt samræði er hvorki skilgreint í lögum né greinargerð. Samræði hefur í fræðiritum og framkvæmd verið takmarkað við hefðbundnar samfarir karls og konu. Með þessu eru útilokuð kynmök samkynja persóna og mök karls og konu með öðrum hætti en notkun kynfæranna einna. *Það kann þó að vera jafnalvarlegt, ef brotaþola er misboðið kynferðislega með öðrum hætti, að slepptri þungunarhættunni. Má þar nefna kynferðisathafnir, er beinast gegn öðrum hlutum líkamans eða framkvæmdar eru með verkfærum.*"

Réttarþróun hefur víða hnigið í þá átt að endurmeta refsinæmi kynferðisbrota og þá ekki síður ýmsar kynferðisathafnir aðrar en samræði. Sem dæmi má nefna að hugtakið „sexual penetration" í hegningarlögum Illinois-ríkis í Bandaríkjunum tekur til hvors tveggja. Þá var það lögfest 1984 í Svíþjóð að jafna ýmsum kynferðisathöfnum við samræði, ef þær veita eða eru til þess fallnar að veita hinum brotlega kynferðislega fullnægingu.

Samkvæmt 1. mgr. 195. gr. norsku hegningarlaganna varðar afbrot fangelsi allt að 10 árum fyrir „utugtig omgang" við barn undir 14 ára aldri, en það varðar fangelsi ekki skemur en eitt ár ef afbrotið felur í sér samræði. Hugtakið „utugtig omgang" virðist hér nokkuð víðtækt og felur einnig í sér samræði. Í 2. mgr. þessarar sömu lagagreinar eru viðurlögin fangelsi allt að 21 ári, ef afbrotið hefur alvarlegar afleiðingar. Hér er tekið fram að kynsjúkdómar falli undir þetta ákvæði.

Samræmi er oft furðugott milli refsiákvörðunar og almenns siðamats og réttarvitundar. Kemur það m.a. fram í því að oft er lögð meiri áhersla á afleiðingar háttsemi en lögin gera ráð fyrir. Líkur benda til þess að hér hafi orðið misbrestur á. Það er þó ekki eingöngu við dómstóla að sakast í þessu efni þar sem löggjafinn hefur hingað til lagt jafnt refsimat á kynferðisbrot af því tagi sem hér er um fjallað. Frumvarpinu er ætlað að bæta úr þessu og stuðla að breyttu refsimati dómstóla.

1. gr. frumvarpsins er því nýmæli og hljóðar svo:

„Sé brot sérstaklega stórfellt, þá varðar það fangelsi ekki skemur en eitt ár og allt að 16 árum."

„Sérstaklega stórfellt" tekur til þess hversu gróft brotið í heild er og verður ekki tæmandi talið. Hér fellur þó undir sú aðferð sem notuð er, svo sem ofbeldi eða frelsissvipting og fjöldi tilvika. Skaðlegar afleiðingar brots fyrir sálarheill og líkamlegt heilbrigði brotaþola falla einnig hér undir, t.d. ef verknaður hefur kynsjúkdóm eins og eyðni í för með sér, að uppfylltum ásetningskröfum.

Þessi greinargerð er fremur ítarleg að gefnu tilefni og vísast í því sambandi til rits Jónatans Þórmundssonar prófessors: *Viðurlög við afbrotum*, 2. hluta, en þar segir á bls. 38. „Sérstakar lögskýringarástæður í greinargerðum eða öðrum lögskýringargögnum geta gefið dómstólum gleggri vísbendingu og haft þannig meira leiðbeiningargildi en almennt gerist um refsimörk laga."

Það er enn fremur einlæg von flutningsmanns að frumvarp þetta hafi tilætluð áhrif til varnaðar.

2. gr. frumvarpsins fjallar um kynferðismörk við persónu af sama kyni og hefur falið í sér *miklu lakari vernd* en ákvæði er snerta önnur kynferðisbrot, þegar litið er til refsimarkanna. Refsihámarkið hefur verið bundið við sex ára fangelsi sem er miklu minni refsing en er lögbundið, t.d. í 194. gr. og 1. mgr. 200. gr. hegningarlaganna. Slíkt fær ekki samrýmst nútímaviðhorfum, hvorki efnislega né réttarfarslega. Hér er breytingar þörf og mótast sú þörf ekki síst af fjölda alvarlegra mála nú síðustu árin þar sem brotaþolar eru einatt ungir drengir og afbrotamaðurinn karlkyns.

Læknisfræðilegar líkur benda til þess að einmitt þessi tegund afbrota geti haft mjög skaðlegar afleiðingar fyrir brotaþola og er þá m.a. átt við kynsjúkdóm eins og eyðni. Því þykir full ástæða til þess, að lögum óbreyttum, að í lagaákvæði þessu sé einnig vísað til 2. mgr. 202. gr. sem getið er um í frumvarpinu.

Ed. 72. Frumvarp til laga [69. mál]

um breytingu á útvarpslögum, nr. 68/1985.

Flm.: Júlíus Sólnes, Guðmundur Ágústsson.

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Fyrir útvarp um streng gilda eftirtaldar reglur sérstaklega, sbr. þó skilyrði í 3. gr.:

1. Leyfi til útvarps um streng er háð því að sveitarstjórnir heimili lagningu strengkerfa um lönd sín.
2. Lagning og rekstur strengkerfa, sbr. 1. tölul., er háð lögum um fjarskipti, nr. 73/1984. Samgönguráðuneytið skal setja reglur um gerð og notkun slíkra kerfa og hafa eftirlit með þeim.
3. Útvarpsstöð, sem dreifir dagskrárefni til notenda um streng, skal hlíta sömu lagaákvæðum og aðrar útvarpsstöðvar. Sé móttaka bundin við íbúðasamsteypu, 36 íbúðir eða færri, sem er innan samfellds svæðis, eða nær eingöngu til stofnunar, t.d. sjúkrahúss, skóla eða gistihúss, eða vinnustaðar er útvarpsstöð ekki háð skilyrðum í 3., 6., 7. og 8. tölul. 3. gr.
4. Loftnetskerfi fjölbýlishúsa, svo og loftnetskerfi fyrir bæi eða bæjarhluta þar sem dreift er viðstöðulaust útvarpsefni frá innlendum og erlendum útvarpsstöðvum, teljast ekki heyra til útvarpsrekstrar í skilningi þessara laga.

2. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Öllum er heimil móttaka dagskrárefnis sem sent er um gervitungl gagngert til dreifingar til almennings.

Dreifing á dagskrárefni, þráðlaust eða um streng sem er komið til móttökustöðvar um gervitungl, er óheimil nema með samningi við þá útvarpsstöð sem sendir út dagskrárefnið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þótt skammur tími sé liðinn frá því að útvarpslögin voru samþykkt á Alþingi vorið 1985 er þegar fengin nokkur reynsla af frjálsum útvarpsrekstri. Án þess að það sé tíundað hér frekar hefur orðið bylting í íslensku menningarlífi með tilkomu hinna frjálsu hljóðvarps- og sjónvarpsstöðva.

Þótt undarlegt megi teljast hafa nýju útvarpslögin orðið til þess að tefja tækniþróun á sviði fjarskiptatækni sem byggist á lagningu strengkerfa til þess að miðla boðum og upplýsingum til notenda. Þessi þróun hefur verið mjög ör í nálægum löndum.

Upplýsinga- og tölvuöld hefur hafið innreið sína á Vesturlöndum. Samfara henni eru auknar kröfur um meiri og betri fjarskipti. Þá hefur tölvutæknin orðið þess valdandi að grundvallarbreytingar eru að verða á símakerfum. Er þróunin í átt frá hliðrænum (analog) kerfum sem byggjast á spennuferlum, til stafrænna (digital) kerfa sem byggjast á tölulegum boðum.

Um strengkerfi.

Samásastrengkerfi (coaxial) hafa verið í notkun lengi. Hefur fyrst og fremst verið um að ræða sameiginlegt loftnetskerfi til dreifingar á útvarpsefni til notenda í fjölbýlishúsum eða í íbúðahverfum. Þótt þessi kerfi séu mörg fremur ófullkomin hefur nýtt og betra lagnaefni til slíkra kerfa gert það kleift að víkka notkunarsvið þeirra.

Breiðbandskerfi er strengkerfi sem hefur þann eiginleika að geta flutt mikið magn upplýsinga samtímis á breiðu tíðnisviði fram og til baka. Breiðbandskerfin opna leiðir til nýrra fjarskipta þar sem hægt er að senda tölvuboð og alls kyns starfrænar upplýsingar fram og til baka ásamt símtölum og hljóðvarps- og sjónvarpsmerkjum frá einum stað til annars. Eiga þau eftir að valda byltingu í öllum mannlegum samskiptum á okkar tíð.

Ljósleiðarar hafa gert það kleift að senda mikið af upplýsingum eftir einum streng, en þar er átt við síma, hljóðvarps- og sjónvarpsmerki og tölvuboð. Á næstu árum er talið líklegt að þróunin verði í átt að samruna síma- og strengkerfa til flutnings á sjónvarps- og tölvuboðum ásamt símtölum. Póst- og símamálastofnun vinnur nú að því að tengja allar símstöðvar landsins með ljósleiðarastrengjum.

Sjónvarpsdreifikerfi.

Ef horft er til nágrannalandanna er langing slíkra strengkerfa hafin af miklum krafti. Þar er litið svo á að dreifing á erlendum og innlendum sjónvarpsrásum sé undanfari upplýsinga- eða boðveitukerfa. Aðgangur að auknu og fjölbreyttara sjónvarpsefni er það sem ryður brautina fyrir upplýsingatæknina.

Danska þjóðþingið samþykkti árið 1985 lög um breiðbandskerfi (hybrid net). Fyrsta verkefnið, sem leysa á með danska breiðbandskerfinu, er einmitt að taka á móti erlendum sjónvarpsdagskrám og dreifa þeim um landið til notenda. Í lögunum er kveðið á um verkaskiptingu milli dönsku póst- og símamálastofnunarinnar, einstakra sjálfstæðra símafélaga og loftnetsfélaga sem hingað til hafa annast móttöku og dreifingu á erlendu sjónvarpsefni til notenda.

Það er athyglisvert að dönsku loftnetsfélögin hafa starfað um árabil við að taka á móti þýsku sjónvarpssendingunum og dreifa þeim til notenda. Í heilum bæjum í Danmörku eru nær allar íbúðir, jafnvel tugþúsundir, tengdar við slík loftnetskerfi sem í raun eru ekki annað en ófullkomin strengkerfi. Þótt gert sé ráð fyrir að þessi strengkerfi renni saman við breiðbandsnetið hafa loftnetsfélögin þegar fengið heimild til þess að dreifa erlendum sjónvarpssendingum frá gervitunglum, enda hefur aldrei verið litið á slík kerfi sem útvarpsrekstur.

Í Svíþjóð eru þessi mál öll lausari í reipunum. Þar hefur „Televerket" tekið að sér sem verktaki að leggja sjónvarpsdreifikerfi fyrir loftnetsfélög í samkeppni við einkafyrirtæki. Loftnetskerfi, þar sem erlendum sjónvarpssendingum, m.a. frá gervitunglum, er dreift til notenda, hafa verið heimiluð um langt skeið í Svíþjóð. Þar hefur aldrei verið litið á slíka starfsemi sem útvarpsrekstur.

Gervitunglasjónvarp.

Mikill fjöldi erlendra sjónvarpsrása, sem sendar eru um gervitungl, er nú aðgengilegur fyrir Íslendinga. Til dæmis er nú þegar hægt að dreifa norrænum sjónvarpsrásum til notenda á Íslandi. Ekki þarf að fjölyrða um aukið norrænt samstarf og betri tengsl okkar við hið norræna menningarsvæði sem skapaðist við þennan möguleika.

Samkvæmt útvarpslögunum frá 1985 er einstaklingum heimilt að setja upp búnað til móttöku á sjónvarpsefni frá gervitunglum, svo og stofnunum og allt að 36 íbúðum samtímis. Þessi búnaður er mjög dýr og aðeins á færi efnamanna. Til þess að setja upp móttökubúnað fyrir 36 íbúðir samtímis þarf dýran og flókinn aukabúnað, þannig að kostnaður verður lítið lægri á hverja íbúð en fyrir einstakling. Miklu hagkvæmara væri að sjálfsögðu að leysa þetta verkefni með sameiginlegu loftnetskerfi. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, svo og fjölmörg sveitarfélög úti á landi, hafa sýnt áhuga á að koma upp slíkum kerfum sem yrðu þá undanfari breiðbandskerfisins. Í rauninni er auðvelt að tengja staðbundin strengkerfi við ljósleiðarakerfi Póst- og símamálastofnunarinnar og hafa eina sjónvarpsmóttökustöð á vegum stofnunarinnar fyrir allt landið. Með þessu yrði kostnaður á hverja íbúð og þar með þjóðfélagsins í heild miklu lægri en ella. Þá óttast menn þá sjónmengun sem óneitanlega yrði ef stór sjónvarpsdiskur kæmi við hvert hús. Þótt gerð sjónvarpsmóttökuloftneta fleygi ört fram er ekki líklegt, vegna legu landsins, að hann verði minni og ódýrari í framtíðinni.

Tvær greinar útvarpslaganna frá 1985, 5. og 6. gr., hafa verið túlkaðar á þann hátt að þær banni lagningu loftnetskerfa til móttöku og dreifingar á erlendu sjónvarpsefni nema útvarpsstöð, að fengnu leyfi til útvarpsrekstrar, sjái um kerfið. Með þessu er komið í veg fyrir eðlilega framþróun á sviði upplýsingatækni á Íslandi sem hins vegar er komin á hraðferð í öllum nágrannalöndum okkar. Það getur ekki hafa verið ætlunin með nýju útvarpslögunum að þrengja möguleika á móttöku útvarpsefnis frá því sem áður var.

Til þess að leiðrétta þennan misskilning er þetta lagafrumvarp flutt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Leitast er við að skilgreina hvað skuli teljast útvarpsrekstur og hvað ekki þegar talað er um dreifingu á útvarpsefni um streng til notenda.

Loftnetsfélög eru ekki talin heyra til útvarpsrekstrar, enda má benda á að loftnetskerfi fyrir fjölbýlishús með hundruð íbúða hafa tíðkast lengi áður en frjáls útvarpsrekstur var heimilaður með útvarpslögunum. Þá eru til loftnetskerfi, m.a. í Hafnarfirði, þar sem heilu íbúðahverfin eru tengd við sameiginlegt loftnet.

Um 2. gr.

Talið er óeðlilegt að leita þurfi samþykkis Póst- og símamálastofnunar fyrir móttöku á erlendu sjónvarpsefni frá gervitunglum. Sjónvarpsrásirnar gegnum Eutelsat-gervitunglin hafa flestar verið opnaðar almenningi til móttöku og dreifingar, að því tilskildu að samið sé við sjónvarpsstöðina sem stendur að sendingunum. Ekki þarf lengur að semja við Eutelsat-félagið um leyfi til þess að taka á móti slíkum sendingum.

Ed. 73. Frumvarp til laga [70. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum um 7,2 milljónir sérstakra dráttarréttinda (SDR) og leggja fram 7,5% þeirrar fjárhæðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 26 12. maí 1976 var ríkisstjórninni heimilað að fullgilda samning um stofnun Norræna fjárfestingarbankans en bankinn tók til starfa 1976 með þátttöku allra Norðurlandanna. Stofnfé bankans var ákveðið 400 milljónir sérstakra dráttarréttinda (SDR). Hlutur Íslands var ákveðinn 4 milljónir SDR og var ¼ hluti stofnfjár innborgaður.

Á grundvelli tillögu stjórnar bankans 1982 var síðan ákveðið að tvöfalda hlutafé, úr 400 í 800 milljónir SDR. Hlutur Íslands var þá 4,4 milljónir SDR og var 1/10 hluti fjárins innborgaður.

Á fundi stjórnar bankans, sem haldinn var 14.–15. október 1986, var síðan samþykkt að leggja til við Ráðherranefnd Norðurlanda að hlutafé bankans yrði enn á ný tvöfaldað, að þessu sinni úr 800 í 1600 milljónir SDR. Hlutur íslenska ríkisins hækkaði við þetta um 7,2 milljónir SDR (um 360 milljónir kr.), þ.e. úr 8,4 í 15,6 milljónir SDR eða úr um 420 í um 780 milljónir króna.

Innborganir Norðurlandanna til bankans voru ákveðnar 7,5% af aukningunni eða 60 milljónir SDR, þ.e. 20 milljónir úr varasjóði hans en 40 milljónir í beinum greiðslum. Eftirstöðvarnar, 760 milljónir SDR, eru í reynd bakábyrgð ríkjanna fimm sem eiga bankann.

Hlutur Íslands í innborgunum yrði 540 000 SDR (um 27 milljónir kr.). Að því er varðaði greiðslur af inneign ríkjanna í varasjóði bankans skyldi Ísland leggja til 210 000 SDR (um 10,5 milljónir króna). Beinar greiðslur Íslands yrðu hins vegar samtals 330 000 SDR (um 16,5 milljónir kr.) og skal inna þær af hendi sem hér segir:

1. 1. janúar 1988: 60 000 SDR (um 3 milljónir kr.),
2. 1. janúar 1989: 140 000 SDR (um 7 milljónir kr.) og
3. 1. janúar 1990: 130 000 SDR (um 6,5 milljónir kr.).

Taka má fram að tvisvar hefur verið ákveðið að úthluta aðildarríkjunum arði, á árunum 1986 og 1987 vegna starfsáranna 1985 og 1986, samtals 12 milljónum SDR (um 600 milljónum króna). Hlutur Íslands í arðsúthlutuninni þessi tvö ár er um 120 000 SDR (um 6 milljónir króna) eða tæpur ¼ af innborgun vegna ofangreindrar aukningar á hlutafé í bankanum.

Heimildir Norræna fjárfestingarbankans til lánveitinga eru 2 ½ sinnum hlutafé hans þannig að við aukningu hlutafjárins fara þær úr 2000 í 4000 milljónir SDR (úr um 100 í um 200 milljarða króna).

Fram til maíloka 1987 hefur Norræni fjárfestingarbankinn veitt íslenskum aðilum lán að fjárhæð 119,4 milljónir SDR eða tæpa 6 milljarða króna, þar af 100,0 milljónir SDR eða um 5 milljarða króna í formi fjárfestingarlána og 19,4 milljónir SDR eða tæpan 1 milljarð króna í formi byggðalána.

Fjárfestingarlán til Íslands skiptast sem hér segir (í milljónum SDR):

Íslenska járnblendifélagið hf. 1977	32.0
Landsvirkjun 1979–1982	25.1
Ísno hf. 1982–1985	1.4
Fiskeldi Grindavíkur hf. 1984	0.7
Árlax hf. (Kelduhverfi) 1985	0.9
Pólarlax hf. (Straumsvík) 1985	1.4
Íslandslax hf. 1985	4.9
Steinullarverksmiðjan hf. 1985	2.3
Hveitimyllan hf. 1986	1.1
Ístess hf. (fiskifóðurverksmiðja, Akureyri) 1986	1.0
Ríkissjóður (flugstöðin) 1987	17.6
Flugleiðir hf. 1987 (flugeldhús)	1.6
Iðnlánasjóður 1987	4.0
Iðnþróunarsjóður 1987	3.0
Silfurlax hf. 1987	1.6
Ewos 1987 (laxafóðurstöð)	0.7
Hlaðbær/Colas hf. (malbikunarstöð) 1987	0.4
Haflax hf. 1987	0.3
	100.0

Byggðalán til Íslands skiptast sem hér segir:

Iðnþróunarsjóður 1980–1987	11.5
Framkvæmdasjóður Íslands 1980–1985	7.9
	19.4

Auk fjárfestingarlána og byggðalána innan Norðurlandanna hefur bankinn frá 1. júlí 1982 veitt sérstök fjárfestingarlán til verkefna utan Norðurlandanna og ábyrgðir á slíkum lánum. Auk þess má nefna að Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn starfar í sérstökum tengslum við bankann.

Í fylgiskjali með frumvarpi þessu er að finna nýjan texta 2. og 3. gr. samþykktanna fyrir bankann en þeim þurfti að breyta vegna aukningar hlutafjárins.

Fylgiskjal.

Nýr texti 2. og 3. gr. samþykkta fyrir Norræna fjárfestingarbankann.

2. grein.

Stofnfé bankans skal vera 1600 milljónir sérstakra dráttarréttinda (SDR).

Sérstök dráttarréttindi skulu skilgreind í samræmi við þá skráningu sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ákvað frá 1. janúar 1981.

Ef þessari skráningu verður breytt ákveður stjórn bankans að hve miklu leyti bankinn skuli nota hinar nýju ákvarðanir.

Af stofnfé bankans er hlutur danska ríkisins 337,2 milljónir, finnska ríkisins 292 milljónir, íslenska ríkisins 15,6 milljónir, norska ríkisins 312,8 milljónir og sænska ríkisins 642,4 milljónir sérstakra dráttarréttinda.

Ráðherranefnd Norðurlanda ákveður aukningu stofnfjár að fengnum tillögum stjórnar bankans. Skipting stofnfjáraukningar á milli landanna fer eftir því hlutfalli sem Ráðherranefnd Norðurlanda setur á hverjum tíma um sameiginleg norræn verkefni.

3. grein.

Hver samningsaðila leggur fram 12,5% stofnfjárframlags síns til bankans. Greiðslur fara fram eftir kröfu bankans.

Eftirstöðvar stofnfjárframlags verða innheimtar eftir því sem stjórn bankans telur nauðsynlegt til að fullnægja skuldbindingum hans.

Sþ. 74. Tillaga til þingsályktunar [71. mál]

um endurvinnslu og fullnýtingu úrgangsefna.

Flm.: Kristín Einarsdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir,
Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir,
Málmfríður Sigurðardóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stuðla að endurvinnsluiðnaði sem nýti meiri hluta þess sem til fellur af endurvinnanlegum og fullnýtanlegum úrgangsefnum. Samhliða því verði leitað leiða til að styrkja endurvinnsluiðnað sem fyrir er í landinu.

Greinargerð.

Öllum ætti að vera löngu ljóst að jörðin er ekki óþrjótandi nægtarbúr og að neysluþensla undanfarinna ára hefur leitt til þess að sífellt er gengið á auðlindir jarðar. Löngu er orðið tímabært að móta langtímastefnu í nýtingu þeirra. Hingað til hafa skammtímasjónarmið ráðið ferðinni, allt skal gert á sem „hagkvæmastan" hátt, en ekki hugsað fram í tímann.

Mikil verðmæti eru fólgin í því ógrynni úrgangs sem til fellur. Háum fjárhæðum er nú varið til eyðingar á sorpi og úrgangi með ýmsum aðferðum. Þessu er brennt, það er urðað eða því jafnvel sökkt í sæ án þess að hugsað sé um hvaða áhrif það hefur á lífkerfið. Eðlilegra og farsælla er að reyna að vinna samkvæmt lögmálum náttúrunnar, en þar ríkir jafnvægi sem viðhaldið er af eðlilegri hringrás efna. Úrgangur úr einni deild er nýttur sem hráefni fyrir aðra.

Auðlindir jarðar eru langt frá því að vera óþrjótandi, reyndar eru margar nær þrotnar. Okkur, sem nú lifum, ber því að hugsa til þeirra sem á eftir koma. Þeir þurfa ekki síður á þessum hráefnum að halda.

Þegar litið er til auðlinda eru sumar þeirra ólífrænar og takmarkaðar, t.d. málmar sem hljóta að ganga til þurrðar fyrr eða síðar. Aðrar eru lífrænar en takmarkaðar vegna þess að endurnýjunartíminn er svo langur að líta verður á þær sem óendurnýjanlegar. Dæmi um þetta eru olíulindir. Gróður lands og lífið í hafinu eru dæmi um endurnýjanlegar auðlindir ef ekki er um ofnýtingu að ræða.

Til að stuðla að bættri nýtingu auðlinda verður að stefna að eftirfarandi:

1. **Endurnotkun.** Hlutur er nýttur aftur og aftur í sama tilgangi og upphaflega var ætlað. Dæmi um þetta eru margnotaðar umbúðir t.d. glerflöskur og plastílát.
2. **Fullnýtingu.** Nýting á ýmis konar úrgangi, t.d. ryki og steinefnum frá reykháfum verksmiðja eða slógi og öðrum úrgangi frá fiskvinnslu.
3. **Endurvinnslu.** Breyta má efni sem lokið hefur hlutverki sínu í sams konar eða annars konar vöru. Þetta á t.d. við um endurvinnslu málma og pappírs.

Þegar rætt er um endurvinnslu hefur athyglin oft beinst að nýtingu pappírsúrgangs. Skógar eru undirstaða pappírsframleiðslu og þrátt fyrir stuttan endurnýjunartíma miðað við mörg önnur hráefni er stöðugt gengið á skóglendi jarðar. Við framleiðslu á einu tonni af pappír þarf um fimm tonn af viði.

Hér á landi hefur lítið verið reynt til að endurvinna pappír. Árið 1986 voru flutt inn um 36 þúsund tonn af pappír og pappírsvörum, auk pappírsumbúða utan um innfluttar vörur. Þar af var dagblaðapappír 5,4 þús. tonn og sá pappír sem fer í símaskrána árlega er um 170 tonn. Má því áætla að árlega sé mörg þúsund tonnum af pappír fleygt á haugana.

Nokkrar athuganir hafa verið gerðar á endurvinnslumöguleikum pappírs og tilraunir gerðar með slíkan iðnað hér á landi án þess að um jákvæða niðurstöðu hafi verið að ræða. Tilraunir hafa einnig verið gerðar með fullnýtingu á slógi og öðrum fiskúrgangi, m.a. til meltuframleiðslu. Einnig hefur verið reynt að nota innyfli úr sauðfé til lyfjaframleiðslu. Undirbúningur að endurvinnslu á brotajárni var vel á veg kominn hér á landi fyrir nokkrum árum og lagaheimild fengin fyrir stuðningi ríkisins við byggingu verksmiðju. Málið strandaði hins vegar á lokastigi vegna tregðu og skilningsleysis stjórnvalda. Þetta eru aðeins fá dæmi og yfirleitt hefur verið talið að framkvæmdir væru ekki hagkvæmar.

Hér ber að hafa í huga, eins og svo oft áður, hve hugtakið „hagkvæmt“ er afstætt. Fyrir hvern er endurvinnsla hagkvæm? Er það hagkvæmt fyrir þann sem rekur endurvinnslufyrirtækið eða verður að líta á hagkvæmni í víðara samhengi? Hvað með umhverfissjónarmið sem oft vilja gleymast?

Í skýrslu sem Reykjavíkurborg lét gera um hreinsun, ráðstöfun og endurnýtingarmöguleika sorps, *Sorphirða 1978*, öðrum hluta, eftir Jón Erlendsson, segir í formála:

„Hvað aukinni endurnýtingu viðvíkur er það mat þeirra sem gerst þekkja þessi mál, að það sé aðeins tímaspursmál hvenær mikil aukning verði á henni. Í þessu sambandi er gjarnan bent á þá fyrirsjáanlegu hráefniskreppu sem koma mun til á næstu árum og áratugum hvað mörgum efnum viðvíkur. Hækkandi verð þeirra efna, sem skortur verður á, mun valda því að hagkvæmni þess að endurnýta þau í stað þess að henda þeim, mun fara síbatnandi.“ Það er skoðun flutningsmanna að taka verði þessi mál föstum tökum, hér á landi sem annars staðar, áður en alvarlegur hráefnisskortur gerir vart við sig.

Eitt vandamál við fullnýtingu og endurvinnslu er að safna saman hráefni til vinnslunnar. Oft kemur mikill úrgangur frá fyrirtækjum, svo sem pappír frá prentsmiðjum og umbúðaverksmiðjum og efnaafgangar frá saumastofum, en mikið af afgangsefnum kemur einnig frá heimilum. Hin síðari ár hafa æ fleiri gert sér grein fyrir þýðingu fullnýtingar og endurvinnslu. Það er því líklegt að margir verði fúsir til að flokka sorp frá heimilum sínum og koma t.d. pappír, málmum og gleri á ákveðna staði í gáma í hverfamiðstöðvum eða fyrir utan stórverslanir. Þannig mætti á ódýran hátt safna miklum hluta af heimilisúrgangi. Víða erlendis tekur almenningur virkan þátt í slíkri söfnun og þeim fer sífellt fjölgandi sem vilja jafnvel greiða hærra verð fyrir pappírsvörur ef þær eru unnar úr notuðum pappír.

Það er fleira en pappír sem sjálfsagt er að fullnýta og endurvinna. Málmar, gler, gúmmí, timbur, sag, vefnaðarvörur, plast, smurolía, slóg og fiskúrgangur eru dæmi um úrgangsefni sem hægt er að endurvinna eða fullnýta á ýmsan hátt.

Ýmsum hættulegum efnum er fleygt sem síðan menga og eitra umhverfið. Efnin menga jarðveg og geta borist í grunnvatn og þar með neysluvatn með ófyrirsjáanlegum afleiðing-

um. Þessum efnum er nauðsynlegt að safna saman, endurvinna og endurnota til að minnka mengunarhættu.

Útreikningar á hagkvæmni endurvinnsluiðnaðar eru flóknir og hætta á að ekki séu allir þættir teknir inn í dæmið. Meðal annars verður að taka mið af því við hagkvæmnisútreikninga að samfélagið ver umtalsverðu fjármagni í sorphirðu og sorpeyðingu og verðmætt land er tekið undir sorphauga. Erfitt er að meta hver kostnaður samfélagsins er af hirðingu sorps sem fleygt er á víðavangi. Einmitt þessar staðreyndir valda því að opinberir aðilar og sveitarfélög verða að eiga hlut að undirbúningi endurvinnsluiðnaðar. Einstaklingar eiga oft erfitt með að leggja mat á málið í heild og „hagnaður", í þröngri merkingu, er ekki endilega í sjónmáli.

Úrgangsefni þau sem ekki er talið hagkvæmt að endurvinna hér verðum við að láta endurvinna erlendis þar sem það er hagkvæmara vegna meira magns og stærri markaðar. Á þann hátt vinnum við gegn auðlindaþurrð auk þess sem við leysum mikinn vanda vegna sorpeyðingar.

Til þess að endurvinnsluiðnaður eigi betri möguleika hér á landi í framtíðinni er eðlilegt að hann njóti bestu kjara á flestum sviðum. Má þar nefna skattívilnanir og orku á hagstæðu verði utan álagstíma. Einnig má skylda fyrirtæki þar sem mikill úrgangur fellur til að skila honum til endurvinnslufyrirtækja án endurgjalds, leggja endurvinnslugjald á vörur, sem æskilegt er að fullnýta í stað þess að farga, og skattleggja mengandi iðnað. Eðlilegt er að sveitarfélög styðji slíkan iðnað því að hann dregur úr kostnaði þeirra við sorphirðu- og eyðingu.

Sænska umhverfismálaráðuneytið gaf út bækling í maí 1987 með umræðum og ábendingum frá ríkisstjórnarfundi vegna skýrslu sem gerð var um úrgangsefni og ráðstöfun þeirra. Þar kemur m.a. fram að eftir að áhersla var lögð á endurnotkun, fullnýtingu og endurvinnslu þar í landi hefur magn úrgangs sem kemur til endurvinnslu margfaldast. Frá 1975 til 1986 jókst magn endurunnins dagblaða- og tímaritapappírs úr 90 þús. tonnum í 344 þús. tonn og frá heimilum úr 65 þús. í 260 þús. tonn. Endurvinnsla glers og áldósa hefur einnig gengið mjög vel hjá Svíum.

Mikilvægt er að efla og samræma fræðslu um umhverfismál í grunnskólum, framhaldsskólum og á meðal almennings. Með aukinni þekkingu og skilningi fólks á náttúrunni og umhverfi sínu gerir það sér betur grein fyrir áhrifum mannsins á náttúruna. Það eykur hæfni til að vega og meta ákvarðanir og athafnir út frá margvíslegum forsendum, svo sem vistfræðilegum, fjármálalegum, fagurfræðilegum, hagfræðilegum, uppeldislegum o.s.frv.

Verkefni eins og þetta ætti að fela því ráðuneyti sem fer með umhverfismál. Meðan ekki er til sérstakt umhverfismálaráðuneyti er eðlilegt að gera ráð fyrir samvinnu hlutaðeigandi ráðuneyta um verkefnið. Þar þyrftu m.a. að koma iðnaðarráðuneyti, heilbrigðismálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti. Nauðsynlegt er einnig að hafa gott samstarf við sveitarstjórnir um þetta mál.

Sþ. 75. Tillaga til þingsályktunar [72. mál]

um æfingaflugvöll á Selfossi.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Óli Þ. Guðbjartsson,
Guðni Ágústsson, Eggert Haukdal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna hvort ekki sé hagkvæmt að stuðla að því að framtíðaraðstaða fyrir æfinga- og kennsluflug á Suðvesturlandi verði á Selfossflugvelli.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur átt sér stað umræða um að nauðsynlegt sé að létta af Reykjavíkurflugvelli umferð vegna innlendra smáflugvéla. Þá er fyrst og fremst átt við umferð vegna æfinga- og kennsluflugs.

Lengi hafa verið hugmyndir um uppbyggingu aðstöðu fyrir þetta flug á Sandskeiði, en nú upp á síðkastið hefur athygli manna beinst að Kapelluhrauni sunnan Hafnarfjarðar. Báðir þessir staðir, Sandskeið og Kapelluhraun, eru það nærri Reykjavík og Keflavík að hætt er við að flugumferð frá þeim verði meira og minna inni á fluglínum Reykjavíkur- og Keflavíkurflugvalla.

Flutningsmenn þessarar tillögu álíta að þegar rætt er um að koma upp nýrri aðstöðu fyrir æfinga- og kennsluflug sé eðlilegt að skoða hvort ekki komi aðrir staðir til greina en þeir sem áður hafa verið nefndir og þá ekki síður hvort nú þegar séu til staðar flugvellir sem með tiltölulega litlum kostnaði mætti bæta þannig að þar fáist fullkomin aðstaða fyrir þessa starfsemi.

Á Selfossi er flugvöllur með tveimur flugbrautum. Önnur er 1100 metra löng en hin 800 metrar. Lengri brautin er með ljósabúnaði. Lokið hefur verið við að undirbyggja báðar brautirnar fyrir bundið slitlag. Einnig hefur verið gert tæplega 600 m^2 stæði fyrir flugvélar. Önnur aðstaða er í undirbúningi, þannig að ljóst er að ekki þarf mikinn kostnað til þess að þarna verði fullkomin aðstaða til æfinga- og kennsluflugs. Sá kostnaður yrði aðeins brot af kostnaði við að koma upp nýrri aðstöðu annars staðar. Auk þess er það staðreynd að nú er Selfossflugvöllur mikið notaður til æfinga- og kennsluflugs fyrir það svæði sem tillagan fjallar um.

Flutningsmenn tillögunnar telja því rétt að kannað verði hvort Selfossflugvöllur geti ekki í framtíðinni þjónað þessu hlutverki.

Sþ. 76. Fyrirspurn [73. mál]

til iðnaðarráðherra um lánasjóði iðnaðarins.

Frá Maríu E. Ingvadóttur.

1. Hvenær má vænta frumvarps um breytingar á lögum um Iðnlánasjóð sem um getur í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1988?
2. Hvernig er fyrirhugað að bregðast við tekjumissi Iðnlánasjóðs frá næstu áramótum og þar til lögin hafa verið endurskoðuð?

Sþ. 77. Fyrirspurn [74. mál]

til menntamálaráðherra um útsendingar rásar tvö.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur.

1. Hversu margir af notendum Ríkisútvarpsins geta enn ekki náð útsendingum rásar tvö og á hvaða landsvæðum búa þeir?
2. Hvenær má vænta þess að landsmenn allir sitji við sama borð gagnvart útsendingum Ríkisútvarpsins?

Nd. 78. Frumvarp til laga [75. mál]

um breyting á lögum nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Guðrún Helgadóttir.

1. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Leitast skal við að hafa sem jafnasta tölu fulltrúa beggja kynja í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka.

Í nefndum, stjórnum og ráðum, sem skipuð eru beint af ráðuneytum eða á vegum opinberra stofnana og fyrirtækja, skulu ekki vera færri en 40% af hvoru kyni. Gildir það bæði um aðalmenn og varamenn.

Því aðeins er heimilt að gera undanþágu frá þessari reglu að sérstakar ástæður séu fyrir hendi sem geri það augljóslega ósanngjarnt að miða við slíka skiptingu og skal rökstuðningur þar að lútandi liggja fyrir Jafnréttisráði þegar ákvörðun er tekin.

Sveitarfélög skulu tilkynna Jafnréttisráði um nefndir, stjórnir og ráð sem kosin eru eða tilnefnd á þeirra vegum. Jafnréttisráð sendir sveitarstjórn athugasemdir ef það telur að ekki séu uppfylltar kröfur samkvæmt þessari grein. Sveitarstjórn getur að fengnum athugasemdum Jafnréttisráðs kosið eða tilnefnt á ný enda gangi það ekki gegn ákvæðum í öðrum lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 12. gr. laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, segir: „Leitast skal við að hafa sem jafnasta tölu kynjanna í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka þar sem því verður við komið."

Þrátt fyrir þetta lagaákvæði og mikla umræðu um stöðu kvenna á kvennaáratug Sameinuðu þjóðanna er hlutur þeirra enn mjög rýr í ráðum og nefndum hjá ríki og sveitarfélögum.

Hjá ríkinu reyndist staðan þannig á árinu 1985 samkvæmt yfirliti sem Jafnréttisráð lét taka saman að í hópi 2205 fulltrúa í stjórnum, ráðum og nefndum kosnum af Alþingi og skipuðum af ráðuneytum voru aðeins 267 konur eða 12% fulltrúa. Hlutfallið hafði að vísu aðeins skánað frá árinu 1976 þegar konur voru aðeins um 6,5% fulltrúa á þessum vettvangi. Konur komu fyrst og fremst inn í ráð og nefndir árið 1985 á vegum þriggja ráðuneyta, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis, en voru þó hvergi yfir 20%. (Sjá fylgiskjal I.)

Þá hefur Jafnréttisráð nýlega tekið saman yfirlit um hlut kvenna í nefndum og stjórnum á vegum borgar- og bæjarstjórna 1987 og gert samanburð við árið 1974. Á þessu tímabili hafði konum í nefndum og stjórnum Reykjavíkurborgar og 22 bæjarfélaga fjölgað úr rúmum 14% í 27,4%. Af 2536 einstaklingum á þessum vettvangi voru 695 konur. Sáralítill munur er á hlut kvenna í ráðum og nefndum bæjar- og sveitarstjórna fyrir og eftir sveitarstjórnarkosningar 1986 eða innan við 1% aukning.

Í umræddum sveitarfélögum voru 727 ráð, stjórnir og nefndir. Í tæplega helmingi þeirra voru engar konur. Í 151 voru konur hins vegar í meiri hluta, m.a. í 17 af 23 félagsmálaráðum og í 18 af 23 grunnskólanefndum.

Athygli vekur m.a. að í fjórum stærstu sveitarfélögunum eru konur hlutfallslega fjölmennari í hópi borgar- og bæjarfulltrúa (37,4–40%) en í nefndum sömu sveitarfélaga (24,4–31,9%).

Eitt sveitarfélag, Neskaupstaður, sker sig úr varðandi hlut kvenna. Þar eru konur meiri hluti kjörinna fulltrúa í bæjarstjórn og hlutur kvenna í nefndum og ráðum er tæp 42%.

Í „æðri“ embættum borgar- og bæjarstjórna er hlutur kvenna áfram bágborinn og hefur lítið skánað frá árinu 1974.

Allt of hægt miðar að því að tryggja aukin áhrif kvenna á opinberum vettvangi. Því er með frumvarpi þessu lagt til að bundið verði í lögum að í nefndum, stjórnum og ráðum, sem skipuð eru af ráðuneytum eða á vegum opinberra stofnana og fyrirtækja, verði ekki færri en 40% af hvoru kyni.

Með þessu er leitast við að auka áhrif kvenna á stefnumörkun á ýmsum sviðum og við framkvæmd opinberra mála. Flutningsmönnum er þó ljóst að slík formleg aðild ein saman hrekkur skammt og jafnhliða þarf m.a. hlutur kvenna í ábyrgðarstöðum að vaxa til mikilla muna frá því sem nú er. Aðstaða kvenna til virkrar þátttöku í félagsstörfum er enn mun lakari en karla, m.a. vegna þess að samfélagið tekur ekki nema mjög takmarkað tillit til móðurhlutverksins og ójöfn verkaskipting á heimilum gerir konum yfirleitt erfitt um vik að helga sig félagsmálum til jafns við karla.

Samkvæmt frumvarpinu er heimild til að víkja frá 40%-hlutfallinu ef gildar ástæður eru til þess. Er þá m.a. haft í huga að vinnumarkaðurinn er mjög kynskiptur. Það gæti t.d. talist ósanngjarnt að karlar væru full 40% í nefnd sem fjalla ætti um málefni sem nær eingöngu snertu starfsvettvang eða aðstöðu kvenna. Frá slíkum frávikum ber hins vegar að skýra opinberlega og kynna Jafnréttisráði málavöxtu áður en ákvörðun er tekin.

Samkvæmt frumvarpsgreininni er sveitarfélögum skapað aðhald varðandi hlut kynja í nefndum og ráðum á þeirra vegum. Einnig á að tryggja að Jafnréttisráð fylgist jafnóðum með ákvörðunum og geti komið athugsemdum á framfæri.

Ákvæðin, sem hér er gerð tillaga um, eru um margt svipuð og tekin voru inn í norsku jafnréttislögin á árunum 1981 og 1983 (lög nr. 45/1978, 21. gr.). Þar er gert ráð fyrir að í nefndum með fjórum fulltrúum eða fleiri eigi hvort kyn að minnsta kosti tvo fulltrúa.

Gildandi lög gera ráð fyrir að á vegum félagasamtaka sé leitast við að ná jöfnuði milli kynja í áhrifastöðum „þar sem því verður við komið“. Þessi varnagli er hér felldur niður og með því lögð frekari áhersla á kröfuna um jöfnuð kynja innan almennra félagasamtaka.

Jafnréttisráð hefur nýverið birt niðurstöður könnunar á hlut kvenna í stjórnum launþegasamtaka og hjá 15 aðildarfélögum Vinnuveitendasambands Íslands (sjá fylgiskjal III). Leiða þær í ljós að hlutur kvenna er allgóður í stjórnum landssambanda ASÍ, svo og innan BSRB og BHM. Í stjórnum og ráðum innan ASÍ er hlutur kvenna hins vegar lakari og ekki í samræmi við hlutfallslegan fjölda þeirra innan Alþýðusambandsins að mati Jafnréttisráðs.

Í 15 aðildarfélögum VSÍ eru aðeins sjö konur í hópi 97 stjórnarmanna og í framkvæmdastjórn og sambandsstjórn Vinnuveitendasambandsins voru engar konur árið 1985–86.

Þann 22. júlí 1987 sendi Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra erindi „til ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja ríkisins, þar sem hún gerir grein fyrir ákvæðum í stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar varðandi jafnrétti kynja. Beinir hún því til ráðuneyta og ríkisstofnana „að gert verði átak í því að ná settum markmiðum í jafnréttismálum ...“ Þetta erindi félagsmálaráðherra felur í sér góða viðleitni sem hér er tekið undir og er bréf hennar birt sem fylgiskjal IV með frumvarpinu.

Það er skoðun flutningsmanna að vinna beri að því að auka áhrif og réttindi kvenna á sem flestum sviðum þjóðlífsins. Sem jöfnust þátttaka kynjanna á opinberum vettvangi er mikilvægt markmið sem stuðningur fengist við með lögfestingu þessa frumvarps.

Fylgiskjal I.

Samantekt Jafnréttisráðs.

Skýrsla um framkvæmd ákvæðis 12. gr. l. nr. 65/1985.

Í skýrslunni er stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkisins skipt í þrjá flokka.

1. Stjórnir og ráð sem Alþingi kýs.
2. Nefndir skipaðar og kjörnar samkvæmt lögum og ályktunum Alþingis.
3. Nefndir skipaðar af stjórnvöldum.

Árin 1976 og 1985 eru skoðuð.

Flokkur 1:

Árið 1976 eru karlar 97% þeirra sem sitja í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkisins. Sjö ráðuneyti eiga engar konur í nefndum. Fjögur ráðuneyti eiga eina eða tvær sem gerir samtals 3% af heildinni.

Árið 1985 eru karlar 90% þeirra sem sitja í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkisins. Fjögur ráðuneyti eiga engar konur.

Flokkur 2:

Árið 1976 eru karlar 95% þeirra sem sitja í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkisins. Sjö ráðuneyti eiga engar konur í stjórnum, nefndum og ráðum.

Árið 1985 eru karlar 91% þeirra sem sitja í stjórnum, nefndum og ráðum. Sex ráðuneyti eiga engar konur.

Flokkur 3:

Árið 1976 eru karlar 92% þeirra sem sitja í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkisins. Fimm ráðuneyti eiga engar konur.

Árið 1985 eru karlar 88%. Tvö ráðuneyti eiga engar konur í stjórnum, nefndum og ráðum.

1. Nefndir, stjórnir og ráð á vegum hins opinbera.

Í þessari samantekt þótti við hæfi að skoða hvernig þróun mála hafi orðið frá árinu 1976 til ársins 1985.

Helstu heimildir eru skýrsla Fjárlaga- og hagsýslustofnunar frá árinu 1976 um skipan í nefndir, stjórnir og ráð ríkisins og Ríkishandbók Íslands árið 1986.

Skipan í nefndir, stjórnir og ráð ríkisins skiptist þannig:

I. Stjórnir og ráð sem Alþingi kýs.
II. Nefndir kjörnar og skipaðar samkvæmt lögum og ályktunum Alþingis.
III. Nefndir skipaðar af stjórnvöldum.

Tafla I.a.

Fjöldi og skipting kynja í stjórnir og ráð innan einstakra ráðuneyta, sem Alþingi kaus, árið 1976.

	Karlar		Konur		Samtals	
	F	%	F	%	F	%
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	52	98	1	2	53	100
Félagsmálaráðuneytið	9	100	0	—	9	100
Fjármálaráðuneytið	0	—	0	—	0	—
Forsætisráðuneytið	28	96	1	4	29	100
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	20	91	2	9	22	100
Iðnaðarráðuneytið	16	100	0	—	16	100
Landbúnaðarráðuneytið	17	100	0	—	17	100
Menntamálaráðuneytið	21	91	2	9	23	100
Samgönguráðuneytið	17	100	0	—	17	100
Sjávarútvegsráðuneytið	20	100	0	—	20	100
Utanríkisráðuneytið	5	100	0	—	5	100
Viðskiptaráðuneytið[1])	15	100	0	—	15	100
Samtals	200	97	6	3	226	100

1) Bankaráð Seðlabanka, Útvegsbanka og Landsbanka.

Tafla I.b.

Fjöldi og skipting kynja í stjórnir og ráð innan einstakra ráðuneyta, sem Alþingi kaus, árið 1985.

	Karlar		Konur		Samtals	
	F	%	F	%	F	%
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	0	—	0	—	0	—
Félagsmálaráðuneytið[1])	7	78	2	22	9	100
Fjármálaráðuneytið	0	—	0	—	0	—
Forsætisráðuneytið	3	100	0	—	3	—
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	17	85	3	15	20	100
Iðnaðarráðuneytið	29	100	0	—	29	100
Landbúnaðarráðuneytið	7	100	0	—	7	100
Menntamálaráðuneytið	24	75	8	25	32	100
Samgönguráðuneytið	16	100	0	—	16	100
Sjávarútvegsráðuneytið	19	95	1	5	20	100
Utanríkisráðuneytið	29	91	3	9	32	100
Viðskiptaráðuneytið[2])	19	95	1	5	20	100
Samtals	170	90	18	10	188	100

1) Alþingi kýs sjö menn hlutbundinni kosningu, en félagsmálaráðherra skipar tvo menn eftir tilnefningu frá ASÍ.
2) Bankaráð Seðlabanka, Útvegsbanka, Landsbanka og Búnaðarbanka.

Tafla II.a.

Fjöldi og skipting eftir kyni í nefndir innan einstakra ráðuneyta, sem eru kjörnar og skipaðar samkvæmt lögum og ályktunum Alþingis, árið 1976.

	Karlar		Konur		Samtals	
	F	%	F	%	F	%
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	60	100	0	—	60	100
Félagsmálaráðuneytið[1])	55	86	9	14	64	100
Fjármálaráðuneytið	71	96	3	4	74	100
Forsætisráðuneytið	29	100	0	—	29	100
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	108	86	18	14	126	100
Iðnaðarráðuneytið	111	100	0	—	111	100
Landbúnaðarráðuneytið	40	100	0	—	40	100
Menntamálaráðuneytið	167	96	9	4	176	100
Samgönguráðuneytið	51	96	2	4	55	100
Sjávarútvegsráðuneytið	106	100	0	—	106	100
Utanríkisráðuneytið	12	100	0	—	12	100
Viðskiptaráðuneytið	17	100	0	—	17	100
Samtals	827	95	41	5	868	100

1) Þar af eru fimm konur í Jafnréttisráði.

Tafla II.b.

Fjöldi og skipting eftir kyni í nefndir innan einstakra ráðuneyta, sem eru kjörnar og skipaðar samkvæmt lögum og ályktunum Alþingis, árið 1985.

	Karlar		Konur		Samtals	
	F	%	F	%	F	%
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	173	92	15	8	188	100
Félagsmálaráðuneytið[1])	24	80	6	20	30	100
Fjármálaráðuneytið	91	95	5	5	96	100
Forsætisráðuneytið	11	100	0	—	11	100
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	129	83	26	17	155	100
Iðnaðarráðuneytið	29	100	0	—	29	100
Landbúnaðarráðuneytið	36	100	0	—	36	100
Menntamálaráðuneytið	199	86	31	14	230	100
Samgönguráðuneytið	61	94	4	6	65	100
Sjávarútvegsráðuneytið	53	100	0	—	53	100
Utanríkisráðuneytið	5	100	0	—	5	100
Viðskiptaráðuneytið	22	100	0	—	22	100
Samtals	833	91	87	9	920	100

1) Þar af eru sex konur í Jafnréttisráði.

Tafla III.a.

Fjöldi og skipting eftir kyni í nefndir innan einstakra ráðuneyta, sem eru skipaðar af stjórnvöldum, árið 1976.

	Karlar		Konur		Samtals	
	F	%	F	%	F	%
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	94	94	6	6	100	100
Félagsmálaráðuneytið	28	100	0	—	28	100
Fjármálaráðuneytið	66	98	1	2	67	100
Forsætisráðuneytið[1])	41	76	13	24	54	100
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	58	85	10	15	68	100
Iðnaðarráðuneytið	143	100	0	—	143	100
Landbúnaðarráðuneytið	66	100	0	—	66	100
Menntamálaráðuneytið	329	86	51	14	380	100
Samgönguráðuneytið	61	98	1	2	62	100
Sjávarútvegsráðuneytið	47	100	0	—	47	100
Utanríkisráðuneytið	9	100	0	—	9	100
Viðskiptaráðuneytið	37	95	2	5	19	100
Samtals	979	92	84	8	1063	100

1) Þar af eru 12 konur í kvennaársnefnd.

Tafla III.b.

Fjöldi og skipting eftir kyni í nefndir innan einstakra ráðuneyta, sem eru skipaðar af stjórnvöldum, árið 1985.

	Karlar		Konur		Samtals	
	F	%	F	%	F	%
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	0	—	0	—	0	—
Félagsmálaráðuneytið	65	81	15	19	80	100
Fjármálaráðuneytið	73	96	3	4	76	100
Forsætisráðuneytið	4	80	1	20	5	100
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	183	82	39	18	222	100
Iðnaðarráðuneytið	0	—	0	—	0	—
Landbúnaðarráðuneytið	184	99	2	1	185	100
Menntamálaráðuneytið	386	80	94	20	480	100
Samgönguráðuneytið	105	94	7	6	112	100
Sjávarútvegsráðuneytið	114	99	1	1	115	100
Utanríkisráðuneytið	28	100	0	—	28	100
Viðskiptaráðuneytið	60	100	0	—	10	100
Samtals	1202	88	162	12	1364	100

Rétt er að taka það fram að nefndir, stjórnir og ráð ríkisins sem voru starfandi árið 1976 hafa sumar hverjar verið lagðar niður og nýjar teknar upp í staðinn árið 1985.

Einhver brögð eru að því að ráðuneytin skýri ekki nákvæmlega frá öllum þeim nefndum sem eru eða voru starfandi á þeirra vegum árin 1976 og 1985. Það virðist skorta á samræmingu á milli ráðuneyta, en það er þó ekki ástæða til að ætla að einhver einstök ráðuneyti sinni þessum upplýsingum verr en önnur.

Vegna þessara aðstæðna ber að varast að leggja of mikið upp úr samanburði á milli áranna 1976 og 1985, en þessar niðurstöður er hægt að túlka sem vísbendingar um hvað hafi áunnist til jöfnunar valddreifingar á milli kynjanna á þessu sviði þjóðfélagsins.

Þetta tíu ára tímabil, sem markast af upphafi kvennaáratugar til loka þess, gefur ekki tilefni til þess að álykta að konur standi betur að vígi árið 1985 en 1976. Hlutdeild þeirra í stjórnum, ráðum og nefndum á milli þessara ára er svipuð. Í töflu III.b. er hlutfall kvenna hæst eða 12%. Þær nefndir eru skipaðar af stjórnvöldum og fást aðallega við undirbúning tillögugerða o.þ.h. fyrir stjórnendur eða ákvörðunartökuaðila.

Hefðbundin verkaskipting kynja kemur nokkuð glöggt fram þegar skipan í nefndir, stjórnir og ráð er skoðað nánar og er lýsandi dæmi um almennar tilhneigingar á atvinnumarkaði. Konur starfa aðallega í málaflokkum um uppeldis- og félagsmál, heilsugæslu o.þ.h., en karlar í fjárumsýslu, stjórnun og tæknilegri úrvinnslu o.þ.h. En það kemur einnig í ljós að konur, sem eru annaðhvort starfandi innan „hefðbundinna“ karlagreina eða standa körlum jafnt að vígi formlega séð til að gegna ábyrgðarstörfum í nefndum, ráðum og stjórnum, eru síður tilnefndar eða skipaðar til þess að gegna þeim stöðum.

Fylgiskjal II.

Konur í nefndum og stjórnum á vegum borgar- og bæjarstjórna.

Frá tímabilinu 1974 til kjörtímabilsins 1982–1986 hafði konum í nefndum og stjórnum á vegum bæjar- eða borgarstjórna fjölgað úr rúmum 14% í tæp 27%. Á yfirstandandi kjörtímabili eru 2536 einstaklingar starfandi í nefndum og ráðum, þar af 695 konur eða aðeins 27,4%.

Þegar einstaka bæjarfélag er skoðað nánar er ekki hægt að merkja nein stærri frávik frá meðaltalstölunni um fjölda eða hlut kvenna sem starfa í nefndum, ráðum eða stjórnum nema með einni undantekningu, þ.e. Neskaupstað. Þar eru konur í meiri hluta kosinna fulltrúa í bæjarstjórn og 41,9% þeirra sem kosnir hafa verið til trúnaðarstarfa í hinar ýmsu nefndir á vegum bæjarfélagsins eru konur.

Þegar litið er til stærstu bæjarfélaganna og hlutfall kvenna, sem eru kjörnir borgar- og bæjarstjórnarfulltrúar, er borið saman við hlutfall kvenna í hinum ýmsu ráðum, stjórnum og nefndum kemur í ljós ákveðin skekkja.

Tafla 3.

Konur í borgar- og bæjarstjórnum borið saman við fjölda kvenna í nefndum (%).

	Borgar- og bæjarstjórn	Nefndar-fulltrúar
Reykjavík	40.0	27.9
Hafnarfjörður	37.4	31.9
Kópavogur	37.4	24.4
Akureyri	37.4	25.6

Af þessu mætti draga þá ályktun að það sé konum auðveldara að komast í t.d. borgar- eða bæjarstjórnir í gegnum „örugg sæti“ á listum stjórnmálaflokkanna en að þessir sömu flokkar kalli þær til starfa í hin ýmsu ráð, stjórnir og nefndir á vegum bæjarfélagsins.

Á vegum þeirra 23 bæjarfélaga, sem athugun þessi nær til, eru starfandi 727 ráð, stjórnir og nefndir, borgar- og bæjarstjórnir meðtaldar. Í tæplega helmingi þessara nefnda eru engar konur, þ.e. í 351 nefnd af 727 = 48,2% eru engar konur. Sjá annars töflu 4.

Hér má auðvitað finna undantekningar eins og t.d. Seltjarnarnes og Neskaupstað, en þar hafa konur „dreift“ sér hvað best.

Konur eru formenn 143 nefnda, þ.e. í 19,7%. Miðað við síðasta kjörtímabil er það hlutfallsleg fækkun. Þá voru konur formenn í 20,9% starfandi nefnda. (Sbr. töflu 5, bls. 160 í *Konur — hvað nú?*)

Konur eru í meiri hluta í einstaka nefndum, eða í 151 af þeim 727 sem eru skráðar, þ.e. 20,7% allra nefnda. Í framhaldi af þessu má benda á að 457 eða 60% þeirra kvenna, sem kosnar hafa verið almennum kosningum eða af sínum stjórnmálasamtökum, eru starfandi í þeim 20% nefnda þar sem þær eru í meiri hluta.

Fjöldi karla og kvenna í borgar- og bæjarstjórnum ásamt ráðum, stjórnum og nefndum á vegum Reykjavíkurborgar og kaupstaða, eftir sveitarstjórnarkosningarnar árið 1986.

Fjöldi þeirra fulltrúa, sem starfa bæði í borgar- og bæjarstjórnum og hinum ýmsu ráðum, stjórnum og nefndum á vegum þeirra 23 bæjarfélaga sem athugunin nær til, er samtals 2739. Af þessum 2739 fulltrúum eru 756 konur eða 27,6%. Rúmlega fjórði hver fulltrúi er kona.

Tafla 1 sýnir bæði fjölda og hlutfall karla og kvenna hjá einstaka bæjarfélagi. Þar eru flokkaðir þeir einstaklingar sem kosnir voru almennum kosningum (borgar- og bæjarfulltrúar) og þeir sem stjórnmálaflokkar kjósa sem sína fulltrúa í ráð, stjórnir og nefndir viðkomandi bæjarfélaga.

Ef litið er eingöngu á fjölda borgar- og bæjarstjórnarfulltrúa er hann samtals 203, af þeim eru 61 kona eða 30%.

Árið 1982 voru 39 af 202 eða 19,3% fulltrúa í borgar- og bæjarstjórnum kaupstaða konur og er þetta því óneitanlega talsverð aukning konum í hag. (Sbr. töflu 4, bls. 159 í *Konur — hvað nú?)*

Tafla 2 sýnir hvernig „æðstu“ embætti hverrar borgar- eða bæjarstjórnar skiptast eftir kyni.

Tafla 2.

Fjöldi og hlutfall fulltrúa í embættum borgar- eða bæjarstjórna 1986.

	Karlar		Konur		Samtals	
	F	%	F	%	F	%
Borgar-/bæjarstjórn	23	100.0	0	0.0	23	100
Borgar-/bæjarráð	65	86.7	10	13.3	75	100
Forsetar borgar-/bæjarstjórna	17	73.9	6	21.6	23	100
Varaforsetar borgar-/bæjarstjórna	27	61.4	17	38.6	44	100

Konur eru ekki borgarstjórar og heldur ekki bæjarstjórar, stundum forsetar borgar- eða bæjarstjórna, en oftast varaforsetar. (Ath. að varaforsetar eru oftast tveir, annar karl og hinn kona.)

Þegar þessi niðurstaða er borin saman við fjölda og hlutfall kvenna í sömu trúnaðarstöðum frá 1974 og 1982 má sjá að hlutur kvenna hefur aukist örlítið, t.d. í borgar- eða bæjarráðum. Árið 1982 voru 7 af 69 eða 10,1% fulltrúa í slíkum ráðum konur. Í dag eru 10 af 75 fulltrúum eða 13,3% þeirra konur. (Sbr. töflu 5, bls. 160 í *Konur — hvað nú?*). Þessi örlitla aukning er ekki í samræmi við aukinn hlut kvenna sem kjörinna fulltrúa í borgar- eða bæjarstjórnir.

Það er áhugavert að athuga nánar hvaða ráð, stjórnir og nefndir það eru sem konur vinna í. Meðal annars kemur í ljós að þær eru í meiri hluta í 17 af 23 félagsmálaráðum eða nefndum, í 18 af 23 grunnskólanefndum. Þær hafa oft meiri hluta í ýmsum nefndum sem tengjast heilbrigðismálum, stjórnum elliheimila og sjúkrasamlaga, nefndum sem tengjast umhverfis- og náttúruverndarmálum, málefnum barna og unglinga og menningarmálum.

Tafla 1.

Fjöldi fulltrúa hjá Reykjavíkurborg og kaupstöðum.

	Karlar		Konur		Samtals	
	F	%	F	%	F	%
Reykjavík						
Kjörnir fulltrúar	9	60.0	6	40.0	15	100
Nefndir og ráð	102	73.4	37	26.6	139	100
Kópavogur						
Kjörnir fulltrúar	7	63.6	4	37.4	11	100
Nefndir og ráð	95	76.6	29	23.4	124	100
Seltjarnarnes						
Kjörnir fulltrúar	4	57.1	3	42.9	7	100
Nefndir og ráð	61	71.9	26	29.1	86	100
Garðabær						
Kjörnir fulltrúar	4	57.1	3	42.9	7	100
Nefndir og ráð	60	81.1	14	18.9	86	100
Hafnarfjörður						
Kjörnir fulltrúar	7	63.6	4	36.4	11	100
Nefndir og ráð	89	68.5	41	31.5	130	100
Grindavík						
Kjörnir fulltrúar	7	100.0	0	—	7	100
Nefndir og ráð	71	32.0	32	31.1	103	100
Keflavík						
Kjörnir fulltrúar	7	77.7	2	22.3	9	100
Nefndir og ráð	99	78.0	28	22.0	127	100
Njarðvík						
Kjörnir fulltrúar	7	100.0	0	—	7	100
Nefndir og ráð	56	70.0	24	30.0	80	100
Akranes						
Kjörnir fulltrúar	7	77.7	2	22.3	9	100
Nefndir og ráð	125	71.8	48	28.2	174	100
Ólafsvík						
Kjörnir fulltrúar	7	100.0	0	—	7	100
Nefndir og ráð	58	62.4	35	37.6	93	100

	Karlar		Konur		Samtals	
	F	%	F	%	F	%
Bolungarvík						
Kjörnir fulltrúar	6	85.7	1	14.3	7	100
Nefndir og ráð	82	70.1	35	29.9	117	100
Ísafjörður						
Kjörnir fulltrúar	5	55.5	4	44.5	9	100
Nefndir og ráð	93	77.5	27	22.5	120	100
Sauðárkrókur						
Kjörnir fulltrúar	7	77.7	2	22.3	9	100
Nefndir og ráð	89	79.5	23	20.5	112	100
Siglufjörður						
Kjörnir fulltrúar	6	66.6	3	33.4	9	100
Nefndir og ráð	58	80.5	14	19.5	72	100
Ólafsfjörður						
Kjörnir fulltrúar	6	85.7	3	33.4	9	100
Nefndir og ráð	83	72.8	31	27.2	114	100
Dalvík						
Kjörnir fulltrúar	4	57.1	3	42.9	7	100
Nefndir og ráð	72	76.6	22	23.4	94	100
Akureyri						
Kjörnir fulltrúar	7	63.6	4	37.4	11	100
Nefndir og ráð	118	75.2	39	24.8	157	100
Húsavík						
Kjörnir fulltrúar	5	55.5	4	44.5	9	100
Nefndir og ráð	76	74.5	26	25.5	102	100
Seyðisfjörður						
Kjörnir fulltrúar	6	66.6	3	33.4	9	100
Nefndir og ráð	57	72.2	22	27.8	79	100
Neskaupstaður						
Kjörnir fulltrúar	4	44.5	5	55.5	9	100
Nefndir og ráð	72	58.1	52	41.9	124	100
Eskifjörður						
Kjörnir fulltrúar	7	100.0	0	—	7	100
Nefndir og ráð	71	67.6	34	32.4	124	100
Vestmannaeyjar						
Kjörnir fulltrúar	7	77.2	2	22.3	9	100
Nefndir og ráð	87	75.0	29	25.0	116	100
Selfoss						
Kjörnir fulltrúar	6	66.6	3	33.4	9	100
Nefndir og ráð	67	71.3	27	28.7	94	100
Samtals						
Kjörnir fulltrúar	142	70.0	61	30.0	203	100
Nefndir og ráð	1841	72.6	695	27.4	2536	100
	1983	72.4	756	27.6	2739	100

Tafla 4.

Fjöldi nefnda og dreifing kvenna í þær.

	Fjöldi nefnda		Fjöldi nefnda þar sem eru engar konur		konur í meiri hluta		% kvenna í meiri hluta	
	F	%	F	%	F	%	F	%
Reykjavík	34	100	11	32.3	6	17.6	22	51.1
Kópavogur	32	100	13	40.6	6	18.8	16	48.5
Seltjarnarnes	21	100	4	19.1	2	9.5	7	25.0
Garðabær	24	100	11	45.8	2	9.5	4	23.5
Hafnarfjörður	36	100	16	44.4	10	27.7	30	66.6
Grindavík	33	100	22	66.6	8	24.2	28	87.5
Keflavík	39	100	26	66.7	5	15.4	22	70.3
Njarðvík	30	100	17	56.7	4	13.3	13	54.2
Akranes	51	100	27	52.9	10	19.6	28	54.9
Ólafsvík	27	100	11	40.7	7	25.9	24	68.6
Bolungarvík	33	100	13	39.4	7	21.2	23	63.9
Ísafjörður	35	100	19	54.3	10	28.6	15	48.4
Sauðárkrókur	34	100	21	61.8	6	17.6	15	60.0
Siglufjörður	17	100	9	52.9	2	11.8	8	47.0
Ólafsfjörður	35	100	18	51.4	7	20.0	21	68.8
Dalvík	26	100	11	42.3	6	23.0	15	60.0
Akureyri	38	100	18	47.4	7	18.4	24	55.8
Húsavík	31	100	16	51.6	6	19.4	18	60.0
Seyðisfjörður	25	100	12	48.0	5	20.0	17	68.0
Neskaupstaður	35	100	7	20.0	15	42.9	42	73.7
Eskifjörður	29	100	16	55.2	8	27.6	28	82.4
Vestmannaeyjar	33	100	19	57.6	6	18.2	19	61.3
Selfoss	29	100	14	48.3	5	17.3	18	60.0

Fylgiskjal III.

Jafnréttisráð:

Hlutur kvenna í stjórnum launþegasamtaka.

Aðild að Alþýðusambandi Íslands eiga átta landssambönd og 33 félög. Í þeim landssamböndum þar sem konur eru meiri hluti félagsmanna er hlutur þeirra í stjórnum sambandanna frá 45–58%. Sjá annars töflu 1.1. Út frá henni má lesa að hlutfall kvenna í stjórnum landssambandanna er í nokkru samræmi við félagatölu þeirra innan aðildarfélaganna.

Staða kvenna í stjórnum og ráðum innan Alþýðusambandsins er verri og ekki í samræmi við hlutfallslegan fjölda þeirra. Í sambandsstjórn eru konur 26% fulltrúa, í miðstjórn 33% og í samninganefnd fyrir árið 1986 voru konur 8 af 33 tilnefndum fulltrúum eða 27%. (Tafla 1.2.)

Í töflu 1.3. má sjá að konur eru í meiri hluta hvað varðar fjölda ríkisstarfsmanna í aðildarfélögum þeirra í BSRB, þar eru þær 63% félagsmanna og skila sér í samræmi við það í

stjórnir félaganna. Það sama má segja um fjölda bæjarstarfsmanna bæði hvað varðar fjölda félagsmanna og hlutfall í stjórnum.

Hvað varðar nefndir, stjórnir og ráð á vegum BSRB má sjá sama munstrið og hjá ASÍ. Staða kvenna er ekki í samræmi við hlutfallslegan fjölda þeirra. Í töflu 1.5. má t.d. benda á stjórn BSRB, þar eru konur 36% af aðalmönnum í stjórn og 57% af varamönnum, að jafnaði koma þær út með 44% fulltrúanna.

Í BHM eru karlar í meiri hluta hvað varðar félagatölu, þar eru konur aðeins 27% af félagsmönnum en 38% stjórnarfulltrúa eru konur. (Ath. mjög svo kynskipt félög og hlutfall kvenna í stjórnum í samræmi við fjölda þeirra sem félagsmanna með nokkrum undantekningum þó, sjá töflu 1.6.) Í stjórnum og ráðum á vegum BHM er hlutfallsleg skipting milli kynjanna í samræmi við félagafjölda þeirra innan aðildarfélaganna.

Fjöldi í aðildarfélögum VSÍ og skipting í stjórnir innan þess.

Aðild að Vinnuveitendasambandi Íslands hafa aðeins fyrirtæki því ekki er hægt að greina frá almennri kynjadreifingu á sama hátt og hjá launþegasamtökunum. Hér er þó greint frá 15 aðildarfélögum og skiptingunni milli kynjanna í stjórnir þeirra. Á töflu 2.1. má sjá að aðeins 7% af þeim 97 einstaklingum í stjórnum þessara félaga eru konur.

Það voru engar konur í framkvæmdastjórn eða sambandsstjórn Vinnuveitendasambands Íslands árið 1985–1986.

1. Fjöldi karla og kvenna innan aðildarfélaga ASÍ, BSRB og BHM og hlutfallsleg skipting í nefndir, stjórnir og ráð innan þeirra.

Aðild að Alþýðusambandi Íslands eiga átta landssambönd og 33 félög. Upplýsingar um félagafjölda og skipan í stjórnir eru frá 1. janúar 1985 nema annað sé tekið fram.

Tafla 1.1.

Fjöldi og hlutfallsleg skipting eftir kyni í aðildarfélögum ASÍ, árið 1985.

	Fjöldi	Konur		Fjöldi í stjórnum	Konur í stjórnum	
	F	F	%	F	F	%
Verkamannasamband Íslands	26.853	14.092	52	285	128	45
Landssamband íslenskra verslunarmanna	11.757	7.106	60	105	58	55
Sjómannasamband Íslands	4.596	89	2	74	4	5
Landssamband iðnverkafólks	4.399	2.578	59	12	7	58
Samband byggingarmanna	2.459	23	1	60	2	3
Málm- og skipasmiðasamband Íslands	2.602	3	0	98	0	—
Rafiðnaðarsamband Íslands	1.210	0	—	40	0	—
Landssamband vörubifreiðastjóra ..	761	0	—	7	0	—
Félög með beina aðild að ASÍ (33 félög)	7.237	4.757[1]	66	148	44	30
Samtals	61.874	28.648	46	829	243	29

[1]) Þar af eru Sóknarkonur 2981.

Tafla 1.2.

Fjöldi og kynjadreifing í stjórnum, ráðum og nefndum innan ASÍ árið 1985.

	Karlar		Konur		Alls	
	F	%	F	%	F	%
Sambandsstjórn	49	74	17	26	66	100
Miðstjórn	14	67	7	33	21	100
Iðnsveinaráð	6	86	1	14	7	100
Stjórn MFA	4	67	2	33	6	100
Skipulagsnefnd	4	57	3	43	7	100
Samninganefnd[1])	25	76	8	24	33	100
Samtals	102	73	38	27	140	100

1) 33 aðilar voru tilefndir í samninganefndina árið 1986, en auk þeirra voru kallaðir til fulltrúar vegna einstakra efnisþátta samninganna.

Konur í stjórnum innan aðildarfélaga ASÍ eru færri en sem samsvarar hlutfallslegum fjölda þeirra innan aðildarfélaganna. En það segir ekki alla söguna. Ef landssamböndin og blönduðu félögin eru skoðuð sérstaklega, þ.e. þau félög og sambönd þar sem félagsmenn eru af báðum kynjum, þá er hlutfall kvenna í stjórnum í nokkru samræmi við félagafjölda þeirra innan aðildarfélaganna.

Tafla 1.3.

Fjöldi ríkisstarfsmanna í aðildarfélögum BSRB og stjórnum þeirra árið 1986.

	Fjöldi	Fjöldi kvenna		Fjöldi í stjórnum[1])	Konur í stjórnum	
Félag flugmálastarfsmanna	106	16	15	7	0	—
Félag íslenskra símamanna	1067	460	43	7	4	57
Félag starfsmanna stjórnarráðsins	251	196	78	9	8	89
Hjúkrunarfélag Íslands	1422	1408	99	13	13	100
Landssamband lögreglumanna	354	7	2	10	0	
Ljósmæðrafélag Íslands	112	112	100	7	7	110
Lögreglufélag Reykjavíkur	248	8	3	10	0	—
Póstmannafélag Íslands	750	577	77	7	6	86
Starfsmannafélög:						
ríkisstofnana	4842	3079	64	11	5	45
Ríkisútvarps	87	58	67	6	5	83
Sjónvarps	118	45	38	8	5	62
Sjúkrasamlags Reykjavíkur	30	25	83	6	6	100
Tollvarðafélag Íslands	108	9	8	8	1	12
Samtals	9495	6000	63	109	60	55

1) Fjöldi í aðal- og varastjórn.

Tafla 1.4.

Fjöldi bæjarstarfsmanna í aðildarfélögum BSRB og stjórnum þeirra árið 1986.

	Fjöldi	Fjöldi kvenna		Fjöldi í stjórnum	Konur í stjórnum	
	F	F	%	F	F	%
Félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi	119	93	78	7	7	100
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum	162	80	49	7	3	43
Starfsmannafélag						
Akraness	274	203	74	8	5	63
Akureyrar	583	377	65	13	5	38
Austur-Skaftafellssýslu	42	22	52	5	2	40
Borgarneshrepps	39	21	54	5	3	60
Dalvíkur	51	28	55	5	3	60
Garðabæjar	85	64	75	5	3	60
Hafnarfjarðar	213	132	62	5	3	60
Húsavíkur	101	66	65	5	1	20
Keflavík	155	103	66	7	3	43
Kópavogs	348	257	74	7	4	57
Mosfellshrepps	63	41	65	8	6	75
Neskaupstaðar	50	38	76	6	4	75
Ólafsfjarðar	43	32	74	6	4	75
Reykjavíkurborgar	2595	1617	62	11	6	55
Sauðárkróks	110	86	78	6	4	67
Selfoss	85	57	67	5	3	60
Seltjarnarness	77	51	66	8	4	50
Siglufjarðar	45	19	42	5	0	—
Suðurnesjabyggða	177	102	58	7	2	29
Vestmannaeyja	203	117	58	5	2	40
Einstaklingsaðilar	192	135	70	—	—	—
Samtals	5812	3741	64	147	77	53

Tafla 1.5.

Fjöldi karla og kvenna í nefndum, stjórnum og ráðum BSRB árið 1986.

	Karlar		Konur		Alls	
	F	%	F	%	F	%
Stjórn BSRB						
Aðalmenn	7	64	4	36	11	100
Varamenn	3	43	4	57	7	100
Samtals	10	56	8	44	18	100
Formenn bandalagsfélaga ríkisstarfsmanna	5	38	8	62	13	100
Formenn bandalagsfélaga bæjarstarfsmanna	14	64	8	36	22	100
Formenn alls	19	54	16	46	35	100
Bæjarstarfsmannaráð	5	71	2	29	7	100
Samninganefnd						
Aðalmenn ríkis- og bæjarstarfsmanna	28	51	27	49	55	100
Útbreiðslunefnd	5	71	2	29	7	100
Stjórn Orlofsheimila BSRB	4	80	1	20	5	100
Verkfallssjóðsstjórn	5	71	2	29	7	100
Jafnréttisnefnd	1	14	6	86	7	100
Ferðanefnd	3	43	4	57	7	100
Ýmsar fastar nefndir, dómar og stjórnir	14	58	10	42	24	100
Stjórnir Verkamannabústaða						
Aðalmenn	51	74	18	26	69	100
Varamenn	28	41	41	59	69	100
Samtals	79	58	59	42	138	100
Heildarfjöldi	173	56	137	44	310	100

Um 64% félaga BSRB eru konur. Fjöldi þeirra í stjórnum aðildarfélaganna er um 54%. Til jafnaðar er því seta kvenna í stjórnum BSRB í nokkuð góðu samræmi við félagafjölda þeirra.

Tafla 1.6.

Fjöldi karla og kvenna í aðildarfélögum og stjórnum aðildarfélaga BHM árið 1986.

	Félagsmenn	Fjöldi kvenna		Fjöldi í stjórn	Konur í stjórn	
Arkitektafélag Íslands	178	27	15	4	1	25
Dýralæknafélag Íslands	41	3	7	4	0	—
Félag bókasafnsfræðinga	108	95	88	6	6	100
Félag fréttamanna	40	13	32	5	2	40
Félag háskólakennara	334	67	20	5	0	—
Félag háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga	155	149	96	5	4	80
Félag háskólamenntaðra uppeldisfræðinga	23	15	65	5	3	60
Félag íslenskra fræða	106	32	30	3	1	33
Félag íslenskra náttúrufræðinga	357	86	24	5	1	20
Félag íslenskra landslagsarkitekta	11	3	27	3	0	—
Félag íslenskra sjúkraþjálfara	157	137	87	5	3	60
Félag tækniskólakennara	24	4	16	3	1	33
Félag tölvunarfræðinga	18	4	22	5	0	—
Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga	606	68	11	7	2	28
Félag þjóðfélagsfræðinga	63	21	33	5	2	40
Hið íslenska kennarafélag	1123	433	39	7	2	28
Iðjuþjálfafélag Íslands	32	32	100	7	7	100
Kennarafélag KHÍ	47	24	51	3	2	66
Lyfjafræðingafélag Íslands	156	79	51	6	4	66
Læknafélag Íslands	620	77	12	8	0	—
Lögfræðingafélag Íslands	766	75	10	7	3	43
Matvæla- og næringafræðingafélag Íslands	43	25	58	5	3	60
Prestafélag Íslands	143	7	5	5	0	—
Sálfræðingafélag Íslands	88	24	27	5	0	—
Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa	79	64	81	5	5	100
Tæknifræðingafélag Íslands	485	2	0	7	0	—
Útgarður, félag háskólamenntaðra starfsmanna	67	26	38	5	1	20
Samtals	5870	1592	27	140	53	38

Til jafnaðar er hlutfall kvenna í stjórnum félaganna í nokkru samræmi við fjölda þeirra sem félagsmanna innan aðildarfélaganna. En þó eru einstaka stjórnir, til að mynda Félag háskólakennara, Félag tölvunarfræðinga og Sálfræðingafélagið sem eru undantekningar frá þessari reglu. Í stjórnum og ráðum BHM er hlutfallsleg skipting milli kynja í samræmi við félagafjölda þeirra innan aðildarfélaganna.

Tafla 1.7.

Fjöldi karla og kvenna í stjórnum og ráðum innan BHM árið 1987.

	Karlar		Konur		Samtals	
	F	%	F	%	F	%
Framkvæmdastjórn	8	80	2	20	10	100
Stjórn	3	60	2	40	5	100
Menntamálanefnd	4	80	1	20	5	100
Atvinnumálanefnd	3	60	2	40	5	100
Skattanefnd	5	100	0	—	5	100
Orlofsnefnd	2	40	3	60	5	100
Jafnréttisnefnd	2	40	3	60	5	100
Ráð sjálfstætt starfandi háskólamanna	8	73	3	27	11	100
Ráð launþega á almennum vinnumarkaði	7	64	4	36	11	100
Samtals	42	68	20	32	62	100

2. Fjöldi í aðildarfélögum VSÍ og skipting í stjórnir innan þess.

Aðild að Vinnuveitendasambandi Íslands hafa bæði einstök fyrirtæki og einstaklingar. Vegna þessara aðstæðna er ekki hægt að greina frá almennri kynjadreifingu á milli aðildarfélaganna. Félagsmenn í VSÍ eru 3108. Hér er einungis greint frá 15 aðildarfélögum, beinir félagsmenn og einstök vinnuveitendafélög í bæjum og bæjarfélögum eru því undanskilin að þessu sinni.

Tafla 2.1.

Skipting í stjórnir og ráð innan 15 aðildarfélaga árið 1985 til 1986.

	Fjöldi félaga	Fjöldi í stjórn	Konur í stjórn	%
Félag íslenskra iðnrekenda	247	7	0	—
Samband málm- og skipasmiðja	361	5	0	—
Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda	41	5	0	—
Landssamband íslenskra rafverktaka	291	6	0	—
Hárgreiðslumeistarafélagið	111	3	3	100
Landssamband bakarameistara	51	7	0	—
Félag íslenska prentiðnaðarins	82	7	0	—
Verktakasamband Íslands	32	5	0	—
Félag vinnuvélaeigenda	334	5	0	—
Samband veitinga- og gistihúsa	125	7	1	14
Apótekarafélag Íslands	42	3	1	33
Kaupmannafélag Íslands	531	5	0	—
Félag íslenskra stórkaupmanna	249	7	1	14
Samband fiskvinnslustöðva	93	9	0	—
Landssamband ísl. útvegsmanna	343	16	1	6
Samtals	2933	97	7	7

Tafla 2.2.

Skipting í stjórnir innan VSÍ árið 1985 til 1986.

	Karlar		Konur		Alls	
	N	%	N	%	N	%
Framkvæmdastjórn	16	100	0	—	16	100
Sambandsstjórn[1])	64	100	0	—	64	100
Samtals	80	100	0	—	80	100

1) Upphaflega voru kosnir 66 menn í sambandsstjórn en tveir fulltrúar létust árið 1985.

Fylgiskjal IV.

Félagsmálaráðuneytið:

Til ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja ríkisins.
(22. júlí 1987.)

Í stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á jafnrétti kynja. Meðal annars segir að átak verði gert til að koma á jafnrétti kvenna og karla með sérstakri áherslu á launajafnrétti. Til að ná fram þessu markmiði skal m.a. unnið samkvæmt framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Í framkvæmdaáætlun, sem lögð var fram á Alþingi sl. vetur, er eftirtöldum atriðum beint til ráðuneyta og opinberra stofnana:

1. „Ríki og sveitarfélög vinni markvisst að því að tala kynjanna í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum þessara aðila verði sem jöfnust, sbr. 12. gr. jafnréttislaga."

Í nýútkominni skýrslu Jafnréttisráðs um framkvæmd 12. gr. jafnréttislaga kemur eftirfarandi fram:

Árið 1985 eru karlar 90% þeirra sem sitja í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkisins sem kosin eru af Alþingi.

Karlar eru 91% þeirra sem sitja í stjórnum, nefndum og ráðum sem skipuð eru og kjörin samkvæmt lögum og ályktunum Alþingis.

Karlar eru 88% í þeim nefndum sem skipaðar eru af stjórnvöldum.

Í niðurstöðum skýrslunnar segir að í ljós hafi komið að konur, sem eru annaðhvort starfandi innan „hefðbundinna" karlagreina eða standi körlum jafnt að vígi formlega séð til að gegna ábyrgðarstörfum í nefndum, ráðum og stjórnum, séu síður tilnefndar eða skipaðar til þess að gegna þeim stöðum.

2. „Ráðuneyti vinni að því að konur, sem starfa hjá hinu opinbera, fái aukin tækifæri til að gegna ábyrgðarstöðum, sbr. 3. gr. laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla."

Í tilvitnaðri lagagrein er kveðið á um það að ekki teljist það brot á jafnréttislögum að beita sérstökum tímabundnum aðgerðum sem ætlaðar eru til að bæta stöðu kvenna til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna. Vert er að vekja athygli á nýlegri athugun Jafnréttisráðs á kynjaskiptingu í helstu stjórnunar- og ábyrgðarstörfum hjá hinu opinbera. Í

ábyrgðar- og stjórnunarstörfum á aðalskrifstofum ráðuneyta og Hagstofu var árið 1985 engin kona ráðuneytisstjóri, af 12 skrifstofustjórum var ein kona, af 26 deildarsérfræðingum 5 konur og engin kona var sendiherra. Í ábyrgðar- og stjórnunarstörfum innan níu opinberra stofnana, Vegagerð ríkisins, Alþingi, Orkustofnun, Ríkisbókhaldi, embætti húsameistara ríkisins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Húsnæðisstofnun ríkisins, Hafrannsóknastofnun og borgardómaraembættinu í Reykjavík voru konur árið 1985 samtals 61 af 318. Allir forstjórar þeirra opinberu stofnana, sem athugaðar voru, voru karlar.

3. „Ráðuneyti og opinberar stofnanir á vegum ríkisins beiti sér fyrir að komið verði á sveigjanlegum vinnutíma til að stuðla að jafnari þátttöku kynjanna í heimilisstörfum og atvinnulífinu."

Í stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnar segir að launastefna ríkisins sem aðila að kjarasamningum miði að því að bæta kjör hinna tekjulægstu og endurmeta störf kvenna og *stuðla að jafnrétti í launakjörum og hlunnindagreiðslum hjá ríkinu.*

Í þessu sambandi er vert að vekja athygli á upplýsingum sem fram komu á Alþingi 1984 um hlunnindagreiðslur til ríkisstarfsmanna á árinu 1982 en þar kom fram að í ráðuneytum, stofnunum, fyrirtækjum og sjóðum A-hluta fengu karlar greitt 93,25% vegna fastrar yfirvinnu og 94,3% allra greiðslna vegna starfsmannabíla. Þar af leiðir að konur hjá hinu opinbera fá ekki nema rúm 5–7% af þessum greiðslum.

Því er hér með beint til ráðuneyta og ríkisstofnana að gert verði átak í því að ná settum markmiðum í jafnréttismálum svo sem að ofan greinir. Óskað er eftir því að félagsmálaráðuneytið fái að fylgjast með framgangi málsins.

Félagsmálaráðuneytið mun einnig síðar fylgja þessu máli eftir með könnun á framkvæmd og stöðu mála innan ráðuneyta og ríkisstofnana.

Óskað er eftir að bréfi þessu verði dreift til þeirra stofnana og fyrirtækja sem undir ráðuneyti yðar heyra.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Hallgrímur Dalberg.

Sþ. 79. Tillaga til þingsályktunar [76. mál]

um eflingu skógræktar á Fljótsdalshéraði.

Flm.: Jón Kristjánsson, Hjörleifur Guttormsson, Egill Jónsson.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að láta semja tíu ára áætlun um eflingu skógræktar á Fljótsdalshéraði. Áætlunin skal taka til eftirfarandi atriða:

a. ræktunar nytjaskóga,
b. viðhalds og hirðingar skóglendis sem fyrir er,
c. flutnings aðalstöðva Skógræktar ríkisins til Hallormsstaðar.

Við gerð áætlunarinnar um ræktun nytjaskóga og hirðingu skóglendis skal höfð samvinna við Skógrækt ríkisins, Búnaðarsamband Austurlands og skipulagsstjóra ríkisins. Miðað skal við að flutningur aðalstöðva Skógræktar ríkisins verði í áföngum í samráði við skógræktarstjóra og starfsmenn stofnunarinnar.

Greinargerð.

Skilyrði til skógræktar á Fljótsdalshéraði eru ein hin bestu hér á landi. Þar er einnig á stóru svæði samfelldur birkiskógur og eru þær skógarleifar hinar mestu hér á landi.

Samkvæmt landnýtingaráætlun, sem gefin var út í maí 1986, eru skógræktarskilyrði þau bestu sem gerast á Upp-Héraði og góð á Út-Héraði ef frá eru talin svæði sem liggja næst Héraðsflóa.

Skógrækt ríkisins hefur haldið uppi starfsemi á Hallormsstað í 80 ár. Fyrstu fjóra áratugina beindist starfsemin aðallega að friðun og umhirðu birkiskógarins og er hann nú með grósku meiri skógum landsins.

Frá fyrstu tíð hafa verið gerðar tilraunir með erlendar trjátegundir á Hallormsstað og eftir 1950 hefur aðaláhersla verið lögð á ræktun þeirra. Reynsla af þessu starfi bendir ótvírætt til þess að á Fljótsdalshéraði innan Egilsstaða megi rækta sumar trjátegundir með arðsemi og á það sérstaklega við um ræktun lerkis. Ætla má að á þessu svæði skili hver hektari lands fjórum til fimm teningsmetrum viðar árlega sé miðað við 80–100 ára vaxtartölu sem er sambærilegt við þær kröfur sem gerðar eru til nytjaskógræktar í nágrannalöndum okkar í norðanverðri Skandinavíu.

Nú þegar gefur skógræktin á Hallormsstað alldrjúgar tekjur — jólatré, eldiviður, stauraviður o.fl. — og munu þær fara vaxandi á næstu árum þegar lerkiskógurinn fer að gefa af sér smíðavið og borðvið.

Heimatekjur á Hallormsstað eru áætlaðar á þessu ári tæpar 8,5 millj. kr. sem er upphæð er nemur um 60% af áætluðum rekstrargjöldum ársins.

Vinnustundafjöldi við skógræktina á Hallormsstað er nú rúmlega 132 000 hjá fólki innan ASÍ auk tveggja starfsmanna BHM og BSRB.

Árið 1969 var hafin ræktun nytjaskóga í Fljótsdal í samvinnu við bændur í hreppnum. Nú er stunduð ræktun nytjaviðar á átta jörðum — á alls 368 hekturum lands — og er lokið við að gróðursetja í helming þess svæðis. Áhugi er á því hjá 16 bændum á Upp-Héraði að hefja ræktun á 432 hekturum lands. Á sl. vori setti Skógrækt ríkisins fram 15 ára áætlun (1988–2002) á fyrrnefndum jörðum — alls 24 bújörðum.

Í stuttu máli gerir áætlunin ráð fyrir að lokið verði við að girða 437 hektara lands á fimm árum og að gróðursetningu á svæðinu ljúki á 15 árum. Þessi áætlun var liður í fjárlagatillögum Skógræktar ríkisins sl. vor. Hins vegar eru sáralitlir peningar ætlaðir til nytjaskóga á vegum bænda í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1988 og til gróðursetningar.

Árlegur kostnaður skiptist þannig samkvæmt áætluninni á fimm ára tímabil (í þús. kr.):

1988–1992	5 065
1993–1997	3 760
1998–2002	3 760
Alls	12 585

Samkvæmt breytingu á skógræktarlögum, sem tók gildi vorið 1984, er heimilt að veita styrk úr ríkissjóði til nytjaskógræktar á bújörðum er nemur allt að 80% stofnkostnaðar. Því miður er þessi styrkur ákveðinn á fjárlögum hverju sinni og hefur enn verið langtum minni en svo að hann hafi getað mætt eftirspurn eftir fjármagni til þessa ræktunarþáttar.

Því reynir nú mjög á það hvort framfylgt verði fyrrgreindu heimildarákvæði skógræktarlaganna, ella virðist það vera markleysa. Bent skal á að árið 1987 voru á fjárlögum veittar 350 þús. kr. til framkvæmda í Fljótsdal og við þá upphæð bætt 475 þús. kr. af liðnum Nytjaskógar á fjárlögum. Sýnir það hve mikið vantar á að komið sé til móts við óskir heimamanna í þessu efni.

Loks má geta þess að í sambandi við niðurskurð á sauðfé vegna riðuveiki í Vallahreppi verður eitthvert besta skógræktarland á Íslandi laust um sinn, þ.e. Norður-Vellir og Skógar.

Sú hugmynd hefur komið upp að kanna hvort bændur á þessu svæði væru tilbúnir að leggja niður sauðfjárrækt og hefja skógrækt í staðinn á sama grundvelli og tíu bændur í Laugardal hugðust gera fyrir þremur árum þótt af því hafi ekki orðið. Norður-Velli og Skóga væri hægt að girða af með einni girðingu milli Sauðhaga og Vaðs norður í Hafursárgirðingu.

Birkiskógarnir á Héraði eru að meiri hluta í einkaeigu, hluti er í eigu sveitarfélaga og enn einn hlutinn er í eigu Skógræktar ríkisins. Nauðsyn ber til að samstarf takist með þessum aðilum um hirðingu. Eðlilegt er að forusta og ráðgjöf um slíka vinnu sé í höndum Skógræktar ríkisins.

Á síðasta þingi var flutt þingsályktunartillaga um flutning höfuðstöðva Skógræktar ríkisins að Hallormsstað. Fyrsti flutningsmaður var Guðrún Tryggvadóttir og var fyrsti flutningsmaður þessarar tillögu meðflutningsmaður. Það mál hlaut ekki afgreiðslu á því þingi. Málið er hér endurflutt í víðara samhengi. Það hlýtur að teljast eðlilegt að um eflingu starfs Skógræktar ríkisins á Hallormsstað sé fjallað þegar rædd er framtíð skógræktar á Fljótsdalshéraði. Það væri við hæfi að höfuðstöðvar þessarar starfsemi væru á stað þar sem skógrækt byggir á langri hefð og reynslu.

Það er einnig skoðun flutningsmanna að flutningur þessarar ríkisstofnunar út á landsbyggðina sé táknrænn og í rauninni til marks um það hvort vilji er fyrir hendi til flutnings ríkisstofnana. Það er ljóst að þessi breyting tekur tíma og þess vegna er gert ráð fyrir að flutningurinn fari fram í áföngum og gefið sé svigrúm til þess að skipuleggja þessar breytingar.

Samband sveitarfélaga á Austurlandi gerði eftirfarandi ályktun á fundi sínum sl. haust til stuðnings þessu málefni:

„Aðalfundur SSA, haldinn á Fáskrúðsfirði dagana 27. og 28. ágúst 1987, skorar á stjórnvöld að flytja höfuðstöðvar Skógræktar ríkisins að Hallormsstað.“

Tillögunni fylgdi eftirfarandi greinargerð:

„Um áratugaskeið hefur verið unnið brautryðjendastarf á Hallormsstað og stórkostlegum árangri náð.

Því telur fundurinn eðlilegt að höfuðstöðvar Skógræktar ríkisins verði fluttar að Hallormsstað enda viljayfirlýsing Alþingis að ríkisstofnunum verði dreift um landið.“

Sþ. 80. Tillaga til þingsályktunar [77. mál]

um launakostnað við mötuneyti framhaldsskólanna.

Flm.: Danfríður Skarphéðinsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir, Ingi Björn Albertsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nauðsynlegar ráðstafanir í því skyni að launakostnaður starfsfólks í mötuneytum framhaldsskólanna verði greiddur úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Með stofnun nýrra framhaldsskóla um allt land á undanförnum árum hafa aðstæður til náms batnað til muna. Enn þá vantar þó nokkuð á að möguleikar fólks til náms eftir búsetu og efnahag séu jafnir. Almennur aðbúnaður nemenda í hinum ýmsu skólum er afar mismunandi.

Hollir lifnaðarhættir eru ein af undirstöðum daglegrar vellíðunar, góðrar heilsu og þar með árangurs í starfi. Ein af frumþörfum hvers og eins er að nærast reglulega. Það er ekki síður mikilvægt fyrir nemendur en annað vinnandi fólk að geta neytt matar á vinnustað sínum. Þeir sem sækja skóla langt að eiga ekki annarra kosta völ hvernig svo sem aðstæður kunna að vera í viðkomandi skólum.

Fram til þessa hefur sá háttur verið hafður á þar sem mötuneyti eru fyrir hendi að nemendur sjálfir hafa borið launakostnað vegna þeirra.

Á þessu skólaári er áætlað að launakostnaðurinn einn verði 30–40%. Miðað við verðlag og laun nú má ætla að greiða þurfi a.m.k. 90 þús. kr. með hverjum nemanda í fullu fæði þetta skólaárið.

Allir hljóta að sjá hversu þungur baggi þetta er á þeim heimilum sem senda þurfa börn sín í heimavist. Víst er að fyrir marga er hann svo þungur að margir unglingar eiga þess vart kost að afla sér framhaldsmenntunar. Hér er því um mikið hagsmunamál nemenda og foreldra að ræða, ekki síst þeirra sem búa í dreifbýli. Síbreytilegar og æ flóknari aðstæður í þjóðfélagi okkar krefjast þess að fólk verður í sífellt ríkara mæli að auka við menntun sína að grunnskólaprófi loknu. Það er því ein af skyldum samfélagsins að gera fólki slíkt kleift án tillits til búsetu og efnahags. Þessi launakostnaður er stór hluti af tekjum hvers heimilis en fyrir heildina hlýtur hann að teljast léttvægur.

Nd. 81. Frumvarp til laga [78. mál]

um breytingu á l. um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, með síðari breytingum.

Flm.: Ragnar Arnalds.

1. gr.

Á eftir 25. gr. laganna kemur ný grein (verður 26. gr.) í nýjum kafla með fyrirsögninni *VI. kafli Sameiginlegt forval* og orðast svo:

Um leið og boðað er til alþingiskosninga skal stjórnmálasamtökum, sem hyggjast bjóða fram lista, gefinn kostur á að taka þátt í sameiginlegu forvali til að undirbúa skipan framboðslista.

Sameiginlegt forval fer því aðeins fram í kjördæmi að a.m.k. þrjú framboð eða stjórnmálasamtök, sem fengu samanlagt meira en helming atkvæða í kjördæminu í seinustu kosningum, taki þátt í forvalinu.

Sameiginlegt forval skal fara fram samtímis um land allt og eigi síðar en viku áður en framboðsfresti lýkur.

Stjórnmálasamtök, sem taka þátt í sameiginlegu prófkjöri, ákveða sjálf hvaða skilyrðum frambjóðendur verða að fullnægja til viðbótar almennum skilyrðum þessara laga. Þau ákveða einnig hvort úrslit forvalsins teljist bindandi og með hvaða skilyrðum.

Kjörstjórnir og yfirkjörstjórnir annast framkvæmd forvalsins með sama hætti og í alþingiskosningum.

Kjósandi merkir við nöfn frambjóðenda með tölustöfum í þeirri röð sem hann vill að þeir skipi framboðslistann.

Kjósandi má aðeins velja milli manna á einum framboðslista.

2. gr.

Á eftir 30. gr. laganna komi ný málsgrein svohljóðandi:

Framboðslistar mega vera raðaðir eða óraðaðir. Sé listi óraðaður skal það tekið sérstaklega fram um leið og listanum er skilað til yfirkjörstjórnar. Skal listinn þá vera í stafrófsröð en yfirkjörstjórn hlutar um hvaða nafn í stafrófsröðinni verði efst á listanum.

3. gr.

Á eftir 2. mgr. 53. gr. laganna kom ný grein svohljóðandi:

Ef listi er óraðaður skal þess getið sérstaklega við listabókstafinn á kjörseðlinum.

4. gr.

2. mgr. 84. gr. laganna orðist svo:

Kjósandi getur ákveðið röð nafna á þeim lista sem hann kýs, hvort sem listi er raðaður eða óraðaður. Hann setur þá tölustafinn 1 fyrir framan það nafn er hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn sem hann vill hafa í 2. sæti o.s.frv.

5. gr.

115. gr. laganna orðist svo:

Til þess að finna hverjir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista í kjördæmi skal reikna frambjóðendum atkvæðatölu á þennan hátt:

Yfirkjörstjórn tekur saman þá kjörseðla þar sem engin breyting hefur verið gerð á listanum. Sé um *raðaðan* lista að ræða telst efsta nafn listans vera í fyrsta sæti, næsta nafn í öðru sæti o.s.frv. Sé listi óraðaður hafa slík atkvæði engin áhrif á röð frambjóðenda. Næst tekur yfirkjörstjórn alla þá kjörseðla þar sem kjósendur hafa gert breytingar á röðuðum lista eða tölusett nöfn á óröðuðum lista og telur atkvæði hvers frambjóðenda í hvert sæti listans.

Landskjörstjórn skal raða nöfnum frambjóðenda á hverjum lista þannig að sá, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. sæti samkvæmt næstu málsgrein hér á undan, hlýtur það sæti. Sá frambjóðandi, að þessum slepptum, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. og 2. sæti samanlagt, hlýtur 2. sætið o.s.frv. uns raðað hefur verið í sæti svo mörgum frambjóðendum listans að ljóst sé hverjir teljast þingmenn hans í kjördæminu og hverjir varaþingmenn.

Framboðslisti í kjördæmi, sem hlotið hefur þingmann eða þingmenn kjörna, hefur rétt til jafnmargra varaþingmanna meðan nöfn endast á listanum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sá hængur er á gildandi kosningalögum að kjósendur eiga þess tæpast kost að ráða neinu um röð frambjóðenda á þeim listum sem þeir kjósa. Listarnir eru lagðir fram raðaðir og þótt kjósendur hafi rétt til að breyta röðinni hafa aðstæður og ákvæði laganna verið þannig að það gerist ekki í reynd og hefur aldrei gerst í þrjá áratugi.

Til þess að bæta úr þessu hafa stjórnmálaflokkar efnt til prófkjörs eða forvals, ýmist fyrir flokksmenn, yfirlýsta stuðningsmenn eða kjósendur almennt.

Þegar flokksmenn einir taka þátt í forvali er hópurinn, sem ákvörðun tekur, nokkuð þröngur og niðurstaðan kann að vera í miklu ósamræmi við vilja kjósenda flokksins. En þegar kjósendur almennt eða meintir stuðningsmenn taka þátt í prófkjöri flokks er veruleg hætta á því að meðal þátttakenda sé fjöldi manna sem ekki ætlar að kjósa flokkinn í sjálfum alþingiskosningunum.

Í frumvarpi þessu er stjórnmálaflokkum gefinn kostur á nýjum leiðum til að bjóða kjósendum sínum að velja frambjóðendur flokksins. Þó er það megineinkenni frumvarpsins að stjórnmálaflokkunum er áfram í sjálfsvald sett hvort þeir reyna þessar leiðir eða halda sig við það sem verið hefur. Skoðanir eru mjög skiptar um það hvernig haga beri persónuvali í kosningum og því virðist heppilegast að mörgum leiðum sé haldið opnum en reynslan látin skera úr um hvað hentar best fyrir kjósendur og flokka.

Í 1. gr. frumvarpsins er ákvæði um sameiginlegt forval flokkanna. Þegar mörg stjórnmálasamtök standa að forvali samtímis og kjósendur geta aðeins verið þátttakendur hjá einum flokki eru líkurnar stórum minni að afskipti kjósenda beinist að öðrum flokki en þeim sem þeir ætla endanlega að kjósa. Jafnframt er eðlilegt að sett séu skilyrði um ákveðna lágmarksþátttöku í forvalinu. Hafa verður í huga að ríkið greiðir kostnað við forvalið sem yrði í umsjá sömu aðila og annast framkvæmd kosninga. Hér er miðað við þrjú framboð eða samtök sem fengu a.m.k. helming greiddra atkvæða í seinustu kosningum í viðkomandi kjördæmi.

Í 2.–5. gr. er opnað fyrir þá leið að stjórnmálasamtök geti lagt fram óraðaðan lista. Þetta er gömul hugmynd og margrædd en hefur aldrei verið reynd hér á landi. Þessa leið gætu þau samtök reynt sem hvorki væru með eigið prófkjör né tækju þátt í sameiginlegu forvali. Raunar er ekkert því til fyrirstöðu að stjórnmálasamtök taki fyrst þátt í forvali, þar sem helstu talsmenn listanna yrðu valdir, en eftir sem áður gæfist kjósendum kostur á að velja frambjóðendur á óröðuðum listum eftir að hafa fylgst með sigurvegurum prófkjörsins í kosningabaráttunni. Ekki er víst að kjósendur séu sama sinnis um hæfileika frambjóðenda við upphaf og lok kosningabaráttunnar og er því eðlilegt að halda báðum þessum leiðum opnum.

Í mörg ár hefur stjórnarskrárnefnd fjallað rækilega um aukið persónuval í kosningum. Frumvarp þetta er þó ekki byggt á frumvarpsdrögum sem þar hafa verið rædd. Það er von flutningsmanns að frumvarp það, sem hér er lagt fram, ýti undir umræður um þessi mál á víðari vettvangi og auðveldi þannig stjórnarskrárnefnd störf sín.

Sþ. 82. Fyrirspurn [79. mál]

til utanríkisráðherra um heimsóknir herskipa og kjarnavopn.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvernig hyggst utanríkisráðherra tryggja að sú stefna sé undantekningarlaust virt að ekki séu kjarnavopn í skipum sem koma inn í íslenska lögsögu og íslenskar hafnir?

Sþ. 83. Fyrirspurn [80. mál]

til félagsmálaráðherra um mat á snjóflóðahættu og fjárveitingar til snjóflóðavarna.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hversu langt er komið mati á snjóflóðahættu á byggðum svæðum?
2. Hvert er mat ráðuneytisins og ofanflóðanefndar á fjárþörf til snjóflóðavarna?
3. Hversu mikið fjármagn er til ráðstöfunar í snjóflóðavarnir á vegum ráðuneytisins og ofanflóðanefndar?
4. Eftir hvaða reglum er fjármagni úthlutað til snjóflóðavarna?
5. Hvað liggur fyrir af umsóknum frá sveitarfélögum og öðrum um fjárstuðning við snjóflóðavarnir?

Sþ. 84. Tillaga til þingsályktunar [81. mál]

um verðlagsrannsókn.

Flm.: Birgir Dýrfjörð, Karl Steinar Guðnason, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að láta fara fram rannsókn á þeim verðhækkunum sem átt hafa sér stað á líðandi ári með það að markmiði að leiða í ljós hverjar orsakirnar séu, þar á meðal hvort verslunar- og þjónustufyrirtæki séu að ætla sér aukinn hlut í ágóða eða til þess að standa undir óhagkvæmri fjárfestingu. Jafnframt verði verðmyndun í innflutningsverslun athuguð sérstaklega. Sömuleiðis verði kannað að hve miklu leyti takmörkun á samkeppni leiði til óhóflegs verðs á vörum og þjónustu, þar á meðal sérstaklega á flutningsgjöldum og hvort slíkar aðstæður gefi tilefni til þess að beita ákvæðum um hámarksverð eða hámarksálagningu.

Greinargerð.

Þegar rekin er fastgengisstefna sem byggir á því að laun í krónum talið hækki sem minnst en kaupmáttur haldist og helst aukist er óæskilegt að hagsmunaaðilar í verslun og þjónustu eigi að miklu leyti sjálfdæmi um þann veigamikla þátt í kaupmætti sem verð á vörum og þjónustu er. Þetta sjálfdæmi felst í frjálsri álagningu á vörur og afar frjálsri verðákvörðun á þjónustu.

Vegna þessa fyrirkomulags ræðst kaupmáttarstig launa mjög af því hvað þessum hagsmunaaðilum tekst að hemja hagnaðartilhneigingu sína.

Þó ekki verði farið út í það hér í þessari greinargerð er auðgert að tína til dæmi sem sanna samstarf um verðákvarðanir í stað samkeppni.

Í sjónvarpsþætti laugardaginn 30. okt. sl. viðhafði forstjóri Þjóðhagsstofnunar þau ummæli að auðvelt væri að velta vaxtakostnaði út í verðlag.

Fjárfesting í verslun á Íslandi hefur verið langt umfram þarfir og vaxta- og fjármagnskostnaður mjög mikill.

Þá eru kunn dæmi um vörukaupalán með himinháum vöxtum og sölu á greiðslukortanótum með afföllum. Vegna reglugerðar ríkisvalds um frjálsa álagningu getur verslunin velt þessum okurvöxtum og afföllum út í verð á vöru og þjónustu og yfir á herðar neytenda sem eiga þá enga aðra vörn en að krefjast hærri launa. Það leiðir af sér aukinn kostnað og hærra verð á vörum og þjónustu sem ýtir aftur undir launakröfur og verðbólga færi á fleygiferð með fyrirsjáanlegum hörmungum og falli fastgengisstefnunnar.

Tilburðir til að örva samkeppni með verðkönnunum og auglýsingum um hæsta og lægsta verð á vöru eru tilviljunarkenndar, ómarkvissar aðgerðir og gagnslitlar nema í örfáum undantekningartilvikum, enda segir auglýsing á vöruverði ekkert um það hvort álagning á vöruna er t.d. 60–80% eða 100% eða meira og mjög víða um landið eru engar forsendur fyrir samkeppni.

Á það skal bent að verðlagsákvæði eru um hámark á álagningu. Undir því hámarki getur verið mikil samkeppni um verð og þjónustu sé vilji fyrir hendi.

Sþ. 85. Skýrsla [82. mál]

iðnaðarráðherra um fjárhagslega endurskipulagningu Sjóefnavinnslunnar hf. á Reykjanesi.

(Lögð fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

I. INNGANGUR

Með lögum nr. 62/1981 var ríkisstjórninni heimilað að beita sér fyrir stofnun hlutafélags til að reisa og reka sjóefnavinnslu á Reykjanesi, svo og að leggja fram hlutafé úr ríkissjóði og veita ríkisábyrgð fyrir lánum til hlutafélagsins.

Stjórn fyrirtækisins er kosin á aðalfundi nema fulltrúar ríkissjóðs sem skipaðir eru af iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra að jöfnu, en iðnaðarráðherra skipar formann. Iðnaðarráðherra fer, skv. 2. mgr. 1. gr. laganna, með mál er snerta eignaraðild ríkisins að félaginu.

Sjóefnavinnslan hf. var stofnuð 12. desember 1981. Eigendur eru ríkissjóður, sveitarfélögin á Suðurnesjum og auk þess um 500 aðrir aðilar, félög og einstaklingar. Ríkissjóður á um 84% hlutafjárins. Hlutverk félagsins er að stofnsetja og reka sjóefnavinnslu á Reykjanesi. Starfsemi þess er framhald af starfsemi Undirbúningsfélags saltverksmiðju á Reykjanesi hf. sem áður hafði starfað um nokkurra ára skeið.

Í skýrslum iðnaðarráðherra til Alþingis um starfsemi ríkisfyrirtækja, stofnana og hlutafélaga með ríkisaðild fyrir árin 1983, 1984 og 1985, sem út hafa komið 1984, 1985 og 1986, hefur verið gerð grein fyrir starfsemi og afkomu félagsins.

Ekki er ástæða til að rekja forsögu félagsins en ljóst er að bjartsýnar áætlanir, sem kynntar voru á liðnum árum, hafa brugðist. Málefni fyrirtækisins voru mjög til umræðu haustið 1984 og var í skýrslunni til Alþingis fyrir árið 1984, sem út kom í maí 1985, gerð svofelld grein fyrir málefnum félagsins:

„Að vonum hafa málefni Sjóefnavinnslunnar verið talsvert til umræðu á síðustu mánuðum, bæði í fjölmiðlum, á Alþingi og hjá stjórnvöldum. Hér er um að ræða tilrauna- og þróunarverkefni sem ekki á sér hliðstæðu annars staðar í heiminum. Í raun er ekki um að ræða rekstur fyrirtækis á þessu stigi. Margt hefur reynst mun torveldara í saltframleiðslunni en ætlað var í upphafi, m.a. með hliðsjón af árangri í tilraunaverksmiðju. Af þeim sökum, ásamt þróun í vaxta- og gengismálum, hefur stofnkostnaður stöðugt hækkað. Er nú svo komið að ekki er fyrirsjáanlegt að stofnkostnaður endurheimtist nema að mjög takmörkuðu leyti.

Ekki hefur náðst samstaða í stjórn fyrirtækisins varðandi framtíðarhorfur og framhald málsins. Meiri hluti stjórnar hefur lagt til að lokið verði við byggingu 8 þúsund tonna verksmiðju, en það er talið kosta allt að 40 millj. kr. Minni hluti stjórnar hefur hins vegar lagt til að strax verði hætt við frekari uppbyggingu vegna saltframleiðslu og að leitað verði nýrra leiða til að nýta þá orku og aðstöðu sem fyrirtækið ræður yfir. Fulltrúar iðnaðarráðuneytisins í stjórn félagsins hafa eigi komið fram tillögum sínum um tafarlausa lokun saltverksmiðjunnar. Til málamiðlunar hefur iðnaðarráðherra fallist á að fyrirtækið starfi áfram næstu fimm til sex mánuði, en á sama tíma verði jafnframt gerð lokatilraun til að kanna nýja möguleika á vegum félagsins á breiðari grundvelli en hingað til. Þessi stefna hefur m.a. verið gerð möguleg með nýjum lánsfjárlögum. Í þessu sambandi réð stjórn félagsins Magnús Magnússon verkfræðing framkvæmdastjóra til bráðabirgða í júní 1985."

II. STARFSEMI FRÁ HAUSTINU 1985

Stjórn Sjóefnavinnslunnar samþykkti haustið 1985 áætlun um að hefja framleiðslu á 1850 tonnum af kolsýru og þurrís auk þess að auka saltframleiðslu í 8000 tonn. Undirbúningur að uppbyggingunni og fyrirhuguðum breytingum hófst í ársbyrjun 1986. Fljótlega kom í ljós að eldri hönnunarforsendur, sem byggt var á, stóðust ekki hvað varðaði afköst saltframleiðslubúnaðarins og voru áætlanir endurskoðaðar og forsendum breytt. Félaginu var tryggð fjármögnun með láni frá Ríkisábyrgðasjóði út árið 1986, en áætlanir bentu til frekari fjárþarfar á árinu 1987 vegna framkvæmda og reksturs, auk þess var áætlað rekstrartap 1988.

Á þessu ári lýkur framkvæmdaáætluninni sem stjórn SEV ákvað að unnið yrði eftir og á að tryggja nægjanlegt fé í eigin rekstri til þess að starfrækja félagið, halda rekstri þess við og skila til baka þeirri nýfjárfestingu sem lagt var í samkvæmt áðurnefndri áætlun.

Sjóefnavinnslan getur nú framleitt 1850 tonn af fljótandi kolsýru og þurrís og mun á þessu ári ráða yfir búnaði sem framleiðir 7000 tonn af salti á ári.

Of snemmt er að segja til um það hvort söluáætlanir SEV standast en ekkert bendir til annars en að þróunin verði svipuð og ráð var fyrir gert. Athuganir hafa leitt í ljós að ýmsir framleiðslumöguleikar geta verið mjög hagkvæmir á svæðinu. Framleiðsla á heilsusalti eða natríumsnauðu salti t.d. sýnist í fyrstu áhugaverð.

Kostnaðarsamar rannsóknir, undirbúningur, byrjunarframkvæmdir og gæsla, sem fjármögnuð var að mestu með erlendum lánum, hafa orðið til þess að skuldir hafa safnast upp og voru í október sl. um 530 millj. kr.

Þessar miklu skuldir gera framtíðarmöguleika Sjóefnavinnslunnar nánast enga. Ef skuldum væri létt af félaginu og eftir stæðu skuldir innan við 100 millj. kr. hefði Sjóefnavinnslan möguleika í framtíðinni.

Með tilliti til þess, að ríkissjóður Íslands og sveitarfélögin á Suðurnesjum eru langstærstu hluthafarnir, hljóta stjórnvöld að hafa hag af því að mynda arðvænlegt og ábatasamt félag, með því að létta skuldum af félaginu.

Frumáætlanir benda til þess að bygging og rekstur 4650 tonna heilsusaltsverksmiðju á Reykjanesi sé hagkvæmur kostur. Ef félaginu væri breytt eins og áður er nefnt telur stjórn félagsins að hægt væri að auka hlutafé þess á innlendum og erlendum markaði til að fjármagna byggingu og rekstur heilsusaltsverksmiðju. Ef slíkt á að takast þarf félagið að skila arði, en eldri skuldbindingar þess komu í veg fyrir það um langan tíma.

III. FJÁRHAGSLEG ENDURSKIPULAGNING

Í ágúst sl. skipuðu iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra nefnd sem koma átti með tillögur um fjárhagslega endurskipulagningu í félaginu. Markmið tillagnanna áttu að vera þríþætt.

a. Hætt verði beinum afskiptum ríkisins af félaginu og það starfi framvegis eftir almennum lögum.
b. Endurskipulagt félag verði áhugaverð fjárfesting.
c. Félagið haldi áfram að rannsaka nýtingu jarðgufu til efnavinnslu og annars iðnaðar.

Í nefndinni eiga sæti Halldór J. Kristjánsson yfirlögfræðingur, iðnaðarráðuneyti, Sveinbjörn Óskarsson deildarstjóri, fjármálaráðuneyti, og Guðmundur Malmquist, stjórnarformaður Sjóefnavinnslunnar hf. Með nefndinni starfaði Magnús Magnússon, framkvæmdastjóri Sjóefnavinnslunnar.

Nefndin átti viðræður við áhugaaðila um þátttöku í endurskipulögðu félagi. Á grundvelli þessara viðræðna og arðsemisáætlana Sjóefnavinnslunnar mótaði nefndin eftir-

farandi tillögur um fjárhagslega endurskipulagningu félagsins ásamt skilmálum um kaup á eignarhlut ríkisins í því.

a. Núverandi hlutafé, 40 000 000 kr., þar sem ríkið á 84%, sveitarfélög á Suðurnesjum 10% og einstaklingar 6%, verði fært niður í 4 000 000 kr. Hlutafé ríkisins að fjárhæð 3 360 000 kr. verði selt.
b. Ríkissjóður létti af félaginu öllum skuldum við endurlánareikning ríkissjóðs og Ríkisábyrgðasjóð að fjárhæð u.þ.b. 520 millj. kr., svo og skuld við Sparisjóð Keflavíkur og nágrennis að fjárhæð u.þ.b. 10 millj. kr., en fái í staðinn verðtryggt veðskuldabréf að fjárhæð 70 millj. kr. sem beri 5% ársvexti og greiðist með jöfnum árlegum afborgunum á árunum 1991 til og með 1998. Veitt verði veðleyfi fyrir 25 millj. kr., verðtryggðum, vegna rekstrarfjárlána.
c. Samhliða framangreindum breytingum verði hlutafé félagsins aukið um 50 millj. kr. án þátttöku ríkisins. Nýtt hlutafé greiðist að ¼ hluta í peningum en eftirstöðvar með verðtryggðu skuldabréfi til fimm ára sem beri 5% ársvexti.
d. Til viðbótar við ofangreint skuldabréf til ríkisins skv. b-lið, sem er greiðsla fyrir núverandi vinnslumöguleika, sbr. arðsemisáætlun fyrir 7000 tonna saltframleiðslu og 1850 tonna kolsýruframleiðslu, greiði Sjóefnavinnslan fyrir aðrar eignir og staðarkosti 150 millj. kr., verðtryggðar miðað við lánskjaravísitölu. Þessi greiðsla verði háð arðsemi af vinnslu á svæðinu og greiðist sem hlutur, þ.e. 7,5% af árlegum rekstrarhagnaði fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld að undanskildum vaxtagreiðslum af stofnláni, sbr. b-lið.
e. Sala hlutabréfa, sbr. a-lið, taki því aðeins gildi að kaupandi hlutabréfa skrifi sig fyrir jafnhárri hlutdeild í hlutafjáraukningu skv. c-lið og nemur hlutdeild í hlutafé ríkisins, sbr. a-lið.
f. Félagið annist sjálft lausn ágreinings um skaðabótaskyldu vegna kolsýrusölu.

Allar tölur eru á verðlagi í nóvember 1987 og miðast við yfirtöku um áramót.

Nefndin hefur gert svofelldar skýringar við ofangreindar tillögur:

Við a-lið:

Eðlilegt þykir að hlutafé félagsins verði skrifað mjög verulega niður í tengslum við endurfjármögnunina.

Við b-lið:

Greiðslur til ríkissjóðs á 70 millj. kr. samsvara þeirri fjárhæð sem reksturinn nú stendur undir samkvæmt þeirri rekstraráætlun sem fyrir liggur. Svo sem rekstraráætlunin ber með sér verður uppsafnaður rekstrarfjárskortur mestur um 22 millj. kr. árið 1989. Félagið verður að leysa þessa fjárvöntun með lántöku og því er eðlilegt að veita veðleyfi. Meginhugsunin er sú að tryggja að endurskipulagt félag standi undir núverandi rekstri, þannig að 50 millj. kr. hlutafjáraukningin verði notuð alfarið til nýsköpunar og uppbyggingar félagsins til að styrkja rekstrarforsendur þess.

Við c-lið:

Ætlast er til að hlutafjáraukning nú sé notuð til að halda áfram uppbyggingu og rannsóknum sem eru í gangi og til að leita nýrra leiða til nýtingar háhita. Samkvæmt þeim rekstraráætlunum, sem liggja fyrir, á núverandi framleiðsla (7000 tonn salt og 1850 tonn CO_2) að standa undir rekstri félagsins að öðru leyti, þ.e. að fengnu veðleyfi, sbr. b-lið.

Við d-lið:

Eftir er að verðleggja hluta af eignum félagsins sem nú skila engum arði til félagsins, svo sem jarðorku sem er ónotuð en virkjuð, sbr. samninginn við ríkið og sveitarfélögin á Suðurnesjum frá 2. janúar 1979. Þá má líka horfa til þeirra rannsókna sem fram hafa farið á notkun kíslar og framleiðslu á heilsusalti og þeirra tekjumöguleika er í því liggja. Að öllu athuguðu þykir rétt að leggja til að þessi verðmæti verði metin á 150 millj. kr. Vegna óvissu um tekjumöguleika af þessu þykir rétt að fjárhæðin greiðist sem hlutfall af rekstrarhagnaði

fyrir fjármagnstekjur og gjöld að undanskildum vöxtum af stofnláni. Hafa ber í huga að greitt er afgjald fyrir jarðhitaréttindin til ríkisins og sveitarfélaganna sem er 0,5% af brúttótekjum.

Við e-lið:

Rétt þykir að sala á hlutafé ríkisins, þ.e. 3 360 000 kr. (eftir niðurskrift í 10%), fari eigi fram nema viðkomandi aðili skrifi sig fyrir jafnhárri prósentu af hinu nýja hlutafé, þ.e. af 50 millj. kr. hlutafjáraukningunni. Gengið er út frá því að ríkið muni ekki afskrifa skuldir fyrirtækisins nema nýir aðilar leggi fram verulegt nýtt hlutafé í félaginu.

Við f-lið:

Sjóefnavinnslan hf. varð nýlega fyrir óhappi varðandi sölu á kolsýru til tveggja gosframleiðenda og hefur komið fram skaðabótakrafa á hendur félaginu. Ekki er nú vitað um bótaskyldu né hugsanlega fjárhæð bóta. Telja verður skynsamlegt að verksmiðjan semji við gosframleiðendur í tengslum við áframhaldandi viðskipti.

IV. NÆSTU SKREF

Á hluthafafundi Sjóefnavinnslunnar hf. 31. okt. 1987 var eftirfarandi samþykkt samhljóða:

1. Hlutafé Sjóefnavinnslunnar hf., sem nú er skráð á nafnverði um 40 000 000 kr. og er þá meðtalið ógreitt hlutafjárloforð, lækki og verði skráð á 4 000 000 kr. miðað við nóvember 1987. Hlutafé lækkar því um 36 000 000 kr. Lækkunarfénu skal varið til jöfnunar taps sem ekki verður jafnað á annan hátt.
2. Hlutafé félagsins, lækkað skv. 1. tölul., skal hækkað um 50 000 000 kr., þ.e. í 54 000 000 kr., miðað við verðlag í nóvember 1987 með áskrift nýrra hluta er greiðast þannig:
   2.1. 25% við áskrift.
   2.2. 75% með skuldabréfi til fimm ára er greiðist með fjórum jöfnum afborgunum 1. júní ár hvert árin 1988, 1989, 1990 og 1991. Skuldabréfið verði verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu í nóvember 1987 og beri 5% ársvexti. Setja skal fullnægjandi tryggingar fyrir bréfinu samkvæmt mati viðskiptabanka félagsins.

Samkvæmt 28. gr. hlutafélagalaga eiga hluthafar rétt til að skrá sig fyrir nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína. Nú notar einhver hinna eldri hluthafa ekki áskriftarrétt sinn að fullu og eiga þá aðrir hluthafar aukinn rétt til áskriftar. Að því frágengnu er áskrift öllum heimil.

Hlutir skulu hljóða á nafn.

Hækkun hlutafjár tekur eigi gildi nema áskrift fyrir 80% hlutanna fáist.

Frestur til áskriftar er fjórar vikur og skulu hluthafar nýta forgangsrétt sinn innan þriggja vikna.

Stjórn félagsins skal skipta hlutum, ef aðilar skrá sig fyrir meira hlutafé en boðið er út, og taka aðrar nauðsynlegar ákvarðanir um hlutafjáraukninguna.

Viðræður standa yfir við Hitaveitu Suðurnesja um kaup á hlutafé ríkisins og með forgangsáskrift að nýju hlutafé í sama hlutfalli.

Í framhaldi af kaupunum er gert ráð fyrir því að Hitaveita Suðurnesja selji hluta af sínu hlutafé til áhugaaðila.

Til skýringar fylgja arðsemisáætlanir Sjóefnavinnslunnar hf. sem eru tvær og kallast aðaltilvik og engin kísl. Aðaltilvikið gerir ráð fyrir að undirbúningurinn að markaðssetningu kíslarinnar beri árangur og nokkurt magn af kísl seljist á innlendum og erlendum markaði. Tilvikið engin kísl sýnir greiðslumöguleika núverandi reksturs ef ekki tekst að selja kíslina.

Fjárhagslega endurskipulagningin, sem stefnt er að, tekur mið af þessari óvissu um tekjur félagsins í framtíðinni.

Fylgiskjal I.

Efnahagsreikningur.

Bráðabirgðayfirlit 31. október 1987.

Eignir:	31.10.1987 '000	31.12.1986 '000
VELTUFJÁRMUNIR:		
Bankainnstæður	360	41 092
Skammtímakröfur	2 332	2 949
Fyrirframgreiðslur	214	1 109
Birgðir	825	943
	3 731	46 093
FASTAFJÁRMUNIR:		
Eignarhlutir í öðrum félögum	232	0
Stofnframkvæmdir og tilraunavinna	720 340	577 118
Bifreiðar, vélar og áhöld	2 754	3 698
	723 326	580 816
Eignir samtals	**727 057**	**626 909**
Skuldir og eigið fé:		
SKULDIR:		
Yfirdráttarlán	8 809	0
Viðskiptaskuldir	4 200	3 492
Ýmsar skammtímaskuldir	1 335	1 282
Ríkissjóður, endurlán ásamt vöxtum	520 844	486 979
	535 188	491 753
EIGIÐ FÉ:		
Hlutafé	39 817	32 206
Annað eigið fé	152 052	102 950
	191 869	135 156
Skuldir og eigið fé samtals	**727 057**	**626 909**

Fylgiskjal II.

Arðsemisáætlun Sjóefnavinnslunnar hf.

Aðaltilvik, verðlag 1. nóv. 1987.

(Allar upphæðir eru í þúsundum króna.)

	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	Alls
Sala alls	29.992	42.885	58.017	68.757	80.067	81.582	83.142	83.142	83.142	83.142	83.142	83.142	860.122
Sölukostnaður alls	4.174	4.820	5.345	5.563	5.720	5.783	5.887	5.887	5.887	5.887	5.887	5.887	66.729
Nettó sölutekjur	25.818	39.035	52.672	63.194	74.347	75.799	77.255	77.255	77.255	77.255	77.255	77.255	793.393
Breytilegur kostnaður	3.520	5.051	5.997	6.743	7.283	7.500	7.856	7.856	7.856	7.856	7.856	7.856	83.230
Fastur kostnaður	33.984	33.984	33.984	33.984	33.984	33.984	33.984	33.984	33.984	33.984	33.984	33.984	407.808
Opinber gjöld	234	340	466	557	652	806	1.049	1.280	1.513	1.748	1.983	2.221	12.850
Greiðsluafkoma rekstrar	-11.921	-1.340	12.224	21.911	32.428	33.509	34.366	34.134	33.901	33.667	33.431	33.194	289.504
Greiddur tekjuskattur							4.844	11.864	11.943	12.022	12.099	12.176	64.948
Vextir stofnlána	3.500	3.500	3.500	3.500	3.063	2.625	2.188	1.750	1.313	875	438		26.250
Afborganir stofnlána				8.750	8.750	8.750	8.750	8.750	8.750	8.750	8.750		70.000
Nettó fjárstreymi	-15.421	-4.840	8.724	9.661	20.615	22.134	18.584	11.770	11.896	12.020	12.144	21.017	128.304

Arðsemi, innri vextir af heildarfjárfestingu fyrir sköttun 19% (raunvextir).

Arðsemisáætlun Sjóefnavinnslunnar hf.

Engin kísl, verðlag 1. nóv. 1987.

(Allar upphæðir í þúsundum króna.)

	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	Alls
Sala alls	29.835	42.070	51.737	56.197	59.657	61.732	62.732	62.732	62.732	62.732	62.732	62.732	677.060
Sölukostnaður alls	4.174	4.820	5.345	5.563	5.720	5.783	5.887	5.887	5.887	5.887	5.887	5.887	66.729
Nettó sölutekjur	25.661	37.250	46.392	50.634	53.937	55.389	56.845	56.845	56.845	56.845	56.845	56.845	610.331
Breytilegur kostnaður	3.520	5.051	5.997	6.743	7.283	7.500	7.856	7.856	7.856	7.856	7.856	7.856	83.230
Fastur kostnaður	33.984	33.984	33.984	33.984	33.984	33.984	33.984	33.984	33.984	33.984	33.984	33.984	407.808
Opinber gjöld	223	333	413	450	478	491	504	504	504	563	657	754	5.884
Greiðsluafkoma rekstrar	−12.076	−2.118	5.997	9.458	12.191	13.414	14.501	14.501	14.501	14.442	14.347	14.250	113.408
Greiddur tekjuskattur											573	4.877	5.450
Vextir stofnlána	3.500	3.500	3.500	3.500	3.063	2.625	2.188	1.750	1.313	875	438		26.250
Afborganir stofnlána				8.750	8.750	8.750	8.750	8.750	8.750	8.750	8.750		70.000
Nettó fjárstreymi	−15.576	−5.618	2.497	−2.792	379	2.039	3.563	4.001	4.438	4.817	4.587	9.373	11.708

Arðsemi, innri vextir af heildarfjárfestingu fyrir sköttun 5% (raunvextir).

Skýringar við arðsemisáætlun Sjóefnavinnslunnar hf. 1. nóv. 1987.

Félagið hefur gert tvær áætlanir sem nefnast aðaltilvik og engin kísl.

Aðaltilvik gerir ráð fyrir að sá undirbúningur, sem Sjóefnavinnslan hf. og samstarfsfélög hennar hafa unnið að, beri árangur og nokkurt magn kíslar seljist á innlendum og erlendum markaði.

Tilvikið engin kísl sýnir greiðslumöguleika félagsins ef ekki tekst að markaðsfæra kíslina.

Forsendur áætlananna eru eftirfarandi:

1. Miðað er við fast verðlag 1. nóv. 1987.
2. Félagið er afskrifað á tólf árum og ekki er gert ráð fyrir skrapvirði í lok tímabilsins.
   Heildarfjárfesting er 74 millj. kr.
   Afskriftarstofn er 72 millj. kr.
   Hlutafé er 4 millj. kr. og langtímalán 70 millj. kr. sem greiðist á átta árum og ber 5% raunvexti.
3. Tekjur og sölukostnaður.
   3.1. Saltinnflutningur til landsins hefur verið á bilinu 60–80 þús. tonn. Á Reykjanesi einu er saltnotkun áætluð um 20 þús. tonn.
   Gert er ráð fyrir að framleiða tæp 7000 tonn af grófu og fínu salti í fyrstu en rúm 7000 tonn að þremur árum liðnum.
   Grófa saltið notast í hefðbundna saltfiskverkun en fína saltið í pækil fyrir tandurfisk, rækju til sprautusöltunar og í síld.
   Gert er ráð fyrir að Reykjanesið verði stærsti markaður félagsins og að félagið komi upp millilager í stærstu byggðarlögunum á Reykjanesi eins og þegar hefur verið gert.
   Reiknað er með að raunverð á salti lækki næstu tvö árin og verði síðan sambærilegt við það sem nú er.
   3.2. Gert er ráð fyrir að Sjóefnavinnslan hf. hafi 45%–55% af kolsýrumarkaðinum næstu tvö til þrjú árin en auki síðan hlutdeild sína vegna tilkomu nýrra markaða sem áður voru ónýttir. Hér er sérstaklega átt við kolsýru til notkunar í gróðurhúsum og við gaspökkun og frystingu matvæla, ásamt auknum markaði fyrir þurrís til að viðhalda frosti eða kælingu í matvælum við geymslu eða í flutningum.
   Bent er á að kolsýrumarkaðurinn hefur vaxið töluvert síðan Sjóefnavinnslan hóf framleiðslu sína. Samkeppnin leiddi til verulegrar lækkunar á verði kolsýru og þurríss hér á landi. Verð á kolsýru og þurrís er nú ívið hærra en gerist í nágrannalöndunum. Framleiðsla bjórs og útflutningur á kolsýrðu vatni gæti haft veruleg áhrif á stærð markaðarins í framtíðinni. Reiknað er með að verð á kolsýru geti jafnvel lækkað frá því sem nú er vegna aukinnar samkeppni sem mun auka markaðinn enn frekar.
   3.3. Mjög varlega er áætlað um sölu á kísl í framtíðinni. Niðurstöður þeirra rannsókna sem fram hafa farið og kynning á kíslinni gefa ástæðu til að áætla nokkra sölu á innlendan og erlendan markað.
   Kíslin notast í þrennum tilgangi. Fyrir psoriasis-sjúklinga, gegn unglingabólum og sem húðhreinsir.
4. Framleiðslukostnaður.
   4.1. Breytilegur kostnaður.
   Aðföng eru lítill hluti kostnaðar og eru aðallega lútur, sýra, pokar og bretti.
   Kostnaðurinn miðast við raunkostnað félagsins.
   4.2. Fastur kostnaður.
   Fastur kostnaður er að meginhluta laun og tengd gjöld ásamt viðhaldi á vélum og mannvirkjum. Fjöldi starfsmanna er áætlaður 15 og nægir það til að reka núverandi félag.

Ekki er gert ráð fyrir þeim kostnaði sem könnun nýrra framleiðslumöguleika fylgir heldur er hér eingöngu reiknað með að félagið aðhafist ekkert frekar umfram núverandi rekstur, þ.e. framleiðslu á salti, kolsýru, þurrís og e.t.v. kísl.

5. Greiðsluafkoma rekstrar og nettó fjárstreymi.
Rekstrartap er áætlað á árunum 1988 og 1989 sem brúa þarf með rekstrarfjárlánum. Bæði tilvikin sýna að reksturinn stendur undir áætluðum rekstrarfjárlánum ásamt 70 millj. kr. stofnláni. Uppsafnað fjárstreymi í lok tólf ára tímabils er síðan háð því hversu miklu af kísl tekst að koma á markað.

Niðurlag.

Áætlunin er samantekt úr mun flóknari áætlunum sem félagið getur ekki birt opinberlega enda getur slíkt skaðað félagið og orðið til þess að sett markmið náist ekki.

Á þessu ári hefur kostnaður aukist verulega vegna innlendrar hækkunar en tekjur hafa staðið í stað og miðast áætlanirnar að mestu við núverandi söluverð afurða. Lækkun krónunnar eða hækkun bandaríkjadals mun leiða til hækkunar á innfluttu salti og olíu en keppinautar félagsins um sölu á kolsýru framleiða sína kolsýru með brennslu á olíu.

Ofantaldar breytingar hafa því áhrif á tekjur félagsins til hækkunar.

Sþ. 86. Tillaga til þingsályktunar [83. mál]

um nýtingu á kartöflum.

Flm.: Guðni Ágústsson, Valgerður Sverrisdóttir, Eggert Haukdal,
Árni Gunnarsson, Steingrímur J. Sigfússon, Egill Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna með hvaða hætti hægt er að nýta þær miklu kartöflubirgðir sem til eru í landinu.

Greinargerð.

Markaður fyrir ferskar kartöflur hér innan lands er talinn vera um 8000 tonn á ári hverju. Enn fremur hefur verið unnið úr allt að 2000 tonnum í kartöfluverksmiðjum í Þykkvabæ og á Svalbarðseyri. Það hefur gerst ár eftir ár að kartöfluuppskera er langtum meiri en sem nemur innanlandsneyslu. Þetta stafar fyrst og fremst af hagstæðri veðráttu. Uppskera kartaflna nú sló þó öll fyrri met og er talið að umframbirgðir á þessu hausti séu um 8000–10 000 tonn. Það má því ætla, verði ekkert að gert, að helmingur kartöfluuppskerunnar fari í súginn og komi engum að notum.

Enn fremur er það áhyggjuefni hvernig þessi miklu framleiðsluár hafa raskað samstöðu kartöflubænda og þrátt fyrir góðærið er nú tvísýnt um afkomu margra góðra ræktunarmanna í þessari atvinnugrein.

Þrátt fyrir þessa miklu uppskeru og lágt verð á kartöflum hafa ekki enn verið takmörkuð innflutningsleyfi á t.d. frönskum kartöflum. Talið er að ef verksmiðjurnar gætu framleitt nægar franskar kartöflur fyrir innanlandsmarkað yrðu þar nýtt 2000–3000 tonn í viðbót.

Sé framreiknað síðasta skráð grundvallarverð sexmannanefndar á kartöflum er það nú um 30 kr. á kg. Hins vegar er raunverð nú í kringum 16 kr. á kg. Af því verði dragast sjóðagjöld og flutningur, 2,50 kr. á kg. Skilaverð til bónda er því 12–14 kr. á kg.

Dreifingarstöðvar þvo, flokka og dreifa vörunni í verslanir og selja kílóið á 25–30 kr. með afslætti. Kaupmaðurinn eða verslunin selur síðan kílóið út á 40–45 kr. Munur á skilaverði til bóndans og útsöluverði úr verslunum er því hlutfallslega allt of mikill.

Það er skaði fyrir þjóðina ef góðærið og þetta skipulagsleysi verður til að hrekja marga bestu og færustu framleiðendurna úr þessari atvinnugrein.

Það er því mikilvægt að í fyrsta lagi náist samstaða hjá kartöflubændum um skipulag sölumála og í öðru lagi að þeim verði lagt lið við að finna leiðir til að nýta umframuppskeru í góðæri. Þessi þingsályktun er flutt með það fyrir augum að ríkisstjórnin átti sig á þeim vanda sem við blasir og láti fara fram könnun á því hvernig auka megi kartöfluneyslu landsmanna og hvort hagkvæmt geti verið að nýta kartöflur á annan hátt en nú er gert.

Margar ábendingar um nýtingu hafa komið fram en kanna mætti sérstaklega fjórar eftirtaldar leiðir:

1. Að vinna kartöflur og nýta þær til fóðurs.
2. Að nýta kartöflur til iðnaðar.
3. Að framleiða úr kartöflum ýmsa rétti til manneldis.
4. Að kannað verði hvort útflutningur geti komið til greina og þá hvernig staðið yrði að honum með sem hagkvæmustum hætti. Nokkur lönd hafa verið nefnd í þessu sambandi svo sem Svíþjóð, Norður-Noregur og Finnland. Enn fremur er hugsanlegt vegna sérstöðu landsins að hægt væri að stunda hér stofnrækt og selja útsæði til útlanda.

Sþ. 87. Svar [25. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um vexti.

Fyrirspurnin varðar fyrst og fremst framkvæmd 9. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands. Af þessu tilefni skal tekið fram að viðskiptaráðuneytið óskaði eftir því með bréfi dags. 16. júlí 1987 að Seðlabankinn gerði ráðuneytinu ársfjórðungslega grein fyrir grundvelli vaxtaákvarðana með sérstakri tilvísun til 2. mgr. 9. gr. laga nr. 36/1986, en þar segir að Seðlabankinn geti „að fengnu samþykki ráðherra bundið vaxtaákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum til að tryggja að raunvextir útlána innlánsstofnana verði eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslands, svo og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána".

Fyrsta greinargerð Seðlabankans um þetta efni barst í byrjun september og verða slíkar greinargerðir teknar saman reglulega framvegis. Í svörunum hér á eftir er m.a. stuðst við talnaefni og greinargerðir frá Seðlabankanum.

1. Hverjir eru „raunvextir útlána að jafnaði" (sbr. lög um Seðlabanka Íslands, 9. gr.) hér á landi að mati viðskiptaráðherra?

Taflan hér á eftir (tafla 1) sýnir þróun raunvaxta nýrra óverðtryggðra skuldabréfa banka og sparisjóða ársfjórðungslega árin 1986 og 1987. Þessa vexti má telja góða vísbendingu um vaxtakjör á óverðtryggðum útlánum og sambærileg milli stofnana og frá einum tíma til annars. Raunvextir eru á töflunni metnir út frá árgildi ársfjórðungslegra hækkana lánskjaravísitölu. Jafnframt er þar sýnt meðaltal árið 1986 sem reyndist á þennan mælikvarða vera 4,3%. Þá tíu mánuði, sem liðnir eru af yfirstandandi ári, var meðaltalið heldur lægra eða 3,6%.

Tafla 1.

Meðalvextir almennra skuldabréfa banka og sparisjóða 1986–1987.

	Nafnvextir	Ávöxtun	Verðbólga	Raunvextir
1. ársfj. 1986	28.0	30.0	19.1	9.2
2. ársfj. 1986	15.5	16.1	11.1	4.5
3. ársfj. 1986	15.5	16.1	13.2	2.6
4. ársfj. 1986	16.0	16.7	15.7	0.9
Allt árið	18.7	19.6	14.7	4.3
1. ársfj. 1987	19.1	20.0	21.5	-1.2
2. ársfj. 1987	22.7	24.0	20.4	3.0
3. ársfj. 1987	29.1	31.2	18.9	10.3
Ágúst–október	30.2	32.5	24.5	6.4
Janúar–október	24.4	25.9	21.5	3.6

Tafla 1 sýnir þróun vaxta á einni tegund útlána. Tafla 2 hér á eftir sýnir vexti fleiri útlánategunda hinn 1. október 1987 miðað við að verðbólga á heilu ári sé 24,5%, en það er árgildi hækkunar lánskjaravísitölu á tímabilinu ágúst til október á þessu ári eins og sést í töflu 1.

Tafla 2.

Meðalávöxtun nokkurra útlánategunda banka og sparisjóða 1. október 1987 miðað við 24,5% verðbólgu.

Dæmi um útlán	**Ávöxtun**	**Raunvextir**
Víxillán til 60 daga	34.8	8.3
Yfirdráttarlán, nýting 90% af heimild	38.0	10.8
Almenn skuldabréf	33.2	7.0
Verðtryggð skuldabréf	35.3	8.7
Dæmi um kaup viðskiptabréfa		
Viðskiptavíxlar til 60 daga	38.4	11.1

Síðustu vikurnar hafa vextir hækkað talsvert. Meðalvextir nýrra óverðtryggðra skuldabréfalána banka og sparisjóða voru 33% hinn 1. nóvember 1987 sem felur í sér 35,7% ávöxtun. Erfitt er að meta hvaða raunvextir felast í þessu vegna breytilegrar verðbólgu. Sé miðað við hækkun lánskjaravísitölu á þremur mánuðum til 1. nóvember (24,5% að árgildi) væru raunvextirnir 9,0% en aðeins 1,5% sé miðað við vísitöluhækkunina í októbermánuði einum (33,7% að árgildi). Af þessu sést að óráðlegt er að draga ályktanir um raunvexti út frá vaxta- og verðbólgutölum fyrir stutt tímabil. Enginn vafi leikur á því að raunvextir eru nú hærri hér á landi en þeir hafa lengi verið og hærri en staðist fær til lengdar, en einmitt um þessar mundir er sérlega erfitt að leggja á þá öruggt mat.

2. Hverjir eru „raunvextir útlána að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslendinga" (sbr. sömu lög)?

Samanburður í þessu efni hefur verið gerður á grundvelli svokallaðra bestukjaravaxta (prime rate) í bankaútlánum þar sem gleggstar heimildir liggja fyrir um þá og þeir eru sambærilegastir innbyrðis. Þeir eru þó háðir þeim annmarka að smærri fyrirtæki og einstaklingar þurfa yfirleitt að sæta hærri vöxtum gagnstætt því að hér gilda yfirleitt sömu vextir á sömu lánaformum fyrir alla.

Unnið hefur verið þannig úr þessum heimildum að fimm stærstu iðnríkin ásamt Kanada hafa verið flokkuð saman, þá Norðurlönd og loks önnur lönd sem Ísland á vöruviðskipti við. Raunvextir reiknast í hverju tilviki út frá meðalvöxtum árs eða árshluta og framfærsluvísitölu (consumer price index) sem reiknuð er til jöfnunar sem sex mánaða meðaltal. Tölur ársins 1987 ráðast af því hve langt tölur ná í hverju tilviki, yfirleitt til júlímánaðar. Yfirlit raunvaxta samkvæmt þessu fer hér á eftir.

Raunvextir bestukjarabankaútlána.

	1983	1984	1985	1986	1987
Fimmveldi[1] og Kanada	5.4	6.3	6.3	6.7	4.0
Norðurlönd	5.5	5.9	8.5	6.9	6.7
Önnur Evrópulönd	6.6	5.2	7.5	7.8	7.3
Alls vegið með viðskiptavog	5.6	6.0	6.9	6.9	5.0

[1] Bandaríkin, Japan, Þýskaland, Bretland og Frakkland.

Víðast erlendis fóru raunvextir hækkandi á fyrri hluta þessa áratugar. Það stafaði af því að á þessum árum dró úr verðbólgu í helstu iðnríkjum en nafnvextir héldust áfram háir. Á síðustu tveimur árum hafa nafnvextir svo lækkað og þá jafnframt raunvextir. Nú eru raunvextir á erlendum peningamörkuðum lægri en um árabil þótt þeir séu enn háir á sögulegan mælikvarða. Erfitt er að fullyrða nokkuð um það hvort raunvextir breytast til hækkunar eða lækkunar á næstu mánuðum eða missirum. Hins vegar má telja líklegt að nafnvextir séu nú mun næmari fyrir breytingum á verðbólguvæntingum en áður var þannig að þeir lagi sig tiltölulega skjótt að breyttum verðlagshorfum án þess að raunvextir breytist svo nokkru nemi. Þetta kemur til dæmis fram í því að nafnvextir í Bandaríkjunum hafa hækkað á þessu ári í takt við aukna verðbólgu sem m.a. má rekja til gengislækkunar dollarans.

3. Hvað er „óhæfilegur vaxtamunur milli inn- og útlána" að mati viðskiptaráðuneytisins (sbr. sömu lög)?

Af ýmsum ástæðum hefur vaxtamunur útlána og innlána verið mikill hjá íslenskum bönkum og sparisjóðum, líklega 8–9% árin 1985 og 1986. Þetta er meiri vaxtamunur en er í bankakerfum nágrannalandanna.

Veigamesta skýringin á þessum mikla mun á vöxtum inn- og útlána er vafalaust sú að rekstrareiningar í bankakerfinu eru margar og smáar og því óhagkvæmar. Því er farsælasta leiðin til að minnka þennan mun að auka hagkvæmni í bankakerfinu með samruna banka og sparisjóða í færri og öflugri bankastofnanir en þó þannig að samkeppni ríki milli þeirra. Þessar stofnanir ættu einnig að geta veitt betri þjónustu en þær sem nú eru við lýði. Önnur skýring liggur hugsanlega í því að verulegur hluti innlána eru veltiinnlán sem bera lága vexti,

að minnsta kosti ef miðað er við verðbólgu. Því má ætla að vaxtamunurinn minnkaði nokkuð af sjálfu sér ef verðbólga hjaðnaði. Þann vaxtamun, sem hér er, verður einnig að skoða í ljósi slakrar eiginfjárstöðu banka og sparisjóða. Með nýjum lögum um banka og sparisjóði var að því stefnt að þessar stofnanir styrktu stöðu sína með auknu eiginfé. Töluverður vaxtamunur um hríð kann að vera nauðsynlegur til að bankar og sparisjóðir geti fullnægt ákvæðum laga um eiginfjárstöðu. Endurskipulagning bankakerfisins í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar og hjöðnun verðbólgu eru þó mikilvægustu forsendur þess að dragi úr mun á vöxtum af inn- og útlánum til frambúðar.

4. Hefur ríkisstjórnin í hyggju að nota ákvæði 9. gr. laga um Seðlabanka Íslands til að hafa áhrif á vaxtastigið?

Sé við það átt hvort ríkisstjórnin telji nú ráðlegt að lækka vexti með tilskipun frá Seðlabanka skal skýrt fram tekið að svo er ekki. Eins og kemur fram í svörum við spurningum 1, 2 og 5 er ekki unnt að fullyrða að raunvextir útlána innlánsstofnana séu um þessar mundir að jafnaði hærri hér á landi en í helstu viðskiptalöndum Íslands. Hæstu raunvextir útlána hér eru að vísu hærri en lægstu raunvextir víða erlendis, en óvíst er og jafnvel ólíklegt að það eigi almennt við. Þá verður að líta til þess að í bráð og lengd er brýnt að efla innlendan sparnað. Í bráð er nauðsynlegt að draga úr þenslu í þjóðarbúskapnum með því að beina ráðstöfunarfé þjóðarinnar frá neyslu og innflutningi að sparnaði. Í lengd er varanleg aukning sparnaðar forsenda þess að betra jafnvægi náist á peningamarkaði með viðráðanlegum vöxtum fyrir einstaklinga og atvinnulíf. Eins og nú stendur á í íslenskum efnahagsmálum er ekki ráðlegt að hlutast til um vaxtaákvarðanir á grundvelli 9. gr. seðlabankalaganna, enda hefur Seðlabankinn ekki gert tillögu um það.

Ríkisstjórnin stefnir fyrir sitt leyti að hallalausum rekstri ríkissjóðs þegar á næsta ári sem stuðla mun að lækkun vaxta vegna minni lánsfjárþarfar ríkisins.

5. Hver er almenn túlkun ráðherra á því ákvæði seðlabankalaganna að „raunvextir útlána innlánsstofnana verði eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslands" (sbr. sömu lög)?

Tilvitnunin er í 9. gr. seðlabankalaganna þar sem gert er ráð fyrir því að Seðlabanki geti „að fengnu samþykki ráðherra bundið vaxtaákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum til að tryggja að raunvextir útlána" o.s.frv. Það er því Seðlabankans að meta hvort ástæða er til að leita samþykkis ráðherra í þessu skyni því að meginreglan í bankalögum þeim, sem nú gilda, er að lánastofnanir ákveði sjálfar vexti. Íhlutun af þessu tagi er því aðeins réttlætanleg að óyggjandi sönnur megi færa á það að raunvextir séu hér hærri en í viðskiptalöndunum og aðrar aðstæður réttlæti slíka íhlutun. Rétt er að benda á að torvelt er að gera samanburð á raunvöxtum hér og erlendis þegar verðbólga er jafnmikil og breytileg og hér hefur verið undanfarin ár og áratugi. Einkum ber að varast að draga afdráttarlausar ályktanir af tölum sem ná yfir stutt tímabil þar sem jafnan ríkir óvissa um þær verðbólguforsendur sem miðað er við. Í töflu 1 að framan er stuðst við verðbólgureynslu samkvæmt hækkun lánskjaravísitölu svo langt sem hún nær, en eiginlegir raunvextir eru háðir verðbólguhorfum og verðbólguvæntingum sem augljóslega er erfitt eða ógerlegt að mæla.

Hvað erlendan samanburð varðar er örðugt að finna vexti með óyggjandi samanburðarhæfi þar sem víða erlendis getur munað miklu á vaxtakjörum eftir því hvaða lántakandi á í hlut og hvaða áhætta er fólgin í lánveitingunum. Hingað til hefur helst verið miðað við

svonefnda bestukjaravexti eins og kemur fram í svari við spurningu 2. Þessir vextir eru hins vegar meðal lægstu vaxta erlendis og má jafnan finna þar mun hærri vexti. Algeng viðbót við bestukjaravexti á útlánum til atvinnurekstrar er 1–2% og oft mun meiri í öðrum viðskiptum. Þannig er ekki sýnt að raunvextir á útlánum innlánsstofnana séu eða hafi verið að undanförnu að jafnaði hærri en í helstu viðskiptalöndum okkar.

Eftir því sem meiri reynsla fæst af samanburði af því tagi sem hér hefur verið gerð nokkur grein fyrir má ætla að menn finni öruggari samanburðargrundvöll. Kjarni málsins verður þó ætíð sá að vextir ráðast hér á landi eins og annars staðar af almennum aðstæðum á lánamarkaði. Afskipti stjórnvalda hljóta einkum að taka mið af þessu fremur en samanburði við önnur lönd.

Nd. 88. Frumvarp til laga [84. mál]

um breytingu á lögum nr. 86 4. júlí 1985, um viðskiptabanka.

Flm.: Ingi Björn Albertsson, Hreggviður Jónsson.

1. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Bankastjórn ríkisviðskiptabanka, skipuð þremur bankastjórum, hefur með höndum framkvæmdastjórn bankans.

Bankaráð ræður bankastjóra og segir þeim upp starfi. Bankastjórar skulu eigi ráðnir til lengri tíma en sex ára í senn. Lausar stöður bankastjóra ríkisviðskiptabanka skulu ávallt auglýstar til umsóknar í Lögbirtingablaði og dagblöðum með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Með umsókn skulu fylgja rækilegar upplýsingar um menntun og fyrri störf umsækjenda.

Hafi bankastjóri brotið af sér í starfi getur bankaráð að höfðu samráði við ráðherra vikið honum frá fyrirvaralaust og án launa. Bankaráð skal skýra bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir frávikningu úr starfi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það hefur löngum verið vitað, og nánast opinbert leyndarmál, hvernig gömlu stjórnmálaflokkarnir hafa misnotað vald sitt og aðstöðu til að ná sem mestum ítökum í þjóðfélaginu. Einkum og sér í lagi hafa ýmiss konar fjármálaleg ítök freistað flokkanna og þá ekki síst úthlutun bankastjóraembætta við ríkisviðskiptabankana, enda er þar um að ræða einna sterkustu stofnanirnar í fjármálaheiminum. Oft er þá verið að verðlauna menn fyrir dygga þjónustu við „flokkinn“ eða nauðsynlegt reynist að rýma til á öðrum sviðum fyrir nýjum mönnum. Kveður nú svo rammt að í þessu efni að tekið er að ráðstafa bankastjórastöðum mörgum árum áður en núverandi bankastjórar hætta störfum. Gildir þá flokksskírteinið oft meira en menntun og hæfni bankastjóraefnisins.

Tilgangur þessa frumvarps er að sporna við misnotkun valds og aðstöðu við veitingu þeirra áhrifamiklu starfa er hér um ræðir og leitast við að fagleg sjónarmið verði sett ofar flokkslegum.

Gert er ráð fyrir í frumvarpinu að 1. mgr. og fyrstu tveir málsliðir 2. mgr. 11. gr. laganna standi óbreytt, en hins vegar bætist við 2. mgr. tveir nýir málsliðir. Hinn fyrri er ákvæði um að ávallt skuli auglýsa lausar stöður bankastjóra við ríkisviðskiptabanka. Er hér

um eðlilega málsmeðferð að ræða við veitingu helstu embætta á vegum ríkisins og tryggir jafnan rétt einstaklinga til að fá vitneskju um og sækjast eftir stöðum sem þessum. Í annan stað leiðir opinber auglýsing um þessi embætti væntanlega til þess að úr fleiri hæfum umsækjendum verður að velja. Síðast en ekki síst er með þessu reynt að sporna við leynimakki og baktjaldasamningum stjórnmálamanna sem viðgengist hafa varðandi veitingu slíkra starfa. Má í þessu sambandi benda á að í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er að finna almennt ákvæði um að auglýsa skuli lausar stöður á vegum ríkisins í Lögbirtingablaðinu, venjulega með fjögurra vikna fyrirvara. Hins vegar hefur verið umdeilt hvort lög nr. 38/1954 tækju til bankastjóra ríkisviðskiptabanka. Til að taka af öll tvímæli í þessu efni þykir eðlilegt að sérstakt ákvæði um þetta atriði bætist við 2. mgr. 11. gr. viðskiptabankalaganna.

Í síðasta málsl. 2. mgr. 11. gr. er gert ráð fyrir því að umsækjendur um bankastjórastöður í ríkisviðskiptabönkum leggi fram upplýsingar um menntun sína og fyrri störf. Er hér um eðlilega og sjálfsagða kröfu að ræða sem tíðkast á allmörgum sviðum þjóðlífsins og á fyllilega rétt á sér varðandi þessar stöður. Auk þess er það von flutningsmanna að þetta skilyrði stuðli að því að beina mati á umsækjendum um þessar stöður frá flokkslegum eða hagsmunalegum sjónarmiðum og til þess að hlutlægt hæfnismat ráði því hverjir setjist í stól bankastjóra ríkisviðskiptabanka.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að síðustu tveir málsliðir 2. mgr. 11. gr. laganna verði sérstök málsgrein. Efnisleg breyting er engin en þessi uppsetning er skýrari eftir þær breytingar sem verða á 2. mgr.

Sþ. 89. Fyrirspurn [85. mál]

til dómsmálaráðherra um kynferðisafbrotamál gagnvart börnum.

Frá Salome Þorkelsdóttur.

1. Hve margar kærur hafa verið lagðar fram í kynferðisafbrotamálum gagnvart börnum á tímabilinu 1. jan. 1950 til 1. nóv. 1987?
2. Hve margir einstaklingar hafa verið kærðir og hve oft hver þeirra?
3. Hve langur tími hefur liðið frá kæru þar til dómur hefur gengið?
4. Hve margar kærur bíða afgreiðslu nú og hvenær voru þær lagðar fram?
5. Hvaða dóm hafa sakborningar fengið í hverju einstöku máli?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 90. Fyrirspurn [86. mál]

til landbúnaðarráðherra um útflutningsverslun með kjöt.

Frá Inga Birni Albertssyni.

1. Er útflutningsverslun með kjöt án skuldbindinga um áframhaldandi sölu til annarra þjóða?
2. Er það rétt, sem fram kom í fréttum ríkisfjölmiðla 2. nóv. sl., að besta dilkakjötsmarkaði Íslendinga á erlendri grund, í Færeyjum, hafi verið stefnt í voða með sölu á íslensku dilkakjöti frá Danmörku? Ef svo er, og löglega hefur verið að þessu staðið, hvernig er hægt að fyrirbyggja að slíkt endurtaki sig?

3. Hvernig hefur markaðsnefnd landbúnaðarins starfað sl. tvö ár og hver er árangurinn af því starfi?
4. Hvaða fjárhæðum hefur verið varið úr Framleiðnisjóði í leit að hagkvæmum mörkuðum erlendis sl. tvö ár, sundurgreint eftir markaðssvæðum? Hefur fé verið varið í þessu skyni úr öðrum opinberum sjóðum? Ef svo er, hverjum og hve miklu?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 91. Fyrirspurn [87. mál]

til iðnaðarráðherra um möguleika á orkusölu erlendis.

Frá Jóni Kristjánssyni.

1. Hvað hefur verið gert af hálfu ráðuneytisins eða stofnana, sem undir það heyra, til þess að fylgjast með möguleikum á orkusölu erlendis?
2. Eru fyrirhugaðar sérstakar athuganir á þessu máli á næstunni?

Sþ. 92. Fyrirspurn [88. mál]

til menntamálaráðherra um íþróttasjóð.

Frá Inga Birni Albertssyni og Skúla Alexanderssyni.

1. Hver verður ógreidd hlutdeild íþróttasjóðs í byggingu íþróttamannvirkja um næstu áramót, sundurgreint eftir tegund mannvirkis og eignaraðild?
2. Hver er áætlaður kostnaður við að ljúka þeim íþróttamannvirkjum sem nú eru í byggingu, sundurgreint eftir tegund mannvirkis og eignaraðild?
3. Hverju nema óafgreiddar beiðnir til íþróttasjóðs um byggingu íþróttamannvirkja?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 93. Fyrirspurn [89. mál]

til menntamálaráðherra um félagsheimilasjóð og menningarsjóð félagsheimila.

Frá Skúla Alexanderssyni og Inga Birni Albertssyni.

1. Hvernig verður skemmtanaskattinum, sem hingað til hefur borið uppi félagsheimilasjóð, ráðstafað? Hversu hár var hann á síðasta ári?
2. Hver verður ógreidd hlutdeild félagsheimilasjóðs í byggingu félagsheimila um næstu áramót? Hver eru þau félagsheimili?
3. Hve mikið hafa tekjur af skemmtanaskatti til félagsheimilasjóðs verið skertar á tímabilinu 1981–1987?

4. Hver verður framtíð menningarsjóðs félagsheimila sem hingað til hefur fengið 10% af tekjum félagsheimilasjóðs?
5. Hverjar hefðu tekjur menningarsjóðs félagsheimila orðið ef full skil hefðu verið gerð á skemmtanaskatti til félagsheimilasjóðs 1981–1987 og hverjar voru þær í raun á sama tímabili?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 94. Tillaga til þingsályktunar [90. mál]

um björgunarþyrlu.

Flm.: Ingi Björn Albertsson, Guðmundur Ágústsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að keypt verði fullkomin björgunarþyrla fyrir Landhelgisgæsluna.

Greinargerð.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um hversu nauðsynlegt öryggistæki þyrlur eru fyrir sjómenn. Má segja að þær séu nokkurs konar sjúkrabifreiðar sjómannsins.

Stærri þyrla Landhelgisgæslunnar getur flogið um 150 sjómílur frá eldsneytisstað á haf út og bjargað sex mönnum. Hún hefur ekki afísingarbúnað frekar en aðrar sambærilegar þyrlur og ekki er hægt að setja slíkan búnað í hana. Þetta þýðir að þyrla, sem ekki er búin afísingarbúnaði, yrði að fljúga með ströndum fram um það bil 300 sjómílur á slysstað ef slys yrði á Hornströndum eða Húnaflóa að vetri til. Þyrla með afísingarbúnaði mundi hins vegar fara stystu leið frá Reykjavík sem er um það bil 90 sjómílur. Þyrlan, sem Landhelgisgæslan hefur núna, þyrfti að koma við á Ísafirði til eldsneytistöku og það tekur sinn tíma. Flugtími yrði því tvær klukkustundir og 40 mínútur. Væri vélin hins vegar búin afísingarbúnaði tæki flugið 42 mínútur.

Ef slys yrði á svæðinu við Langanes gæti þyrla, sem ekki er með afísingarbúnað, þurft að fljúga 410 sjómílur á slysstað. Það tæki þrjár klukkustundir og 35 mínútur, en þyrla með slíkan útbúnað gæti flogið beint en það eru um það bil 230 sjómílur og tæki flugið um eina klukkustund og 50 mínútur.

Íslenski skipaflotinn er þannig saman settur í stórum dráttum:

1. Frystitogarar eru með 20–26 manna áhöfn og veiðisvæði þeirra allt að 120 sjómílur frá landi.
2. Ísfisktogarar eru með 12–16 manna áhöfn og veiða allt að 120 sjómílur frá landi.
3. Vertíðarbátar eru með 10–12 manna áhöfn og fara allt að 70 sjómílur frá landi.
4. Loðnuskip eru með 13–15 manna áhöfn. Veiðisvæði þeirra er að sumarlagi allt að 300 sjómílur frá landi en að vetrarlagi allt að 120 sjómílur frá landi.
5. Kaupskip eru með 6–16 manna áhöfn.

Af þessari upptalningu sést að stærri þyrla Landhelgisgæslunnar ræður ekki við að bjarga heilum áhöfnum nema ef til vill á kaupskipi. Hún nýtist takmarkað til björgunaraðgerða vegna lítils flugþols og takmarkaðrar burðargetu.

Það er því brýnt að þjóðin eignist sem fyrst björgunarþyrlu er sinnt geti sem allra best öryggismálum sjómanna. Það er jafnframt grundvallaratriði að þyrlan sé með afísingarbún-

aði. Hún þarf að geta flogið um eða yfir 300 sjómílur frá eldsneytisstað á haf út. Enn fremur þarf hún að geta flutt allt að 20 manns miðað við þá fjarlægð.

Það má ekkert til spara þegar um mannslíf er að tefla. Hér verða ekki nefnd dæmi þess að slík þyrla hefði sparað okkur mannslíf, en dæmi eru engu að síður til þar sem álitið er að slík þyrla hefði hugsanlega bjargað mannslífum. Ekki verður farið nánar út í það af tillitssemi við ættingja.

Afgreiðslutími fullnægjandi björgunarþyrlu er trúlega ekki skemmri en 18 mánuðir. Samþykkt þessarar tillögu ætti því ekki að raska fjárlögum ársins 1988 að neinu verulegu leyti.

Sþ. 95. Tillaga til þingsályktunar [91. mál]

um jarðgangaáætlun.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir yfirstandandi þing fullmótaða langtímaáætlun um gerð jarðganga.

Greinargerð.

Á næstsíðasta þingi var vísað til ríkisstjórnarinnar tillögu til þingsályktunar, sem flutt var af Steingrími J. Sigfússyni o.fl., um gerð langtímaáætlunar um jarðgangagerð. Er tillaga þessi og álit atvinnumálanefndar sameinaðs þings frá 9. apríl 1986 birt sem fylgiskjal I hér á eftir.

Í framhaldi af þeirri afgreiðslu hefur farið fram vinna á vegum samgönguráðuneytis til undirbúnings að slíkri stefnumörkun. Nú liggur fyrir skýrsla nefndar um jarðgangaáætlun frá í mars 1987. Tillögur nefndarinnar um verkefni í jarðgangagerð og röðun þeirra er birt hér sem fylgiskjal II.

Það er skoðun flutningsmanna að við fullnaðarmótun langtímaáætlunar um jarðgangagerð eigi að gera ráð fyrir að unnið verði í samfellu með fullkomnustu tækni a.m.k. að einu verkefni hverju sinni.

Varðandi fjármögnun til jarðgangagerðar bendum við á að nýlega hafa verið auknar álögur og skattheimta af innflutningi bifreiða og bensíni sem eðlilegt er að varið verði til þessara brýnu verkefna. Jafnframt er minnt á tillögur um verulegt framlag úr ríkissjóði til fjögurra ára áætlunar um vegagerð sem lögð var fram og samþykkt á síðasta þingi, en núverandi ríkisstjórn virðist ætla að hafa þá stefnumörkun að engu.

Vísað er til „Hugleiðingar um samgöngumál“ í grein eftir annan flutningsmann þessarar tillögu, Steingrím J. Sigfússon, en hún birtist í Þjóðviljanum 6. október 1987 (fylgiskjal III). Þar er m.a. vísað til reynslu Færeyinga af jarðgangagerð og bent á hvað Íslendingar geti af henni lært.

Framkvæmdir í jarðgangagerð eru stórmál sem snerta meira en nokkuð annað byggðaþróun í heilum landshlutum, ekki síst á Vestfjörðum og Austurlandi. Heimaaðilar á þeim svæðum hafa látið þau mál til sín taka í vaxandi mæli og knúið á um rannsóknir og framkvæmdir í framhaldi af þeim. Með tillögu þessari er lagt til að þegar á þessu þingi verði unnt að taka afstöðu til fullmótaðra hugmynda um jarðgangagerð, bæði varðandi forgangsröðun og fjármögnun framkvæmda. Nánar verður gerð grein fyrir málinu í framsögu fyrir tillögunni.

Fylgiskjal I.

Tillaga til þingsályktunar um gerð langtímaáætlunar um jarðgangagerð.

(90. mál á 108. löggjafarþingi, þskj. 100. Flutningsmenn: Steingrímur J. Sigfússon, Jón Kristjánsson, Sighvatur Björgvinsson, Kolbrún Jónsdóttir, Sverrir Sveinsson og Helgi Seljan.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta Vegagerð ríkisins í samstarfi við aðra sérfróða aðila gera langtímaáætlun um gerð jarðganga á Íslandi í samráði við fulltrúa þingflokkanna.

Við vinnslu áætlunarinnar skal eftirfarandi athugað og metið eftir því sem kostur er:

1. Hagkvæmni jarðgangagerðar borið saman við aðrar mögulegar lausnir þar sem samgöngur á landi eru erfiðar vegna aðstæðna:
   a. með tilliti til stofnkostnaðar,
   b. með tilliti til notagildis,
   c. með tilliti til viðhaldskostnaðar,
   d. með tilliti til byggðaþróunar og félagslegra sjónarmiða.
2. Hagkvæmni þess að koma á fót vinnuflokki, sérhæfðum í gerð jarðganga, borið saman við útboð verkanna.
3. Hagkvæmni þess að hafa verkefni við jarðgangagerð samfelld.
4. Hvaða tækjabúnaður til jarðgangagerðar henti best íslenskum aðstæðum.
5. Að hve miklu leyti Íslendingar geti nýtt sér reynslu nágrannaþjóða, svo sem Færeyinga og Norðmanna, í jarðgangagerð og hvaða viðmiðun er þaðan að hafa um kostnað o. fl.

Áætlunin skal vera þannig upp byggð að hún falli eðlilega að langtímaáætlun í vegagerð og geti orðið hluti af henni á síðari stigum. Þá skal áætlunin taka mið af þeim framkvæmdahraða, sem hagkvæmastur er í jarðgangagerð, innan þeirra marka sem framlög til vegamála setja hverju sinni. Áætlunin skal hefjast með framkvæmdum í Ólafsfjarðarmúla eins fljótt og kostur er og vera síðan samfelld.

Markmið áætlunarinnar skal vera að koma með gerð jarðganga þeim byggðarlögum í varanlegt vegasamband sem ekki verða með öðru móti tengd vegakerfinu á fullnægjandi hátt árið um kring. Jafnframt skal áætlunin miða að innbyrðis tengingu byggðarlaga sem eru eðlileg heild samskiptalega en geta ekki komið á viðunandi sambandi sín í milli án jarðganga. Er hér einkum átt við svæði á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Ályktun þessi skal lögð fyrir Alþingi eigi síðar en haustið 1986.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi af Steingrími J. Sigfússyni og Sveini Jónssyni. Tillagan varð þá ekki útrædd. Hún er nú endurflutt lítillega breytt. Einnig hefur einu fylgiskjali verið aukið við með upplýsingum úr skýrslu sem kom út eftir að tillagan var lögð fram á síðasta þingi. Eftirfarandi greinargerð fylgdi tillögunni:

Á undanförnum árum hefur gætt vaxandi áhuga á gerð jarðganga til lausnar á samgönguvandamálum einangraðra byggðarlaga. Hefur í því sambandi einkum verið litið til nágranna okkar, Færeyinga, sem á síðastliðnum 20 árum hafa gert sem svarar einum Oddsskarðsgöngum á ári. Samtals höfðu þar verið gerðir um 13 600 m af jarðgöngum á tímabilinu 1963—1983 samkvæmt skýrslu Orkustofnunar.

Fulltrúar Orkustofnunar hafa kynnt sér jarðfræðilegar aðstæður við jarðgangagerð í eyjunum og kom skýrsla þeirra um það efni út í febrúar síðastliðnum. Tæknilegir eiginleikar

berglaga eru taldir mjög svipaðir og víða hérlendis. Raunhæfur samanburður á aðstæðum fæst þó aðeins ef bornar eru saman annars vegar aðstæður í Færeyjum og hins vegar aðstæður á ákveðnum stöðum á Íslandi, t. d. jarðlög eða jarðlagasyrpur á fyrirhuguðum eða hugsanlegum jarðgangasvæðum.

Á vegum Vegagerðarinnar hefur á síðastliðnum árum verið gert átak í athugunum á möguleikum til jarðgangagerðar. Reynslan af gerð ganga í gegnum Stráka og Oddsskarð verður að teljast góð en erfiðar jarðfræðilegar aðstæður, ófullkominn tækjakostur og reynsluleysi áttu sinn þátt í því að gerð þeirra varð dýrari en áformað var. Fremur hljótt hefur því verið um frekari framkvæmdaáform en þó hafa ýmsir möguleikar fengið allítarlega skoðun. Varfærni á þessu sviði er sjálfsögð en fullyrða má að þekking íslenskra vísindamanna og möguleikar til rannsókna á jarðfræðilegum aðstæðum eru nú betri en áður. Tækni við jarðgangagerð hefur einnig fleygt fram. Það hlýtur því að vera fyllilega tímabært að kanna hagkvæmni jarðgangagerðar borið saman við aðrar mögulegar lausnir til að koma á varanlegu vegasambandi milli byggðarlaga og til að tengja þau vegakerfi landsmanna með fullnægjandi hætti þar sem slík tenging er ekki fyrir hendi.

Flutningsmenn telja því tímabært að óska eftir því við Vegagerð ríkisins að hún geri í samráði við aðra sérfróða aðila langtímaáætlun um gerð jarðganga á Íslandi. Auk starfsmanna Vegagerðarinnar og Orkustofnunar eru sérfróðir menn í þessum efnum á vegum íslenskra verkfræðistofa og verktaka sem ástæða gæti verið til að leita til. Þó að þekking þeirra aðila sé væntanlega fyrst og fremst tengd jarðgangagerð vegna virkjana getur sú reynsla engu að síður nýst við veggangagerð.

Lagt er til að Vegagerðin hafi einnig samráð við fulltrúa þingflokkanna við gerð áætlunarinnar þar sem hún verður að samræmast vilja, áformum og getu stjórnvalda til framkvæmda á sviði vegamála.

Í þeim athugunum, sem gerðar hafa verið á kostnaði við jarðgangagerð hérlendis, hafa tölur verið nokkuð mismunandi. Kostnaðartölur allt frá u. þ. b. 40 milljónum á km, eins og kostnaður er talinn vera í Færeyjum, upp í 100 milljónir á km hafa sést (verðlag ársins 1984). Á þessu er mikill munur og nauðsyn ber til að vinna vandaðar kostnaðaráætlanir, auk þess sem meta verður eftir föngum notagildi og félagslega og hagræna þýðingu slíkra samgöngubóta. Styttri vegalengdir og öruggari samgöngur milli byggðarlaga, minni viðhaldskostnaður vegakerfisins, minni snjómokstur og minna slit á farartækjum eru allt atriði sem taka verður með í reikninginn svo að dæmi séu nefnd. Þá er ónefndur sá þáttur sem mörgum er efst í huga en það er minni slysahætta í þeim tilfellum þar sem jarðgöng mundu leysa af hólmi marga hættulegustu vegi landsins.

Lagt er til að könnuð verði hagkvæmni þess að koma á fót vinnuflokki sérhæfðum í gerð jarðganga. Í Færeyjum hefur þessi háttur nú um sinn verið á hafður og þótt gefast vel. Í slíkum vinnuflokki yrðu nálægt 10—14 manns og önnuðust þeir alla þætti framkvæmdarinnar. Með því næst samhæfð og markviss vinnubrögð og reynslan flyst frá einu verki til annars. Jafnframt þykir þó rétt að meta hagkvæmni útboða og bera þessa tvo möguleika saman. Umfang og framkvæmdatími hafa þó vafalaust mikil áhrif á það hvort þykir álitlegri kostur.

Framkvæmdir við jarðgangagerð taka alllangan tíma og hvert verk þarf að vinna sem mest samfellt. Því er einnig nauðsynlegt að huga að hagkvæmni þess að jarðgangagerð verði samfelld og framkvæmdir við ein jarðgöng taki við af öðrum. Með því mun vélakostur, svo og reynsla starfsmanna, nýtast best.

Tækjabúnaður til jarðgangagerðar er stöðugt að verða fullkomnari. Nú eru á markaðnum afkastamiklir borvagnar og steypusprautunarvélar en einnig eru til vélar sem heilbora jarðgöng með miklum afköstum ef skilyrði eru hagstæð. Þessa kosti þarf að skoða og bera saman með tilliti til íslenskra aðstæðna.

Íslenskir aðilar hafa einkum sótt upplýsingar sínar um jarðgangagerð til Færeyja og Noregs. Sérfróðir aðilar hafa einnig verið sóttir þangað bæði til að leiðbeina við fram-

kvæmdir og annast þær. Kanna þarf með hvaða hætti við getum nýtt okkur reynslu frænda okkar enn frekar. Fram hefur komið að kostnaður við jarðgangagerð er mjög breytilegur eftir aðstæðum og eftir því hverjir leggja mat þar á. Nauðsynlegt er að sérfróðir aðilar meti vandlega þennan mikilvæga þátt.

Í framhaldi af þeim athugunum og því mati, sem hér að framan greinir, er lagt til að gerð verði áætlun um jarðgangagerð til langs tíma. Áætlunin verði þannig upp byggð að hún geti fallið eðlilega að langtímaáætlun um vegagerð og orðið hluti af henni á síðari stigum. Framkvæmdahraða áætlunarinnar verður að laga að þeim mörkum sem framlög til vegamála setja hverju sinni.

Gert er ráð fyrir því að áætlunin hefjist með framkvæmdum í Ólafsfjarðarmúla eins fljótt og kostur er. Þar eru allar rannsóknir komnar lengst á veg og það verk er þegar á vegáætlun, aftast svonefndra Ó-vega. Áætlunin skal síðan vera samfelld.

Þar sem allmikil vinna er þegar að baki og mikill fróðleikur þegar til hjá innlendum aðilum um þessi mál ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að hraða þessum athugunum og áætlanagerð. Því er lagt til að niðurstöður verði lagðar fyrir Alþingi eigi síðar en haustið 1986.

Fylgiskjöl:

I. Björn A. Harðarson og Ágúst Guðmundsson, 1984: *Jarðgöng í Færeyjum.* Athugun á jarðfræðilegum aðstæðum. Orkustofnun. 3. og 10. kaflar.

II. Sveinn Björnsson, 1984: *Jarðfræði Ólafsfjarðarmúla* og jarðfræðilegar aðstæður við jarðgangagerð. Vegagerð ríkisins. Inngangur og ágrip.

III. Hreinn Haraldsson og Sveinn Björnsson, 1984: *Jarðfræðirannsóknir á Vestfjörðum* vegna jarðgangahugmynda. Vegagerð ríkisins. Niðurstöður.

IV. Hreinn Haraldsson og Sveinn Björnsson, 1984: *Jarðfræðirannsóknir á Austfjörðum* vegna jarðgangahugmynda. Vegagerð ríkisins. Niðurstöður.

V. Einar Þorvarðarson, 1984: *Athugun á bættu vegarsambandi milli Vopnafjarðar og Héraðs.* Vegagerð ríkisins. Niðurlag og yfirlit valkosta.

VI. Björn A. Harðarson, 1984: *Jarðgöng á Íslandi.* Berggæðamat. Orkustofnun. Formáli og inngangur.

Fylgiskjal I.

JARÐGÖNG Í FÆREYJUM, ATHUGUN Á JARÐFRÆÐILEGUM AÐSTÆÐUM

Eftir Björn A. Harðarson og Ágúst Guðmundsson.

Jarðgangagerð í Færeyjum.

Eins og flestum er kunnugt stendur jarðgangagerð í Færeyjum á gömlum merg og hafa Færeyingar mun meiri reynslu af gerð jarðganga heldur en Íslendingar.

Upphaf jarðgangagerðar í Færeyjum má rekja til gerðar námuganga í sambandi við kolavinnslu á Suðurey sem verið hefur í gangi með hléum frá sautjándu öld. Þessi göng eru yfirleitt um 2 m á hæð og breidd og allt að nokkur hundruð metra löng.

Vatnsgöng vegna virkjana eru allmörg í eyjunum, sérstaklega við Vestmanna á Straumey. Þessi göng eru flest um 2 m í þvermál og nokkurra tuga til nokkur hundruð metra löng. Öll göngin eru að mestu leyti gerð í basalt. Hugmyndir eru uppi um stórfellda aukningu í jarðgangagerð af þessu tagi.

Þriðji og jafnframt langstærsti flokkur jarðganga í eyjunum er veggöng. Í töflu 1 er listi yfir öll veggöng sem gerð hafa verið til þessa. Fyrstu veggöngin voru tekin í notkun árið 1963 (Trongisvogur — Hvalba á Suðurey) og síðan hefur gerð vegganga verið nokkuð samfelld og

ný göng tekin í notkun á 1—6 ára fresti. Alls hafa verið gerðir um 13 600 m af veggöngum eða um 650 m á ári að jafnaði frá 1963 en það samsvarar rúmlega einum Oddsskarðsgöngum á ári.

Jarðgangagerðin var í höndum danskra verktaka (aðallega Phil og Sön) allt fram að gerð Karlseyjarganganna en þá tóku Færeyingar sjálfir við (Landsverkfröðingurin). Íslenskir verkfræðingar frá Efra-Falli (síðar Ístak) voru staðarverkfræðingar hjá Phil og Sön við sum jarðganganna, Páll Sigurjónsson við fyrstu göngin (Trongisvogur — Hvalba) árin 1961—1963 og Ólafur Gíslason við bæði Borðeyjargöngin árin 1964—1967.

Þegar þetta er skrifað stendur veggangagerð yfir á tveim stöðum, á Karlsey (einbreið göng) og í Leirvík á Austurey (tvíbreið). Áform eru uppi um enn frekari veggangagerð á næstu árum og í töflu 2 er listi yfir fyrirhuguð veggöng sem höfundar fengu upplýsingar um.

Ekki eru gerðar miklar jarðfræðilegar rannsóknir á þeim stöðum, sem jarðgöng eru fyrirhuguð, saman borið við undirbúning við jarðgangagerð á Íslandi. Ástæðan er aðallega sú hve jarðfræði eyjanna er einföld og berglög regluleg og samfelld. Samráð er haft við jarðfræðing (Jóannes Rasmussen) sem bendir á heppilegustu staðsetningu ganga með tilliti til jarðfræðilegra aðstæðna.

Tafla 1.

Veggöng í Færeyjum, júní 1983.

Staðsetning	Lengd (m)	Hæð (m)	Breidd (m)	Tekin í notkun
Á Straumey:				
Leynarjarðgöng	760	7	9	1977
Á Austurey:				
Austureyjarjarðgöng	2500	7	8,5	1976
Leirvíkurjarðgöng (verða 2200)	600	6,8	7,2	1984
Á Borðey:				
Klakksvík–Árnafjörður	1700	3,5–4	4	1967
Árnafjörður–Norðtóftir	2100	4	4–4,5	1967
Á Karlsey:				
Miklidalur–Ritudalur	1100	6	4,5	1982
Ritudalur–Villingadalur	700	6	5	1981
Villingadalur–Hattardalur	1200	6	5	1980
Á Suðurey:				
Trongisvogur–Hvalba	1450	4	4,5–5	1963
Hvalba-Sandvík	1500	4	4,5	1970
Samtals	13610			

Tafla 2.

Fyrirhuguð veggöng í Færeyjum, júní 1983.

Staðsetning	Lengd* (m)	Hæð (m)	Breidd (m)
Á Karlsey:			
Miklidalur–Tröllanes (byrjað '83)	2500	5,5	4,5
Á Konuey:			
Konuey-Haraldssund	2000	5,5	4,5
Á Straumey:			
Kaldbaksfjörður–Kollafjörður	3000	7	7,2

*Lengd, breidd og hæð er áætlað af höf.

Þar eru þrjú atriði sem mestu máli skipta: 1) Reynt er að láta jarðgöngin liggja í sem allra fæstum jarðlögum. 2) Halli ganganna er hafður sem næst halla jarðlaganna í gangastefnuna. 3) Reynt er að forðast sprungubelti. Ef ekki er hægt að komast hjá sprungubeltum er leitast við að haga hlutum þannig að göngin skeri þau sem þverast. Þessi sprungubelti („lamellar zones") eru mjög algeng í berggrunni eyjanna. Þau eru jafnan nær lóðrétt, oftast 1—5 m breið, samfelld og sjást oft vel á yfirborði sem gjár („gjógvir").

Yfirgnæfandi hluti allra vegganga á eyjunum liggur í massífu basalti. Bergtæknileg vandamál við gangagerðina hafa verið fá og fæst alvarleg. Helst hafa komið upp erfiðleikar þegar byrjað er á göngum vegna lélegrar stæðni þar sem þekja er þunn. Einnig hafa sprungubelti verið til vandræða á stöku stað (aðallega erfiðleikar við borun) þar sem berg er mikið sprungið og losaralegt og bergþekja þunn. Vatnsleiðandi sprungur og sprungubelti hafa einnig verið til trafala á stundum. Að öðru leyti má segja að jarðgangagerð í eyjunum hafi gengið vel.

Hér á eftir er stuttlega gerð grein fyrir jarðfræðilegum aðstæðum í öllum veggöngum eyjanna og síðan reynt að bera þær saman við aðstæður hérlendis.

Samanburður á jarðfræðilegum aðstæðum á Íslandi og í Færeyjum.

Þegar bera á saman jarðfræðilegar aðstæður við jarðgangagerð á Íslandi og í Færeyjum eru mörg atriði sem máli skipta og nánast útilokað að gefa algilda og stuttorða niðurstöðu. Við höfum séð hér að framan að aðstæður við gangagerð í Færeyjum eru í heild nokkuð svipaðar frá einum stað til annars enda eru öll veggöng eyjanna nema ein í sömu basaltsyrpunni. Öðru máli gegnir um aðstæður hérlendis sem eru mjög breytilegar. Þetta endurspeglar vel þann meginmun sem er á jarðfræði Færeyja og Íslands. Jarðfræði Færeyja er mun einfaldari og reglulegri en hér á landi og þessi staðreynd gerir nánast ókleift að bera saman aðstæður annars vegar í Færeyjum og hins vegar á Íslandi. Nær væri að bera saman aðstæður í Færeyjum og á einstökum stöðum hér á landi.

Þau atriði, sem mestu máli skipta þegar bera á saman jarðfræðilegar aðstæður til jarðgangagerðar, eru eftirfarandi:

1. Regla í uppbyggingu jarðlagastafla.
2. Þykkt og samfelldni jarðlaga.
3. Jarðlagahalli.
4. Brotalínur.
5. Berggerðir og tæknilegir eiginleikar (berggæðamat).

1. Ljóst er að Færeyjar hafa vinninginn varðandi fyrsta atriðið, þ. e. að jarðlagastaflinn í eyjunum er almennt séð mun reglulegri og einfaldari í allri uppbyggingu heldur en sá íslenski. Þó er íslenski staflinn sums staðar nokkuð reglulegur, sérstaklega á tertíerum svæðum (s. s. víða á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum).
2. Þykkt og samfelldni jarðlaga er að jafnaði hagstætt í Færeyjum og sum jarðgöngin þar liggja í einu og sama jarðlaginu um langan veg. Að vísu eru flest veggöng eyjanna í dyngjubasaltsyrpu (mið-seríu) sem víða er gerð úr 0,5—2,0 m þykkum hraunbeltum en hver goseining er oft 20—30 m þykk. Lagamót með þykkum gjallkarga og skörpum mörkum basalts og setlaga eru því sjaldgæf í göngunum.

   Hérlendis er þessu farið á ýmsan hátt. Sums staðar eru jarðlög þykk og samfelld, t. d. í Oddsskarði og Ólafsfjarðarmúla, en annars staðar eru þau þunn og breytileg, t. d. á Breiðadalsheiði, yfir 500 m y. s., og fyrirhuguðu jarðgangasvæði Blönduvirkjunar. Berggrunnur hér á landi er mun yngri en í Færeyjum og þar af leiðandi eru lagamót oft og tíðum skarpari og oft með illa samlímdum gjallkarga.
3. Jarðlagahalli í Færeyjum er að jafnaði hagstæður á þeim stöðum þar sem jarðgöng eru. Hallinn er yfirleitt lítill (1—5 gráður) og oftast hefur tekist að gera jarðgöngin þannig að þau fylgja hallanum og fara jafnan í gegnum fá jarðlög.

Hér á landi er jarðlagahalli mun breytilegri en í Færeyjum. Sums staðar eru jarðlög nær lárétt (aðallega á kvartíerum svæðum, t. d. við Neðra-Sog) en annars staðar er hallinn upp í 30 gráður og allt þar á milli. Sem dæmi er hallinn um 3 gráður í Oddsskarði, 6—8 gráður við Laxárvirkjun og 13—28 gráður í Strákafjalli. Hallastefnan skiptir að sjálfsögðu einnig miklu máli. Að öðru jöfnu er yfirleitt reynt að láta jarðgöng fylgja halla viðkomandi jarðlaga (Oddsskarð) eða láta þau vera sem næst striki jarðlaga ef hallinn er mikill (Strákar) þannig að göngin skeri sem fæst jarðlög.

4. Brotalínur eru mjög algengar í Færeyjum (þ. e. samfelldar sprungur og sprungubelti) og hafa valdið vandræðum við jarðgangagerð. Þar er aðallega um að ræða svokallaðar „lamellar zones" eða sprungubelti sem eru oft 0,5—2,0 m þykk, jafnan nær lóðrétt og mjög samfelld. Þessi fyrirbæri eru fátíð hérlendis. Á móti kemur að í íslenska berglagastaflanum eru misgengi afar algeng og geta valdið vandræðum sérstaklega ef stefna þeirra er svipuð stefnu jarðganga og einnig ef þau leiða mikið vatn. Enn fremur er algengt að berggerð breytist um misgengin bæði vegna þess að berglögin standast ekki á og vegna breksíu sem oft er í misgengjunum. Misgengi eru fátíð í jarðgöngum í Færeyjum.

   Berggangar eru algengir bæði í Færeyjum og hér á landi en þeir hafa ekki orðið til trafala við jarðgangagerð. Að sjálfsögðu er ætíð reynt að haga legu jarðganga þannig að þau skeri brotalínur sem þverast ef ekki er hægt að komast hjá þeim.

5. Áður var nefnt að berggerðir á Íslandi væru mun fjölbreyttari að gerð og eiginleikum en í Færeyjum. Öll göng, sem skoðuð voru í eyjunum, eru í svipuðu dyngjubasalti nema ein sem eru í þóleítbasalti. Á Íslandi hafa jarðgöng verið gerð í margs konar berg, svo sem ýmsar tegundir basalts frá stórstuðluðu til smástuðlaðs (kubbaberg), basaltbreksíu, kargaberg (lagamótakarga), andesít, bólstraberg, móberg, móbergsbreksíu, túff, jökulberg, sandstein og siltstein, svo það helsta sé nefnt. Hlutur stuðlaðs basalts er þó stærstur.

Segja má að það séu aðeins þrjár sambærilegar berggerðir sem koma fyrir í jarðgöngum bæði hérlendis og í Færeyjum. Það eru fyrst og fremst *stuðlað basalt* en einnig *kargaberg* og *millilög* úr setbergi.

Í kafla 9 var sýnt fram á að tæknilegir eiginleikar stuðlaðs basalts í Færeyjum og víða hérlendis (sprungutíðni og berggæðamat) eru svipaðir. Ummyndun nokkurra sýna úr jarðgöngum í Færeyjum var athuguð með smásjárskoðun. Ljóst virðist að flest sýni flokkast í mesólítskólesít- og laumontít-ummyndunarbeltin. Þetta samsvarar því ummyndunarstigi sem algengt er í basalti neðan 100 m y. s. á Austfjörðum á Íslandi. Á Vestfjörðum og Mið-Norðurlandi er basaltið líklega heldur minna ummyndað. Ummyndun af þessu tagi gerir basaltið ekki að verra jarðgangabergi nema síður sé. „Hæfilega" ummyndað basalt er oft betra jarðgangaberg en ferskt basalt.

Eiginleikar kargabergs (lagamótagjallkarga), sem fram kemur sums staðar í göngum í Færeyjum, eru ekki ósvipaðir eiginleikum kargabergs á sumum tertíerum svæðum hérlendis. Þó er kargabergið í Færeyjum yfirleitt meira sambrætt og stundum jafnvel hreint klepraberg án gjalls. Kargaberg frá kvartíerum svæðum hér á landi er jafnan mun gjallkenndara og lausara í sér (klastískt) og þar af leiðandi verra jarðgangaberg.

Setlög eru mjög fátíð í jarðgöngum í Færeyjum en eiginleikar þeirra virðast vera mjög svipaðir eiginleikum túffsandsteinslaga sem algeng eru í tertíera bergstaflanum hérlendis.

Segja má að *þær jarðfræðilegu aðstæður í Færeyjum, sem lýst hefur verið hér að framan, séu svipaðar og sums staðar á Íslandi, sérstaklega í tertíeru bergi,* og þar af leiðandi eru mestar líkur á að finna sambærilegar aðstæður á Vestfjörðum, Norðurlandi vestan Bárðardals og Austfjörðum.

Ljóst er að lítil skynsemi er í því að bera saman almennar jarðfræðilegar aðstæður við jarðgangagerð annars vegar hér og hins vegar í Færeyjum. Til þess er jarðfræði þessara

landa of ólík. Vitlegast er að bera saman jarðfræðilegar aðstæður í Færeyjum annars vegar og aðstæður á ákveðnum stöðum á Íslandi hins vegar, t. d. jarðlög eða jarðlagasyrpur á fyrirhuguðum eða hugsanlegum jarðgangaleiðum. Frekari athuganir á hugsanlegum jarðgangaleiðum hérlendis eru nauðsynlegar til að slíkur samanburður sé gerlegur.

Fylgiskjal II.

JARÐFRÆÐI ÓLAFSFJARÐARMÚLA OG JARÐFRÆÐILEGAR AÐSTÆÐUR VIÐ JARÐGANGAGERÐ

Eftir Svein Björnsson.

Inngangur.

Vegna fyrirhugaðra jarðganga gegnum Ólafsfjarðarmúla hefur Vegagerð ríkisins staðið að rannsóknum á jarðfræðilegum aðstæðum á gangasvæðinu árin 1981—1983. Fyrsta árið annaðist Raunvísindastofnun Háskólans rannsóknirnar undir stjórn Þorleifs Einarssonar jarðfræðings. Að þessum frumathugunum loknum var samin bráðabirgðagreinargerð um jarðfræði Ólafsfjarðarmúla og jarðfræðilegar aðstæður við jarðgangagerð þar (Þorleifur Einarsson og Sveinn Björnsson 1981). Árin 1982—1983 hefur Vegagerð ríkisins unnið sjálf að rannsóknum undir stjórn Hreins Haraldssonar jarðfræðings. Verkefnið er jafnframt unnið að hluta sem fjórða árs ritgerð við Háskóla Íslands og er Þorleifur Einarsson umsjónarmaður þess. Rannsóknirnar hafa undir lokin einkum beinst að rúmlega þriggja km löngum jarðgöngum milli Kúhagagils og Hraunslækjar (Tófugjár).

Ágrip.

Rúmlega 20 jarðlagasnið voru skoðuð í Ólafsfjarðarmúla árin 1981 og 1982 og boraðar fjórar rannsóknarborholur sumarið 1982 til þess að kanna jarðlagaskipan kringum gangamunna og víðar. Enn fremur var lega og stærð misgengja og bergganga skráð. Á grundvelli þessara upplýsinga voru teiknaðar þverskurðarmyndir við munna og eftir gangaleiðum.

Jarðlög í Ólafsfjarðarmúla eru tertíer að aldri. Þar skiptast á basaltlög og rauð millilög. Berggangar liggja nær lóðrétt gegnum jarðlagastaflann. Alls voru 42 basaltlög skoðuð, frá sjávarmáli upp í 500 m hæð. Meðalþykkt þeirra er 13 m. Meðalþykkt rauðra millilaga er um 0,6 m og eru þau 2,7% af jarðlagastaflanum. Bergtegundir í fjallinu eru basaltgerðirnar þóleít, dílabasalt og ólivínbasalt.

Berggangar eru algengir á svæðinu. Þeir stefna flestir N-S og er meðalþykkt þeirra 6 m en þeir þykkustu eru um 20 m þykkir. Flestir eru gangarnir margskiptir og smástuðlaðir. Berggangar eru um 4% af berginu við sjávarmál.

Fjöldi misgengja er á svæðinu og er lóðrétt höggun um einstaka misgengi allt að 70 m. Meðalhöggun um misgengi er rúmlega 11 m en 85% af misgengjunum, sem mæld voru, eru minni en 15 m. Stefna misgengja á svæðinu er óreglulegri en stefna bergganga. Hluti misgengjanna hefur svipaða stefnu og berggangarnir, þ. e. N-S stefnu og tíu dæmi fundust um það að berggangur og misgengi fylgdust að. Um helmingur misgengjanna hefur nokkuð aðra stefnu, á bilinu 290—340°, eða NV-SA. Misgengisbreksía sést á misgengisflötum nokkurra misgengja sem eru flest stærri en 15 m.

Jarðlagahalli er til SV um 5° á gangasvæðinu eða um 1,5° til NV í stefnu jarðganganna sem er nokkru meira en halli þeirra jarðgangaleiða sem litið var á.

Vegna fjölda misgengja í fjallinu er ekki unnt að fylgja einu basaltlagi við gangagerðina þótt sömu lög sé að finna við báða munna. Vitneskja um stærð og staðsetningu misgengja,

bergganga og basaltlaga á gangaleiðinni er takmörkuð og gefa því rannsóknir þessar óljósa mynd af jarðfræðilegum aðstæðum á jarðgangaleiðinni.

Bornar eru saman tvær jarðgangaleiðir. Jarðgangaleið I er 3075 m löng frá Kúhagagili að Hraunslæk norðan borholu OM-1 og virðist fýsilegri með tilliti til jarðfræðilegra aðstæðna. Jarðgangaleið II er 3200 m löng frá Kúhagagili að Hraunslæk sunnan borholu OM-1 (neðan útskots á vegi). Þessi möguleiki er síðri með tilliti til jarðfræði svæðisins við Hraunslæk, en aðkoma að munna er betri og snjóflóðahætta er minni þar.

Búast má við að jarðgöngin liggi að meira eða minna leyti í átta basaltlögum sem með hliðsjón af kjarnaheimtu og berggæðamati eru ekki mjög sprungin miðað við tertíert basalt almennt. Rauð millilög og gjallkargi efst í basaltlögunum virðast vera nokkuð misjöfn að gæðum. Með tilliti til reynslu við fyrri jarðgangagerð má almennt reikna með að berggangar valdi ekki vandræðum, en búast má við að styrkingar sé þörf við stærri misgengi og líklega þar sem jarðgöng skera millilög.

Fylgiskjal III.

JARÐFRÆÐIRANNSÓKNIR Á VESTFJÖRÐUM VEGNA HUGMYNDA UM JARÐGÖNG

Eftir Hrein Haraldsson og Svein Björnsson.

Niðurstöður.

Eins og fram kemur í inngangi er frumathugun þessi bundin við nokkra fyrir fram ákveðna staði en ekki heildarkortlagningu alls svæðisins enda væri slíkt bæði kostnaðarsamt og tæki langan tíma. Þessir staðir voru einfaldlega valdir eftir hæðarlínukortum þar sem styst var að fara í gegnum fjöll miðað við ákveðna hæð á jarðgangaopum. Að sjálfsögðu fékkst þó einnig almenn mynd af berggrunninum á svæðinu og aðstæðum til jarðgangagerðar á fleiri stöðum. Í stuttu máli sagt er samkvæmt þessum frumathugunum ekkert sem bendir til að jarðfræðilegar aðstæður séu heppilegri á öðrum stöðum en þeim sem hér voru teknir fyrir, enda þyrftu þær að vera mun betri til að vega upp á móti aukinni gangalengd.

Almennt séð virðist bergið á svæðinu vera a. m. k. miðlungsgott til jarðgangagerðar. Berggrunnurinn er reglulega upphlaðinn og engar megineldstöðvar, innskot eða önnur óregla á gangaleiðum. Basaltið er yfirleitt ekki mjög sprungið og misgengi eru fátíð. Hins vegar verður ekki komist hjá því að göng liggi í fleiri en einu lagi og oft í mörgum lögum. Þótt setlög milli hraunlaga séu víða þunn eða engin eru þó til staðir þar sem 1—2 m þykk rauð lög lenda í göngum. Eins og víðast annars staðar á blágrýtissvæðum landsins eru það því lagmót hraunlaga og setlög milli þeirra sem eru líklegust til að valda erfiðleikum við jarðgangagerð en ekki basaltið sjálft. Aðstæður við vegalagningu að hugsanlegum jarðgöngum hafa lítið verið skoðaðar enn.

Með tilliti til allra aðstæðna virðist vænlegast að hyggja að eftirfarandi leiðum til að tengja Önundarfjörð, Súgandafjörð og Ísafjörð með jarðgöngum:

Úr Önundarfirði frá Þverdal (við Breiðadal 180 m y. s.) að Botnsdal í Súgandafirði (200 m y. s.), um 4800 m löng göng.

Úr Súgandafirði frá Botnsdal (150 m y. s.) í Tungudal (100 m y. s.) inn af Ísafjarðarkaupstað, um 4400 m löng göng.

Alls þyrfti því um 9200 m jarðgöng og fjóra munna til að tengja þessa staði.

Við kostnaðaráætlun eru engin áreiðanleg gögn til sem unnt er að byggja á og verða varla fyrr en reynslutölur koma frá jarðgangagerð hér á landi þar sem notuð eru tæki og tækni sem til eru (Blanda, Ólafsfjarðarmúli). Í stórum dráttum eru jarðfræðilegar aðstæður á

þessum leiðum svipaðar og í Ólafsfjarðarmúla þótt þar sé jarðfræðin betur þekkt vegna ítarlegri rannsókna. Ef einingarverð það, sem notað var í frumáætlun um jarðgöng í Ólafsfjarðarmúla 1980, er fært fram til verðlags í apríl 1984 kostar hver km í göngum 90 millj. kr. og hver gangamunni (miðað við 100 m forskála) 15 millj. kr. Heildarverð jarðganga og munna í þessum tveim göngum á Vestfjörðum yrði því um 900 milljónir kr., auk vegalagningar að göngum og hugsanlegs kostnaðar vegna loftræstingar.

Fylgiskjal IV.

JARÐFRÆÐIRANNSÓKNIR Á AUSTFJÖRÐUM VEGNA HUGMYNDA UM JARÐGÖNG

Eftir Hrein Haraldsson og Svein Björnsson.

Niðurstöður.

Í frumathugun þessari var lögð áhersla á að kynna sér jarðfræðilegar aðstæður í nánd við nokkrar jarðgangaleiðir, sem ákveðnar voru við skoðun á hæðarlínukortum, og fyrstu skoðun á vettvangi. Við skoðun og kortlagningu á jarðlagastaflanum á þessum stöðum fékkst svo yfirlit yfir jarðlög sem vegna jarðlagahalla eru víða komin neðst í fjöll utan við þessar jarðgangaleiðir. Í heild má segja að þótt auðvitað sé langt frá því að öll fjöll á Austfjörðum hafi verið skoðuð nái athugunin til líklegustu möguleikanna og þess að aðrar jarðgangaleiðir yrðu lengri.

Þeir þættir, sem einkum þarf að hafa í huga við ákvörðun á legu jarðganga í lagskiptum bergmyndunum eins og hér á landi, eru:

a. að láta jarðgöngin liggja í sem fæstum jarðlögum og sem þynnstum millilögum,
b. að halli í jarðgöngum sé sem næst halla jarðlaga í gangastefnu,
c. að jarðgöng skeri ríkjandi sprungu-, misgengja- og berggangastefnu sem þverast,
d. að berggæði, fjöldi og gerð sprungna, ummyndun o. fl. sé sem hagstæðast.

Basaltlög á svæðinu hafa víða u. þ. b. 10 m meðalþykkt og er það nokkuð hagstætt. Í flestum jarðgangamöguleikum þarf þó að reikna með að göngin liggi í meira en fimm lögum, oft 15—30 og jafnvel meira. Setlög, oftast rauð millilög, milli hraunlaga eru víðast þunn, eða innan við 0,5 m, en gjallkargi er víða nokkuð þykkur og oft laus í sér. Má því reikna með töluverðum styrkingum, einkum þar sem slíkt berg er í lofti jarðganga. Einn jarðgangamöguleiki, milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar, gæti hugsanlega verið að öllu eða miklu leyti í heillegu bergi, en þar eru líka hættulega þykk millilög (túfflög) bæði ofar og neðar í jarðlagastaflanum sem tryggja þyrfti að lentu ekki í göngum vegna misgengja eða þess háttar.

Jarðlagahalli er víðast 3—5° til V-SV og hagstæðast að nokkuð lárétt göng liggi þvert á þá stefnu (N-S, NV-SA) til að vera í sem fæstum lögum. Þetta er að sjálfsögðu oft útilokað vegna annarra aðstæðna. Misgengi eru fátíð en stefna þeirra, eins og bergganga, er víðast hvar nálægt N-S, en það er slæmt vegna þess að þau yrðu lengi í göngum ef þau lentu þar á annað borð.

Berggæði, þ. e. sprungur, ummyndun og þess háttar, eru víðast þokkaleg á íslenskan mælikvarða, t. d. er basaltið víða stórstuðlað og bergið nokkuð ummyndað án þess að vera morkið.

Eins og fram kemur í skýrslu þessari er mögulegt að gera jarðgöng á flestum þeirra staða, sem voru skoðaðir, með tilliti til jarðfræðilegra aðstæðna. Í grófum dráttum má segja að stefna jarðganga miðað við jarðlagahalla sé sá þáttur sem getur haft mest að segja um

hagkvæmni valkosta, auk gangalengda. Ástand bergsins og lagþykkt eru nokkuð áþekk á öllu svæðinu, fyrir utan þau atriði sem talin eru upp sérstaklega hér að framan.

Í meðfylgjandi töflu eru dregnar saman helstu upplýsingar um þá jarðgangamöguleika sem skoðaðir voru á Austfjörðum. Við kostnaðaráætlun eru engin áreiðanleg gögn til sem unnt er að byggja á og verða varla fyrr en reynslutölur koma frá jarðgangagerð hér á landi þar sem notuð eru tæki og tækni sem til eru (Blanda, Ólafsfjarðarmúli). Í stórum dráttum eru jarðfræðilegar aðstæður á þessum leiðum svipaðar og í Ólafsfjarðarmúla þótt þar sé jarðfræðin betur þekkt vegna ítarlegri rannsókna. Ef einingarverð það, sem notað var í frumáætlun um jarðgöng í Ólafsfjarðarmúla 1980, er fært fram til verðlags í apríl 1984 kostar hver km í göngum 90 millj. og hver gangamunni (miðað við 100 m forskála) 15 millj. Þessar tölur er unnt að nota sem fyrstu viðmiðun og margfalda með gangalengd í töflunni. Auk þessa kemur svo kostnaður vegna vegalagningar að göngum og hugsanlegs kostnaðar við loftræstingu.

Tafla 3.

Kannaðir jarðgangamöguleikar.

	Lengd í m	Hæð munna yfir sjó	Fjöldi basaltlaga	Meðalþykkt basaltlaga
Seyðisfjörður – Mjóifjörður I	5400	120/5	7–8	10 m
Seyðisfjörður – Mjóifjörður II	5500	100/5	15	10 m
Mjóifjörður – Norðfjörður I	3000	200/110	5	óvíst
Mjóifjörður – Norðfjörður II	6500	10/160	u. þ. b. 20	u. þ. b. 9 m
Mjóifjörður – Norðfjörður III	6800	20/160	6	u. þ. b. 10 m
Norðfjörður – Eskifjörður	6000	230/20	u. þ. b. 30	óvíst
Reyðarfjörður – Fáskrúðsfjörður	5300	130/150	1–4	20–40 m
Undir Fjarðarheiði	12600	200/150	15–20	u. þ. b. 10 m
Mjóifjörður – Eyvindarárdalur	9000	100/200	80–100	u. þ. b. 10 m
Fáskrúðsfjörður – Stöðvarfjörður	5000	150/100	óvíst	óvíst
Stöðvarfjörður – Breiðdalur	3600	óvíst	óvíst	óvíst
Skógdalur (Reyðarfjörður) — Breiðdalur	9500	200/200	óvíst	óvíst

Fylgiskjal V.

ATHUGUN Á BÆTTU VEGARSAMBANDI MILLI VOPNAFJARÐAR OG HÉRAÐS

Eftir Einar Þorvarðarson.

Niðurlag.

Ljóst má vera að gott vegarsamband allt árið milli Vopnafjarðar og Héraðs fæst ekki nema með jarðgöngum úr Böðvarsdal yfir í Jökulsárhlíð.

Leiðin milli Vopnafjarðar og Egilsstaða er mest öll á láglendi, nema hvað jarðgöng mundu liggja í 100—200 m hæð, eftir því hvaða kostur yrði valinn.

Vegalengdin styttist um u. þ. b. 10 km frá því sem nú er yfir Hellisheiði (97).

Jarðgöngin eru hins vegar mjög löng og þar af leiðandi dýr svo að hér er vart um raunhæfan kost að ræða í náinni framtíð.

Leiðirnar austan Möðrudalsfjallgarða og yfir Smjörvatnsheiði eru nánast útilokaðar vegna þess hversu stór hluti þessara leiða liggur hátt yfir sjó.

Mjög dýrt yrði að halda leiðum yfir Hellisheiði alltaf opnum vegna hæðar, bratta og snjóþunga, og nánast útilokað yfir háveturinn þrátt fyrir vel uppbyggðan veg.

Hvað varðar leiðir um Fagradal verður að telja vegagerð fyrir Búr með vegfyllingu í sjó fram mjög erfiða og vafasama framkvæmd. Gera þarf umfangsmiklar athuganir og prófanir ef þá leið á að skoða frekar. Ávinningur yrði fremur takmarkaður þar sem vegurinn fer upp í 400 m hæð á Fönn. Jarðgöng undir Fönn til þess að bæta úr þeim ágalla eru óálitleg vegna erfiðra jarðfræðilegra aðstæðna.

Eftir stendur þá leiðin yfir Fönn og yfir Búr. Vegagerð er tiltölulega viðráðanleg bæði hvað varðar framkvæmd og kostnað.

Vegalengdin milli Egilsstaða og Vopnafjarðar lengist um tvo km frá því sem nú er yfir Hellisheiði. Tvisvar fer vegurinn upp í 400 m hæð og um 15 km eru með 10% halla.

Kostnaðarsamt verður því að halda þessari leið opinni yfir veturinn og viðbúið að umferð verði mjög lítil að vetrarlagi.

YFIRLIT VALKOSTA

	VALKOSTIR	Vegal. Egilsst. Vopnafj. (km)	Lengd Nýbygg (km)	Lengd með 10% halla (km)	Mesta hæð (m)	Lengd jarð-ganga (m)	Áætlaður kostn. Verðl. 1.10.'83 (m.kr)
I	Um Hellisheiði.						
a)	Hellisheiði	97	20.4	19	705		67
b)	Hellisheiði m/jarðg.	95	17.4	15	580	940	174
II	Um Fagradal.						
a)	Yfir Fönn og yfir Búr	99	20.7	15	400		68
b)	Jarðg. undir Fönn og yfir Búr	97	18.8	13	400	2300	315
c)	Yfir Fönn og fyrir Búr	96	21.1	8	400		244
d)	Jarðg. undir Fönn og fyrir Búr	94	18.4	6	300	2300	488
III	Jarðgöng úr Jökulsárhlíð yfir í Böðvarsdal.						
a)	Torfastaðir-Frökkudalur	84	13.2	2	200	6300	604
b)	Ketilsstaðir-Seldalur	87	13.0	3	200	5700	555
c)	Ketilsstaðir-Hjallafjall	86	12.6	1	100	6600	625
IV	Smjörvatnsheiði.						
a)	Fossvellir-Sunnudalur	81	38.0		750		126
b)	Hvannár-Sunnudalur	95	38.0		750		126
V	Austan Möðrudalsfjallgarða.						
	Langadalsvarða-Þrívörðuháls	153	23.8		560/640		52

Fylgiskjal VI.

JARÐGÖNG Á ÍSLANDI
Berggæðamat.

Eftir Björn A. Harðarson.

Formáli.

Mikilvægur þáttur í athugunum vatnsorkudeildar á virkjunarkostum eru rannsóknir og mat á bergi með tilliti til jarðgangagerðar þar sem mikill hluti vatnsvega og annarra mannvirkja er neðanjarðar í mörgum vatnsorkuverum. Fyrir fjórum árum var tekið í notkun á vatnsorkudeild tölulegt bergflokkunarkerfi af erlendum uppruna. Talið var að kerfið gæti orðið mikilvægt hjálpartæki við gæðamat og samanburð á bergi með tilliti til jarðgangagerðar. Kerfisbundin greining samkvæmt þessu kerfi hefur verið framkvæmd á bergi frá flestum næstu virkjunarstöðum hér á landi. Töluverð vinna hefur verið lögð í aðlögun kerfisins að íslenskum aðstæðum og í þessari skýrslu er gerð grein fyrir athugunum í nær öllum jarðgöngum sem gerð hafa verið hérlendis. Hér er um áfangaskýrslu að ræða þar sem enn hefur lítil reynsla fengist á hæfni þessa kerfis til að segja fyrir um hegðun og stæðni íslensks bergs í jarðgöngum.

Mjög mikilvægt er að sú reynsla, sem fæst við gerð næstu jarðganga hérlendis, verði nýtt eins og frekast er unnt í þágu þessa flokkunarkerfis þar sem kostir þess eru ótvíræðir. Þar má helst nefna eftirfarandi:

1. Á forhönnunarstigi hjálpar kerfið til að velja milli mismunandi jarðgangaleiða.
2. Kostnaðaráætlanir varðandi styrkingaþörf í jarðgöngum ættu að verða áreiðanlegri ef niðurstöður gæðamatsins eru hafðar til hliðsjónar.

Hins vegar ber að leggja áherslu á að berggæðamatið sem slíkt ákvarðar ekki styrkingar á byggingarstigi. Slíkar ákvarðanir verða ætíð teknar á staðnum samhliða gangagerðinni en berggæðamatið gæti þó verið einn af þeim þáttum sem hafðir eru til hliðsjónar.

Virðingarfyllst,

Haukur Tómasson,
forstjóri vatnsorkudeildar.

Inngangur.

Flestum sem unnið hafa við forrannsóknir vegna mannvirkjagerðar er ljóst hve erfitt er að leggja hlutlaust mat á gæði bergs, sérstaklega með tilliti til jarðgangagerðar. Vegna þessa er oft á tíðum vandkvæðum bundið að hanna neðanjarðarmannvirki fyrir fram og sérstaklega torvelt að gera nákvæmar kostnaðaráætlanir. Undanfarinn áratug hafa nokkur berggreiningarkerfi verið notuð erlendis til að ákvarða gæði bergs (rock mass quality) með tilliti til jarðgangagerðar. Flest þessi kerfi byggjast á talnalegu mati á einstökum tæknilegum eiginleikum bergs og á grundvelli þess er öllu bergi skipt í gæðaflokka og hverri bergeiningu gefin ein heildareinkunn sem á að vera mælikvarði á stöðugleika viðkomandi bergs í jarðgöngum.

Kerfisbundið mat á gæðum bergs til jarðgangagerðar hófst hér á landi 1980 á vatnsorkudeild Orkustofnunar. Hugmyndin var sú að með slíku mati væri auðveldara að bera saman mismunandi jarðgangaleiðir innan sama virkjunarsvæðis og einnig á milli virkjunarsvæða. Berggreiningarkerfið sem varð fyrir valinu er norskt að uppruna, svokallað Q-kerfi.

Helstu **kostir** þess að meta berg á kerfisbundinn og tölulegan hátt eru eftirfarandi:

1. Með slíku mati er unnt að bera saman á markvissan hátt gæði mismunandi bergs á milli staða og svæða. Einnig er unnt, eftir að framkvæmdum lýkur á einum stað, að yfirfæra reynslu á talnaformi yfir á annan stað eða svæði.
2. Berggæðamatið virkar í raun sem eins konar: „tékklisti" þannig að við matið eru hin margvíslegu atriði, er snerta gerð og eiginleika bergsins, skráð niður sem ella væri ekki gert við hefðbundna kjarnagreiningu.

Helstu **ókostir** berggæðamatsins (Q-kerfisins) eru eftirfarandi:

1. Hér á landi er reynslan af notkun þessa kerfis afar takmörkuð, enn sem komið er. Þess vegna er ekki ráðlegt að nota niðurstöður kerfisins nema á fyrri stigum rannsókna og styrkingarspá kerfisins má ekki nota nema við áætlanagerð á forhönnunarstigum.
2. Gæðamatið útheimtir töluverða vinnu og virðist flókið fyrir byrjendur. Mismunandi persónulegt mat og reynsla þeirra, sem framkvæma greininguna, veldur oft mismunandi niðurstöðum. Vegna þessa er afar mikilvægt að greiningin sé gerð af mönnum þjálfuðum í notkun kerfisins.

Síðan 1981 hefur allur borkjarni frá væntanlegum eða hugsanlegum jarðgangasvæðum Blönduvirkjunar, Fljótsdalsvirkjunar, Sultartangavirkjunar, Búrfellsvirkjunar II, Vatnsfellsvirkjunar og Kvíslaveitu verið greindur samkvæmt Q-kerfinu. Mikil áhersla hefur verið lögð á að einfalda og samræma vinnubrögð við berggreininguna þannig að hinn mannlegi þáttur í greiningunni verði sem allra minnstur. Þannig verða berggæðin (Q-gildin) samanburðarhæf milli mismunandi jarðgangaleiða og svæða en ekki endilega kórrétt miðað við upprunalega Q-kerfið. Niðurstöður berggæðamatsins hafa birst í ýmsum skýrslum vatnsorkudeildar og í viðauka I er listi yfir allar skýrslur viðkomandi berggæðamatinu sem gefnar hafa verið út af Orkustofnun.

Enn hafa engin jarðgöng verið gerð hérlendis síðan tölulegt berggæðamat var tekið upp hér. Bein reynsla af hæfni þessa kerfis til að segja fyrir um hegðan og stæðni íslensks bergs við jarðgangagerð (út frá mælingum á borkjörnum) er því mjög takmörkuð enn sem komið er. Samt sem áður er talið að stigið hafi verið stórt skref fram á við með slíkri kerfisbundinni greiningu bergs. Samanburður á mismunandi jarðgangaleiðum er nú mun auðveldari og markvissari en áður. Einnig hefur safnast mikið af dýrmætum upplýsingum um gerð og eiginleika íslensks bergs sem ella hefðu glatast, upplýsingum sem ættu að reynast mikilvægar við jarðgangagerð á næstu árum og áratugum ef skynsamlega er á málum haldið. Í því sambandi er mikilvægt að raunverulegar aðstæður í næstu jarðgöngum verði bornar saman við niðurstöður berggæðamatsins á samsvarandi borkjörnum.

Liður í aðlögun Q-kerfisins að íslenskum aðstæðum voru mælingar í öllum jarðgöngum hér á landi sem hægt var að komast í. Þessar mælingar voru gerðar árið 1981 og er framkvæmd þeirra og niðurstöðum lýst í þessari skýrslu. Hluti þess berggæðamats sem hér er greint frá er orðinn úreltur að nokkru leyti þar sem kerfinu var breytt lítils háttar á grundvelli þessara gagna. Samt sem áður þótti rétt að taka saman þessi gögn svo að hægt væri að ganga að þeim öllum á sama stað.

NEFNDARÁLIT

um tillöguna, frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Orkustofnun, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Verkfræðingafélagi Íslands, Vegagerð ríkisins, Fjórðungssambandi Norðlendinga og Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Í umsögn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar kemur fram að áætlunin, eins og henni er lýst í tillögunni, sé viðamikil og eflaust megi gera hana einfaldari og mundi hún þó nýtast við ákvörðun í málinu. Mikilvægt sé að jarðgangagerð verði sett í samhengi við aðra vegagerð í landinu og framlög ákvörðuð til málaflokksins í heild.

Í umsögninni kemur og fram að kostnaður við jarðgangagerð sé mjög mikill þrátt fyrir bætta tækni. Með tilliti til stöðu vegamála hér á landi muni jarðgangagerð í einhverjum mæli því koma mikið niður á uppbyggingu og endurbótum á vegakerfinu nema heildarframlög til vegamála verði aukin verulega. Miðað við fjárlagagerð allra síðustu ára sé svigrúm til aukinna framlaga ekki fyrir hendi og verði fyrirsjáanlega ekki mikið á næstu árum.

Í umsögn Vegagerðar ríkisins kemur fram að hún sé samþykk þeirri meginhugmynd sem fram komi í tillögunni, þ.e. að gerð skuli langtímaáætlun um jarðgangagerð sem falli að og verði hluti langtímaáætlunar í vegagerð. Vegagerðin bendir og á mikinn kostnað við jarðgangagerð og að miðað við hina miklu þörf fyrir endurbætur á vegakerfinu sé því ekki óeðlilegt að svo dýrar lausnir sem jarðgöng eru sitji nokkuð á hakanum.

Með tilvísun til þess sem að framan greinir leggur nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Jóhanna Sigurðardóttir og Þórarinn Sigurjónsson.

Undir nefndarálitið, sem dagsett er 9. apríl 1986, rita: Birgir Ísl. Gunnarsson, form., frsm., Garðar Sigurðsson fundaskr., Eggert Haukdal, Björn Dagbjartsson og Kristín Halldórsdóttir.

Fylgiskjal II.

Úr skýrslu nefndar um jarðgangaáætlun, mars 1987.

Tillögur.

Verkefni og röðun þeirra.

Það er niðurstaða nefndarinnar að allmörg byggðarlög verði ekki tengd við vegakerfi landsins og/eða við önnur nærliggjandi byggðarlög með fullnægjandi hætti nema með jarðgöngum, yfirbyggingum eða öðrum álíka mannvirkjum.

Nefndin leggur til að byggðarlög þau, sem tengjast um eftirtalda fjallvegi, eigi að hafa forgang við slíka mannvirkjagerð, og sé röð verkefna sem hér segir:

1. Ólafsfjarðarmúli.
2. Botnsheiði og Breiðadalsheiði.
3. Fjarðarheiði og Oddsskarð.

Aðrir fjallvegir, sem nefndin hefur skoðað (Hálfdán, Hellisheiði), koma að hennar mati þá fyrst til greina með jarðgöng eða önnur álíka mannvirki þegar ofangreindum samgöngutálmum hefur verið rutt úr vegi.

Nefndin lítur á Botnsheiði og Breiðadalsheiði sem eitt samfellt verkefni. Fjarðarheiði og Oddsskarð eru á hinn bóginn tvö aðskilin verkefni, en nefndin telur ekki unnt á þessu stigi að taka afstöðu til þess hvor framkvæmdin eigi að vera á undan. Verður nánar vikið að því síðar.

Á meðfylgjandi töflu er yfirlit um lengd jarðganga og hæð yfir sjó samkvæmt þeim hugmyndum um lausnir sem liggja nú fyrir. Enn fremur er sýndur áætlaður kostnaður og verktími, svo og kostnaður á ár. Einstökum stöðum og lausnum er lýst nánar í kafla 5.3.

Tafla 1.

Yfirlit yfir verkefni í jarðgangaáætlun.
(Kostnaður í millj. kr.)

Fjallvegur	Hæð nú m	Lengd jarðganga km	Hæð jarðganga m	Áætlaður kostnaður	Áætlaður verktími ár	Áætlaður kostnaður
Ólafsfjarðarmúli	260	3.4	70–130	510	3	170
Botnsheiði og	516					
Breiðadalsheiði	610	9.2	130–200	1470	7	210
Fjarðarheiði	620	12.3	200	1750	8	220
Oddsskarð	632	5.6	200	880	4	220

Heildarlengd jarðganga samkvæmt áætluninni er um 30 km og kostnaður nálægt 4600 m.kr. Áætlaður framkvæmdatími er 22 ár og árlegur kostnaður um 200 m.kr.

Þær lausnir, sem hér eru settar fram, hafa verið valdar úr nokkrum útbótaleiðum sem hafa verið skoðaðar lauslega og bornar saman. Lausnir þessar eiga það sammerkt að þær leysa vel samgönguþörf milli byggðarlaga en eru dýrar. Ekki má líta á þessar hugmyndir að lausnum sem neinar endanlegar tillögur um tilhögun mannvirkja. Nefndin leggur áherslu á að rannsaka þarf aðstæður allar ítarlega áður en unnt er að gera slíkar tillögur. Við þær rannsóknir beri m.a. að leita lausna sem ódýrari séu en leysi þó samgönguþarfir með viðunandi hætti.

Verktími og kostnaður er hér miðaður við hefðbundna tækni í jarðgangagerð (þ.e. áfangaborun og sprengingar) eins og hún gerist best um þessar mundir. Mikil þróun hefur verið á þessu sviði undanfarið og má búast við að svo verði áfram. Mun hún væntanlega leiða til aukinna afkasta og lækkandi kostnaðar. Þá hefur ný tækni (heilborun) rutt sér til rúms undanfarið. Enn sem komið er hefur hún þó fyrst og fremst haft í för með sér aukin afköst, en í miklu minna mæli haft áhrif á kostnað. Hin nýja tækni hefur lítt eða ekki verið reynd við svo óreglulegar jarðfræðilegar aðstæður sem víðast eru á Íslandi og er því ekki ljóst hvort hún hentar hér. Það er þó skoðun nefndarinnar að fylgjast beri vel með þróun þessarar tækni og athuga nánar möguleika hennar ef ráðast á í samfellda jarðgangagerð hér á landi.

Nefndin varpar fram nokkrum hugmyndum um leiðir til fjármögnunar. Skipta má þessum leiðum í þrennt.

a. Fjárveitingar af vegáætlun.
b. Sérstakur skattur vegna jarðgangagerðar.
c. Gjaldtaka af vegfarendum um jarðgöng (veggjald).

Það er mat nefndarinnar að skoða beri alla þessa kosti frekar og vænlegast sé að nýta þá saman til að fjármagna jarðgangagerð. Af sérstökum sköttum telur hún helst koma til greina fast gjald á hverja bifreið eða fastan orkuskatt á eldsneyti. Lántökur eru eðlilegar að því marki sem tekjur af veggjaldi geta endurgreitt þær. Vegna þess að hér er um samfellt langtímaverkefni að ræða, sem ekki skilar öðrum beinum tekjum í ríkissjóð, ættu lántökur ekki að fara fram úr því marki.

Loks vekur nefndin athygli á því að rannsóknar- og undirbúningstími við jarðgangagerð er langur. Er því nauðsynlegt að ákvarðanir séu teknar með góðum fyrirvara og jafnframt sé útvegað fjármagn til rannsókna og annars undirbúnings.

Fylgiskjal III.

Steingrímur J. Sigfússon:

Hugleiðing um samgöngumál

einkum jarðgangagerð — eftir heimsókn til Færeyja.
(Þjóðviljinn, 6. október 1987.)

Ýmsa erlenda ferðamenn sem lagt hafa leið sína til landsins hefur að vonum furðað á því hversu litla rækt við Íslendingar leggjum við samgöngumál og uppbyggingu á því sviði í samanburði við ýmislegt annað. Hvern, sem lítur yfir dæmigert einbýlishúsahverfi, virðir fyrir sér bílaflotann á götunum, eða svo ekki sé nú minnst á ósköpin, bregður sér í verslun eða banka, hlýtur að undra.

Hvers vegna hristist þessi þjóð, sem er nálægt heimsmeti í bílaeign, á einhverjum verstum vegum sem um getur? Hvers vegna lendum við, sem fljúgum flestum þjóðum meira innanlands og milli landa, flugvélum okkar með sárafáum undantekningum á óhæfum flugvöllum? Hvers vegna verjum við Ísleningar, sem eigum allt okkar undir fiskveiðum og flutningum út og inn um hafnir landsins, ekki nema sem svarar andvirði nokkurra íbúðarhúsa á ári til uppbyggingar á þessu sviði?

Svona mætti áfram spyrja um marga einstaka þætti samgöngumálanna, um skipulag eða skipulagsleysi, stjórnun eða stjórnleysi og skilning eða skilningsleysi á mikilvægi samgangna.

En að lokum skal spurt, og er það aðalviðfangsefni þessarar greinar: Hvers vegna eru ekki á Íslandi, fjöllóttu landi með vogskorinni strönd og miklum veðurhörkum, jarðgöng notuð eða a.m.k. áformuð í stórum stíl til að leysa á einfaldasta, **ódýrasta** og notadrýgsta máta úr samgönguvandamálum landshluta eins og Mið-Norðurlands, Vestfjarða og Austfjarða?

Margt kemur til en þessar ástæður tel ég helstar:

1. Skilningsleysi á mikilvægi góðra samgangna og ónógar fjárveitingar.
2. Þekkingarleysi á tækniframförum við gerð jarðganga.
3. Alhæfingar út frá reynslu af fyrri jarðgangagerð á Íslandi, sem unnin var af vanefnum við erfiðar aðstæður og leið fyrir tækjaskort, reynslu- og þekkingarleysi.
4. Skort á pólitísku þreki, framtíðarsýn og kjarki til að hugsa stærri hugsanir fyrir framtíðina.
5. Uppslætti á fullyrðingum um gífurlegan kostnað samfara jarðgangagerð.

Langtímastefnumörkun er undirstöðuatriði.

Jarðgangagerð er eðli sínu samkvæmt verkefni sem tekur tíma og naumast munu nema allra bjartsýnustu menn reikna með því að unnið verði að mörgum göngum samtímis hér á landi í nánustu framtíð. Það hefur því verið skoðun undirritaðs að forsenda þess að skynsamlega verði staðið að þessum málum sé að mörkuð verði stefna og lögð niður langtímaáætlun um framkvæmdir á þessu sviði. Með því móti ætti einnig að vera unnt að ná breiðari pólitískri samstöðu og koma í veg fyrir hreppa- eða landshlutarig um málið.

Undirritaður flutti á 107. löggjafarþingi 1984–1985 ásamt Sveini Jónssyni sem þá sat á Alþingi fyrir Austfirðinga sem varaþingmaður Alþýðubandalagsins, allviðamikla þingsályktunartillögu um langtímaáætlun og stefnumörkun í jarðgangagerð. Tillögunni var vel tekið af mörgum þingmönnum úr öllum flokkum, en hún hlaut þann aldurtila á þessu þingi sem fleiri góð mál stjórnarandstöðuþingmanna að **fá ekki afgreiðslu**. Því skal samt haldið fram að tillagan með greinargerð og fylgiskjölum og þeim umræðum sem um hana urðu hafi gert sitt gagn og orðið ýmsum nokkur skóli á þessu sviði. A.m.k. brá svo við að skömmu eftir að þingi lauk vorið 1985 hóf þáverandi samgönguráðherra Matthías Bjarnason fundayfirreið og skýrði þá frá því á fundum sínum að sér hefði dottið það snjallræði í hug að láta gera langtímaáætlun um jarðgangagerð.

Hliðstæð tillaga, nokkuð aukin með nýjustu upplýsingum, var svo flutt aftur á 108. þinginu 1985–1986. Tillagan fékk aftur góðar viðtökur og stuðning fjölda þingmanna auk flutningsmanna sem að þessu sinni voru sex úr fimm flokkum. Einnig barst þingnefnd þeirri sem um málið fjallaði fjöldi umsagna og voru þær jákvæðar með nánast þeirri einu undantekningu að Fjárlaga- og hagsýslustofnun óttaðist að framkvæmdir sem í kjölfarið leiddu myndu kosta peninga og var það skarplega athugað.

Engu að síður, þrátt fyrir þær viðtökur sem að framan greinir, treysti stjórnarmeirihlutinn sér ekki til að gera meira en að vísa tillögunni til ríkisstjórnarinnar með þokkalega jákvæðri umsögn. Hvort þar átti, sem oftar, hlut að máli sú staðreynd að málið var unnið upp og borið fram af stjórnarandstöðuþingmanni verða aðrir að meta.

Nú hillir loks undir að alvöruframkvæmdir hefjist við jarðgöng sem hluta af vegakerfinu er byrjað verður á göngum í Ólafsfjarðarmúla næsta sumar. Ríður á miklu að þar takist vel til. Þeir sem bíða svo óþreyjufullir eftir því að röðin komi að þeim mættu gjarnan spyrja yfirvöld samgöngumála hvað líði meðferð tillögu þeirrar um langtímaáætlun um jarðgangagerð sem vísað var til ríkisstjórnarinnar á vordögum 1986.

Svipmynd frá Færeyjum.

Færeyjar eru ekki aðeins einna líkastar Íslandi af öðrum löndum vegna þess að þar býr þjóð náskyld okkur. Jarðfræði eyjanna og staðhættir minna talsvert á aðstæður á Vestfjörðum og Austfjörðum og erfiðleikar við að koma á góðum samgöngum eru mjög hliðstæðir og þar er við að glíma. Undirlendi til byggingar flugvalla er lítið og aðflug erfitt og vegi verður að leggja yfir háa og bratta fjallgarða ef ekki er valinn annar kostur. Þar skilur á milli að Færeyingar hafa í yfir 20 ár verið önnum kafnir við að tengja byggðarlög og byggja upp varanlegt og öruggt samgöngunet þar sem jarðgöng leika stórt hlutverk, sbr. meðfylgjandi töflu frá færeyska landsverkfræðingnum. Við þrælumst með okkar malarvegi upp á reginfjöll, samanber t.d. fjallvegi á Vestfjörðum, og eyðum svo ómældum fjárhæðum í snjómokstur og erfitt viðhald á ári hverju.

Jarðgöng í Færeyjum
skv. upplýsingum landsverkfræðingsins þar.
(Stærðir í metrum.)

	Tekin í notkun	Lengd	Hæð í göngum	Breidd ganga
Hvalbartunnilin	1963	1450	3.20	3.30
Árnafjarðatunnilin	1965	1680	3.30	3.50
Hvannasudstunnilin	1967	2120	3.30	3.50
Sandvíkartunnilin	1969	1500	3.20	3.30
Nordskálatunnilin	1976	2520	4.50	7.00
Leynatunnilin	1977	760	4.50	7.00
Villingadalstunnilin	1979	1193	4.50	3.50
Ritudalstunnilin	1980	683	4.50	3.50
Mikladalstunnilin	1980	1182	4.50	3.50
Leirvíkartunnilin	1985	2238	4.50	7.00
Tröllanestunnilin	1985	2248	4.00	3.50
Teymur í Djúpadal	1985	220	4.00	3.50
Kunoyartunnilin	1988	3031	4.60	3.50

Það væri of langt mál að fara hér út í ítarlegan samanburð á kostum þess og göllum að gera jarðgöng annars vegar og leggja veg hins vegar ef tengja þarf byggðarlög eða byggðarlag vegakerfinu sem aðskilin/skilið er af mjóum en háum fjallgarði.

Öllum má þó ljóst vera að:

1. Jarðgöng eru varanleg lausn.
2. Jarðgöng leysa yfirleitt af hólmi erfiðari og hættulegri leiðir og þeim fylgja því þægindi og öryggi í umferðinni.
3. Rekstrarkostnaður ganga er hverfandi samanborið við viðhald og snjómokstur á fjallvegum.
4. Jarðgöng nýtast alla daga ársins á móti því að margir fjallvegir nýtast aðeins sumarmánuðina og snjómokstursdaga á vetrum.
5. Jarðgöng spara geysilega orku og slit á tækjum. (Það kostar sitt af eldsneyti að lyfta mörg hundruð tonna umferð um 300–500 m eins og gert er á mörgum fjallvegum dag hvern.)
6. Jarðgöng mundu í mörgum tilfellum hafa ómetanlega þýðingu við að auka félagsleg samskipti, efla atvinnulíf og styrkja byggð. Þessi þáttur er ekki síst mikilvægur þó hann sé síðasttalinn og verði seint metinn til fjár.

Nokkur orð um kostnað.

Sú draugasaga hefur orðið ærið lífseig á Íslandi að jarðgangagerð fylgi svo óheyrilegur kostnaður að það sé óðs manns æði að tala um slíkar framkvæmdir í stórum stíl. Þetta er í fyrsta lagi rangt og í öðru lagi þeim mun undarlegra sem Íslendingar ráðast oftar í einstök dýr samgöngumannvirki.

Það þykir ekki umtalsvert og er orðið meira en árlegur viðburður að brýr séu byggðar eða göng grafin til þess að koma einni umferðaræð fram hjá annarri á Reykjavíkursvæðinu. Ef mig misminnir ekki kostaði brúin yfir Kringlumýrarbraut, sem myndar hluta af Bústaðavegínum, 70 millj. kr. á verðlagi síðasta árs. Ætli nýja brúin yfir Ölfusárósa kosti

ekki a.m.k. 200 millj. kr. á núgildandi verðlagi og Borgarfjarðarbrúin framreiknuð einhvers staðar nálægt einum milljarði, eitt þúsund millj. kr.

Jarðgöng, hvort heldur er í Ólafsfjarðarmúla, á Austfjörðum eða Vestfjörðum, yrðu ekki fyrstu dæmin um einstök fjárfrek mannvirki í samgöngukerfinu og ekki þau síðustu heldur. Við aðstæður eins og á Íslandi hljóta einstakir áfangar, sérstök erfið úrlausnarefni, að verða dýrari en önnur og það er ekki gáfulegur mælikvarði á kostnað í þessu sambandi að bera hann alltaf saman við hve leggja mætti langan beinan veg við góð skilyrði fyrir sömu peninga.

Tölur frá Færeyjum.

Upplýsingar sem undirritaður fékk hjá færeyska landsverkfræðingsembættinu fyrir nokkrum dögum um kostnað við nýjustu jarðgöng þar í landi gefa tilefni til að staldra við.

Jarðgöngin á Kunoy, sem verið er að vinna við frágang á, kostaði 10 millj. danskra kr. á km að sprengja í gegn. Allur frágangur og malbikun á vegi gegnum göngin er áætlað að kosti 6 millj. danskra kr. á km í viðbót. Þetta gera 16 millj. danskra kr. á km (á u.þ.b. gildandi verðlagi) í göngum sem eru 5,5 m að mestu breidd utan útskota (breidd vegar 3,5 m) og 4,6 m á hæð í fullri vegbreidd. Þetta gera rétt tæpar **90 millj. ísl. kr. á km** í fullfrágengnum göngum miðað við 5,6 ísl. kr. í þeirri dönsku. Með öllum þeim fyrirvörum sem skylt er að hafa á slíkum samanburði og undirritaður er vel meðvitaður um, þá sýnist mér þetta benda eindregið til þess að þegar fram líða stundir og við Íslendingar höfum yfir að ráða tækni, reynslu, skipulagi og dugnaði á þessu sviði sambærilegu við frændur okkar Færeyinga, þá getum við vænst þess að gera jarðgöng fyrir talsvert lægra verð á einingu en kostnaðaráætlanir Vegagerðarinnar hljóða upp á í dag (um 150 millj. kr. á km). Það skal strax tekið fram í þessu sambandi að undirritaður gagnrýnir ekki sérfræðinga Vegagerðar ríkisins þó þeir séu varkárir í gerð sinna kostnaðaráætlana. Miðað við stöðu þessara mála hér og allar aðstæður er það skynsamlegt og rétt.

Kostnaður við gerð Leirvíkurganganna, sem eru veglegust færeyskra vegganga, varð u.þ.b. 24 millj. danskra kr. á km á verðlagi ársins 1985. Þau göng eru 9,2 m að mestu breidd (vegbreidd 7 m) og 4,6 m á hæð í fullri vegbreidd. Þetta gera um 135 millj. ísl. kr. á km á færeysku verðlagi ársins 1985 og sést á þessu að jarðgöng eru mjög misdýr eftir því hvað í þau er lagt.

Nú gera Færeyingar tilraunir með eins mjó göng og hægt er að komast af með til þess að ná tveggja akreina vegi. Það er göng sem eru 8 m að mestu breidd (vegbreidd 6 m) og 4,6 m á hæð í fullri vegbreidd. Verður fróðlegt að sjá hver kostnaður verður við slík göng, þegar kemur að því í framtíðinni hér á Íslandi að svara þeirri erfiðu spurningu hvort velja skuli göng er leyfa tveggja akreina veg eða láta einbreið göng með útskotum duga.

Áður en sagt er að endingu skilið við Færeyjar má bæta við að þar eru uppi áform um fjöldamörg jarðgöng stór og smá. Nú eru að hefjast framkvæmdir við jarðgöng á leiðinni Þórshöfn–Vestmanna þó þar í millum sé hinn ágætasti malbikaður vegur. Ástæðan er sú að með göngum má komast hjá því að fara með veginn yfir fjallveg sem nær 300–400 m hæð yfir sjó og leiðin styttist nokkuð. Með því, segja Færeyingar, sparast geysileg orka fyrir þjóðarbúið og vegfarendur losna við óþægindi og áhættu sem er samfara akstri á fjallvegum við misjöfn skilyrði. Mér segir svo hugur að langt yrði í jarðgöng gegnum Ólafsfjarðarmúla ef þar væri vegur jafngóður og ekki hættulegri en á leiðinni Þórshöfn–Vestmanna í Færeyjum.

Síðastliðið sumar voru norskir sérfræðingar að aðstoða Færeyinga við rannsóknir á möguleikum þess að byggja jarðgöng undir sundið milli Voga (Vogeyjar) og Straumeyjar og eru þær rannsóknir talandi dæmi um þann stórhug sem einkennir frændur okkar í þessum málum.

Hvað er fram undan á Íslandi?

Hvað framtíðin ber í skauti sínu í þessum málum hér á Íslandi er víst öruggast að hafa sem fæst orð um. Ég get þó ekki látið hjá líða að ljúka þessu með nokkrum orðum um mína framtíðarsýn.

1. Gera þarf langtímaáætlun um gerð jarðganga á Íslandi þar sem verkefnum er m.a. forgangsraðað.
2. Samræma þarf og betrumbæta alla áætlanagerð á sviði samgöngumála og meiri háttar mannvirkjagerðar í landinu. Við staðsetningu flugvalla getur þurft að taka mið af því hvort gerð verða jarðgöng eða ekki, t.d. á Vestfjörðum. Forsendur við uppbyggingu hafna geta gerbreyst við eina brú, t.d. í nágrenni Ölfusárósa o.s.frv.
3. Standa þarf við fjárveitingar til vegamála (og einnig standa við flugmála- og hafnaáætlun) samkvæmt langtímaáætlun um vegagerð og fella jarðgangaáætlun inn í hana. Ef framlög til þessa málaflokks yrðu 2,4% af þjóðarframleiðslu eins og áætlunin gerir ráð fyrir í stað tæplega 1,5% eins og nú er mætti stórauka almenna vegagerð auk þess að gera jarðgöng og taka myndarlega á ýmsum öðrum sérstökum verkefnum svo sem uppbyggingu ytri samgönguæða í nágrenni höfuðborgarsvæðisins.
4. Koma á fót sérhæfðum flokki manna (10–14 manns) í jarðgangagerð og láta síðan frágang og hreinsun gangastæða skarast þannig að sprengingar geti verið sem mest samfelldar frá einum göngum til annarra. Reynslan frá Færeyjum sýnir að með þessu móti nást ótvírætt mest afköst, lægst verð, og gera má auðveldlega 1,2–1,5 km af göngum á ári.
5. Stefna ber að því að ekki löngu eftir að undirritaður og jafnaldrar hans verða hálfrar aldar gamlir (eftir 18–20 ár) geti þeir og aðrir landsmenn t.d.: — ekið á 10–15 mínútum milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur án áhættu eða erfiðleika árið um kring, — brugðið sér í hádegisverðarhléi frá Flateyri við Önundarfjörð til Ísafjarðar og til baka og þó skroppið út á Suðureyri í annarri leiðinni, — ekið frá Seyðisfirði um Mjóafjörð og Fannardal inn af Norðfirði til Eskifjarðar á u.þ.b. 20 mínútum, — vinna standi þá yfir við tengingu Vopnafjarðar við Hérað og áætlanir þegar verið samþykktar um frekari gangagerð á Vestfjörðum, Austfjörðum og víðar.

Þeim sem þykir þetta ótrúleg framtíðarsýn á Íslandi ættu að hugleiða að á næsta ári, 1988, verða 25 ár frá því Færeyingar tóku sín fyrstu jarðgöng í notkun. Það sama ár áætla þeir að taka í notkun áðurnefnd jarðgöng á Kunoy. Þá verða 13 jarðgöng í færeyska vegakerfinu, samtals tæplega 21 km að lengd. Það sem við þurfum að gera er að gera 30 km af jarðgöngum á næstu 20 árum fyrir andvirði sem samsvarar einu sinni til tvisvar sinnum byggingarkostnaði Keflavíkurflugstöðvarinnar. Þá er ofangreind framtíðarsýn orðin að veruleika.

Nd. 96. Frumvarp til laga [92. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: María E. Ingvadóttir.

1. gr.

Við 68. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Heimilt er framteljanda að nýta óráðstafaðan skattafslátt barna sinna eldri en 16 ára sem lögheimili eiga hjá framteljanda.

2. gr.

83. gr. laganna, sbr. l. nr. 7/1984 og l. nr. 72/1986, orðist svo:

Eignarskattur hjóna og sambýlisfólks reiknast þannig: Af fyrstu 1 525 000 kr. af eignarskattsstofni hvors um sig greiðist enginn skattur. Eigi skal reikna skatt af fyrstu 3 050 000 kr. af eignarskattsstofni einhleypinga og einstæðra foreldra. Af þeim hluta eignarskattsstofns, sem umfram er, greiðist 0,95%.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um tekjuskatt og eignarskatt kveða á um það að hjón, eða sambýlisfólk, geti yfirfært ónýttan skattafslátt annars þeirra til hins sem hærri hefur tekjurnar. Nú er það svo að börn eldri en 16 ára sem enn eru í skóla ná því varla að afla svo mikilla tekna að skattafsláttur þeirra nýtist að fullu. Börn á þessum aldri þurfa mikið til sín og útlagður kostnaður foreldra er meiri vegna þeirra á þessum árum en nokkrum öðrum. Því má telja eðlilegt að foreldrar geti yfirfært til sín ónýttan skattafslátt barns síns með svipuðum hætti og nú er gert á milli hjóna. Þetta er ekki síst mikilvægt fyrir einstæða foreldra sem oft á tíðum standa að mestu leyti ein straum af kostnaði vegna uppeldis og menntunar barna sinna.

Ljóst er að á síðustu árum hefur orðið breyting á þeirri fjölskyldusamsetningu sem algengust var. Einstæðum foreldrum fer fjölgandi og fólk kýs í æ ríkara mæli að búa eitt sér, í eigin húsnæði. Orsaka má leita m.a. í aukinni menntun kvenna og þar af leiðandi meira fjárhagslegs sjálfstæðis. Lög um tekjuskatt og eignarskatt virðast ekki sem skyldi taka mið af þessum breyttu aðstæðum. Í núgildandi lögum eru eignarskattsmörk miðuð við hvern framteljanda þannig að einhleypingur eða einstætt foreldri nýtur aðeins helmings þess frádráttar frá eignarskattsstofni sem hjón og sambýlisfólk njóta. Dæmi má nefna að þegar annað hjóna fellur frá þá hækkar gjaldskyldur eignarskattsstofn þess sem eftir lifir um helming þess frádráttar sem hjónin nutu áður. Augljóst er að þetta kemur sér illa fyrir þann sem nú þarf einn að standa fyrir heimili sem tveir stóðu fyrir áður.

Sþ. 97. Tillaga til þingsályktunar [93. mál]

um sjávarútvegsskóla í Vestmannaeyjum.

Flm.: Unnur Stefánsdóttir, Guðni Ágústsson, Óli Þ. Guðbjartsson, Margrét Frímannsdóttir, Eggert Haukdal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna möguleika á stofnun sjávarútvegsskóla í Vestmannaeyjum.

Greinargerð.

Nýlega lauk störfum starfshópur sem menntamálaráðherra og sjávarútvegsráðherra skipuðu í janúar 1986. Hlutverk starfshópsins var að gera tillögur um stofnun sjávarútvegsskóla sem starfi á framhaldsskólastigi.

Í áliti starfshópsins kemur fram að æskilegt sé að sameina að einhverju leyti þá þrjá skóla sem nú eru starfandi á þessu sviði, þ.e. Vélskóla Íslands, Stýrimannaskólann í

Reykjavík og Fiskvinnsluskólann í Hafnarfirði. Jafnframt kemur fram að bæta þurfi við nýjum námsbrautum svo sem fiskeldisbraut og endurmenntunardeild. Hlutverk skólans yrði fyrst og fremst að fullnægja þörf sjávarútvegsgreina fyrir sérhæft starfsfólk. Hann starfi á framhaldsskólastigi, en geti orðið leið brautskráðra nemenda til háskólanáms kjósi þeir að leggja í frekara nám.

Starfshópurinn telur að sjávarútvegsskóli sem ein stofnun verði sterkari eining en þrír minni skólar og þar af leiðandi betur búinn til að takast á við verkefni sín. Ætla megi að betur verði séð fyrir fjárveitingum til skólans, njóti hann óskipts stuðnings allra hagsmunaaðila.

Eðlilegt væri að sjávarútvegsskóli félli undir ákvæði væntanlegra framhaldsskólalaga. Þar til slík löggjöf tekur gildi getur hins vegar reynst nauðsynlegt að setja sérstök lög um skólann svo að framgangur málsins tefjist ekki úr hömlu.

Fyrir sjávarútveginn er afar brýnt að betri skipan komist á menntunarmál atvinnuvegarins, þannig að alltaf sé kennt það nýjasta og hagkvæmasta á sviði sjávarútvegs.

Ljóst er að staðsetning slíkrar menntastofnunar skiptir mjög miklu máli. Æskilegt er að skólinn sé í nánum tengslum við atvinnugreinina sjálfa og að nemendur og starfslið skólans eigi greiðan aðgang að öllum greinum sjávarútvegsins.

Í Vestmannaeyjum eru ákjósanleg skilyrði til slíks skólahalds. Vestmannaeyjar eru langstærsta verstöð landsins og þar er að finna flest það sem er nýjast og fullkomnast í íslenskum sjávarútvegi. Í Vestmannaeyjum starfa fyrirtæki í flestum greinum útgerðar, svo sem í fiskiðnaði og útflutningi, og fyrirtæki sem framleiða og versla með útgerðarvörur.

Þá er þess að geta að í Vestmannaeyjum er þegar nokkur grunnur á að byggja í þessu efni, en þar er þegar starfandi stýrimannaskóli og vélskólabraut við framhaldsskólann.

Nemendur skólans ættu því greiða leið að flestum þáttum hins lifandi starfs í sjávarútvegi. Vart er því völ á ákjósanlegri jarðvegi fyrir væntanlegan sjávarútvegsskóla.

Með því að ákveða að staðsetja sjávarútvegsskólann í Vestmannaeyjum væri stigið mikilvægt skref til jafnvægis í byggðamálum eins og fyrirheit er gefið um í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Sþ. 98. Tillaga til þingsályktunar [94. mál]

um þjónustumiðstöð fyrir heyrnarskerta.

Flm.: Þórhildur Þorleifsdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir,
Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Einarsdóttir,
Kristín Halldórsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að koma á fót þjónustumiðstöð fyrir heyrnarskerta þar sem veitt væri textasíma- og túlkaþjónusta.

Greinargerð.

Óþarft er að hafa mörg orð um félagslega einangrun heyrnarskertra og þær takmarkanir sem heyrnarleysi setur tjáningu og samskiptum. En auk einangrunar býr þetta fólk líka við öryggisleysi. Flestir telja það eðlilegt og sjálfsagt að geta gripið til síma ef eitthvað fer úrskeiðis, t.d. ef slys eða veikindi ber að höndum. Það geta heyrnarskertir ekki. Nú hafa þó nýir möguleikar opnast með tilkomu textasíma og munu nú flestir heyrnarskertir eiga slík tæki og fá fyrirgreiðslu með kaup á þeim hjá Tryggingastofnun ríkisins líkt og gildir um önnur hjálpartæki fyrir fatlaða. En sá böggull fylgir skammrifi að hann nýtist því aðeins að textasími sé líka hinum megin línunnar og þó að eigendur slíks síma geti nú haft samband innbyrðis hjálpar það lítið ef þeir þurfa að ná út fyrir þann hóp.

Tökum dæmi af heyrnarskertum manni sem ætlar að panta tíma hjá bankastjóra eða hjá lækni, fá upplýsingar um atvinnu eða húsnæðisauglýsingu í blaði eða hafa samband við Húsnæðisstofnun til að vita hvort lánið hans sé komið. Hann getur ekki hringt beint til þessara aðila, en hringir þá í textasíma þjónustumiðstöðvarinnar og prentar þar inn sín skilaboð. Starfsmaður þar rekur svo þessi erindi fyrir hann símleiðis og hringir svo til baka og prentar svarið. Þannig væri hægt að spara heyrnarskertum ómældan tíma og fyrirhöfn og gera þeim kleift að notfæra sér ýmsa þjónustu og upplýsingar sem hverjum ófötluðum þykir sjálfsagt að eiga aðgang að símleiðis. Um nauðsyn svona þjónustu í neyðartilfellum eins og að framan er getið þarf ekki að fjölyrða. Auðvitað er bæði sjálfsagt og æskilegt að öllum stórum stofnunum og fyrirtækjum væri gert að hafa textasíma við skiptiborð, líkt og fullnægja á reglum um aðgengi fyrir fatlaða o.s.frv., en þó að slíkt næði fram að ganga mundi það aldrei leysa að fullu vanda heyrnarskertra varðandi samband þeirra við umheiminn.

Í þingsályktunartillögu á þskj. 99 er því beint til samgönguráðherra að koma á textasímavakt á Landssímanum (02) og mætti hugsa sér samvinnu þar á milli, þ.e. að þjónustumiðstöðin væri opin á venjulegum opnunartíma skrifstofa, en síðan tæki vakt á Landssímanum við sem sinnti að sjálfsögðu einungis brýnum erindum.

Um túlkaþjónustu fyrir heyrnarlausa gilda að miklu leyti sömu rök og rakin hafa verið hér en hún tæki við þar sem textasímaþjónustu sleppir. Þegar hinn heyrnarskerti hefur í gegnum textasímaþjónustuna fengið tíma hjá bankastjóra eða lækni getur hann fengið túlk til að fara með sér á viðkomandi staði. Mýmörg dæmi mætti taka þar sem heyrnarskertir þurfa að hafa túlka með sér til að geta sinnt erindum, félagslífi, námi o.s.frv. Þegar er nokkuð um að heyrnarskertir fái túlka sér til aðstoðar, en þá er undir hælinn lagt hver borgar. Þeir þurfa hverju sinni að útvega fé til að borga túlki en oft lendir það á þeim sjálfum og er það ærinn kostnaður að borga úr eigin vasa slíka sérfræðiþjónustu. Hafa verður hugfast að heyrnarskert fólk utan Stór-Reykjavíkursvæðisins verður einnig að geta notfært sér svona þjónustu, þ.e. textasímaþjónustan mundi að sjálfsögðu nýtast öllum heyrnarskertum, en túlkar þyrftu að geta farið til heimabyggðar fólks ef svo stæði á.

Flutningsmenn skora á félagsmálaráðherra að hrinda þessu máli í framkvæmd hið fyrsta því að þetta er hvorki umfangsmikil né sérlega dýr þjónusta.

Sþ. 99. Tillaga til þingsályktunar [95. mál]

um textasímaþjónustu.

Flm.: Þórhildur Þorleifsdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir,
Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Einarsdóttir,
Kristín Halldórsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að koma á fót textasímaþjónustu í tengslum við Landssímann (02) allan sólarhringinn.

Greinargerð.

Um nauðsyn þessarar þjónustu þarf ekki að fjölyrða. Það er mikið öryggisatriði fyrir heyrnarskert og heyrnarlaust fólk að geta gert viðvart símleiðis ef eitthvað fer úrskeiðis að nóttu eða degi.

Þjónusta af þessu tagi þarf ekki að hafa í för með sér aukin útgjöld önnur en tækjakaup, einn til tvo textasíma. Verð á textasíma er á bilinu 20–25 þús. kr. Þetta eru ákaflega einföld

tæki, nokkurs konar ritvélar í tengslum við síma og þarfnast engrar sérþekkingar annarrar en sæmilegrar vélritunarkunnáttu.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar með þingsályktunartillögu um þjónustumiðstöð fyrir heyrnarskerta á þskj. 98.

Sþ. 100. Fyrirspurn [96. mál]

til utanríkisráðherra um ráðstafanir til varnar mengun af völdum olíuleka frá eldsneytisgeymum bandaríska herliðsins á Keflavíkurflugvelli.

Frá Geir Gunnarssyni.

1. Hve mikið af olíu eða bensíni er geymt á tönkum á svæðum sem liggja svo nærri vatnsbólum Keflvíkinga og Njarðvíkinga að hætta geti stafað af ef leki verður úr tönkum eða leiðslum?
2. Með hvaða hætti hefur verið fylgst með því að ekkert fari úrskeiðis og hvað brast í því eftirliti þegar 75 þúsund lítrar af olíu hafa runnið í jörðina að undanförnu?
3. Hver er hlutur íslenskra heilbrigðisyfirvalda eða annarra íslenskra aðila í eftirliti með geymslu eða mælingum á mengun vegna olíuleka á þessu svæði?
4. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að auka eftirlit með geymslu olíubirgða á þessu svæði?
5. Hvenær má gera ráð fyrir að hugsanlegar orsakir mengunar og öll mengunarhætta af völdum geymslu á olíu eða bensíni í þágu bandaríska hersins á Keflavíkurflugvelli verði upprætt á þessu svæði?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 101. Fyrirspurn [97. mál]

til heilbrigðisráðherra um úrgangsefni frá álverinu í Straumsvík.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

Hvernig er háttað förgun kerbrota og annarra úrgangsefna frá álverinu í Straumsvík?

Sþ. 102. Fyrirspurn [98. mál]

til dómsmálaráðherra um framkvæmd ákvæða um gjafsókn í lögum nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá Maríu E. Ingvadóttur.

1. Hve oft hefur gjafsókn verið veitt sl. þrjú ár?
2. Hver eru útgjöld ráðuneytisins vegna þessa?
3. Hverjir njóta helst gjafsóknar?
4. Hvers konar mál eru það helst sem um er að ræða?
5. Til hvaða atriða er litið við mat á umsókn um gjafsókn?
6. Hve oft hefur umsókn um gjafsókn verið hafnað sl. þrjú ár?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 103. Fyrirspurn [99. mál]

til menntamálaráðherra um Mývatnsrannsóknir.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hver er afstaða ráðherra til óska sérfræðinganefndar um Mývatnsrannsóknir varðandi fjármögnun rannsókna á árunum 1987 og 1988?
2. Hver eru viðbrögð ráðuneytisins við afsögn sérfræðinganefndarinnar?
3. Með hvaða hætti hyggst ráðuneytið fyrir sitt leyti standa að framhaldi Mývatnsrannsókna?

Nd. 104. Frumvarp til laga [100. mál]

um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

Lög þessi taka til sjóða og stofnana sem starfa samkvæmt skipulagsskrá staðfestri af dómsmálaráðherra samkvæmt lögum þessum eða samkvæmt skipulagsskrá staðfestri af forseta Íslands eða konungi fyrir gildistöku laga þessara, sbr. þó 2. mgr.

Undanskildir lögum þessum eru þó þeir sjóðir og stofnanir sem stofnað er til með lögum, ákvörðunum Alþingis eða milliríkjasamningum enda þótt skipulagsskrá þeirra sé staðfest.

2. gr.

Stofnfé sjóðs eða stofnunar skal vera 50 000 kr. hið minnsta miðað við lánskjaravísitölu þá sem í gildi er við gildistöku laganna og breytist síðan árlega í samræmi við þá vísitölu í janúarmánuði. Skal dómsmálaráðherra auglýsa árlega lágmarksupphæð. Heimilt skal þó ef sérstakar ástæður þykja mæla með að stofnfé nemi lægri upphæð.

Í skipulagsskrá skal greina stofnfé og hvaðan það er runnið, svo og hvert skuli vera markmið sjóðs eða stofnunar og hvernig fé skuli varið til að ná þeim markmiðum. Þá skal greina skýrt hvernig stjórn sjóðs eða stofnunar skal skipuð og hver bera skuli ábyrgð á fjárvörslu.

Dómsmálaráðherra skal halda skrá um alla sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og nefnist hún sjóðaskrá.

Staðfestar skipulagsskrár og breytingar á þeim skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

3. gr.

Sá sem ábyrgð ber á sjóði eða stofnun skal eigi síðar en 30. júní ár hvert senda Ríkisendurskoðun reikning sjóðsins eða stofnunarinnar fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé sjóðs eða stofnunar hefur verið ráðstafað á því ári.

Stjórn sjóðs eða stofnunar skal jafnframt tilkynna sjóðaskrá hverjir skipi stjórn hverju sinni.

Ríkisendurskoðun skal halda skrá yfir heildartekjur og gjöld svo og eignir og skuldir allra skráðra sjóða og stofnana, svo og athugasemdir sínar við framlagða reikninga. Skal færa nýjar upplýsingar í skrána eftir því sem þær berast. Aðgangur að upplýsingum í skránni er öllum frjáls og skal láta í té afrit af henni til þeirra sem eftir því leita.

4. gr.

Hafi skýrsla og reikningur sjóðs eða stofnunar eigi borist í eitt ár eða reikningsskil reynast ófullkomin getur dómsmálaráðherra, að fengnum tillögum Ríkisendurskoðunar, falið lögreglustjóra að rannsaka fjárreiður sjóðsins eða stofnunarinnar og taka í sína vörslu skjöl og eignir. Skal lögreglustjóri hafa fjárvörsluna á hendi þar til dómsmálaráðherra hefur gert aðra skipan mála.

Kostnað, sem leiðir af rannsókn á fjárreiðum og vörslu sjóðs, má leggja á viðkomandi sjóð eða stofnun eftir mati dómsmálaráðherra og í samráði við Ríkisendurskoðun.

5. gr.

Eigi má selja eða veðsetja fasteignir sem eru eign sjóðs eða stofnunar, nema að fengnu samþykki dómsmálaráðherra. Áður en tekin er afstaða til umsóknar um veðsetningu eða sölu slíkrar fasteignar skal leitað umsagnar Ríkisendurskoðunar.

6. gr.

Nú hafa þjóðfélagshættir og aðstæður breyst svo mjög frá því að skipulagsskrá sjóðs eða stofnunar var staðfest að markmiðum þeim, sem skipulagsskrá gerir ráð fyrir, verður eigi náð eða stjórn verður ekki skipuð samkvæmt ákvæðum hennar og er dómsmálaráðherra þá heimilt að breyta skipulagsskrá. Við slíka breytingu skal þess gætt að fara eftir óskum stofnenda svo sem unnt er. Ef unnt er skal fá samþykki stjórnar sjóðs eða stofnunar til breytinganna.

Eftir sömu reglum og greinir í 1. mgr. er dómsmálaráðherra heimilt að sameina tvo eða fleiri sjóði eða stofnanir í einn sjóð eða stofnun. Þá er dómsmálaráðherra heimilt að leggja niður staðfestan sjóð eða stofnun en eignum skal varið til málefna sem skyld eru hinum upphaflegu markmiðum.

Áður en breytt er staðfestri skipulagsskrá, sjóðir eða stofnanir sameinaðar eða lagðar niður skal ætíð leita umsagnar Ríkisendurskoðunar. Ríkisendurskoðun getur einnig átt frumkvæði að því að tekin verði afstaða til aðgerða samkvæmt framansögðu.

7. gr.

Dómsmálaráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um efni og gerð skipulagsskráa og önnur atriði sem varða framkvæmd laga þessara. Má í því sambandi og í samráði við Ríkisendurskoðun setja nánari reglur um samstarf dómsmálaráðuneytis og Ríkisendurskoðunar eftir því sem þurfa þykir.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1989. Jafnframt falla þá úr gildi lög um eftirlit með opinberum sjóðum, nr. 20 20. maí 1964.

Ákvæði til bráðabirgða.

Dómsmálaráðherra skal láta gera skrá um þá sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt skipulagsskrá staðfestri fyrir gildistöku laga þessara. Jafnframt skal kannað hvort eigi er ástæða til að breyta gildandi skipulagsskrám eða sameina sjóði eða stofnanir eða leggja niður. Skal þessu verki lokið fyrir árslok 1991.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem samið hefur verið á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, var lagt fram á síðasta þingi en varð ekki útrætt.

Um aldir hafa verið stofnaðir sjóðir hér á landi. Engin almenn löggjöf hefur verið sett um stofnun eða starfsemi sjóða en vitneskja hefur varðveist um þá sjóði sem staðfestar hafa

verið reglur fyrir af ríkisvaldinu og varðveittar hafa verið í skjalasöfnum þess og svo síðar jafnan birtar (í Lovsamling for Island og síðar í Stjórnartíðindum B-deild). Réttarfræðingar hafa talið að stofnun sjóða sé og hafi verið frjáls, þ.e. ekki hafi verið neinar hömlur á henni almennt, en vitneskja er lítil sem engin um sjóði aðra en þá sem hlotið hafa staðfestingu ríkisvaldsins. Þegar rætt er um sjóði og stofnanir í þessari greinargerð er átt við hvers konar sjálfseignarstofnanir sem fengið hafa staðfestingu ríkisvaldsins og sem settar hafa verið reglur fyrir og ætlað er að varðveitast í því skyni sem reglurnar mæla nánar fyrir um. Upphaf þeirra staðfestingarheimilda, sem nú eru í framkvæmd, byggist á því að þjóðhöfðingi (einvaldskonungur), sem áður hefur sjálfur veitt slíka staðfestingu, hefur veitt „kansellíi" sínu almennt umboð til að veita slíkar staðfestingar en slík reglusetning þjóðhöfðingja (einvaldsins), sem jafngilti lagasetningu, hefur síðan flust til þeirra stjórnvalda sem á eftir komu (sbr. lög um Stjórnarráð Íslands frá 1969 og reglugerð samkvæmt þeim, l. nr. 96/1969, þar sem staðfest er að dóms- og kirkjumálaráðuneytið fjalli um skipulagsskrár).

Segja má að um aldir hafi möguleikar til varðveislu á fjármunum að hætti sjóða og stofnana á Íslandi verið takmarkaðir við jarðeignir, þ.e. bújarðir, þar sem í þeim eignum einum varð eign ávöxtuð hér á landi en svo sem alkunna er eru peningastofnanir aðeins aldargamalt fyrirbæri hér á landi. Fjármunaeign hér á landi á örbirgðaröldum var takmörkuð og í lok 19. aldar breyttust þær aðstæður hægt en á síðustu 40–50 árum hefur varðveisla sjóðafjár liðið mjög vegna endurtekinna tímabila óðaverðbólgu. Það er því viðbúið að þeirra sjóða, sem stofnaðir hafa verið á undangenginni öld, sjái nú lítinn stað, þar sem þessar aðstæður hafa stuðlað að því að sjóðaeignir, sem almennt voru ekki verulegar, hafi ekki staðist þau áföll sem undangengin verðbólgutímabil hafa valdið. Jafnframt kemur svo til að skort hefur heimildir til að móta efnisinnihald á skipulagsskrám til tryggingar varðveislu þeirra við þær aðstæður og reyndar einnig, til skamms tíma, úrræði til þess.

Þessu frumvarpi er fyrst og fremst ætlaður tvenns konar tilgangur: 1) Að móta reglur um hvernig reyna megi að fá betri yfirsýn yfir þá sjóði sem enn lifa og enn fremur að bjóða fram heimildir til að endurnýja, í samræmi við möguleika þeirra til framhaldsstarfa, reglur um ráðstöfun sjóðseignar með þeim breytingum sem umráðaaðilar telja vænlegastar og helst samrýmast upphaflegum tilgangi sjóðsstofnenda. 2) Enn fremur eru í fyrstu fimm greinum frumvarpsins settar fram einfaldar reglur um staðfestingu á skipulagsskrám, um eftirlit með sjóðunum og um ráðstafanir sem gera ber ef brestir verða á lögskipuðum vinnubrögðum stjórnenda. Í 6. gr. eru hin almennu ákvæði um heimildir til breytingar á skipulagsskrám vegna breyttra aðstæðna, sameiningar sjóða og eftir atvikum niðurfellingar á skipulagsskrám jafnhliða ráðstöfun sjóðfjár sem næst megi komast upphaflegum sjónarmiðum stofnenda. Um allar breytingar er fyrirskipað samráð við Ríkisendurskoðun. Loks er í bráðabirgðaákvæði gert ráð fyrir rannsókn á tilvist sjóða og stofnana frá liðinni tíð.

Við samningu frumvarps þessa hefur samráð verið haft við ríkisendurskoðanda en Ríkisendurskoðun hefur um árabil verið hvetjandi þess að löggjöf verði sett um þetta efni.

Í athugasemdum um einstakar greinar hér á eftir verður gerð nokkur frekari grein fyrir efni þeirra.

Um 1. gr.

Staðfestingarhættir á skipulagsskrám hafa verið þeir um aldir, vegna upphaflegrar ákvörðunar einvaldskonungs, að þær hafa verið staðfestar „ad mandatum" eða „í umboði" þjóðhöfðingjans þar sem ekki hafa verið sett nein almenn lög um þetta efni svo að fyrri háttur hefur haldist. Segja má að nútímahættir krefjist tæpast svo veglegs forms sem aftur getur átt við um það efni sem undanþegið er skv. 2. mgr. 1. gr., þ.e. sérstakir sjóðir sem stofnað er til með sérstökum lögum, ákvörðunum Alþingis eða milliríkjasamningum sem almennt koma til meðferðar þjóðhöfðingjans.

Um 2. gr.

Það upphæðarmark, sem hér er gert ráð fyrir, 50 000 kr., er tölulega hið sama og í dönskum lögum nýlega settum, þ.e. samsvarandi meira en 250 þús. ísl. kr., en þá má hafa í huga að þau lög ákveða almenna skráningarskyldu sjóða sem ná þeirri upphæð. Í greinargerð dönsku laganna segir að í huga sé haft að undanþegnir séu minni háttar sjóðir til þess að þær skyldur, sem á eru lagðar, hvíli ekki, t.d. á legstaðasjóðum og öðrum með takmörkuð verkefni og mjög lítil umsvif.

Rétt þykir að setja ákvæði um hvernig lágmarksupphæðin breytist með verðlagi í landinu. Lagt er til að miðað verði við lánskjaravísitölu og lágmarkið breytist einu sinni á ári, þ.e. í janúarmánuði.

Um 3. gr.

Í þessari og næstu greinum eru m.a. markaðar reglur um samstarf dómsmálaráðuneytis og Ríkisendurskoðunar um eftirlit með starfsháttum sjóða og stofnana er hlotið hafa staðfestingu skipulagsskrár.

Um 4. gr.

Sbr. athugasemd við 3. gr. Það fer eftir niðurstöðu athugana samkvæmt þessari grein hvort grípa þarf til sérstakra frekari ráðstafana og þá hverra.

Um 5. gr.

Sala eða veðsetning fasteignar sjóðs eða stofnunar eru það afdrifaríkar ráðstafanir um fjármuni sjóðs eða stofnunar að rétt þykir að áskilja að eftirlitsaðilar fjalli um þær.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru mjög mikilvæg vegna liðins tíma vegna breyttrar verðmætastöðu sjóðaeigna og breytinga á þjóðfélagsháttum. Jafnframt er þörf á heimildum fyrir breytingar á ókomnum tíma þar sem einnig má áfram gera ráð fyrir að aðstæður kunni að breytast þannig að grundvöllur, sem lagður er í skipulagsskrá, raskist svo að breytinga þurfi með svo að skipulagsskrá fullnægi þörfum þeirra ókomnu tíma. Efni þessarar greinar er rétt að skoða í samhengi við þá „innköllun“ sem ráðgerð er í ákvæði til bráðabirgða er fylgir lagafrumvarpinu.

Um 7. gr.

Samkvæmt undanfarandi lagagreinum og ákvæði til bráðabirgða þurfa dómsmálaráðuneyti og Ríkisendurskoðun að eiga samstarf í ýmsum efnum. Ekki mun þörf á reglugerðarákvæðum um þau efni yfirleitt en á hinu er ótvíræð þörf, þ.e. að marka nánari reglur um efni og gerð á skipulagsskrám.

Um 8. gr.

Ekki er tilefni til sérstakra skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Svo sem lýst er í upphafi greinargerðar hér að framan má ætla að tugir eða e.t.v. hundruð staðfestra sjóða séu orðnir svo til að engu eða horfnir með öllu, en æskilegt er að gera enn tilraun til að fá yfirsýn í því efni og gera síðan þær ráðstafanir sem tiltækar eru. Þegar þeirri könnun er lokið má síðan, á nýjum grunni og e.t.v. með breyttum lögum, koma þessum málefnum í skaplegt horf.

Sþ. 105. Fyrirspurn [101. mál]

til fjármálaráðherra um greiðslu opinberra gjalda með skuldabréfum.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

1. Eru þess dæmi á undanförnum árum að fjármálaráðherra hafi heimilað greiðslu opinberra gjalda einstaklinga og fyrirtækja með skuldabréfum, umfram það sem mælt hefur verið fyrir um í sérstökum lögum? Ef svo er óskast tilgreint hversu oft þetta hefur gerst á árunum 1980–1987, hverjir hafi notið slíkrar fyrirgreiðslu, hversu háar fjárhæðir er um að ræða og umsamin greiðslukjör.
2. Á hvaða lagaheimildum byggir fjármálaráðherra þessa málsmeðferð ef um hana er að ræða? Eftir hvaða meginreglum er farið við slíkar ákvarðanir?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 106. Fyrirspurn [102. mál]

til menntamálaráðherra um framkvæmd laga nr. 69/1972, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

Frá Sturlu Böðvarssyni.

1. Hversu hár var námsstyrkur til hvers nemanda árin 1975–1987? Styrkfjárhæðir verði færðar til verðlags í nóvember 1987 með vísitölu framfærslukostnaðar.
2. Hver verður styrkurinn árið 1988?

Sþ. 107. Tillaga til þingsályktunar [103. mál]

um samgöngur á Austurlandi.

Flm.: Jónas Hallgrímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram rannsóknir á möguleikum til að koma á vegasambandi milli byggða á Austurlandi, sem samræmist þörfum og kröfum nútíðar og framtíðar, og gera áætlun um framkvæmdir, einkum við þá fjallvegi um miðbik Austurlands, sem erfiðastir eru yfirferðar á vetrum, m.a. með því að beita nútímatækni í jarðgangagerð. Byggðastofnun verði falið að hafa forgöngu um þessar rannsóknir og áætlanagerð í samráði við samtök sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Vegagerð ríkisins og aðra þá sem hafa þekkingu á þessum málum. Við mat framkvæmda verði tekið fullt tillit til ávinnings atvinnulífs og félagslegrar þjónustu af bættum samgöngum.

Greinargerð.

Tillaga þessi er fram komin vegna þeirra aðstæðna sem ríkja í samgöngumálum Austurlands og þess mikilvægis sem þau skipa í hugum manna þar um slóðir. Er hér einkum átt við þá fjallvegi um miðbik Austurlands, sem erfiðastir eru yfirferðar á vetrum en ætla má að með nútímatækni í jarðgangagerð megi ryðja slíkum samgönguhindrunum úr vegi án þess að kostnaður fari fram úr hófi. Miðhluti Austurlands ásamt Vopnafirði er, sem kunnugt er, mjög afskiptur með samgöngur á landi, bæði fjarða í milli og frá fjörðum til Fljótsdalshéraðs. Fjallvegir eru í um og yfir 600 metra hæð og því næsta erfitt og jafnvel ófært um lengri og skemmri tíma að halda uppi eðlilegum samgöngum í miklum snjóavetrum svo sem dæmin sanna.

Á undanförnum árum hafa þær raddir orðið æ háværari meðal íbúa þessa landshluta, jafnt kjörinna fulltrúa sveitarstjórna, samtaka sveitarfélaga á Austurlandi, sem og hins almenna borgara, að þennan vanda eigi og beri að leysa með þeim hætti, sem tillagan gerir ráð fyrir, könnun á möguleikum jarðgangagerðar og í framhaldi af því samræmdri framkvæmdaáætlun.

Sjónarmið byggðastefnu hafa undanfarin ár skipað nokkurt öndvegi í umfjöllun og stefnumörkun stjórnvalda. Þar á meðal gerir vegáætlun ráð fyrir uppbyggingu og umbótum í samgöngum um landið.

Í þessum áætlunum hefur samt þótt á það skorta að tekið sé á þeim þáttum sem snerta nauðsynlegar rannsóknir og í framhaldi af þeim heildstæða áætlun um jarðgangagerð, þar sem slíkt er talið hagkvæmt, framkvæmanlegt og umfram allt nauðsynlegt til þess að viðhalda byggð og heilbrigðu mannlífi.

Það ætti að vera undirstöðuatriði í mörkun framtíðarbyggðastefnu að þessa þáttar verði gætt og um hann mótuð langtímastefna svo fólkið sem byggir þessa staði megi vita hvers sé að vænta í þessum efnum.

Skilyrði til uppbyggingar blómlegs atvinnulífs, vaxandi þjónustu, ræktunar menningar og mennta verður ekki fullnægt í nútímaþjóðfélagi án þess að íbúum viðkomandi landsvæðis sé gert kleift að komast næsta óhindrað á milli byggðarlaga. Samgönguþáttinn ber því að rækta og taka sérstakt tillit til, líkt og þessi tillaga gerir ráð fyrir. Slíkt væri byggðastefna í reynd.

Lagt er til að Byggðastofnun verði falið að hafa forgöngu um rannsóknir þessar og um gerð framkvæmdaáætlunar. Byggðastofnun er ekki tæknileg sérfræðistofnun á sviði vegamála. En vegna þess að byggðamál og byggðaþróun spanna yfir alla þætti efnahags- og félagsmála mætti ætla að þessi stofnun hefði meiri yfirsýn en aðrar ríkisstofnanir yfir vandamál og möguleika Austurlands og fjölþætta þekkingu á aðstæðum þar. Ýmsir starfsmenn stofnunarinnar hafa einnig mikla reynslu í margs konar áætlanagerð, ekki síst á sviði samgöngumála.

Sþ. 108. Fyrirspurn [104. mál]

til heilbrigðisráðherra um reglubundnar mælingar á geislavirkni á Íslandi.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur.

1. Eru gerðar reglubundnar mælingar á geislavirkni í umhverfi á Íslandi?
2. Ef svo er, hverjar eru helstu niðurstöður þeirra?

Sþ. 109. Fyrirspurn [105. mál]

til samgönguráðherra um kostnað við snjómokstur á fjallvegum á Austurlandi og reglur um opnunardaga.

Frá Jónasi Hallgrímssyni og Jóni Kristjánssyni.

1. Hver var kostnaður við snjómokstur eftirtalinna fjallvega á Austurlandi sl. þrjá vetur:
   a. Oddsskarðs,
   b. Fjarðarheiðar,
   c. Breiðdalsheiðar,
   d. Vatnsskarðs?

2. Hve marga daga máttu íbúar Borgarfjarðar eystri, Seyðisfjarðar og Norðfjarðar sæta innilokun vegna snjóa á þessu tímabili?
3. Eru uppi áform um að fjölga snjómokstursdögum á fjölförnustu fjallvegum á Austurlandi á þessu hausti?

Ed. 110. Frumvarp til laga [106. mál]

um ríkisframlag til sveitarfélaga vegna dagvistunar barna á forskólaaldri.

Flm.: Ásmundur Stefánsson.

1. gr.

Ríkissjóður greiðir sveitarfélögum 8000 kr. á mánuði vegna hvers barns á almennu dagheimili og fasta krónutölu sem sé sama hlutfall kostnaðar vegna barna á vöggustofum og leikskólum. Fjárhæðin skal endurskoðuð miðað við hækkun framfærsluvísitölu frá 1. nóv. 1987.

2. gr.

Greiðsla skv. 1. gr. skal háð því að um fullnægjandi dagvistarþjónustu sé að ræða að mati menntamálaráðuneytisins og viðkomandi sveitarfélag leggi fram minnst sömu fjárhæð og ríkissjóður.

3. gr.

Menntamálaráðherra setur nánari reglur um fyrirkomulag greiðslnanna og fjárhæðir vegna mismunandi dagvistarforma. Ráðuneytinu er einnig heimilt að takmarka framlögin ef tekjur foreldra fara fram úr ákveðnu skilgreindu marki.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal greiðsla á fyrstu 12 mánuðum eftir gildistöku laganna vera 2000 kr. á mánuði vegna barns á almennu dagheimili, 4000 kr. næstu 12 mánuði og 6000 kr. næstu 12 mánuði þar á eftir.

Greinargerð.

Þær tilraunir, sem til þessa hafa verið gerðar til þess að bæta úr brýnni og vaxandi þörf fyrir dagvistun barna á forskólaaldri, hafa hingað til skilað takmörkuðum árangri, sbr. samkomulag ASÍ við ríkisstjórnina 1980.

Á undanförnum árum hefur atvinnuþátttaka giftra kvenna aukist mikið og stöðugt fleiri giftar konur með börn vinna fullan vinnudag og jafnvel verulega eftirvinnu. Samhliða aukinni atvinnuþátttöku kvenna og lengri vinnudegi þeirra hefur vinnudagur karla frekar lengst. Tölur um þessi efni hafa oft verið raktar í almennri umræðu og verða því ekki endurteknar hér.

Þó veruleg aukning hafi orðið á dagvistarþjónustu bendir því margt til þess að þörfin fyrir dagvistun hafi aukist meira en nemur aukningu þjónustu og vandinn hafi því vaxið frá ári til árs. Sífellt fleiri foreldrar lenda í erfiðleikum með að koma börnum sínum í dagvistun og það er ljóst að leikskólar eru í vaxandi mæli lausn að hluta fyrir fullvinnandi foreldra.

Börnin verða fórnarlömb ófullkominnar þjónustu og eru þannig með skaðlegum hætti látin axla hluta af kostnaðinum við atvinnuþátttöku beggja foreldra.

Verkaskiptingu heimilanna er þannig háttað í íslensku þjóðfélagi að umönnum barna er yfirleitt verkefni kvenna og aðstaða þeirra til atvinnuþátttöku er því mjög háð því hvernig dagvistarþjónustan er. Nú á tímum örra breytinga skiptir ekki síst máli að starfstími geti verið sem samfelldastur og að konum gefist tækifæri til að koma sér fyrir á vinnumarkaði án þess að hafa verulegar áhyggjur af umönnun barna.

Næg og góð dagheimili fyrir alla sem þess óska er setning sem með svipuðu orðalagi finnst líklega á stefnuskrám allra stjórnmálaflokka. Það er ekki lengur um það deilt að dagheimili eru nauðsynlegar stofnanir. Þrátt fyrir samstæðan pólitískan vilja hefur þó ekki miðað sem skyldi. Ástæðan er án efa sú sama og á ýmsum öðrum sviðum félagslegrar þjónustu. Dagvistarheimili kosta mikið fé, bæði bygging og rekstur.

Rekstrarkostnaður almenns dagheimilis er um 19 þús. kr. á mánuði á hvert barn, og við það má bæta hátt í 5 þús. kr. vegna fjárfestingar. Samanlagt er því kostnaður á barn á mánuði nærri 24 þús. kr.

Fjöldi barna í hverjum árgangi á forskólaaldri er um fjögur þúsund. Ef þau væru öll á dagheimili yrði heildarkostnaðurinn því 96 millj. kr. á mánuði, eða 1152 millj. kr. á ári. Ef helmingur þeirra væri á dagheimili yrði kostnaður þannig 570–580 millj. kr. á ári vegna hvers árgangs. Dagheimilisárgangarnir eru fimm og kostnaður vegna þeirra allra yrði þá nálægt 2,9 milljörðum króna.

Vistun barna á vöggustofum er dýrari en á almennum dagheimilum. Að auki kemur kostnaður vegna þeirra tveggja árganga sem þurfa á vöggustofuþjónustu að halda.

Leikskólar eru mun dýrari en dagheimili, en einnig þarf að taka tillit til þess kostnaðar sem þeim fylgir.

Þegar allt er dregið saman er því ekki ólíklegt að heildarkostnaður við vistun barna á forskólaaldri gæti verið um 4 milljarðar króna á ári sé þjónustunni ætlað að mæta þörf.

Það kerfi sem við búum við nú er í grófum dráttum þannig að foreldrar greiða um 6 þús. kr. á mánuði vegna barns á almennu dagheimili og sveitarfélagið það sem á vantar af rekstrarkostnaðinum (13 þús. kr.) og nú samkvæmt síðustu ákvörðun einnig allan fjárfestingarkostnaðinn (5 þús. kr.). Sé um að ræða svonefnda forgangshópa eru greiðslur foreldra lægri og greiðslur sveitarfélagsins að sama skapi hærri.

Sé hins vegar skoðað hvað kemur í hlut ríkis og hvað í hlut sveitarfélags af skattgreiðslum maka sem aflar tekna, er niðurstaðan eftirfarandi samkvæmt útreikningi Sigurðar Snævarr á Þjóðhagsstofnun (upphæðir í þúsundum króna):

Tekjur	30 000	40 000	50 000
Skattgreiðslur:			
Til sveitarfélags	2 000	3 000	4 000
Til ríkis	0	8 000	17 000
Samtals	2 000	11 000	21 000

Hér er tekið tillit til beinna skatta og óbeinna.

Þegar framangreindar tölur eru skoðaðar er augljóst að það er fráleitt að sveitarfélögum skuli ætlað að axla allan kostnað hins opinbera af útivinnu beggja foreldra. Það er réttlætiskrafa að ríkið axli verulegan hluta kostnaðarins. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir því að ríkið leggi fram einn þriðja kostnaðar við dagvistunina. Samkvæmt framansögðu gæti verið um að ræða um 1300 millj. kr. á ári. Fjárhæðin er það stór að ekki er raunhæft að ætla

að hún verði öll tekin inn á fjárlög í einu lagi. Þess vegna er gert ráð fyrir fjögurra ára aðlögunartíma í frumvarpinu.

Dæmið sýnir hins vegar einnig að ef tekjur viðkomandi eru 50 þús. kr. á mánuði, fær ríkið í sinn hlut meira en svarar til kostnaðar ríkisins vegna tveggja barna á almennu dagheimili. Það er því engan veginn ósanngjarnt að gera þessa kröfu til ríkissjóðs.

Dæmið sýnir líka að ef ríkið tæki ákvörðun um að greiða fólki fyrir að vera heima og gæta barna sinna, er sú ákvörðun kostnaðarsöm, ekki bara vegna kostnaðar við greiðsluna, heldur enn frekar vegna þess tekjutaps sem ríkið yrði fyrir vegna minni skatttekna. Þá hefur auðvitað ekki verið tekið tillit til þess hvaða vandræðum það mundi valda á vinnumarkaði ef fjöldi kvenna hyrfi frá störfum.

Með því fyrirkomulagi sem frumvarpið gerir ráð fyrir fengju sveitarfélögin rekstrarstyrk í fastri krónutölu á hvert barn, þó breytilegan eftir því hvort um er að ræða almenn dagheimili, vöggustofu eða leikskóla.

Enginn vafi er á því að það fyrirkomulag sem frumvarpið gerir ráð fyrir væri hvetjandi fyrir sveitarfélögin og gæfi þeim nýja möguleika til þess að stórauka þá þjónustu sem veitt er.

Þegar barn er tekið á dagheimili er verið að veita hvort tveggja í senn, þjónustu og styrk. Það virðist rökrétt miðað við umræður í þjóðfélaginu í dag, sbr. húsnæðismála-umræðuna, að kannað sé hvernig koma megi því við að sá styrkur sem veittur er sé skertur ef tekjur eru miklar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ríkissjóði er gert að greiða sveitarfélögum fasta krónutölu 8000 kr. á mánuði miðað við verðlag 1. nóvember 1987 vegna hvers barns á almennu dagheimili. Krónutalan miðast við það að ríkissjóður greiði um einn þriðja heildarkostnaðar við dagvistunina. Það er ljóst að kostnaður við hvert barn á vöggustofu er meiri en kostnaður við hvert barn á almennu dagheimili. Kostnaður er aftur á móti minni við hvert barn á leikskóla. Til að tryggja að hlutfall ríkisins af kostnaði haldist á verðbólgutímum er gert ráð fyrir því að greiðsla ríkissjóðs framreiknist miðað við breytingu framfærsluvísitölu.

Um 2. gr.

Greiðsla ríkissjóðs er skilyrt því að dagvistarþjónustan sé metin fullnægjandi og jafnframt er gert tilkall til þess að viðkomandi sveitarfélag leggi fram minnst sömu fjárhæð og ríkið. Sé tekið mið af því sem algengt virðist í dag, þ.e. 6 þús. kr. greiðslu frá foreldrum, yrði kostnaður sveitarfélagsins vegna hvers barns nálægt 10 þús. kr. á mánuði ef fjárfestingarkostnaður (5 þús. kr.) er talinn með og nokkru hærri þegar um svonefnda forgangshópa er að ræða. Með hagkvæmum rekstri yrði kostnaður minni og nyti sveitarfélagið þeirrar hagkvæmni. Föst krónutala er því líklegri en hlutfallsleg greiðsla til að auka hagkvæmni.

Um 3. gr.

Það er nauðsynlegt að ráðuneytið hafi heimild til að setja reglur um greiðslufyrirkomulag og til ákvörðunar á fjárhæðum vegna barna á vöggustofum og leikskólum.

Ef ákveðið verður að láta tekjuháa foreldra greiða hærri dagvistargjöld en þeir tekjulægri greiða er eðlilegt að ríkið fái einhverja hlutdeild í þeim sparnaði sem í því væri fólginn fyrir það opinbera í heild. Ákvæðið um mismunandi greiðslur foreldra er ef til vill of opið og hugsanlegt væri að fela ríkisstjórninni fremur en einum ráðherra þessa heimild eða að inn í lögin komi bein ákvæði um fyrirkomulagið.

Þegar lög þessi ná að koma að fullu til framkvæmda má áætla að kostnaður ríkissjóðs gæti orðið um 1300 millj. kr. Þess vegna er aðlögunartími óhjákvæmilegur. Þó greiðsla sé fyrsta árið einn fjórði fullrar greiðslu yrði kostnaður ríkissjóðs fyrstu 12 mánuðina trúlega langt undir 325 millj. kr., sem er einn fjórði af 1300 millj. kr., vegna þess að mikið vantar á að dagvistarheimili séu jafn mörg og hér er gert ráð fyrir. Hve langur tími líður þangað til kostnaðurinn nær því sem hér er gert ráð fyrir fer eftir því hve rösklega verður gengið fram í uppbyggingu dagvistarheimila. Einnig er rétt að vekja athygli á því að mikil óvissa ríkir um það hve stór hluti barna í hverjum árgangi muni leita eftir þjónustu ef öllum börnum býðst aðstaða.

Sþ. 111. Tillaga til þingsályktunar [107. mál]

um að setja upp lýsingu á Suðurlandsvegi um Hellisheiði.

Flm.: Eggert Haukdal, Guðni Ágústsson, Margrét Frímannsdóttir, Guðmundur H. Garðarsson, Unnur Stefánsdóttir, María E. Ingvadóttir, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera könnun á kostnaði við að lýsa upp Suðurlandsveg frá Reykjavík um Hellisheiði að Hveragerði. Jafnframt verði leitað leiða til framkvæmda við verkið.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er er Suðurlandsvegur um Hellisheiði aðalsamgönguæð frá Reykjavík til hinna fjölförnu og blómlegu byggða Suðurlandsundirlendisins, auk þess að vera kafli af hringveginum með miklum umferðarþunga. Síaukin samskipti Stór-Reykjavíkursvæðisins og Suðurlands eykur nauðsyn þess að vegurinn sé alltaf opinn. Með tækni og framförum nútímans er vegurinn orðinn hár, beinn og breiður með bundnu slitlagi. En vegna hæðar yfir sjó og náttúrufars eru gjarnan, sérstaklega í skammdeginu, mörg veðrabelti á leiðinni. Fyrirvaralaust skapast oft hættuástand enda hafa orðið mörg alvarleg umferðaslys, sérstaklega á leiðinni úr Hveradölum og niður í Kamba. Því væri æskilegt að fyrsti áfangi í lýsingu vegarins yrði á þessum kafla. Nýta ber þá reynslu sem fyrir liggur um gerð ljósa sem sjást vel í lélegu skyggni.

Hin geysilega fjölgun ferðamanna á leið um Suðurland og lenging ferðamannatímans ýtir á þessa framkvæmd. En fyrst og fremst er það hin stöðuga ferða- og flutningaþörf til og frá Suðurlandi í hvaða veðri sem er sem knýr á um að þetta verði framkvæmt sem allra fyrst.

Sþ. 112. Tillaga til þingsályktunar [108. mál]

um mótun opinberrar ferðamálastefnu.

Flm.: Unnur Stefánsdóttir, Jón Kristjánsson, Guðni Ágústsson, Kristín Halldórsdóttir, Ingi Björn Albertsson, Salome Þorkelsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að vinna að mótun opinberrar ferðamálastefnu. Í því skyni verði hraðað störfum nefndar sem skipuð var í júní 1987 til þess að undirbúa slíka stefnumörkun.

Greinargerð.

Ferðaþjónusta er mjög vaxandi atvinnugrein hér á landi. Erlendum ferðamönnum, sem til landsins koma, hefur fjölgað mikið á síðustu árum og voru þeir 113 528 árið 1986 sem er 56% aukning frá árinu 1982. Þá hafa ferðalög Íslendinga innan lands aukist á síðustu árum svo og ferðir Íslendinga til útlanda.

Að frumkvæði Ferðamálaráðs og með fjárstyrk frá Þróunarsjóði Sameinuðu þjóðanna var bandarískt fyrirtæki, Cheaati Co., fengið til þess að vinna tillögur að ferðamálastefnu á árunum 1972–1975. Tillögur þessar hlutu ekki náð fyrir augum stjórnvalda. Í framhaldi af þessu starfi voru samþykkt lög um skipan ferðamála, nr. 68/1976. Þessi lög voru síðan endurskoðuð árið 1985.

Árið 1981 skipaði þáverandi samgönguráðherra nefnd til að gera úttekt á þjóðfélagslegu gildi íslenskrar ferðamannaþjónustu og spá um þróun hennar á næstu árum. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar Ferðamálaráðs, Framkvæmdastofnunar ríkisins og samgönguráðuneytisins. Nefndin skilaði ítarlegri skýrslu í apríl 1983 þar sem m.a. eru gerðar tillögur um ákveðna ferðamálastefnu.

Í greinargerð nefndarinnar kemur fram að hún leit á skýrsluna sem áfanga í starfi sínu. Ljóst væri að einstakar tillögur hennar þyrfti að vinna í smáatriðum. Það verk taldi nefndin þó ekki ástæðu til að vinna fyrr en fyrir lægi „ákveðin viljayfirlýsing stjórnvalda um þá ferðamálastefnu, sem nefndin gerir tillögu um“, eins og segir í inngangsorðum skýrslunnar.

Vorið 1986 var síðan samþykkt á Alþingi ályktun þar sem samgönguráðherra var falið að láta gera úttekt á aðstöðu til ferðaþjónustu á helstu ferðamannastöðum í einstökum landshlutum og gera áætlun um úrbætur á grundvelli þeirrar úttektar. Verk þetta skyldi unnið í samráði við ferðamálasamtökin í landinu. Skýrsla ráðuneytisins var gefin út í mars sl. Þessi skýrsla er mjög gagnleg heimild um stöðu ferðamála í landinu, en áætlun um úrbætur hefur ekki enn verið gerð.

Hin mikla aukning, sem orðið hefur á ferðalögum í heiminum eftir síðari heimsstyrjöldina, hefur gert það að verkum að stjórnvöld hafa ekki komist hjá því að móta stefnu í ferðamálum, ekki síst hjá þeim þjóðum sem hafa verulega atvinnu og gjaldeyristekjur af útlendum ferðamönnum.

Ef gera á alvöru úr því að nýta í miklum mæli möguleika Íslands sem ferðamannalands og aðseturs fyrir alþjóðlegt ráðstefnuhald verður vart lengur undan því vikist að Alþingi móti skýrari stefnu í þessum málaflokki. Í skýrslu samgönguráðuneytisins og í skýrslu nefndarinnar frá 1983 eru fyrir hendi upplýsingar sem byggja má slíka stefnumörkun á.

Í ferðamálum þarf m.a. að marka stefnu varðandi stuðning hins opinbera við fjárfestingar á sviði ferðamála og skipulag slíkra fjárfestinga, fræðslumál atvinnugreinarinnar og kynningarmál. Einnig þarf að taka afstöðu til verndunar viðkvæmra landsvæða og annarra þátta er snerta umgengni um landið. Þá þarf að stuðla að æskilegri dreifingu ferðamanna um landið með því að opna nýjar ferðaleiðir og nýta ýmislegt sem ferðamenn hafa yfirleitt ekki aðgang að nú. Áherslu þarf að leggja á að lengja ferðamannatímann og auka ráðstefnuhald og afmarka þarf starfssvið Ferðaþjónustu bænda.

Mikil breyting hefur orðið til batnaðar við móttöku ferðamanna hér á landi, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Nauðsynlegt er að ferðaþjónusta verði jafnframt bætt sem víðast um landið. Því er orðið mjög brýnt að marka stefnu fyrir þessa ungu atvinnugrein og koma með því í veg fyrir mistök í skipulagi og fjárfestingum sem reynst gætu dýrkeypt.

Sþ. 113. Tillaga til þingsályktunar [109. mál]

um samanburð á dagvinnulaunum og tekjum á Íslandi og í nágrannalöndum okkar.

Flm.: Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Albert Guðmundsson,
Júlíus Sólnes, Guðmundur Ágústsson, Ingi Björn Albertsson,
Hreggviður Jónsson, Óli Þ. Guðbjartsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd hlutlausra sérfræðinga til þess að rannsaka tekjumyndun og skiptingu þjóðartekna á Íslandi. Nefndin athugi sérstaklega dagvinnulaun, vinnutíma og heildarlaun nokkurra markhópa launafólks á Íslandi og beri þau saman við kjör sambærilegra hópa í nágrannalöndum okkar. Könnunin nái einnig til þeirra er njóta tryggingarbóta. Leita skal skýringa á þeim mun sem könnunin sýnir. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Þjóðartekjur Íslendinga eru meðal hinna hæstu í heiminum. Eftirfarandi tafla sýnir þjóðartekjur á Norðurlöndum í milljörðum bandaríkjadala 1985 og 1986.

Ár	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
1985	57.8	54.0	2.9	57.9	100.2
1986	80.4	70.5	3.9	68.7	131.5

Ef þjóðartekjur þessara landa eru bornar saman miðað við fólksfjölda fæst eftirfarandi tafla sem sýnir þjóðartekjur á hvern mann, umreiknaðar í þúsundir íslenskra króna.

Ár	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
1985	418.1	407.0	444.0	514.3	444.0
1986	580.9	529.1	595.7	610.5	580.9

Þessar tölur sýna svo að ekki verður um villst að laun á Íslandi gætu verið svipuð og annars staðar á Norðurlöndum.

Það má finna mörg dæmi þess að dagvinnulaun launafólks á Íslandi eru meðal hinna lægstu sem þekkjast í Vestur-Evrópu. Eftirfarandi tafla sýnir dagvinnulaun nokkurra markhópa launafólks á Norðurlöndum árið 1985, að meðtöldum álagsgreiðslum, reiknuð í þúsundum bandaríkjadala á ári.

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
Háskólakennarar	20.5	18.6	10.2	17.4	14.7
Fag- og ófaglærðir iðnaðarmenn	15.1	10.0	10.3	13.9	11.8
Fiskverkunarfólk	12.8		7.9	11.9	

Samkvæmt þessari töflu virðast dagvinnulaun á Íslandi vera mun lægri en annars staðar á Norðurlöndum í flestum tilvikum. Því vakna spurningar um það hvort þjóðartekjum Íslendinga sé misskipt. Er hlutdeild launafólks í þjóðartekjunum minni en gengur og gerist í nágrannalöndunum? Eru einhverjir hópar í þjóðfélaginu sem bera óeðlilega mikið úr býtum?

Á Íslandi er vinnudagurinn mjög langur hjá þorra fólks. Yfirvinna er mun meiri hér á landi en tíðkast í nágrannalöndunum. Þannig byggir fjöldi manna afkomu sína á óhóflegri

yfirvinnu þar sem dagvinnulaunin hrökkva ekki fyrir nauðsynjum. Á sama tíma er yfirvinna nánast að hverfa hjá launafólki í nágrannalöndunum en því nægir dagvinnulaunin til lífsviðurværis. Að sjálfsögðu er þetta mismunandi eftir atvinnugreinum, en meginreglan í flestum ríkjum Vestur-Evrópu er sú að launafólk sækist ekki eftir yfirvinnu og þarf ekki á henni að halda.

Oft er bent á að beinir skattar séu lægri á Íslandi en í nágrannalöndunum. Því beri að taka tillit til skattbyrði launafólks þegar tekjur þess eru bornar saman. Er þá talið að launasamanburður við nágrannalöndin verði hagstæðari. Að vísu má benda á það að hærri skattar samfara hærri launum koma öllu þjóðfélaginu til góða.

Samanburður á launatekjum í fleiri löndum verður að sjálfsögðu yfirborðskenndur ef ekki er hugað að raunverulegum kaupmætti launa. Ef óbeinir skattar, söluskattur og tollar eru reiknaðir með hallar aftur á launafólk á Íslandi. Vöruverð, einkum þó matvöru og annarra lífsnauðsynja, er mun hærra en í nágrannalöndum okkar.

Ýmsir aðilar, bæði atvinnurekendur og launþegasamtök, hafa athugað og borið saman launakjör á Íslandi og í öðrum löndum, einkum annars staðar á Norðurlöndum. Hið opinbera fylgist einnig með launum og launaþróun bæði hér og erlendis. Sammerkt með þessum athugunum er að þær eru ekki teknar alvarlega. Hinir mismunandi hagsmunahópar vantreysta hver öðrum. Það er þess vegna skoðun flutningsmanna að ekki sé óeðlilegt að leita til erlendra sérfræðinga, þegar nefndin verður skipuð, til að fá óhlutdrægar niðurstöður.

Mikill glundroði og vantraust hefur skapast milli hagsmunaaðila á Íslandi vegna skorts á áreiðanlegum gögnum um launakjör ýmissa markhópa launafólks á Íslandi og erlendis. Til þess að skapa grundvöll fyrir traustari kjarasamninga, frið á vinnumarkaðinum og svokallaða þjóðarsátt er slík athugun, sem flutningsmenn leggja til að verði gerð, nauðsynleg.

Nd. 114. Frumvarp til laga [110. mál]

um lífeyrisréttindi heimavinnandi húsmæðra, breyting á lögum nr. 55 frá 9. júní 1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Flm.: Málmfríður Sigurðardóttir, Kristín Einarsdóttir,
Þórhildur Þorleifsdóttir, Kristín Halldórsdóttir.

1. gr.

Á eftir 6. gr. laganna (sbr. lög nr. 58/1985) kemur ný grein er orðast svo:

Heimavinnandi húsmæður sem ekki gegna öðru starfi, svo og þær heimavinnandi húsmæður sem eru í minna en hálfu starfi utan heimilis, skulu öðlast aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda. Ríkissjóður greiðir mánaðarlega iðgjald til sjóðsins vegna hverrar heimavinnandi húsmóður er nemi 6% af launum skv. 9. flokki kjarasamnings Verkamannasambands Íslands, efsta starfsaldursþrepi, eins og þau eru á hverjum tíma, og viðkomandi sveitarfélag 4% af sömu upphæð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi, en var ekki útrætt og er nú endurflutt með lítils háttar breytingu á orðalagi.

Frumvarpi þessu er ætlað að leiðrétta kjör heimavinnandi húsmæðra, þeirra er ekki hafa enn öðlast rétt til aðildar að lífeyrissjóði, og er þannig leitast við að tryggja hag þeirra betur á efri árum.

Með hugtakinu heimavinnandi húsmóðir er í fyrsta lagi átt við konur sem gegna ekki öðru starfi en umsjón heimilis og í öðru lagi þær sem hafa heimilisumsjón að aðalstarfi en vinna minna en hálft starf utan heimilis. Hugtakið nær vitaskuld á sama hátt til þeirra karla sem húsmóðurstörfum gegna.

Hvað fyrri hópinn varðar er ætlunin að ríkissjóður greiði þau 6% af iðgjaldi sem atvinnurekanda er skylt að greiða, en viðkomandi sveitarfélög greiði þau 4% sem eru hluti launþegans. Iðgjaldsgreiðslan sé miðuð við laun skv. 9. launaflokki Verkamannasambands Íslands eins og þau eru á hverjum tíma. Skal þessi viðmiðun viðhöfð þar til mat liggur fyrir á störfum húsmæðra. Þetta er því engan veginn endanlegt mat á verðmæti þeirra starfa sem um ræðir.

Sé húsmóðir í hlutastarfi utan heimilis þar sem atvinnurekandi greiðir iðgjald í lífeyrissjóð hennar vegna og hún að sínu leyti greiði ríkissjóður og sveitarfélag það sem á vantar til að hún hljóti full lífeyrisréttindi. Iðgjaldið greiðist til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda þar til öðruvísi verður ákveðið.

Stofnun sameiginlegs lífeyriskerfis allra landsmanna er nú í undirbúningi. Það er mikið þjóðþrifamál og má ætla að lífeyrismál heimavinnandi fólks verði best leyst innan þess ramma, en svo brýnt er að koma þessu máli í betra horf að ekki verður beðið eftir annarri skipan lífeyrismála þar sem búast má við að nokkur ár líði áður en sú breyting kemst á.

Sþ. 115. Tillaga til þingsályktunar [111. mál]

um mælingar á geislavirkni í sjávarafurðum og umhverfi.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera hið fyrsta ráðstafanir til að unnt verði að gera mælingar á geislavirkni, m.a. í sjávarafurðum og umhverfi, með tækjum sem Alþjóðakjarnorkumálastofnunin lætur Geislavörnum ríkisins í té samkvæmt samningi við ríkisstjórn Íslands.

Greinargerð.

Eftir kjarnorkuslysið í Tsjernóbíl í Sovétríkjunum varð fleirum en áður ljóst hvaða þýðingu það hefur fyrir öryggi manna og heilsu að unnt sé að fylgjast reglubundið með geislavirkni í umhverfinu svo og í neysluvörum. Um þetta leyti fóru kaupendur sjávarafurða okkar erlendis að krefjast vottorða um geislavirk efni í afurðunum svo að óyggjandi væri að geislavirkni væri ekki yfir leyfilegu magni. Ljóst var því að þær afurðir væru verðmeiri ef unnt var að láta fylgja öruggt vottorð um geislamælingu.

Íslendingar höfðu ekki yfir að ráða búnaði sem til þessa þurfti. Málið var að nokkru leyst um stundarsakir með lánstækjum erlendis frá og aukafjárveitingu til að ráða eðlisfræðing við Geislavarnir ríkisins. Tekin var ákvörðun þegar í maímánuði 1986 um að

fela Geislavörnum undirbúning reglulegra geislamælinga í umhverfi og matvælum. Skömmu síðar voru fengnir hingað til lands sérfræðingar frá Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni til ráðgjafar í þessu sambandi. Í framhaldi af þessum ákvörðunum gerði íslenska ríkisstjórnin samning við Alþjóðakjarnorkumálastofnunina um útvegun tækjabúnaðar í þessu skyni. Íslendingar þurfa að sjálfsögðu að standa við sínar skuldbindingar til að unnt sé að nýta þá rausnarlegu aðstoð sem kjarnorkumálastofnunin lætur í té.

Þessi tillaga er flutt til að flýta fyrir því að tæki þessi verði nýtt. Hér er verið að hvetja til fyrirhyggju sem annars vegar varðar heilbrigði landsmanna og hins vegar verðmæti útflutningsafurða okkar.

Sþ. 116. Fyrirspurn [112. mál]

til dómsmálaráðherra um samfélagsþjónustu sem úrræði í viðurlagakerfinu.

Frá Salome Þorkelsdóttur.

1. Hefur verið skipuð nefnd til að kanna hvort endurgjaldslaus vinnuþjónusta í þágu samfélagsins geti við ákveðnar aðstæður komið í stað afplánunar dóma?
2. Sé svo, hvað líður störfum nefndarinnar?

Sþ. 117. Fyrirspurn [113. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um tryggingar farþega.

Frá Jóhanni Einvarðssyni.

1. Hvernig er háttað tryggingum, þ.e. slysa-, örorku- og dánartryggingum, hjá þeim sem kaupa sér far með
   a. flugvélum,
   b. bifreiðum,
   c. skipum?
2. Stendur til að samræma þessar tryggingar?

Sþ. 118. Fyrirspurn [114. mál]

til menntamálaráðherra um samfelldan skóladag barna á grunnskólastigi.

Frá Unni Stefánsdóttur.

1. Hvað eru margir skólar á landinu sem bjóða börnum á grunnskólaaldri samfelldan skóladag?
2. Hvenær er að vænta þess að allir grunnskólar á landinu hafi samfelldan skóladag?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 119. Tillaga til þingsályktunar [115. mál]

um skilatryggingu vegna úreldingar bifreiða.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson, Guðrún Agnarsdóttir,
Jóhann Einvarðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa frumvarp til laga um skilatryggingu vegna úreldingar bifreiða.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur bifreiðum fjölgað mikið hér á landi. Fyrirsjáanlegt er að á næstu árum muni tugir þúsunda bifreiða úreldast. Áætlað er að árlegur fjöldi þessara bifreiða verði 10–20 000. Nú þegar er það orðið alvarlegt vandamál víða um land að koma þessum bifreiðahræjum fyrir. Víða má sjá þessar ónýtu bifreiðar þar sem þær liggja í algjöru hirðuleysi öllum til ógagns og skapa ákveðnar hættur fyrir börn og unglinga svo að ekki sé talað um náttúruspjöll. Er brýnt að nú þegar verði gripið til nauðsynlegra ráðstafana til að fyrirbyggja frekari neikvæða þróun í þessum efnum og skylda bifreiðaeigendur til þess að gera viðeigandi ráðstafanir við að koma gömlum og ónýtum bifreiðum til úreldingar.

Eðlilegt er að þetta gerist með skilatryggingargjaldi sem lagt verði á við kaup nýrra bifreiða. Sá háttur tíðkast víða erlendis hjá þjóðum sem komnar eru lengra í umhverfisverndarmálum en Íslendingar.

Landvernd, landgræðslu- og náttúruverndarsamtök Íslands, efndi til aðalfundar að Flúðum í Árnessýslu 7. nóv. 1987 þar sem m.a. var fjallað um endurvinnslu og eyðingu úrgangsefna á Íslandi. Á fundinum flutti Sveinn Ásgeirsson vélvirkjameistari, deildarstjóri endurvinnslu Sindra-Stáls hf., eftirfarandi erindi:

„Í tæp 40 ár hefur Sindra-Stál hf. stundað endurvinnslu. Það má deila um hver árangurinn hefur verið. Miklar sveiflur á verðlagi hafa gert endurvinnslunni fjárhagslega erfitt fyrir, auk þess sem landið er strjálbýlt og Íslendingar vita lítið um endurvinnslu og hvaða gagn hún gerir. Frá miðju ári 1982 hafa mörg endurvinnslufyrirtæki í Evrópu lagt niður starfsemi sína eða orðið gjaldþrota. Ekki þurfum við að leita lengra en til Noregs til þess að sjá hve gott skipulag er á hlutunum. Þar greiða bílaeigendur skilatryggingargjald við kaup á bílum. Skilatryggingargjald er ætlað til að kosta eyðingu bílflaksins í brotajárnsvinnslu og til að tryggja að eigandi skili bílnum á réttan stað þar sem hann fær helming upphæðarinnar greiddan.

Hvaða gagn gerir skilatrygging?

1. Brotajárni er skilað á hagkvæmari hátt til endurvinnslu.
2. Bílflök og annað brotajárn verður ekki skilið eftir á víðavangi. Ef svo er þá getur einhver tekið bílflakið og innheimt skilagjaldið.
3. Breytir hugarfari hjá almenningi.

Íslandi má líkja við Noreg því að bæði löndin eru stór og byggð dreifð. Flutningatæknin er mjög fullkomin í Noregi enda nær endurvinnslan þar í brotajárn til vinnslu sem nemur 70–75 kg á mann en í iðnvæddum, þéttbýlli löndum er þessi tala 120–140 kg á mann. Ef miðað er við mannfjölda á landinu 1. des. 1985 munu falla til 16 955 tonn á ári hér á landi. (Magn brotajárns í töflunni er í tonnum.)

	Íbúafjöldi	Magn brotajárns
Höfuðborgarsvæðið	132 510	9 275
Suðurnes	14 281	1 000
Vesturland	14 998	1 050
Vestfirðir	10 262	720
Norðurland vestra	10 808	760
Norðurland eystra	25 955	1 820
þar af Akureyri 13 766 íbúar, 960 tonn		
Austurland	13 143	920
Suðurland	20 134	1 410
þar af Vestmannaeyjar 4787 íbúar, 335 tonn		
Samtals	242 091	16 955

Frá árinu 1950 hafa verið flutt út 162 500 tonn af brotajárni að verðmæti meira en 10 millj. bandaríkjadala. Frá ársbyrjun 1982 hafa verið flutt út 49 500 tonn af brotajárni, skiptir þar mestu að keypt var pressa sem vinnur allar tegundir af brotajárni.

Skipting á efnisflokkum frá ársbyrjun 1980 (í tonnum).

Bílflök	10 000
Tunnur, heimilistæki	19 000
Þykkt efni	20 500
	49 500

Eftirfarandi er dæmi um hvað 49 500 tonn taka mikið rými:

Unnið brotajárn pressað og klippt vegur að meðaltali 800 kg/m^3 þannig að 49 500 tonn taka 61 875 m^3. Óunnið brotajárn er með meðalþyngd 250 kg/m^3 þannig að 49 500 tonn taka því 198 000 m^3. Til viðmiðunar má nefna að 100 m^2 íbúð er 250 m^3 þannig að það þarf 792 íbúðir 100 m^2 til að ná sama rúmmáli.

Í framhaldi af þessu er rétt að benda á að þessar magntölur eru að aðeins 60% af því sem raunverulega fellur til á landinu öllu.

Síðan pressan var tekin í notkun hafa verið pressuð um 14 500 bílflök. Árið 1986 var gerð áætlun um fjölda bíla sem færu í brotajárn 1987, um 8000 bílar ganga úr sér á landinu öllu en 3000 bílum er komið í endurvinnslu en síðan breyttust forsendur, tollar voru lækkaðir, þannig að búist er við að 18 000 bílar falli til á árinu.

Það er reynsla manna sem starfa við endurvinnslu að almenningur telur Sindra-Stál liggja á gullnámu og það sé óþarfi að bæta í hana Sindramönnum að kostnaðarlausu og er jafnvel ekið fram hjá til að setja brotajárnið á haugana. Mjög mörg dæmi eru um þetta og hafa m.a. virt fyrirtæki kvartað undan of lágum greiðslum þar sem ekki fæst fyrir flutningskostnaði. Spurningin er, hver á að greiða kostnað?

Mjög margt fólk gerir sér grein fyrir því hve mikil mengun það er að grafa brotajárn svo að ekki sé minnst á kostnaðinn og spillingu svæðisins.

1. Spurningin er, hver á að borga flutninginn?
2. Síðan pressan fór í gang 1982 hefur hlutfall í þunnu efni aukist verulega miðað við þykkt efni endurvinnslunni í óhag. Þar af leiðir að tap hefur verið verulegt.

Skagaströnd.

Árið 1985 gerði Sindra-Stál hf. tilraun með flutning á brotajárni frá Skagaströnd. Var um rúm 500 tonn að ræða. Leysa þurfti málið á hagkvæman hátt. Sigfús Jónsson bæjarstjóri var búinn að ræða málin við Sindramenn og varð samkomulag um að bærinn sæi um flutning til hafnarinnar en Sindra-Stál sæi um mokstur á bíla, lestun strandferðaskipsins Drangs og alla þá vinnu sem á eftir kæmi. Verkinu var lokið á 2 x 5 dögum og útkoman varð sú að gámakerfi er besti kostur þar sem allir aðilar, sem þurfa að losna við brotajárn, setji það í þar til gerðan gám sem fellur inn í flutningakerfi skipafélaganna.

Ísafjörður.

Árið 1986 hreinsaði Sindra-Stál allt brotajárn. Voru það alls 420 tonn af gömlu safni sem Sindramenn settu í 84 gáma. Tók þessi vinna þrjá vikur og þurfti að logskera mikið af grófu efni svo að það kæmist í gámana. Þurfti að flytja efnið 7 km vegalengd til hafnar þar sem gámarnir voru lestaðir. Þurfti að vinna verkið í þremur hlutum þar sem aðeins var hægt að fá 30 gáma í verkið svo að ferðakostnaður starfsmanna var sex dagar af öllu verkinu.

Kostnaður við svona verk er í krónum talið:

Laun í 6 vikur	280 000
Kranavinna í 12 daga	154 000
Akstur á Ísafirði, 4 bílar	249 600
Frakt frá Ísafirði til Reykjavíkur, 600 kr. á tonn	252 000
Hótel og fæði	170 000
Flutningur á krana Reykjavík–Ísafjörður–Reykjavík	94 000
Samtals	1 199 600

Ódýrasta lausnin er:

Enn og aftur komum við að því sama. Gámakerfi, sem væri í ferðum á milli staða eftir því sem við á, yrði svonefnd sjálfvirk lestun þar sem fólk losar sig við brotajárn í sérútbúna gáma. Svona kerfi virkar alls staðar á landinu, í þéttbýliskjarnanum líka. Fraktin tekur sinn toll, hvort sem er á landi eða sjó svo að ekki sé minnst á viðhald gámanna og endurvinnsluna.

Brotajárnsendurvinnsla ætti framvegis að vera á Stór-Reykjavíkursvæðinu nálægt hafnaraðstöðu líkt og aðstaðan er í Sundahöfn þar sem 65% af öllu brotajárni fellur til, Suðurnes þá meðtalin.

Vinnslusvæðið yrði skipulagt líkt og það er nú nema til að losna við íkveikjur í bílum og öðru rusli sem fylgir þeim. Einnig þyrfti að bæta við kvörn til að mala bílflökin og tilheyrandi flokka af brotajárni. Flokkar slík vél brotajárnið frá ruslinu þannig að meiri gæði fást úr efninu sem réttlætir rekstur slíkra véla.

Nú á dögum er endurvinnslan litin hornauga og svo mun örugglega einnig verða áfram ef ekkert verður að gert.

Forráðamenn Sindra-Stáls hafa sinnt þessum málum af miklum áhuga og vakið athygli á vandanum í áratugi, en fólk trúði ekki raunverulega hvað við vorum að gera fyrr en við hættum móttöku á brotajárni. Það má segja að við enduðum skyndilega úti á hálfsmíðaðri brú, við höfum áhuga á að klára þessa smíði því að við vitum að endurvinnsla sparar þjóðfélaginu milljónir og skapar milljóna tugi. Það þarf að koma heildarskipulagi á söfnun brotajárns og annarra málma. Einkafyrirtæki eins og Sindra-Stál getur engan veginn staðið í söfnun á brotajárni og vinnslu eins og verið hefur. Tæki til vinnslunnar eru dýr í rekstri og þær breytingar, sem þarf að gera á næstu árum, eru endurvinnslunni líka um megn.

Sveitarfélög og einstaklingar þurfa að gera sér grein fyrir því að það kostar fé að losna við brotajárnið eins og annan úrgang. Næst er að einfalda lausnina svo að hægt sé að endurvinna efnið.

Ef litið er á kostnað sveitarfélaganna þá kostar að urða 17 000 tonn, sem áætlað er að falli til hér á landi, 1200–1500 kr. á tonn. Þýðir það kostnað sem nemur 20 400 000–25 500 000. Þó má ætla að kostnaður við urðun iðnaðarsorps sé meiri vegna mikils rúmmáls, þar með talin bílflök.

Fullkomin aðstaða felur í sér lóð, hús, gámakerfi, afkastamikla pressu, kvörn og krana; slík fjárfesting í tækjum er undirstaða þess að geta leyst vandann og ekki síst skilningur almennings á að járn er járn og sorp er sorp. Forráðamenn Sindra-Stáls hafa áhuga á að hreinsa landið og halda því hreinu."

Þá fjallaði Sveinn um einnota gosdósir og sagði m.a.:

„Einnota málmdósir eru nýtt vandamál hér á landi. Í fyrra eða 1986 var áætlað að 30–35 millj. dósir féllu til hér á landi og á þetta eftir að aukast mikið.

Hvað er til ráða? — Skoðum dæmið á þennan hátt:

Við tökum fyrir 25 millj. dósir og söfnum þeim í stóra plastpoka, þá þurfum við 100 000 plastpoka því að það fara um 250 dósir í poka (aukin plastnotkun), 250 dósir eru um 5 kg. Sindra-Stál gæti hugsanlega greitt 50 kr. fyrir innihald pokans. Til að gera þetta áhugavert þarf framleiðslugjald á dós að vera t.d. tvær krónur og væri verðmæti slíks poka 500 kr. og 100 000 pokar því 50 millj. kr. Þetta er eitt dæmi um lausn á vandanum, áreiðanlega sú besta og ekki síst verðugt verkefni til fjáröflunar, t.d. fyrir Landvernd og Lions-hreyfinguna. Endurvinnsla er talin vera eitt af undirstöðuatriðum í umhverfisvernd víðast hvar í heiminum."

Tímabært er að þessi mál verði tekin föstum tökum og er þess að vænta að hæstvirt ríkisstjórn leggi hið fyrsta fram frumvarp til laga er tryggi framgang þess máls er hér um ræðir.

Nd. 120. Frumvarp til læknalaga. [116. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

I. KAFLI

Lækningaleyfi og sérfræðileyfi.

1. gr.

Rétt til þess að stunda lækningar hér á landi og kalla sig lækni hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim, sem lokið hefur prófi frá læknadeild Háskóla Íslands svo og viðbótarnámi í heilbrigðisstofnunum hér á landi samkvæmt reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum læknadeildar Háskóla Íslands.

Viðbótarnámi skv. 1. mgr. má einnig ljúka erlendis við heilbrigðisstofnanir, sem fullnægja skilyrðum heilbrigðismálaráðherra, læknadeildar Háskóla Íslands og landlæknis.

Áður en leyfi er veitt samkvæmt þessari grein skal leita álits landlæknis og nefndar sem ráðherra skipar til fjögurra ára senn og eiga sæti einn fulltrúi Læknafélags Íslands og tveir

fulltrúar læknadeildar Háskóla Íslands og skal annar þeirra vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Óheimilt er að veita manni lækningaleyfi ef 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans eða ef landlæknir eða nefnd skv. 3. mgr. telur hann óhæfan vegna heilsubrests t.d. vegna áfengis- eða eiturlyfjaneyslu eða vegna þess að hann hafi kynnt sig af alvarlegu hirðuleysi eða ódugnaði í störfum.

3. gr.

Veita má manni, sem lokið hefur sambærilegu prófi og um getur í 2. gr., lækningaleyfi, og þar með rétt til að kalla sig lækni hér á landi, enda uppfylli hann skilorð 2. gr. að öðru leyti. Áður en slíkt leyfi er veitt skal leita meðmæla læknadeildar Háskóla Íslands, sem getur sett sem skilyrði að viðkomandi gangi undir próf í lögum og reglum, er varða störf lækna hér á landi og sanni kunnáttu í mæltu og rituðu íslensku máli. Læknadeild Háskóla Íslands getur krafist þess, að umsækjandi sanni kunnáttu sína í læknisfræði með því að gangast undir próf.

4. gr.

Ef nauðsyn krefur má ráðherra eftir meðmælum landlæknis fela læknanemum að gegna tilgreindum læknisstörfum um stundarsakir og hefur viðkomandi þá lækningaleyfi á meðan hann gegnir þeim störfum.

Í slíkum tilvikum skal læknanemi starfa með lækni.

Víkja má frá ákvæðum 2. mgr. telji landlæknir sérstakar ástæður mæla með því.

5. gr.

Enginn læknir má kalla sig sérfræðing nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra.

Ráðherra setur reglur um nám sérfræðinga að fengnum tillögum læknadeildar Háskóla Íslands og getur enginn fengið leyfi til að kalla sig sérfræðing nema hann sanni fyrir læknadeildinni, að hann hafi lokið slíku námi og landlæknir mæli með leyfinu.

II. KAFLI

Réttindi.

6. gr.

Sá einn á rétt á því að kalla sig lækni og stunda lækningar sem fengið hefur til þess leyfi skv. I. kafla laga þessara. Öðrum er óheimilt að nota starfsheiti eða kynningarheiti sem til þess eru fallin að gefa hugmyndir um að þeir séu læknar eða stundi lækningar, sbr. nánar ákvæði laga þessara um skottulækningar.

7. gr.

Læknir getur við störf sín notið aðstoðar annars heilbrigðisstarfsfólks að svo miklu leyti sem slíkt er nauðsynlegt og forsvaranlegt vegna hæfni þess og sérkunnáttu. Starfar það þá á ábyrgð læknis, nema önnur lög bjóði annað.

8. gr.

Lækni er heimilt að skorast undan störfum, sem stangast á við trúarleg eða siðferðisleg viðhorf hans, séu störfin ekki framkvæmd í lækningaskyni.

III. KAFLI

Skyldur.

A. Árvekni og upplýsingar.

9. gr.

Lækni ber að sinna störfum sínum af árvekni og trúmennsku, halda við þekkingu sinni og fara nákvæmlega eftir henni.

Lækni ber ábyrgð á greiningu og meðferð þeirra sjúklinga sem til hans leita eða hann hefur til umsjónar.

B. Upplýsingar.

10. gr.

Lækni ber að jafnaði að upplýsa sjúkling um ástand, meðferð og horfur. Eigi í hlut barn, unglingur yngri en 16 ára eða sjúklingur, sem ekki getur tileinkað sér upplýsingar, skulu þær veittar foreldri, forráðamanni eða nánasta aðstandanda.

C. Vottorð.

11. gr.

Lækni ber að sýna varkárni og nákvæmni við útgáfu vottorða og annarra læknayfirlýsinga. Skal hann votta það eitt er hann veit sönnur á.

Ráðherra setur að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands nánari reglur um gerð og útgáfu læknisvottorða.

12. gr.

Lækni er skylt að láta hinu opinbera í té vottorð um sjúklinga er hann annast þegar slíkra vottorða er krafist vegna viðskipta sjúklinga við hið opinbera.

D. Skyndihjálp.

13. gr.

Lækni ber, sé hann nærstaddur eða sé til hans leitað, að veita fyrstu nauðsynlegu læknishjálp í skyndilegum sjúkdóms- eða slysatilfellum, nema þeim mun alvarlegri forföll hamli.

E. Læknavakt.

14. gr.

Lækni, sem stundar almennar lækningar, er skylt, þótt hann sé ekki opinber starfsmaður, að gegna aðkallandi sjúkravitjunum í því heilsugæsluumdæmi, þar sem hann starfar, nema þeim mun alvarlegri forföll hamli.

F. Þagnarskylda.

15. gr.

Lækni ber að gæta fyllstu þagmælsku og hindra það að óviðkomandi fái upplýsingar um sjúkdóma og önnur einkamál, er hann kann að komast að sem læknir.

Þetta gildir ekki bjóði lög annað eða sé rökstudd ástæða til þess að rjúfa þagnarskyldu vegna brýnnar nauðsynjar.

Samþykki sjúklings sem orðinn er 16 ára leysir lækni undan þagnarskyldu. Að öðrum kosti þarf samþykki forráðamanns.

Læknir verður ekki leiddur fram sem vitni í einkamálum gegn vilja sjúklings, nema ætla megi að úrslit málsins velti á vitnisburði hans eða sé málið mikilvægt fyrir málsaðila eða þjóðfélagið, hvort tveggja að mati dómara. Í slíkum tilvikum ber lækni að skýra frá öllu sem hann veit og telur að hugsanlega geti haft áhrif á málið. Slíkur vitnisburður skal fara fram fyrir luktum dyrum.

Læknir getur þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar veitt öðrum heilbrigðisstéttum upplýsingar, sé um að ræða rannsóknir og meðferð sjúklinga.

Sama þagnarskylda gildir fyrir aðrar heilbrigðisstéttir og aðra sem vinna með lækni.

Þagnarskylda fellur ekki niður við lát sjúklings. Mæli ríkar ástæður með því getur læknir látið í té upplýsingar með hliðsjón af vilja hins látna og hagsmunum viðkomandi. Sé læknir í vafa getur hann borið málið undir landlækni.

G. Afhending sjúkragagna.

16. gr.

Lækni er skylt að afhenda sjúkraskrá, alla eða að hluta, sjúklingi eða forráðamanni, ef það þjónar ótvíræðum hagsmunum sjúklings.

Leiki vafi á nauðsyn afhendingar sjúkragagna eða þyki ástæða til vegna ákvæða laga þessara um þagnarskyldu er lækni heimilt að afhenda landlækni einum sjúkragögn sem trúnaðarmál til frekari fyrirgreiðslu.

Ráðherra setur nánari reglur um afhendingu og varðveislu sjúkragagna og röntgenmynda að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands.

H. Auglýsingar.

17. gr.

Lækni er einungis heimilt að auglýsa læknastarfsemi sína með efnislegum og látlausum auglýsingum í blöðum sem birta má í hæsta lagi þrisvar þegar hann hefur störf eða breyting verður á aðsetri eða viðtalstíma. Lækni er heimilt að auðkenna sig með nafni, sérgrein, aðsetri, síma og viðtalstíma á dyraspjöldum, nafnspjöldum og lyfseðlum.

Læknum og stéttarfélögum þeirra ber að sporna við því, að fjallað sé í auglýsingastíl um lækna og störf þeirra í fjölmiðlum. Á sama hátt ber þeim að vinna á móti því að eftir þeim séu höfð ummæli og viðtöl í fjölmiðlum í auglýsingaskyni. Verði ekki komið í veg fyrir það ber viðkomandi lækni eða stéttarfélagi hans jafnskjótt að leiðrétta það sem kann að vera ofmælt. Öðrum en læknum er bannað að auglýsa starfsemi þeirra eða stuðla að því á annan hátt að sjúklingar leiti til ákveðins eða ákveðinna lækna.

I. Eftirlitsskylda.

18. gr.

Læknir er háður eftirliti landlæknis. Ber landlækni að gæta þess að læknir haldi ákvæði laga þessara og önnur ákvæði í heilbrigðislöggjöf landsins. Landlæknir heimtar skýrslur af lækni viðvíkjandi störfum hans að heilbrigðismálum í samræmi við reglur þar að lútandi, sem ráðherra setur að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands.

Verði læknir í starfi sínu var við mistök eða vanrækslu af hálfu lækna eða annarra heilbrigðisstarfsmanna og ætla má að skaði hljótist af skal hann tilkynna það landlækni. Sama skylda hvílir á öðrum heilbrigðisstéttum og öðrum þeim sem vinna með læknum.

Lækni ber að tilkynna landlækni eins fljótt og við verður komið verði hann var við skottulækningar, sbr. 22. gr. laga þessara.

IV. KAFLI

Ávísanir lyfja.

19. gr.

Landlæknir hefur almennt eftirlit með ávísunum lækna á lyf.

Lyfjaeftirlit ríkisins tilkynnir landlækni, telji það rökstudda ástæðu til eftirlits með ávísunum læknis á ávana- og fíknilyf. Getur ráðherra, að tillögu landlæknis, lagt fyrir

lækninn að halda skrá yfir ávísanir og tilefni notkunar þeirra. Ráðherra ákveður fyrirkomulag eftirlitsins að fengnum tillögum landlæknis og Lyfjaeftirlits ríkisins.

Nær þetta einnig til eigin notkunar læknis. Um skráningu og skil á skýrslum fer eftir nánari ákvörðun ráðherra.

Hlíti sá, sem lögð hefur verið á skráningarskylda skv. 1. mgr., ekki fyrirmælum eða verði hann uppvís að ávísa lyfjum, þannig að óhæfilegt þykir, leggur landlæknir málið fyrir ráðherra, sem er þá heimilt að svipta lækninn leyfi til þess að ávísa lyfjum, öllum eða einstökum flokkum, enda þyki ekki ástæða til að beita ákvæðum 27. og 28. greinar.

20. gr.

Verði læknir, sem ekki hefur verið lögð á skráningarskylda skv. 1. mgr. 19. gr., uppvís að því að ávísa sjálfum sér óhæfilegu magni lyfja, og þyki atferli hans alvarlegra eðlis en svo að skráningarskyldu verði beitt, getur ráðherra svipt hann leyfi skv. 3. mgr. 19. gr.

21. gr.

Áður en leyfissvipting fer fram skv. 19. og 20. gr. skal lækni gefinn kostur á því að skýra málstað sinn.

Læknir, sem ekki hefur leyfi til ávísana á tiltekin lyf, má með leyfi ráðherra að höfðu samráði við landlækni semja við annan lækni um að annast nauðsynlegar ávísanir slíkra lyfja.

Ráðherra getur afturkallað leyfissviptingu skv. þessum kafla að fengnum tillögum landlæknis og Lyfjaeftirlits ríkisins.

V. KAFLI

Skottulækningar.

22. gr.

Hvers konar skottulækningar eru bannaðar hér á landi.

Það eru skottulækningar er sá, sem ekki hefur leyfi skv. lögum þessum, býðst til þess að taka sjúklinga til lækninga, gerir sér lækningar að atvinnu, auglýsir sig eða kallar sig lækni, ráðleggur mönnum og afhendir þeim lyf, sem lyfsalar mega einir selja.

23. gr.

Um lyfja- og lækningaáhaldaauglýsingar fer samkv. VII. kafla lyfjalaga nr. 108/1984. Auglýsingar um lækningamátt drykkja, matvæla, neyslu- og nauðsynjavara og annars eru bannaðar.

Bannaðar eru auglýsingar um sjúkrahús og hvers konar heilbrigðisstofnanir fram yfir nafn og stað.

Auglýsingar um lyf, lækningaáhöld, sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir, eru þó leyfðar í blöðum og tímaritum, sem gefin eru út fyrir heilbrigðisstéttir.

VI. KAFLI

Almenn ákvæði.

24. gr.

Lækni, sem ekki hefur til þess leyfi, er óheimilt að kalla sig, auglýsa sig eða gefa á annan hátt í skyn að hann sé sérfræðingur og gildir hið sama um sérfræðing ef hann gefur í skyn að hann sé sérfræðingur í annarri grein en þeirri sem hann hefur sérfræðingsleyfi í. Lækni er óheimilt að ávísa lyfjum undir því yfirskyni, að þau eigi að fara til lækninga en vitandi að þau verði notuð í öðru skyni, t.d. til nautnar eða til sölu í hagnaðarskyni.

25. gr.

Lækni er óheimilt að lána nafn sitt ákveðinni lækningastarfsemi nema hún fari að fullu fram á hans ábyrgð, samkvæmt ráðleggingum hans og undir eftirliti hans.

26. gr.

Lækni er óheimilt að reka lækningastofu eftir 75 ára aldur. Ráðherra er heimilt, að fenginni umsókn viðkomandi læknis og meðmælum sömu aðila og getið er í 2. gr., að veita undanþágu frá þessu ákvæði til eins árs í senn.

VII. KAFLI

Viðurlög.

A. Svipting lækningaleyfis.

27. gr.

Lækni, sem brýtur gegn ákvæðum þessara laga, má svipta lækningaleyfi, þó að ekki teljist sannað að brotið hafi valdið tjóni sé það þess eðlis, að það verði að teljast honum sérstaklega ósamboðið, svo sem ef um er að ræða röng og villandi læknisvottorð eða læknisumsagnir að órannsökuðu máli, lausmælgi um einkamál, sem hann hefur komist að sem læknir, alvarlegt hirðuleysi eða ódugnað í störfum sínum eða annað atferli, sem fer í bága við III. kafla laga þessara.

Sé um að ræða ítrekuð brot eða megi dæma í fangelsi fyrir brot gegn lögum þessum skal svipta lækni lækningaleyfi.

28. gr.

Landlækni ber, verði hann þess var að læknir vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bága við fyrirmæli heilbrigðislaga landsins, að áminna hann. Áminning skal vera skrifleg og rökstudd. Landlæknir sendir afrit áminningar til heilbrigðisráðherra.

Komi áminning ekki að haldi eða sé um að ræða óhæfu í læknisstörfum, ber landlækni að skýra ráðherra frá málinu og gera tillögur um hvað gera skuli. Getur þá ráðherra úrskurðað að viðkomandi skuli sviptur lækningaleyfi að fullu eða tímabundið, en skjóta má þeim úrskurði til dómstóla.

Það telst óhæfa í læknisstarfi þegar læknir uppfyllir ekki þau skilyrði, sem krafist var þegar hann fékk lækningaleyfi, t.d. vegna heilsubrests, sem geri hann lítt hæfan, óhæfan eða jafnvel hættulegan við störf, vegna vímuefnaneyslu eða vegna þess að hann hafi kynnt sig að alvarlegu hirðuleysi eða ódugnaði í störfum.

29. gr.

Læknir, sem sviptur hefur verið lækningaleyfi að fullu skv. þessum kafla, getur fengið lækningaleyfi á ný, en aðeins skv. ákvæðum I. kafla.

B. Aðrar refsingar.

30. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða auk sviptingar lækningaleyfis, sbr. 27. og 28. gr., sektum, varðhaldi eða fangelsi.

Sé um að ræða brot af ásetningi eða vítaverðu gáleysi skal refsa með fangelsi og /eða sektum. Fyrir minni háttar brot skal refsa með sektum en með varðhaldi og/eða sektum hafi viðkomandi sætt áminningu landlæknis áður.

Sé um ítrekuð brot að ræða skal dæma í fangelsi og/eða sektir.

31. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

VIII. KAFLI

Gildistaka.

32. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 80 23. júní 1969 ásamt breytingum nr. 108/1973 og nr. 76/1977.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga þessara um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa ná ekki til þeirra sem slík leyfi hafa ótakmörkuð eða takmörkuð, þegar lögin ganga í gildi. Önnur ákvæði þessara laga gilda hins vegar að öllu leyti um þessa aðila.

Ákvæði 26. gr. taka gildi frá og með 1. janúar 1989.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á 109. löggjafarþingi var lagt fyrir Alþingi frumvarp til nýrra læknalaga, en frumvarpið var að mestu leyti samhljóða tillögum stjórnskipaðrar nefndar, sem með bréfi dags. 24. sept. 1979 fékk það hlutverk að endurskoða gildandi læknalög nr. 80/1969, með síðari breytingum. Með frumvarpinu fylgdu ítarlegar athugasemdir, þar sem m.a. var greint frá störfum nefndar þeirrar, sem vann að gerð frumvarpsins, lagasetningu um lækna, réttindum og skyldum lækna og helstu nýmælum frumvarpsins, auk almennra athugasemda við einstakar greinar. Skal þetta ekki tíundað frekar hér heldur vísast sérstaklega til athugasemda með frumvarpinu, sem lagt var fram á síðasta Alþingi, en þær fylgja hér með á sérstöku skjali.

Frumvarpið fékk ítarlega umfjöllun í heilbrigðis- og trygginganefnd Efri deildar Alþingis og voru gerðar á því nokkrar breytingar að höfðu samráði við ráðuneytið, Læknafélag Íslands og læknadeild Háskóla Íslands. Var frumvarpið þannig útbúið lagt fyrir Neðri deild Alþingis rétt fyrir þinglok og vannst ekki tími til þess að ræða það í deildinni.

Að mati ráðuneytisins er mjög brýnt að frumvarpið verði lagt fram aftur til þess að færi gefist á því að Alþingi taki endanlega afstöðu til þess, en gildandi læknalög nr. 80/1969, með síðari breytingum, eru að stofni til frá árinu 1932 og því tímabært að endurskoða þau. Leggja hagsmunasamtök lækna mikla áherslu á að frumvarpið hljóti afgreiðslu á yfirstandandi Alþingi.

Frumvarpið er lagt fram eins og það kom frá efri deild eftir aðra umræðu 13. mars sl. Helstu efnisbreytingar frá upphaflega frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Lögð er til breyting á 2. gr. þannig að landlæknir verði ekki aðili að umfjöllunarnefnd um lækningaleyfi, heldur sérstakur umsagnaraðili og að nefndin verði skipuð einum fulltrúa Læknafélags Íslands og tveimur fulltrúum læknadeildar Háskóla Íslands.
2. Inn í 9. gr., sbr. 10. gr. fyrra frumvarps, er bætt skyldu læknis til að bera ábyrgð á greiningu og meðferð þeirra sjúklinga, sem til hans leita eða hann hefur til umsjónar.
3. Inn í 9. gr., sbr. 10. gr. fyrra frumvarps, er bætt við ákvæði er kveður á um að lækni beri að tilkynna landlækni, eins fljótt og við verður komið, verði hann var við skottulækningar.
4. Í 26. gr., sbr. 27. gr. fyrra frumvarps, er lagt til að lækni sé óheimilt að reka lækningastofu eftir 75 ára aldur, í stað þess að lækningaleyfi falli niður, þegar leyfishafi er fullra 75 ára gamall, eins og gert var ráð fyrir í fyrra frumvarpinu. Hér var um misfellu í fyrra frumvarpi að ræða, þar sem aldrei var ætlunin að lækningaleyfið sem slíkt félli niður og má ráða það af athugasemdum með 27. gr. fyrra frumvarps.
5. Dagsetningar í kafla um gildistöku í ákvæðum til bráðabirgða, taka að sjálfsögðu mið af öðrum gildistökutíma heldur en fyrra frumvarp.

Auk ofangreindra breytinga er um að ræða ýmsar minni háttar breytingar, samræmingu á greinum eftir efnisatriðum og leiðréttingu á nokkrum smávægilegum misfellum. Enn og aftur skal vísað til fyrra frumvarps og ítarlegra athugasemda með því, en þær fylgja hér með á sérstöku skjali að undanskildum athugasemdum með einstökum greinum.

Fylgiskjal.

Athugasemdir við lagafrumvarpið eins og það var lagt fram á 109. löggjafarþingi 1986.

„1. Inngangur.

Frumvarp það, sem hér liggur frammi er að mestu leyti samhljóða tillögum stjórnskipaðrar nefndar, sem með bréfi dags. 24. sept. 1979 fékk það hlutverk að endurskoða gildandi læknalög nr. 80 23. júní 1969, með breytingum nr. 108/1973 og 76/1977. Í nefndinni áttu sæti:

Ólafur Ólafsson landlæknir, sem jafnframt var formaður, Ólafur Bjarnason dr. med., prófessor, tilnefndur af læknadeild Háskóla Íslands, Guðmundur Oddsson læknir, tilnefndur af Læknafélagi Íslands, María Pétursdóttir skólastjóri, tilnefnd af Samtökum heilbrigðisstétta og Ingimar Sigurðsson lögfræðingur, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, sem jafnframt gegndi störfum ritara.

Nefndin skilaði áliti 14. febrúar 1983 í búningi lagafrumvarps. Náði nefndin samstöðu um flest efnisatriði og byggir frumvarpið á þeim atriðum, sem ekki var ágreiningur um ef frá eru talin ákvæði 27. gr., sem María Pétursdóttir lagðist gegn, og ákvæði 3. mgr. 2. gr.

Alls hélt nefndin 38 fundi auk fjölmargra vinnufunda formanns og ritara. Leitaði nefndin meðan á verkinu stóð álits Læknafélags Íslands, Samtaka heilbrigðisstétta og læknadeildar Háskóla Íslands og speglast afstaða þessara aðila að mestu í áliti fulltrúa þeirra í nefndinni. Í september 1981 fjallaði Læknafélag Íslands sérstaklega um lagafrumvarp, sem nefndin hafði sent félaginu. Kom fram stuðningur við frumvarpið á fundinum eins og það lá fyrir og gagnlegar ábendingar, sem nefndin vann síðan úr.

Frá því nefndin skilaði áliti hefur frumvarpið verið til umfjöllunar í ráðuneytinu, sem gert hefur á því nokkrar breytingar. Leitaði ráðuneytið álits fleiri aðila, sérstaklega þeirra, sem lög sem þessi snerta, svo sem Lyfjaeftirlits ríkisins. Þar sem engin sérstök greinargerð fylgdi með frumvarpinu frá nefndinni, hvorki um almenn atriði né einstakar greinar, fól ráðuneytið Ingimari Sigurðssyni, yfirlögfræðingi, einum nefndarmanna, að taka saman greinargerð. Fylgir greinargerð Ingimars Sigurðssonar hér með.

2. Lagasetning um lækna.

Gildandi læknalög nr. 80 23. júní 1969 eru að stofni til frá árinu 1932 og eru langflest ákvæði þeirra óbreytt frá þeim tíma, þótt ákveðið hafi verið 1969 að fella breytingar, sem samþykktar voru á Alþingi það ár, inn í meginmál laganna með síðari breytingum og gefa þau út svo breytt. Lög nr. 47/1932 um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra er lækningaleyfi hafa, og skottulækningar, eru fyrstu lögin á þessu sviði, sem sett eru hér á landi og teljast sambærileg við norræna og Vestur-Evrópska löggjöf. Var í upphafi tekið mið af frumvarpi, sem lá fyrir danska ríkisþinginu og hafði verið rækilega undirbúið. Vilmundur Jónsson, landlæknir, samdi frumvarpið í samráði við læknadeild Háskóla Íslands og Læknafélag Íslands.

Fyrstu læknalög, sem kalla má því nafni, á þessu sviði hér á landi, voru sett 1911, (lög nr. 38/1911) en frumvarp að þeim var fyrst lagt fram 1909 og mælti Jón Magnússon fyrir frumvarpinu, sem var samið af Guðmundi Björnssyni, landlækni. Var með lögunum ógilt tilskipun frá 5. september 1794 og lög frá 20. febrúar 1884, um leyfi til lækninga hér á landi, þótt í reynd væri fullt lækningaleyfi háð sömu skilyrðum og áður. Ekki var deilt um sjálfa lækningastarfsemina og enginn ágreiningur var um það að binda þyrfti lækningaleyfi ströngum skilyrðum. Það sem deilt var um voru smáskammtalækningarnar. Í meðförum Alþingis var frumvarpinu breytt eins og það kom fram 1909 og smáskammtalækningar teknar út og þeim er þær stunduðu var heimilt að gera það áfram.

Helstu breytingar, sem gerðar voru á árinu 1932 á þágildandi lögum voru þær, að sérstakt leyfi heilbrigðisstjórnarinnar þurfti til þess að mega stunda lækningar, kandidatsprófið eitt og sér dugði ekki lengur. Var talið hvað lækna snerti að árangur í námi réttlætti ekki skilyrðislaust leyfisveitingu, þar sem einnig yrði að taka tillit til annarra þátta. Einnig voru sérfræðingum tryggð sérstök réttindi fram yfir aðra lækna, þ.e. heilbrigðisstjórninni var heimilað eftir þar til settum reglum að veita sérfræðileyfi. Ótvíræðari skyldur voru settar á lækna til þess að láta hinu opinbera í té læknisvottorð, t.d. vegna styrkveitinga, trygginga o.fl. Ákvæði um skyldu læknis til þess að gegna aðkallandi sjúkravitjun og um læknavörð (nætur- og helgidagaþjónustu) voru sett í lög. Enn fremur var lögfest sérstök þagnarskylda lækna, þar sem farinn var vegur milli almennra krafna um þagnarskyldu og algjörs banns við að bera vitni fyrir rétti um sjúklinga. Ákvæði um auglýsingabann um starfsemi lækna voru lögfest til þess að halda uppi aga innan stéttarinnar, en auglýsingabann var einkum talið nauðsynlegt vegna fámennis í landinu og kunningsskapar. Leitast var við að skilgreina hugtakið skottulækningar og var t.d. ekki talið hjá því komist að láta sumt framferði, sem hugsanlegt var að læknar gerðu sig seka um, heyra þar undir. Enn fremur var heimiluð fyrirvaralaus svipting lækningaleyfis, krefðist almannaheill.

Með lögum nr. 47/1932, um lækningaleyfi og fl., var ætlunin að reyna að styrkja gagnkvæmt traust milli almennings og lækna með skýrum ákvæðum um réttindi lækna og skyldur, með því að koma á fastara og betra skipulagi og réttaröryggi í þessum málum. Ákvæði um að svonefndir smáskammtalæknar væru undanþegnir læknalögum voru afnumin, en töluverðar tilhneigingar gætti til þess að láta smáskammtalækningar liggja áfram utan laga.

Þær breytingar sem urðu á læknalögum frá 1932–1969 eru sáralitlar og má þar nefna eftirfarandi:

Með breytingum nr. 51/1942 er ráðherra heimilt að gera það að skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi að umsækjendur hafi gegnt læknishéraði sem héraðslæknar eða aðstoðarlæknar héraðslækna í allt að 6 mánuði að námi loknu. Hefur þessu ákvæði verið beitt allar götur síðan og hefur skyldan verið mismunandi allt frá þrem til sex mánuðum þar til hún var afnumin með auglýsingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sem öðlast gildi 1. febrúar 1985. Með breytingum nr. 27/1960 er íslenskt ríkisfang gert að skilyrði fyrir veitingu lækningaleyfis og með breytingu nr. 8/1964 er kveðið á um dagsektir og lögtaksrétt vanræki læknir að skila lögboðnum skýrslum. Þessar breytingar tóku fyrst og fremst mið af því að auka á skilvirkni skýrslugjafa, taka fyrir það að menn með erlent ríkisfang tækju upp störf og að auðvelda mönnum í strjálbýlli héruðum að njóta læknisþjónustu. Sjálfa lækningastarfsemina snerta þessar breytingar ekki og má því segja að engar efnislegar breytingar hafi átt sér stað á þessum tíma og jafnvel ekki til okkar dags eins og fram kemur hér á eftir.

Á 89. löggjafarþingi 1968–1969 var borið fram af hálfu ríkisstjórnarinnar frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 47/1932, um lækningaleyfi o.fl., en frumvarpið var samið á vegum landlæknisembættisins og voru breytingartillögur aðallega þessar:

1. Heimilt að veita erlendum ríkisborgurum tímabundið lækningaleyfi að uppfylltum þar til greindum skilyrðum.
2. Heimilt að skylda lækna til þess að halda skrá yfir ávísanir á ávana- og fíknilyf ef landlæknir sæi ástæðu til og einnig heimilt að svipta lækni leyfi til þess að ávísa slíkum lyfjum.

Fyrra atriðið var sett fram til þess að reyna að auðvelda mönnun héraðanna og vegna þess að til læknanáms við Háskóla íslands höfðu komið útlendingar. Síðara atriðið var til komið vegna innreiðar ýmissa ávana- og fíkniefna, sem nauðsyn þótti að henda reiður á eftir því sem fært þætti og það jafnt þótt læknar ættu í hlut.

Aðrar breytingar voru þær helstar að heiti laganna var stytt af hagkvæmnisástæðum í „læknalög". Framhaldsnám á kandidatsári var ekki lengur eingöngu bundið við fæðingarhjálp, heldur var ákveðið að kveða á um einstakar greinar læknisfræðinnar í reglugerð, sbr. nú reglugerð nr. 311/1986 um lækningaleyfi og sérfræðileyfi. Í meðförum Alþingis var ákveðið að fella lögin saman við meginmál laga nr. 47/1932 ásamt síðari breytingum eins og greinir frá hér að framan.

Síðan 1969 hafa læknalög sætt breytingum tvisvar. Fyrri breytingin er með lögum nr. 108/1973 en þá var að beiðni landlæknis fellt úr lögunum skilyrði um íslenskt ríkisfang fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi, en áður var komin heimild fyrir tímabundnum leyfum, sbr. breytingar, sem gerðar voru 1969. Ástæðan var sú sama og áður, en þó einkum að útlendingum, sérstaklega Norðurlandabúum fór fjölgandi í læknadeild Háskóla Íslands. Einnig voru felld úr lögunum ákvæði um greiðslur fyrir störf lækna, enda voru þau úrelt vegna breytinga á almannatryggingalögum, sem voru endurskoðuð í heild 1971, sbr. nú lög nr. 67/1971, með síðari breytingum. Ekki var um aðrar efnisbreytingar að ræða en ýmsum greinum var breytt orðafarslega og þær færðar til nútímalegra horfs. Síðari breytingin er nr. 76/1977, en þá var bætt inn í lögin ákvæði um að veita mætti takmarkað lækningaleyfi þeim, sem til þess hefðu næga þekkingu að dómi landlæknis, að höfðu samráði við læknadeild Háskóla Íslands, en sams konar ákvæði var í gildi fyrir gildistöku laga nr. 108/1973, en féll þá út að því er virðist fyrir vangá. Aðeins einn maður hefur takmarkað lækningaleyfi hér á landi samkvæmt læknalögum og starfar hann sem hnykkir (kiropraktor).

3. Réttindi og skyldur lækna.

A. Réttindi.

Um réttindi og skyldur lækna er fjallað í II. kafla gildandi læknalaga nr. 80/1969. Fer lítið fyrir ákvæðum um réttindi, en ákvæði um skyldur eru öllu ítarlegri. Í I. kafla laganna þar sem fjallað er um lækningaleyfi eru ákvæði um réttindi lækna, þ.e. þau réttindi, sem felast í því að mega kalla sig lækni og að fá að stunda lækningar, en þau kveða ekkert á um sjálft starfið. Því er ekki óeðlilegt að spurt sé í hverju almennt lækningaleyfi sé fólgið og skal leitast við að svara því hér á eftir, en í lagafrumvarpinu er réttindum lækna gerð betur skil en áður hefur verið í lögum.

Er réttindum skipt í fjóra þætti:

1. Réttur til þess að stunda almennar lækningar.
2. Réttur til þess að nota aðstoðarfólk.
3. Réttur til þess að skorast undan aðgerð.
4. Réttur til þess að ávísa lyfjum.

Verður hér á eftir reynt að gera hverjum lið fyrir sig skil:

1. **Rétturinn til þess að stunda almennar lækningar.**
   Mjög erfitt er að skilgreina hvað fólgið er í almennu lækningaleyfi nema gagnverkandi, þ.e. að öðrum en læknum sé óheimilt að framkvæma aðgerðir, t.d.

skurðaðgerðir, gefa sprautur eða deyfa. Meðferð vissra sjúkdóma er falin læknum með sérstökum lögum eins og t.d. kynsjúkdóma, sbr. lög nr. 16/1978, ónæmissjúkdóma sbr. lög nr. 38/1978 og berkla sbr. lög nr. 66/1939. Í þeim tilvikum er skilgreining auðveld.
Mjög varhugavert getur verið að skilgreina hugtakið almennar lækningar, þar sem það yrði þá takmarkað og mundi t.d. ekki ná til ákveðinna þátta, sem ekki verða samkvæmt eðli sínu færðir undir hugtakið lækningar í hefðbundnum skilningi, t.d. ýmiss konar forvarnarstarf, sem flokkast þó undir hugtakið heilsuvernd, sbr. 19. gr. laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu. Ekki má einblína á sjúklinginn, þ.e. það að stunda lækningar sé að taka að sér sjúkling. Sú skýring er að vísu einföld, en ekki viðurkennd, þar sem öllum er heimilt að taka að sér sjúklinga svo framarlega, sem slíkt brýtur ekki gegn ákvæðum læknalaga um skottulækningar. Til þess að fá einhvern botn í þessa skilgreiningu má segja almennt að það „að mega stunda almennar lækningar“ sé fólgið í skýringu á hugtakinu skottulækningar, sem samkvæmt læknalögum nr. 80/1969 er ef einhver, sem ekki hefur leyfi samkvæmt læknalögum, þ.e. lækningaleyfi, býðst til þess að taka sjúklinga til lækninga, gerir sér lækningar að atvinnu, auglýsir sig eða kallar sig lækni ráðleggur mönnum og afhendir þeim lyf, sem lyfsalar mega einir selja, sbr. nánar 23. gr. þessa frumvarp og 14. gr. gildandi læknalaga.

2. **Rétturinn til þess að nota aðstoðarfólk.**
Um þennan þátt gilda engin almenn lagaákvæði, en almennt er viðurkennt að takmarka verði hversu mikið af réttindum læknir geti framselt til annarra. Það hlýtur að vera bundið við menntun og þjálfun viðkomandi aðstoðarmanna, þ.e. réttarlega stöðu þeirra. Mikilvægt er að setja nánari ákvæði t.d. vegna hugsanlegra mistaka aðstoðarfólks og ábyrgðar læknis í þeim tilvikum.

3. **Rétturinn til þess að skorast undan að framkvæma aðgerð.**
Mikilvægt er að velta fyrir sér spurningunni um það, hvort og í hvaða tilvikum lækni sé heimilt að skorast undan að framkvæma aðgerð. Fara ber hér mjög varlega í skýringar. Almennt er viðurkennt, þótt ekki styðjist það við ótvíræðan lagabókstaf, að læknar geti aldrei skorast undan að framkvæma aðgerð sé um að ræða aðgerð í lækningaskyni. Það er hins vegar viðurkennt að læknar geti skorast undan að framkvæma aðgerð af trúarlegum eða siðferðislegum ástæðum, sé markmið aðgerðarinnar ekki lækning í þröngri skýringu þess orðs, t.d. ófrjósemisaðgerð eða fóstureyðing af félagslegum ástæðum.

4. **Rétturinn til þess að ávísa lyfjum.**
Takmarkanir á rétti til lækninga eiga m.a. að taka til ávísunar lyfja. Ákvæði þar að lútandi eiga heima í læknalögum. Um rétt annarra en lækna, tannlækna og dýralækna, til þess að ávísa lyfjum er ekki að ræða, en varast ber að rugla saman ávísun lyfja, lyfjagjöfum og lyfjaskömmtun annarra heilbrigðisstétta samkv. forskrift og á ábyrgð læknis.

B. Skyldur.

1. **Upplýsingaskylda gagnvart sjúklingi eða aðstandendum.**
Það er viðurkennd regla, að lækni beri að leita samþykkis fyrir aðgerðum. Erfitt er að tíunda undantekningar frá þessari reglu þótt þær finnist vissulega t.d. sé um mjög knýjandi þörf að ræða og sé litið til hinnar borgarlegu skyldu að bjarga manni úr háska.

Til þess að hægt sé að segja að samþykki sjúklings hafi verið gefið af frjálsum vilja, þarf læknir að hafa frætt sjúklinginn um hættur aðgerðarinnar. Skal sjúklingur fræddur um allt sem málið snertir t.d. hvernig hann sé andlega og líkamlega búinn undir aðgerð. Einnig verður að leiðbeina sjúklingi um það hvernig hann sjálfur geti sem best búið sig undir aðgerð, sé sjúklingur fær um slíkt á annað borð.
Í þeim tilvikum þar sem sjúklingur heldur því fram að nauðsynlegar forsendur hafi skort fyrir samþykki hans t.d. upplýsingaskortur af hendi læknis, er almennt viðurkennt að sjúklingur beri sjálfur halla af skorti á sönnun, þ.e. sönnunarbyrði er snúið við.

Undantekningar frá reglunni um upplýsingaskyldu.
Þegar um er að ræða meðvitundarleysi sjúklings eða sé hann af einhverjum orsökum ekki viðræðuhæfur, liggur ljóst fyrir að víkja verður frá aðalreglunni. Rétt er að benda á að samkvæmt íslenskum lögum er lögð ríkari skylda á herðar læknum til hjálpar en gerist og gengur hjá öðrum þjóðum, sbr. 8. gr. gildandi læknalaga. Víða á sjúkrahúsum erlendis hefur til skamms tíma verið tíðkað að láta sjúklinga rita undir almenna yfirlýsingu þess efnis, að læknar á sjúkrahúsinu séu undanþegnir allri ábyrgð, hendi bótaskyldur atburður. Er það gert á þann hátt að sjúklingur er látinn rita undir yfirlýsingu, áður en hann er lagður inn, og þá oftast í óvissu um það sem gera þarf. Slíkt getur ekki talist frjálst samþykki þar sem einn efnisþáttinn skortir, sem eru upplýsingarnar. Því síður gerir þetta lækni kleift að skorast undan upplýsingaskyldunni. Fræðimenn eru almennt sammála um að ekki megi leyfa lækni að láta sjúkling skrifa undir yfirlýsingu fyrirfram, þar sem læknir leysir sig undan ábyrgð. Slíkt beri aðeins að taka gilt, sé um að ræða sjúkdóma, sem samkvæmt viðurkenndum fræðum séu ólæknanlegir komi læknirinn með nýja aðferð, sem hann kynnir hinum sjúka og fyrirsjáanlegt er að árangur er óviss.

2. **Hvenær er lækni heimilt að skorast undan að framkvæma aðgerð?**
Hér að framan hefur verið fjallað stuttlega um rétt lækna í tilvikum sem þessum. Þetta atriði snýr alveg eins að skyldum lækna. Það er augljóst að vegna leiknaeiðsins á læknir erfitt með að skorast undan aðgerðum, sé um að ræða alvarlega hættu, ekki síst í þeim tilvikum, þar sem ekki er til að dreifa honum hæfari manni, sem gripið gæti inn í. Þar sem lög kveða á um er þó siðferðileg skylda læknis í slíkum tilvikum viðurkennd vegna þeirrar sérstöðu, sem læknir hefur vegna náms og starfs. Um hættuna og hversu bráð hún er verður læknirinn að dæma, enda ekki á annarra færi að gera það betur. Í þeim löndum þar sem fóstureyðingar eru frjálsar eins og það er kallað, geta læknar samkvæmt almennum siðareglum neitað að framkvæma slíkar aðgerðir brjóti þær gegn trúarskoðunum þeirra eða siðferðiskennd, þjóni þær ekki læknisfræðilegum tilgangi.

3. **Ábyrgð vegna réttar sjúklings til þess að skorast undan aðgerð og skyldu læknis til að hjálpa í neyð.**
Þótt hver maður beri sjálfur ábyrgð á lífi sínu er það viðurkennd siðferðisleg regla, að lækni beri að láta í té hjálp til bjargar mönnum, sem reynt hafa að fyrirfara sér eða skaða sig af ásetningi eða vítaverðu gáleysi.
Þegar foreldrar eða forráðamenn setji sig á móti aðgerð, sem nauðsynleg telst heilsu barnsins vegna, t.d. vegna trúarskoðana, gilda mismunandi reglur í einstökum löndum. Hér á landi er t.d. heimilt að snúa sér til yfirstjórnar barnaverndarmála og dómstóla, og fá samþykki þeirra, sem er bindandi og endanlegt. Mörgum þykir slíkt

þungt í vöfum en hafa ekki getað bent á heppilegri leið. Því hafa flestar þjóðir látið ógert að kveða á um slíkt í lögum sérstaklega. Þar er litið svo á, að ekki verði hægt að sækja lækni til ábyrgðar, þótt aðgerð hafi verið framkvæmd í trássi við vilja foreldra eða forsvarsmanna, hafi tilgangurinn verið að bjarga lífi eða heilsu barns. Mat á slíku hlýtur að vera í höndum læknisins sjálfs og þá byggt á neyðarréttarsjónarmiðum, sem hér á landi er að finna í almennum hegningarlögum, sbr. 13. gr. laga nr. 19/1940. Setji sjúklingur sig á móti aðgerð, má læknir ekki láta það eitt nægja að færa mótmæli til bókar í þeim tilgangi að vera laus undan ábyrgð þ.e. sé aðgerðin á annað borð aðkallandi og nauðsynleg. Þá ber lækni í krafti kunnáttu sinnar og stöðu að reyna að tala um fyrir sjúklingi.

4. **Þagnarskylda læknis.**
Erfiðlega hefur gengið að útskýra hugtakið „þagnarskylda“ ekki síst þegar læknar eiga í hlut. Almennt er þó viðurkennt að þagnarskyldan taki ekki aðeins til staðreynda, sem eru í beinu sambandi við sjúkdóminn eða meðferðina, heldur taki hún til þess alls, sem lækni er trúað fyrir af hinum sjúka og þess, sem læknirinn kynnist af eigin raun vegna afskipta sinna af sjúklingi. Lækni getur t.d. verið skylt að leyna því, að hann stundi meðferð á tilteknum sjúklingi.
Í fyrsta lagi er það læknisins sjálfs að dæma um það, hvort eitthvað, sem er staðreynd, falli undir þagnarskylduna eður ei.
Þar sem þagnarskyldan er fyrst og fremst fyrir sjálfan sjúklinginn, er litið svo á að alvarleg takmarkatilfelli geti leyst lækni undan skyldunni, t.d. sé um að ræða rannsókn alvarlegra brotamála.
Sjúklingurinn getur sjálfur leyst lækni undan þagnarskyldu. Sé um að ræða ómyndugan sjúklinga gilda mismunandi reglur. Í flestum löndum geta ómyndugir, a.m.k. hafi þeir náð vissum aldri eða hafi komið til árekstra milli þeirra og forráðamanna, leyst lækni undan þagnarskyldunni. Er slíkt gjarnan miðað við sakhæfisaldur, en hann er mismunandi í hinum einstöku löndum. Hér miðast hann við 15 ár aldur sbr. 14. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þagnarskylda fellur ekki sjálfkrafa niður við dauða sjúklings. Samkvæmt almennum reglum gæti þagnarskyldan fallið niður að hluta til eða algjörlega t.d. vegna vitnareglna í sambandi við málaferli t.d. vegna spurningarinnar um andlega heilbrigði við gerð erfðaskrár. Í slíkum tilfellum er það misjafnt hvað læknum ber að skýra ítarlega frá. Í mörgum löndum ber lækni aðeins að segja frá því, sem hann raunverulega veit með vissu, eða sem hann jafnvel kærir sig um að segja frá. Annars staðar ber honum að skýra frá öllu, sem hann veit og hugsanlega getur haft áhrif á málið. Samkvæmt íslenskum réttarfarsreglum gildir sú regla hér sem og á öðrum Norðurlöndum. Sé um að ræða alvarlega smitsjúkdóma eru viðurkenndar veigamiklar undantekningar frá reglunni um þagnarskyldu. Sama gildir og um rannsókn refsimála, sem áður segir svo og þegar öryggi lands og lýðs er stefnt í hættu.

5. **Ábyrgð læknis vegna mistaka eða vanrækslu.**
Það er viðurkennd regla, að læknir eins og hver annar sé ábyrgur fyrir þeim mistökum, sem honum verða á vegna vankunnáttu og óreiðu í starfi.
Í flestum löndum leiða mistök í starfi lækni ekki til ábyrgðar, nema um sé að ræða alvarleg mistök eða augljós mistök með hliðsjón af hinum venjubundnu og þekktu læknavísindum. Það hlýtur að vera grundvallaratriði að læknir beri eingöngu ábyrgð á þeim aðferðum, sem hann hefur beitt. Því hlýtur það að vera sjúklingsins að sanna mistök á lækninn, skaðann og orsakasambandið milli aðferðarinnar og skaðans. Sé

um að ræða alverleg mistök eða sé t.d. eftirlit með þeim aðgerðum, sem framkvæmdar eru ekki nægjanlegt, er í sumum löndum, t.d. í Frakklandi og Ítalíu, talið sannað að um orsakasamband sé að ræða og í slíkum tilvikum þarf sjúklingurinn ekki að færa sönnur á mál sitt.

4. Helstu nýmæli frumvarpsins.

1. Í 2. gr. er lögð til nýskipan mála varðandi almennt lækningaleyfi, þ.e. í stað læknadeildar og landlæknis meti nefnd skipuð landlækni, fulltrúa læknadeildar H.Í. og fulltrúa Læknafélags Íslands umsóknir þeirra, sem lokið hafa námi frá deildinni. Enn fremur er gert ráð fyrir því að viðbótarnámi, þ.e. kandidatsnámi verði hægt að ljúka í sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum, ekki eingöngu sjúkrahúsum.
2. Í 3. gr. eru skýrari ákvæði um það hvernig læknadadeild Háskólans geti borið sig að áður en hún metur menntun, sem fengin er erlendis.
3. Í 4. gr. er lögð til sú aðalregla að þar sem læknanemum er heimilt að starfa sem læknum um stundarsakir með lækningaleyfi, skuli þeir starfa með lækni.
4. Lögð eru til skýrari ákvæði um réttindi lækna og í hverju þau skuli fólgin, að svo miklu leyti sem hægt er að skilgreina störf þeirra. Gengið er út frá þeim fjórum meginatriðum, sem fram koma í greinargerð hér að framan, þ.e. réttinum til þess að stunda lækningar, og að kalla sig lækni, réttinum til þess að geta notað aðstoðarfólks, réttinum til þess að skorast undan störfum, sem stangast á við trúarleg og siðferðisleg viðhorf, séu störfin ekki framkvæmd í lækningaskyni, og réttinum til þess að ávísa lyfjum, sem að vísu fellur undir IV. kafla frumvarpsins, þar sem fjallað er um ávísanir lyfja.
5. Lögð eru til hnitmiðaðri ákvæði varðandi skyldur lækna og er þeim deilt niður eftir viðfangsefnum sbr. nánar 3. kafla, þ.e. árvekni og upplýsingar, vottorð, skyndihjálp, læknavakt, afhending sjúkragagna, tilkynningar vegna mistaka eða vanrækslu, þagnarskylda og eftirlitsskylda. Í reynd er ekki mörg nýmæli hér að finna, nema hvað snertir tilkynningaskyldu, en þar er lækni gert að tilkynna landlækni um mistök og/eða vanrækslu, sem hann verður var við í starfi sínu sem læknir, megi rekja slíkt til starfa heilbrigðisstétta, heilbrigðisstofnana eða til skottulækninga. Sama skylda hvílir og á öðrum heilbrigðisstarfsmönnum en læknum. Að öðru leyti eru ákvæðin ítarlegri og þó sérstaklega ákvæðin um þagnarskylduna. Enn fremur eru þessi ákvæði færð til nútímalegra horfs og til samræmis við önnur lög, sem sett hafa verið á undanförnum árum.
6. Varðandi 23. gr. er lögð til önnur skilgreining á hugtakinu skottulækningar heldur en er í gildandi lögum, þ.e. að það nái aldrei til lækna.
7. Lagt er til í 26. gr. að lækni sé óheimilt að lána nafn sitt ákveðinni lækningastarfsemi, nema hún fari að fullu fram á hans ábyrgð, samkvæmt ráðleggingum hans og undir eftirliti hans.
8. Lögð er til sú stefnumarkaðndi aðalregla í 27. gr. að lækni sé óheimilt að reka sjálfstæða lækningastarfsemi eftir 75 ára aldur. Þó er ráðherra heimilt að fenginni meðmælum nefndar skv. 3. mgr. 2. gr. að framlengja leyfi í eitt ár í senn.
9. Í 29. gr. er lagt til það nýmæli, að ráðherra geti svipt lækni lækningaleyfi tímabundið. Í gildandi lögum er eingöngu gert ráð fyrir sviptingu að fullu.
10. Í frumvarpinu er lögð áhersla á að læknalög nái sem mest eingöngu yfir lækna og lækningastarfsemi, þannig að miklu færri ákvæði eru í frumvarpinu varðandi aðrar heilbrigðisstéttir heldur en í gildandi lögum.
11. Í frumvarpinu er þáttur Læknafélags Íslands gerður miklu ríkari en í gildandi lögum, þ.e. afskiptaréttur af starfsemi lækna og skipulagningu.“

Sþ. 121. Tillaga til þingsályktunar [117. mál]

um athugun á flugfargjöldum.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á flugfargjöldum hjá íslenskum flugfélögum með sérstöku tilliti til hárra fargjalda í innanlandsflugi. Jafnframt verði gerður samanburður á fargjöldum á flugleiðum innan lands og til útlanda, svo og milli Evrópu og Norður-Ameríku með viðkomu í Keflavík.

Greinargerð um þetta efni verði lögð fyrir Alþingi ekki síðar en haustið 1988.

Greinargerð.

Engin þjóð í Vestur-Evrópu og líklega í heiminum notar flug í jafnmiklum mæli og Íslendingar. Á það bæði við um flug innan lands og ferðir til útlanda. Ástæðan er augljós, þ.e. lega landsins og bágbornar samgöngur á landi.

Samkvæmt heimild í reglugerð nr. 476/1982 (fylgiskjal I) getur ráðherra „veitt leyfi til ákveðins tíma til reglubundinna áætlunarflugferða á sérstökum flugleiðum eða frá og til ákveðins lendingarstaðar eða byggðarlags. Sérleyfi fyrir ákveðna flugleið skal bundið því skilyrði að leyfishafi fullnægi flutningaþörfinni.“ (Sjá 13. gr.)

Í 12. gr. sömu reglugerðar segir um fargjöld:

„Leyfishafi skal hlíta þeim ákvæðum um far- og farmgjöld sem samgönguráðuneytið setur á hverjum tíma.

Nú telur ráðuneytið ástæðu til þess að breyta far- eða farmgjöldum á öllum eða einstökum flugleiðum og skal þá, áður en breytingin er ákveðin, gefa leyfishafa kost á að láta í té umsögn sína um hina fyrirhuguðu breytingu.“

Á grundvelli þessara heimilda úthlutar samgönguráðherra flugrekstrarleyfum, og á grundvelli þeirra hefur viðkomandi flugfélag einokun á viðkomandi flugleið um tiltekinn tíma. Slíkum sérleyfum ættu að fylgja ákveðnar kröfur um þjónustu og virkt eftirlit með fargjöldum. Ástæða er til að ætla að nokkuð skorti á að af opinberri hálfu sé staðið að þessu með fullnægjandi hætti, t.d. er engin ákvæði að finna í flugrekstrarleyfum um þjónustu við farþega utan þess sem kveðið er á um fjölda ferða.

Tillagan gerir ráð fyrir að athugun fari fram á fargjöldum sem einum af þeim þáttum er snúa að viðskiptavinum flugfélaganna. Alþingi verði síðan gerð grein fyrir niðurstöðum þessarar könnunar innan árs.

Í tillögunni er staðhæft að fargjöld á innanlandsleiðum séu há að mati flutningsmanns. Best er að láta tölur tala sínu máli. Frá 3. nóvember sl. voru fargjöldin hjá Flugleiðum á helstu flugleiðum innan lands sem hér greinir:

Gjaldskrá innanlandsflugs Flugleiða frá 3. nóv. 1987.

Frá Reykjavík til		Aðra leið	Skattur	Samtals	Fram og til baka	Skattur	Samtals
Akureyrar	AEY	3318	100	3418	6636	200	6836
Breiðdalsvíkur	BXV	4575	100	4675	9150	200	9350
Egilsstaða	EGS	4430	100	4530	8860	200	9060
Fagurhólsmýrar	FAG	3367	100	3467	6734	200	6934
Fáskrúðsfjarðar	FAS	4575	100	4675	9150	200	9350
Hornafjarðar	HFN	3905	100	4005	7810	200	8010
Húsavíkur	HZK	3758	100	3858	7516	200	7716
Ísafjarðar	IFJ	3098	100	3198	6196	200	6396
Norðfjarðar	NOR	4572	100	4672	9144	200	9344
Ólafsfjarðar	OFJ	3878	100	3978	7756	200	7956
Patreksfjarðar	PFJ	2999	100	3099	5998	200	6198
Sauðárkróks	SAK	2981	100	3081	5962	200	6162
Þingeyrar	TEY	2965	100	3065	5930	200	6130
Vestmannaeyja	VEY	2154	100	2254	4308	200	4508

Taxtar annarra flugfélaga eru um flest svipaðir og Flugleiða og hækkanir á þeim fylgjast venjulega að.

Við ofangreindar tölur bætist ferðakostnaður að og frá flugvöllum. Með sérleyfisbifreiðum nemur hann á lengri leiðum um og yfir 1000 kr., t.d. á leiðinni Neskaupstaður–Egilsstaðir 1240 kr. (2 x 620 kr.). Leigubíll að og frá flugvelli í Reykjavík kostar hátt í 1000 kr., mismunandi eftir vegalengdum.

Fyrir Austfirðing, sem ferðast til Reykjavíkur, nema fargjöld vegna einnar ferðar til höfuðstaðarins röskum 11 þús. kr., þar af flugfarið um 9 þús. kr. Þetta er meira en þriðjungur af lágmarkskaupi samkvæmt kauptaxta.

Allir hljóta að viðurkenna að með þessu er lögð mikil byrði á íbúa landsbyggðarinnar, þyngst á þá sem fjarst búa höfuðstaðnum. Íbúar á norðausturhorni landsins, t.d. á Þórshöfn og Vopnafirði, greiða enn hærra gjald eða 10 206 kr. og þurfa að skipta um flugvél á Akureyri.

Samkvæmt upplýsingum Flugleiða ferðuðust um 45% farþega félagsins á venjulegu (normal) fargjaldi samkvæmt úrtaki veturinn 1986–87. Fjölskylduafsláttar nutu um 19%, helgarafslátt fengu 13,6%, á íþróttaafslætti ferðuðust 8,8% og námsmannaafslætti 4,9% (fylgiskjal II). Yfir sumartímann (1987) er samsetning þessara hópa nokkuð önnur. Athygli vekur að apex-fargjöld, sem Flugleiðir hafa boðið í innanlandsflugi að undanförnu, eru mjög lítið notuð.

Samkvæmt upplýsingum Flugleiða er verð á floginn kílómetra innan lands á bilinu 11,32–18,89 kr., hækkandi á styttri vegalengdum. Á þennan mælikvarða virðast fargjöld á innanlandsleiðum í Danmörku vera nokkru lægri en á Íslandi, ekki ósvipuð og á nokkrum leiðum í Noregi, en langtum hærri í Bretlandi (fylgiskjal III). Í þessu sambandi er nauðsynlegt að hafa í huga að í flestum löndum utan Íslands eiga menn kost á öðrum almenningsfarartækjum, einkum járnbrautum og tíðum rútuferðum og notkun flugvéla er óveruleg af almenningi.

Tekjur Flugleiða voru samkvæmt upplýsingum félagsins, reiknað á „farþega-mílu“ árið 1986 (samsvarandi tölur frá SAS í sviga), eftirfarandi: Reiknað fyrir allar flugleiðir 5,5 bandarísk sent (13,0), í Evrópuflugi 9,4 bandarísk sent (21,2), í Norður-Atlantshafsflugi 4,0 bandarísk sent (6,4) og í innanlandsflugi 16,8 bandarísk sent (14,1) (fylgiskjal IV).

Fargjöld á Norður-Atlantshafsleiðinni eru kafli út af fyrir sig, ekki síst sú staðreynd að farþegi sem flýgur milli New York og Luxemborgar greiðir frá 3. nóv. 1987 almennt fargjald sem svarar 14 530 ísl. kr., en farþegi sem flýgur frá Keflavík til New York greiðir 17 840 kr. og frá Keflavík til Lúxemborgar 21 850 kr. (hvort tveggja án flugvallaskatts).

Einnig má benda á að erlendis bjóða íslensk flugfélög ýmis afsláttarfargjöld fyrir þá sem fljúga til Íslands, en samsvarandi tilboð gilda ekki alltaf fyrir farþega sem ferðast frá Íslandi til útlanda.

Á yfirstandandi ári hafa fargjöld í innanlandsflugi hækkað fjórum sinnum með heimild Verðlagsstofnunar. Um 10% frá marsbyrjun, um 10% frá miðjum maí, um 6% í byrjun ágúst og um 4% frá 3. nóvember 1987. Samtals nemur þessi hækkun fargjalda á innanlandsleiðum um 33%.

Hér er um miklar og tilfinnanlegar hækkanir að ræða sem leggjast fyrst og fremst á íbúa landsbyggðarinnar sem nota innanlandsflugið langtum meira en íbúar höfuðstaðarins.

Í millilandaflugi hefur samgönguráðuneytið heimilað eftirtaldar hækkanir það sem af er árinu 1987: Frá 1. apríl 2–3% mismunandi eftir fargjaldategundum, frá 1. júlí 7,5% á öll fargjöld nema „normal+excursion“, frá 1. september 9% á „normal+excursion“, en 7,5% á öll önnur fargjöld og frá 3. nóvember 9,5% á öll fargjöld nema „normal+excursion“. Alls nema þessar hækkanir í millilandaflugi um 30% það sem af er árinu 1987.

Í þessari tillögu er ekki gert ráð fyrir úttekt á skipulagi íslenskra flugmála þótt ljóst sé að þar væri margt athugunar virði, m.a. „samkeppni“ Flugleiða og Arnarflugs. Ljóst er að skipan þessara mála hlýtur með einum og öðrum hætti að hafa áhrif á fargjöldin.

Samkvæmt nýlegum upplýsingum eru tekjur af flugi sem hlutfall af landsframleiðslu langhæstar á Íslandi af öllum ríkjum Vestur-Evrópu (sjá fylgiskjal V). Þýðing flugsins er þannig mikil og margþætt í íslenskum þjóðarbúskap. Þessi staðreynd hefur hins vegar ekki komið fram sem skyldi í fjárveitingum af opinberri hálfu til flugmála, t.d. hefur uppbygging flugvalla gengið hægt og allt of litlu fjármagni verið varið í því skyni.

Vissulega hefur margt verið vel gert af hálfu íslenskra flugfélaga. Eins og aðrir aðilar í þjóðfélaginu þurfa þau sitt aðhald og jákvæða gagnrýni, ekki síst vegna takmarkaðrar samkeppni. Þessi tillaga er flutt til að betur verði tekið á fargjaldaþættinum en hingað til.

Nauðsynlegt er að óvilhallir aðilar annist þá athugun sem tillagan gerir ráð fyrir þannig að niðurstaðan verði hlutlæg og unnt verði að byggja á henni frekari umfjöllun Alþingis og stjórnvalda varðandi verðákvörðun á áætlunarflugleiðum.

Fylgiskjal I.

REGLUGERÐ UM FYRIRTÆKI ER STARFA AÐ LOFTFLUTNINGUM

Nr. 91/1973, 49/1975, 205/1976, 405/1977 og 476/1982.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 34 21. maí 1964 og öðlast hún gildi 1. maí 1973, og falla þá úr gildi reglur um fyrirtæki er starfa að loftflutningum, nr. 13 22. janúar 1947.

1. gr.

Leyfi samgönguráðherra þarf til reksturs reglubundinna loftferða í fjáraflaskyni yfir íslensku yfirráðasvæði. Leyfi hans þarf einnig til rekstrar annarra loftferða til fjáröflunar yfir nefndu yfirráðasvæði. Til kennsluflugs, sýningarflugs og annarrar loftferðastarfsemi sérstakrar tegundar þarf leyfi flugmálastjóra, enda þótt starfsemin sé eigi rekin til fjáröflunar, sjá 2. gr. Leyfi þarf ekki til annars einkaflugs.

2. gr.

Almenn flugstarfsemi skiptist í atvinnuflug og einkaflug. Atvinnuflug greinist eftir eðli starfseminnar í reglubundið áætlunarflug, óreglubundið flug, þjónustuflug og kennsluflug í atvinnuskyni. Með óreglubundnu flugi er átt við flutning á farþegum eða vörum sem ekki er áætlunarflug og sem framkvæmt er með flugvélum yfir 5700 kg að hámarksþyngd. Með þjónustuflugi er meðal annars átt við: 1) Tækifærisferðir, vöruflug og hringflug sem framkvæmt er með flugvél 5700 kg að hámarksþyngd eða minna. 2) Fræsáningarflug, áburðarflug eða annað slíkt dreififlug. 3) Flugferðir til landfræðiathugana, könnunar á raflínum, fjárleit o.fl. 4) Dráttarflug. 5) Sjúkra- og björgunarflug. 6) Ljósmyndaflug. 7) Auglýsingaflug.

3. gr.

Þeir aðilar, sem hyggjast sækja um leyfi til flugreksturs, skulu senda samgönguráðuneytinu umsóknir á þar til gerðu umsóknareyðublaði.

4. gr.

Leyfi til loftferða verður ekki veitt nema umsækjandi sanni að hann fullnægi þeim skilyrðum sem sett hafa verið um þá loftferðastarfsemi sem hann hyggst reka. Auk þess skal umsækjandi vera skráður eigandi að minnsta kosti eins loftfars sem loftferðastarfsemin á aðallega að byggjast á.

5. gr.

Leyfi til loftferðastarfsemi er veitt til ákveðins tíma og veitir leyfishafa heimild til að stunda þá loftferðastarfsemi sem nánar er tiltekin í leyfisbréfinu.

6. gr.

Loftferðafyrirtæki, sem stundar reglubundið flug, óreglubundið flug eða þjónustuflug, skal hafa framkvæmdastjóra flugdeildar sem ber ábyrgð á flugrekstrinum í heild.

Framkvæmdastjórinn skal hafa sér til aðstoðar flugrekstrarstjóra og tæknistjóra. Flugrekstrarstjóri ber, ásamt framkvæmdastjóra, ábyrgð á flugrekstrinum (operations) og tæknistjóri ber, ásamt framkvæmdastjóra, ábyrgð á tækniatriðum flugrekstrarins. Flugrekstrarstjórinn skal vera starfsmaður hjá loftferðafyrirtækinu. Tæknistjórinn þarf í vissum tilvikum ekki að vera persóna eða fyrirtæki sem starfar hjá loftferðafyrirtækinu. Flugrekstrarstjóri og tæknistjóri skulu vera viðurkenndir af flugmálastjórn.

Ef starfsemi loftferðafyrirtækisins er lítil í sniðum getur flugmálastjórn samþykkt að framkvæmdastjóri sé jafnframt flugrekstrarstjóri og/eða tæknistjóri.

Framkvæmdastjóri flugdeildar skal bera ábyrgð á því að flugrekstrardeild og tæknideild sé gert kleift að sinna hlutverki sínu og skyldum.

Flugrekstrarstjóri ber ábyrgð á:

a) stjórn og rekstri flugstarfseminnar, svo og skipulagi og umfangi flugdeildar,
b) því að halda við og hafa tiltækar leiðbeiningar um stöðu, ábyrgð og tilhögun bæði í starfsemi á jörðu og á flugi er varðar starfslið flugrekstrardeildar,
c) mati á hæfni flugstarfsliðs, viðurkenningu á hæfni þess til ráðningar og nauðsynlegri þjálfun þess,
d) því að samþykkja flugverkefni frá sjónarmiði flugrekstrar, svo og skiptingu og skipulagningu flugverkefna með hliðsjón af hæfni flugverja, svo og að sjá um að flugverjar fái nægilega kennslu og þjálfun,
e) stjórn á kennslu flugverja, eftirliti með henni og þjálfun þeirra samkvæmt gildandi reglum og flugrekstrarbók,
f) því að nauðsynlegt leyfi, leiðsögubúnaður og upplýsingar um leitar- og björgunarþjónustu fyrir það svæði, sem flogið skal yfir, séu tiltæk fyrir hvert einstakt flug,
g) því að hver einstakur flugverji hafi upplýsingar um, að svo miklu leyti sem þær eru nauðsynlegar hans sérstaka starfi, reglur og fyrirmæli, sem gilda á því svæði sem flogið skal yfir, fyrir flugvelli sem nota skal og um tilheyrandi leiðsögutæki á svæðum þessum og flugvöllum, svo og skyldur til að fara eftir þeim,
h) að leiðarbækur og skýrslur, sem krafist er að skuli færðar í flugrekstrinum, séu rétt og reglulega færðar og við haldið,
i) að fullnægt sé tilkynningarskyldu samkvæmt reglugerð um það efni eins og hún er á hverjum tíma.

Tæknistjóri ber ábyrgð á:

a) skipulagningu og umfangi verksviðs, svo og stjórn tæknideildar loftferðafyrirtækisins, einnig samningum og framkvæmd á viðhaldi sem unnið er utan fyrirtækisins,
b) því að tiltækar séu leiðbeiningar og haldið sé við leiðbeiningum um stöðu, ábyrgð og tilhögun er varðar vinnubrögð, viðhaldsvöndun og viðhaldseftirlit,
c) mati á hæfni tæknistarfsliðs í ábyrgðarstöðum og nauðsynlegri þjálfun þess,
d) útvegun og meðferð alls efnis sem notað er í viðhaldi og mikilvægt er fyrir gæðastaðal viðhaldsdeildar loftferðafyrirtækisins,
e) að viðhaldsbækur og skýrslur, sem krafist er að skuli færðar, séu rétt og reglulega færðar og við haldið,
f) að fullnægt sé tilkynningarskyldu samkvæmt reglugerð um það efni eins og hún er á hverjum tíma.

Flugrekstrarstjóri og tæknistjóri eru samábyrgir fyrir skipulagningu þeirrar starfsemi sem tengir flugrekstur og viðhald og fyrir því að koma á fót og halda stöðugt við yfirliti um notkunarendingu og bilanir hluta.

Flugrekstrarstjóri og tæknistjóri skulu, nema flugmálastjórn telji það óþarft, gangast undir sérstakt próf hjá flugmálastjórn í reglum um loftferðir og framkvæmd þeirra.

Ef flugrekstrarstjóri og/eða tæknistjóri láta af störfum hjá loftferðafyrirtækinu skal framkvæmdastjórinn tilkynna það flugmálastjórn tafarlaust, svo og sækja um viðurkenningu á eftirmanni. Starfsemi fyrirtækisins má eigi halda áfram fyrr en nýr flugrekstrarstjóri og/eða tæknistjóri hefur á ný hafið störf hjá loftferðafyrirtækinu. Flugrekstrarstjóri og/eða tæknistjóri mega tilnefna staðgengil sinn í forföllum sínum, en ef þeir eru fjarverandi lengur en einn mánuð skal flugmálastjórn viðurkenna hlutaðeigandi staðgengil.

7. gr.

Hver sá sem stundar reglubundið áætlunarflug milli landa og hver sá sem stundar reglubundið áætlunarflug innanlands með þungum flugvélum, þ.e. flugvélum með meiri hámarksþyngd en 5700 kg, skal hafa flugumsjón sem flugmálastjórn hefur viðurkennt fyrir þann flugrekstur. Skal þar starfa flugumsjónarmaður (-menn) er hafi gilt skírteini skv. gr. 4.5. eða gr. 1.2.2. í reglugerð um skírteini gefin út af flugmálastjórn. Flugrekendur þeir, sem grein þessi tekur til, skulu í flugrekstursbók sinni gera grein fyrir verksviði og ábyrgð flugumsjónar og þeirra flugumsjónarmanna er hjá þeim starfa.

8. gr.

Séu lendingargjöld eða skoðunargjöld, sem leyfishafa ber að greiða fyrir starfsemi sína, ekki greidd á réttum tíma má afturkalla leyfi um stundarsakir eða fyrir fullt og allt séu vanskil veruleg og endurtekin. Leyfishafi skal tafarlaust skýra flugmálastjóra frá því ef þær breytingar verða á starfsemi hans sem valda því að þær forsendur, sem leyfisveitingin byggðist á, eru brostnar, t. d. að því er lýtur að starfskröfum, loftfarkosti, vátryggingum eða stjórnendum.

9. gr.

Leyfishafa er skylt að senda flugmálastjóra árlega skýrslu um flugstarfsemina, tölu farþega, fjölda ferða og aðrar upplýsingar sem máli skipta að dómi flugmálastjóra. Heimilt er flugmálastjóra að krefjast mánaðarlegra skýrslna telji hann þess þörf.

Leyfishafi skal fyrir 1. apríl ár hvert senda flugmálastjóra reikninga félagsins fyrir liðið ár, í því formi er hann mælir fyrir um.

Nú dregur leyfishafi að senda slíkar skýrslur eða reikninga og er þá flugmálastjóra heimilt, eftir að hafa sent leyfishafa skriflega aðvörun, að svipta hann flugleyfi þar til úr er bætt. Slíkri ákvörðun flugmálastjóra má skjóta undir úrskurð ráðherra.

10. gr.

Beiðni um framlengingu á leyfi til loftferða skal senda samgönguráðuneytinu a.m.k. einum mánuði áður en leyfið rennur út. Með endurnýjunarumsókn skal senda upplýsingar um allar þær breytingar sem orðið hafa á starfseminni frá því að leyfið var gefið út eða síðast endurnýjað.

11. gr.

Leyfishafa er skylt að kaupa og viðhalda tryggingum í samræmi við ábyrgð þá sem hann ber samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum á hverjum tíma.

Tryggingar þær, sem að framan getur, skal kaupa hjá vátryggjanda sem hefur varnarþing hér á landi í þeim málum sem rísa kunna út af tryggingum þessum.

12. gr.

Leyfishafi skal hlíta þeim ákvæðum um far- og farmgjöld sem samgönguráðuneytið setur á hverjum tíma.

Nú telur ráðuneytið ástæðu til þess að breyta far- eða farmgjöldum á öllum eða einstökum flugleiðum og skal þá, áður en breytingin er ákveðin, gefa leyfishafa kost á að láta í té umsögn sína um hina fyrirhuguðu breytingu.

13. gr.

Ráðherra getur veitt sérleyfi til ákveðins tíma til reglubundinna áætlunarflugferða á sérstökum flugleiðum eða frá og til ákveðins lendingarstaðar eða byggðarlags. Sérleyfi fyrir

ákveðna flugleið skal bundið því skilyrði að leyfishafi fullnægi flutningaþörfinni að mati samgönguráðuneytis.

14. gr.

Ráðherra getur skyldað leyfishafa til að halda uppi ákveðinni tölu flugferða á einstökum flugleiðum er leyfishafi hefur óskað að starfrækja þótt ekki sé um sérleyfi að ræða.

15. gr.

Leyfishafa er skylt að hlíta fyrirmælum flugmálastjóra um áhafnir á hinum ýmsu gerðum loftfara.

16. gr.

Leyfishafi skal fullvissa sig um að flugstjórar þeir, sem hann ræður til starfa við farþegaflutninga í flugvélum með 5700 kg hámarksþyngd eða minni, hafi 500 klst. flugtíma reynslu eða meira og þar af séu ekki færri en 100 flugstundir í yfirlandsflugi. Sé flogið í reglubundnu áætlunarflugi skal viðkomandi flugstjóri hafa a.m.k. 1200 klst. flugtíma reynslu.

17. gr.

Í flugvélum, sem skráðar eru til flutninga á fleiri en 10 farþegum, skal í farþegaflugi vera aðstoðarflugmaður. Aðstoðarflugmaðurinn skal hafa gilt atvinnuflugmannsskírteini og fyrir flug skv. blindflugsreglum skal hann hafa gild blindflugsréttindi.

18. gr.

Flugvél skal þá aðeins heimilt flug, þar sem tilkynnt hefur verið um ísingu eða búast má við ísingu, sé hún búin ísvarnarbúnaði á væng- og stélbrúnum, skrúfum og öðrum stöðum eftir því sem við á, og skal búnaður þessi fullnægja kröfum flugmálastjórnar um gerð, frágang, notkun og viðhald.

Flugvél, sem ætluð er til notkunar í reglubundnu áætlunarflugi samkvæmt blindflugsreglum, skal eftir 15. október 1976 búin framangreindum ísvarnarbúnaði.

19. gr.

Eigi má hefja flug fyrr en flugstjóri hefur sannfærst um að viðhaldsvottorð hafi verið gefið út fyrir loftfarið í samræmi við gildandi reglur.

Flugstjóri skal sjá um að hleðslu- og jafnvægisskrá sé gerð fyrir hvert flug eða röð af flugferðum. Af skránni skal hægt að sjá að þungi flugvélarinnar sé þannig að með hliðsjón af hugsanlegum veðurskilyrðum sé unnt að ljúka fluginu, hleðsla og dreifing farms og farþega skal vera þannig að lega þyngdarpunkts sé innan réttra marka. Hleðslu- og jafnvægisskráin skal vera samþykkt og undirrituð af flugstjóra. Hana skal geyma a.m.k. þrjá mánuði. Í stað hleðslu- og jafnvægisskrár má í vissum tilvikum koma einföld hleðsluskrá ef flugmálastjórn hefur samþykkt það fyrir hlutaðeigandi loftfar og flugstarfsemi.

20. gr.

Sé flugvélavirki ekki að staðaldri á þeim stað sem loftfar er gert út frá skal flugmaður þess sanna að hann hafi hlotið fullnægjandi þekkingu á daglegri skoðun þess.

21. gr.

Gild flugrekstrarbók (operations manual) skal vera tiltæk og samþykkt af flugmálastjórn. Flugrekstrarbókin skal vera samin með hliðsjón af reglum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar — International Civil Aviation Organisation (ICAO), „Manual of Procedures for

Operations Certification and Inspection", eins og þær eru á hverjum tíma. Flugmálastjórn skal látið í té eitt eintak af flugrekstrarbók og halda skal við leiðréttinga- og breytingaþjónustu.

22. gr.

Gild viðhaldsbók skal vera tiltæk fyrir hverja flugvélartegund, sem flugrekandi notar, og vera samþykkt af flugmálastjórn. Viðhaldsbók skal samin á kerfisbundinn hátt og hafa efnisyfirlit og skrá yfir leiðréttingar og breytingar. Flugmálastjórn skal látið í té eitt eintak af viðhaldsbók og skal leiðréttinga- og breytingaþjónustu haldið við.

23. gr.

Loftferðafyrirtæki ber að haga flugrekstri sínum í samræmi við skilyrði sem sett eru í leyfisbréfinu.

24. gr.

Viðurlög við brotum á reglugerð þessari eru hin sömu og greinir í XIII. kafla laga um loftferðir, nr. 34 21. maí 1964.

25. gr.

Eigi síðar en tveimur mánuðum eftir gildistöku reglugerðar þessarar skulu allir þeir, sem öðlast hafa leyfi til flugrekstrar samkvæmt eldri ákvæðum, sækja um endurnýjun leyfisins samkvæmt reglugerð þessari, ella fellur leyfið niður.

Þetta nær þó ekki til þeirra flugfélaga sem halda uppi reglubundnu áætlunarflugi á erlendum flugleiðum til og frá Íslandi samkvæmt tvíhliða loftferðasamningum, né heldur til þeirra félaga sem starfrækja reglubundið áætlunarflug innanlands og hafa til þess sérleyfi.

Fylgiskjal II.

Fargjaldaskipting innan lands.

INNANLANDSFLUG

Flugleiðir

VETUR 1986–87



Fargjaldaskipting innan lands.

SUMAR 1987



Fylgiskjal III.

Flugleiðir, 5. nóvember 1987.

Samanburður á fargjöldum í innanlandsflugi á Íslandi og erlendis.

		Km	Fargjald	Á km
Reykjavík	Vestmannaeyjar	114	2154	18,89
Ósló	Hamar	105	2316	22,06
London	Birmingham	141	4980	35,32
Reykjavík	Patreksfjörður	190	2999	15,78
Helsinki	Lappeenranta	191	2211	11,58
Copenhagen	Aarhus	168	2340	13,93
Glasgow	Inverness	187	4676	25,01
Frankfurt	Stuttgart	157	2035	12,96
Frankfurt	Strassburg	180	4391	24,39
Frankfurt	Nurnberg	190	2441	12,85
Frankfurt	Dusseldorf	189	2441	12,92
Glasgow	Isle of Man	200	4777	23,89
Reykjavík	Þingeyri	208	2965	14,25
Reykjavík	Sauðárkrókur	210	2981	14,20
Reykjavík	Ísafjörður	223	3098	13,89
Reykjavík	Akureyri	250	3318	13,27
London	Manchester	243	5896	24,26
Copenhagen	Aalborg	239	2847	11,91
Copenhagen	Billund	220	2706	12,30
Copenhagen	Karup	233	2706	11,61
Helsinki	Pori	214	3868	18,07
Reykjavík	Húsavík	296	3758	12,70
London	Liverpool	266	5795	21,79
Edinborg	Manchester	296	5947	20,09
Glasgow	Stornaway	284	7012	24,69
Frankfurt	Hannover	282	2499	8,86
Berlín	Hamborg	261	1618	6,20
Reykjavík	Hornafjörður	325	3905	12,02
Stockholm	Sundsvall	322	4820	14,97
Ósló	Bergen	302	2843	9,41
Helsinki	Kvopio	335	3479	10,39
Dusseldorf	Hamborg	341	2694	7,90
Glasgow	Manchester	312	5998	19,22
Ósló	Stavanger	304	4368	14,37
Reykjavík	Egilsstaðir	382	4430	11,60
Stockholm	Gautaborg	377	5144	13,64
Ósló	Trondheim	395	4605	11,66
Helsinki	Kokkola	389	3377	8,68
Reykjavík	Norðfjörður	404	4572	11,32
Glasgow	Birmingham	419	7624	18,20
Frankfurt	Hamborg	412	3061	7,43
Stockholm	Halmstad	421	6646	15,79

Fylgiskjal IV.

Samanburður við önnur flugfélög.

Tekjur í bandarískum sentum á farþega-mílu.

I. Á öllum leiðum. II. Í Evrópu. III. Á N-Atlantshafi. IV. Innan lands.

	Flugfélag	1986	1985	Breyt.	1986	1985	Breyt.	1986	1985	Breyt.	1986	1985	Breyt.	Flugfélag
LUXAIR	LG	19,9	16,1	24,2%	19,9	16,1	24,2%	NA	NA		NA	NA		LG
AUSTRIAN	OS	18,1	16,2	12,1%	19,5	17,4	12,3%	NA	NA		NA	NA		OS
SAS	SK	13,0	10,4	24,2%	21,2	17,2	23,0%	6,4	5,91	8,0%	14,1	11,0	27,9%	SK
FINNAIR	AY	12,5	10,4	20,3%	17,8	14,1	26,3%	5,8	5,51	4,5%	13,9	11,2	24,1%	AY
SWISSAIR	SR	11,5	9,5	21,7%	20,5	16,1	27,2%	7,7	6,57	16,4%	32,0	22,8	40,6%	SR
LUFTHANSA	LH	10,9	9,2	19,0%	19,3	14,9	29,2%	6,4	5,82	10,1%	25,1	18,7	34,5%	LH
AER LINGUS	EI	10,4	8,9	16,3%	20,6	17,3	19,5%	5,3	5,23	1,5%	18,1	13,2	37,1%	EI
ALITALIA	AZ	10,3	8,5	22,2%	18,5	14,3	29,5%	6,2	5,54	11,0%	16,8	11,9	41,0%	AZ
MALEV	MA	9,7	9,0	8,4%	9,6	8,5	12,2%	NA	NA		NA	NA		MA
AIR FRANCE	AF	9,5	7,8	21,9%	19,8	15,1	31,4%	8,0	6,81	17,0%	6,4	5,2	23,7%	AF
	AEA	9,4	8,0	16,8%	16,2	13,23	22,8%	6,5	5,85	10,3%	11,5	9,1	26,8%	AEA
SABENA	SN	9,2	7,6	21,4%	19,3	14,8	30,0%	5,2	4,73	10,8%	NA	NA		SN
TURKISH	TK	8,9	10,0	-10,9%	8,6	9,6	-10,1%	NA	NA		7,6	7,0	8,6%	TK
BRITISH	BA	8,6	7,6	13,2%	16,1	13,5	19,8%	7,8	6,83	13,5%	17,7	14,8	20,1%	BA
UTA	UT	8,5	7,0	20,3%	NA	NA		6,4	NA		6,0	4,5	34,3%	UT
CALEDONIAN	BR	8,2	8,5	-3,2%	21,8	19,3	12,8%	6,0	6,34	-5,0%	17,5	17,3	0,8%	BR
IBERIA	IB	8,0	6,9	17,2%	10,3	8,5	21,6%	5,3	4,92	6,7%	9,5	7,5	26,0%	IB
TAP	TP	7,4	6,9	7,3%	10,5	8,6	21,6%	5,5	4,87	12,5%	6,2	4,9	27,2%	TP
KLM	KL	7,3	6,4	14,1%	17,0	14,7	16,0%	5,5	5,05	8,1%	NA	NA		KL
JUGOSLAVIA	JU	7,1	7,6	-6,7%	11,1	10,7	3,7%	4,7	4,74	0,0%	6,5	7,2	-9,4%	JU
OLYMPIC	OA	6,8	5,6	22,8%	8,2	6,7	23,0%	4,2	3,57	17,9%	9,0	6,3	43,3%	OA
FLUGLEIÐIR	FI	5,5	5,0	9,4%	9,4	8,5	11,0%	4,0	3,89	2,3%	16,8	14,5	15,6%	FI

Fylgiskjal V.



	Farþegar	Vörur	Póstur	Alls	Landsframleiðsla*
Ísland	120,6	9,3	3,3	133,2	3.196
Portúgal	330,1	51,8	6,9	388,8	28,690
Sviss	1.479,9	248,0	28,1	1.756,0	132.417
Írland	258,4	30,2	2,0	290,6	22.167
Grikkland	436,4	40,0	4,9	481,2	39.074
Holland	1.388,8	482,4	36,0	1.907,2	173.814
Bretland	4.081,0	407,3	77,4	4.565,7	549,066
Spánn	1.471,6	176,7	17,4	1.665,6	226,506
Skandinavía	1.625,7	185,6	39,3	1.850,6	277.735
Tyrkland	272,7	27,9	2,0	302,6	46.292
Belgía	510,6	171,2	10,3	692,1	113.156
Finnland	363,2	50,3	4,6	418,1	69.730
Frakkland	3.056,9	774,3	69,0	3.900,2	702.571
Lúxemborg	24,0	0,8	0,2	25,0	4.981
V-Þýskaland	2.901,5	892,1	89,6	3.883,1	887,325
Ítalía	1.446,1	284,6	15,1	1.745,8	506.132
Austurríki	249,6	17,9	2,7	270,1	94,265

Sþ. 122. Fyrirspurn [118. mál]

til viðskiptaráðherra um veitingu útflutningsleyfa á frystum sjávarafurðum til Bandaríkjanna.

Frá Guðmundi H. Garðarssyni.

1. Hvaða efnisleg nauðsyn knúði ráðherra til að veita sex nýjum aðilum tímabundið útflutningsleyfi á frystum sjávarafurðum til Bandaríkjanna í byrjun nóvember sl.?

2. Með hvaða hætti hyggst ráðherra tryggja það að óskipulagður útflutningur frystra sjávarafurða inn á Bandaríkjamarkað skaði ekki gott álit neytenda á áreiðanleik í viðskiptum við Íslendinga með frystar sjávarafurðir með sérstöku tilliti til gæða?

Sþ. 123. Svar [39. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Svavari Gestssyni og Guðrúnu Helgadóttur um B-álmu Borgarspítalans.

1. Hverju nema framlög til B-álmu Borgarspítalans á hverju ári frá því að bygging hennar hófst (á föstu verðlagi í október 1987), hvert ár tilgreint sérstaklega, a. úr ríkissjóði, b. úr Framkvæmdasjóði aldraðra, c. úr borgarsjóði?

Í meðfylgjandi töflu er skráður byggingarkostnaður B-álmu Borgarspítalans. Í fyrsta lagi eru rauntölur hvers árs, í öðru lagi kostnaður framreiknaður til verðlags 1. okt. 1987, í þriðja lagi greiðslur úr ríkissjóði í rauntölum og í fjórða lagi greiðslur ríkissjóðs framreiknaðar til verðlags 1. okt. 1987.

Samkvæmt þessari töflu er heildarbyggingarkostnaður, framreiknaður til verðlags 1. okt. 1987, í árslok 1986 359 206 516 kr.

Á fjárlögum 1987 eru til framkvæmda við B-álmu 9 millj. kr. og úr Framkvæmdasjóði aldraðra sama upphæð, þ.e. heildarupphæð 18 millj. kr.

Á móti þessu er framlag borgarsjóðs á árinu 1987 1350 þús. kr. eða heildarframkvæmdafé á árinu 1987 19 350 þús. kr.

Framlag Framkvæmdasjóðs aldraðra á árabilinu 1981–1986 var 76 millj. kr. til B-álmu og sé það framreiknað til verðlags 1986 er það 170,3 millj. kr.

Til ársloka 1986 var framlag borgarsjóðs til B-álmu framreiknað til verðlags í árslok 1986 48 717 071 kr.

Tafla 1.

Ár	Byggingarkostnaður B-álmu Rauntölur	Byggingarkostnaður B-álmu, framreiknaður til verðlags 1. okt. 1987	Greiðslur ríkissjóðs Rauntölur	Greiðslur ríkissjóðs, framreiknaðar til verðlags 1. okt. 1987
1973	63 229	7 065 841	—	—
1974	33 867	2 502 433	—	—
1975	20 000	1 013 600	—	—
1976	24 737	1 074 328	—	—
1977	37 285	1 298 637	200 000	6 966 000
1978	875 169	19 323 732	750 000	16 560 000
1979	120 423	1 872 578	100 000	1 550 000
1980	2 549 475	24 959 360	2 000 000	19 580 000
1981	7 889 156	51 279 514	6 811 658	44 275 777
1982	21 993 453	92 592 437	13 800 000	58 098 000
1983	33 184 880	76 657 073	23 515 230	54 320 181
1984	13 790 694	27 305 574	21 700 000	42 966 000
1985	23 780 478	35 670 717	20 500 000	30 750 000
1986	13 825 577	16 590 692	6 375 000	7 650 000
Alls	**118 188 423**	**359 206 516**	**95 751 880**	**265 120 958**

2. Hve stór hluti B-álmunnar er í notkun núna og hvenær hafa áfangar verið teknir í notkun?

Ákvörðun um byggingu B-álmu var tekin í borgarstjórn árið 1973. Í nóvember 1977 hófust framkvæmdir við grunn- og botnplötu. Á árunum 1978–1980 voru teikningar B-álmu endurskoðaðar og álman lengd um 7,5 metra.

Á miðju ári 1980 var boðin út uppsteypa álmunnar og frágangur utanhúss og síðla árs 1980 var samið við verktaka, Sigurð og Júlíus hf. (nú Byggðaverk hf.).

Í júní 1983 var 6. hæð B-álmu tekin í notkun, 29 rúm, og í september–október 1984 var 5. hæðin tekin í notkun, 29 rúm.

Í mars 1986 var sjúkraþjálfun opnuð á fyrstu hæð B-álmu og á sl. vori var nýtt anddyri í B-álmu tekið í notkun.

Auk framangreinds hefur hluti af kjallara verið tekinn í notkun fyrir ræstingarmiðstöð, língeymslu og verkstæði, auk birgðastöðvar sem er í tengigangi við hliðina á B-álmu.

Nú er unnið að innréttingu 4. hæðar byggingarinnar.

3. Hvenær verður B-álma Borgarspítalans fullbúin ef framlög verða þau sömu á ári og er á þessu ári?

Svo sem fram kemur hér að framan er framkvæmdafé til B-álmu byggingarinnar í ár 19 350 þús. kr. og samkvæmt áætlun um kostnað við að ljúka byggingunni tæki það 15 ½ ár að ljúka henni með þeim framlögum sem eru til verksins í ár.

4. Hve mikið kostar alls að fullbúa B-álmuna?

Í maí sl. var lögð fyrir stjórn sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar tillaga um að ljúka B-álmu á næstu þremur árum, þ.e. á árunum 1988–1990. Áætlað er að til þess að svo megi verða þurfi 100 millj. kr. á ári til verksins því að áætlað er að það þurfi um 300 millj. kr. til að fullljúka byggingunni.

5. Hve margir aldraðir Reykvíkingar eru nú á biðlistum eftir þjónustu við aldraða?

Samkvæmt upplýsingum frá forstöðumanni ellimáladeildar Félagsmálastofnunar Reykjavíkur voru biðlistar eftir þjónustu við aldraða í Reykjavík um sl. áramót þannig: 354 einstaklingar og 76 hjón voru á biðlista eftir húsnæði fyrir aldraða og talin í brýnni þörf. Talið var að 276 einstaklingar og 46 hjón, sem voru á biðlista, gætu beðið eftir húsnæði.

Skipting eftir tegund húsnæðis er þannig:

Tafla 2.

	BRÝN ÞÖRF		GETA BEÐIÐ	
	Einstaklingar	Hjón	Einstaklingar	Hjón
Þjónustuíbúðir	180	21	200	31
Verndaðar þjónustuíbúðir	110	22	50	10
Dvalarheimili	82	16	20	5
Hjúkrunardeild	82	20	6	0
Samtals	**354**	**76**	**276**	**46**

Byggingardeild borgarverkfræðings í Reykjavík hefur haft umsjón með byggingu B-álmu Borgarspítalans og eru því upplýsingar þær, sem hér hafa verið settar fram um byggingarmálin, frá þeim aðilum og voru sendar ráðuneytinu með bréfi framkvæmdastjóra Borgarspítalans 29. okt. sl.

Sþ. 124. Beiðni um skýrslu [119. mál]

frá viðskiptaráðherra um veitingu leyfa til útflutnings á skreið tímabilið 1976–1986, ásamt yfirliti um greiðsluskil einstakra útflytjenda.

Frá Guðmundi H. Garðarssyni, Halldóri Blöndal, Ólafi Þ. Þórðarsyni, Salome Þorkelsdóttur, Sturlu Böðvarssyni, Jóhanni Einvarðssyni, Kristínu Halldórsdóttur, Margréti Frímannsdóttur og Hreggviði Jónssyni.

Með vísan til 30. gr. þingskapa óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að viðskiptaráðherra gefi Alþingi skýrslu um leyfisveitingar til útflutnings á skreið frá Íslandi tímabilið 1976–1986.

Í skýrslunni verði tilgreind nöfn útflytjenda, magn og verðmæti útfluttra afurða eftir löndum, sem og viðtakendur.

Óskað er eftir sundurliðun á útflutningsverði einstakra sendinga eftir útflytjendum og yfirliti um gjaldeyrisskil vegna viðkomandi sendinga, sem og hversu mikið enn kann að vera óuppgert og útistandandi af skreiðarútflutningi umrætt tímabil.

Við samning skýrslunnar fari ráðherra þess á leit við viðskiptabanka helstu skreiðarframleiðenda að þeir upplýsi hvernig endurgreiðslu afurðalána hafi verið háttað á þessu tímabili.

Þá er þess óskað að leitað verði umsagna helstu aðila, sem koma við sögu þessara viðskipta á umræddu tímabili, um hvort það fyrirkomulag á útflutningi skreiðar, sem var viðhaft tímabilið 1976–1986, hafi verið þjóðhagslega hagkvæmt og skilað þeim árangri sem að var stefnt. Sérstök áhersla er lögð á að leitað verði umsagna helstu viðskiptabanka og þær birtar með skýrslunni.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs þings þegar henni hefur verið útbýtt.

Alþingi, 16. nóv. 1987.

Guðmundur H. Garðarsson.	Halldór Blöndal.	Ólafur Þ. Þórðarson.
Salome Þorkelsdóttir.	Sturla Böðvarsson.	Jóhann Einvarðsson.
Kristín Halldórsdóttir.	Margrét Frímannsdóttir.	Hreggviður Jónsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Sþ. 125. Fyrirspurn [120. mál]

til dómsmálaráðherra um löggæslumál.

Frá Salome Þorkelsdóttur.

1. Hvaða ráðstafanir eru fyrirhugaðar til þess að efla löggæslu í þeim byggðarlögum sem heyra undir lögregluna í Hafnarfirði?
2. Hvenær má vænta þess að komið verði upp lögregluvarðstöð í Mosfellsbæ sem þjóni jafnframt Kjalarnes- og Kjósarhreppum?

Nd. 126. Frumvarp til laga [121. mál]

um breyting á lögum nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

Fyrri málsliður 1. mgr. 23. gr. laga nr. 48 19. mars 1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð, orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1987.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Menntamálaráðherra hefur tjáð mér, að komið hafi í ljós, að sá aðdragandi að skipun Vísindaráðs sem gert er ráð fyrir í nýsettum lögum um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð mundi að óbreyttu valda verulegri röskun á vinnu að úthlutun styrkja úr Vísindasjóði á þessu ári. Til þess að úthlutunaraðilar geti lokið störfum sínum í tæka tíð með óskertu umboði beri því brýna nauðsyn til að seinka gildistöku hinna nýju laga til 1. júlí nk.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Fyrri málsliður 1. mgr. 23. gr. laga nr. 48 19. mars 1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1987.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L.S.)

Sverrir Hermannsson.

Sþ. 127. Fyrirspurn [122. mál]

til menntamálaráðherra um nám á framhaldsskólastigi.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur og Kristínu Einarsdóttur.

1. Hve margir luku grunnskólaprófi sl. vor og hve margir þeirra hafa nú hafið nám á framhaldsskólastigi, sundurliðað eftir fræðsluumdæmum?
2. Hvernig var þetta hlutfall annars vegar á árunum 1970–1980 og hins vegar á árunum 1980 til loka síðasta skólaárs?
3. Hvenær var hafin kennsla á framhaldsskólastigi í fræðsluumdæmum landsins og hvers konar nám er í boði?
4. Hve margir framhaldsskólanemar stunda nú nám utan þess fræðsluumdæmis sem þeir eiga lögheimili í? Í hvaða fræðsluumdæmum stunda þeir nám sitt?
5. Hve mörg heimavistarrými standa nemendum framhaldsskólans til boða í einstökum fræðsluumdæmum?
6. Hve margir framhaldsskólanemar stunda nú nám í öldungadeildum, sundurliðað eftir fræðsluumdæmum og kyni?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 128. Fyrirspurn [123. mál]

til menntamálaráðherra um húsnæðismál Íþróttakennaraskóla Íslands.

Frá Unni Stefánsdóttur.

1. Hvernig er ráðgert að leysa mál Íþróttakennaraskóla Íslands varðandi kennsluhúsnæði og íbúðir fyrir nemendur og kennara?
2. Hvað líður fyrirhugaðri byggingu sundlaugar fyrir Íþróttakennaraskóla Íslands?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 129. Fyrirspurn [124. mál]

til menntamálaráðherra um menntun starfsfólks í ferðamannaþjónustu.

Frá Unni Stefánsdóttur.

Hefur ráðherra áform um að efla menntun starfsfólks í
a. hótelrekstri og veitingagreinum,
b. ferðaþjónustu,
c. matvælaiðnaði?
Ef svo er, hver eru þau?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 130. Frumvarp til laga [125. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

Við 2. mgr. 8. gr. bætist svohljóðandi málsliður:

Enn fremur getur fjármálaráðherra ákveðið að laun, þar með talin reiknuð laun, undir ákveðinni fjárhæð skuli ekki falla undir staðgreiðslu.

2. gr.

2. málsl. 1. mgr. 9. gr. falli niður.

3. gr.

2. málsl. 1. mgr. 11. gr. orðist svo:

Skattkort þessi skulu gerð samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir hendi eru við frumgerð þjóðskrár hinn 1. nóvember þess árs sem næst fer á undan staðgreiðsluári.

4. gr.

3. mgr. 11. gr. orðist svo:

Á skattkorti skal, auk upplýsinga sem um getur í 1. og 2. mgr., koma fram staðgreiðsluhlutfall, sbr. 1. mgr. 9. gr., og upplýsingar um persónuafslátt viðkomandi launamanns sé um hann að ræða, sbr. 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Ráðherra getur í reglugerð sett ákvæði um hlutfallslega skiptingu persónuafsláttar sem draga skal frá staðgreiðslu á hverju greiðslutímabili.

5. gr.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Ef launamaður sem er móttakandi greiðslna frá eða á vegum Tryggingastofnunar ríkisins óskar ekki sérstaklega eftir öðru getur ríkisskattstjóri fyrir upphaf staðgreiðsluárs afhent Tryggingastofnun ríkisins skattkort hans. Telst hún þá aðallaunagreiðandi viðkomandi launamanns. Í slíkum tilvikum er ríkisskattstjóra enn fremur heimilt að gefa út aukaskattkort til launamanns vegna þess hluta persónuafsláttar sem fyrirsjáanlegt er að ekki nýtist á móti þeim greiðslum sem viðkomandi launamaður fær frá Tryggingastofnun ríkisins. Fjármálaráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd þessarar málsgreinar.

6. gr.

1. málsl. 1. mgr. 12. gr. orðist svo:

Fyrir upphaf staðgreiðsluárs ber launamanni að afhenda launagreiðanda sínum skattkort sitt til vörslu og telst hann þá aðallaunagreiðandi hans.

7. gr.

Við 12. gr. bætast þrjár málsgreinar, sem verða 4., 5. og 6. mgr., svohljóðandi:

Nýti launamaður, sem er annað hjóna eða aðili í sambúð, sbr. 1. mgr. 13. gr., að jafnaði ekki persónuafslátt sinn að fullu hefur hann rétt til þess að krefjast útgáfu aukaskattkorts frá skattstjóra. Reynist krafa launamanns réttmæt ber skattstjóra að gefa út til hans aukaskattkort þar sem tilgreina skal þann persónuafslátt sem fyrirsjáanlegt er að launamaður nýtir ekki.

Ríkisskattstjóra er heimilt að gefa út skattkort til námsmanna sem stundað hafa nám á vormissiri og lítt eða ekkert hafa nýtt persónuafslátt sinn eða flutt yfir til maka, sbr. 1. mgr. 13. gr., til nota samhliða aðalskattkorti skv. 1. mgr. 11. gr. Námsmannaskattkort skal gilda í þrjá mánuði.

Ef launamaður hefur eigi nýtt meira en 10% af persónuafslætti sínum þegar komið er fram yfir mitt staðgreiðsluár eða flutt hann yfir til maka, sbr. 1. mgr. 13. gr., er honum heimilt að sækja um útgáfu skattkorts sem hefur uppsafnaðan persónuafslátt frá ársbyrjun staðgreiðsluárs til næsta mánaðar á undan útgáfudegi. Ríkisskattstjóri annast útgáfu skattkorts með uppsöfnuðum persónuafslætti.

8. gr.

Við 1. mgr. 13. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo:

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til aukaskattkorta maka sem gefin verða út skv. 4., 5. og 6. mgr. 12. gr.

9. gr.

1. málsl. 2. mgr. 14. gr. orðist svo:

Greiðslutímabil reiknaðs endurgjalds, sbr. 2. tölul. 5. gr., til launamanns, sbr. ákvæði 2. tölul. 4. gr., telst hver einstakur almanaksmánuður staðgreiðsluársins, sbr. þó heimild skattstjóra samkvæmt lokamálslið 2. mgr. 20. gr.

10. gr.

15. gr. orðist svo:

Þegar ákvörðun launa launamanns fyrir hvert greiðslutímabil, að meðtöldu orlofsfé, er lokið skal bætt við þau skattskyldum hlunnindum samkvæmt mati ríkisskattstjóra, sbr. 116. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Af þannig ákvörðuðum launum greiðslutímabilsins ber launagreiðanda að reikna staðgreiðslu launamanns vegna greiðslutímabilsins að teknu tilliti til persónuafsláttar skv. A-lið 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og sjómannaafsláttar skv. 2. mgr. B-liðs sömu greinar þar sem hann á við. Staðgreiðsla skal dregin af launum launamanns og skilað til innheimtuaðila, sbr. 2. mgr. 20. gr.

Afdráttur af launum vegna staðgreiðslu skal ganga fyrir afdrætti af launum vegna eldri skattskulda og gjalda sem innheimt eru skv. 35. gr.

Afhendi launamaður ekki launagreiðanda skattkort sitt skal ekki tekið tillit til persónuafsláttar við ákvörðun staðgreiðslu, sbr. 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

11. gr.

Í stað 1. mgr. 16. gr. komi tvær málsgreinar svohljóðandi:

Afdráttur opinberra gjalda af launum skal fara fram þegar laun eru borguð út eða færð launamanni til tekna vegna ákveðins greiðslutímabils, sbr. 14. gr.

Þegar laun eða hluti launa, svo sem greiðslur fyrir yfirvinnu, ákvæðisvinnu, aflahlut og aflaverðlaun, koma ekki til uppgjörs fyrr en að loknu því greiðslutímabili sem krafa til þessara launa myndast að fullu eða hluta skulu þau talin til launa þess greiðslutímabils, enda fari uppgjör þeirra fram innan 14 daga frá lokum þess. Fari uppgjörið fram síðar teljast greiðslur þessar til þess greiðslutímabils er uppgjörið fer fram í og miðast afdráttur þá við það tímabil.

12. gr.

2. mgr. 20. gr. orðist svo:

Greiðslur skv. 1. mgr. skal inna af hendi til gjaldheimtu eða annars innheimtuaðila, sbr. 109. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, í því umdæmi þar sem launagreiðandi á

lögheimili. Með greiðslum skal fylgja sundurliðuð skilagrein frá launagreiðanda á þar til gerðu eyðublaði. Launagreiðandi skal skila skilagrein mánaðarlega enda þótt engin greiðsla fylgi. Skattstjóri getur heimilað aðilum, sem eingöngu reikna sér, maka sínum og börnum endurgjald, sbr. 2. tölul. 4. gr., að gera skil einu sinni á ári enda séu reiknuð laun undir tilteknu lágmarki samkvæmt sérstökum reglum er ríkisskattstjóri setur.

13. gr.

Við 28. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Sé skilafé vanreiknað eða laun dregin undan má gera launagreiðanda að greiða vanskilafé sex ár aftur í tímann, talið frá byrjun þess árs þegar endurreikningur fer fram. Fari fram rannsókn við embætti ríkisskattstjóra eða hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins á skilum launagreiðanda nær heimild til endurreiknings til sex ára aftur í tímann, talið frá byrjun þess árs þegar rannsókn hófst.

14. gr.

29. gr. orðist svo:

Vanskilafé, álag og sektir samkvæmt þessum kafla skal innheimt af innheimtuaðila, sbr. 20. gr., í því umdæmi þar sem skuldari á lögheimili.

Vanskilafé, álag og sektir njóta lögtaksréttar í eignum skuldara. Vanskilafé og álag skv. 28. gr. skal við skipti á þrotabúum og skuldafrágöngubúum skipað í skuldaröð skv. 82. gr. laga nr. 3/1878.

Innheimtuaðili getur látið lögreglu stöðva atvinnurekstur launagreiðanda sem ekki gerir fullnægjandi skil á skilafé eða álagi skv. 28. gr. innan 15 daga talið frá eindaga eða frá úrskurði skattyfirvalda um vanskil og álag, með því m.a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útibú, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil eru gerð.

Innheimtuaðili skal senda skilagrein til skattstjóra yfir fé er hann hefur móttekið samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Innheimtu vanskilafé og álagi skal haldið aðgreindu á sérstökum reikningi þar til sundurliðuð skilagrein berst frá launagreiðanda.

15. gr.

31. gr. orðist svo:

Sektir skv. 30. gr. skulu úrskurðaðar af sektarnefnd sem skipuð skal einum fulltrúa frá ríkisskattstjóra og tveimur fulltrúum sem fjármálaráðuneytið tilnefnir, nema málinu sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 2. mgr. Ríkisskattstjóri sendir sektarnefnd mál til úrskurðar. Við meðferð mála hjá sektarnefnd skal veita sakborningi færi á að halda uppi vörnum. Úrskurðir sektarnefnda eru fullnaðarúrskurðir og fylgir þeim ekki vararefsing.

Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála vegna brota á lögum þessum. Ríkisskattstjóri getur vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðum svo og eftir ósk sakbornings ef hann vill eigi hlíta því að mál hans verði afgreitt af sektarnefnd skv. 1. mgr.

Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála og skulu rekin fyrir sakadómi. Greiðslukröfu má hafa uppi, rannsaka og dæma í slíkum málum, sbr. XVII. kafla laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Um innheimtu sekta, er sektarnefnd úrskurðar, gilda sömu reglur og um innheimtu vanskilafjár og álags eftir lögum þessum. Einnig má beita ákvæðum 3. mgr. 29. gr. eftir því sem við á.

Sök skv. 30. gr. fyrnist á sex árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra eða Rannsóknarlögreglu ríkisins enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

16. gr.

Við 34. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:

Skilafé vegna staðgreiðslu launamanns á tekjuári gengur einungis á móti álagningu tekjuskatts og útsvars á þær tekjur er staðgreiðslan nær til, sbr. 1. gr., óháð annarri greiðslustöðu launamanns hjá ríki, sveitarfélögum eða öðrum gjaldkrefjendum, sbr. þó 2. mgr. 36. gr.

17. gr.

35. gr. orðist svo:

Ríkisskattstjóri gerir innheimtuskrá yfir þá gjaldendur sem reynast skulda opinber gjöld að lokinni álagningu skattstjóra. Skráin sýni skatta þeirra og gjöld eftir að tekið hefur verið tillit til skuldajöfnunar milli hjóna samkvæmt ákvæðum 114. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. enn fremur 32. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga. Innheimtuskrá skal senda viðkomandi innheimtuaðila.

Skattar er renna til ríkissjóðs nefnast þinggjöld en skattar til sveitarsjóða sveitarsjóðsgjöld. Á innheimtuskrá skal taka þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld sem skattstjórum ber að leggja á.

18. gr.

36. gr. orðist svo:

Ríkisskattstjóri gerir endurgreiðsluskrá yfir þá gjaldendur sem reynast eiga inni eftirstöðvar af staðgreiðslu að lokinni álagningu og skuldajöfnun milli hjóna samkvæmt ákvæðum 114. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. enn fremur 32. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Endurgreiðsluskrá skal send fjármálaráðuneyti sem sér um endurgreiðslu fyrir hönd ríkissjóðs og sveitarfélaga eftir að skuldajöfnun á móti gjaldföllnum þinggjöldum og sveitarsjóðsgjöldum hefur farið fram.

19. gr.

Í 2. mgr. 37. gr. komi í stað „3. mgr. 35. gr.“: 2. mgr. 35. gr.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, sbr. 1. gr. laga nr. 46/1987. Þau ákvæði þeirra, er snerta framkvæmd eða undirbúning framkvæmdar á árinu 1987, koma til framkvæmdar á því ári, eftir því sem við á.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eftir að lög um staðgreiðslu opinberra gjalda höfðu verið samþykkt á Alþingi á öndverðu þessu ári var hafist handa um að undirbúa framkvæmd þeirra.

Gerðar voru nauðsynlegar breytingar á skipulagi embættis ríkisskattstjóra með stofnun sérstakrar staðgreiðsludeildar og til hennar ráðinn forstöðumaður og fleira starfsfólk. Undirbúningsvinna hefur að mestu hvílt á starfsmönnum þeirrar deildar, ríkisskattstjóra og öðru starfsfólki hans, en tengist að sjálfsögðu öðrum aðilum, svo sem Ríkisbókhaldi, skattstofum, Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar, sveitarfélögum o.fl.

Fjármálaráðuneytið skipaði í apríl sl. nefnd til að annast samræmingu við undirbúning staðgreiðslunnar. Sú nefnd er skipuð aðilum frá fjármálaráðuneytinu og embætti ríkisskattstjóra, frá Ríkisbókhaldi, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og frá Skattstjórafélagi Íslands.

Nefnd þessi hefur fylgst með undirbúningsstarfinu og gert tillögur um ýmis atriði er framkvæmdina snerta. Að tillögu þessarar nefndar var sérstökum starfshópi, sem í eru fulltrúar ráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Gjaldheimtu, Ríkisbókhalds og embætta innheimtumanna, falið að undirbúa móttöku staðgreiðslufjár. Hlutverk hópsins er m.a. að undirbúa gjaldheimtur og innheimtumenn, skipuleggja samskipti þeirra við staðgreiðslukerfi ríkisskattstjóra og gera tillögur um skil innheimtuaðila á staðgreiðslufé svo og tillögur um skipulag gjaldheimtusvæða.

Eins og fram kom á Alþingi sl. vetur þegar lög um staðgreiðslu og lög henni tengd voru til umfjöllunar var þá þegar ákveðið að unnið skyldi í nefnd milli þinga að frekari athugun á ýmsum atriðum staðgreiðslunnar og breytinga á tekjuskattslögunum. Nefnd þessi var skipuð sl. sumar og hóf störf í byrjun september.

Nefndina skipa: Kjartan Jóhannsson frá Alþýðuflokki, sem jafnframt er formaður, Ragnar Árnason frá Alþýðubandalagi, Óli Þ. Guðbjartsson frá Borgaraflokki, Sigurgeir Bóasson frá Framsóknarflokki, Kristín Sigurðardóttir frá Kvennalista, Geir H. Haarde frá Sjálfstæðisflokki, Björn Þórhallsson frá Alþýðusambandi Íslands, Ólafur Nílsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Indriði H. Þorláksson frá fjármálaráðuneytinu.

Með nefndinni hafa einnig starfað Björn Björnsson, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, Snorri Olsen, deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu, Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri, Ævar Ísberg vararíkisskattstjóri og Skúli E. Þórðarson, forstöðumaður staðgreiðsludeildar.

Nefnd þessi hefur skilað fjármálaráðherra fyrstu álitsgerð sinni. Kemur þar fram að nefndin hefur í fyrsta áfanga starfs síns snúið sér að þeim þáttum málsins er varða tæknilega framkvæmd og skipulagningu staðgreiðslunnar. Nefndin fór yfir þau atriði af þessum toga sem fram hafa komið við undirbúning staðgreiðslunnar og gerði tillögur um breytingar á lögunum í samræmi við niðurstöður sínar.

Frumvarp þetta er í öllum meginatriðum byggt á tillögum nefndarinnar auk þess sem nokkur atriði eru sótt í tillögur þess starfshóps sem fjallar um gjaldheimtur.

Sá starfshópur hefur einnig skilað fyrstu álitsgerð. Gerir hann þá megintillögu að stefnt verði að stofnun gjaldheimtna er taki til allra sveitarfélaga á landinu og annist innheimtu skatta og gjalda til ríkis og sveitarfélaga. Tillaga þessi er í samræmi við sjónarmið sem fram hafa komið hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Í frumvarpi þessu er þó ekki tekin afstaða til þessara tillagna. Þar sem þær taka til margra atriða annarra en staðgreiðslumála er rétt að um gjaldheimtur verði sett sérstök lög. Í frumvarpi þessu eru hins vegar ákvæði sem miðast við að um sinn verði móttaka staðgreiðslufjár hjá þeim innheimtuaðilum sem nú annast innheimtu ríkissjóðsgjalda, þ.e. gjaldheimtum og innheimtumönnum ríkissjóðs. Ákvæði þessi eru þó þannig að ekki er nauðsynlegt að breyta þeim þótt síðar verði horfið að því fyrirkomulagi sem gjaldheimtuhópurinn hefur lagt til.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 2. mgr. 8. gr. gildandi laga er ákveðið að fjármálaráðherra geti með reglugerð ákveðið að ákveðin laun eða ákveðin tegund launa skuli ekki falla undir staðgreiðslu. Lagt er til í þessari grein að heimild fjármálaráðherra verði víkkuð þannig að hún nái einnig til launa undir ákveðinni fjárhæð án tillits til hverrar tegundar þau eru, þar með talið til reiknaðra launa. Sem dæmi má nefna greiðslu launa undir ákveðnu lágmarki sem ekki eru frádráttarbær hjá greiðanda, svo sem greiðslur heimila fyrir heimilishjálp, ræstingu og barnagæslu og launagreiðslur aðila sem undanþegnir eru skattskyldu skv. 5.–7. tölul. 4. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt ef heildarlaunagreiðslur slíkra aðila eru undir ákveðnu lágmarki.

Tillögunni í a-lið veldur annars vegar sú tillaga, sem orðuð er í 39. gr., að ársskýrsla stjórnar skuli auðkennd sem slík, og hins vegar sú tillaga í sömu gr., að ársskýrslan verði ekki talin vera hluti ársreiknings. Þar sem ársskýrslu stjórnar skal leggja fyrir aðalfund, eins og verið hefur, er nauðsynlegt að taka það sérstaklega fram um hana, á sama hátt og tekið er fram um ársreikning, að hann skuli lagður fyrir aðalfund til staðfestingar, sbr. 67. gr. laganna og 31. gr. þessa frv.

Í b-lið er lagt til, að í ársskýrslu stjórnar skuli gefnar upplýsingar um fjölda hluthafa í lok reikningsárs. Sú nauðsyn ber til, að hlutafélagaskrá þarf að geta fylgst með fjölda hluthafa vegna ákvæða laganna um réttindi og skyldur, sem tengjast fjölda hluthafa. Er þar annars vegar um að ræða ákvæði um fjölda stjórnarmanna, sbr. 27. gr. frv., og ákvæði laganna um afleiðingar þess, að fjöldi hluthafa fari niður fyrir hið lögmæta lágmark. Þá er ennfremur lagt til, að gefnar skuli í ársskýrslu upplýsingar um hlutareign og, eftir atvikum, atkvæðahlutdeild þeirra hluthafa, sem eiga tiltölulega stóra hluti í félaginu. Ástæða tillögu um þetta nýmæli er sú, að ætla má, að vitneskja um eignaraðild að hlutafélagi geti skipt verulegu máli um áhuga aðila til að eiga eða eignast hluti í félaginu.

Um 45. gr.

Látið skal nægja að vísa til a-liðar 39. gr. frv. og skýringa við hann.

Um 46. gr.

Þær breytingar, sem gerð er tillaga um, varða einungis orðalag. Í lagagreininni, sem um er að ræða, er orðið árságóði notað um niðurstöðu rekstrarreiknings um afkomu. Aftur á móti er í kaflanum um ársreikning notað orðið hagnaður um jákvæðan mismun tekna og gjalda. Þykir betur fara á, að notað sé eitt og sama heiti í lögunum um þetta hugtak. Þar sem allir skattar vegna rekstrarársins eru í 101. gr. laganna taldir meðal gjalda í rekstrarreikningi, eins og vera ber samkvæmt viðurkenndum reikningsskilavenjum, er ekki við hæfi að nefna áætlaða skatta sem frádráttarlið í 1. mgr. 107. gr., eftir að orðið hagnaður hefur verið sett í stað ágóða.

Um 47. gr.

Þessi grein þarfnast ekki annarrar skýringar en þeirrar, sem gefin er í athugasemdum um 46. gr.

Um 48. gr.

Tillagan í a-lið er um orðalagsbreytingu. Með því að þegar er í 103. gr. ákvæði um, að stjórn félags skuli í ársskýrslu gera tillögu um ráðstöfun á hagnaði eða jöfnun taps, og þegar litið er til þess, að samkv. 107. gr. laganna er heimilt, við nánar tilgreindar aðstæður, að úthluta í arð meiru heldur en hagnaði viðkomandi reikningsárs, þykir ekki vera efni til þess að binda ákvörðun hluthafafundar um úthlutun arðs skilyrði á þann hátt, sem gert er í 1. mgr. 109. gr. Meginefni málsliðarins stæði óhaggað: að það sé hluthafafundur einn, sem tekur ákvörðun um úthlutun arðs og að stjórn félags skuli hafa lagt fram tillögu um, hve hárri fjárhæð skuli úthlutað í arð. Í ársskýrslu stjórnar hljóta að koma skýrt fram tengslin á milli arðsins, sem lagt er til, að greiddur verði, og rekstrarafkomu ársins.

Í 2. mgr. 109. gr. laganna er ákvæði um minnihlutavernd, sem þykir ganga óhóflega langt. Ákvæði þetta stingur mjög í stúf við ákvæði laganna um, að ekki megi úthluta meiri arði en félagsstjórn leggi til eða samþykki. Hinn tiltekni minnihluti getur krafist þess, að „fjárhæð, sem minnst svarar til helmings“ ráðstafanlegs hagnaðar á rekstrarárinu verði úthlutað í arð. Eftir orðanna hljóðan virðist kveðið á um, að arðskrafan verði að nema að

minnsta kosti helmingi ráðstafanlegs hagnaðar, en þó ekki hærri fjárhæð heldur en öllum ráðstafanlegum hagnaði. Óeðlilegt þykir, að lítill minnihluti geti á þennan hátt gert slíkan usla í fjármálum fyrirtækis. Ákvörðun um arðsúthlutun er í flokki mikilvægustu ákvarðana, sem teknar eru í hlutafélagi. Náið samhengi er gjarnan á milli afkomu og fyrirætlana um fjáröflun til fjárfestinga í rekstrarfjármunum. Óvænt ákvörðun um arð, sem knúin er fram á þann hátt, sem lýst er í lagagreininni, getur kippt grundvellinum undan heilbrigðri fjármálastjórnun. Af þessum ástæðum er í b-lið lagt til, að réttur minnihluta í þessu efni verði þrengdur verulega. Lagt er til, að hámark þess, sem hinn tiltekni minnihluti geti krafist, að úthlutað sé í arð, verði fjórðungur af ráðstafanlegum hagnaði rekstrarársins og jafnframt, að ekki verði unnt að krefjast þess, að meiru sé úthlutað en sem svarar tveim hundruðustu af eigin fé, í stað fimm hundruðustu eins og kveðið er á um í gildandi lögum. Vert er að vekja athygli á, að hundraðshlutinn er reiknaður af öllu eigin fé, en ekki aðeins af hlutafé.

Í c-lið er lagt til, að hluthafafundur, sem tekur ákvörðun um úthlutun arðs, skuli jafnframt ákveða, hver skuli vera gjalddagi hans. Það getur varðað hluthafa miklu að vita, hvenær hann megi eiga von á þeim arði, sem þeir leggja til, að úthlutað verði. Gert er ráð fyrir, að tillaga stjórnar um arð taki þá jafnframt til gjalddaga arðsins.

Um 49. gr.

Hér er um nauðsynlega breytingu að ræða vegna mismunandi vaxta af almennum sparisjóðsbókum, sbr. athugasemd við 7. gr. frumvarpsins.

Um XIV. kafla.

Með ákvæðum þessa kafla frumvarpsins eru gerðar tillögur um umtalsverðar breytingar frá reglum XIV. kafla laganna um slit hlutafélaga. Felast breytingar þessar einkum í tvennu. Eru annars vegar sett fyllri skilyrði fyrir heimild til löggildingar skilanefndar til slita á félagi. Er meginskilyrði slíks samkvæmt frumvarpinu að fyrir liggi að eignir félags hrökkvi fyrir skuldum þess, en slíkt skilyrði er ekki í núgildandi lögum og getur það leitt til misnotkunar. Hins vegar er í kafla þessum að finna verklagsreglur um hvernig skuli staðið að slitum hlutafélaga, en lítið er af slíkum reglum í núgildandi lögum. Reglum þessum er einkum ætlað að eyða óvissu um þessi efni og ráða bót á verulegum seinagangi, sem að nokkru hefur einkennt framkvæmd slita hlutafélaga. Einstakar efnisreglur um heimildir til að krefjast slita hlutafélags eru að öðru leyti samsvarandi núgildandi lögum, eins og nánar er vikið að í eftirfarandi athugasemdum við einstakar greinar.

Um 50. gr.

Ákvæði þetta samsvarar 113. gr. núgildandi laga.

Um 51. gr.

Fyrri málsgrein þessa ákvæðis er sama efnis og 115. gr. núgildandi laga. Í seinni málsgrein felast hins vegar nýmæli, sem þykja ekki þarfnast sérstakra skýringa.

Um 52. gr.

Ákvæði þetta samsvarar að mestu 114. gr. núgildandi laga, en efnisskipan er nokkuð breytt. Í 5. tl. 1. mgr. er þó að finna ákvæði, sem ekki á sér hliðstæðu í núgildandi lögum, en þar er mælt fyrir um afleiðingar þess að ráðherra synji um eða felli úr gildi löggildingu skilanefndar samkvæmt 4.—6. mgr. 55. gr. frumvarpsins. Nokkrar smábreytingar hafa verið gerðar á eldri útgáfu frumvarpsins.

Um 53. gr.

Í núgildandi lögum er engin fyrirmæli að finna um það, eftir hverjum reglum fara eigi, er skiptaráðandi annast um slit hlutafélags samkvæmt 3. mgr. 114. gr. þeirra. Er með ákvæði þessu ætlað að ráða bót þar á, og farin sú leið að láta meðferð lúta meginákvæðum gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Samkvæmt 1. mgr. ber skiptaráðanda að framkominni kröfu samkvæmt 1. eða 2. mgr. 52. gr. frumvarpsins að boða fyrirsvarsmann félags og þann, er slita krefst, til þinghalds vegna framkominnar kröfu, og gilda ákvæði gjaldþrotalaga um það, hver áhrif þess séu að þingsókn falli niður af hálfu annars hvors aðilja. Ástæðulaust þykir að mæla sérstaklega fyrir um frestsveitingu til félags til að koma málum í rétt horf, eins og gert er í niðurlagi 114. gr. núgildandi laga, enda eru slíkir frestir jafnan veittir við meðferð gjaldþrotabeiðna, er rök þykja fyrir þeim.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að skiptaráðandi taki afstöðu til þess með úrskurði, hvort orðið skuli við kröfu um slit á félagi, og ef svo er gert, að gefin verði út innköllun til lánardrottna, þar sem tekið sé fram að verið sé að slíta félaginu samkvæmt ákvæðum þessum.

Í 3. mgr. er vísað til tiltekinna greina og kafla gjaldþrotalaga um hvernig hagað skuli meðferð. Er VIII. kafli þeirra laga ekki meðal ívitnaðra ákvæða, en hann fjallar um riftun ráðstafana þrotamanns. Eigi þau ákvæði ekki við, er slitið er gjaldfæru félagi. Í 4. mgr. er að finna reglu um að ef ljóst verður að eignir félags, sem til slita er hjá skiptaráðanda, hrökkvi ekki til greiðslu skulda, megi skiptaráðandi samkvæmt kröfu lánardrottins kveða svo á í úrskurði að bú félagsins sé tekið til gjaldþrotaskipta. Ef svo er gert, kæmu þau ákvæði gjaldþrotalaga, sem ekki er vísað til í 3. mgr., til framkvæmda við skipti á búi félagsins.

Um 54. gr.

Í ákvæði þessu er að finna meginskilyrði frumvarpsins fyrir skilanefndarmeðferð, og mælt fyrir um aðdraganda að kosningu skilanefndar. Ákvörðun um félagsslit með þessum hætti þarf atbeina sama hlutfalls hluthafa og mælt er fyrir um í 2. mgr. 114. gr. núgildandi laga. Að öðru leyti er í ákvæði þessu mælt fyrir um það meginskilyrði skilanefndarmeðferðar, að áður en til löggildingar skilanefndar kemur, hafi verið staðreynt að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum sé tvímælalaust að eignir félagsins eigi að hrökkva fyrir skuldum þess. Ef gjaldfærni félags er ekki tvímælalaus, og hluthafafundur fellur ekki frá fyrirætlan um slit félagsins, ber samkvæmt niðurlagi 2. mgr. að fela skiptaráðanda að annast um félagsslitin að hætti 3. mgr. 52. gr. frumvarpsins.

Um 55. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um fjölda skilanefndarmanna og tryggður réttur minnihluta hluthafa til að ráða vali a. m. k. eins þeirra, sbr. 2. mgr. 116. gr. núgildandi laga.

2. mgr. á sér ekki hliðstæðu í gildandi lögum, en þykir eðlilegt skilyrði, er litið er til viðfangsefnis skilanefndar.

Ákvæði 3. mgr. eru hliðstæð 2. mgr. 116. gr. núgildandi laga.

Í 4.—6. mgr. er að finna reglur, sem tryggja eiga eftirlit ráðherra með framvindu meðferðar skilanefndar í ríkara mæli en nú er.

Í 7. mgr. eru fyrirmæli um bótaábyrgð skilanefndarmanna gagnvart hluthöfum í félagi og lánardrottnum þess, og er ábyrgð þessi víðtækari en berum orðum er mælt fyrir um í 120. gr. núgildandi laga.

Um 56. gr.

Fyrirmæli 1. mgr. um fjölda birtinga innköllunar skilanefndar og kröfulýsingarfrests fela í sér breytingar frá 118. gr. núgildandi laga til samræmis við tilhögun þessara mála við skipti þrotabúa. Í 2. mgr. felast þau nýmæli, að í innköllun eigi skilanefnd jafnframt að boða til fundar með lánardrottnum og hluthöfum þegar eftir lok kröfulýsingarfrests til umfjöllunar um lýstar kröfur, eins og skylt er við meðferð þrotabúa. Ákvæðum þessum báðum er ætlað að leiða til hraðari meðferðar skilanefndar.

Í 3. mgr. felst ekki breyting frá gildandi rétti, en æskilegt þykir að lögfesta ákvæði þessa efnis til að girða fyrir tvímæli.

Reglum þeirra kafla gjaldþrotalaga, sem vísað er til í 4. mgr., verður vart beitt við slit hlutafélaga að gildandi lögum, þótt þær eigi eðli máls samkvæmt við í þeim efnum. Þykir því rétt að lögfesta heimild til notkunar þeirra.

Um 57. gr.

Ákvæði fjögurra fyrstu málsgreina þessarar greinar eiga sér ekki hliðstæðu í núgildandi lögum, og er þeim ætlað að eyða óvissu um starfshætti skilanefnda, og jafnframt að tryggja lánardrottnum félags og hluthöfum að óþarfa dráttur verði ekki á starfi skilanefndar. Reglur þessar eru hliðstæðar reglum gjaldþrotalaga um viðkomandi efni.

Í 5. og 6. mgr. eru fyrirmæli um skyldu skilanefndar til að afhenda bú félags til gjaldþrotaskipta, ef fram kemur að eignir þess hrökkvi ekki fyrir skuldum að loknum kröfulýsingarfresti. Þótt skilyrði 54. gr. frumvarpsins ættu almennt að koma í veg fyrir skilanefndarmeðferð, þegar svo er ástatt, verður ekki útilokað að áður ókunnar kröfur berist í kröfulýsingarfresti, eða að eignir hafi ekki reynst hafa það verðgildi, er í upphafi var ætlað. Reglur þessar eru einkum settar fram til verndar réttindum lánardrottna. Ákvæðum 6. mgr. er ætlað að fyrirbyggja misnotkun heimilda til skilanefndarmeðferðar og leiða til að ráðstöfunum skilanefndar megi rifta, ef bú félags verður síðar tekið til gjaldþrotaskipta og lánardrottnar kjósa þá leið fremur en að beita ábyrgðarreglu 7. mgr. 55. gr. frumvarpsins.

Um 58. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru samsvarandi ýmsum dreifðum ákvæðum XIV. kafla núgildandi laga um viðkomandi efni, og þykja ekki þarfnast sérstakrar skýringar.

Um 59. gr.

Í núgildandi lögum er ekki að finna ákvæði, er samsvarar 1. mgr., sem ætlað er að fyrirbyggja drátt á starfi skilanefndar. Telji ráðherra skýringar skilanefndar á drætti óviðunandi, getur hann neytt heimilda 6. mgr. 55. gr. frumvarpsins, og eftir atvikum fellt úr gildi löggildingu hennar og krafist þess að skiptaráðandi taki við meðferð slitanna.

Ákvæði 2. mgr. samsvara 121. gr. núgildandi laga.

Um 60. gr.

Grein þessi samsvarar 122. og 123. gr. núgildandi laga.

Um 61. gr.

Grein þessi samsvarar að mestu 125. gr. núgildandi laga.

Um 62. gr.

Grein þessi samsvarar 124. gr. núgildandi laga.

Um 63. gr.

Í gildandi lögum er kveðið á um, að ráðherra sé heimilt að veita almennan aðgang að hlutafélagaskrá, þ. m. t. reikningum hlutafélaga. Í frumvarpsgreininni er lagt til, að þessu ákvæði verði breytt á þann veg, að einungis verði heimilt að veita aðgang að ársreikningum þeirra félaga, sem ekki leggja hömlur á heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum sínum.

Í 105. gr. gildandi laga er mælt fyrir um, að eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings, þó ekki síðar en tíu mánuðum eftir lok reikningsárs, skuli staðfest endurrit hans ásamt endurskoðunarskýrslu hafa borist hlutafélagaskrá. Samkvæmt 114. gr. laganna skal hlutafélagi slitið að ákvörðun skiptaréttar, þegar ársreikningar hafa ekki verið sendir hlutafélagaskrá fyrir hin síðustu þrjú ár. Gætt hefur megnrar óánægju með ákvæði 145. gr. um opinberun ársreikninga. Ráðherra hefur enn ekki notað sér heimild til að veita almennan aðgang að ársreikningum, en óttinn við afleiðingar ákvörðunar hans um opinberun reikninga virðist hafa valdið því, að mikill meirihluti hlutafélaga hefur vanrækt að afhenda hlutafélagaskrá ársreikninga sína. Í bréfi Verslunarráðs Íslands til viðskiptaráðherra, dags. 5. júlí 1983, segir, að allmargir félagar V.Í. hafi haft samband við skrifstofu ráðsins vegna þess, að þeim hafi borist tilkynningar frá hlutafélagaskrá þess efnis, að þar sem þeir hafi ekki fylgt ákvæðum 105. gr. laganna um skil á ársreikningum, verði viðurlögum 114. gr. sömu laga beitt og hlutafélaginu slitið. Síðan segir: „Í öllum tilvikum hafa viðkomandi borið því við, að engin trygging sé fyrir því, að reikningarnir verði ekki hafðir almenningi til sýnis, en heimild er að finna fyrir því í 145. gr. laganna. Var það sameiginlegt álit þessara aðila, að sömu reglur ættu að gilda um meðferð þessara reikninga og gilda um meðferð skattframtala. Á þessu tvennu sé enginn eðlismunur.“ Í bréfinu bar V.Í. fram þá ósk, að 145. gr. laganna yrði komið í svipað horf og hér er lagt til. Um þetta efni farast Sigmari Ármannssyni, lögfræðingi, orð á þessa leið í Tímariti lögfræðinga, 2. tbl. 1980, þegar hann hefur kynnt reglur þær, sem gilda í Danmörku: „Málið horfir hins vegar við með öðrum hætti hér á landi, þar sem hlutafélög eru flest lítil og hluthafar fáir. Það telst til undantekninga, að hlutabréf slíkra félaga fari á almennan markað. Ekki er því ljóst, hvaða tilgangi það þjónar, að óviðkomandi aðilar geti af einskærri forvitni rannsakað rekstur slíkra hlutafélaga og sökkt sér ofan í gögn um félagið, sem varða einkamálefni þess. Viðsemjendum þessara fyrirtækja ætti að vera í lófa lagið að fá nauðsynlegar upplýsingar beint frá forráðamönnum fyrirtækjanna, áður en gengið er til samninga, og eftir atvikum hætt við fyrirhuguð viðskipti, fái þeir ekki fullnægjandi upplýsingar. Nauðsynlegu öryggi í viðskiptalífinu yrði því ekki stefnt í tvísýnu, þó að takmörkuð yrði heimild almennings til þess að kynna sér gögn í fórum hlutafélagaskrárinnar, eins og t. d. ársreikninga og endurskoðunarskýrslur. Vel getur þó verið, að annað eigi að gilda, þegar um tiltölulega stór almenningshlutafélög er að ræða.“ Síðar í sömu grein skrifar Sigmar: „Taka verður tillit til sérkenna íslenskra hlutafélaga og meta verður þær aðstæður, sem skapast í fámennu þjóðfélagi, þar sem allir þekkja alla. Ef hlutafélögin yrðu ein tekin út úr að þessu leyti, yrði einnig um að ræða augljósa mismunun milli félagsforma. Friðhelgi um einkamálefni hlutafélaga eða annarra félaga má ekki rjúfa, slíkt væri að brjóta meginreglur íslensks réttar.“

Að lagagreininni breyttri yrði öllum heimill aðgangur að ársreikningum þeirra hlutafélaga, sem ekki leggja hömlur á viðskipti með hlutabréf sín. Ætla verður, að þau félög, sem þannig háttar um, vilji veita almenningi sem fyllstar upplýsingar um rekstur sinn til þess bæði að greiða fyrir viðskiptum með hlutabréfin, sem úti standa, og til þess að auðvelda sölu hlutafjárauka. Hlutafélagaskrá þykir henta vel sem miðstöð fyrir slíka upplýsingamiðlun og gæti með tímanum gefið fólki kost á að kaupa endurrit af viðkomandi reikningum. Framvegis sem hingað til er gert ráð fyrir, að ofangreindum hlutafélögum sé skylt að

afhenda hlutafélagaskrá eintak af ársreikningum sínum. Með þeim einum hætti getur hlutafélagaskrá rækt hæfilegt eftirlit með starfsemi hlutafélaga. Af atriðum, sem unnt er að hafa gát á með aðstoð ársreikninga, má nefna: fjölda hluthafa og stjórnarmanna, tillag í lögbundinn varasjóð, úthlutun arðs og breytingar á hlutafé. Á það skal bent, að til að forðast tvíverknað kæmi til greina, að hluthafaskrá semdi við skattstjóra um, að embætti þeirra gerðu, t. d. á grundvelli úrtaka, nauðsynlega athugun á, hvort fylgt væri ákvæðum laga um ýmis efni, sem ársreikningar geyma upplýsingar um, svo sem um úthlutun arðs og um tillög í varasjóð.

Rétt þykir, að gerð sé nokkur grein fyrir þeim reglum, sem gilda í þessum efnum í nokkrum nágrannalandanna. Í Noregi, Svíþjóð og Danmörku er öllum hlutafélögum skylt að afhenda sérstakri miðstöð eintak af ársreikningi, sem almenningur á ótakmarkaðan aðgang að. Í Noregi getur þó konungur veitt vissum hlutafélögum undanþágu frá þeirri kvöð, að hann skuli vera almenningi til sýnis.

Í Bretlandi gildir sú almenna regla, að hlutafélög skulu senda til hlutafélagaskrár eintak af endurskoðuðum ársreikningi og ársskýrslu stjórnar, og er öllum heimill aðgangur að innsendum upplýsingum. Fyrir lítil og meðalstór „private companies“ eru hins vegar gerðar vissar mikilvægar undanþágur. Félag er lítið, ef það uppfyllir einhver tvö eftirtalinna skilyrða (1981 Act S8):

1) Velta þess fer ekki fram úr GBP 1 400 000 á ári,
2) niðurstöðutala efnahagsreiknings fer ekki yfir GBP 700 000,
3) meðalfjöldi starfsmanna fer ekki fram úr 50.

Árið 1982 var talið, að í Bretlandi væru um 500 000 lítil hlutafélög. Til þess að geta talist meðalstórt, verður hlutafélag að fullnægja einhverjum tveim eftirtalinna skilyrða: 1) Ársvelta þess fer ekki fram úr GBP 5 750 000; 2) niðurstöðutala efnahagsreiknings fer ekki upp fyrir GBP 2 800 000; 3) fjöldi starfsmanna fer ekki fram úr 250. Undanþágurnar, sem um er að ræða, ná ekki til banka, tryggingarfélaga og vissra skipafélaga. Lítið hlutafélag getur komist af með að senda hlutafélagaskrá útdrátt úr efnahagsreikningi, sem tekur aðeins til nokkurra mikilvægustu liða reikningsins. Það þarf hvorki að senda inn rekstrarreikning né ársskýrslu stjórnar. Fyrir meðalstórt fyrirtæki nægir, að útdráttur úr efnahagsreikningi svo og útdráttur úr rekstrarreikningi, séu látnir af hendi, og gerðar eru vægari kröfur um meðfylgjandi skýringar heldur en til stærri hlutafélaga.

Í Þýskalandi eru í sjálfum lögunum um GmbH engin ákvæði um skyldu til að afhenda stjórnvöldum ársreikninga hlutafélaga né heldur um birtingu þeirra. Í sérstökum lögum, sem nefnd hafa verið Publizitätsgesetz, eru hins vegar ákvæði, sem taka til hvers konar fyrirtækja, um skyldu til að birta ársreikninga, fari fyrirtæki yfir ákveðin stærðarmörk. Skylda til birtingar tekur til allra fyrirtækja sem uppfylla einhver tvö eftirtalinna skilyrða: Í samfellt þrjú rekstrarár 1) er niðurstöðutala efnahagsreiknings hærri en DEM 125 milljónir, 2) árssala fer fram úr DEM 250 milljónum og 3) að meðaltali vinna fleiri en 5000 menn hjá fyrirtækinu. Bankar og fjárfestingarfélög (Kapitalanlagegesellschaften) njóta þó ekki undanþágu samkvæmt þessari viðmiðun. Og sem aðilar að Efnahagsbandalagi Evrópu mun að því koma, að Þjóðverjar verði að laga reglur sínar um þessi efni að talsvert strangari sameiginlegum reglum bandalagsins.

Mörg önnur ríki hafa gert áþekkan mun á kröfum um upplýsingagjöf og um opinberun ársreikninga, þ. e. bæði eftir gerð og stærð hlutafélags. Sem dæmi má nefna Holland, Frakkland, Austurríki og Sviss.

Um 64. gr.

Hér er um að ræða breytingu á frumvarpi því, sem lagt var fyrir Alþingi 1986. Samkvæmt þessu getur ráðherra krafist þess að fá yfirlýsingu lögmanns eða löggilts endurskoðanda um að upplýsingar í tilkynningu um stofnun hlutafélags varðandi greiðslu hlutafjár séu réttar. Getur aukið öryggi verið fólgið í því að aðili utan stjórnar gefi slíka yfirlýsingu.

Um 65. gr.

Í 147. gr. laganna eru fyrirmæli þess efnis, að tilkynning um breytingu á samþykktum eða öðru því, sem tilkynnt hefur verið, skuli undirrituð af öllum stjórnarmönnum. Til að forðast vandræði, sem gætu hlotist af forföllum eða fjarvistum stjórnarmanna, er lagt til, að látið verði nægja, að slíkar tilkynningar skuli undirritaðar af meirihluta stjórnar eða af prókúruhafa. Telja verður, að með þessum breytta hætti yrði gætt nægilegs öryggis um áreiðanleika tilkynningar.

Í b-lið er um að ræða nýmæli miðað við tillögur nefndarinnar, er samdi lagafrumvarp þetta. Miðar það að því, að sem áreiðanlegastar upplýsingar liggi fyrir hverju sinni í hlutafélagaskrá, m. a. um heimilisföng félaga og stjórnarmanna, en mikið er leitað til skrárinnar um hvers kyns upplýsingagjöf, m. a. af hálfu opinberra aðila og lögmanna.

Um 66. gr.

Gerð er tillaga um orðalagsbreytingu, sem ekki þarfnast nánari skýringar.

Um 67.—68. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 69. gr.

Í ákvæði þessu er mælt fyrir um, hver verði áhrif þessa frumvarps, ef að lögum verður, á starfsemi skilanefnda sem þegar hafa verið löggiltar til að slíta félögum við gildistöku laganna. Er ætlunin með ákvæði þessu að reglur frumvarpsins um aðgerðir vegna lausnarbeiðni skilanefndarmanns og andláts komi þegar til framkvæmda, svo og þau úrræði ráðherra að geta áminnt skilanefnd og fellt löggildingu hennar úr gildi. Að öðru leyti ættu verklagsreglur 56.—62. gr. að koma til framkvæmda við störf þegar löggiltra skilanefnda að því leyti, að þær gildi um þá þætti meðferðar, sem eru óloknir við gildistöku laganna, en hrófli í engu við þegar loknum þáttum.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði þetta er byggt á tillögu skiptaráðenda og gerir ráð fyrir möguleika um nokkurra ára skeið á einfaldari aðferð til slita á hlutafélögum en er í gildandi lögum. Nokkur hluti þeirra um 6000 hlutafélaga, sem skráð eru hér á landi, hafa í reynd hætt starfsemi og má telja, að til bóta sé að gefa kost á slitum þeirra með tiltölulega einföldum hætti. Hin einfalda skipan félagsslita samkvæmt ákvæði þessu getur haft verulegan sparnað í för með sér, jafnt fyrir eigendur viðkomandi hlutafélags og hið opinbera.

Sþ. 137. Tillaga til þingsályktunar [132. mál]

um verndun ósonlagsins.

Flm.: Álfheiður Ingadóttir, Hjörleifur Guttormsson,
Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

1. að gera nú þegar ráðstafanir til að draga úr notkun ósoneyðandi efna hér á landi,
2. að hefja án tafar þátttöku í sameiginlegu átaki annarra Norðurlandaþjóða sem hafa sett sér það takmark að minnka notkun ósoneyðandi efna um 25% fyrir árið 1991 og um a.m.k. 50% fyrir árið 1999,
3. að efna til samstarfs opinberra stofnana og sérfræðinga í viðkomandi iðngreinum til að gera áætlun um hvernig draga megi úr og hætta notkun þessara efna hér á landi,
4. að staðfesta svo fljótt sem við verður komið Montreal-samninginn um verndun ósonlagsins frá 16. september 1987 og Vínarsáttmálann frá 22. mars 1985, um sama efni.

Greinargerð.

Umhverfisvernd er ásamt útrýmingu gereyðingarvopna brýnasta verkefni samtímans þar sem mennirnir ógna með tækni sinni og skeytingarleysi lífsskilyrðum á jörðinni.

Það er útbreiddur misskilningur að við Íslendingar þurfum ekki að hafa áhyggjur af loftmengun. Hér sé nóg af hreinu og tæru lofti, sjálfir séum við fáir og mengun af okkar völdum því smávægileg í samanburði við fjölmennar og fjarlægar iðnaðarþjóðir. Vindar sjái um þær mengunarvarnir sem við þörfnumst.

En Ísland er ekki eyland í þessu samhengi. Loftmengun virðir engin landamæri og eiturefni, sem stíga upp í háloftin héðan, hafa sama eyðingarmátt og þau sem koma annars staðar að.

Þær hættur, sem nú steðja að andrúmslofti og lífsskilyrðum allra jarðarbúa, eru svo miklar og fjölþættar að þær krefjast tafarlausra aðgerða allra þjóða. Þar mega Íslendingar ekki lengur sitja hjá.

Þetta á ekki síst við vaxandi eyðingu ósonlagsins sem fyrst var varað við á árinu 1974. Mál þetta var til umræðu á síðasta þingi (109. löggjafarþingi) í tilefni af þingsályktunartillögu Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur og fleiri þingmanna (382. mál).

Eyðing ósonlagsins.

Nú liggja fyrir vísindalegar sannanir sem ýmsir hafa talið skorta um eyðingarmátt svonefndra freona og halona á ósonlagið.

Í september sl. voru kynntar víðtækar rannsóknir bandarísku geimferðastofnunarinnar NASA á lofthjúpnum yfir Suðurskautslandinu þar sem vart hefur orðið árstíðabundins „gats“ í ósonlaginu undanfarin ár. Niðurstöður vísindamannanna 120 eru ógnvekjandi: Ósonmagnið yfir Suðurskautslandinu hafði minnkað um helming eða um 50% frá árinu 1979. Jafnframt mældist þar hundraðfalt meira magn af klórflúorkolefnum eða freonum en í tempraða beltinu. Nú telja vísindamenn engan vafa leika á samhenginu þarna á milli: Heildarþynning ósonlagsins, sem talin er nema 4–5% sl. 8 ár, stafar að verulegu leyti af keðjuverkandi sundrun ósonsameinda sem úrgangsefni frá iðnaði valda. Klórflúorkolefni eða freonar, sem stíga upp í háloftin úr úðabrúsum, einangrunarefni, svampi og kælikerfum,

brotna þar niður og klórið virkar sem hvati á eyðingu ósons: Það sundrar ósonsameindinni án þess sjálft að eyðast eða bindast henni, losnar jafnharðan frá aftur og getur þá ráðist að næstu ósonsameind. Þannig getur eitt klóratóm, sem losnar í háloftunum, sundrað 10–100 þúsund ósonsameindum áður en það loks berst niður í veðrahjúpinn og til jarðar með regni.

Skelfileg framtíðarspá.

Menn draga heldur ekki í efa varnaðarorð vísindamanna um þau djúptæku áhrif sem þynning ósonlagsins mundi hafa í för með sér fyrir lífríki jarðar.

Ósonlagið verndar yfirborð jarðar frá skaðlegum útfjólubláum geislum sólar. Talið er að 1% þynning ósonlagsins valdi 2% aukningu á skaðlegri geislun og þar með 4% aukningu á tíðni húðkrabbameina. Útfjólublá geislun er einnig mjög skaðleg gróðri í sjó og á landi. Einkum er þörungasvifið, undirstaðan í lífkeðju sjávar, næmt fyrir útfjólubláum geislum. Þynningu ósonlagsins fylgir einnig kólnun í háloftunum sem hefur áhrif á veðrahvolfið. Það er því ekki aðeins líkamleg heilsa manna sem er í hættu heldur lífsviðurværi þeirra og aðbúnaður. Aukin losun freona, koldíoxíðs, metans og ýmissa annarra úrgangsefna iðnaðarsamfélagsins upp í veðrahvolfið veldur hins vegar hækkandi meðalhita á jörðu niðri. Úrkomubelti og vindakerfi munu breytast og sjávarstaða mun hækka með bráðnun jökla. Þessi „gróðurhúsaáhrif“, sem svo hafa verið nefnd, stafa einkum af brennslu kola og olíu eða um 50%. Freonar eru taldir valda 30% af hitahækkuninni sem getur ein og sér ógnað heilsu jarðarbúa, uppskeru, fiski og dýralífi. Aðeins með sameiginlegu átaki allra þjóða er unnt að koma í veg fyrir að þessi skelfilega framtíðarspá rætist. Það má hins vegar ekki dragast því áhrifin af völdum efna sem við sleppum út í andrúmsloftið í dag verða merkjanleg næstu áratugi og aldir.

Montreal-samningurinn.

Þann 16. september 1987 var undirritaður í Montreal í Kanada alþjóðlegur samningur um verndun ósonlagsins og byggist hann á svonefndum Vínarsáttmála um verndun ósonlagsins frá 1985. Að Montreal-samningnum standa 24 þjóðir ásamt Efnahagsbandalagi Evrópu, þeirra á meðal Danir, Svíar, Norðmenn og Finnar. Samningurinn öðlast gildi 1. janúar 1989 ef a.m.k. 11 ríki, sem nota 67% af heimsframleiðslu átta mikilvirkustu freona og halona, hafa staðfest hann.

Tafla 1.

Efnin sem Montreal-samningurinn kveður á um.

Flokkar	Efni	Eyðingarmáttur *
Flokkur I	$CFCl_3$ (CFC-11)	1.0
Freonar	CF_2Cl_2 (CFC-12)	1.0
	$C_2F_3Cl_3$ (CFC-113)	0.8
	$C_2F_4Cl_2$ (CFC-114)	1.0
	C_2F_5Cl (CFC-115)	0.6
Flokkur II	CF_2BrCl (halon-1211)	3.0
Halonar	CF_3Br (halon-1301)	10.0
	$C_2F_4Br_2$ (halon-2402)	(hefur ekki verið metinn)

* Eyðingarmáttur efnanna er áætlaður og byggður á þeirri vitneskju sem fyrir liggur. Eyðingarmátturinn verður endurmetinn með reglubundnum hætti.

Takmark samningsins er að iðnaðarþjóðirnar noti sjö mánuðum eftir gildistöku hans ekki meira af freonum en þær gerðu á árinu 1986, að notkunin verði 20% minni á árinu 1994 og 50% minni á árinu 1999. Notkun halona, sem eru taldir margfalt skaðlegri, aukist ekki þegar 37 mánuðir eru liðnir frá gildistöku samningsins. Langtímamarkmiðið er að notkun ósoneyðandi efna verði hætt þar sem fyrir liggja vísindaleg rök um nauðsyn þess.

Frumkvæði Norðurlanda.

Aðdragandi þessa samnings er orðinn býsna langur og þar sem samningsumleitanir virtust hafa siglt í strand um síðustu áramót ákváðu umhverfismálaráðherrar Danmerkur, Svíþjóðar, Noregs og Finnlands að vinna sameiginlega að því að hætta notkun ósoneyðandi efna á Norðurlöndum eins fljótt og mögulegt væri. Þann 25. febrúar 1987 var skipuð sérstök vinnunefnd í þessu skyni á vegum embættismannanefndar um umhverfismál. Var nefndinni falið að kanna notkun freona í hverju landi fyrir sig og leitast við að svara spurningunni um það hvort unnt yrði að draga úr henni um 25% fyrir árið 1991.

Tafla 2.

Notkun freona (CFC) á Norðurlöndum.

	Danmörk	Noregur	Finnland	Svíþjóð
Heildarnotkun 1986	5.446 tonn	1.900 tonn*	3.400 tonn	4.900 tonn
Notkun á mann **	1,0 kg/mann	0,5 kg/mann	0,7 kg/mann	0,6 kg/mann
Einangrunarefni	54%	53%		41%
Harður svampur			41,4%	
Kælikerfi/varmadælur	15%	15%	13,1%	25%
Úðabrúsar	13%		29,5%	3%
Leysiefni	11%	9%	9,4%	7%
Mjúkur svampur	7%	15%	5,7%	13%
Kemísk hreinsun		3%	0,9%	7%
Umbúðir		2%		3%
Kæli- og frystiskápar		3%		

* Þar af 600 tonn í innfluttum iðnaðarvörum (kæli- og frystiskápar).
** Miðað við mannfjölda 1985.

Þann 7. október 1987 lágu fyrir jákvæð svör frá öllum löndunum fjórum á fundi umhverfismálaráðherranna sem hafa ákveðið að halda fast við fyrri áætlun þrátt fyrir Montreal-samninginn. Að mati ráðherranna ber Norðurlöndum að hafa frumkvæði að því að þróa leiðir til úrbóta og sýna fram á að mögulegt sé að draga hraðar úr notkun ósoneyðandi efna. Þannig geti Norðurlönd verið öðrum þjóðum fordæmi og hvatt aðrar þjóðir til að staðfesta og fylgja Montreal-samningnum.

Áfangarnir, sem ráðherranefndin mælir með, eru:

1. Að Norðurlöndin öll staðfesti Montreal-samninginn eins fljótt og auðið er til að alþjóðleg stýring og samdráttur náist í framleiðslu og notkun klórflúorkolefna.
2. Að Norðurlöndin minnki innflutning sinn á fimm skaðlegustu freonunum (CFC-11, CFC-12, CFC-113, CFC-114 og CFC-115) um 25% miðað við árið 1986, fyrir árið 1991.
3. Að Norðurlöndin minnki notkun efnanna um 50% miðað við árið 1986 eins fljótt og mögulegt er fyrir árið 1999.

4. Að löndin auki ekki innflutning sinn á halonunum 1211, 1301 og 2402 þar til ljóst er hvaða áhrif þeir hafa á ósonlagið og hvaða efni megi nota í þeirra stað.
5. Að löndin stefni að því að hætta algerlega notkun ósoneyðandi efna eins fljótt og auðið er.
6. Að löndin þrói önnur efni, vörur og nýja tækni í samvinnu yfirvalda og iðngreina.

Hlutur Íslendinga.

Íslendingar hafa ekki tekið þátt í þessu starfi á vegum Norðurlandaráðs, ekki safnað saman eða skilað inn upplýsingum um notkun þessara efna hér á landi né heldur áætlun um hvernig draga megi úr henni. Skýringin virðist fyrst og fremst vera að hér á landi er enginn ráðherra sem fer öðrum fremur með umhverfismál. Sá mikilvægi málaflokkur er dreifður og þar með hornreka í nær öllum ráðuneytum.

Það er hins vegar ekki um seinan að Ísland hefji virka þátttöku í þessu mikilvæga verkefni ef vilji Alþingis stendur til þess. Ekkert ætti að vera til fyrirstöðu hér á landi fremur en í hinum löndunum fjórum að draga verulega úr notkun þessara skaðlegu efna á næstu árum. Til þess þarf þó að vinna upp tímatapið með því að hraða könnun á notkun þessara efna hér á landi og tillögugerð um niðurskurð á henni. Nauðsynlegt virðist að fela einni stofnun, t.d. Hollustuvernd ríkisins, að stýra upplýsingaöfluninni svo og að setja á fót samstarfsnefnd úr viðkomandi iðngreinum og frá Iðntæknistofnun til að gera tillögur um hvernig settu marki um verndun ósonlagsins verður náð. Meðal ráðstafana sem grípa mætti til strax, sbr. 1. tölulið tillögunnar má nefna:

a. Að ríkisstjórnin stuðli að aukinni notkun CFC-22 í stað CFC-12 þar sem því verður við komið í kælikerfum og varmadælum, en CFC-22 hefur aðeins 9% eyðingarmátt á við CFC-12.
b. Að banna innflutning og framleiðslu á úðabrúsum sem innihalda freon sem úðunarefni.
c. Að stuðla að betri nýtingu og endurnotkun ósoneyðandi efna í plastiðnaði og auðvelda framleiðendum að taka í notkun önnur hættuminni blástursefni til svamp- og einangrunargerðar.
d. Að tryggja uppsöfnun, endurvinnslu og örugga förgun ósoneyðandi efna þar sem þau eru notuð sem leysiefni í iðnaði og fatahreinsun.
e. Að auka ekki frá því sem nú er innflutning á halonum til notkunar í eldvarnakerfum.

Eðlilegt virðist að huga fyrst að kælikerfum sem nota 13–25% umræddra efna annars staðar á Norðurlöndum og eru útbreidd og mikilvæg í fiskiðnaði okkar. Þar þarf að þróa aðferðir til að nýta CFC-22 í stað CFC-12 og finna ný og hættulaus efni sem koma í stað freons.

Þá er sársaukalaust með öllu að banna innflutning og framleiðslu úðabrúsa sem innihalda freon sem úðunarefni, enda hafa framleiðendur víða um heim hætt notkun freons til að geta boðið vöru sína á markaði í Bandaríkjunum, Kanada, Noregi og Svíþjóð, sem þegar hafa bannað notkun slíkra brúsa. Aðeins þetta tvennt, sem hér er talið, gæti orðið til þess að innflutningur og notkun þessara hættulegu efna drægist saman um fjórðung hér á landi.

Það hlýtur að vera lágmarksframlag okkar Íslendinga á næstu þremur árum til viðhalds lífi á þessari jörð.

Fylgiskjal I.

Sigurbjörg Gísladóttir
deildarefnafræðingur,
Hollustuvernd ríkisins.

Erindi flutt á opinni ráðstefnu Alþýðubandalagsins um umhverfismál.
(11. október 1987.)

Er ósonlagið að hverfa?

Í dag liggja ekki fyrir nægar upplýsingar til þess að hægt sé að svara afdráttarlaust spurningunni um það hvort ósonlagið sé að hverfa. Þær upplýsingar, sem nú liggja fyrir, sýna hins vegar að full ástæða er til þess að gera ráð fyrir þeim möguleika að mannkynið sé á góðri leið með að eyða ósonlaginu. Það er því ekki seinna vænna að draga úr þeim athöfnum sem eru líklegir orsakavaldar í þessu samhengi.

Óson er sameind (mólikúl), gert úr þremur súrefnisfrumeindum (atómum). Það myndast við efnahvarf milli súrefnissameindar og súrefnisfrumeindar.

$O_2 + O + M \longrightarrow O_3 + M$

Ósonlagið er í heiðhvolfinu. Það er talið ná frá veðrahvörfum í u.þ.b. 10–18 km hæð yfir jörðu og upp í u.þ.b. 40–50 km hæð. Mestur ósonstyrkurinn er í u.þ.b. 18–26 km hæð eftir breiddargráðum, lækkandi í átt til pólanna. Magnið er mismunandi eftir árstímum og breiddargráðum. Mest mælist það á vorin. Heildarósonmagnið er lítið. Meðalósonmagnið í heiðhvolfinu jafngildir 2–5 mm þykku loftlagi við yfirborð jarðar. Menn hafa, allt frá því að þeir uppgötvuðu ósonlagið fyrir u.þ.b. 60–70 árum og gerðu sér grein fyrir mikilvægi þess, haft áhyggjur af hugsanlegum breytingum.

Ósonlagið í andrúmsloftinu ver lífið á jörðinni fyrir skaðlegri útfjólublárri geislun frá sólinni. Reiknað hefur verið út að 1% þynning ósonlagsins valdi u.þ.b. 2% aukningu í útfjólublárri geislun á jörðu niðri. Afleiðingin af því gæti verið 4% aukning á húðkrabbameini. Ljósgleypni ósonlagsins veldur upphitun í heiðhvolfinu og hefur áhrif á veðurfar á jörðinni.

Efni, sem þekkt er að hafi áhrif á ósonlagið, eru meðal annars: Freon og önnur klórflúorkolefni, aðallega notuð í úðabrúsum, í kælikerfi og ákveðna tegund plastframleiðslu. Halon, kolefnasambönd sem innihalda bróm. Þau eru talin mun virkari skaðvaldar en klórflúorkolefnin, notkun er aðallega bundin við slökkvitæki og kælibúnað. Algerlega halogeneruð kolefnasambönd eru mun skaðlegri en þau efni sem innihalda vetni.

Klórflúorkolefni hafa verið notuð síðastliðin 40 ár. Undanfarin ár hefur notkun aukist talsvert. Aukningin á sér ekki síst stað í þróunarlöndunum vegna aukinnar tæknivæðingar. Ársframleiðsla í heiminum er af stærðargráðunni megatonn.

Klórflúorkolefni og halon brotna seint niður í gufuhvolfinu. Talið er að það taki tugi eða jafnvel hundruð ára eftir því hvert efnið er. Áhrifa þeirra efna, sem nú þegar hafa borist út í umhverfið, mun því gæta í fjölda ára. Það eru niðurbrotsefni klórflúorkolefna og halona sem hvarfast við óson og eyða því. Efnin virka sem hvatar í efnahvörfum við óson og geta því hvarfast við og eyðilagt fjölda ósonsameinda áður en þau verða óvirk.

Af öðrum athöfnum, sem hafa áhrif á ósonlagið, má m.a. nefna:

Kjarnorkusprengingar.

Flug hljóðfrárra þotna.

Aukna framleiðslu köfnunarefnisoxíða, metans og koloxíða.

Mælingar á heildarósonmagninu undanfarin ár benda til þess að ósonlagið hafi minnkað um u.þ.b. 3% á árunum 1980–1985. Þessi breyting er meiri en nemur óvissu í mælingunum. Erfitt er hins vegar að segja til um það hvort hér er um að ræða eðlilegar, náttúrulegar sveiflur eða áhrif mengunar af mannavöldum. Meðfylgjandi mynd sýnir breytingar sem mælst hafa á ósonlaginu undanfarin 30 ár með svonefndum Dobson-mælingum. Með þeirri aðferð má mæla heildarósonmagnið.



Mynd 1 sýnir þykkt ósonlagsins sem hlutfallslegt frávik frá meðaltali áranna 1955–1985 yfir norður- og suðurhveli jarðar og loks heildarþykkt ósonlagsins yfir jörðu.



Mynd 2 sýnir meðalþykkt ósonlagsins yfir jörðu í októbermánuði árin 1979–1986. Þykktin er mæld í Dobson-einingum og er mest yfir 60. breiddarbaug (340–425 Dobson) og minnst yfir suðurpólnum (170–300 Dobson).

Það hefur áður mælst þynning á ósonlaginu, t.d. í kringum 1960. Módelreikningar benda til að það eigi sér stað reglubundnar sveiflur í ósonmagninu. Kenningar eru um að þær fylgi 11 ára sveiflu í geislun sólar. Hámarksgildi hafa mælst um 1958–1959, 1970 og 1981. Köfnunarefnisoxíðmagnið í andrúmsloftinu er einnig breytilegt og virðist fylgja sams konar 11 ára sveiflu. Útreikningar benda til að köfnunarefnisoxíðmagnið í andrúmsloftinu hafi aukist í kringum 1960 vegna kjarnorkusprenginga í andrúmsloftinu um það leyti. Þetta gæti að hluta skýrt þá þynningu sem mældist á ósonlaginu upp úr 1960.

Ósonmælingar í mismunandi fjarlægð frá jörðu sýna að ósonið hefur minnkað marktækt síðustu 15 ár í heiðhvolfinu, en aftur á móti hefur ósonmagnið í veðrahvolfinu aukist um allt að 20% undanfarin 20 ár eða u.þ.b. 1% á ári. Jafnvel þó að þessi aukning sé aðeins brot af ósonmagninu í veðrahvolfinu (undir 10%), þá hefur þetta áhrif á heildarósonmagnið. Aukning nálægt jörðu er vegna mengunar.

Eitt af því sem hefur beint athygli manna að ósonlaginu undanfarin ár eru mælingar á þykkt ósonlagsins yfir Suðurskautslandinu. Þar hefur mælst frá árinu 1979 umtalsverð þynning á vorin (september, október), svokallað ósongat. Þetta svæði hefur verið að stækka undanfarin ár.

Þynningin mælist í u.þ.b. mánuð á ári, en síðan virðist ástandið verða nokkuð eðlilegt aftur. Menn eru ekki sammála um það hver ástæðan er fyrir þessu, en ýmsar kenningar hafa

verið settar fram. Menn hallast helst að því nú að orsökin sé mengun. Lágt hitastig og ískristallar hafi áhrif á efnahvörf þannig að óeðlilega mikið af hvarfgjörnum klórefnasamböndum sé í andrúmsloftinu yfir Suðurskautslandinu á vorin þegar sólin fer að skína og loftið hitnar. Þróunin yfir Suðurskautslandinu hefur gengið mun hraðar fyrir sig en menn gerðu ráð fyrir að væri mögulegt. Menn hafa því áhyggjur af því að eitthvað svipað gæti gerst annars staðar.

Grunur leikur á að losun klórflúorkolefna í andrúmsloftið eigi umtalsverðan þátt í þeirri þynningu sem mælst hefur á ósonlaginu undanfarin ár. Það virðist því vera afgerandi fyrir varðveislu ósonlagsins að draga úr notkun klórflúorkolefnasambanda og halona.

Ef losun þessara efna út í andrúmsloftið heldur áfram í sama mæli og gert er í dag er talið að heildarósonmagnið minnki aðeins um fáein prósent. Aukning gæti hins vegar haft afdrifaríkar afleiðingar. Ástæðan fyrir því að áhrifin eru ekki talin verða meiri ef losun stendur í stað er að andstæð áhrif verða af öðrum mengunarefnum, aðallega koldíoxíði og metani. Dreifing ósons í gufuhvolfinu yrði þó önnur. Líkur eru á að ósonmagnið minnki í heiðhvolfinu, en aukist við yfirborð jarðar.

Rétt er að nefna í þessu samhengi að aukning ósons við yfirborð jarðar er ekki æskileg. Mörg dæmi eru þekkt um gróðurskaða vegna ósons og undanfarin ár hafa augu manna í auknum mæli beinst að ósoni meðal þeirra efna er valda skaða á skógum Evrópu.

Samningar, aðgerðir.

Eins og áður hefur komið fram eru sterkar líkur á því að klórflúorkolefni og samsvarandi brómefnasambönd hafi nú þegar haft áhrif á þykkt ósonlagsins. Til þess að koma í veg fyrir alvarlegar afleiðingar sem hlotist geta af áframhaldandi þynningu ósonlagsins er nauðsynlegt að bregðast strax við og koma í veg fyrir aukningu og síðan draga úr notkun þeirra efna sem geta valdið þessum áhrifum. Fáein lönd hafa bannað notkun klórflúorkolefna í úðabrúsa. Til þess að gagn sé að slíkum aðgerðum verða þær að vera alþjóðlegar.

Í mars 1985 var samþykktur Vínarsáttmálinn um verndun ósonlagsins á vegum Umhverfismálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Í framhaldi af þessum sáttmála var gerður samningur í Montreal í september sl. um takmörkun á notkun og framleiðslu klórflúorkolefna og halona.

Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 1989, svo fremi að hann verði samþykktur af 11 þjóðum sem jafnframt eru fulltrúar fyrir þjóðir sem nota a.m.k. 67% af áætlaðri heildarframleiðslu viðkomandi efna, miðað við árið 1986. Samningurinn gerir ráð fyrir að notkun þessara efna aukist ekki frá því sem var árið 1986. Árið 1993 er gert ráð fyrir að draga úr notkun um 20% miðað við árið 1986 og árið 1998 er gert ráð fyrir að notkun hafi dregist saman um 50%.

Niðurlag.

Ósonmagnið í heiðhvolfinu virðist minnka hraðar en menn gerðu áður ráð fyrir. „Ósongatið" yfir Suðurskautslandinu á vorin stækkar og dýpkar með hverju ári. Ekki er þó útilokað að eitthvað svipað hafi gerst áður. Menn óttast að þróun í svipaða átt geti átt sér stað á norðurheimskautssvæðunum. Áhrif slíkrar þróunar yrðu alvarlegri en á Suðurskautslandinu vegna þéttari byggðar á norðlægum breiddargráðum. Hættan, sem fylgir þynningu ósonlagsins, er þess eðlis að þó að við getum aðeins leitt að því ákveðnar líkur að heildarþynning ósonlagsins eigi sér stað verður að spyrna við fótum og draga úr notkun þeirra efna sem við vitum að valda skaða.

Áhrif þeirra efna, sem við sleppum út í andrúmsloftið í dag, verða merkjanleg næstu áratugi og aldir.

Fylgiskjal II.

08.10.87

FELLES NORDISK REDUKSJONSPLAN FOR CFC

Vedtak på ministermøtet 7. oktober 1987 og underlag for vedtaket

---

Nordisk Ministerråd (miljøvernministrene), på møte 7. oktober 1987 i Stockholm, har vedtatt:

Nordisk Ministerråd (miljøvernministrene) har tidligere gitt uttrykk for sin bekymring over at utslippene av en del kjemiske stoffer bryter ned jordas beskyttende ozonlag. Nylig er det undertegnet en internasjonal protokoll til Wien-konvensjonen om beskyttelse av ozonlaget, som når den følges opp, på kort og lang sikt vil føre til betydelige reduksjoner i utslipp, og på basis av den eksisterende kunnskap, forebygge en global ozonnedbrytning på lang sikt.

Nordisk Ministerråd viser til at resolusjonene både i forbindelse med undertegning av Wien-konvensjonen og Montreal-protokollen anbefaler landene å redusere forbruket av ozonreduserende stoffer så raskt som mulig.

Nordisk Ministerråd mener, at de nordiske land bør gå foran ved å anvise veier til og om mulig gjennomføre en raskere reduksjon enn den som er avtalt i Montreal protokollen.

Begrunnelsen er bl.a. at de nordiske land derigjennom kan gi et eksempel overfor andre land hvordan reduksjoner kan gjennomføres i praksis, slik at det som minimum sikres, at Montreal-protokollen gjennomføres i så mange land som mulig.

Nordisk Ministerråd anbefaler/tilrår:

- at alle de nordiske land ratifiserer Montreal-protokollen om reduksjon av CFC-utslippene så raskt som mulig, slik at en internasjonal frys av forbruk og produksjon inntrer så raskt som mulig,

- at landene innen 1991 reduserer sitt totale forbruk av stoffene CFC 11, 12, 113, 114 og 115 *) med 25% av 1986 års forbruk,

- at landene reduserer sitt forbruk av disse stoffene med 50% av 1986 års forbruk så snart som mulig før 1998/99,

- at landene fryser sitt forbruk av halonene 1211, 1301 og 2402 så snart som mulig inntil det er klarlagt hvilke effekter de har på ozonlaget og hvordan de kan erstattes,

- at landende sikter mot en eliminering av forbruket av ozonreduserende stoffer så snart som mulig,

- at landene utvikler alternative stoffer, produkter og prosesser i et samarbeid mellom myndigheter og industri.

Landene bør påse at nasjonale tiltak for å nå målsettingene ikke motvirker tiltak i andre land, og de bør så langt som mulig koordinere og harmonisere tiltakene med hverandre.

Embetsmannskomitéen for miljøvernspørsmål (EK-M) gis ansvar for å følge opp planen i praksis bl.a. i form av nordisk samarbeid, slik det er beskrevet i Ministerrådets beslutning av 25.2.87.

Ministerrådet er klar over at det er en forutsetning for å nå de fastsatte målene med reduksjonsplanen at det stilles tilstrekkelige ressurser til rådighet og anbefaler landene å sørge for tilstrekkelig personell og økonomi.

---

*) målt som import av rent kjemisk stoff (bulk).

1. MANDAT

De nordiske miljøvernministre vedtok at landene skulle utarbeide underlag for å fastslå om CFC-forbruket kan reduseres med 25% innen 1991 med sikte på en felles nordisk reduksjonsplan.

1.1 Bakgrunn

Med bakgrunn i sin bekymring for at utslippet av CFC (= KFK = "freon" = chlorofluorocarbons = klorfluorkarboner m.v.) bryter ned jordas ozonlag vedtok nordisk ministerråd (miljøvernministrene) på sitt møte 25 februar 1987 bl.a:

"- at hvert av de nordiske landene fram til neste ministerrådsmøte (miljøvernministrene), høsten 1987, skal utarbeide nødvendig underlagsmateriale for å kunne fastslå om 25% reduksjon av CFC-forbruket kan gjennomføres innen 1991 med sikte på å utarbeide en felles nordisk reduksjonsplan.

- å søke og koordinere eksisterende og framtidige nasjonale tiltak hvor nordisk felles handling vil medføre at tiltakene får større effekt. I tillegg bør det vurderes om samarbeidet kan redusere ulempene av tiltak for industrien eller brukere i betydelig grad.

- å koordinere nasjonale og nordiske forsøk på å utprøve alternativ teknologi, renseteknologi, gjennvinning o.l. som kan redusere utslippene av alle ozonreduserende stoffer, (herunder haloner) og å utveksle kunnskap om slike teknologier.

- å styrke og utvide det nordiske forskningssamarbeidet om modellberegninger, observasjoner samt effekter på mennesker og miljø av ozonreduksjon, og å kartlegge omfanget av slike effekter."

Embetsmannskomiteen for miljøvernspørsmål (EK-M) ble bedt om å utarbeide et konkret forslag til en fellesnordisk reduksjonsplan til ministerrådsmøtet 7. oktober 1987.

./. Det vises til vedlegg 1. som gjengir hele vedtaket til miljøvernministrene.

For å utarbeide forslag til en fellesnordisk reduksjonsplan har EK-M oppnevnt en ad-hoc gruppe med 1 person fra hvert
./. av de nordiske land. Vedlegg 2. gir sammensetningen av gruppen.

1.2 Fortolkningen av mandatet

Vi har forutsatt at innholdet i en slik plan skal være felles overordnede målsettinger for nedtrapping, og ikke en felles nordisk måte å gjennomføre tiltak på.

2. NASJONALE REDUKSJONSMULIGHETER OG UNEP-PROTOKOLLEN

Nasjonale redegjørelser tyder på at det i prinsippet er mulig å få til en reduksjon av CFC-forbruket på ca. 25% innen 1991/92 i Norden, men at dette eventuelt kan føre til tap av kapital og arbeidsplasser på kort sikt.

2.1 Nasjonale vurderinger av reduksjonsmuligheter;

2.1.1 Danmark

Danmark oppfatter det som mulig at opnå en 25% reduktion af 1986-forbruget inden 1991/92, når blot tilstrækelige resurser sættes ind, herunder omkostninger for erhvervslivet og/eller befolkningen, der i sidste ende må bære forøgelse af omkostninger.

I Danmark forbrugtes i 1986, 5.446 ton fuldt halogenerede CFC som råvare. Anvendelsesområderne var:

- isolasjonsskum	] 54 %
- andet hårdt skum	
- varmeoverføringsmedium	15 %
- spraydåser	13 %
- opløsningsmiddel	11 %
- blødt skum	7 %

På kort sigt (under 10 år) vil metoderne til reduktion af forbruket sandsynligvis omfatte et udvalg av følgende muligheter:

- isolationsskum:	- indsamling og destruktion
- andet hårdt skum samt blødt skum:	- forbud mod CFC-anvendelse/ genvinding og genanvendelse
- varmeoverføringsmedium:	- opsamling og genanvendelse
- spraydåser:	- forbud mod CFC-anvendelse
- opløsningsmiddel:	- opsamling og genanvedelse/ destruktion

Som supplerende eller alternativt styringsmiddel kan afgifter på CFC evt. komme på tale.

På lang sigt (over 10 år) vil anvendelse af alternative CFC:er på mange af anvendelsesområderne vare en vesentlig metode til reduktionen af CFC-forbruget.

Herudover vil der kunne blive tale om alternative produkter og processer, herunder f.ex. vacuumisolering og vandbaserede opløsningsmiddelsystemer.

2.1.2 Finland

I Finland är det möjligt att minska CFC-bruket med 25 % före 1991. Under åren 1983 - 1986 har totalanvändningen varit omkring 3400 ton per år. Användningen är anslått till:

hård skum	41,4 %
aerosoler	29,5 %
köldmedler	13,1 %
avfettning	9,4 %
mjuk skum	5,7 %
kemtvätt	0,9 %

Fjármálaráðherra er heimilt að endurgreiða, lækka eða fella niður bifreiðagjald af bifreiðum sem eru í eigu öryrkja er notið hafa styrks til bifreiðakaupa samkvæmt reglugerð nr. 170/1987.

4. gr.

Við árlega aðalskoðun bifreiðar, sem gjaldskyld er samkvæmt þessum kafla, skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á að greitt hafi verið af henni gjaldfallið bifreiðagjald. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á bifreiðinni, taka af henni skráningarmerki og afhenda þau lögreglustjóra. Lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu bifreiðagjaldsins.

Skráning eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram nema gjaldfallið bifreiðagjald hafi áður verið greitt af henni.

Ef bifreiðagjald er ekki greitt fyrir eindaga skal lögreglustjóri, eftir kröfu innheimtumanns, taka af bifreiðinni skráningarmerki til geymslu svo sem að framan segir.

5. gr.

Bifreiðagjald skv. 2. gr. og lágmarksgjald skv. 3. gr. eru grunngjöld. Fjármálaráðherra er heimilt að hækka gjöld þessi í réttu hlutfalli við hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 42/1987. Grunngjöld bifreiðagjalds og lágmarksgjalds eru miðuð við vísitölu 1. júlí 1987, þ.e. 100 stig.

6. gr.

Sé bifreiðagjald ekki greitt í síðasta lagi á eindaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga.

7. gr.

Innheimtu bifreiðagjalds annast lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því sem fjármálaráðherra ákveður. Heimilt er að fela Bifreiðaeftirliti ríkisins innheimtu bifreiðagjalds.

Bifreiðagjald nýtur lögtaksréttar.

8. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þessa kafla í reglugerð.

II. KAFLI

Um sérstakan söluskatt.

9. gr.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakan söluskatt af innlendum viðskiptum og innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda eins og nánar er mælt fyrir um í þessum kafla.

10. gr.

Af andvirði seldrar vöru, þar með talin úttekt til eigin nota, af innfluttum vörum til eigin nota er um ræðir í 1. tölul. 11. gr. og af endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi eða þjónustu er um ræðir í 2. tölul. 11. gr., skal greiða sérstakan söluskatt er nemur 10% — tíu af hundraði —

11. gr.

Af sölu eftirtalinnar vöru og þjónustu skal greiða sérstakan söluskatt:

1. Vöru sem um ræðir í I. til og með IV. flokki 1. gr. tollskrárlaga nr. 120/1976, með síðari breytingum, og ætlaðar eru til manneldis. Þó skal ekki greiða sérstakan söluskatt af framangreindum vörum séu þær söluskattsskyldar samkvæmt lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

2. Þjónustu lögfræðinga, löggiltra endurskoðenda, verkfræðinga, tæknifræðinga, viðskiptafræðinga, arkitekta og annarra hliðstæðra aðila. Sama á við um bókhaldsþjónustu, framtalsaðstoð, tölvuvinnslu, þar með talin þjónusta kerfisfræðinga, hvers konar ráðgjöf, þjónustu fasteignasala, seljenda notaðra bifreiða og auglýsingaþjónustu, þ.e. gerð, miðlun og ráðgjöf varðandi auglýsingar. Þó skal ekki greiða sérstakan söluskatt af þjónustu lækna, tannlækna og annarri eiginlegri heilbrigðisþjónustu, svo og þjónustu presta og útfararþjónustu.

12. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að fella niður sérstakan söluskatt af einstökum matvörum eða matvöruflokkum, drykkjarvörum eða drykkjarvöruflokkum, sbr. 1. tölul. 11. gr. Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar niðurfellingar, svo og um bókhald og framtal þeirra sem versla með þessar vörur. Jafnframt getur hann sett fyllri ákvæði um skattskyldu skv. 2. tölul. 11. gr.

13. gr.

Ákvæði laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, og reglugerðum settum samkvæmt þeim, þar á meðal um refsingar, skulu gilda eftir því sem við á um sérstakan söluskatt.

14. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þessa kafla í reglugerð.

III. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

15. gr.

69. gr. A laganna orðist svo:

Vegna barna, sem um ræðir í 69. gr., skal ríkissjóður greiða framfæranda barns auk barnabóta sérstakan barnabótaauka enda séu skilyrði 3. og 4. mgr. uppfyllt.

Sérstakur barnabótaauki skal óskertur nema 30 000 kr.

Barnabótaauki skv. 2. mgr. vegna barna sem eru á framfæri hjóna, sbr. 63. gr., skal skerðast um 7,5% af því sem samanlagður útsvarsstofn hjónanna fer fram úr 505 000 kr. uns hann fellur niður er samanlagður útsvarsstofn hjóna nær 905 000 kr. Á sama hátt skal barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra skerðast um 7,5% af því sem útsvarsstofn foreldris fer fram úr 344 250 kr. uns hann fellur niður er útsvarsstofn foreldris nær 744 250 kr.

Barnabótaauki vegna barna á framfæri hjóna skerðist um 1,5% af því sem eignarskattsstofn hvors hjóna um sig fer fram úr 1 568 250 kr. uns hann fellur niður er eignarskattsstofn hvors hjóna nær 2 568 250 kr. Á sama hátt skerðist barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra um 3,0% af því sem eignarskattsstofn foreldris fer fram úr 2 091 000 kr. uns hann fellur niður er eignarskattsstofn foreldris nær 3 091 000 kr.

Um barnabótaauka, þar á meðal um ráðstöfun hans, skulu að öðru leyti gilda ákvæði 69. gr.

IV. KAFLI

Um skatt af erlendum lánum, leigusamningum o.fl.

16. gr.

Innlendir aðilar skulu greiða skatt til ríkissjóðs af erlendum lántökum, fjármagnsleigu, kaupleigu og hliðstæðum samningum, að því marki sem umsamdar lántökuheimildir eru notaðar, eins og nánar er mælt fyrir um í þessum kafla.

Innlendir aðilar skv. 1. mgr. eru einstaklingar, búsettir hér á landi, án tillits til ríkisfangs, fyrirtæki sem eru skrásett hér á landi, og erlendir einstaklingar og fyrirtæki, búsettir eða skrásett erlendis að því leyti sem þau reka starfsemi hér á landi.

Skattskyldan hvílir á lántökum og leigutökum og skal hún nema 1% af höfuðstól lánseða leigusamninga með gildistíma til allt að 6 mánaða, 2% af samningum með gildistíma frá 6 mánuðum til 12 mánaða og 3% af samningum með gildistíma yfir 12 mánuði.

Skattskylda samkvæmt þessari grein nær einnig til samninga um afhendingu í fríðu, þ.e. með vörum, þjónustu eða framkvæmdum.

Samanlagður samningstími skattskyldra láns- og leiguviðskipta samkvæmt kafla þessum segir til um í hvaða gjaldflokk þau falla.

17. gr.

Banki eða sparisjóður, sem hefur milligöngu um gerð eða framkvæmd skattskyldra samninga samkvæmt 16. gr., skal innheimta skatt samkvæmt þessum kafla án endurgjalds. Greiðsla skattsins skal eiga sér stað eigi síðar en við fyrstu afhendingu samningsandvirðis.

Innheimtum skatti skulu bankar og sparisjóðir skila inn á reikning ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands fyrir 10. dag næsta mánaðar eftir að innheimtan á sér stað. Greiðslu skal fylgja skilagrein í því formi og með þeim gögnum sem Seðlabanki Íslands ákveður.

Skili bankar og sparisjóðir ekki innheimtum skatti hvers mánaðar í síðasta lagi á gjalddaga skulu þeir greiða dráttarvexti, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, af hinni vangoldnu fjárhæð frá og með þeim degi.

18. gr.

Sé skattskyldur samningur skv. 16. gr. gerður án milligöngu banka eða sparisjóðs skal skuldari leggja fram samningsskjöl í Seðlabanka Íslands innan fimm virkra daga frá því að samningur var gerður og greiða skattinn um leið. Greiði þeir sem um ræðir í þessari grein ekki skattinn innan tilskilins frests skal þeim gert að greiða álag er nemi 5% af þeirri fjárhæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir gjalddagann, þó ekki hærra en 25%. Eftir það skulu þeir greiða dráttarvexti, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, er reiknast skulu frá og með 15. degi næsta mánaðar eftir gjalddagann.

Yfirfærsla gjaldeyris í banka eða sparisjóði vegna skattskyldra samninga samkvæmt ákvæðum þessa kafla er óheimil nema skattur hafi verið greiddur.

19. gr.

Ríkissjóður skal undanþeginn skatti samkvæmt þessum kafla svo og stofnanir hans og ríkisfyrirtæki eftir því sem ráðherra kann að ákveða með reglugerð.

Skattskyld lán, sem fara til endurlána sem afurðalán vegna útflutningsframleiðslu, eru undanþegin skatti skv. 16. gr. Fjármálaráðherra kveður nánar á um undanþágu þessa í reglugerð.

Undanþegnar skatti eru skuldbreytingar milli sömu aðila á samsvarandi samningsfjárhæð útistandandi viðskipta er stofnað var til fyrir gildistöku laga þessara enda fari hún fram fyrir 1. júlí 1988.

Heimflutningur lánsandvirðis, sem er í reiðufé, skal fara um hérlendan banka eða sparisjóð.

20. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd kafla þessa. Getur hann m.a. kveðið á um að skattgreiðslum megi skipta í fleiri en eina greiðslu til samræmis við afhendingartíma samningsandvirðis sé það reitt af höndum í áföngum.

V. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, með síðari breytingum.

21. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Hver sá, sem ríkissjóður gengur í einfalda ábyrgð fyrir, skal greiða honum áhættugjald um leið og ábyrgð er tekin sem nema skal 1,5% af ábyrgðarupphæð.

Taki ríkissjóður á sig sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr., skal greiða áhættugjald er nemi 2,0% af ábyrgðarupphæð um leið og ábyrgð er veitt.

VI. KAFLI

Um ábyrgðargjald.

22. gr.

Bankar, lánasjóðir, lánastofnanir, fyrirtæki og aðrir þeir aðilar, sem lögum samkvæmt njóta ábyrgðar ríkissjóðs hvort sem hún byggist á eignaraðild ríkissjóðs eða öðru, skulu greiða 0,0625% ábyrgðargjald til ríkissjóðs af skuldbindingum sínum í erlendum gjaldeyri, þar með taldar ábyrgðir, eins og höfuðstóll þeirra er að meðaltali á hverju gjaldtímabili, sbr. þó 24. gr. Lántökur, sem áhættugjald hefur verið greitt af skv. 4. gr. laga nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, sbr. V. kafla þessara laga, eru undanþegnar gjaldi þessu.

Ábyrgðargjald skv. 1. mgr. skal greiða ársfjórðungslega eftir á, í fyrsta sinn vegna 3. ársfjórðungs 1987. Gjalddagi vegna hvers ársfjórðungs er 15. dagur næsta mánaðar eftir að gjaldtímabili lýkur. Sé ábyrgðargjald ekki greitt á gjalddaga skal greiða dráttarvexti, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, af því sem ógreitt er.

23. gr.

Seðlabanki Íslands annast útreikning og álagningu ábyrgðargjalds skv. 22. gr. Ríkisábyrgðasjóður hefur með hendi innheimtu gjaldsins og skilar því í ríkissjóð.

24. gr.

Afurðalán vegna útflutningsframleiðslu skulu undanþegin ábyrgðargjaldi skv. 22. gr.

Seðlabanki Íslands er undanþeginn ábyrgðargjaldi skv. 22. gr.

25. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd gjaldtöku samkvæmt ákvæðum þessa kafla, þar á meðal um upplýsingaskyldu gjaldskyldra aðila, útreikninga, álagningu og innheimtu.

VII. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o.fl., með síðari breytingum.

26. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. gr. tollskrárlaga:

a. Við tollskrárnr. 87.02.14 bætast orðin: „þó ekki fjórhjól".
b. Við nr. 87.02 bætist nýr skiptiliður, 18, er orðist svo:

18 – –	Fjórhjól, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	90%

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

27. gr.

Ákvæði XII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um refsingar vegna brota gegn ákvæðum IV. kafla laga þessara.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þó skulu ákvæði 1. tölul. 11. gr. ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. ágúst 1987. Þá skulu ákvæði 2. tölul. 11. gr. ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. september 1987.

Ákvæði III. kafla laganna skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1987 vegna tekna á árinu 1986 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Vegna tímabilsins 11. júlí til 31. desember 1987 skal greiða bifreiðagjald er nemi 2 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiðar. Gjaldið skal þó aldrei vera lægra en 1000 kr. og aldrei hærra en 5000 kr. Gjalddagi bifreiðagjalds samkvæmt þessu bráðabirgðaákvæði er 15. október 1987 og eindagi 30. nóvember 1987. Ákvæði I. kafla laga þessara skulu að öðru leyti gilda um bifreiðagjald samkvæmt bráðabirgðaákvæði þessu eftir því sem við getur átt.

II

Hafi fyrir gildistöku laga þessara, sbr. 2. mgr. 28. gr., verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu sem skattskyld er skv. II. kafla laga þessara, en afhending hins selda fer fram eftir gildistöku þeirra, skal skila sérstökum söluskatti, sbr. II. kafla laganna, af þessum viðskiptum í ríkissjóð. Kaupanda ber í þessum tilvikum að greiða seljanda viðbót við samningsgreiðsluna er svarar sérstökum söluskatti nema sannað sé að skatturinn hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

III

Allir þeir, sem stunda starfsemi sem skattskyld er skv. 1. tölul. 11. gr. laga þessara, skulu tilkynna skattstjóra, þar sem þeir eru heimilisfastir, fyrir 1. ágúst 1987 um rekstur sinn eða starfsemi. Þeir sem stunda starfsemi sem skattskyld er skv. 2. tölul. 11. gr. laga þessara skulu á sama hátt tilkynna starfsemi sína fyrir 20. ágúst 1987. Ákvæði 11. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skulu að öðru leyti gilda um tilkynningar samkvæmt þessu bráðabirgðaákvæði.

Aðilar, sem um ræðir í 1. mgr., er tilkynnt hafa skattstjóra um söluskattsskylda starfsemi sína skv. 11. gr. laga nr. 10/1960, eru undanþegnir tilkynningarskyldu skv. 1. mgr.

IV

Nú hefur innflytjandi, áður en lög þessi ganga í gildi, afhent skjöl til tollmeðferðar sem að öllu leyti eru fullnægjandi til þess að unnt sé að tollafgreiða vöru, sem gjaldskyld er skv. 1. tölul. 11. gr., þegar í stað og skal þá ekki innheimtur sérstakur söluskattur af henni við tollafgreiðslu, sbr. 13. gr. laga þessara og j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir 10. ágúst 1987.

Innflytjendur vöru, sem um ræðir í VII. kafla og hafa fyrir gildistöku laga þessara afhent skjöl til tollmeðferðar sem að öllu leyti eru fullnægjandi til þess að unnt sé að tollafgreiða hana þegar í stað, skulu ekki greiða toll af henni samkvæmt þessum lögum við tollafgreiðslu enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir 18. júlí 1987.

V

Af vörum, sem skattskyldar eru skv. 1. tölul. 11. gr. og greiða ber af sérstakan söluskatt við tollafgreiðslu, sbr. 13. gr. laga þessara og j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, en með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 1. ágúst 1987 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda skal greiða sérstakan söluskatt nema því aðeins að fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 1. september 1987.

Af vörum, sem um ræðir í VII. kafla og hafa með leyfi tollyfirvalda verið afhentar innflytjendum fyrir 11. júlí 1987 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, skal greiða toll samkvæmt lögum þessum nema því aðeins að fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 11. ágúst 1987.

Gjört í Reykjavík, 10. júlí 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L.S.)

Jón Baldvin Hannibalsson.

Ed. 143. Frumvarp til laga [136. mál]

um breyting á lögum nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun á fé hans og skal það gert á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum og skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
2. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
3. Í bönkum og sparisjóðum sem fullnægja ákvæðum laga nr. 86/1985 eða laga nr. 87/1985 eða í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ofangreindra aðila.
4. Í skuldabréfum stofnlánasjóða atvinnuveganna, fjárfestingarstofnana eða annarra lánastofnana en þeirra sem áður er getið, enda starfi þær samkvæmt sérstökum lögum eða Seðlabanki Íslands hafi veitt þeim viðurkenningu í þessu skyni.
5. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 65% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði sem ákveðið er af tveim mönnum sem fjármálaráðherra tilnefnir, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kauptúnum.

2. gr.

2. og 3. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Iðgjald skal greiða af öllum launatekjum starfsmanna, hverju nafni sem nefnast, og gera upp mánaðarlega. Nú eru laun greidd vikulega, og skal þá mánaðarlegt uppgjör miðast við þær vikur, fjórar eða fimm, sem lýkur í mánuðinum.

Stjórn sjóðsins setur reglur um við hvaða tekjur skuli miða iðgjöld þeirra sjóðfélaga sem ekki eru launþegar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá gildistöku laga þessara til ársloka 1989 skal þrátt fyrir ákvæði 8. gr. greiða iðgjöld af öðrum launum en fyrir dagvinnu, þar með talið vaktaálag, sem hér segir:

	Hluti launþega	Hluti atvinnurekanda	Samtals
Frá gildistöku laga þessara til 31. desember 1987 .	1,0%	1,5%	2,5%
Frá 1. janúar 1988 til 31. desember 1988	2,0%	3,0%	5,0%
Frá 1. janúar 1989 til 31. desember 1989	3,0%	4,5%	7,5%

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í tengslum við kjarasamninga þá, er tókust með félögum ASÍ og vinnuveitendum 26. febrúar 1986, var samið um tvö atriði er snertu starfsemi lífeyrissjóða. Í fyrsta lagi skyldu lífeyrissjóðirnir lána verulegan hluta ráðstöfunarfjár til Húsnæðisstofnunar ríkisins. Í öðru lagi skyldi greiða iðgjald til lífeyrissjóða af öllum launatekjum starfsmanna í stað dagvinnulauna. Breyting þessi á að gerast í áföngum á árunum 1987–1989. Í samræmi við nefnd samningsákvæði breyttu flestir lífeyrissjóðir landsins reglugerðum sínum á síðasta ári og hefur fjármálaráðuneytið staðfest þær breytingar.

Lög nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, eru sniðin eftir reglugerðum lífeyrissjóða innan Sambands almennra lífeyrissjóða — SAL. Stjórn Söfnunarsjóðsins, sem m.a. er skipuð samkvæmt tilnefningu SAL, Landssambands lífeyrissjóða og stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, er einhuga um það að eðlilegt sé að lögunum verði breytt til samræmis við þær reglur sem nú gilda um iðgjöld til sjóða innan SAL og Landssambandsins. Réttur félaga í Söfnunarsjóðnum til lífeyris er tryggður með sama hætti og almennt tíðkast hjá lífeyrissjóðum að frátöldum sjóðum opinberra starfsmanna. Telja verður því eðlilegt að breyting sú, sem frumvarpið felur í sér, nái fram að ganga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lífeyrissjóðir og Húsnæðisstofnun hafa samið um það að á næstu árum láni sjóðirnir meiri hluta af ráðstöfunarfé sínu til Húsnæðisstofnunar. Ákvæði um forgangsrétt sjóðfélaga til lána hafa því verið felld úr reglugerðum sjóðanna. Lagt er til að samsvarandi ákvæði verði felld úr 6. gr. laga um Söfnunarsjóðinn.

Röð á ávöxtunarkostum er nokkuð breytt.

Um 2. gr.

Lagt er til að ákvæði um að iðgjald skuli einungis greiða af tekjum fyrir dagvinnu eða jafngildi dagvinnu, þar með talið vaktaálag, verði felld niður. Í stað ákvæða þessara verði kveðið svo á að iðgjald skuli greiða af öllum launatekjum starfsmanna, hverju nafni sem nefnast.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Samkvæmt kjarasamningum, sem áður hefur verið vikið að, skulu breytingar á stofni iðgjalda taka þrjú ár. Breytingar þessar komu til framkvæmda 1. janúar sl. hjá sjóðum innan SAL og Landssambands lífeyrissjóða.

Ed. 144. Frumvarp til laga [137. mál]

um breyting á lögum nr. 14/1965, um launaskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

1. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 5/1982 og 5. gr. laga nr. 3/1986, orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum svo sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

Launaskattur skal nema 1% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum fyrir störf hjá aðilum er stunda starfsemi sem flokkast undir fiskveiðar eða iðnað skv. 1., 2. eða 3. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands.

Launaskattur af öðrum vinnulaunum og atvinnutekjum en um ræðir í 2. mgr. þessarar greinar og 3. mgr. 2. gr. skal nema 3,5%.

Um hlutdeild opinberra byggingarsjóða í tekjum af launaskatti fer eftir ákvæðum laga nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, svo og ákvæðum lánsfjárlaga og fjárlaga hverju sinni.

2. gr.

3. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 3/1986, orðist svo:

Undanþegin skattskyldu eru vinnulaun og þóknanir fyrir störf við landbúnað, jafnt vinna bóndans sjálfs og þeirra sem hann greiðir laun, svo og vegna jarðræktarframkvæmda og annarra byggingarframkvæmda á bújörðum en þeirra sem tengjast fiskræktarstöðvum. Vinna við skógrækt telst landbúnaðarstarf í þessu sambandi. Veiði í ám og vötnum, fiskrækt og gæsla veiðiréttar teljast hins vegar ekki landbúnaðarstörf.

3. gr.

1. og 2. mgr. 9. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 3/1986, orðist svo:

Reki aðili fjölþættan atvinnurekstur eða starfsemi sem ýmist skal greiða af 3,5%, 1% eða engan launaskatt, sbr. 2. og 3. mgr. 1. gr. og 3. mgr. 2. gr., skal hann aðgreina launagreiðslur í bókhaldi sínu þannig að séð verði hvað af þeim tilheyri hverjum þætti.

Greiðslum fyrir yfirstjórn og öðrum slíkum greiðslum, sem ekki eru beint tengdar ákveðnum þáttum starfseminnar, skal skipt upp í gjaldflokka launaskatts, sbr. 2. og 3. mgr. 1. gr. og 3. mgr. 2. gr., í sömu hlutföllum og eru milli heildargreiðslna í hverjum gjaldflokki, sbr. 1. mgr., áður en umræddar yfirstjórnargreiðslur eru meðtaldar og reikna launaskatt af þeim í samræmi við það.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1988 og skal launaskattur samkvæmt þeim greiddur af öllum launum vegna starfa sem unnin eru frá og með þeim tíma.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1988 er gert ráð fyrir að fyrsta skrefið í átt til samræmingar launaskatts verði stigið nú um áramótin með því að leggja 1% launaskatt á allar atvinnugreinar, sem nú eru undanþegnar launaskatti, nema búrekstur. Af þessum sökum er þetta frumvarp lagt fram.

Samkvæmt gildandi lögum eru auk launa fyrir landbúnaðarstörf eftirtalin vinnulaun og þóknanir undanþegin skattskyldu samkvæmt lögum um launaskatt:

1. Laun fyrir störf hjá fyrirtækjum sem flokkast undir fiskverkun og iðnað samkvæmt atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands.
2. Laun fyrir störf við fiskrækt.
3. Laun fyrir störf sjómanna á íslenskum fiskiskipum, þar með talin störf hlutaráðinna landmanna sem innt eru af hendi í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða.

Í frumvarpi þessu er lagt til að greiða beri 1% launaskatt af vinnulaunum og þóknunum í starfsemi þeirri sem um getur í 1.–3. tölul. hér að ofan frá og með 1. janúar nk. Tekjuauki af launaskatti vegna þessarar breytingar er talinn verða um 400 m.kr. á næsta ári.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin felur í sér þá breytingu að greiða skal 1% launaskatt af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum fyrir störf hjá skattskyldum aðilum er stunda starfsemi sem flokkast undir fiskveiðar, þar með talin fiskrækt, eða iðnað skv. 1., 2. eða 3. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands. Launaskattsskylda annarra atvinnugreina verður hins vegar óbreytt.

Eins og frá er greint í almennu athugasemdunum hér að framan hefur atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar m.a. verið notuð til þess að afmarka skattfrjálsa starfsemi frá skattskyldri starfsemi samkvæmt lögum um launaskatt. Þessi aðferð hefur gefið góða raun og því er lagt til að hún verði notuð áfram við afmörkun á gjaldskyldunni.

Með fiskveiðum skv. 1. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar er átt við úthafsveiði, veiði á grunnmiðum, veiði í ám og vötnum, fiskklak og fiskrækt, svo og gæslu veiðiréttar í ám og vötnum. Hvalveiði, selveiði, rækju- og humarveiði og veiði annars skelfisks, svo og perlu-, svampa- og þörungaveiði, fellur einnig undir þennan flokk.

Með iðnaði skv. 2. og 3. flokki í nefndri atvinnuvegaflokkun er átt við atvinnustarfsemi í verksmiðjum, verkstæðum og heimilum sem er fólgin í vélrænni eða efnafræðilegri umbreytingu gæða í nýjar afurðir, þar með talin viðgerðarstarfsemi, hvort sem unnið er í vélum knúðum orku eða í höndunum og hvort sem afurðirnar eru seldar í heildsölu eða smásölu. Samsetning fullgerðra hluta er talin til iðnaðar nema um sé að ræða byggingarstarfsemi (samsetningu á byggingarstað) en hún telst ekki iðnaður í þessu sambandi.

Rétt þykir að vekja athygli á því að til þessa hefur verið greiddur 3,5% launaskattur af greiðslum fyrir yfirstjórn í fiskveiðum. Ástæðan fyrir þessu er sú að undanþága skv. 4. tölul. 3. mgr. 2. gr. gildandi laga hefur takmarkast við sjómenn og hlutaráðna landmenn. Af afmörkun gjaldskyldunnar vegna fiskveiða með framangreindum hætti leiðir hins vegar að greiða ber 1% launaskatt af greiðslum vegna yfirstjórnar í þessari starfsemi í stað 3,5% áður. Breyting þessi þykir eðlileg auk þess sem hún leiðir til samræmingar og einföldunar í framkvæmd.

Um 2. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. gildandi laga eru auk launa fyrir landbúnaðarstörf laun í fiskverkun, iðnaði, fiskrækt, svo og laun fyrir sjómannsstörf, undanþegin launaskatti. Laun fyrir þessi störf, önnur en landbúnaðarstörf, verða gjaldskyld, sbr. 1. gr. frumvarpsins, og því er nauðsynlegt að breyta 2. gr. laganna í samræmi við það. Rétt er að taka fram að launaskattsskylda vegna starfa í skógrækt hefur verið nokkrum vafa undirorpin á liðnum árum. Af þessum sökum er lagt til í þessari grein að þau verði beinlínis undanþegin eins og laun fyrir landbúnaðarstörf.

Um 3. gr.

Vegna hins nýja gjaldstigs er nauðsynlegt að breyta ákvæðum um hlutfallslega skiptingu launa vegna yfirstjórnar á milli gjaldflokka þegar um er að ræða aðila er stundar fjölþætta starfsemi sem ýmist skal greiða af 3,5%, 1% eða engan launaskatt. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 145. Svar [88. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn frá Inga Birni Albertssyni og Skúla Alexanderssyni um íþróttasjóð.

1. Hver verður ógreidd hlutdeild íþróttasjóðs í byggingu íþróttamannvirkja um næstu áramót, sundurgreint eftir tegund mannvirkis og eignaraðild?

Meðfylgjandi er sérstök skrá yfir íþróttamannvirki í byggingu og ógreidda hlutdeild íþróttasjóðs af kostnaði við þær framkvæmdir. Kemur þar fram að ógreidd hlutdeild íþróttasjóðs í verkefnum, sem þegar hafa verið unnin, nemur samtals 182 913 984 kr., ógreidd hlutdeild sveitarfélaga nemur 85 510 160 kr. og ógreidd hlutdeild íþróttafélaga og samtaka nemur 97 403 824 kr.

2. Hver er áætlaður kostnaður við að ljúka þeim íþróttamannvirkjum sem nú eru í byggingu, sundurgreint eftir tegund mannvirkis og eignaraðild?

Mjög erfitt er að áætla nákvæmlega heildarkostnað ólokinna verkefna sem eru á skrá íþróttasjóðs. Bæði er það að framkvæmdir við sum þeirra hafa gengið mjög hægt og að öðrum, t.d. sumum íþróttavöllum og golfvöllum, verður í raun aldrei lokið. Þá verða einnig

forsendur fyrir slíkum áætlunum mjög seint aðgengilegar á ári hverju vegna þess hve reikningar berast seint. Gera má ráð fyrir því að kostnaður við að ljúka þessum mannvirkjum nemi 267 millj. kr. Sú áætlun byggist fyrst og fremst á upplýsingum um kostnað við þrjú stærstu mannvirkin og eins konar „meðaltalstölum“ um kostnað við minni mannvirki að fenginni áratuga langri reynslu íþróttanefndar og íþróttafulltrúa. Þrjú stærstu mannvirkin eru: íþróttahús Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík, íþróttahús lyftingamanna í Reykjavík og íþróttasvæði Mosfellsbæjar. Framkvæmdir við þessi mannvirki eru á byrjunarstigi en áætlaður kostnaður við þau er 120 millj. kr.

3. Hverju nema óafgreiddar beiðnir til íþróttasjóðs um byggingu íþróttamannvirkja?

Á þessu ári hafa borist 36 beiðnir um stuðning við byggingu íþróttamannvirkja. Áætlaður kostnaður við byggingu þeirra er samtals 463 millj. kr. Hæstu beiðnirnar eru frá: Handknattleikssambandi Íslands, FH Hafnarfirði, Garðabæ, Knattspyrnufélaginu Þrótti, HK og ÍK Kópavogi.

Þessir aðilar biðja allir um stuðning við byggingu íþróttahúsa. Samtals nema þessar sex beiðnir 314 millj. kr. Að undanförnu hafa 12–20 ný mannvirki verið tekin árlega inn á skrá íþróttasjóðs.

Bygging íþróttamannvirkja.
(Eftirstöðvar í kr.)

Reykjavík	**Eftirstöðvar**
1. Íþróttafélagið Leiknir, vallarhús	978 600
2. Glímufélagið Ármann, íþróttasvæði	1 390 400
3. Glímufélagið Ármann, skíðaskáli	0
4. Knattspyrnufélagið Fram, grasvöllur	517 900
5. Knattspyrnufélagið Fylkir, íþróttavöllur, 1. áf.	1 875 950
6. ÍR, íþróttasvæði	2 011 530
7. ÍR, skíðalyfta IV	65 100
8. ÍR, skáli fyrir troðara	27 900
9. Ungtemplarafélagið Hrönn, troðari	990 000
10. Íþróttafélag fatlaðra, íþróttahús	57 080
11. Íþróttabandalag Reykjavíkur, íþróttabúðir	1 106 950
12. KR, þjónustumiðstöð	30 793
13. KR, skíðalyfta	0
14. KR, íþróttahús lyftingamanna	35 600
15. Skotfélag Reykjavíkur, skotsvæði	85 200
16. Siglingasamband Íslands, bátur	132 900
17. Knattspyrnufélagið Valur, íþróttahús	16 393 300
18. Knattspyrnufélagið Valur, grasvöllur	4 861 650
19. Knattspyrnufélagið Víkingur, íþróttasvæði	1 163 928
20. Knattspyrnufélagið Víkingur, skíðalyfta	453 100
21. TBR, íþróttahús	17 500 000
22. Knattspyrnufélagið Fram, skíðaskáli	1 754 900
	51 432 781

	Eftirstöðvar
23. Sundlaug Laugardal, laugarhús	19 232 310
24. Skíðalyfta fyrir börn	906 900
25. Þjónustumiðstöð í Bláfjöllum, 2. áf.	1 393 500
26. Troðari og skemma í Bláfjöllum	99 800
27. Gervigras á Laugardalsvöll	6 657 700
28. Skíðalyfta í Bláfjöllum	2 530 800
	30 821 010

Reykjaneskjördæmi	**Eftirstöðvar**
29. Hafnarfjörður, íþróttavöllur Hvaleyrarholti	659 000
30. Hafnarfjörður, sundlaug	634 800
31. Hafnarfjörður, viðbygging við sundlaug	942 600
32. Hafnarfjörður, æfingasvæði í Kaplakrika	137 800
33. FH, áhorfendasvæði, búningsklefi	5 332 520
34. Golfklúbburinn Keilir, Hafnarfirði, stækkun golfvallar	372 900
35. Kópavogur, íþróttahús	950 100
36. Gerpla, Kópavogi, íþróttahús	400 000
37. Seltjarnarnes, íþróttavöllur	654 180
38. Seltjarnarnes, sundlaug	334 300
39. Garðabær, íþróttavöllur	3 629 200
40. Keflavík, æfingasvæði	162 475
41. Keflavík, endurbætur á sundlaug	191 714
42. Keflavík, íþróttaleikvangur	174 200
43. Keflavík, sundlaug	1 764 800
44. Keflavík, Heiðarbólsvöllur	1 011 000
45. Njarðvík, búningsklefar við völl	607 245
46. Golfklúbbur Suðurnesja, Keflavík, golfvöllur og skáli	3 569 140
47. Umf. Grindavík, vallarhús	634 000
48. Umf. Grindavík, íþróttasvæði	1 134 270
49. Grindavík, golfklúbbur, golfvöllur	349 800
50. Grindavík, íþróttahús	266 350
51. Gerðahreppur, íþróttahús og sundlaug	141 220
52. Gerðahreppur, grasvöllur og vallarhús	299 925
53. Miðneshreppur, Sandgerði, íþróttahús	144 100
54. Miðneshreppur, Sandgerði, grasvöllur	185 500
55. Golfklúbburinn Kjölur, Mosfellsbæ	1 189 300
56. Mosfellsbær, íþróttaleikvangur	0
Félög	10 413 660
Sveitarfélög	14 088 139

Vesturlandskjördæmi	**Eftirstöðvar**
57. Akranes, grasvöllur, 2. áf.	3 627 435
58. Akranes, íþróttahús ÍA	9 523 200
59. Akranes, opin sundlaug	1 250 200
60. Golfklúbbur Borgarness, golfvöllur, skáli	629 450
61. Borgarnes, íþróttavöllur	157 000
62. Ums. Staðarsveitar, íþróttavöllur	338 290

	Eftirstöðvar
63. Andakílshreppur, sundlaug	44 500
64. Ólafsvík, íþróttavöllur	248 750
65. Ólafsvík, troðari og skíðalyfta	24 500
66. Ólafsvík, setlaug	37 620
67. Golfklúbbur Ólafsvíkur, golfvöllur	373 800
68. Eyrarsveit, íþróttahús	31 730
69. Eyrarsveit, skíðalyfta	126 800
70. Stykkishólmur, íþróttavöllur	102 173
71. Búðardalur, íþróttavöllur	581 400
72. Ums. Dalamanna, skíðalyfta	54 000
Félög	10 918 740
Sveitarfélög	6 232 108

Vestfjarðakjördæmi	**Eftirstöðvar**
73. Patrekshreppur, malarvöllur	440 362
74. Tálknafjörður, íþróttahús	396 200
75. Bíldudalur, íþróttavöllur	416 150
76. Íþróttafélagið Höfrungur, Þingeyri, skíðalyfta	10 000
77. Flateyri, sundlaug	76 750
78. Bolungarvík, skíðalyfta	184 200
79. Ísafjörður, gras- og malarvöllur	106 940
80. Ísafjörður, vallarhús	78 725
81. Ísafjörður, sundlaug	422 235
82. Íþróttabandalag Ísafjarðar, skíðamannvirki	33 450
83. Íþróttafélagið Vestri, Ísafirði, tímatökutæki	41 150
84. Golfklúbbur Ísafjarðar, golfklúbbur og skóli	618 793
85. Súðavíkurhreppur, malarvöllur, skíðamannvirki	166 600
86. Kaldrananeshreppur, laugarhús	506 400
Félög	683 393
Sveitarfélög	2 477 955

Norðurlandskjördæmi vestra	**Eftirstöðvar**
87. Hvammstangahreppur, malarvöllur	219 208
88. Hvammstangi, sundlaug	26 500
89. Blönduóshreppur, íþróttahús	350 350
90. Golfklúbbur Blönduóss, golfvöllur	489 900
91. Höfðahreppur, Skagaströnd, sundlaug	157 850
92. Höfðahreppur, Skagaströnd, skíðaskáli	262 500
93. Umf. Vorboðinn, Engihlíðarhreppi, íþróttavöllur	429 400
94. Lýtingsstaðahreppur, íþróttavöllur	86 900
95. Seyluhreppur, íþróttavöllur	75 750
96. Sauðárkrókur, íþróttahús	308 500
97. Golfklúbbur Sauðárkróks, golfvöllur	482 364
98. Umf. Glóðafeykir, Akrahreppi, íþróttavöllur	124 250
99. Siglufjörður, grasvöllur	3 120 300

	Eftirstöðvar
100. Siglufjörður, endurbætur á sundlaug	78 396
101. Siglufjörður, íþróttahús	624 850
102. Íþróttabandalag Siglufjarðar, skíðamiðstöðin Hóli	346 879
Félög	1 872 793
Sveitarfélög	5 311 098

Norðurlandskjördæmi eystra	**Eftirstöðvar**
103. Ólafsfjörður, malarvöllur	658 657
104. Ólafsfjörður, sundlaug	852 900
105. Ólafsfjörður, skíðastökkbraut	66 900
106. Golfklúbbur Ólafsfjarðar, golfvöllur	224 972
107. Umf. Leiftur, Ólafsfirði, snjótroðari	973 600
108. Umf. Möðruvallasóknar, íþróttavöllur	33 950
109. Umf. Svarfdæla, íþróttavöllur, 1. áf.	1 030 900
110. Dalvík, toglyfta	1 562 400
111. Akureyri, áhaldahús í Hlíðarfjalli	73 776
112. Akureyri, markhús í Hlíðarfjalli	22 000
113. Akureyri, íþróttahús	813 700
114. Akureyri, skíðalyfta	5 158 500
115. KA, Akureyri, vallarhús	4 477 700
116. KA, Akureyri, grasvöllur	244 400
117. Íþróttafélagið Þór, Akureyri, handbolta- og tennisvöllur	97 200
118. Íþróttafélagið Þór, Akureyri, grasvöllur	1 694 026
119. Íþróttafélagið Þór, Akureyri, vallarhús	2 835 200
120. Golfklúbbur Akureyrar, golfvöllur	858 318
121. Golfklúbbur Akureyrar, golfskáli	3 015 641
122. Skautafélag Akureyrar, skautasvæði	3 676 796
123. Grímsey, sundlaug	355 290
124. Umf. Reynir, Árskógsströnd, íþróttavöllur	74 400
125. Umf. Bjarmi, Hálshreppi, íþróttavöllur	169 200
126. Umf. Geisli, Aðaldal, íþróttavöllur	18 254
127. HSÞ, Laugum, stækkun íþróttavallar	102 160
128. Reykjahreppur, sundlaug	371 100
129. Skútustaðahreppur, malarvöllur	86 013
130. Skútustaðahreppur, sundlaug, vallarhús	184 668
131. Húsavík, 2. áf. grasvallar	878 940
132. Húsavík, íþróttahús	2 793 800
133. Húsavík, endurbætur á sundlaug	472 076
134. Golfklúbbur Húsavíkur, golfvöllur	369 858
135. Presthólahreppur, íþróttavöllur	238 650
136. Umf. Austri, Raufarhöfn, íþróttavöllur	438 611
Félög	20 335 186
Sveitarfélög	14 545 364

Austurlandskjördæmi	Eftirstöðvar
137. Vopnafjörður, íþróttavöllur	181 300
138. Golfklúbbur Vopnafjarðar, golfvöllur	94 600
139. Umf. Borgarfjarðar, íþróttavöllur	392
140. Umf. Jökuldæla, íþróttavöllur	80 200
141. Fellahreppur, íþróttavöllur	13 450
142. Júdófélagið Kjarni, Fellabæ, æfingadýna	88 800
143. ÚÍA, Eiðum, vallarhús	102 350
144. Egilsstaðabær, íþróttavöllur	13 719
145. Egilsstaðabær, skíðalyfta	41 225
146. Siglingafélagið Sörvi, Egilsstöðum, siglingaaðstaða	80 200
147. Golfklúbbur Fljótsdalshéraðs, golfvöllur	137 500
148. Seyðisfjörður, endurbætur á sundlaug	23 304
149. Seyðisfjörður, íþróttavöllur	0
150. Íþróttafélagið Huginn, Seyðisfirði, skíðamannvirki	584 300
151. Neskaupstaður, íþróttasvæði	312 000
152. Neskaupstaður, endurbætur á sundlaug	752 300
153. Neskaupstaður, stækkun íþróttahúss	10 000
154. Neskaupstaður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, skíðamiðstöð, Oddsskarði	877 766
155. Golfklúbbur Eskifjarðar, golfvöllur og skáli	313 250
156. Eskifjörður, íþróttavöllur	143 294
157. Stöðvarhreppur, íþróttavöllur	142 000
158. Djúpivogur, íþróttavöllur	105 120
159. Hafnarhreppur, sundlaug	166 350
160. Golfklúbbur Hornafjarðar, golfvöllur og skáli	327 819
161. Umf. Sindri, Höfn, skíðalyfta	49 400
162. Umf. Máni, Nesjahreppi	444 576
Félög	3 180 369
Sveitarfélög	1 597 474

Suðurlandskjördæmi	Eftirstöðvar
163. Kirkjubæjarhreppur, íþróttavöllur	113 686
164. Umf. Dyrhólaey, V-Skaftafellssýslu, íþróttavöllur	75 404
165. Umf. Trausti, V-Eyjafjallahreppi, íþróttavöllur	34 000
166. Golfklúbbur Hvolsvallar, golfvöllur	330 000
167. Djúpárhreppur, íþróttavöllur	8 100
168. Umf. Biskupstungna, íþróttavöllur	225 525
169. Umf. Gnúpverja, íþróttavöllur	24 931
170. Umf. Hrunamanna, íþróttasvæði	0
171. Skeiðahreppur, baðstofa	204 450
172. Sólheimar í Grímsnesi	1 788 450
173. Vestmannaeyjar, grasvöllur	109 725
174. ÍBV, Vestmannaeyjum, tímatökutæki	46 450
175. Golfklúbbur Vestmannaeyja, golfvöllur	683 550
176. Þór, Vestmannaeyjum, íþróttavöllur, vallarhús	1 694 800
177. Týr, Vestmannaeyjum, íþróttavöllur	2 242 300

	Eftirstöðvar
178. Selfoss, búningsklefar við sundhöll	131 300
179. Golfklúbbur Selfoss, golfvöllur	1 274 800
180. Stokkseyrarhreppur, íþróttasvæði	170 600
181. Ölfushreppur, íþróttavöllur	10 000
Félög	8 420 210
Sveitarfélög	711 661
Félög alls	97 403 824
Sveitarfélög alls	85 510 160
Eftirstöðvar samtals	182 913 984

Sþ. 146. Tillaga til þingsályktunar [138. mál]

um stofnun byggingarsjóðs námsmanna.

Flm.: Finnur Ingólfsson, Páll Pétursson, Stefán Guðmundsson, Guðni Ágústsson, Valgerður Sverrisdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stofna í samvinnu við námsmannasamtökin, þ.e. stúdentaráð Háskóla Íslands og Bandalag íslenskra sérskólanema, byggingarsjóð sem hafi það hlutverk að fjármagna íbúðarbyggingar fyrir námsmenn. Byggingarsjóðurinn verði sjálfstæð stofnun með sérstakri stjórn og verði í vörslu Seðlabanka Íslands.

Byggingarsjóðnum verði heimilað að taka lán hjá Byggingarsjóði verkamanna. Sjóðurinn verði til að byrja með í eigu ríkisins og námsmannasamtakanna. Tekjur sjóðsins verði leigutekjur af húsnæði í eigu sjóðsins og greiði námsmenn innan námsmannasamtakanna ákveðið hlutfall af árlegum skólagjöldum sínum til byggingarsjóðsins. Fyrstu 10 árin greiðir ríkissjóður árlega þrefalda þá upphæð til sjóðsins sem námsmenn greiða. Þegar tekjur sjóðsins standa undir eigin framlagi sjóðsins við fjármögnun bygginga afhendi ríkið samtökunum eignarhlut sinn í sjóðnum.

Greinargerð.

Á hverju hausti undanfarin ár hefur ríkt ófremdarástand í húsnæðismálum námsmanna á höfuðborgarsvæðinu. Ástæðan er sú að þá koma mörg þúsund námsmanna utan af landi í leit að leiguhúsnæði meðan á námi stendur. Eftirspurnin eftir leiguhúsnæði á þessum tíma er langt umfram framboðið og er því leiguverð mjög hátt.

Til þessa hafa Gamli Garður, Nýi Garður og Hjónagarðar verið eina húsnæðið sem sérstaklega hefur verið ætlað fyrir námsmenn. Stúdentagarðarnir eru hins vegar aðeins fyrir stúdenta við Háskóla Íslands. Á árunum 1983–1987 hefur fjöldi umsókna um herbergi og íbúðir á stúdentagörðunum verið sem hér segir:

Gamli Garður og Nýi Garður:

Ár	*Umsóknir*	*Samþ.*	*Neitað*	*Biðlisti*
1983	159	100	21	36
1984	170	100	40	30
1985	198	100	36	62
1986	190	100	28	62
1987	190	100	28	62

Hjónagarðar:				
1983	115	55	52	8
1984	87	55	32	0
1985	113	55	38	20
1986	100	55	25	20
1987	102	55	24	23

Þessar tölur gefa ekki rétta mynd af eftirspurninni því að margir sækja ekki um eftir að hafa kynnt sér úthlutunarreglur. Þá eru ekki taldar hér umsóknir sem berast of seint, en þær eru þó nokkrar á hverju ári. Innan við 5% af stúdentum við Háskóla Íslands búa á stúdentagörðum.

Innritaðir stúdentar við Háskóla Íslands árið 1987 eru 4233. Það er þó aðeins brot af fjölda námsmanna því að í Bandalagi íslenskra sérskólanema eru félagsmenn 3000. Þessi samtök hafa ekkert húsnæði fyrir sína félagsmenn. Þeir verða því eingöngu að treysta á leigumarkaðinn. Auk þessa eru þúsundir námsmanna sem stunda nám í mennta- og fjölbrautaskólum sem verða einnig að leita sér að leiguhúsnæði.

Í desember 1986 gerði Lánasjóður ísl. námsmanna eftirfarandi flokkun á húsnæði lánþega sjóðsins sem voru í námi á Íslandi.

	Fjöldi	*Prósent*
Hjá foreldrum	1060	23.5
Leigulaust húsnæði	494	10.9
Eigið húsnæði	704	15.6
Leiguhúsnæði	2252	50.0
Samtals	4510	100.0

Af þessari könnun má ætla að helmingur námsmanna búi í leiguhúsnæði. Nú er verið að byggja nýja stúdentagarða. Fyrirsjáanlegt er að þeir munu þó ekki leysa nema lítinn hluta húsnæðisvanda stúdenta og á engan hátt vanda sérskólanemanna. Auk þess mun byggingin valda Félagsstofnun stúdenta nokkrum fjárhagserfiðleikum og ljóst er að stofnunin getur ekki á næstu árum lagt út í aðrar byggingarframkvæmdir. Ávallt hefur langur tími liðið á milli þess að stúdentahúsnæði hefur verið byggt: Gamli Garður var byggður 1934, Nýi Garður 1943 og Hjónagarðar voru teknir í notkun 1974. Byggingarframkvæmdir við nýja garða hófust svo 1986.

Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur á hverju sumri rekið húsnæðismiðlun. Síðastliðið sumar var útvegun húsnæðis fyrir námsmenn óvenjuerfið og biðlistar hafa aldrei verið lengri. Einungis tókst að útvega mjög litlum hluta námsmanna húsnæði. Stúdentar voru á engan hátt samkeppnishæfir um leiguverð. Í byrjun nóvember, einum og hálfum mánuði eftir að flestir skólar byrja, voru enn 40 manns á biðlista eftir húsnæði hjá húsnæðismiðluninni. Verð fyrir leiguhúsnæði var mjög breytilegt. Algengasta verð á mánuði fyrir eitt herbergi var 8–12 þús. kr.

Fyrir tveggja herbergja íbúð 20–25 þús. kr. og þriggja herbergja íbúð 30–35 þús. kr.

Tilgangur þessarar þingsályktunartillögu er að stofnaður verði Byggingarsjóður námsmanna með eignaraðild stúdentaráðs Háskóla Íslands, Bandalags íslenskra sérskólanema og ríkissjóðs. Með stofnun þessa Byggingarsjóðs yrði komið fastri skipan á húsnæðismál námsmanna í framtíðinni og þannig leystur sá vandi sem námsmenn hafa á hverju hausti staðið frammi fyrir við útvegun leiguhúsnæðis.

Með stofnun byggingarsjóðsins má ná eftirfarandi markmiðum:

1. Framtíðarlausn á húsnæðisvanda námsmanna.

2. Lækkun námskostnaðar nemenda þar sem leiga í námsmannaíbúðunum yrði mun ódýrari en á hinum almenna markaði.
3. Lægri námskostnaður dregur úr kröfum námsmanna um hækkun á framfærslu Lánasjóðs ísl. námsmanna.
4. Jöfnun aðstöðu milli landsbyggðar og höfuðborgar, hvað menntun varðar.
5. Leiguverð á hinum almenna leigumarkaði á höfuðborgarsvæðinu mundi lækka sem kæmi þeim helst til góða sem þar búa í leiguhúsnæði.

Sþ. 147. Tillaga til þingsályktunar [139. mál]

um könnun á mikilvægi íþrótta og efnahagslegum áhrifum þeirra.

Flm.: Finnur Ingólfsson, Páll Pétursson, Valgerður Sverrisdóttir, Stefán Guðmundsson, Guðni Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta Rannsóknarþjónustu Háskóla Íslands kanna efnahagsleg áhrif og mikilvægi íþrótta fyrir þjóðlífið. Með könnuninni skal stefnt að því að fá heildaryfirlit yfir íþróttastarfsemina og hvaða efnahagslegu, félagslegu og menningarlegu hlutverki hún gegnir með beinum og óbeinum hætti fyrir þjóðlífið. Allur kostnaður við könnunina greiðist úr ríkissjóði og skal henni lokið fyrir árslok 1990.

Greinargerð.

Að undanförnu hefur verið deilt um fjárveitingar til íþróttahreyfingarinnar í landinu. Staðhæfingar, sem fram hafa verið settar í þeirri umræðu, byggja ekki á rannsóknum eða staðreyndum. Hins vegar efast enginn um gildi íþrótta í nútímasamfélagi. Fjöldi fólks lítur á íþróttaiðkun sem hluta af hinu daglega lífi. Fleiri og fleiri stunda íþróttir sér til hressingar og heilsubótar. Yngra fólk stundar fremur keppnisíþróttir. Afreksmenn okkar í íþróttum hafa staðið sig mjög vel og vakið athygli í keppni á alþjóðavettvangi. Þessir íþróttamenn eru mikilvæg fyrirmynd unga fólksins. Það er í spor þessara manna sem flest ungt fólk vill feta. Erlendar rannsóknir sýna að unglingar, sem stunda íþróttir, neyta mun síður ávana- og fíkniefna en þeir sem engar íþróttir stunda. Takmarkaðar rannsóknir hafa verið gerðar hér á landi á gildi íþrótta, en þær benda þó til sömu niðurstöðu.

Í framtíðinni er fullvíst að þörf verður fyrir enn fjölbreyttara og öflugra íþróttastarf. Aukin tæknivæðing, sem krefst minni líkamsáreynslu, styttri vinnutíma og fleiri frístunda, mun stórauka þörfina fyrir íþróttaiðkun.

Íþróttastarf meðal barna og unglinga stuðlar að andlegu, líkamlegu og félagslegu heilbrigði sem er mikilvægur bandamaður heilbrigðisþjónustunnar í baráttunni gegn langvinnum sjúkdómum, svo sem hjarta- og æðasjúkdómum, krabbameini, sykursýki, tannskemmdum, geðsjúkdómum, beina- og vöðvasjúkdómum og slysum.

Í þessari þingsályktun er lagt til að kannað verði mikilvægi íþrótta fyrir þjóðlífið. Tilgangurinn er sá að íþróttahreyfingin geti í samvinnu við ríkisvaldið mótað íþróttastefnu fyrir framtíðina. Sú stefnumótun þarf að byggja á rannsóknum og taka mið af þróun samfélagsins. Því er lagt til að könnunin beinist m.a. að eftirfarandi:

1. Hver sé hlutur íþróttastarfseminnar í efnahagslífinu. Hve mikið fjármagn ríkisvaldið, sveitarstjórnir, fyrirtæki og neytendur leggi íþróttahreyfingunni til og hvaða tekjur þessir sömu aðilar hafi af íþróttastarfsemi.
2. Hver hin óbeinu áhrif séu sem íþróttastarfsemi hefur á efnahagslífið og hvaða tilfærsla fjármuna eigi sér stað með óbeinum hætti innan efnahagskerfisins. Sérstaklega þurfi að

meta hina miklu sjálfboðavinnu sem er innan íþróttahreyfingarinnar og hina fjölbreyttu þjónustustarfsemi sem tengist íþróttum.
3. Með hvaða hætti auka megi beinar og óbeinar skatttekjur opinberra aðila, t.d. með því að gera íslenska íþróttastarfsemi áhugaverða fyrir erlenda ferðamenn og með því að gera sérþekkingu íslenskra íþróttamanna eftirsóknaverða erlendis.
4. Hver hin jákvæðu og neikvæðu áhrif séu sem íþróttirnar hafa á líf og heilsu einstaklinganna og hvort ekki megi draga úr útgjöldum til heilbrigðismála vegna þeirra jákvæðu áhrifa sem líkamsrækt og íþróttir hafa til langframa á heilsu manna og endurhæfingu sjúkra og fatlaðra.
5. Hver séu áhrifin af þátttöku unglinga í íþróttum og hugsanleg áhrif hennar á skólastarf og námsárangur og hvert sé samband íþróttaiðkana unglinga og notkunar þeirra á tóbaki og vímuefnum.
6. Hvert sé uppeldislegt gildi íþróttanna og hver sé ástæðan fyrir því að stór hluti unglinga hætti íþróttaiðkunum á aldrinum 14–18 ára.
7. Hvaða ástæður liggi að baki mismikilli þátttöku karla og kvenna í íþróttum eins og vísbending er um og með hvaða hætti sé hægt að koma þar jafnvægi á.

Sþ. 148. Tillaga til þingsályktunar [140. mál]

um viðskiptabann á Suður-Afríku.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Geir Gunnarsson, Guðrún Helgadóttir, Hjörleifur Guttormsson, Margrét Frímannsdóttir, Ragnar Arnalds, Skúli Alexandersson, Álfheiður Ingadóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja viðskiptabann á Suður-Afríku.

Greinargerð.

Það er yfirlýst stefna íslenskra stjórnvalda að draga úr viðskiptum við Suður-Afríku og mótmæla þannig hinni ómanneskjulegu kynþáttaaðskilnaðarstefnu stjórnvalda hvíta minni hlutans þar. Einnig hafa orðið miklar umræður víða í þjóðfélaginu um nauðsyn þess að Íslendingar tækju einarða afstöðu heima fyrir sem á alþjóðavettvangi gegn aðskilnaðarstefnunni og láti þar athafnir fylgja orðum. Hafa stéttarfélög og ýmis önnur félagasamtök og hópar lagst á þá sveif.

Engu að síður er það staðreynd að viðskipti okkar við Suður-Afríku fara nú aftur vaxandi, einkum innflutningur varnings þaðan. Þó þessi innflutningur frá Suður-Afríku sé tiltölulega lítill hluti heildarinnflutnings landsmanna er það ekki magnið sem hér skiptir máli, heldur spurningin um afstöðu og siðferðismat og jafnframt nauðsyn þess að saman fari orð og athafnir.

Því miður virðist ljóst að umræður og áróður gegn suður-afrískum vörum duga ekki til. Jafnvel yfirlýst stefna stjórnvalda og tilmæli þeirra breyta ekki því að aftur sígur á ógæfuhliðina. Viðskiptahagsmunir og gróðavon virðast ráða ferðinni og ber það ekki göfugt vitni þeim verslunaraðilum eða fjölmiðlum sem höndla með eða taka við auglýsingum um suður-afrískar vörur. Stjórnvöld eiga tvo kosti, að fylgja fordæmi annarra Norðurlandaþjóða og setja viðskiptabann á Suður-Afríku eða draga til baka fyrri yfirlýsingar um andstöðu við aðskilnaðarstefnuna og aðgerðir til að sýna þá andstöðu í verki.

Flutningsmenn þessarar tillögu leggja eindregið til að fyrri leiðin verði farin og ríkisstjórnin sjái til þess að öllum formsatriðum verði fullnægt þannig að unnt verði að setja á viðskiptabann sem fyrst.

Fylgiskjal I.

Úr skýrslu sérstakrar nefndar gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnunni frá 42. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

(Um aðgerðir Norðurlanda.)

71. During the period under review, Norway, Sweden and Finland adopted comprehensive and mandatory measures against South Africa. In March 1987, the Norwegian Parliament adopted the Norwegian Act on Economic Boycott against South Africa and Namibia. The Act, which took effect on 20 July 1987, imposed comprehensive economic sanctions against South Africa, such as a general ban on imports from and exports to South Africa, a ban on oil transport to and from South Africa by Norwegian tankers, a ban on the transportation of goods or passengers to and from South Africa either by Norwegian or South African vessels; and a ban on the granting of services, loans and credits, investments, the transfer of patent or production rights, and tourism promotion in South Africa. However, the Act does not include a ban on the resale of cargoes of Norwegian tankers whose final destinations are determined at sea after the start of the voyage. 50/

72. In March 1987, the Swedish Government introduced in Parliament a trade sanctions bill, which had the support of all the major political parties. The bill, which was later enacted into legislation, imposed a ban on all trade, with a few exceptions, with South Africa, including that passing through third countries, and a ban on the loading, unloading, transport or reception for storage of prohibited goods, as well as the means of transport and transport equipment and of services through third parties. The legislation took effect as of 1 July, and 1 October 1987 would be the deadline to end all trade with South Africa. The Act does not, however, call for disinvestment. At the time of preparation of the present report, the Swedish Government was considering the possibility of extending the Act to Swedish-owned subsidiaries outside Sweden. 51/

73. In June 1987, the Finnish Parliament adopted a law which prohibits all imports from and all exports to South Africa (see S/18961/Add.3).

Fylgiskjal II.

Atkvæðaskýring,
flutt af Íslands hálfu fyrir hönd Norðurlanda, á 42. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, við 33. dagskrármál, kynþáttaaðskilnaðarstefnu ríkisstjórnar Suður-Afríku.

Mr. President,

I have the honour to speak on behalf of the Nordic countries Denmark, Finland, Norway, Sweden and Iceland. The Nordic countries have consistently condemned the apartheid policy of the South African Government as a violation of fundamental human rights and fundamental freedoms as laid down in the UN Charter and the Universal Declaration of Human Rights. In the view of the Nordic countries, apartheid also constitutes a serious threat to international peace and security. Consequently, the Security Council should adopt as soon as possible effective sanctions against South Africa as a means to achieve a peaceful abolition of apartheid. Mandatory sanctions adopted by the Security Council are the most effective instrument to this end.

In accordance with the existing joint Nordic programme of action against South Africa the Nordic countries will further strengthen their efforts to contribute towards the abolition of the apartheid system by peaceful means. They will intensify their work to achieve decisions as soon as possible on effective sanctions by the United Nations Security Council. Pending such sanctions the Nordic countries have adopted a wide range of unilateral measures against apartheid.

The Nordic countries consequently strongly agree with the main thrust of the draft resolutions before us. However, some of them continue to raise difficulties with regard to important questions of principle to the Nordic countries. I shall briefly describe them:

First, the Nordic countries consider universality as a basic principle with respect to the United Nations organizations, and we cannot, therefore, accept any formulation that puts this principle in doubt in particular.

Second, peaceful solutions to conflicts is a fundamental principle enshrined in the very Charter of the United Nations. Therefore, we cannot accept that the United Nations endorses the use of armed struggle.

Third, the Nordic countries deplore the continued practice of selectively singling out individual countries and groups of countries as responsible for the policies pursued by the South African Government. This practice — most evident in the draft resolution on relations between Israel and South Africa — makes it all the more difficult to achieve international concerted action in the struggle against apartheid.

Fourth, certain formulations would encroach upon constitutional freedoms and rights of Nordic citizens and private organizations. This applies in particular to certain parts of the International Convention for the Prevention of Apartheid in Sports. In view of the strict and active policy of the Nordic countries against sport contacts with South Africa, the Nordic countries regret that they cannot fully endorse the draft convention.

Fifth, because of the strict adherence of the Nordic countries to the provisions of the Charter we must reserve our position with regard to formulations which fail to take into account the fact that only the Security Council can adopt decisions binding on Member States.

The situation in Southern Africa had drastically deteriorated during the past year. The responsibility for this situation rests with the South African Government and its policy of apartheid. But the world community has moral as well as legal obligations according to the Charter of the United Nations. The international community should urgently increase its economic and humanitarian assistance to SADCC and to individual countries and persons that are victims for South Africa's aggressive policy. We must all voice our strongest condemnation of apartheid but also strive to agree on a concerted international action of effective concrete steps to rapidly achieve the abolishment of apartheid.

Ed. 149. Frumvarp til laga [141. mál]

um breytingu á lögum nr. 33/1983, um bann við ofbeldiskvikmyndum.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir.

1. gr.

Úr 6. gr. laganna falli brott orðin „og gilda til ársloka 1987".

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt til þess að lög um bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 33 frá 23. mars 1983, falli ekki úr gildi við árslok 1987.

Þau tímatakmörk eða „sólarlagsákvæði", sem sett voru í lögin, komu til vegna breytingartillögu sem fram kom við umræður um málið. Forsendur hennar voru þær að varasamt gæti verið að beita ritskoðun eða bönnum í menningarmálum. Slíkt gæti haft alvarleg áhrif á listsköpun. Einnig var bent á það að hin nýja myndbandabylting, sem einmitt varð tilefni til flutnings frumvarps til laga um bann við ofbeldiskvikmyndum, byði upp á sérstakar aðstæður sem kynnu að breytast þegar meira jafnvægi kæmist á. Flutningsmenn breytingartillögunnar féllust þó á það að full ástæða væri til þess að samþykkja slík lög en rétt væri að endurskoða þau að nokkrum árum liðnum.

Þær forsendur, sem lágu til grundvallar þegar lögin voru samþykkt, eru enn í fullu gildi. Jafnrík ástæða er nú eins og þá til þess að vernda börn og ungmenni gegn skaðvænlegum áhrifum grófs ofbeldis. Er það reynsla og álit margra að framboð á slíku efni sé síst minna nú en þegar lögin nr. 33/1983 voru sett.

Þann 18. febrúar 1985 gerði lögreglan könnun hjá myndbandaleigum á höfuðborgarsvæðinu með hliðsjón af myndbandalista frá Kvikmyndaeftirlitinu. Á honum voru um 70 myndatitlar sem Kvikmyndaeftirlitið hafði úrskurðað óhæfa til sýningar vegna ofbeldis eða kláms. Í þessari könnun fundust hundruð bannaðra myndbanda.

Þann 22. desember 1986 var síðan aftur gerð leit í myndbandaleigum á suðvesturhorni landsins af lögreglu og dómsmálaráðuneytinu. Voru þá gerð upptæk meira en tíu þúsund myndbönd sem voru ólöglega innflutt og brutu í bága við lög um höfundarétt, hegningarlög eða voru á bannlista Kvikmyndaeftirlitsins vegna ofbeldis eða kláms.

Í ljósi þess, sem að framan er sagt, þykir því rétt að lög þessi haldi enn gildi sínu.

Sþ. 150. Tillaga til þingsályktunar [142. mál]

um könnun á launavinnu framhaldsskólanema.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Ólafur Þ. Þórðarson, Guðrún Helgadóttir,
Sturla Böðvarsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir,
Sighvatur Björgvinsson, Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta kanna hvernig háttað er vinnu framhaldsskólanema meðfram námi. Kannaðir verði eftirfarandi þættir:

a. fjöldi vinnustunda á viku,
b. hvenær sólarhrings störfin eru unnin,
c. kjör og réttindi námsmanna í launavinnu,
d. ástæður þess að nemar vinna launuð störf með námi.

Greinargerð.

Tímasókn og heimavinna í framhaldsnámi er flestum ærin vinna og jafnast á við fulla dagvinnu að viðbættri auka-, helgar- og jafnvel næturvinnu, þegar svo stendur á. Það er þó engin nýlunda að námsmenn vinni launuð störf meðfram námi í lengri eða skemmri tíma og geta ýmsar ástæður legið að baki, tímabundin fjárþörf eða bágar heimilisástæður. Slíkt hefur fremur heyrt til undantekninga og hlýtur að teljast óæskilegt með öllu.

Það er verulegt umhugsunar- og áhyggjuefni að svo virðist sem launavinna framhaldsskólanema færist sífellt í vöxt. Skyndikannanir í einstökum skólum benda til þess að í efstu bekkjunum vinni allt að 70% nemenda launuð störf meðfram námi, nokkrir þeirra meira en 20 klukkustundir á viku, og þarf ekki að fara í grafgötur með það hver áhrif það hlýtur að hafa á námsárangur og þátttöku í félagslífi skólanna.

Það er fremur ótrúlegt að knýjandi ástæður reki mikinn fjölda framhaldsskólanema til launavinnu með námi, en hverjar sem ástæðurnar eru er nauðsynlegt að vita þær og reyna að bregðast við þessari þróun með einhverju móti.

Ef það er raunin að til séu þeir framhaldsskólanemar, sem vinna allt að 30 stundir á viku með fullu námi, skila þessir nemendur um 70 vinnustundum á viku. Getur þá hvorki gefist mikill tími til heimanáms né til þátttöku í félagslífi sem einnig stuðlar að þroska og lífsfyllingu þessara ungmenna. Eitthvað hlýtur undan að láta og það vill þá oft verða námið. Stundum flosna þessir einstaklingar upp frá námi, en oftar verða afleiðingarnar þær að námið tekur lengri tíma en ella þyrfti, mikið verður um endurtekna áfanga eða að nemendur rétt ná að skríða í gegnum próf og koma því illa undirbúnir til náms í öðrum skólum eða til starfa á öðrum vettvangi. Ef til vill má skoða slakan árangur á fyrsta ári í Háskóla Íslands að einhverju leyti í ljósi þessara staðreynda.

Leiða má getum að því hverjar séu helstu orsakir þessarar þróunar. Það er t.d. nokkuð augljóst að mat samfélagsins á menntun hefur áhrif á viðhorf ungs fólks. Menntun er heldur lítið metin til launa og í seinni tíð hefur lítið farið fyrir umræðum um lífsfyllingu í starfi, heldur er gildi þessa fyrst og fremst mælt í krónum. Þó eru prófskírteinin talin nauðsynlegur aðgöngumiði að ýmsum leiðum í starfi og námi, en óþarft þykir að fórna til þess öllum lífsins lystisemdum. Enda dynja áreitin á unga fólkinu úr öllum áttum, kröfur um tískufatnað, hljómflutningstæki, ferðalög, jafnvel bíla. Fordæmin skortir svo sannarlega ekki. Fullorðið fólk hlýtur að líta í eigin barm og íhuga hvort neyslukapphlaup hinna eldri hafi smitað svo ungmennin að þau telji nauðsynlegt að vinna allt að 30 klukkustundir á viku með skólanámi til þess að fjármagna óhófseyðslu sem foreldrar þeirra eru skiljanlega ekki tilbúnir að greiða fyrir þau. Sé svo þá er eitthvað meira en lítið bogið við það verðmætamat sem við innrætum ungu kynslóðinni og þá er ástæða til að staldra við og hugsa okkar gang.

Okkur hlýtur að vera kappsmál að fá að vita hvað rekur stóran hluta framhaldsskólanema til þess að vinna launavinnu með námi og þess vegna er þessi tillaga borin fram á Alþingi. Flutningsmenn telja einnig nauðsynlegt að fá fram í dagsljósið hvort þessir einstaklingar njóta kjara og réttinda í samræmi við vinnuframlag sitt eða hvort hér er verið að ganga á lagið og notfæra sér ódýran vinnukraft.

Þegar niðurstöður eru fengnar verður að meta hvort og hvernig unnt er að bregðast við þeirri þróun sem að mati flutningsmanna er veruleg ógnun við þau markmið framhaldsskólanna að skila hæfum og vel menntuðum einstaklingum út í þjóðfélagið og til enn meira náms.

Sþ. 151. Fyrirspurn [143. mál]

til félagsmálaráðherra um skyldusparnað ungs fólks.

Frá Finni Ingólfssyni.

Hyggst félagsmálaráðherra beita sér fyrir hækkun vaxta á skyldusparnaði ungs fólks til íbúðabygginga þegar staðgreiðslukerfi skatta kemur til framkvæmda um næstu áramót?

Sþ. 152. Fyrirspurn [144. mál]

til menntamálaráðherra um framkvæmd reglugerða um bann við ofbeldiskvikmyndum og um Kvikmyndaeftirlitið.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hvernig hefur tekist til um framkvæmd reglugerðar um bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 800/1983, og reglugerðar nr. 235/1987, um skoðun kvikmynda hjá Kvikmyndaeftirliti ríkisins?
2. Hvernig eru fjárhagsástæður Kvikmyndaeftirlitsins?

Sþ. 153. Fyrirspurn [145. mál]

til dómsmálaráðherra um ólöglegan innflutning myndbanda.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hver urðu málalok þeirrar leitar sem dómsmálaráðuneytið og lögreglan létu gera á myndbandaleigum höfuðborgarsvæðisins 22. des. 1986?
2. Hve mörg myndbönd fann lögreglan þá sem talið var að brytu í bága við lög um höfundarétt, hegningarlög eða lög um bann við ofbeldiskvikmyndum?
3. Hyggst dómsmálaráðherra beita sér fyrir slíkri skyndileit aftur?
4. Hvaða aðrar aðgerðir hefur dómsmálaráðherra á prjónunum til að hefta ólöglegan innflutning myndbanda?

Sþ. 154. Fyrirspurn [146. mál]

til menntamálaráðherra um barnaefni í fjölmiðlum.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur.

1. Hve stórt hlutfall af heildarútsendingum
   a. Ríkisútvarps, sjónvarps
   b. Ríkisútvarps, hljóðvarps
   er barnaefni og hve mikið talið í mínútum?
2. Hve mikill hluti barnaefnis
   a. Ríkisútvarps, sjónvarps
   b. Ríkisútvarps, hljóðvarps
   er íslenskt?
3. Hvað er miklu fé varið til innlendrar dagskrárgerðar
   a. Ríkisútvarps, sjónvarps
   b. Ríkisútvarps, hljóðvarps
   fyrir börn?
4. Hversu stór hluti erlends barnaefnis í sjónvarpi er með íslensku tali og hve mikið er með íslenskum rittexta?
5. Hverjir eru helstu flokkar barnaefnis (þ.e. tónlist, leikið efni, lestur, teiknimyndir o.s.frv.) í
   a. Ríkisútvarpi, sjónvarpi
   b. Ríkisútvarpi, hljóðvarpi?

Sþ. 155. Tillaga til þingsályktunar [147. mál]

um setningu laga eða reglna um skoðanakannanir.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Halldór Blöndal,
Karl Steinar Guðnason, Valgerður Sverrisdóttir,
Óli Þ. Guðbjartsson, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er kanni hvort rétt sé að setja lög eða koma á reglum um skoðanakannanir. Nefndin athugi sérstaklega hvort nauðsynlegt sé að sett verði löggjöf um framkvæmd, úrvinnslu og birtingu skoðanakannana er tengjast almennum kosningum, en einnig hvort taka eigi upp í lög ákvæði um skoðanakannanir sem tengjast mikilvægum eða umdeildum þjóðfélagsmálum og um skoðnakannanir almennt. Nefndin skal jafnframt kanna hvort fullnægjandi sé að koma á fót samstarfi þeirra sem fást við gerð skoðanakannana og tryggja að þeir setji sér starfs- og siðareglur sem eftir verði farið án þess að lagasetning komi til.

Í nefndina skal skipa einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu hvers þingflokks á Alþingi og tvo fulltrúa samkvæmt tilnefningum hvers aðila: Blaðamannafélags Íslands, félagsvísindadeildar Háskólans og Félags þjóðfélagsfræðinga. Formann nefndarinnar skipar ríkisstjórnin án tilnefningar.

Nefndin skal hraða störfum sínum og verði niðurstöður hennar ásamt tillögum lagðar fyrir Alþingi í formi skýrslu.

Greinargerð.

Víða um lönd hafa ýmiss konar kannanir á afstöðu almennings verið fylgifiskur vaxandi fjölmiðlunar. Er ekki síst vinsælt að reyna að spá fyrir um úrslit kosninga eða lyktir í einhverju máli með því að kanna afstöðu tiltekins hóps eða úrtaks fyrir fram. Slíkar kannanir, einkum þær sem tengjast almennum kosningum, hafa valdið deilum og vakið mikið umtal.

Rætt er um hversu mikil áhrif þær hafi, að hve miklu leyti þær verði skoðanamyndandi o.s.frv. Þá er einnig rætt um nauðsyn þess að þær kannanir sem á annað borð eru framkvæmdar og birtar séu áreiðanlegar og vel unnar og að almenningur geti treyst því að svo sé.

Umræða um nauðsyn þess að setja lög eða reglur um skoðanakannanir er næstum jafngömul könnununum sjálfum en lagasetning hefur þó ekki orðið niðurstaðan svo flutningsmönnum sé kunnugt um nema í Frakklandi (sjá fylgiskjal I). Rétt er að hafa í huga að víða erlendis, þar sem áratuga hefð hefur skapast í þessu sambandi, hefur gerð slíkra kannana að verulegu leyti færst í hendur rótgróinna sérhæfra stofnana sem skapað hafa sér traust og orðstír.

Hér á landi er allt öðru til að dreifa, saga skoðanakannana er stutt, hefð vantar og sumir þeir aðilar sem fást við gerð og úrvinnslu kannana hafa takmarkaða reynslu að baki.

Með tilliti til allra aðstæðna þykir flutningsmönnum því rétt að leggja til að þessi mál verði skoðuð. Óþarft er að taka fram að þennan tillöguflutning ber ekki að skoða á nokkurn hátt sem vantraust á þá aðila sem fengist hafa við gerð skoðanakannana hér á landi að undanförnu. Þeim aðilum væri greiði gerður með því að úr því yrði skorið hvort og þá hvernig reglur væri rétt að setja á þessu sviði.

Skylt er að geta þess að á síðasta þingi var flutt tillaga til þingsályktunar um úttekt á áreiðanleika skoðanakannana, 123. mál Sþ. á 109. löggjafarþingi. Flutningsmenn þeirrar tillögu voru annar flutningsmaður þessa þingmáls, Halldór Blöndal, og Guðmundur H. Garðarsson. Tillagan gerði ráð fyrir að gerð yrði úttekt á áreiðanleika íslenskra skoðanakannana og í framhaldi af því lagt mat á þörf fyrir reglur um framkvæmd og birtingu skoðanakannana. Tillagan varð ekki útrædd.

Fylgiskjal I.

Úr lagasafni (Recueil des Lois),
útg. af þjóðþinginu (Assemblée Nationale):

FRÖNSKU LÖGIN UM BIRTINGU OG DREIFINGU SKOÐANAKANNANA

I. kafli.
Almenn ákvæði.
1. gr.

Undir ákvæði þessara laga falla birting og dreifing hvers konar skoðanakannana sem tengjast beint eða óbeint þjóðaratkvæðagreiðslu, forsetakosningum eða einhverjum kosningum er kosningalög kveða á um, að meðtöldum kosningum fulltrúa til þings Evrópubandalagsins. Hermikosningar (opération de simulation de vote) sem gerðar eru á grundvelli skoðanakannana eru taldar með skoðanakönnunum að því er gildi laga þessara varðar.

II. kafli.

Um efni skoðanakannana.

2. gr.

Birtingu og dreifingu hvers konar skoðanakannana, eins og lýst er hér í 1. gr., skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar sem gefnar eru á ábyrgð stofnunar þeirrar sem að þeim hefur staðið:

— nafn stofnunarinnar sem skoðanakönnunina gerði;
— nafn og staða þess sem skoðanakönnunina kaupir;
— fjöldi þeirra sem spurðir voru;
— dagur sá eða dagar sem skoðanakönnunin var gerð.

3. gr.

Þegar birt er eða dreift einhvers konar skoðanakönnun, eins og lýst er í 1. gr., skal stofnun sú er könnunina gerir afhenda skoðanakannananefnd, sem sett er á stofn samkvæmt 5. gr. þessara laga, tilkynningu þar sem einkum og sér í lagi skal tilgreina eftirfarandi:

— viðfangsefni skoðanakönnunarinnar;
— hvernig staðið var að vali aðspurðra, vali úrtaks og samsetningu þess;
— við hvaða aðstæður skoðanakönnunin fór fram;
— spurningar þær sem lagðar voru fyrir fólk, óstyttar og með óbreyttu orðalagi;
— hve hátt hlutfall aðspurðra svaraði ekki hverri spurningu fyrir sig;
— túlkunarmörk (limites d'interprétation) niðurstaðna sem birtar voru;
— ef ástæða er til, hvaða aðferð notuð var til að fá fram óbeinar niðurstöður til birtingar.

Skoðanakannananefnd getur krafist þess að þeir aðilar, sem hafa látið birta eða dreifa skoðanakönnun eins og lýst er í 1. gr., birti jafnframt upplýsingar þær sem fram koma í tilkynningunni til nefndarinnar, annaðhvort allar eða einhverjar þeirra.

4. gr.

Stofnun, sem látið hefur gera skoðanakönnun eins og lýst er í 1. gr., skal hafa tiltæk handa skoðanakannananefnd, sem stofnuð er skv. 5. gr. þessara laga, skjöl þau sem lögð eru til grundvallar birtingu eða dreifingu könnunarinnar.

III. kafli.

Um skoðanakannananefnd.

5. gr.

Stofna skal skoðanakannananefnd sem falið er að kanna og gera tillögur um reglur varðandi kosningaspár er tryggi óhlutdrægni og vönduð vinnubrögð við skoðanakannanir sem birtar eru eða dreift er eins og lýst er í fyrstu grein.

Tillögur nefndarinnar skulu lögfestar með tilskipun ríkislaganefndarfundar (décret en Conseil d'État) svo að þeim megi framfylgja.

Enn fremur skal það vera í verkahring nefndarinnar að skilgreina þau ákvæði sem ófrávíkjanlega verða að vera í sölusamningum um áðurgreindar skoðanakannanir og einkum þau sem miða að því að banna birtingu eftir fyrstu lotu eða umferð kosninga á hvers kyns könnunum um atkvæði í síðari umferð kosninga.

Nefndin skal ganga rækilega úr skugga um að persónur eða stofnanir sem gera skoðanakannanir, sem ætlaðar eru til birtingar eða dreifingar, hafi ekki samráð hver við aðra um framkvæmd þeirra, né geri nokkra samninga eða samkomulag, ljóst eða leynt, né neins konar bandalag í hvaða tilgangi er vera skal sem miði að því eða geti leitt til þess að koma í veg fyrir eða takmarka sams konar starfsemi af hálfu annarra persóna eða stofnana.

6. gr.

Skoðanakannananefnd er skipuð fulltrúum tilnefndum með tilskipun ráðherraráðs (Conseil des ministres) meðal þeirra er sitja í ríkislaganefnd (Conseil d'État), Hæstarétti (Cour de Cassation, þ.e. æðsta dómstól) og Ríkisendurskoðun (Cour des Comptes, þ.e. Audit Office), jafnmörgum frá hverjum og oddamanni í hverjum hópi (a nombre égal et impair).

7. gr.

Enginn má gera skoðanakannanir, eins og lýst er í 1. gr., sem ætlað er að birta eða dreifa hafi hann ekki áður skuldbundið sig með yfirlýsingu til skoðanakannananefndar að virða ákvæði þessara laga og texta reglugerða sem settar eru skv. 6. gr. hér að ofan.

Enginn má birta eða dreifa niðurstöðum skoðanakönnunar, eins og lýst er í 1. gr., hafi hann gert könnunina án þess að yfirlýsing sú er greinir í síðustu málsgrein hafi áður verið undirrituð.

8. gr.

Skoðanakannananefnd hefur til þess fulla heimild að sannreyna hvort skoðanakannanir eins og lýst er í 1. gr. hafi verið gerðar og sala þeirra farið fram í samræmi við lög og texta reglugerða sem við eiga.

9. gr.

Fjölmiðlar, sem kynnu að hafa birt eða dreift skoðanakönnun eins og lýst er í 1. gr. þvert ofan í ákvæði laga þessara og reglugerðartexta sem við eiga, svo og þeir sem standa að slíkri birtingu í trássi við ákvæði þessara laga eða við skylduákvæði samninga um sölu eða með því að breyta vægi fenginna niðurstaðna, skulu skyldir til að birta án tafar leiðréttingar þær sem áðurgreind nefnd krefst.

Nefndin getur hvenær sem er komið á framfæri og látið birta leiðréttingar hjá ríkisútvarps- og ríkissjónvarpsstöðvum. Jafnan skal tekið fram að slíkar tilkynningar komi frá skoðanakannananefnd.

10. gr.

Úrskurði skoðanakannananefndar skal jafnan tilkynna og birta opinberlega. Þá skal einkum og sér í lagi senda fréttastofum.

Þeim má áfrýja til ríkislaganefndar (Conseil d'État).

IV. kafli.

Sérstök ákvæði sem við eiga þegar kosningar fara í hönd.

(En période électorale.)

11. gr.

Í aðfaraviku kosningalotu eða umferðar, svo og meðan kosningar standa yfir, er bönnuð hvers konar birting, dreifing eða umfjöllun hvers konar skoðanakannana eins og lýst er í 1. gr.

Þegar um er að ræða hlutakosningar, til fulltrúadeildar, öldungadeildar, til héraðsþinga (í kantónur) eða bæjarstjórna, sem eiga sér stað milli tveggja almennra kosninga til þjóðþingsins (Assemblée nationale), öldungadeildar (Sénat), héraðsstjórna (Conseils généraux) eða bæjarstjórna (Conseils municipaux), skal bann þetta þó einungis eiga við um skoðanakannanir sem hafa beina eða óbeina skírskotun til þessara hlutakosninga.

Bannið á ekki við um aðgerðir sem miða að því að veita þegar í stað upplýsingar um niðurstöður hverrar umferðar kosninga sem gerðar eru eftir að lokað er síðasta kjörstað í höfuðborg lands eða höfuðstað kjördæmis (en métropole) og áður en niðurstöður eru kunngerðar.

V. kafli.
Ýmis ákvæði.
12. gr.

Sæta skulu refsingum samkvæmt grein L.90-1 í kosningalögum:
— þeir sem birt hafa eða dreift skoðanakönnun, eins og lýst er í 1. gr., án þess að henni fylgdu einhverjar eða allar þær upplýsingar sem kveðið er á um í 2. gr. hér að ofan;
— þeir sem látið hafa birta eða dreifa skoðanakönnun, eins og lýst er í 1. gr., með villandi eða röngum upplýsingum;
— þeir sem ekki hafa fullnægt skilyrðum þeim sem sett eru fram í 3. gr. hér að ofan;
— þeir sem birt hafa eða dreift eða látið birta eða dreifa skoðanakönnun eins og lýst er í 1. gr. þótt ekki hafi verið virtar reglur og ákvæði sem sett eru fram af skoðanakannananefnd skv. 5. gr. hér að ofan;
— þeir sem gert hafa skoðanakannanir eins og lýst er í 1. gr. án þess að virða ákvæði síðustu málsgreinar téðrar 5. gr.;
— þeir sem brotið hafa gegn ákvæðum 7. og 11. gr. hér að ofan;
— þeir sem hafa neitað að birta leiðréttingar þær sem skoðanakannananefnd hefur krafist skv. 9. gr. hér að ofan.

Dómsúrskurður skal birtur eða honum dreift að sömu leiðum eða í sömu fjölmiðlum og í voru birtar eða dreift skoðanakönnunum þeim sem stríddu gegn ákvæðum þessara laga.

13. gr.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara skulu ákveðin eftir því sem þörf er á, með tilskipan ríkislaganefndar.

(Aths. þýð.: Ríkislaganefnd er notað hér fyrir Conceil d'État sem er 193 manna nefnd tilnefnd af ríkisstjórninni og hefur það hlutverk með höndum að vera stjórninni til ráðuneytis um samningu laga, reglugerða og tilskipana. Nefnd þessi er enn fremur æðsti dómstóll í málum þeim er einstaklingar eiga í gegn ríkisvaldinu.)

Fylgiskjal II.

Tillaga til þingsályktunar um úttekt á áreiðanleika skoðanakannana, ásamt greinargerð, frá 109. löggjafarþingi.

(Flm.: Halldór Blöndal, Guðmundur H. Garðarsson.)

Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra að láta nú þegar gera úttekt á áreiðanleika íslenskra skoðanakannana. Úttekt þessi nái m.a. til eftirfarandi atriða:

1. Að hvaða marki íslenskar kannanir standist þær kröfur sem gera þarf til kannana af þessu tagi með hliðsjón af gagnasöfnun, túlkun og úrvinnslu gagna. Enn fremur verði leitast við, þar sem því verði við komið, að meta raunverulegt forsagnargildi slíkra kannana. Sérstaklega skal fjalla um skoðanakannanir um fylgi stjórnmálaflokka og framkvæmd og meðferð þeirra í skólum landsins.
2. Hvort æskilegt sé að setja einhverjar reglur og þá hverjar um framkvæmd og birtingu skoðanakannana.

Greinargerð.

Kannanir á ýmsum sviðum íslensks þjóðlífs hafa farið mjög í vöxt á síðustu árum og þær koma til með að aukast enn í framtíðinni. Að sama skapi hafa niðurstöður úr könnunum af ýmsu tagi orðið æ meira áberandi í almennri þjóðmálaumræðu en áður var. Það hefur ekki síst komið í hlut stjórnmálamanna að fjalla um niðurstöður þessara kannana enda fjalla þær gjarnan um viðhorf almennings til mikilvægra atburða líðandi stundar eins og efnahagsaðgerðir ríkisstjórnar eða fylgi stjórnmálaflokkanna, svo að dæmi séu nefnd. Hafa slíkar umræður oftar en einu sinni teygt arma sína inn í sali Alþingis. Umræður um niðurstöður kannana hafa oft einkennst af deilum um áreiðanleika þeirra og marktækni. Hefur þeirri skoðun jafnvel verið haldið á lofti að svo illa sé að mörgum þessara kannana staðið að ekkert mark sé á þeim takandi.

Gagnrýni þessi hefur beinst nær jafnt að öllum meginþáttum skoðanakannana. Deilt hefur verið um úrtaksaðferðir, úrtaksstærð, orðalag spurninga, úrvinnslu og túlkun niðurstaðna. Slíkar deilur eru í alla staði eðlilegar þegar þess er gætt að nauðsynlegt er að geta gert greinarmun á „góðum" könnunum, þeim sem standast lágmarkskröfur um fræðileg vinnubrögð, og lélegum könnunum, þeim sem ekki standast slíkar kröfur.

Það er megintilgangur þeirrar tillögu sem hér er flutt að lagt verði kerfisbundið mat á íslenskar skoðanakannanir með hliðsjón af því hvort þær standist þær fræðilegu kröfur sem gera þarf til skoðanakannana almennt. Þar sem því verði við komið verði enn fremur gengið úr skugga um að hvaða marki niðurstöður skoðanakannana standist í reynd.

Það er annar megintilgangur þessarar tillögu að það verði kannað hvort æskilegt sé að setja einhverjar reglur og þá hvaða reglur um framkvæmd og birtingu skoðanakannana. Slík úttekt sem hér um ræðir verður enn brýnni í ljósi þess að kannanir, góðar jafnt sem slæmar, geta haft veruleg áhrif á almenningsálit. Með því að draga í eitt skipti fyrir öll fram meginkosti og galla skoðanakannana, og með því að leggja fræðilegt mat á kannanir sem þegar hafa verið framkvæmdar, væri stigið spor í þá átt að gera öllum aðilum fært að meta betur en nú er mögulegt áreiðanleika og marktækni slíkra kannana yfirleitt.

Ed. 156. Nefndarálit [70. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.
Júlíus Sólnes var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. nóv. 1987.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Jóhann Einvarðsson.
Eiður Guðnason.	Valgerður Sverrisdóttir.	Álfheiður Ingadóttir.

Sþ. 157. Tillaga til þingsályktunar [148. mál]

um gerð framkvæmdaáætlunar um þjóðvegi á höfuðborgarsvæðinu.

Flm.: Benedikt Bogason, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir,
Guðmundur Ágústsson, Hreggviður Jónsson, Júlíus Sólnes.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera fimm ára framkvæmdaáætlun um stofnbrautir og þjóðvegi í þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu í samráði við sveitarfélögin þar. Jafnframt verði gerðar ákveðnar tillögur um fjármögnun framkvæmdanna. Á árinu 1988 verði varið 360 m.kr. í þetta verkefni.

Greinargerð.

Það dylst engum sem ekur um höfuðborgarsvæðið að stofnkerfi umferðarinnar er sprungið. Mikil aukning umferðar á síðustu árum vegna fjölgunar bifreiða og íbúa ásamt aukinni athafnasemi hefur leitt til þess að umferðaræðar stíflast á annatímum, ferðatíminn lengist og óæskileg umferð um safngötur og húsagötur eykst, umferðaröryggi þverr og slysunum fjölgar.

Flestar aðalumferðaræðarnar eru ýmist þjóðvegir (stofnbrautir) eða þjóðvegir í þéttbýli sem lagðir eru á kostnað ríkissjóðs.

Á undanförnum árum og áratugum hefur verið gert stórátak í vegagerð um allt land, byggðarlög og landshlutar smám saman tengdir saman með betri vegum, uppbyggðum með bundnu slitlagi og betri og stærri brýr gerðar. Þjóðhagslegur ávinningur af þessu er auðsær, enda oftast um mjög arðbærar framkvæmdir að ræða. Þessu ber að halda áfram af fullri einurð.

En á sama tíma og mestöll landsbyggðin getur fagnað betri vegum hefur sigið á ógæfuhliðina á höfuðborgarsvæðinu eins og áður er getið. Því þarf að gera stórátak og hér er lagt til að gerð verði fimm ára framkvæmdaáætlun (1988–1993) og hafist handa strax á næsta ári með því að verja 360 m.kr. í framkvæmdir í stað um 150 m.kr. sem samtals er áætlað í gildandi vegáætlun (þjóðvegir (stofnbrautir) 70 m.kr., þjóðvegir í þéttbýli 80 m.kr.).

Sérstakur vinnuhópur, sem Vegagerð ríkisins kom á til að fjalla um vegakerfi á höfuðborgarsvæðinu, skilaði fyrstu drögum að framkvæmdaáætlun 1985–1990 í apríl 1985 (áfangaskýrsla I). Á næstunni mun vera von á áfangaskýrslu II, en gera má ráð fyrir að nauðsynleg framkvæmdaþörf á fimm árum verði vart undir 2000 m.kr. eða um 400 m.kr. að meðaltali á ári.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1988 er áætlað að innheimta bifreiðaskatta verði 1700 m.kr., þar af sérstakur bifreiðaskattur 650 m.kr. Bíleigendum þykir það vera að bera í bakkafullan lækinn að leggja þennan sérstaka skatt á bifreiðar ofan á alla aðra skatta. Ríkisstjórnin gerði því bragarbót með því að verja hluta af þessum skatti í umrætt verkefni á árinu 1988.

Sþ. **158. Svar** [86. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Inga Björns Albertssonar um útflutningsverslun með kjöt.

1. Er útflutningsverslun með kjöt án skuldbindinga um áframhaldandi sölu til annarra þjóða?

Nei. Samkvæmt upplýsingum frá búvörudeild Sambandsins, sem er eini aðilinn er flytur út kindakjöt að einhverju ráði, er gert um það samkomulag við viðskiptavini erlendis að þeir selji kjötið á sínum heimamarkaði.

2. Er það rétt, sem fram kom í fréttum ríkisfjölmiðla 2. nóv. sl., að besta dilkakjötsmarkaði Íslendinga á erlendri grund, í Færeyjum, hafi verið stefnt í voða með sölu á íslensku dilkakjöti frá Danmörku? Ef svo er, og löglega hefur verið að þessu staðið, hvernig er hægt að fyrirbyggja að slíkt endurtaki sig?

Það er rétt sem kom fram í fréttum fjölmiðla að íslenskt dilkakjöt hafi verið sent frá Danmörku og selt í Færeyjum á niðursettu verði. Um var að ræða einn gám eða um 17 tonn. Ástæða þessa er sú að það var þriðji aðili er sá um þessi viðskipti. Gerðar hafa verið ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig.

3. Hvernig hefur markaðsnefnd landbúnaðarins starfað sl. tvö ár og hver er árangurinn af því starfi?

Markaðsnefnd landbúnaðarins var endurskipuð af landbúnaðarráðherra, Jóni Helgasyni, í október 1985. Nefndina skipa nú: Sveinbjörn Dagfinnsson tilnefndur af landbúnaðarráðuneyti, Ingi Tryggvason tilnefndur af Framleiðsluráði landbúnaðarins, Hákon Sigurgrímsson tilnefndur af Stéttarsambandi bænda, Sigurgeir Þorgeirsson tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, Sveinn Björnsson tilnefndur af viðskiptaráðuneytinu, Magnús Friðgeirsson tilnefndur af búvörudeild SÍS, Jón H. Bergs tilnefndur af Samtökum sláturleyfishafa, Óskar Gunnarsson tilnefndur af Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði.

Nefndin hóf þegar starfsemi sína og réð Auðun Bjarna Ólafsson framkvæmdastjóra nefndarinnar frá 1. febr. 1986. Aðsetur nefndarinnar er í húsnæði Framleiðsluráðs í Bændahöllinni.

Markmið og tilgangur nefndarinnar hafa verið skilgreind þessi:

1. Að styrkja samskipti stjórnvalda, búvöruframleiðenda, Framleiðsluráðs, heildsöluaðila og dreifingaraðila búvara.
2. Að fylgjast með stöðu framleiðslu og markaðsmála á hverjum tíma.
3. Að stuðla að sem mestri hagkvæmni við framleiðslu og sölu búvara.
4. Að leita nýjunga í framleiðslu.
5. Að efla sérmenntun og þekkingu þeirra sem vinna að framleiðslu og sölu búvara og þjónustu.
6. Að eiga hlut að búvörukynningum og sýningum og öðrum þeim aðgerðum sem eru til þess fallnar að auka eftirspurn búvara og efla samskipti við kaupendur.
7. Að gera verðkannanir í samvinnu við Verðlagsstofnun.

8. Að stuðla í samráði við útflytjendur að kynningu á íslenskum búvörum erlendis, þar á meðal að fylgjast með og taka þátt í erlendum sýningum búvara þyki ástæða til.

Eftir þessum markmiðum hefur verið unnið svo sem kostur er og hafa starfshættir verið sem hér segir:

1. Markaðsnefnd hefur haldið að meðaltali rúmlega einn fund í mánuði þar sem fulltrúar stjórnvalda, framleiðenda og dreifingaraðila hafa skipst á skoðunum. Samsetning nefndarinnar miðaði að því að tryggja sem best samskipti þessara aðila, samkvæmt markmiðum nefndarinnar og hefur árangur orðið með ágætum.

2. Auk þess sem fylgst hefur verið með stöðu mála í kjöt- og mjólkurvörum hefur markaðsnefnd gert sérstakar athuganir á möguleikum á sölu silungs, grænmetis og kartaflna úr landi. Enn er unnið að málefnum silungsbænda en kartöflur og grænmeti hafa verið gefin upp á bátinn að sinni þar sem athuganir þóttu ekki benda til nægjanlegs árangurs. Áfram verður þó fylgst með stöðu mála svo sem kostur er.

3.–5. Mjög náið samstarf hefur tekist með Kaupmannasamtökunum og markaðsnefnd. Meðal annars hefur markaðsnefnd efnt til námskeiða fyrir afgreiðslufólk í matvöruverslunum. Hafa námskeið þessi verið haldin á um tíu stöðum á landinu og aðsóknin komin hátt á þriðja hundrað manns. Farið var yfir meðferð matvæla, nýtingu, pökkun, sölumennsku og þess háttar. Árangur af þessu starfi hefur tvímælalaust verið góður og hafa óskir borist um frekara námskeiðahald og þá jafnt fyrir sölu- og vinnsluaðila og framleiðendur. Í framhaldi af þessum námskeiðum var athugað með framboð á smærri tækjum fyrir kjötvinnslur á landsbyggðinni. En skortur á hentugum tækjum hefur oft komið í veg fyrir að nauðsynlegri hagkvæmni væri náð. Fundust nokkur tæki til niðurhlutunar og pökkunar sem ætla má að séu hentug og er gert ráð fyrir að Kjötvinnsla KB í Borgarnesi taki tvö til þrjú af þeim til reynslu. Starfsmaður markaðsnefndar hefur sótt matvælasýningar erlendis og í framhaldi af þeim lagt á ráðin um nýjungar.

Unnið hefur verið með Ferðaþjónustu bænda að uppbyggingu þeirrar þjónustu. Meðal annars var gengist fyrir námskeiði þar sem leiðbeinendur tóku fyrir markaðssetningu á ferðaþjónustu með tilliti til aðstöðu, þjónustu, móttöku gesta o.fl.

6. Markaðsnefnd hefur tekið þátt í tveim stórum sýningum hér innan lands, Matarlist 86 í Laugardalshöll í maí 1986 og BÚ 87 í Reiðhöllinni í ágúst 1987. Einnig tók nefndin þátt í þeirri kynningu er fram fór í tengslum við leiðtogafundinn haustið 1986 í íþróttahúsi Hagaskólans og matvælakynning var á vegum nefndarinnar í tengslum við alþjóðlega ráðstefnu matvælafræðinga á Hótel Sögu í september 1987.

Auglýsingaátak það sem gengið hefur undir nafninu FJALLALAMB var skipulagt af markaðsnefnd. Byggðist verkefni þetta á beinum auglýsingum í fjölmiðlum, matreiðsluþáttum í sjónvarpi, kynningum í verslunum og veitingahúsum auk fjölda annarra þátta er miðuðu að því að bæta ímynd lambakjötsins og bændastéttarinnar. Tóku söluaðilarnir virkan þátt í þessu verkefni og hafa hvatt til framhalds. Nú dylst engum að mjög góður árangur hefur orðið af þessu verkefni sé miðað við hvernig útlitið var þegar hafist var handa.

7. Markaðsnefnd hefur staðið að markaðsathugun í samstarfi við Hagvang hf. vorið 1986 og aftur vorið 1987. Beindist athugun þessi að viðhorfum til lambakjöts, verðlags og gæða en einnig að landbúnaði í heild sinni.

8. Markaðsnefnd hefur tekið þátt í einni sýningu erlendis. Það var á Grænlandi en „Íslenskir dagar" voru haldnir í Nuuk veturinn 1986. Samstarf var þá haft við Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og voru á vegum nefndarinnar kynnt matvæli, ull og ferðaþjónusta. Allítarleg athugun var gerð á aðstæðum í Grænlandi í ferðinni og mun sú athugun koma að góðum notum ef flutningstakmarkanir leysast.

Nú er til athugunar þátttaka í kynningarviku fyrir íslensk matvæli í Gautaborg. Kynningarvika þessi er skipulögð af Útflutningsráði í endaðan febrúar og er vænst þátttöku fjölda fyrirtækja í fiskiðnaði auk óska um að markaðsnefnd verði þar sem fulltrúi

landbúnaðarins. Í samvinnu við Útflutningsráð Íslands hefur markaðsnefnd gengist fyrir mjög viðamikilli markaðsathugun í Bandaríkjunum fyrir lambakjöt. Meðal annars hefur erlent markaðsathugunarfyrirtæki verið fengið til að vinna stóran hluta athugunarinnar. Nú á næstu dögum er að vænta mats á niðurstöðum.

Mat á árangri:

Enginn vafi leikur nú á því að verulegur árangur hefur orðið af starfsemi markaðsnefndar. Nægir að benda á bætt samskipti aðila er tengjast framleiðslu og sölu landbúnaðarvara, árangur við að stöðva þá miklu niðursveiflu sem var í lambakjötssölu hér innan lands, auk annarra verkefna sem nefndin hefur sinnt.

Markaðsnefnd landbúnaðarins hefur látið útflutningsverslun með kjöt til sín taka á eftirfarandi hátt:

Leitað var aðstoðar hjá dönskum markaðsráðgjafa, Helge Jessen að nafni, um möguleika á sölu umframbirgða nauta- og dilkakjöts erlendis. Þessi athugun hefur verið í gangi frá því um mitt ár 1986 og hafa ýmsir kostir verið skoðaðir. Má nefna sölu til Egyptalands, Nígeríu, Saudi-Arabíu, Japans og fleiri staða. Engir þessara kosta hafa verið á þann veg að gerlegt hafi þótt að ganga til samninga. Spilaði þar inn í bæði verð og einnig kvaðir um sláturaðferðir og vinnslu.

Kannaðir hafa verið möguleikar á því að nota kjöt sem neyðaraðstoð í samvinnu við Hjálparstofnun kirkjunnar. Þær þreifingar leiddu heldur ekki til neinna viðunandi lausna.

Fulltrúi viðskiptaráðuneytisins í markaðsnefnd hefur samkvæmt tilmælum frá nefndinni tekið upp í viðræðum við Sovétmenn hugsanleg kjötkaup. Viðræður þessar lofuðu góðu um tíma en á lokastigi málsins settu Sovétmenn skilyrði sem á engan hátt var hægt að uppfylla.

Í byrjun þessa árs var tekið upp samstarf við Útflutningsráð Íslands um markaðsathugun fyrir íslenskt dilkakjöt í Bandaríkjunum. Þarlent fyrirtæki, TROST Ass., hefur annast upplýsingaöflun ytra og hafa starfsmenn Útflutningsráðsins og markaðsnefndar m.a. farið utan til þess að vinna að þessu verkefni. Niðurstöður úr þessu verkefni ásamt tillögum um á hvern hátt taka skuli á þeim eru væntanlegar nú í nóvember.

Borist hefur erindi til nefndarinnar þess efnis að markaðsnefnd taki þátt í kynningu á íslenskum matvælum og iðnaðarvörum í Gautaborg í febrúar nk. Útflutningsráðið hefur skipulagt þessa kynningu í tengslum við væntanlegt markaðsátak í Svíþjóð. Gert er ráð fyrir að um fimmtán fyrirtæki í fiskútflutningi og iðnaði verði á þessari kynningu auk þess sem þátttaka markaðsnefndar hefur komið til tals. Góð reynsla fékkst af samstarfi markaðsnefndar og fyrirtækja í fiskiðnaðinum á leiðtogafundinum haustið 1986.

Auk þess sem hér á undan er talið hefur markaðsnefnd veitt upplýsingar einstaklingum og fyrirtækjum sem áhuga hafa haft á útflutningi á kjöti og skyldum afurðum. Þrátt fyrir aðstoð frá markaðsnefnd hefur ekki náðst árangur hjá þessum fyrirtækjum.

Markaðsnefnd hefur sinnt þessum athugunum svo sem aðstæður leyfa, auk vinnu að markaðsmálum hér innan lands. Álit erlendra markaðsmanna er á þann veg að kjötverslun sé álíka erfið og stálviðskipti. Margs konar verndaraðgerðir stjórnvalda, niðurgreiðslur og annað gera sölustarfið mjög erfitt.

4. Hvaða fjárhæðum hefur verið varið úr Framleiðnisjóði í leit að hagkvæmum mörkuðum erlendis sl. tvö ár, sundurgreint eftir markaðssvæðum? Hefur fé verið varið í þessu skyni úr öðrum opinberum sjóðum? Ef svo er, hverjum og hve miklu?

Framleiðnisjóður landbúnaðarins greiddi á árinu 1985 340 000 kr. og á árinu 1986 1 100 000 kr. til markaðsleitar og öflunar viðskiptasambanda í Bandaríkjunum vegna kindakjötssölu þangað.

Sþ. **159. Svar** [89. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn frá Skúla Alexanderssyni og Inga Birni Albertssyni um félagsheimilasjóð og menningarsjóð félagsheimila.

1. Hvernig verður skemmtanaskattinum, sem hingað til hefur borið uppi félagsheimilasjóð, ráðstafað? Hversu hár var hann á síðasta ári?

Verði félagsheimilasjóði ekki ætlaðar tekjur á fjárlögum rennur skemmtanaskattur óskertur í ríkissjóð.

2. Hver verður ógreidd hlutdeild félagsheimilasjóðs í byggingu félagsheimila um næstu áramót? Hver eru þau félagsheimili?

Meðfylgjandi er sérstök skrá yfir félagsheimili í byggingu og ógreidda hlutdeild félagsheimilasjóðs í kostnaði við þær framkvæmdir. Kemur þar fram að ógreidd hlutdeild félagsheimilasjóðs nemur samtals 71 639 588 kr.

3. Hve mikið hafa tekjur af skemmtanaskatti til félagsheimilasjóðs verið skertar á tímabilinu 1981–1987?

Þegar tekið hefur verið tillit til endurgreiðslna og framlags sjóðsins til Sinfóníuhljómsveitar Íslands munu tekjur sjóðsins hafa verið skertar með ákvæðum í lánsfjárlögum árin 1981–1987 samtals um 107 588 000 kr.

Nánar sundurgreint:

	Tekjur	*Skerðing*	*Mismunur*
1981	4 425 000	1 893 000	2 532 000
1982	9 752 000	3 588 000	6 164 000
1983	18 733 000	8 377 000	10 356 000
1984	21 300 000	8 900 000	12 400 000
1985	28 500 000	21 500 000	7 000 000
1986	31 300 000	19 300 000	12 000 000
Áætlun 1987	44 000 000	44 000 000	0
Samtals	158 010 000	107 558 000	50 452 000

4. Hver verður framtíð menningarsjóðs félagsheimila sem hingað til hefur fengið 10% af tekjum félagsheimilasjóðs?

Unnið er að tillögum um lagabreytingar sem nauðsynlegar eru í framhaldi af þeirri breyttu verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1988.

5. Hverjar hefðu tekjur menningarsjóðs félagsheimila orðið ef full skil hefðu verið gerð á skemmtanaskatti til félagsheimilasjóðs 1981–1987 og hverjar voru þær í raun á sama tímabili?

Tekjur menningarsjóðs félagsheimila hefðu orðið 10 755 880 kr., en urðu vegna skerðingarákvæða í lánsfjárlögum 5 045 200 kr.

Skrá um félagsheimili og ógreidda hlutdeild félagsheimilasjóðs.

	Eftirstöðvar
1. Félagsheimili Gaulverjabæjar	12 800
2. Safnaðarheimili Akraness	275 000
3. Félagsheimili Breiðuvíkur	149 500
4. Félagsheimili Ólafsvíkur	15 000 000
5. Félagsheimili Fram í Reykjavík	1 870 200
6. Félagsheimili Holtahrepps, Rangárvallasýslu	448 000
7. Félagsheimili Týs í Vestmannaeyjum	1 213 600
8. Félagsheimili Héraðsbúa, Egilsstöðum	187 400
9. Félagsheimili KR í Reykjavík	5 086 900
10. Félagsheimili Skútustaðahrepps	1 579 686
11. Félagsheimili Vals í Reykjavík	2 950 000
12. Félagsheimili Ljósavatnshrepps	145 400
13. Félagsheimili ÍSÍ í Reykjavík	3 182 800
14. Safnaðarheimili Fella- og Hólasóknar í Reykjavík	130 000
15. Félagsheimili Templara við Galtalæk	85 000
16. Félagsheimili Skátafélagsins Einherja á Ísafirði	41 700
17. Félagsheimili Borgarfjarðar, N-Múlasýslu	135 100
18. Safnaðarheimili Laugarnessóknar í Reykjavík	50 000
19. Félagsheimili Skaftártungu	1 152 987
20. Félagsheimilið Kirkjubæjarklaustri	100 900
21. Félagsheimili Hvalfjarðarstrandarhrepps	171 090
22. Félagsheimili Kópavogs	1 563 600
23. Félagsheimili Skarðshrepps, Skagafirði	838 800
24. Félagsheimili Hraungerðishrepps	50 000
25. Félagsheimili Skátafélagsins Faxa í Vestmannaeyjum	1 146 100
26. Félagsheimili Farfugla í Reykjavík	3 519 800
27. Félagsheimili Skriðdælinga	722 200
28. Safnaðarheimilið Neskaupstað	51 500
29. Félagsheimili Reykjahrepps	501 600
30. Félagsheimili A-Eyjafjallahrepps	875 200
31. Félagsheimili V-Eyjafjallahrepps	415 057
32. Félagsheimili Aðaldælahrepps	266 800
33. Félagsheimili Keflavíkur	95 000
34. Félagsheimili Hauka í Hafnarfirði	1 380 400
35. Félagsheimili UMFÍ	2 889 200
36. Safnaðarheimili Kársnessóknar í Kópavogi	55 000
37. Félagsheimili Eskifjarðar	716 400
38. Félagsheimili Selfoss	14 006 818

	Eftirstöðvar
39. Alþýðuhús Ísfirðinga	269 100
40. Félagsheimili HSK, SSK og KS á Selfossi	56 500
41. Félagsheimili Skefilsstaðahrepps	767 700
42. Félagsheimili Garðabæjar	40 000
43. Félagsheimilið Ársel í Reykjavík	243 000
44. Félagsheimili Miðdala, Dalasýslu	305 300
45. Skátaheimilið við Snorrabraut í Reykjavík	704 900
46. Félagsheimili Tálknafjarðar	587 700
47. Safnaðarheimili Ássóknar í Reykjavík	28 100
48. Félagsheimili TBR í Reykjavík	2 500 000
49. Félagsheimili Skeggjastaðahrepps	135 200
50. Félagsheimili Karlakórsins Geysis á Akureyri	250 000
51. Félagsheimilið Ketilási í Haganeshreppi	9 800
52. Félagsheimilið Satt í Reykjavík	1 249 450
53. Félagsheimilið Árgarður í Lýtingsstaðahreppi	80 000
54. Félagsheimili Rípurhrepps, Skagafirði	149 500
55. Félagsheimilið Miðgarður í Innri-Akraneshreppi	1 171 600
56. Félagsheimilið Vogaland í Króksfjarðarnesi	30 000
	71 639 588

Sþ. 160. Svar [123. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Unnar Stefánsdóttur um húsnæðismál Íþróttakennaraskóla Íslands.

1. Hvernig er ráðgert að leysa mál Íþróttakennaraskóla Íslands varðandi kennsluhúsnæði og íbúðir fyrir nemendur og kennara?

Frá og með skólaárinu 1972–1973 hafa nemendur Íþróttakennaraskóla Íslands lokið námi sínu á tveimur árum. Hafa nemendur því verið innritaðir í skólann annað hvert ár. Hinn 17. mars sl. ákvað menntamálaráðherra að nemendur skyldu innritaðir árlega og fjölgaði þá nemendum skólans úr 48 í 70.

Til þess að leysa húsnæðisvanda skólans og að fá kennurum og nemendum viðunandi íbúðir og heimavistir var ákveðið að Íþróttakennaraskóli Íslands fengi til umráða fyrrum húsnæði Hússtjórnarskóla Suðurlands og kennaraíbúðir hans í svonefndum „Heimakletti".

Í lok maí sl. skipaði menntamálaráðherra nefnd til þess að gera tillögur um Íþróttamiðstöð Íslands að Laugarvatni. Meðal verkefna nefndarinnar skyldi vera að gera tillögur um hvernig húsnæði og búnaður Hússtjórnarskóla Suðurlands ásamt kennaraíbúðum og húsnæði og landrými Íþróttakennaraskóla Íslands megi nýtast Íþróttakennaraskólanum og íþróttahreyfingunni sem best í Íþróttamiðstöðinni að Laugarvatni.

Laugarvatnsnefnd hefur stefnt að því að skila tillögum sínum á næsta sumri og er það ætlun menntamálaráðherra að hafa tillögur þessar til hliðsjónar þegar tekin verður ákvörðun um framtíðarskipan skólamála og nýtingu mannvirkja að Laugarvatni.

2. Hvað líður fyrirhugaðri byggingu sundlaugar fyrir Íþróttakennaraskóla Íslands?

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1988 er gert ráð fyrir 4,9 millj. kr. fjárveitingu til þess að ljúka greiðslum til verktaka við byggingu nýja íþróttahússins að Laugarvatni. Einnig er í frumvarpinu gert ráð fyrir að sömu upphæð, 4,9 millj. kr., verði varið til að kaupa búnað í íþróttahúsið. Það kemur síðar í ljós hvort þessi fjárveiting nýtist einnig til að hefja hönnun sundlaugar fyrir Íþróttakennaraskólann.

Sþ. 161. Fyrirspurn [149. mál]

til fjármálaráðherra um tekjur, tekjuskatt og útsvar kvenna og karla á Íslandi árið 1986.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur.

1. Hverjar voru heildartekjur
   a. kvenna
   b. karla
   árið 1986?
2. Hverjar voru meðaltekjur
   a. kvenna
   b. karla
   árið 1986?
3. Hver var heildartekjuskattur
   a. kvenna
   b. karla
   árið 1986?
4. Hver var meðaltekjuskattur
   a. kvenna
   b. karla
   árið 1986?
5. Hver voru heildarútsvör
   a. kvenna
   b. karla
   árið 1986?
6. Hver voru meðalútsvör
   a. kvenna
   b. karla
   árið 1986?

Svör óskast sundurgreind eftir skattumdæmum.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 162. Fyrirspurn [150. mál]

til dómsmálaráðherra um fangelsismál.

Frá Guðmundi Ágústssyni og Inga Birni Albertssyni.

Er í undirbúningi bygging nýs fangelsis eða vinnuhælis? Ef svo er, hvar verður það reist og hversu stórt verður það? Hvað kemur það til með að rúma marga fanga og hvenær er áætlað að það verði tekið í notkun? Hver er áætlaður kostnaður við byggingu slíks fangelsis eða vinnuhælis?

Sþ. 163. Fyrirspurn [151. mál]

til dómsmálaráðherra um afplánunarmál.

Frá Guðmundi Ágústssyni og Inga Birni Albertssyni.

1. Eru áform uppi um að koma á deildaskiptingu á Litla-Hrauni sem taki mið af
   a. góðri hegðun,
   b. eðli brots,
   c. tímalengd refsivistar,
   d. öðrum atriðum?
2. Hvað hefur verið gert í því á undanförnum árum að auka vinnuframlag fanga á vinnuhælum? Er í undirbúningi átak í þá átt að koma á átta stunda vinnudegi fanga?
3. Er fyrirhugað að ráða bót á afplánunarmálum kvenfanga?
4. Eru gerðar á því reglubundnar athuganir hvort fíkniefni eru notuð í fangelsum hér á landi? Ef svo er, hvað hafa þær athuganir leitt í ljós og hvað hyggst ráðherra fyrir í þeim málum?

Sþ. 164. Fyrirspurn [152. mál]

til dómsmálaráðherra um fyrirhugaðar aðgerðir vegna komu fulltrúa Sea Shepherd samtakanna til Íslands.

Frá Sólveigu Pétursdóttur.

Til hvaða aðgerða hyggjast dómsmálayfirvöld grípa ef fulltrúar Sea Shepherd samtakanna, þar á meðal yfirlýstir skemmdarverkamenn, koma til landsins innan skamms, sbr. ummæli þeirra í fjölmiðlum 25. nóv. sl. þess efnis m.a. að verði þeir ekki ákærðir líti þeir á það sem viðurkenningu á réttmæti aðgerða þeirra í Hvalstöðinni og Reykjavíkurhöfn?

Sþ. 165. Tillaga til þingsályktunar [153. mál]

um gerð kostnaðar- og framkvæmdaáætlunar um lagningu vegar með suðurströnd Reykjanesskaga.

Flm.: Níels Árni Lund, Guðni Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta gera kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um gerð vegar með suðurströnd Reykjanesskaga milli Þrengslavegar við Þorlákshöfn og Grindavíkurvegar.

Niðurstöður þeirrar athugunar skuli liggja fyrir við endurskoðun vegáætlunar á næsta Alþingi.

Greinargerð.

Vegalengdin milli Grindavíkurvegar og Þrengslavegar mun vera um 70 kílómetrar sé farið með suðurströnd Reykjanesskaga. Þar er nú að nafninu til akfær vegur sem er lítið sem ekkert farinn enda alls ekki í því horfi að hann bjóði upp á mikla umferð. Fullyrða má hins vegar að góður vegur á þessari leið yrði mikið notaður og að hann mundi skapa nýja möguleika í samgöngu- og atvinnumálum, ekki aðeins fyrir íbúa næsta nágrennis heldur einnig fyrir stóran hluta annarra landsmanna. Má í því sambandi benda á að ný brú verður senn tekin í notkun yfir Ölfusárósa sem mundi valda miklum breytingum í samgöngum á Suðurlandi. Örstutt verður á milli útgerðarstaðanna Stokkseyrar, Eyrarbakka og Þorlákshafnar og mun sú breyting frá því sem nú er skapa nýja og fjölbreytta möguleika í samvinnu þessara staða og er hún þegar farin að hafa áhrif á mótun framtíðarstefnu þeirra í ýmsum málum.

Með greiðfærum vegi milli Þorlákshafnar og Grindavíkur mundu opnast nýjar samgönguleiðir á svæðinu og ýmsar leiðir styttast til muna. Þannig mundi leiðin frá Suðurlandsundirlendi til Suðurnesja styttast að öllum líkindum um 30–50 km. Sé horft til þeirrar miklu umferðar sem er á milli þessara landsvæða er vart sjáanlegt annað en að vegur sem mundi stytta þessa leið svo mikið væri hagkvæmur.

Víst er að greiðfær vegur af Suðurlandsvegi við Hveragerði til Suðurnesja með suðurströnd Reykjanesskaga yrði mikið notaður af þeim sem erindi eiga milli þessara byggðarlaga. Hann yrði styttri, fljótfarnari og jafnvel greiðfærari á vetrum en leiðin yfir Hellisheiði og um Reykjavík til Suðurnesja.

Með gerð vegar með suðurströnd Reykjanesskaga væri því dregið úr þeirri miklu umferð sem nú er um Reykjanesbraut og þegar er orðin mun meiri en hún getur þjónað með öruggu móti svo sem dæmi sanna. Með þessari vegalagningu væri því tekið skref til móts við kröfur landsmanna um aukið öryggi á þeirri leið. Einnig mundi vegurinn draga úr umferðarþunga um Reykjavíkursvæðið sem ekki er vanþörf á.

Aðalflugvöllur landsins er á Suðurnesjum og um hann fer allt áætlunarflug til og frá landinu, og sömuleiðis fer allur út- og innflutningur varnings með flugvélum fram um Keflavíkurflugvöll. Flutningaleið frá Suðurlandi yrði styttri og skapaði grundvöll fyrir auknum viðskiptum af því tagi.

Þá er nú þegar hafin samvinna milli Þorlákshafnar, Eyrarbakka, Stokkseyrar og Selfoss við Fiskmarkað Suðurnesja. Fullvíst er að sú samvinna mun verða öflugri og fjölbreyttari ef auðveldara verður að flytja fisk landleiðis milli þessara byggðarlaga en nú er.

Enginn vafi er á að margir erlendir ferðamenn mundu kjósa að fara þennan veg í skoðunarferð um landið. Fyrir ferðamenn, sem hafa hér stutta viðdvöl, er kynnisferð umhverfis Reykjanesskaga áhugaverður kostur sem margir mundu eflaust nýta sér ef að væri unnið. Má þar m.a. minna á Krísuvíkursvæðið sem er athyglisvert til skoðunar.

Þá má telja fullvíst að eftir að Krísuvíkurheimilið verður tekið í notkun fyrir vímuefnasjúklinga muni þurfa að endurbæta að verulegu leyti þann veg sem þangað liggur nú. Með gerð þess vegar sem hér hefur verið rætt um tengdist Krísuvík góðum vegi. Sömuleiðis tengdi þetta byggðina í Selvogi betur helstu umferðaræðum.

Það eru því mörg rök sem liggja til grundvallar því að hagkvæmt og eðlilegt sé að lagður verði greiðfær vegur milli Grindavíkurvegar og Þrengslavegar. Svo að unnt sé fyrir Alþingi að taka ákvarðanir um lagningu hans þurfa að liggja fyrir kostnaðar- og framkvæmdaáætlanir og því er lagt til að samgönguráðherra láti gera þær og leggja niðurstöðurnar fyrir Alþingi næsta haust.


AKRANES
SELTJARNARNES
REYKJAVÍK
GARÐABÆR
HAFNARFJÖRÐUR
KEFLAVÍK
NJARÐVÍK
SELFOSS
Hveragerði
Stokkseyri
Eyrarbakki
Þorlákshöfn
Sandgerði
Garður
Hafnir
Vogar
ESJA
Mosfells-
sveit
Grindavík
Bláfjöll
Hellisheiði
Lyngdalsheiði
Þingvallavatn
Laugarvatn
Laugarvatnsfjall
Skjaldbreiður
Botnsheiði
Hvalfjörður
Kjalarnes
Kjölur
Leirvogsvatn
Mosfellsheiði
Hengill
Ölfusá
Selvogsheiði
Strandarkirkja
Krýsuvíkurberg
Reykjanesviti
Vogastapi
Njarðvíkurheiði
Fagradalsfjall
Keilir
Helgafell
Húsfell
Vífilsfell
Skálafell
Hjalli
Geitahlíð
Lyklafell
Grímannsfell
Meitillinn
Þorbjörn
Svartsengi
Bláa lónið
Reykjanesbraut
Suðurstrandarvegur
Krýsuvíkurvegur
Grindavíkurvegur
Hafnarfjarðarvegur
Suðurlandsvegur
Þingvallavegur
Hvalfjarðarvegur
Vesturlandsvegur
Nesjavallavegur
Ölfusárbrú
Eldey

Sþ. 166. Fyrirspurn [154. mál]

til dómsmálaráðherra um deilur um forræði barna.

Frá Álfheiði Ingadóttur og Margréti Frímannsdóttur.

1. Hversu margar deilur um forræði barna komu til kasta dómsmálaráðuneytisins á árunum 1983, 1984, 1985 og 1986?
2. Hversu mörg börn áttu hlut að máli á hverju ári um sig?
3. Hversu mörgum þessara mála vísaði ráðuneytið til úrskurðar barnaverndarráðs?
4. Hversu langur tími leið að meðaltali frá því deila um forræði barns kom til kasta ráðuneytisins þar til deilumálið hlaut afgreiðslu? Hver var lengsti tíminn og hver sá stysti?
5. Eru uppi í dómsmálaráðuneytinu áform um að stytta þann tíma sem hér um ræðir og þá hvernig?
6. Hversu algengt er að börn gangist undir sálfræðirannsókn vegna deilu foreldra um forræði? Eru dæmi þess að sama barn þurfi að gangast undir tvær slíkar rannsóknir, fyrst á vegum barnaverndarnefndar og síðan á vegum barnaverndarráðs?
7. Hversu algengt er að foreldrar ráði lögfræðinga sér til aðstoðar við málareksturinn?

Sþ. 167. Svar [98. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Maríu E. Ingvadóttur um framkvæmd ákvæða um gjafsókn í lögum nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði.

Áður en vikið er að einstökum liðum fyrirspurnarinnar er rétt að taka eftirfarandi fram:

Orðið „gjafsókn“ í fyrirspurninni er skilið á sama hátt og það er notað í 1. mgr. 171. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, þ.e. að það nái bæði til gjafsóknar og gjafvarnar.

Tímabilið, sem var athugað, var síðustu þrjú ár miðað við fyrirspurnardag, þ.e. frá 10. nóvember 1984 til 10. nóvember 1987.

1. Hve oft hefur gjafsókn verði veitt sl. þrjú ár?

Fyrir undirrétti	33
Fyrir Hæstarétti	15
Alls	48

Af þeim 15 málum, sem gjafsókn fengu fyrir Hæstarétti, höfðu fjögur mál einnig fengið gjafsókn fyrir undirrétti.

2. Hver eru útgjöld ráðuneytisins vegna þessa?

	Krónur
1985	1 236 325
1986	1 120 702
1987 (til 10. nóv.)	3 060 117

3. Hverjir njóta helst gjafsóknar?

Samkvæmt 172. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, er heimilt að veita gjafsókn:

„1. Kirkjum, skólum, sjúkrahúsum, sem rekin eru á kostnað hins opinbera, hreppsfélögum, bæjarfélögum og stofnunum sem hafa að markmiði umönnun sjúkra og aðra mannúðar- og líknarstarfsemi.
2. Einstökum mönnum sem eru svo illa stæðir fjárhagslega að þeir mega ekki án þess fjár vera frá atvinnurekstri sínum er fara mundi til málsins.“

Auk þess er að finna í einstökum lögum ákvæði um veitingu gjafsóknar, t.d. í 3. tölul. 154. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, og 3. mgr. 45. gr. barnalaga, nr. 9 1981.

Fátítt er að gjafsókn sé veitt á grundvelli 1. tölul. 1. mgr. 172. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, en þó eru þess dæmi að t.d. hreppsfélög hafi fengið gjafsókn á þeim grundvelli. Mun algengara er að gjafsókn sé veitt á grundvelli 2. tölul. 1. mgr. 172. gr., þ.e. að efnalitlir einstaklingar njóti gjafsóknar, og óhætt er að segja að efnalitlir einstaklingar, sem reka mál til heimtu skaðabóta vegna líkamstjóns eða missis framfærslu, séu í meiri hluta þeirra er njóta gjafsóknar.

4. Hvers konar mál eru það helst sem um er að ræða?

Af niðurlagi svarsins við 3. lið fyrirspurnarinnar leiðir að skaðabótamál vegna líkamstjóns eða missis framfæranda eru í meiri hluta þeirra mála er gjafsókn fá. En ekki er það einhlítt að öll skaðabótamál fái gjafsókn. Önnur mál, sem gjafsókn fá, eru af margvíslegum toga og skera sig engin mál úr með sama hætti og skaðabótamál gera.

5. Til hvaða atriða er litið við mat á umsókn um gjafsókn?

Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 172. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, þurfa einstaklingar, til að þeir njóti gjafsóknar, að vera svo illa staðir fjárhagslega að þeir megi ekki án þess fjár vera frá framfærslu sinni eða sinna eða frá atvinnurekstri sínum er fara mundi til málsins. Mat á fjárhag einstaklinga er byggt á skattframtölum og öðrum upplýsingum um fjárhag sem fram eru lagðar eða eftir kallað.

Það að skaðabótamál, vegna líkamstjóns eða missis framfæranda, eru í meiri hluta þeirra mála er gjafsókn hljóta vísar til þess að við mat á umsókn um gjafsókn er tekið tillit til þess hvort mál varði framfærslu einstaklings og fjölskyldu hans eftir atvikum.

Einnig er litið til þess hvort málsókn sé nauðsynleg til að niðurstaða máls fáist. Þá er og tekið tillit til þess hvort ætla megi að niðurstaða máls hafi almenna þýðingu. Tvö síðasttöldu atriðin eiga sérstaklega við þegar umsókn um gjafsókn í öðrum málum en skaðabótamálum, þeirrar tegundar sem áður er nefnd, er metin.

6. Hve oft hefur umsókn um gjafsókn verið hafnað sl. þrjú ár?

Fyrir undirrétti	38
Fyrir Hæstarétti	18
Alls	56

Sþ. 168. Beiðni um skýrslu [155. mál]

frá forsætisráðherra um félagslega þjónustu við foreldra vegna barneigna, uppeldis og umönnunar barna.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur, Danfríði Skarphéðinsdóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur, Kristínu Einarsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur, Málmfríði Sigurðardóttur, Guðrúnu Helgadóttur, Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur og Margréti Frímannsdóttur.

Með vísun til 30. gr. þingskapa óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu um hvaða félagsleg þjónusta er í boði fyrir foreldra vegna barneigna, uppeldis eða umönnunar barna.

Óskað er eftir að upplýsingarnar séu sundurliðaðar eftir

1. tegund þjónustu,
2. kostnaði við hverja tegund þjónustu,
3. hlut ríkissjóðs í kostnaði,
4. hlut sveitarfélaga í kostnaði,

5. hverjir njóta hennar:
   a. hversu margir,
   b. eftir hjúskaparstétt,
   c. eftir kyni,
   d. eftir aldri,
   e. eftir barnafjölda og aldursdreifingu barna.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Alþingi, 25. nóv. 1987.

Þórhildur Þorleifsdóttir.	Kristín Einarsdóttir.	Guðrún Helgadóttir.
Danfríður Skarphéðinsdóttir.	Kristín Halldórsdóttir.	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.
Guðrún Agnarsdóttir.	Málmfríður Sigurðardóttir.	Margrét Frímannsdóttir.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Sþ. 169. Beiðni um skýrslu [156. mál]

frá menntamálaráðherra um stöðu list- og verkmenntagreina, heimilisfræða og íþróttakennslu í skólum landsins og menntun kennara í þessum greinum.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur, Danfríði Skarphéðinsdóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur, Kristínu Einarsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur, Málmfríði Sigurðardóttur, Guðrúnu Helgadóttur, Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur og Margréti Frímannsdóttur.

Með vísun til 30. gr. þingskapa óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að menntamálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um stöðu list- og verkmenntagreina, heimilisfræða og íþróttakennslu í grunn- og framhaldsskólum landsins og menntun kennara í þessum greinum. Í skýrslunni verði leitast við að svara eftirfarandi spurningum:

1. Hve margar kennslustundir á viku eru ætlaðar fyrir þessar greinar í núgildandi viðmiðunarstundaskrá?
2. Kennslustundir á viku ná ekki tilskildum fjölda samkvæmt núgildandi viðmiðunarstundaskrá, hverjar eru helstu orsakir (þ.e. kennaraskortur, húsnæði, fámenni o.s.frv.)?
3. Hvernig er staða ofangreindra námsgreina miðað við aðrar helstu námsgreinar, bæði hvað varðar stundafjölda samkvæmt núgildandi viðmiðunarstundaskrá og frávik frá henni?
4. Hversu margir kennarar, sem stunda kennslu í fyrrgreindum greinum, eru réttindalausir?
5. Hve mörg stöðugildi eru ætluð fyrir kennslu í fyrrgreindum greinum?
6. Hve mörg stöðugildi í fyrrgreindum greinum eru ómönnuð?

Svör við þessum spurningum óskast sundurliðuð eftir:

   a. fræðsluumdæmum,
   b. greinum,
   c. aldri (bekk),
   d. grunnskólum,
   e. framhaldsskólum.

Einnig komi fram í skýrslunni hvernig menntun kennara í fyrrgreindum greinum er háttað:

a. hvaða skólar annast þá menntun,
b. hverjar breytingar hafa orðið sl. 10 ár (þ.e. hvort menntunarkröfur hafa breyst milli skóla, breytingar orðið á námsskrá, undirbúningsmenntun breyst eða aðrar breytingar orðið á námstilhögun),
c. hve margir kennarar hafa útskrifast á sl. 10 árum, sundurliðað eftir greinum og árum.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á Alþingi fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Alþingi, 25. nóv. 1987.

Þórhildur Þorleifsdóttir.	Kristín Einarsdóttir.	Guðrún Helgadóttir.
Danfríður Skarphéðinsdóttir.	Kristín Halldórsdóttir.	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.
Guðrún Agnarsdóttir.	Málmfríður Sigurðardóttir.	Margrét Frímannsdóttir.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Ed. 170. Frumvarp til laga [157. mál]

um húsnæðislánastofnanir og húsbanka.

Flm.: Júlíus Sólnes, Guðmundur Ágústsson.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið með lögum þessum er að tryggt verði nægilegt lánsfé til húsbygginga, einkum íbúðarhúsa, hjá sérstökum húsnæðislánastofnunum handa þeim sem ekki eiga rétt til húsnæðislána hjá Byggingarsjóði ríkisins. Húsnæðislánastofnanir eða húsbankar, sem verða starfræktir samkvæmt lögum þessum, þurfa leyfi félagsmálaráðherra til þess að veita veðlán til íbúðarhúsabygginga á grundvelli sölu á húsnæðisbréfum, sbr. 14. gr.

2. gr.

Nafn og samþykktir fyrir húsnæðislánastofnun eru háð samþykki félagsmálaráðherra. Breytingar á samþykktum, nema þær stafi af laga- eða reglugerðarbreytingum, eru háðar samþykki félagsmálaráðherra.

Samruni eða skipting húsnæðislánastofnana getur átt sér stað með samþykki félagsmálaráðherra. Slík ákvörðun skal tekin á aðalfundi stofnunar og er háð sama meiri hluta atkvæða og þarf til að breyta samþykktum.

3. gr.

Húsnæðislánastofnanir, sem starfa samkvæmt leyfi félagsmálaráðherra, hafa einar rétt til þess að nota nöfnin *húsnæðislánastofnun* og *húsbanki*. Í lögum þessum er nafnið *stofnun* notað sem stytt heiti fyrir slíkar stofnanir.

Stofnanir þessar hafa einar rétt til að gefa út og selja húsnæðisbréf á frjálsum markaði til þess að geta veitt veðlán til íbúðarhúsa.

Stjórn og starfsemi.

4. gr.

Stjórn stofnunar skal kjörin á aðalfundi hennar eða vera að hluta tilnefnd til ákveðins tíma. Hún er ábyrg fyrir því að starfsemi stofnunar sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir, svo og samþykktir hennar. Í stjórninni skal vera fulltrúi fyrir skuldunauta stofnunar.

Félagsmálaráðherra er heimilt að skipa einn fulltrúa í stjórn stofnunar.

Enginn stjórnarmanna má vera ráðinn til starfa við stofnunina.

Ef stofnun er rekin sem hlutafélag skal einnig fylgt ákvæðum laga um hlutafélög.

Allt starfsfólk stofnunar er bundið þagnarskyldu um öll innri mál hennar, svo og um öll útlán.

5. gr.

Félagsmálaráðherra hefur eftirlit með starfsemi stofnunar og fylgist með því að farið sé eftir gildandi lögum og reglugerðum, svo og samþykktum hennar; enn fremur að ekki sé farið yfir mörk útlána og nægjanlegar tryggingar fyrir útgáfu húsnæðisbréfa séu fyrir hendi.

Stjórn stofnunar skal veita félagsmálaráðherra allar upplýsingar um starfsemi hennar sé þess óskað.

Kostnaður af eftirliti félagsmálaráðherra skal borinn af stofnuninni.

6. gr.

Félagsmálaráðherra getur heimilað stofnun að efna til samstarfs við hliðstæðar erlendar húsnæðislánastofnanir, m.a. með því að hinar erlendu stofnanir geti öðlast eignaraðild að innlendum húsnæðislánastofnunum.

Um lánveitingar.

7. gr.

Í samþykktum stofnunar skal nánar skilgreint hvernig útlánum skuli háttað og hvers konar húsbyggingar séu lánshæfar.

8. gr.

Stofnun ákveður sjálf matsverð fasteignar á grundvelli fasteigna- og brunabótamats, svo og ætlaðs söluverðs hennar. Matsverðið skal ákveðið áður en lánveiting fer fram.

Félagsmálaráðherra getur sett nánari reglur um ákvörðun matsverðs og lánveitingar.

Heimilt er að veita veðlán til byggingar áður en framkvæmdir hefjast og miðast þau þá við væntanlegt matsverð fasteignar. Slík veðlán skulu háð því að lögð sé fram bankaábyrgð fyrir veðinu eða önnur jafngóð trygging. Ef matsverð fasteignar er ekki nægjanlegt þegar frestur til að ljúka byggingarframkvæmdum er runninn út og veðlánið er ekki innan þeirra marka, sem sett eru í 9. gr., er lánið allt fallið í gjalddaga.

9. gr.

Lánveitingar til húsbygginga skulu ekki nema hærra hlutfalli af matsverði fasteignar en hér segir:

1. Lán til byggingar íbúðarhúsnæðis mega nema allt að 75% af matsverði fasteignar.
2. Lán til kaupa á íbúðarhúsnæði mega nema allt að 75% af matsverði fasteignar.
3. Viðbótarlán til kaupa á íbúðarhúsnæði, sem er með áhvílandi lánum, mega nema allt að 35% af matsverði fasteignar. Samanlagt mega lánin ekki fara yfir 80% af matsverði.
4. Lán til byggingar eða kaupa á sumarbústað mega nema allt að 50% af matsverði fasteignar.

5. Lán til viðhalds, breytinga eða endurbóta á fasteignum skv. 1.–4. lið má veita innan þess ramma sem þar greinir. Lánið má þó ekki vera hærra en nemur hinum raunverulega kostnaði sem að mati stofnunar telst vera sanngjarn. Taka má tillit til eigin vinnu en slíkt skal háð samþykki stofnunar.
6. Lán til byggingar leiguíbúða mega nema allt að 85% af matsverði fasteignar. Ef leiguíbúð er seld til annarra nota fellur lánið allt í gjalddaga.
7. Lán til viðhalds, breytinga eða endurbóta á leiguíbúðum má ekki vera hærra en nemur 90% af hinum raunverulega kostnaði; taka má tillit til eigin vinnu samþykki stofnun það.
8. Lán skv. 5. lið má því aðeins veita að lánsupphæðin nemi minnst 5% af matsverði íbúðar eftir að endurbótum er lokið. Aðeins má taka tillit til vinnu sem er innt af hendi innan árs frá því að lánstilboð hefur verið gefið.
9. Ef sveitarstjórn veitir sérstaka ábyrgð á lántöku fyrir endurbótum á fasteignum og umhverfi þeirra, þar sem um er að ræða endurnýjun bæjarhverfis eða útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, má veita lán umfram þau mörk sem sett eru í 5. og 7. lið. Slík lán mega ekki vera hærri en nemur hinum raunverulega kostnaði af endurbótunum sem að mati stofnunar telst vera sanngjarn.
10. Lán skv. 1.–9. lið mega ekki vera lægri að raunupphæð en 100 000 kr. Þessi upphæð breytist samkvæmt byggingarvísitölu.
11. Ef eigandi íbúðar eða maki hans er ellilífeyrisþegi eða nýtur örorkubóta er heimilt að víkja frá ákvæðum í 10. lið.

Um lánskjör og lánstíma.

10. gr.

Allar lánveitingar stofnunar byggjast á sölu húsnæðisbréfa, sbr. 14. gr. Við lánveitingar skal því taka tillit til sölugengis þeirra á hverjum tíma.

Raunvextir veðlána skulu vera breytilegir í samræmi við mismunandi sölugengi húsnæðisbréfa. Öllum lánstilboðum skulu fylgja upplýsingar um áætlaða raunvexti lánsins.

Heimilt er að verðtryggja lán með því að stjórna vöxtum, afborgunum og höfuðstól lánsins á hverjum tíma miðað við verðlagsþróun. Félagsmálaráðherra getur með reglugerð ákveðið hvernig skuli haga verðtryggingu húsnæðislána.

Heimilt er að setja greiðslumark lána með afkomutryggingu þannig að samið sé fyrir fram um hámarksgreiðslubyrði (vexti, afborgun og framlag til varasjóðs og rekstrar) eftir gjaldþoli lántakanda. Greiðslumark fylgir verðlagsþróun. Ef lántakandi getur ekki staðið við greiðslumark vegna tímabundins atvinnuleysis, veikinda, örorku, slysa eða annars, sem skert hefur tekjur hans án þess að við hafi verið ráðið, greiðist mismunur á greiðslumarki og gjaldþoli lántakanda með afkomutryggingabótum.

11. gr.

Lánveitingar geta verið með eftirfarandi hætti:

1. Jafngreiðslulán (annuitet) þar sem afborganir og grunnvextir ásamt framlagi til varasjóðs og rekstrar eru jafnstórar upphæðir allan lánstímann.
2. Raðlán þar sem um er að ræða jafnar afborganir, en vextir og framlag til varasjóðs og rekstrar reiknast af höfuðstól lánsins á hverjum tíma.
3. Blönduð lán þar sem heildarlánveiting er að hluta til jafngreiðslulán og að hluta til raðlán.

Heimilt er að haga afborgunarröð þannig að lán verði afborgunarlaus fyrstu tvö árin.

12. gr.

Lánstími veðlána skv. 11. gr. skal vera sem hér segir:

1. 40 ár fyrir lán til byggingar leiguíbúða og til húsnæðissamvinnufélaga.
2. 30 ár fyrir lán til byggingar á einbýlishúsi eða eignaríbúð í fjölbýlishúsi sem byggjandi hyggst nota sjálfur eða selja.
3. 30 ár fyrir lán til viðhalds, breytinga og endurbóta á leiguhúsnæði.
4. 20 ár fyrir lán til kaupa á notaðri íbúð í einbýlis- eða fjölbýlishúsi.
5. 20 ár fyrir lán til viðhalds, breytinga og endurbóta á eignaríbúðum.
6. 15 ár fyrir lán til byggingar sumarbústaða sem byggjandi hyggst nota sjálfur eða selja.
7. 10 ár fyrir lán til annarra hluta, þar með talin lán til viðhalds og breytinga á sumarbústöðum.

13. gr.

Lán má ekki veita til bygginga sem brjóta í bága við byggingarreglugerð og skipulagsreglur viðkomandi sveitarfélags.

Ef notkun byggingar breytist innan tveggja ára frá því að lán til hennar var veitt samkvæmt skilmálum 12. gr., þannig að lánstími miðað við breytta notkun hefði átt að vera styttri, er allt lánið fallið í gjalddaga. Ákvæði hér um skulu vera í veðskuldabréfum lána ásamt kröfu um að lántakandi tilkynni stofnun ef notkun fasteignar breytist.

Ef notkun byggingar er ekki einhlít og um er að ræða bæði leigu- og eignaríbúðir er heimilt að ákvarða lánsmörk og lánstíma sérstaklega fyrir hvern hluta byggingar í samræmi við notkun hans.

Húsnæðisbréf.

14. gr.

Stofnun getur staðið að útgáfu húsnæðisbréfa (húsbréfa) sem eru skráð á nafn eða handhafa.

Félagsmálaráðherra getur heimilað að tvær stofnanir eða fleiri sameinist um útgáfu húsnæðisbréfa.

Húsnæðisbréf, sem eru í umferð, skulu vera tryggð með veðskuldabréfum sem lántakendur undirrita, og þess gætt að heildarnafnverð húsnæðisbréfa sé ekki hærra en samanlagt nafnverð allra veðskuldabréfa.

Innlausn húsnæðisbréfa fer fram með útdrætti (happdrættisbréf) eða við lok gildistíma bréfanna.

Heimilt er að nota svokölluð rafeindabréf, þ.e. húsnæðisbréf sem eingöngu eru skráð, seld og keypt með tölvuboðum.

Varasjóður.

15. gr.

Fjárhagsskuldbindingar stofnunar, umfram þá tryggingu sem felst í 3. mgr. 14. gr., skulu tryggðar á eftirfarandi hátt:

1. Stofnanir, þar sem lántakendur eru gerðir samábyrgir fyrir öllum skuldbindingum hennar allt að ⅔ hlutum matsverðs fasteignar, skulu hafa varasjóð sem er jafngildur 5% af nafnverði allra húsnæðisbréfa stofnunarinnar sem eru í umferð.
2. Stofnanir, þar sem lántakendur eru án samábyrgðar, skulu hafa varasjóð sem er jafngildur 10% af nafnverði allra húsnæðisbréfa sem eru í umferð.
3. Varasjóði stofnunar skal skipt niður í allsherjarvarasjóð og varasjóð fyrir hverja röð af húsnæðisbréfum sem stofnunin setur í umferð. Heimilt er að reikna með allsherjarvarasjóðnum við uppgjör á því hvort nægjanlegar tryggingar séu að baki hverri röð af húsnæðisbréfum.

Reikningshald og endurskoðun.

16. gr.

Reikningar stofnunar skulu sýna nákvæma fjárhagsstöðu og allar skuldbindingar. Endurskoðaðir ársreikningar skulu birtir opinberlega í einu eða fleiri dagblöðum á þann hátt er félagsmálaráðherra samþykkir.

Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda samkvæmt fyrirmælum sem félagsmálaráðherra setur.

Sérstök ákvæði.

17. gr.

Bankastjórar, aðstoðarbankastjórar og útibússtjórar banka eða sparisjóða mega ekki taka sæti í stjórn stofnunar nema með sérstöku leyfi félagsmálaráðherra.

18. gr.

Ef stjórn stofnunar fer ekki að lögum eða samþykktum hennar eða rýrir verulega tryggingar húsnæðisbréfa stofnunar með aðgerðum sínum að mati félagsmálaráðherra getur hann fyrirskipað að stofnunin verði leyst upp.

19. gr.

Ef stjórn, framkvæmdastjórn eða endurskoðendur stofnunar þverskallast við fyrirmælum félagsmálaráðherra um að leiðrétta það sem er í ósamræmi við ákvæði 8.–13. og 15.–17. gr. getur ráðherra beitt þá aðila dagsektum.

20. gr.

Þessi lög öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það sem hefur einkennt íslenska húsnæðislánakerfið mörg undanfarin ár er óstöðugleiki og sífelld fjárvöntun. Húsnæðislánakerfið er algerlega á vegum ríkisins og hefur sem slíkt verið bitbein stjórnmálamanna sem eru alltaf að gera á því breytingar. Það fjármagn, sem húsnæðislánakerfið byggir á, kemur aðallega frá ríkissjóði með beinum framlögum í fjárlögum, oft með erlendum lántökum, og í seinni tíð frá lífeyrissjóðunum með skuldabréfakaupum þeirra af byggingarsjóðum ríkisins.

Það hefur aldrei verið hægt að treysta því að nægilegt fjármagn til útlána sé tryggt fyrir hvert ár í senn. Því hafa myndast langar biðraðir og húsbyggjendur og íbúðarkaupendur ekki getað reitt sig á húsnæðislánin við fjármálalegar áætlanir sínar um íbúðarkaup eða húsbyggingar. Að leggja út í fjárfestingu í íbúðarhúsnæði á Íslandi hefur ætíð verið mikið áhættuspil, einkum hjá launafólki. Þetta er mjög bagalegt og verður að breytast.

Ef hugað er að mismunandi aðstöðu fólks til öflunar á íbúðarhúsnæði er ljóst að mikil gjá er milli þeirra sem höfðu komið sér upp þaki yfir höfuðið áður en almenn verðtrygging húsnæðislána var tekin upp um 1980 og hinna sem eru að festa kaup á íbúð nú. Áður var það ekki óalgengt að fólk gæti komið sér upp stórum einbýlishúsum sem næst skuldlausum á fáeinum árum. Verðbólgan sá um að eyða byggingarskuldunum. Þeir sem nú eru að byggja eða kaupa sér íbúð eiga aðeins kost á lánum með fullri verðtryggingu. Eignarhlutfall þeirra fer ekki hraðvaxandi eins og áður heldur er jafnvel hætta á að það minnki með tímanum. Þegar eru mörg dæmi þess að fólk hefur átt í erfiðleikum með sölu á íbúðum með miklum verðtryggðum lánum, t.d. í verkamannabústaðakerfinu, einfaldlega vegna þess að söluverð þeirra heldur ekki í við verðtryggðu lánin. Áhvílandi lán með uppfærðum verðbótum eru orðin mun hærri en markaðsverð íbúðarinnar.

Þessi hætta ágerist eftir því sem lánshlutfall verðtryggðra lána eykst. Það er fyrirsjáanlegt að mikil hætta er á því að allar minni íbúðir, sem verða byggðar og keyptar á næstu árum með fullum húsnæðislánum, þau geta nú numið allt að 2,8 millj. kr., muni ekki halda verðgildi sínu í takt við lánskjaravísitölu. Þannig gæti skapast það ástand að stór hluti fólks sitji í íbúðum sem það getur ekki selt vegna þess að skuld við Byggingarsjóð ríkisins er meiri en söluverð íbúðarinnar. Það má því segja að Byggingarsjóður ríkisins eigi allar slíkar íbúðir. Fólkið er í raun orðið að leiguliðum hjá ríkinu. Það á ekkert í íbúðinni þótt hún sé þinglýst á nafn viðkomandi en hefur samning um afnot af henni næstu 40 árin meðan það stendur í skilum. Sjálfseignarstefnan margrómaða er í reynd hrunin.

Þrátt fyrir þessa augljósu vankanta á núverandi húsnæðislánakerfi hefur umræðan nær eingöngu snúist um biðraðirnar, þ.e. hvernig eigi að sjá til þess að hægt sé að afgreiða þessi lán með hengingaról til allra umsækjenda sem fyrst. Umsóknirnar hrannast upp því að fólk verður að hafa þak yfir höfuðið hvort sem lánin eru óheppileg eða ekki. Það á ekki annarra kosta völ. Allar aðgerðir stjórnvalda og hagsmunaaðila hafa því einkum einkennst af því að útvega meira fjármagn til kerfisins.

Á árinu 1986 kom þannig til samkomulag um skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna af Byggingarsjóði ríkisins sem hefur aukið fjárstreymi til hans svo um munar. Samkvæmt því skyldu allir sjóðfélagar, sem hefðu 20 mánaða lífeyrissjóðsréttindi í þeim lífeyrissjóðum sem samþykktu að kaupa skuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins, fá lán hjá Húsnæðisstofnun. Aðrir, þ.e. þeir sem ekki hefðu slík réttindi, voru ekki taldir skipta máli. Þannig var ætlað að loksins hefði fundist leið til að tryggja rekstur húsnæðislánakerfisins með ríflegu fé til útlána og koma til móts við íbúðarkaupendur með hærri lánum en áður höfðu þekkst.

Ekki virðist þessi ráðstöfun hafa gagnað. Þannig munu um 6000 umsóknir liggja óafgreiddar hjá Húsnæðisstofnun ríkisins meðan beðið er eftir því að einhverjar leiðir finnist til þess að finna aukið fjármagn til húsnæðiskerfisins eða leiðir til þess að takmarka aðgang umsækjenda að lánum úr byggingarsjóðunum. Í því skyni hefur hæstvirtur félagsmálaráðherra lagt fram frumvarp til laga um húsnæðismál þar sem reynt er að gera einhverja bragarbót á núgildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins einmitt til að takmarka aðgang sjóðfélaga lífeyrissjóðanna að lánum úr Byggingarsjóði ríkisins þrátt fyrir samkomulag það sem þeir hafa gert um skuldabréfakaupin.

Í rauninni er með þessari síðustu tilraun hæstvirts félagsmálaráðherra til að stoppa upp í eitt gatið enn á handónýtu húsnæðislánakerfi landsmanna kveðinn upp dauðadómur yfir því í núverandi mynd. Því er kominn tími til að leita nýrra leiða, hugsa málin upp á nýtt. Landsmenn eru löngu orðnir yfir sig þreyttir á því að slást við húsnæðislánadrauginn sem hefur tröllriðið þjóðfélaginu mörg undanfarin ár í skjóli óviturlegra ráðstafana þeirra sem hafa haft mest áhrif og völd til þess að móta núgildandi löggjöf um húsnæðismál.

Tvöfalt húsnæðislánakerfi.

Þeirri skoðun hefur oft verið hreyft að bankakerfið eigi að taka að sér húsnæðislánin. Bankarnir geti algerlega séð um öll húsnæðislán og þurfi ríkið ekki að skipta sér frekar af þeim. Flutningsmenn telja að slíkt kerfi muni aldrei geta gengið í þessu fámenna þjóðfélagi. Bankarnir eiga fullt í fangi með að sinna lánum til atvinnurekstrar, veita lán til skamms tíma til að fjármagna kaup á alls kyns neysluvörum, bílum, heimilistækjum, Spánarferðum, svo að eitthvað sé nefnt. Þeir veita einnig skammtímalán vegna húsbygginga og íbúðarkaupa og munu þurfa að halda því áfram hvaða húsnæðislánakerfi sem yrði fundið upp. Það að veita langtímaveðlán, allt að 40 ára lán, vegna fasteigna samræmist illa þeim bankarekstri sem landsmenn þekkja til. Þá hefur þeirri spurningu heldur ekki verið svarað: Hvar eiga bankarnir að finna eða skapa það fjármagn sem óseðjandi húsnæðislánakerfið þarfnast? Má benda á það að bankarnir mundu aðallega geta sinnt þeim sem hafa góða afkomu og ættu

auðveldara með að greiða hina háu markaðsvexti af húsnæðislánum bankanna. Eftir sem áður verður nauðsynlegt að ríkisvaldið sinni málefnum þeirra sem minna mega sín í þjóðfélaginu. Þannig verða félagslegar íbúðir áfram að vera undir verndarvæng ríkisins og eins verður það að sinna ungu fólki sem er að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð og hefur hreinlega ekki bolmagn til þess að standa undir miklum lánum með markaðsvöxtum.

Flutningsmenn leggja því til að tekið verði upp tvöfalt húsnæðislánakerfi. Í fyrsta lagi sjái ríkið aðeins um lánveitingar til bygginga með félagsleg markmið og til þeirra sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð. Í þessu skyni verði Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna sameinaðir. Eru flutningsmenn að undirbúa frumvarp til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins í þessu skyni. Þar segir um hlutverk hins sameinaða Byggingarsjóðs ríkisins.

„Úr Byggingarsjóði ríkisins er heimilt að veita lán til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði, til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu húsnæði, til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði og til orkusparandi breytinga á húsnæði sem hér segir:

1. Íbúðir fyrir láglaunafólk (verkamannabústaðir).
2. Íbúðir fyrir þá sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð.
3. Verndaðar íbúðir fyrir öryrkja.
4. Verndaðar íbúðir fyrir aldraða.
5. Leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka.

Úr Byggingarsjóði ríkisins er enn fremur heimilt að veita lán til byggingar eða kaupa á húsnæði fyrir félagslegar stofnanir á vegum opinberra aðila og félagasamtaka, svo sem dagvistarstofnanir fyrir börn og aldraða, hjúkrunarheimili og dvalarheimili.“

Þetta leiðir af sér að hlutverk Húsnæðisstofnunar ríkisins verður aðallega að annast lánveitingar, hugsanlega með niðurgreiddum vöxtum eða sérstökum skattaívilnunum, til 1) íbúða fyrir láglaunafólk (verkamannabústaða), 2) þeirra sem eru að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð, 3) byggingar leiguíbúða í samvinnu við sveitarfélög, félagasamtök og hagsmunasamtök launþega, 4) byggingar verndaðra íbúða fyrir aldraða og öryrkja, 5) að takast á við sérstök verkefni, félagslegs, tæknilegs og fjárhagslegs eðlis.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem flutningsmenn hafa fengið, munu þeir sem þannig ættu rétt á húsnæðislánum hjá Húsnæðisstofnun ríkisins vera tæplega 40% af þeim sem sækjast eftir lánum til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði hverju sinni. Ljóst er að mun auðveldara verður fyrir Húsnæðisstofnun að sinna þörfum þessa takmarkaða hóps. Til þess að styrkja stöðu stofnunarinnar og gera henni léttara að sinna þessu hlutverki munu flutningsmenn leggja það til að hún verði gerð að sjálfstæðri bankastofnun með tæknideild á vegum ríkisins sem hafi sjálfstæðan fjárhag og fjáröflun. Starfsemi hennar og fjárþörf umfram það sem endurgreiðslur lána tryggja verði fjármögnuð með ríkisframlögum og skuldabréfaútgáfu. Ljóst er að því aðeins er hægt að veita hagstæð lán til ofangreindra forgangshópa.

Í öðru lagi þarf að sinna þeim sem ekki koma til með að eiga aðgang að Húsnæðisstofnun. Það er sá hópur sem þegar á íbúð og hefur væntanlega fengið lán á hagstæðum kjörum hjá Húsnæðisstofnun áður. Þetta munu vera rúmlega 60% þeirra sem eru á almennum fasteignamarkaði. Hér er um að ræða íbúðareigendur sem ætla að stækka við sig eða minnka við sig, breyta íbúðum sínum eða lagfæra þær, þurfa að flytja milli staða og selja og kaupa íbúð þess vegna, svo að dæmi séu tekin.

Til þess að tryggja aðgang þessa hóps að hagstæðum langtímaveðlánum vegna fjárfestingar í fasteignum telja flutningsmenn að nauðsynlegt sé að koma upp sérstökum

húsnæðislánastofnunum, húsbönkum, sem hafi það hlutverk eingöngu að veita slík lán. Slíkir húsbankar verða að lúta lögmálum þess fjármagns- og viðskiptakerfis sem landsmenn búa við, en með heppilegri löggjöf má ætla að þeir geti haft jákvæð áhrif á þróun fjármála í landinu, einkum lánskjör og stefnumótun í verðtryggingar- og vaxtamálum. Flutningsmenn gera ráð fyrir því að bankarnir, tryggingafélög, hagsmunasamtök launþega og lífeyrissjóðirnir muni koma upp slíkum sjálfstæðum húsnæðislánastofnunum eða húsbönkum. Mikilsvert er að vel takist til. Almenningur verður að geta borið fullt traust til slíkra lánastofnana ef á að vísa honum að hluta til frá húsnæðislánakerfi ríkisins yfir til sjálfstæðra stofnana.

Það lagafrumvarp, sem hér er lagt fram og skilgreinir starfsemi slíkra húsbanka, er byggt á erlendum fyrirmyndum. Slíkir húsbankar eru víða starfandi í nágrannalöndum okkar og hafa gefið góða raun. Húsnæðislánakerfi nágrannaþjóðanna virðist yfirleitt vera í góðum farvegi og hinar örvæntingarfullu ráðstafanir, sem sífellt er verið að gera á Íslandi til þess að bjarga gjörónýtu húsnæðislánakerfi okkar, eru óþekktar með öllu. Stjórnmálamenn nágrannalandanna þurfa ekki að hafa mikil afskipti af húsnæðislánamálum, um þau hefur ríkt friður og ró um áratuga-, jafnvel aldaskeið. Þannig hefur danska húsnæðislánakerfið lítið breyst frá því að fyrstu húsnæðislánastofnanirnar komu til sögunnar um miðja síðustu öld. Það vekur nokkra furðu að Íslendingar skuli ekki hafa borið gæfu til þess að nýta sér danska húsnæðislánakerfið meðan þeir voru í ríkjasambandi við Danmörku.

Um húsbanka.

Það form sjálfstæðra húsnæðislánastofnana, sem þetta lagafrumvarp gerir ráð fyrir, er byggt á ævagömlum hugmyndum Friðriks mikla Prússakonungs sem hann setti fram í stjórnartíð sinni til að auðvelda borgarastéttinni að eignast eigið húsnæði. Fyrstu húsnæðislánastofnanirnar komu til sögunnar í Þýskalandi um miðbik átjándu aldar. Danir tóku þessar hugmyndir til sín og gerðu tilraun til þess að stofna húsnæðislánastofnun í Danmörku seint á átjándu öld. Það var þó ekki fyrr en um miðbik síðustu aldar að húsnæðislánastofnanir, þar sem lántakendur mynda með sér félagsskap til að fara með og ábyrgjast húsnæðislán þeirra, komu þar til sögunnar. Dönsku húsnæðisstofnanirnar hafa þróast og breyst í gegnum árin en grundvallarhugmyndin er hin sama, þ.e. lántakendur ábyrgjast sameiginlega öll útlán stofnunarinnar og eru jafnframt félagar í henni. Í seinni tíð hefur þó verið heimilt að húsbankar séu reknir í formi hlutafélags án þessarar samábyrgðar. Er gert ráð fyrir báðum þessum möguleikum í frumvarpinu.

Húsbankarnir fjármagna útlán sín með útgáfu sérstakra húsbréfa (obligationer) sem þeir hafa einkarétt á að gefa út og selja á frjálsum peningamörkuðum. Í rauninni er um að ræða venjuleg verðbréf eða spariskírteini sem húsbankinn býður til sölu í samkeppni á fjármagnsmarkaðnum. Ef húsbréfin eru fullkomlega traust og áreiðanleg í líkingu við verðtryggð spariskírteini ríkisins ættu ekki að vera vandkvæði á því að selja þau á hagstæðu verði fyrir stofnunina þannig að nægt fjármagn verði til útlána hverju sinni. Þar sem útlán húsbankans byggja eingöngu á sölu húsnæðisbréfanna verður að vera jöfnuður milli útgáfu og sölu húsbréfa og útlána. Fyrir hvert nýtt útlán þarf að gefa út og selja húsbréf. Oftast er þetta gert á þann veg að röð húsnæðisbréfa er sett á markað með reglulegu millibili (blokemission) og lánsumsóknir afgreiddar í takt við útgáfu bréfanna. Þó er jafnalgengt hjá dönsku húsbönkunum að húsbréfin séu seld frá degi til dags og lánsumsóknir afgreiddar á sama hátt. Biðraðir eftir húsnæðislánum eru óþekkt fyrirbrigði í Danmörku. Lánsumsókn er venjulega afgreidd og lánið veitt innan viku frá því að hún barst.

Dönsku húsbréfin njóta mikils trausts meðal almennings. Algengt er að gefa börnum húsbréf í skírnar- og fermingargjafir. Það eru þó fyrst og fremst bankar og tryggingarfélög sem geyma lausafé sitt í húsbréfum. Húsbréfin eru auglýst til sölu í öllum bönkum og

peningastofnunum. Gengi þeirra, þ.e. söluverð og raunvextir, er skráð á viðskiptasíðum dagblaðanna á hverjum degi. Ef óheppileg þróun söluverðs húsbréfa er fyrirsjáanleg kemur danski seðlabankinn yfirleitt til aðstoðar og kaupir húsbréf í miklu magni.

Í seinni tíð hefur bankakerfið í Evrópu í æ ríkara mæli farið inn á bein tölvuviðskipti. Þetta hefur gert nauðsynlegt að skilgreina og heimila svokölluð rafeindabréf (elektroniske obligationer). Rafeindahúsbréf eru aðeins til í tölvukerfi verðbréfamiðstöðvarinnar, stórbankanna, tryggingafélaga og verðbréfasala, svo að dæmi séu nefnd. Þau ganga kaupum og sölum á venjulegan hátt en eru aldrei skráð á pappír. Þannig er hægt að selja eða kaupa mikið magn af húsbréfum á svipstundu.

Aðalatriði þessa húsnæðislánakerfis er það að lánsumsækjandi sendir inn umsókn og fær húsnæðislán til margra ára. Hann skrifar undir veðskuldabréf fyrir öllu láninu handa stofnuninni. Stofnunin útvegar sjálf fjármagn til lánveitingarinnar með sölu húsbréfa sem í sjálfu sér kemur lántakandanum ekkert við. Áður var þó algengara að lántakandinn yrði sjálfur að selja húsbréfin sem stofnunin afhenti honum við móttöku veðskuldabréfsins. Þannig er stofnunin óháð utanaðkomandi fjármagni sem lagt er til hennar á beinan hátt.

Til að koma upp íslenskum húsbönkum er talið ráðlegt að nota hlutafélagsformið þótt það sé ekki einhlítt. Eðlilegt er að lífeyrissjóðirnir hafi frumkvæði að stofnun húsbanka í samvinnu við bankakerfið.

Lánskjör.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tilraun verði gerð til þess að brjótast út úr myrkviðum lánskjaravísitölunnar. Lánskjaravísitalan hefur haft óbærilegar afleiðingar fyrir allt efnahagslíf landsmanna. Hún hefur komið fjölda manns á vonarvöl og lagt mörg atvinnufyrirtæki í rúst. Misgengishópurinn, sem varð að þola stórhækkun lánskjaravísitölu umfram kaupgjaldsvísitölu á árunum 1983–1984 hefur enn ekki fengið leiðréttingu sinna mála hvað húsnæðislánin áhrærir. Lánskjaravísitalan verkar með þeim hætti að óeðlilegir þættir, svo sem hækkun matvöru, hefur áhrif á hana. Þannig mun 10%-matarskattur ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar, sama dag og hann er lagður á, hækka skuldir íbúðaeigenda við húsnæðislánakerfið um einn milljarð króna.

Á þeim átta árum sem eru liðin síðan lánskjaravísitalan var tekin í notkun hefur hún rúmlega átjánfaldast. Byggingarvísitalan hefur rúmlega sextánfaldast. Á sama tíma hefur verðgildi bandaríkjadals ellefufaldast og dönsku krónunnar nífaldast. Maður, sem hefði fengið að taka danskt húsnæðislán í júní 1979, skuldaði nú miklu minna en sá sem hefði tekið jafnhátt íslenskt húsnæðislán með sömu afborgunarskilmálum.

Í töflu er sýnd þróun lánskjaravísitölu, byggingarvísitölu, kaupgjaldsvísitölu og launavísitölu tímabilið 1979 til 1987 en lánskjaravísitalan var fyrst skráð í júní 1979. Tölurnar eru júnítölur hvers árs.

Tafla.

Þróun verðlags á Íslandi 1970–1987.

	1979	*1980*	*1981*	*1982*	*1983*	*1984*	*1985*	*1986*	*1987*
Lánskjaravísitala	100	180	245	359	656	885	1144	1448	1687
Byggingarvísitala	100	158	239	370	672	786	1037	1294	1534
Launavísitala	100	152	232	353	558	716	747	1215	1598
Kaupgjaldsvísitala		152	228	336	530	604	785	968	

Kaupgjaldsvísitalan sýnir mjög vel hvernig launafólki hefur reitt af í verðbólgubálinu þar sem lánskjörin eru stillt eftir verðbólgunni en launin ekki, enda urðu menn sammála um að taka hana úr sambandi í ágúst 1986. Þróun launavísitölunnar, en mjög er umdeilt hvort hún sýni rétta mynd af afkomu launafólks, er ekki mikið hagstæðari. Hún sýnir að launafólk getur vart búist við því að verða ofan á í baráttunni við lánskjaravísitöluna. Ekkert bendir til þess að kaupgjald á Íslandi muni nokkru sinni geta haldið í við lánskjaravísitöluna. Það gekk ekki í mesta góðæri sem landsmenn hafa búið við. Varla gengur það frekar þegar aftur harðnar í ári. Ef nauðsynlegt reynist að verðtryggja húsnæðislán virðist skynsamlegra að binda þau við byggingarvísitöluna sem samkvæmt töflu sýnir betri aðlögun að launavísitölu.

Í frumvarpinu er því einungis gert ráð fyrir að heimilt sé að verðtryggja lán en jafnframt bent á aðra valkosti. Nágrannaþjóðirnar hafa ekki nema að litlu leyti farið inn á þá braut að verðtryggja lán. Yfirleitt er fólki ráðið frá því að taka slík lán og fremur hvatt til að taka venjuleg skuldabréfalán með afföllum. Vísitölubundin lán eru talin koma helst til greina þar sem hægt er að tengja rekstur fasteignar við sömu vísitölu. Þannig má hugsa sér að nota vísitölubundin lán til byggingar leiguíbúða þar sem húsaleigan fylgir sömu vísitölu.

Húsnæðislán í formi vaxtaaðlögunarlána (rentetilpasningslaan) ryðja sér til rúms í nálægum löndum. Þau byggja á því að fyrir t.d. 40 ára veðlán er samið um fasta vexti til ákveðins tíma, t.d. fimm ára í senn. Gengi skuldabréfsins er háð vöxtunum sem samið er um í upphafi hvers vaxtatímabils og þar með er ljóst hver lánsupphæðin er. Við upphaf næsta vaxtatímabils er á ný samið um fasta vexti til næstu fimm ára. Er þá gamla lánið endurgreitt með nýju láni og svo koll af kolli. Afborgunarrunan er hins vegar miðuð við 40 ára lánstíma og lánið er í raun veitt til þess tíma þótt það sé endurreiknað á t.d. fimm ára fresti. Þannig er tekið tillit til verðlagsþróunar á skynsamlegan hátt. Lántakandinn situr ekki uppi með lán þar sem lánsupphæðin, þ.e. skuldin, hækkar í sífellu þrátt fyrir stöðugar afborganir.

Á fylgiskjali I eru sýnd vaxtaaðlögunarlán sem stærsta húsnæðislánastofnun Danmerkur, Kreditforeningen Danmark, býður þýskum húsbyggjendum og íbúðarkaupendum í Frankfurt. Það út af fyrir sig er forvitnilegt að dönsku húsnæðislánastofnanirnar hafa fengið heimild til þess að veita dönsk húsnæðislán í löndum sem eiga aðild að Efnahags- og framfarastofnun Evrópu, OECD. Hafa þær hafið starfsemi í Portúgal, Þýskalandi og Wales. Danska húsnæðislánakerfið virðist þannig ráða auðveldlega við heimamarkaðinn og geta bætt á sig húsnæðislánum til annarra landa. Í viðræðum, sem annar flutningsmanna átti við fulltrúa Kreditforeningen Danmark, kom fram að vel gæti komið til greina að stofnunin veitti húsnæðislán til Íslands, annaðhvort í samvinnu við hliðstæða íslenska stofnun eða með því að stofna útibú á Íslandi. Eftir verðlagsþróuninni að dæma hefði ekki verið ónýtt að geta tekið dönsk húsnæðislán í staðinn fyrir íslensk lán með lánskjaravísitölu.

Að lokum er rétt að minnast á lán með greiðslumarki og afkomutryggingu. Þau eru hér byggð á bandarískri fyrirmynd, en einnig er farið að tala um afborgunartryggingu í nálægari löndum svo sem í Danmörku. Lántakandi, sem fær t.d. 25 ára veðlán, semur um það við húsbankann að sett sé greiðslumark á lánið, þ.e. mánaðarleg eða árleg greiðslubyrði af láninu, vextir, afborgun, hugsanleg verðtrygging o.fl. fari ekki upp fyrir greiðsluþol hans miðað við þær tekjur sem hann hefur við upphaf lánstímans. Samhliða greiðslumarkslániinu er tekin afkomutrygging þannig að tryggingafélag tekur að sér að greiða mismun á greiðslumarki og greiðsluþoli lántakanda við atvinnumissi, veikindi, missi maka eða annað óvænt sem hefur áhrif á afkomu lántakandans. Oft er afkomutryggingin tekin á þann hátt að lánstíminn er lengdur, t.d. úr 25 árum í 35 ár án þess að greiðslubyrði vegna lánsins sé minnkuð. Mismunurinn, þ.e. það sem greiðslubyrðin hefði átt að minnka um, er iðgjaldið sem lántakandinn greiðir fyrir afkomutrygginguna. Þannig er á einfaldan og hagkvæman

hátt komið í veg fyrir að lántakandinn lendi í greiðslurerfiðleikum sem því miður er að verða regla fremur en undantekning hjá stórum hópi íslenskra lántakenda. Á fylgiskjali II eru sýndir afkomutryggingarskilmálar bandarísks tryggingafélags fyrir 180 mánaða láni, en á fylgiskjali III er sýnishorn af auglýsingu um hliðstæða danska afkomutryggingu.

Það er skoðun flutningsmanna að væru einhverjar af þeim hugmyndum, sem hér hefur verið lýst, notaðar til að bæta húsnæðislánakerfi landsmanna mundi stórt skref verða stigið í þá átt að koma okkur út úr þeim ógöngum sem við búum við í húsnæðislánamálum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að félagsmálaráðherra geti veitt heimild til starfsemi sérstakra húsbanka sem fást eingöngu við lánveitingar til húsbygginga, aðallega íbúðarhúsa. Slíkir húsbankar koma til með að sinna þeim sem ekki eiga rétt til lána úr Byggingarsjóði ríkisins sem eingöngu er ætlaður til lána fyrir félagslegar íbúðabyggingar og stofnanir.

Um 2. gr.

Húsbankar, sem starfa samkvæmt þessum lögum, verða einnig að haga starfsemi sinni í samræmi við þær reglugerðir sem félagsmálaráðherra setur um húsnæðislánastofnanir. Nauðsynlegt er að tryggja rækilega hagsmuni lántakenda og veita þeim þá vernd sem er nauðsynleg til að húsnæðislánakerfi landsmanna gangi snurðulaust. Á sama hátt verður að tryggja að húsnæðislánastofnanir fái traustan rekstrargrundvöll og bolmagn til þess að sinna hlutverki sínu.

Um 3. gr.

Miðað við að húsbankar verði háðir eftirliti félagsmálaráðherra er eðlilegt að þeir hafi einkarétt á því að nota heitið „húsbanki“ eða „húsnæðislánastofnun“. Enn fremur er nauðsynlegt að einkaréttur húsbanka til útgáfu á húsnæðisbréfum sé ótvíræður. Húsnæðisbréfin verða að njóta sambærilegs trausts kaupenda og t.d. verðtryggð spariskírteini ríkissjóðs.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að stjórn stofnunarinnar starfi í líkingu við bankaráð og stjórnir hlutafélaga. Talið er eðlilegt að fulltrúi lántakenda eigi sæti í stjórninni og félagsmálaráðherra, með hliðsjón af eftirlitshlutverki hans, geti einnig skipað fulltrúa í stjórnina.

Um 5. gr.

Hér er kveðið nánar á um eftirlitshlutverk félagsmálaráðherra. Nauðsynlegt er talið að slíkir húsbankar starfi undir ströngu eftirliti félagsmálaráðherra þar sem um er að ræða langtímaveðlán til íbúðabygginga fyrir allan almenning. Enn fremur er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra setji með reglugerð nánari fyrirmæli um hvernig rekstri húsbanka skuli háttað þannig að fullt samræmi sé milli slíkra stofnana.

Um 6. gr.

Erlendar húsnæðislánastofnanir hafa í vaxandi mæli tekið upp samstarf og hafið tilraunir með lánveitingar í öðrum löndum. Í breytingu sem var gerð á dönsku húsbankalögunum 1986 er veitt heimild til þess að húsnæðislánastofnanir í Danmörku geti veitt húsnæðislán til landa sem eiga aðild að OECD, Efnahags- og framfarastofnun Evrópu. Aðild að samstarfi erlendra húsnæðislánastofnana getur bæði veitt aðgang að margþættum upplýsingum og gögnum varðandi húsnæðislánamál almennt og einnig leitt til þess að erlent fjármagn fengist til húsnæðislána á Íslandi á mjög hagstæðum kjörum.

Um 7. gr.

Í samþykktum húsnæðislánastofnunar er gert ráð fyrir að gæðakröfur til bygginga séu skilgreindar, enn fremur að þar verði ákvæði um að byggingar skuli vera í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Um 8. gr.

Matsverð fasteigna, sem húsnæðislánastofnun byggir veðhæfni þeirra á, er ákveðin af og á ábyrgð stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að félagsmálaráðherra geti sett nánari reglur um það hvernig mati á veðhæfni fasteigna skuli háttað. Nauðsynlegt er þó að húsnæðislánastofnanir hafi tiltölulega frjálsar hendur við ákvörðun matsverðs innan þess ramma sem félagsmálaráðherra setur. Þannig er hugsanlegt ef fleiri en einn húsbanki verður starfræktur samkvæmt þessum lögum að einhver samkeppni geti skapast á grundvelli matsverðsins. Umsækjendur um lán til fasteigna munu þá leita eftir lánstilboðum frá starfandi húsbönkum og hugsanlega taka því tilboði sem gerir ráð fyrir hæstu matsverði að öðrum þáttum undanskildum.

Huga þarf sérstaklega að vandamálum íbúðaeigenda á landsbyggðinni vegna mjög mismunandi fasteignaverðs á landinu. Finna þarf leiðir til þess að fólk festist ekki í fjötrum vegna verðlítilla fasteigna á afskekktum stöðum og eins að tryggja það að minni veðhæfni fasteigna úti á landi í sumum tilvikum skerði ekki möguleika á húsnæðislánum. Stundum verður þó að gera ráð fyrir að koma verði til lán frá Húsnæðisstofnun ríkisins.

Í stað þess að veita framkvæmdalán, eins og tíðkast hefur af hálfu Húsnæðisstofnunar ríkisins, gerir jafnvægisskilyrðið, þ.e. að jafnvægi sé á milli útgáfu húsnæðisbréfa og útlána, það nauðsynlegt að þessi leið sé farin.

Um 9. gr.

Í þessari grein er hámark lánshlutfalls miðað við matsverð fasteignar skilgreint fyrir hinar mismunandi tegundir fasteigna. Til þess að örva byggingu leiguíbúða, sem mikil þörf er fyrir, er gert ráð fyrir hæsta lánshlutfalli til þeirra. Þá eru skilyrði um lágmarksupphæð lána. Enn fremur er gert ráð fyrir lánum til fegrunar á umhverfi og til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði og jafnvel endurnýjunar heilla bæjarhverfa í þeim tilvikum að sveitarstjórn sér sér hag í því að slíkar framkvæmdir eigi sér stað.

Um 10. gr.

Hér er lýst uppruna þess fjármagns sem er notað til útlána. Það er fengið með sölu húsbréfa á frjálsum markaði. Húsbréfin eru skilgreind sem hver önnur verðbréf eða spariskírteini sem hafa ákveðið sölugengi á hverjum tíma. Kemur það til með að endurspeglast í þeim lánskjörum sem stofnunin getur boðið. Til greina getur komið að lántakendur annist sjálfir sölu á húsbréfunum, þ.e. að húsbankinn afhendi lántakanda jafnmikið magn húsbréfa og lánsupphæðin segir til um. Ef sölugengi húsbréfanna er 90% fær lántakandinn 90% af lánsupphæðinni til ráðstöfunar. Hér er því í raun um að ræða lán með afföllum. Það er hins vegar meginatriði þessarar lagagreinar að lánveitingar séu ekki bundnar við lánskjaravísitölu.

Nú er algengara að lántakandi fái hreint peningalán, þ.e. að húsbankinn sér um að selja húsbréfin. Með þeim hætti er hægt að setja upp fjölbreyttari lánskjör. Lánin og þar með húsbréfin geta verið vísitölutryggð. Þá er einnig hægt að nota vaxtaaðlögunarlán eins og lýst hefur verið í greinargerðinni hér að framan. Húsbréfin þurfa þá aðeins að hafa gildistíma til jafns við umsamið vaxtatímabil, þ.e. á bilinu 3–10 ár.

Afkomutrygging vegna húsnæðislána er nýmæli sem lauslega hefur verið athugað af nokkrum aðilum hérlendis. Svo virðist sem líftryggingafélög í Bandaríkjunum selji lántakendum húsnæðislána afkomutryggingar sem tryggja að þeir lendi ekki í greiðsluerfiðleikum vegna atvinnumissis, heilsuleysis, slysa o.s.frv. Í Danmörku er einnig í undirbúningi að bjóða afborgunartryggingar (terminsforsikring) sem verka á svipaðan hátt.

Um 11. gr.

Það þykir rétt að skilgreina sjálft lánsformið í lögunum. Yfirleitt hafa jafngreiðslulán tíðkast hérlendis. Þau hafa þann ókost í för með sér að endurgreiðsla lánsins er mjög hæg í fyrstu. Raðlán, þar sem afborgun lánsins er föst upphæð en vextirnir bætast síðan við þannig að heildargreiðslan er breytileg og lækkandi þegar líður á lánstímann, þekkist einnig. Með því að blanda þessum lánsformum saman er hægt að ná fram hagstæðari endurgreiðslu lánsins sem getur komið bæði lántakanda og stofnuninni til góða.

Um 12. gr.

Hér er lánstími veðlána skilgreindur eftir notkun bygginga sem lánað er til. Lánstíminn er lengstur fyrir leiguíbúðir til þess að húsaleiga geti verið sem lægst. Með því að taka upp skynsamlegri húsnæðislán en þau sem byggja á lánskjaravísitölu er hægt að hafa lánstímann skemmri en gerist í gildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins án þess að greiðslubyrði aukist að mun.

Um 13. gr.

Nauðsynlegt er að hafa ákveðnar reglur um notkun og gerð þeirra bygginga sem lánað er til. Hugsanlegt er að tæknideild húsnæðislánastofnunar verði að segja til um hvort bygging standist tæknilegar kröfur og skipulagsreglur áður en lán er veitt.

Um 14. gr.

Húsnæðisbréfunum eða húsbréfum, sem einnig mætti nota sem heiti, hafa verið gerð allgóð skil í umsögn um 10. gr. Hér er nánar kveðið á um með hvaða hætti húsbréfin tengjast veðskuldabréfum lántakenda sem þeir undirrita og afhenda húsbankanum. Nafnverð allra slíkra veðskuldabréfa skal a.m.k. vera jafnhátt nafnverði allra húsbréfa sem eru í umferð. Þessi jöfnuðarkrafa er undirstöðuatriði varðandi lánveitingar sem byggjast á húsbréfum.

Húsbréfin geta verið mismunandi. Happdrættisbréf eru seld með föstum vöxtum. Sölugengi þeirra stillir sig af eftir raunvaxtakröfu markaðarins hverju sinni. Vextir af húsbréfunum eru greiddir handhöfum um leið og vextir af veðlánum eru greiddir til húsbankans. Samanlögð afborgun þeirra lána sem byggjast á happdrættisbréfunum er hverju sinni notuð til þess að endurgreiða húsbréf sem eru dregin út. Þannig fær handhafi bréfs, sem hefur verið dregið út, nafnverð þess endurgreitt án tillits til þess söluverðs sem hann greiddi fyrir bréfið á sínum tíma. Ef um er að ræða pappírslaus bréf, þ.e. rafeindabréf, er upphæðin færð inn á reikning skráðs handhafa sjálfkrafa.

Vísitölutryggð bréf eru ekki dregin út til greiðslu, heldur hafa þau sama gildistíma og veðlánið sem byggist á þeim. Fær handhafi slíkra húsbréfa vexti og afborgun greidd í takt við greiðslur af veðlánunum. Skammtímabréf eru notuð vegna vaxtaaðlögunarlána og fylgja samningstíma vaxta. Þau eru ekki dregin út til greiðslu heldur innleyst við lok samningstíma vaxta.

Ef lántakandi vill greiða upp lán sitt hjá stofnun verður hann að afhenda henni jafnmikið magn húsbréfa úr þeirri röð bréfa sem seld var til að mynda lánið og svarar til þess er hann skuldar af höfuðstól lánsins.

Um 15. gr.

Húsnæðislánastofnunum, sem starfa samkvæmt lögum þessum, er gert skylt að hafa varasjóð til þess að tryggja fjárskuldbindingar sínar, einkum húsbréfin. Gerður er greinarmunur á mismunandi húsnæðislánastofnunum, þ.e. stofnunum sem eru félög lántakenda og húsbönkum sem eru reknir sem hlutafélög.

Varasjóðir húsnæðislánastofnana eða húsbanka verða að svara til 5% eða 10% af skuld lántakenda (félag lántakenda eða hlutafélag) við stofnunina hverju sinni. Varasjóðirnir myndast með lántökugjöldum, varasjóðsgreiðslum, sem eru hluti af föstum greiðslum lántakenda og refsivöxtum vegna vanskila. Allar eignir stofnunar teljast til varasjóðs hennar.

Um 16. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Talið er að ekki fari saman afskipti af stjórn húsnæðislánastofnana og vejulegra bankastofnana.

Um 18. gr.

Hér er enn hert á eftirlitshlutverki félagsmálaráðherra sem er talið nauðsynlegt vegna hagsmuna hinna fjölmörgu lántakenda sem eru í húfi.

Um 19. gr.

Sektarákvæði greinarinnar gerir félagsmálaráðherra kleift að tryggja það að farið sé eftir fyrirmælum hans.

Um 20. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

KREDITFORENINGEN DANMARK
DÄNISCHES BODENKREDITINSTITUT

Konditionen per 20. Oktober 1987 — Frankfurt, 20.10.1987

Laufzeit 30 Jahre			Zinsfestschreibungszeit				
Nominal-zins	anfängl. Tilgung	jährl. Leistg.	5 Jahre	7 Jahre	8 Jahre	10 Jahre	15 Jahre
			- Auszahlungskurs -				
4,0 % p.a.	1,78	5,78 %					
4,5 % p.a.	1,64	6,14 %	90,71				
5,0 % p.a.	1,51	6,51 %	92,70				
5,5 % p.a.	1,38	6,88 %	94,71	90,27			
6,0 % p.a.	1,26	7,26 %	96,73	92,32	90,59		
6,5 % p.a.	1,16	7,66 %	98,76	95,39	93,37	91,57	
7,0 % p.a.	1,06	8,06 %	100,79	97,97	96,17	94,78	91,41
7,5 % p.a.	0,97	8,47 %		100,57	99,00	98,01	95,32
Effektiver Jahreszins bei Bearbeitungsgebühr von 0,5 %			7,15	7,75	8,05	8,15	8,45

Bearbeitungsgebühr: 0,5 % einmalig
Schätzungskosten: gemäß Rechnung des Gutachters

Erläuterungen zu den Konditionen per 20. Oktober 1987 für Darlehen mit grundbuchlicher Absicherung in der Bundesrepublik Deutschland

Die in der Tabelle genannten Konditionen gelten für den Grundfall, daß es sich um Wohnobjekte handelt, die wir mit einer 30-jährigen Laufzeit und einem Auslauf von 80 % netto des ermittelten Wertes finanzieren können. Dies gilt auch für Mietwohnungen, wobei dann unter Umständen der Ertragswert zugrunde gelegt werden muß. Für Mietwohnungen beträgt die Laufzeit maximal 35 Jahre (Konditionen auf Anfrage).

Bei erhöhtem Bearbeitungsaufwand oder besonderer Fallgestaltung behalten wir uns vor, etwas abweichende Konditionen anzubieten.

Für Gewerbeobjekte und Ferienwohnungen können wir in etwa gleichartige Effektivzinsen anbieten, jedoch bei einem maximalen Auslauf von 60 % und einer Höchstlaufzeit von 20 Jahren. Aus der Höchstlaufzeit ergeben sich dann höhere Tilgungssätze. Die Gewerbekonditionen können wir Ihnen auf Anfrage mitteilen.

Die Tilgungsaussetzung gegen Abtretung von Lebensversicherungen oder Bausparverträgen ist schon jetzt für Gewerbeobjekte möglich.Bei Industrie- und Handwerksgrundstücken können wir bis zu unserer Beleihungsgrenze von 60 % Tilgungsaussetzung vereinbaren. Bei sonstigen Gewerbegrundstücken (z.B. Hotels oder Bürogebäude) kann der erstrangige Darlehensteil bis zu einem Auslauf von 40 % ohne Tilgung vergeben werden. Der zweitrangige Bereich zwischen 40 und 60 % muß aber bis auf weiteres noch mit Tilgung versehen bleiben.

Wir vergeben unsere Darlehen, wie schon gesagt, als Nettodarlehen, so daß bei Kursverlusten das jeweilige Nominaldarlehen entsprechend höher sein kann.

Die Bearbeitungsgebühr und die Schätzkosten fallen nur in Verbindung mit der Auszahlung des Darlehens an. Es entstehen somit keine erneuten Kosten bei der späteren Neufestsetzung der Bedingungen nach Ablauf der jeweiligen Festschreibungszeit.

Nach wie vor finanzieren wir derzeit nur Objekte, die nicht älter sind als zwei Jahre bzw. die innerhalb der letzten zwei Jahre total renoviert wurden (Wertsteigerung mindestens 100 %) bzw. bei Teilrenovierungen, Anbauten und Umbauten, falls innerhalb der letzten zwei Jahre gebaut wurde oder demnächst gebaut werden soll, 100 % der aufgewendeten Kosten, sofern wir dergestalt im Grundbuch abgesichert werden, daß unser Darlehen sich noch innerhalb der Beleihungsgrenzen für das jeweilige Gesamtobjekt bewegt.

Neben der Auszahlung bei Fertigstellung gibt es auch die Möglichkeit, sofort gegen Bank- oder Sparkassengarantie auszuzahlen. Sofern eine Zwischenfinanzierung anderweitig nicht beigebracht werden kann, sind wir bei entsprechender Bonität der Darlehnsnehmer dazu bereit, bei der Beschaffung einer Zwischenfinanzierung im Kreis unserer dänischen und deutschen Partnerbanken zu vermitteln.

Der Darlehnsnehmer hat die Wahl, die Konditionen bei Vertragsschluß sofort festzuschreiben. Damit sichert er sich eine Kalkulationsgrundlage, die auch nach Abschluß der Bauphase noch Bestand hat. Wir berechnen nach einem Zeitraum von drei Monaten ab Festschreibung bis zur Auszahlung einen Bereitstellungszins von 0,25 % pro Monat. Der Darlehnsnehmer hat auch die Möglichkeit, die Konditionen erst bei Auszahlung festzulegen, jedoch dann zu den zu diesem Zeitpunkt geltenden Konditionen, die besser, aber auch schlechter sein können als zum Zeitpunkt des Vertragsschlusses. Solange die Konditionen nicht festgeschrieben sind, räumen wir dem Darlehnsnehmer auch zu jedem Zeitpunkt zwischen Vertragsschluß und Auszahlung die Möglichkeit ein, durch schriftliche Vereinbarung die Konditionen festzuschreiben auf diejenigen Sätze, die jeweils allgemein zu dem Zeitpunkt der Festschreibung für Darlehen des KREDITFORENINGEN DANMARK in der Bundesrepublik Deutschland gelten.

Fylgiskjal II.

CERTIFICATE EVIDENCING GROUP CREDIT LIFE INSURANCE COVERAGE

Insurer:	PHF LIFE INSURANCE COMPANY, Battle Creek, Michigan Called "The Company" or "We"	Policyholder:	Financial institution named in the Borrower's Copy of the loan document
Maximum Age for Life Insurance:	None	Maximum Amount of Life Insurance:	$55,000
Maximum Loan Term:	180 months		

Free Look-Full Refund: If, after you read this Certificate, you decide you no longer want the insurance, you may return the Certificate to the Policyholder within 15 days of the date you received it for a full refund or credit of the insurance charge.

This certifies that you are insured under the Group Policy issued to the Policyholder. To be valid, the Schedule showing your name, the insurance charge, the effective date of insurance, and the selected type of coverage must be attached.

CERTIFICATE EVIDENCING GROUP CREDIT ACCIDENT AND HEALTH INSURANCE COVERAGE

Insurer:	PHF LIFE INSURANCE COMPANY, Battle Creek, Michigan Called "The Company" or "We"	Policyholder:	Financial institution named in the Borrower's Copy of the loan document

Maximum Age:	None	Maximum Total Indemnity:	$30,000	Maximum Monthly Benefit:	None	Waiting Period:	14 days	Benefits Begin:	1st day	Maximum Loan Term:	180 months

Free Look-Full Refund: If, after you read this Certificate, you decide you no longer want the insurance, you may return the Certificate to the Policyholder within 15 days of the date you received it for a full refund or credit of the insurance charge.

This certifies that you are insured under the Group Policy unless the loan term is less than 18 months with monthly instalments payments of less than $30.00. To be valid, the Schedule showing your name, the insurance charge, the effective date of insurance, and the selected type of coverage must be attached.

Total Disability: You are "totally disabled" if you are: (1) under the regular care and treatment of a legally qualified physician or surgeon other than yourself; (2) unable to perform the usual duties of your occupation because of bodily injury or disease.

Accident and Health Insurance Benefit: If, while you are insured, you become and remain totally disabled for longer than the Waiting Period, we will pay disability benefits starting on the day specified above (Benefits Begin). A monthly benefit will be paid for each full month you are totally disabled and a daily benefit will be paid when you are totally disabled for less than the entire month. The monthly benefit is the total of the payments divided by the number of months in the term of the loan. The daily benefit will be calculated at the rate of 1/30 of the monthly benefit for each day of disability. The Policyholder will use these benefits to reduce or pay off your loan identified in the Schedule. If any benefits remain, the Policyholder will credit or refund them to you, or to a beneficiary named by you, or to your estate. The amount of disability benefits paid will never be more than the amount owing on your loan, or the Maximum Total Indemnity shown in the Schedule.

Life Insurance Benefit: If you die while insured, we will pay to the Policyholder the Net Balance of Indebtedness if the initial Net Balance of Indebtedness is less than or equal to the Maximum Amount of Life Insurance. If the initial Net Balance of Indebtedness exceeds the Maximum Amount of Life Insurance, we will pay the Policyholder the amount equal to the Net Balance of Indebtedness times the ratio of the Maximum Amount of Life Insurance to the initial Net Balance of Indebtedness. If you have partially prepaid your debt during the period of insurance, your benefit is determined as if there had been no prepayment. The Net Balance of Indebtedness is the amount you owe, not including unearned finance charges, for all debts insured under all certificates issued under the Group Policy. If Joint Credit Life Insurance is selected and you or the Co-Borrower dies, only one benefit payment will be made to the Policyholder. If you and the Co-Borrower die at the same time, the First Borrower will be deemed to be the first to die. After payment is made to the Policyholder, all other insurance described in this Certificate will terminate.

Insurance Term: Your insurance starts on the Effective Date shown in the Schedule and stops on the earliest of the following dates: (1) the date your loan is to be paid off; (2) the date your loan is prepaid, renewed, or refinanced. If legal responsibility for your loan is assumed by another person prior to your loan being paid off, your insurance will terminate when the Policyholder approves the transfer.

Refund: If, for any reason other than death, your insurance stops before the end of the period for which a charge was paid, a refund calculated by a formula approved by the Insurance Department will be promptly made to you, if it is more than $1.00.

Insurance Term: Your insurance starts on the Effective Date shown in the Schedule and stops on the earliest of the following dates: (1) the date your loan is to be paid off; (2) the date your loan is prepaid, renewed, or refinanced. If legal responsibility for your loan is assumed by another person prior to your loan being paid off, your insurance will terminate when the Policyholder approves the transfer.

Exclusions: We will not pay a disability benefit if you become disabled because of: (1) normal pregnancy; or (2) a sickness, disease or physical condition for which you received medical advice, consultation or treatment (exclusive of acute infectious diseases of the upper respiratory tract and other diseases considered medically as not adversely affecting future health) during the six-month period immediately preceding the effective date shown in the Schedule, unless such disability begins more than 6 months after the Effective Date. Exclusion (2) shall not apply if you have continued this insurance on a renewed or refinanced indebtedness.

Refund: If your insurance stops before the end of the period for which a charge was paid, a refund calculated by a formula approved by the Insurance Department will be promptly made to you, if it is more than $1.00.

To File a Disability Insurance Claim: A claim form obtained from the Company must be completed and signed by your physician and returned to the Company. We may require that you send additional proofs and/or that you be examined by a physician of the Company's choice at reasonable intervals during your disability. You can't start any legal action until 60 days after you send the Company proof of your disability and you can't start legal action more than three years after the proof is filed.

Fylgiskjal III.

Kun til KD-medlemmer:

Tegn en terminsforsikring.

Det sker kun for andre.

... indtil den dag man rammes selv. Det kan altid betale sig at tænke tingene igennem i tide — og det er en kærlig handling at sörge for, at ens nærmeste ikke skal besværes med unödige ökonomiske problemer i den i forvejen svære situation et dödsfald er.

Kan Deres efterladte klare terminen alene? Kan de?

Der er en ting, man ikke har brug for, hvis ens ægtefælle eller samlever pludselig dör: Straks at skulle sælge det fælles hjem, fordi terminsydelserne er baseret paa to indtægter.

Derfor har KD sammen með PFA udviklet en terminsforsikring, saaledes at De nu har mulighed for at sikre Deres paarörende en forsikringssum. Summen svarer til to aars KD-terminsydelse ved indtrædelse i ordningen, og naturligvis paa landets bedste og billigste vilkaar. De kan eventuelt vælge den halve forsikringsdækning ved at notere dette paa tilmeldingsblanketten under „Supplerende oplysninger".

Hvis De senere optager yderligere laan, kan De — ved at indsende en tilmeldingsblanket paany — udvide forsikringsdækningen til ogsaa at omfatte de nye laan.

Hvis De indfrier et laan, vil forsikringsdækningen blive nedsat i overensstemmelse hermed.

Ogsaa for papirlöse.

Hos KD ser vi stort paa, om laantager er gift eller ej. Eneste krav er, at man ved forsikringens oprettelse skal være under 60 aar og kan afgive tilfredsstillende helbredsoplysninger.

Pengene udbetales kontant paa en gang.

Udbetalingen af forsikringssummen sker paa en gang, saa hele belöbet straks er til raadighed og fri disposition for de efterladte.

Saa billigt er det.

Man skal ikke gaa og spekulere paa död og ulykke. Man skal bare være sikret. Det koster for hele 1987 kun 2,90 kr. for 1.000 kr.'s forsikringssum. Prisen er pr. person.

Find papirerne frem nu.

For at udfylde tilmeldingsblanketten skal De bruge nogle oplysninger. Dem finder De paa den seneste opkrævning fra KD, PBC-oversigterne eller aarsopgörelsen. Det er nemt og hurtigt at udfylde tilmeldingsblanketten.

Udfyld og indsend tilmeldingerne i dag.

Vi har vedlagt to tilmeldingsblanketter — en til hver ægtefælle/samlever eller ejer. Det er jo vigtigt at begge er sikret. Hver tilmelding er i 2 eksemplarer. Behold selv kopien og send originalen til KD. De vil derefter modtage brev fra KD eller PFA om forsikringens ikrafttrædelsesdato.

Sagsbehandlingen sker helt automatisk. I de fleste tilfælde uden andet besvær for Dem end indsendelse af blanketterne i udfyldt stand.

De kan være sikret indtil Deres fyldte 70. aar. Det er endnu en KD-fordel.

Landets billigste og bedste terminsforsikring.

De fleste mennesker har allerede baade ulykkes-, familie- og livsforsikringer. Men det gör **ikke** KD-terminsforsikring overflödig.

Det er landets billigste — faktisk koster den under halvdelen af, hvad en tilsvarende individuel forsikring typisk koster.

Sammenlign selv med, hvad De ellers kan faa — og skynd Dem at sende tilmeldingerne.

Nd. 171. Frumvarp til laga [158. mál]

um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum fóstra.

Flm.: Finnur Ingólfsson, Guðrún Helgadóttir, Ingi Björn Albertsson, Kristín Einarsdóttir.

1. gr.

Rétt til að starfa sem fóstra og að bera það starfsheiti hér á landi hefur sá einn sem til þess hefur fengið leyfi menntamálaráðherra.

Fóstrur starfa við uppeldisstörf á dagvistarheimilum og öðrum þeim stofnunum fyrir börn þar sem gert er ráð fyrir starfsfólki með sama starfsheiti.

2. gr.

Leyfi samkvæmt fyrri málsgrein 1. gr. má aðeins veita þeim sem lokið hefur prófi frá Fósturskóla Íslands eða skólum erlendis sem veita sambærilega menntun.

3. gr.

Leiki vafi á hvort umsækjandi um leyfi til að nota starfsheitið fóstra fullnægi skilyrðum 2. gr. skal menntamálaráðherra ávallt leita umsagnar Fóstrufélags Íslands og skólanefndar Fósturskóla Íslands áður en leyfið er veitt.

4. gr.

Fóstru ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

5. gr.

Fóstru er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hún fær vitneskju um í starfi og varða einkahagi barna og foreldra. Þagnarskylda helst þó að fóstra hafi látið af störfum.

6. gr.

Óheimilt er að skipa, setja eða ráða í stöðu fóstra við dagvistarheimili, við stofnanir fyrir börn með sérþarfir og hliðstæðar sérdeildir á vegum opinberra aðila aðra en þá sem uppfylla ákvæði laga þessara.

Nú sækir engin fóstra um auglýst fóstrustarf og er þá heimilt, sbr. 16. gr. laga nr. 112 1976, að sækja um undanþáguheimild til menntamálaráðuneytisins til að lausráða starfsmann í fóstrustarf til bráðabirgða, þó aldrei lengur en til eins árs í senn.

Starfsmaður, sem ráðinn er skv. 2. mgr., má ekki bera starfsheitið fóstra og ekki má endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.

7. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa ýmsar starfsstéttir í opinberri þjónustu fengið lögverndun á starfsheitum sínum og starfsréttindum. Kennarastarfið hlaut slíka lögverndun árið 1986. Störf kennara og fóstra eru um margt mjög skyld og gegna báðar starfsstéttirnar afar mikilvægu hlutverki í uppeldi barna og unglinga.

Markmið með starfsemi dagvistarheimila er að gefa börnum kost á að njóta handleiðslu sérmenntaðs fólks í uppeldismálum og búa þeim þau uppeldisskilyrði sem efla persónulegan og félagslegan þroska þeirra. Þessi markmið eru hins vegar ákaflega almenns eðlis. Uppeldisstörfin eru því í reynd falin forsjá fóstrunnar og treyst er á menntun hennar. Það er viss viðurkenning á fóstrumenntuninni og fóstrustéttinni. Fóstrunámið hefur ekki verið eins eftirsóknarvert og vera skyldi því að nú er mikill skortur á fóstrum til starfa og fyrir því kunna að vera margar ástæður. Ein ástæða þess er vafalaust sú að störf þeirra hafa ekki notið lögverndunar. Nú fjölgar þeim heimilum stöðugt þar sem báðir foreldrar vinna úti. Dagvistarheimilin gegna því mikilvægara hlutverki í uppeldi barnanna en áður. Foreldrar verða að geta treyst því að í framtíðinni starfi vel menntað fólk á dagvistarheimilum og hafi til þess full réttindi. Annað væri ábyrgðarleysi af samfélaginu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin felur í sér lögverndun starfsheitis fóstra sem starfa við uppeldisstörf á dagvistarheimilum og öðrum þeim stofnunum fyrir börn þar sem uppeldi fer fram utan heimilis. Tilgangur með lögverndun starfsheitisins er að stuðla að aukinni viðurkenningu á menntun og starfi fóstra. Jafnframt er verið að girða fyrir að aðrir en þeir sem hafa hlotið viðhlítandi menntun og starfa utan heimilis þar sem uppeldi fer fram geti notað þetta starfsheiti. Starfsheitið eiga bæði karlmenn og kvenmenn að geta borið. Fóstrufélag Íslands hefur leitað til Íslenskrar málnefndar og spurst fyrir um hvort það sé andstætt íslenskri málhefð að karlmenn beri kvenkyns starfsheiti. Telur nefndin að svo sé ekki. Fólk, sem tekur börn í fóstur, hefur eftir sem áður heimild til að kalla sig fóstru eða fóstra, en ekki rétt til að starfa sem slíkt á stofnun fyrir börn þar sem uppeldi fer fram.

Um 2. gr.

Í þessari grein er fjallað um skilyrði fyrir því að fá leyfi til að nota starfsheitið fóstra. Öllum þeim, sem hafa lokið námi frá Fósturskóla Íslands, skal veitt leyfi. Einnig skal þeim veitt leyfi sem lokið hafa námi frá sambærilegum skólum erlendis. Þó skal áður leita umsagnar um leyfisveitinguna.

Um 3. gr.

Greinin gerir ráð fyrir því að menntamálaráðherra skuli ávallt leita umsagnar Fóstrufélags Íslands og skólanefndar Fósturskóla Íslands áður en henn veitir leyfi til einhvers sem ekki hefur lokið námi frá Fósturskólanum. Tilgangur með því að leita ávallt umsagnar skólanefndar áður en leyfi er veitt er sá að tryggja að það nám, sem viðkomandi hefur lokið, sé sambærilegt því námi sem fram fer í Fósturskólanum. Eðlilegt er líka að leita til Fóstrufélags Íslands þar sem félagsmenn þar hafa mestra hagsmuna að gæta um hverjir bætast í stéttina.

Um 4. gr.

Í lögunum um byggingu og rekstur dagvistarheimila nr. 40/1981 og í Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili frá 1985 er fóstrum gert skylt að vinna að og bera ábyrgð á að unnið sé að settum uppeldismarkmiðum. Þessar skyldur sínar ber hverri fóstru að þekkja þegar henni er veitt starfsleyfi.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Markmiðið með þessari grein er að stemma stigu við að aðrir en þeir sem hlotið hafa viðhlítandi menntun verði ráðnir til fóstrustarfa. Tilgangurinn er sá að bæta það uppeldislega starf sem fram fer á dagvistarheimilum og taka af öll tvímæli um að hægt sé að ráða í störf fóstra ófaglært fólk þó að það hafi öðlast mikla reynslu við barnauppeldi innan heimilis. Þó er gert ráð fyrir að frá þessari meginreglu sé hægt að víkja fáist fóstrur ekki til starfa þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar í fjölmiðlum. Í lögum um rekstur og byggingu dagvistarheimila, 16. gr., er gert ráð fyrir hvernig farið skuli með slíkar undanþágur og í þeirri grein er gert ráð fyrir að það sé með sama hætti.

Um 7. og 8. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 172. Tillaga til þingsályktunar [159. mál]

um haf- og fiskveiðasafn.

Flm.: Eiður Guðnason.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa í samráði við sjávarútvegsráðherra nefnd til að gera áætlun um stofnun og rekstur haf- og fiskveiðasafns. Skal safnið gefa mynd af hafsvæðunum umhverfis Ísland, eðli þeirra, lífi og lífsskilyrðum í hafinu, fiskveiðum Íslendinga fyrr og nú, ásamt annarri nýtingu og vernd auðæfa hafsins, svo og meðferð og sölu sjávarfangs fyrr og nú. Í safninu skal einnig fjallað um landhelgismál Íslendinga, þróun þeirra, baráttu Íslendinga fyrir útfærslu landhelginnar og landhelgisgæsluna. Í safninu skal beitt fullkomnustu sýningartækni sem völ er á.

Nefndin skal gera fjárhagsáætlun um uppbyggingu slíks safns, hugsanlega í áföngum. Kanna skal möguleika á að nota hluta af sýningarefni sem kjarna minni safna víðs vegar um landið og bæta þá við því sem er sérkennilegt í hverju byggðarlagi eða tengja það þeim söfnum sem fyrir eru.

Leggja skal skýrslu nefndarinnar og fjárhagsáætlanir fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð þá eigi útrædd og því er hún nú endurflutt. Þá fylgdi henni svohljóðandi greinargerð:

Í upphafi er rétt að árétta að hér er ekki átt við fiska- eða sædýrasafn, né heldur sjóminjasafn sem þegar er raunar fyrir hendi.

Tillagan miðar að því að nefnd geri áætlun um að koma upp haf- og fiskveiðasafni þar sem ítarlega og með bestu tækni sem völ er á væri fjallað um þennan höfuð- og undirstöðuatvinnuveg íslensku þjóðarinnar. Ekki er í tillögunni tekin afstaða til þess hvar

safninu yrði valinn staður. Vel mætti til dæmis hugsa sér að það yrði staðsett á Akranesi, þar sem þegar er myndarlegt safn að Görðum. Akranes er og mikill útgerðarbær í næsta nágrenni við mestu þéttbýlissvæðin. Þangað eru og greiðar samgöngur á sjó og landi.

Slíkt safn væri áhrifamikið fræðslutæki fyrir unga sem aldna og gæfi margvíslegar upplýsingar um lífríki hafsins hér á norðurslóðum og ekki síður auðæfi hafsvæðanna, baráttuna fyrir vernd og skynsamlegri nýtingu auðlinda hafsins og sögu landhelgisbaráttunnar frá öndverðu. Tvímælalaust er mikil nauðsyn á fræðslu af því tagi sem slíkt safn mundi veita ekki síst þar sem þeim fer nú sífellt fjölgandi hér á landi sem alast upp án nokkurra tengsla við umhverfi er tengist fiskverkun, sjósókn og sjávarútvegi.

Hjá öðrum þjóðum er mjög byggja afkomu sína á siglingum og sjávarútvegi eru í mörgum borgum söfn er tengjast sjósókn og siglingum. Má minna á að í Bergen í Noregi eru t.d. þrjú söfn á þessu sviði, siglingasafn, fiskveiðasafn og fiskasafn.

Það er sannfæring flutningsmanns að ekki sé aðeins rétt að koma upp safni eins og hér um ræðir heldur sé okkur Íslendingum það beinlínis skylt. Slíkt safn mundi veita ungum sem öldnum ómetanlega fræðslu um þau mál er tilvera okkar og afkoma grundvallast á umfram allt annað.

Sþ. 173. Fyrirspurn [160. mál]

til samgönguráðherra um vegamál við Siglufjörð.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Er ekki löngu tímabært að ganga svo frá vatnsrennsli í Strákagöngum að vegurinn í gegnum göngin sé sæmilega akfær og ekki sé hætta á frostskemmdum í hvelfingunni?
2. Hvers vegna hafa vegaframkvæmdir við Siglufjörð lent á óhagstæðasta framkvæmdatíma seinustu árin, þ.e. seint að hausti?

Sþ. 174. Fyrirspurn [161. mál]

til samgönguráðherra um snjómokstur.

Frá Ragnari Arnalds.

Er ekki orðið tímabært að heimila snjómokstur á hringveginum og meginleiðum út frá honum til stórra þéttbýlisstaða a.m.k. þrisvar í viku?

Hver væri kostnaðaraukningin sem af þessu leiddi miðað við snjómokstur undanfarna þrjá vetur?

Sþ. 175. Fyrirspurn [162. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um fangelsisvist geðsjúkra.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Telur ráðherrann það samrýmast lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 59/1983, að geðsjúkt fólk sé vistað í fangelsum eins og tíðkað er?
2. Hve margir geðsjúkir einstaklingar eru nú vistaðir í fangelsum þó að þeir hafi verið úrskurðaðir ósakhæfir vegna geðveiki?
3. Eru einhverjar aðgerðir fyrirhugaðar til þess að geðsjúkir einstaklingar, sem gerast brotlegir við lög vegna sjúkdóms síns, fái nauðsynlega læknismeðferð?

Ed. 176. Frumvarp til laga [163. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Anamthawat Jónsson, Kesara, grasafræðingur í Reykjavík, f. 18. nóvember 1951 í Thailandi.
2. Andreasen, Steinunn Ásta, húsmóðir á Selfossi, f. 10. september 1953 á Selfossi.
3. Andreassen, Þorfinnur Sveinn, sjómaður í Grindavík, f. 11. febrúar 1964 í Stykkishólmi.
4. Bieltvedt, Arnór Guðmundur, nemandi í Reykjavík, f. 25. maí 1963 á Akureyri.
5. Bruun Madsen, Karen, verslunarmaður í Hafnarfirði, f. 11. nóvember 1946 í Hafnarfirði.
6. Dokic, Predrag, bifreiðastjóri í Reykjavík, f. 5. febrúar 1942 í Júgóslavíu.
7. Douglas Magnússon, Audrey, húsmóðir í Reykjavík, f. 5. janúar 1932 í Englandi.
8. Hall, Nicholas James Grogan, kennslustjóri í Reykjavík, f. 11. nóvember 1951 í Englandi.
9. Hansen Sigurðsson, Herborg, húsmóðir í Reykjavík, f. 16. janúar 1935 í Færeyjum.
10. Hreinn Skúli Erhardsson, nemandi á Grenivík, f. 17. ágúst 1971 á Akureyri.
11. Kaldalóns, Suzanne Mary, húsmóðir í Reykjavík, f. 19. nóvember 1954 í Englandi.
12. Magnus, Robert Jonathan, fræðimaður í Reykjavík, f. 15. desember 1948 í Englandi.
13. Óliver Hilmarsson, nemandi á Laugarvatni, f. 7. september 1974 í Reykjavík.
14. Palmero, Diego Valencia, þjónn í Reykjavík, f. 18. júní 1955 á Spáni.
15. Quesada, Gines Cano, námsmaður í Reykjavík, f. 30. apríl 1953 á Spáni.
16. Salmon, Peter Joseph Broome, framkvæmdastjóri í Reykjavík, f. 7. desember 1957 í Hong Kong.
17. Sewell, David John, afgreiðslumaður í Reykjavík, f. 25. maí 1958 í Englandi.
18. Staub, Christian Arthur, fulltrúi í Reykjavík, f. 20. mars 1951 í Sviss.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja skilyrðum sem sett hafa verið af allsherjarnefndum beggja þingdeilda.

Áhersla er á það lögð að frumvarpið verði afgreitt fyrir jólaleyfi. Sú aðferð, sem tíðkast hefur, að afgreiða slík frumvörp einu sinni á ári við lok þings að vori er að því leyti óheppileg að úrlausn á þessu mikilvæga persónulega málefni þess fólks, sem hér er um að ræða, dragist svo lengi sem í þeirri aðferð felst. Áformað er að flytja annað frumvarp af þessu tagi eftir jólaleyfi eftir því sem tilefni gefst til.

Sþ. **177. Svar** [101. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn frá Kjartani Jóhannssyni um greiðslu opinberra gjalda með skuldabréfum.

1. Greiðsla opinberra gjalda með skuldabréfum.

Samkvæmt gögnum ráðuneytisins hefur fjármálaráðherra heimilað 127 sinnum á árunum 1980–1987 greiðslu opinberra gjalda með skuldabréfum eða sambærilegum skuldaviðurkenningum umfram það sem mælt hefur verið fyrir um í sérstökum lögum. Á meðfylgjandi yfirliti sést um hve háar fjárhæðir er að ræða á verðlagi hvers árs, lengd lánstíma og vaxtakjör. Rétt er að taka fram að í öllum tilvikum var krafist bankaábyrgðar, fasteignaveðs eða sambærilegrar tryggingar fyrir skuldabréfunum, nema annað sé sérstaklega tekið fram í yfirlitinu.

Í yfirlitinu eru ekki birt nöfn einstakra gjaldenda, en þeir einungis sundurliðaðir í einstaklinga og lögaðila. Engar beinar lagareglur eru til um upplýsingaskyldu ráðuneytisins í þessum efnum, en með hliðsjón af ákvæðum 115. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, treystir ráðuneytið sér ekki til þess að verða við beiðni um nafnbirtingu. Í nefndu lagaákvæði er kveðið á um þagnarskyldu skattstjóra, umboðsmanna skattstjóra, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra og ríkisskattanefndar um þær upplýsingar sem þessir aðilar komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag skattaðila. Á meðan ekki eru í gildi sérstakar reglur að því er varðar fjármálaráðuneytið er eðlilegt að líta svo á að sami trúnaður gildi um þau afskipti sem ráðuneytið hefur af málefnum einstakra gjaldenda.

2. Lagaheimildir.

Í skattalögum er skýrt kveðið á um gjalddaga opinberra gjalda og dráttarvexti sem gjaldendum ber að greiða sé ekki staðið í skilum á lögbundnum gjalddögum. Yfirleitt er ekki að finna í lögum ákvæði um heimild stjórnvalda til að breyta gjalddögum opinberra gjalda eða falla frá dráttarvaxtatöku.

Svo hefur verið litið á að fjármálaráðuneytinu væri skylt að sjá til þess eftir föngum að réttilega álögð gjöld og lögbundnir dráttarvextir af þeim innheimtust í ríkissjóð. Í þessari skyldu ráðuneytisins felst einnig sú eina heimild sem það hefur til að semja um greiðslufrest eða falla frá innheimtu hluta skuldar. Ef staða skuldara og trygging fyrir skattkröfu er það léleg að telja má víst að skuldin sé að verulegu leyti töpuð hefur ráðuneytinu verið talið heimilt að ganga til samninga við skuldara um greiðslufyrirkomulag skuldar og jafnvel falla frá hluta skuldarinnar gegn tryggingu fyrir greiðslu eftirstöðva. Einkum eru slíkir samningar réttlætanlegir af hálfu ráðuneytisins ef þeir eru liður í óformlegum nauðasamningum eða viðtækara samkomulagi skuldara við lánardrottna.

Reynt er að leggja mat á stöðu skuldara í hverju tilfelli þegar beiðni berst um greiðslufrest. Afstaða er síðan tekin til beiðninnar með það í huga hvernig best er tryggður hagur ríkissjóðs.

Yfirlit um útgefnar heimildir til móttöku skuldabréfa sem greiðslu opinberra gjalda 1980–1987.

Dagsetning	Gjaldandi	Tegund gjalda	Upphæð	Skilmálar
1980:				
Febrúar	Einstaklingur	Þinggjöld	8 263 365	Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, 2% vextir
1981:				
Desember	Lögaðili	Söluskattur	300 000	Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, lögleyfðir vextir
1982:				
Júní	Lögaðili	Vextir og viðurlög	126 573	Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, 2,5% vextir
Júní	Lögaðili	Vextir og viðurlög	500 192	Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, 2,5% vextir
Október	Lögaðili	Söluskattur og þinggjöld	680 908	Verðtryggt skuldabréf til 12 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Október	Lögaðili	Þinggjöld	942 981	Verðtryggt skuldabréf til 12 ára, hæstu lögleyfðir vextir
		Samtals 1982	2 250 654	
1983:				
Maí	Lögaðili	Þinggjöld	8 965 853	Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Júní	Lögaðili	Þinggjöld	2 726 883	Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Júní	Lögaðili	Söluskattur og þinggjöld	1 605 430	Verðtryggt skuldabréf til 8 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Ágúst	Lögaðili	Þinggjöld	1 662 551	Verðtryggt skuldabréf til 6 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Október	Lögaðili	Þinggjöld	722 608	Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Október	Lögaðili	Söluskattur	1 702 994	5 verðtryggð skuldabréf í 5 ár hvert, 2 verðtryggð skuldabréf í 10 ár hvort, hæstu lögleyfðir vextir
Október	Lögaðili	Söluskattur	996 035	Verðtryggt skuldabréf til 1 árs, hæstu lögleyfðir vextir
Nóvember	Lögaðili	Söluskattur	300 000	Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir Breytt í febrúar 1984 í bréf til 5 ára
Nóvember	Lögaðili	Söluskattur	909 078	4 verðtryggð skuldabréf til 4 ára hvert, hæstu lögleyfðir vextir
Nóvember	Lögaðili	Þinggjöld	658 857	Verðtryggt skuldabréf til 8 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Desember	Lögaðili	Þinggjöld	995 083	Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Desember	Lögaðili	Þinggjöld	4 000 000	Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, 3% vextir
Desember	Lögaðili	Þinggjöld	2 783 322	Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Desember	Lögaðili	Þinggjöld og launaskattur	7 831 695	Verðtryggt skuldabréf til 6 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Desember	Lögaðili	Þinggjöld	2 007 403	Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Desember	Lögaðili	Þinggjöld og launaskattur	1 010 895	Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir

Dagsetning	Gjaldandi	Tegund gjalda	Upphæð	Skilmálar
Desember	Einstaklingur	Þinggjöld	590 082	Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Desember	Lögaðili	Þinggjöld og launaskattur	1 804 885	Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Desember	Lögaðili	Þinggjöld	101 683	Verðtryggt skuldabréf til 2 ára, hæstu lögleyfðir vextir
		Samtals 1983	41 375 287	
1984:				
Janúar	Lögaðili	Þinggjöld og launaskattur	2 489 135	Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Febrúar	Lögaðili	Söluskattur	750 667	3 verðtryggð skuldabréf til 4 ára hvert, hæstu lögleyfðir vextir
Mars	Lögaðili	Þinggjöld	770 000	Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Apríl	Lögaðili	Þinggjöld	664 036	Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Apríl	Lögaðili	Þinggjöld	3 135 960	Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Júní	Lögaðili	Launaskattur og söluskattur	2 670 267	Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Júní	Lögaðili	Þinggjöld	472 606	Verðtryggt skuldabréf til 1 árs, hæstu lögleyfðir vextir
Júní	Einstaklingur	Söluskattur	130 000	Verðtryggt skuldabréf til 2 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Júlí	Lögaðili	Þinggjöld, launaskattur og söluskattur	6 703 816	Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Október	Lögaðili	Söluskattur	131 257	Verðtryggt skuldabréf til 3 mánaða, hæstu lögleyfðir vextir
Október	Lögaðili	Söluskattur	1 563 571	Verðtryggt skuldabréf til 6 mánaða, hæstu lögleyfðir vextir
Nóvember	Lögaðili	Þinggjöld, söluskattur og launaskattur	1 800 000	Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Nóvember	Lögaðili	Söluskattur	547 135	Verðtryggt skuldabréf til 2 ára, 8% vextir
Nóvember	Lögaðili	Vörugjald og þinggjöld	2 000 977	Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Desember	Lögaðili	Launaskattur, söluskattur og þinggjöld	5 432 832	Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Desember	Lögaðili	Söluskattur	350 000	Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Desember	Einstaklingur	Tekjuskattur	90 000	Verðtryggt skuldabréf til 6 mánaða, hæstu lögleyfðir vextir
Desember	Lögaðili	Þinggjöld	4 289 172	Skuldabréf til 7 mánaða, engir vextir né verð
Desember	Lögaðili	Söluskattur	150 000	Verðtryggt skuldabréf í 2 ár, hæstu lögleyfðir vextir
Desember	Lögaðili	Söluskattur	2 000 000	Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Desember	Lögaðili	Söluskattur	765 000	Verðtryggt skuldabréf til 1 árs, hæstu lögleyfðir vextir
		Samtals 1984	36 906 431	

Dagsetning	Gjaldandi	Tegund gjalda	Upphæð	Skilmálar
1985:				
Janúar	Lögaðili	Vextir og viðurlög	315 000	Verðtryggt skuldabréf í 1 ár, hæstu lögleyfðir vextir
Janúar	Lögaðili	Söluskattur og launaskattur	700 000	Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Janúar	Lögaðili	Söluskattur	4 000 000	Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Janúar	Lögaðili	Söluskattur	5 115 175	Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, 5% vextir
Janúar	Lögaðili	Söluskattur og þinggjöld	589 043	Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Janúar	Lögaðili	Söluskattur	1 200 000	Verðtryggt skuldabréf til 2 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Febrúar	Lögaðili	Þinggjöld og launaskattur	1 156 617	Verðtryggt skuldabréf til 2 ára, 5% vextir
Febrúar	Einstaklingur	Söluskattur	223 396	Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, 5% vextir
Febrúar	Lögaðili	Launaskattur og þinggjöld	1 900 000	Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Febrúar	Einstaklingur	Vörugjald og söluskattur	517 861	Verðtryggt skuldabréf til 20 mánaða, hæstu lögleyfðir vextir
Febrúar	Einstaklingur	Söluskattur	400 000	Verðtryggt skuldabréf til 6 mánaða, 4% vextir
Mars	Lögaðili	Söluskattur	580 000	Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Mars	Lögaðili	Söluskattur	200 000	Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, 5% vextir
Mars	Einstaklingur	Þinggjöld	340 000	Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Mars	Lögaðili	Vörugjald	500 000	Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Mars	Einstaklingur	Söluskattur	58 644	Verðtryggt skuldabréf til 18 mánaða, hæstu lögleyfðir vextir
Apríl	Lögaðili	Launaskattur	4 525 739	Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, 4% vextir
Apríl	Lögaðili	Söluskattur	650 000	Verðtryggt skuldabréf til 18 mánaða, hæstu lögleyfðir vextir
Apríl	Lögaðili	Söluskattur	900 000	Verðtryggt skuldabréf til 5 mánaða, hæstu lögleyfðir vextir
Apríl	Lögaðili	Söluskattur, launaskattur og þinggjöld	2 000 000	Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Apríl	Einstaklingur	Þinggjöld	278 436	Verðtryggt skuldabréf til 1 árs, hæstu lögleyfðir vextir
Apríl	Lögaðili	Þinggjöld, launaskattur og söluskattur	1 301 447	Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Apríl	Lögaðili	Þinggjöld, launaskattur og söluskattur	1 107 000	Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Júní	Lögaðili	Söluskattur og þinggjöld	1 200 000	Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Júní	Lögaðili	Launaskattur	947 444	Verðtryggt skuldabréf til 2 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Júní	Lögaðili	Söluskattur	600 000	Verðtryggt skuldabréf til 6 mánaða, hæstu lögleyfðir vextir
Júní	Einstaklingur	Söluskattur	371 897	Verðtryggt skuldabréf til 6 mánaða, hæstu lögleyfðir vextir
Júlí	Lögaðili	Söluskattur	1 200 000	Verðtryggt skuldabréf til 1 árs, hæstu lögleyfðir vextir

Dagsetning	Gjaldandi	Tegund gjalda	Upphæð	Skilmálar
Júlí	Lögaðili	Söluskattur og launaskattur	1 300 000	Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Júlí	Lögaðili	Launaskattur	545 267	5 verðtryggð skuldabréf til 10 ára hvert, hæstu lögleyfðir vextir
Júlí	Lögaðili	Söluskattur	1 894 000	Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Júlí	Einstaklingur	Söluskattur	308 964	Óverðtryggt skuldabréf til 1 árs, 32% vextir
Júlí	Lögaðili	Launaskattur og söluskattur	1 600 000	Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Ágúst	Lögaðili	Söluskattur	642 615	13 víxlar, alls í um 2 ár
Ágúst	Lögaðili	Söluskattur	224 720	Verðtryggt skuldabréf til 2 ára, 4% vextir
Ágúst	Lögaðili	Söluskattur	1 069 413	Óverðtryggt skuldabréf til 6 mánaða, 30,5% vextir
Ágúst	Lögaðili	Söluskattur	4 303 517	Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Ágúst	Lögaðili	Söluskattur	292 000	Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, 5% vextir
September	Lögaðili	Söluskattur	3 200 000	Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, 5% vextir
September	Lögaðili	Söluskattur	1 050 345	Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir
September	Lögaðili	Söluskattur	1 600 000	Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, hæstu lögleyfðir vextir
September	Lögaðili	Söluskattur	811 065	Óverðtryggt skuldabréf til 4 mánaða, 30,5% vextir
September	Lögaðili	Söluskattur	1 000 000	Verðtryggt skuldabréf til 10 mánaða, hæstu lögleyfðir vextir
September	Lögaðili	Söluskattur og launaskattur	23 210 868	Óverðtryggt skuldabréf til 6 ára, 22% vextir
September	Lögaðili	Söluskattur	1 292 753	Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, 5% vextir
September	Lögaðili	Söluskattur	1 100 000	2 verðtryggð skuldabréf, 600 000 til 2½ árs, 500 000 til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir
September	Lögaðili	Söluskattur og launaskattur	2 000 000	Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir
September	Lögaðili	Söluskattur	550 000	Óverðtryggt skuldabréf til 4 mánaða, 32% vextir
Október	Lögaðili	Söluskattur	4 000 000	Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, 5% vextir
Október	Lögaðili	Vörugjald	1 200 000	Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Október	Lögaðili	Söluskattur	1 720 621	Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, 5% vextir
Október	Einstaklingur	Þinggjöld	150 000	Verðtryggt skuldabréf til 18 mánaða, 4% vextir
Október	Lögaðili	Vörugjald	7 000 000	Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, 5% vextir
Október	Lögaðili	Söluskattur, þinggjöld og launaskattur	6 000 000	Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, 5% vextir
Október	Einstaklingur	Þinggjöld	500 000	Verðtryggt skuldabréf til 2 ára, 5% vextir
Október	Lögaðili	Söluskattur	1 000 000	Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, 5% vextir
Október	Lögaðili	Söluskattur og launaskattur	620 000	Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, 5% vextir
Desember	Lögaðili	Söluskattur og þinggjöld	7 500 000	Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir

Dagsetning	Gjaldandi	Tegund gjalda	Upphæð	Skilmálar
Desember	Lögaðili	Söluskattur	2 000 000	Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Desember	Lögaðili	Söluskattur	1 858 000	Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir
		Samtals 1985	114 421 847	
1986:				
Janúar	Lögaðili	Söluskattur og þinggjöld	2 300 000	Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Febrúar	Lögaðili	Söluskattur og launaskattur	3 220 453	Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Febrúar	Lögaðili	Söluskattur og launaskattur	700 000	Verðtryggt skuldabréf til 10 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Febrúar	Einstaklingur	Tekjuskattur	100 000	Verðtryggt skuldabréf til 2 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Febrúar	Lögaðili	Söluskattur	643 154	Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Mars	Lögaðili	Söluskattur	9 000 000	Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Apríl	Einstaklingur	Söluskattur	640 000	Verðtryggt skuldabréf til 9 mánaða, hæstu lögleyfðir vextir
Apríl	Einstaklingur	Þinggjöld	586 058	Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, 5% vextir
Maí	Lögaðili	Þinggjöld	525 000	Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Maí	Lögaðili	Söluskattur og launaskattur	2 636 096	Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Ágúst	Lögaðili	Launaskattur og þinggjöld	456 741	Verðtryggt skuldabréf til 6 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Ágúst	Einstaklingur	Söluskattur	217 000	Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir
September	Einstaklingur	Söluskattur	1 699 247	Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Október	Lögaðili	Söluskattur	2 330 118	Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, 5% vextir
		Samtals 1986	25 053 597	
1987:				
Mars	Einstaklingur	Söluskattur	558 890	Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Apríl	Einstaklingur	Þinggjöld	755 030	Verðtryggt skuldabréf til 10 ára, engir vextir
Apríl	Lögaðili	Söluskattur, launaskattur og þinggjöld	350 000	Verðtryggt skuldabréf til 5 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Maí	Lögaðili	Söluskattur, launaskattur og þinggjöld	1 555 000	Verðtryggt skuldabréf til 3 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Maí	Einstaklingur	Þinggjöld	1 506 000	Verðtryggt skuldabréf til 6 ára, 5% vextir
Júní	Lögaðili	Söluskattur og launaskattur	44 027 853	Verðtryggt skuldabréf til 8 ára, hæstu lögleyfðir vextir
Október	Einstaklingur	Þinggjöld	484 562	Verðtryggt skuldabréf til 4 ára, hæstu lögleyfðir vextir
		Samtals 1987	49 237 335	

Sþ. 178. Fyrirspurn [164. mál]

til dómsmálaráðherra um þjónustu Löggildingarstofu ríkisins.

Frá Jóni Kristjánssyni.

Hvaða reglur gilda um ferðakostnað af þjónustu Löggildingarstofu ríkisins?

Sþ. 179. Tillaga til þingsályktunar [165. mál]

um nýja legu Vesturlandsvegar um Hvalfjörð og Grunnafjörð.

Flm.: Eiður Guðnason, Alexander Stefánsson, Friðjón Þórðarson, Skúli Alexandersson, Ingi Björn Albertsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram nauðsynlegar rannsóknir til að kanna hversu hagkvæmt sé að gera göng undir Hvalfjörð utan við Laufásgrunn og Hnausasker eða brú í fjarðarmynni og breyta legu Vesturlandsvegar þannig að farið sé vestan Akrafjalls um Grunnafjörð á Fiskilækjarmela.

Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari vilja flutningsmenn koma því til leiðar að kannaðir verði til hlítar nýir möguleikar í samgöngumálum er haft gætu í för með sér miklar breytingar og verulega styttingu á fjölfarinni þjóðbraut. Hér er átt við jarðgöng í mynni Hvalfjarðar eða brú á svipuðum slóðum og nýjan veg vestan Akrafjalls um Grunnafjörð á Fiskilækjarmela. Með því móti styttist leiðin frá Reykjavík til Akraness um 61 km og verður 48 km í stað 109 km. Leiðin til Borgarness styttist um 45 km og verður þá vegalengdin milli Borgarness og Reykjavíkur 71 km í stað 116 km. Leiðin milli Akraness og Borgarness styttist um 7 km úr 37 km í 30 km.

Hinn 20. júní 1985 samþykkti Alþingi svohljóðandi ályktun:

„Alþingi ályktar að ríkisstjórnin láti fram fara athugun á því hvort hagkvæm sé vega- og brúargerð úr Geldinganesi yfir Leiruvog og Kollafjörð í Kjalarnes og verði sérstaklega kannað hvort skapa megi í sambandi við slíka vega- og brúargerð ákjósanlega aðstöðu til hafbeitar fyrir lax í Kollafirði og Leiruvogi.“

Ef af þeim framkvæmdum yrði sem gert er ráð fyrir að kannaðar verði samkvæmt samþykkt Alþingis frá 20. júní 1985 og þeim breytingum, sem þessi tillaga gerir ráð fyrir, mundi leiðin milli Akraness og Reykjavíkur styttast enn frekar eða um 10 km og verða um 38 km. Aðrar vegalengdir, sem að ofan greinir, mundu styttast sem því svarar. Þarf ekki að fara mörgum orðum um að með þessum breytingum yrði raunbylting í samgöngumálum ekki aðeins að því er Vesturland varðar heldur einnig á höfuðborgarsvæðinu og einnig snertir þetta mál vissulega íbúa Vestfjarða og Norðurlands.

Hvalfjarðarnefnd.

Fyrir réttum fimmtán árum lauk störfum nefnd sem kannaði ýmsa möguleika á samgöngum um Hvalfjörð. Í umræðum um þessi mál hefur nefnd þessi almennt verið kölluð Hvalfjarðarnefndin og verður því nafni haldið hér. Niðurstaða Hvalfjarðarnefndar var í stuttu máli sú að leggja bæri veg fyrir Hvalfjörð og stytta núverandi veg eftir því sem

hagkvæmt væri, m.a. skyldi leggja veg yfir Botnsvog í Hvalfirði. Þar að auki lagði nefndin til að ferja yrði áfram í förum milli Akraness og Reykjavíkur.

Þar sem hálfur annar áratugur er nú liðinn síðan Hvalfjarðarnefnd lauk störfum og skilaði áliti og enn hafa tillögur hennar ekki komist í framkvæmd að fullu er ljóst að tímabært er að skoða málið ítarlega að nýju. Enn er t.d. ekki kominn vegur með bundnu slitlagi fyrir Hvalfjörð og enn hefur ekki verið ráðist í vegagerð yfir Botnsvog sem nú er ljóst að yrði dýr og orkar tvímælis í ýmsu tilliti. Í ljósi þróunar samgöngumála að undanförnu hljóta sjónir manna því að beinast að jarðgöngum undir Hvalfjörð eða brúargerð yfir fjörðinn.

Breyttar forsendur.

Vegabætur á Hvalfjarðarleið hafa gengið hægt undanfarin ár miðað við þróun samgangna t.d. á Suðurlandi og Reykjanesi. Á Suðurlandi er nú óslitið bundið slitlag austur undir Markarfljót og allir aðalvegir í Reykjaneskjördæmi (sunnan höfuðborgarsvæðis) hafa löngu verið lagðir bundnu slitlagi. Í Hvalfirði, einni fjölförnustu þjóðleið landsins, eru 12 km enn malarvegir. Þar fara nú um meira en 1100 bílar á dag.

Hvalfjarðarnefndin hafnaði á sínum tíma öllum hugmyndum um veg utarlega í Hvalfirði á þeim forsendum sem þá voru örugglega réttar að slík áform væru gjörsamlega utan þeirra hugmynda um kostnað og arðsemi sem þá voru uppi. Vegur fyrir Fjörð var þá augljóslega arðbærasta hugmyndin. Nú eru þessar forsendur hins vegar gerbreyttar og ágætt starf Hvalfjarðarnefndar á sínum tíma getur því ekki lengur verið viðmiðun um það hvernig samgöngum á þessari leið skuli háttað.

Framkvæmdakostnaður fer lækkandi.

Sú staðreynd, að Vesturland hefur dregist aftur úr í vegamálum, hefur haft áhrif á þróun byggðarinnar ekki aðeins á Vesturlandi heldur einnig öllu norðan- og vestanverðu landinu.

Nú er því spáð að byggð á Suðurlandi muni vaxa hraðar en í öðrum landshlutum og er engin önnur sýnileg ástæða fyrir slíkri spá en sú staðreynd að Suðurland nýtur þess að hafa mjög góðar samgöngur og tengsl við helsta markaðssvæðið þar sem meira en helmingur þjóðarinnar býr.

Margt breytist á skemmri tíma en fimmtán árum. Ekki síst hafa breyst ýmsar tæknilegar forsendur í vegamálum. Má þar fyrst til nefna að kostnaður vegna jarðfyllinga hefur lækkað verulega, en miklu meir hefur þó lækkað kostnaður við gerð neðansjávarmannvirkja. Til dæmis hafa Norðmenn náð ótrúlega miklum árangri við lækkun kostnaðar við jarðgangagerð.

Í jarðgangaskýrslu, sem út kom í ár, er viðauki þar sem gerð er grein fyrir jarðgöngum sem stytta mundu vegalengdir á ýmsum leiðum. Þar er meðal annars lýst möguleikum á jarðgöngum undir Hvalfjörð. Þar er gert ráð fyrir munnum í nánd við Kiðafell annars vegar og Galtarvík hins vegar og að göngin yrðu 4,5 km að lengd. Stytting vegalengda vestur, norður og til Akraness er þar áætluð 47 km og gert ráð fyrir að fara austan við Akrafjall með tengingu á Vesturlandsveg.

Göng undir Hvalfjörð.

Svo að enn sé vitnað til skýrslu Hvalfjarðarnefndar frá árinu 1972 segir þar á bls. 46 í hugleiðingum um göng undir Hvalfjörð eftir Þorleif Einarsson jarðfræðing að hann telji að af jarðfræðilegum ástæðum komi einungis til greina að leggja göng í pípu yfir fjörðinn á svæðinu við Hnausasker. Er þar gert ráð fyrir að pípu verði sökkt í fjörðinn og fyllingar síðan lagðar að.

Á þessum stað er jökulgarður í firðinum og er mesta dýpi þar um 30 metrar. Þorleifur telur þennan jökulgarð vera úr lausum jarðlögum, leir, sandi og möl og þykkt hans kunni að vera tugir metra. Það hlýtur meðal annars að vera háð þykkt þessa jökulgarðs hvort unnt sé að gera þarna jarðgöng. Úr því verður ekki skorið nema með rannsóknum eins og þessi tillaga gerir ráð fyrir að fram fari.

Líkleg þróun umferðar.

Í áðurnefndri skýrslu jarðganganefndar frá árinu 1987 er gert ráð fyrir að umferð um Hvalfjörð sé 800 bílar á dag. Samkvæmt umferðartalningu árið 1986 er bílaumferð í Hvalfjarðarbotni um 1100 bílar á dag og raunhæft er að telja að hún hafi eitthvað aukist síðan, enda hefur bílum fjölgað mjög á þessu ári.

Sé miðað við fengna reynslu frá Borgarfjarðarbrú má búast við að umferð aukist um allt að 50% við framkvæmd sem hefur í för með sér svona styttingu. Því er svo við að bæta að ef vegur yrði lagður vestan Akrafjalls og ferjuferðir milli Reykjavíkur og Akraness yrðu lagðar niður væri ekki fráleitt að ætla að umferð með tengingu svo utarlega í Hvalfirði yrði að minnsta kosti 2000 bílar á dag, ef ekki meira.

Sé umferðarþróun skoðuð í öðru samhengi og horft til umferðar frá Reykjavík til Suðurlands og suður með sjó kemur í ljós að umferð í Svínahrauni og á Reykjanesi er um 3500 bílar á dag. Á Suðurlandi eru um 20 þúsund íbúar og vegalengdin til stærsta þéttbýliskjarnans, Selfoss, er um 57 km, en á Selfossi búa um 3700 manns. Hér má einnig til þess líta að á Austurlandi búa rúmlega 13 þúsund manns. Á Reykjanesi sunnan Hafnarfjarðar eru um 15 þúsund manns, þar af búa um 7 þúsund í Keflavík. Rétt er að nefna að Keflavíkurflugvöllur bæði sem vinnustaður og miðstöð millilandaflugs hefur auðvitað veruleg áhrif á umferðina.

Ef horft er til Vesturlands í þessum samanburði þá eru íbúar þar um 14 þúsund. Akranes, stærsti þéttbýliskjarninn, yrði í 48 km fjarlægð frá Reykjavík, en á Akranesi búa 5400 manns. Sé einnig til þess litið að íbúar á Vestfjörðum eru 10 200, á Norðurlandi vestra búa tæplega 11 þúsund manns og 26 þúsund manns á Norðurlandi eystra er hreint ekki fráleitt að ætla að umrædd vegarstytting gæti haft enn víðtækari áhrif til umferðaraukningar en áður eru leiddar líkur að. Ekki er ósennilegt að umferð yrði svipuð og í Svínahrauni og á Reykjanesbraut eða um 3500 bílar á dag.

Arðbært fyrirtæki.

Það gefur auga leið að þær framkvæmdir, sem þessi tillaga gerir ráð fyrir að kannaðar verði, kosta mikið fé og verða ekki í óbreyttu kerfi fjármagnaðar af fjárlagaframlögum til vegamála. Flutningsmenn benda hins vegar á þá leið að stofna sérstakt fjárfestingarfélag um þessa framkvæmd og hafa þarna tollveg og láta veggjald standa undir öllum framkvæmdarkostnaði.

Ýmsir hafa bent á að hér sé í rauninni um svo arðbært fyrirtæki að ræða að erlend fyrirtæki, sem hafa sérhæft sig í svona stórframkvæmdum, mundu ekki aðeins fáanleg heldur fús til að reisa þessi mannvirki og eiga þau uns málið væri komið á fjárhagslega jafnsléttu en þá yrðu þau þjóðareign eins og önnur samgöngumannvirki. Sýnist þó flutningsmönnum að þetta gætum við allt eins gert sjálfir og væri það í rauninni miklu eðlilegri og viðkunnanlegri framkvæmdarháttur.

Sú gagnrýni hefur m.a. verið höfð uppi gagnvart tollvegum að innheimtukostnaður veggjalds sé yfirleitt mjög hár. Þróun í þeim efnum hefur verið ör með tilkomu tölvutækni og framfara á sviði fjarskipta. Þannig telja þeir sem gerst þekkja að innan fárra ára verði kominn í notkun búnaður er geri ökumönnum kleift að aka eftir tollvegum án þess að stansa við gjaldheimtuhlið, sjálfvirkur búnaður fylgist með og skrái bílana og eigendur fái síðan

reikninginn sendan heim. Þegar hafa orðið verulegar framfarir og aukning sjálfvirkni við greiðslufyrirkomulag á tollvegum þannig að það er nú víðast til lítilla tafa fyrir umferðina.

Tollvegum hefur fjölgað undanfarin ár. Þannig hafa Norðmenn tekið þetta fyrirkomulag allvíða upp og þannig leyst ýmis samgönguvandamál sem annars hefðu ekki verið leyst fyrir tilstilli hefðbundinna fjárveitinga fyrr en að mörgum árum liðnum.

Reynsla Norðmanna.

Í október á þessu ári voru tekin í notkun tvenn jarðgöng er tengja Álasund, Ellingsey og Valderey en á síðarnefndu eyjunni er flugvöllur sem íbúar Álasunds nota.

Í norska blaðinu Teknisk Ukeblad/Teknik, 134. árg. nr. 6, var hinn 12. febrúar sl. grein um þessa framkvæmd, en hún hefur vakið athygli víða um heim. Þar kemur m.a. fram:

Göngin frá Álasundi til Ellingseyjar eru 3,5 km á lengd. Göngin frá Ellingsey til Valdereyjar eru 4,2 km á lengd.

Þessi göng koma 68 þúsund íbúum níu sveitarfélaga í vegarsamband við flugvöllinn á Valderey.

Vinnan við göngin gekk svo vel að unnt var að taka þau í notkun einu og hálfu ári áður en upphaflega var ætlað.

Þegar fyrst var byrjað að ræða þessa framkvæmd var ráðgert að byggja brýr milli eyjanna og Álasunds. Talið var að brúargerðin mundi kosta 3,8 milljarða ísl. kr. Jarðgöngin kosta hins vegar fullbúin ekki nema rúman helming þeirrar upphæðar, rétt tæpa tvo milljarða ísl. kr. Hver lengdarmetri í göngunum kostar 30 þús. kr. norskar eða 171 þús. ísl. kr.

Áætlað er að umferð um göngin verði 3000 bílar á dag og áætlað er að vegtollur fyrir venjulegan fólksbíl verði 20 norskar krónur eða 115 íslenskar krónur.


GÖNGUNDIR LAUFAGRUNN
Í HVALFIRÐI
Samanburður á vegalengdum.
Frá - til
Núverandi vegur km
Um Laufagr. Grunnafjörð km
Mismunur leiða km
Reykjavík - Borgarnes 116 71 45
Reykjavík - Akranes 109 46 61
Borgarnes - Akranes 37 30 7
HVALFJÖRÐUR
GRUNNAFJÖRÐUR
BORGARFJÖRÐUR
LAUFAGRUNN
Akrafjall
Reynivallaháls
Fróðastaðaháls
Fróðastaðafjall
Kjóafell
Eyrarfjall
Kjalar
Akranes
CA 1:150 000

Sþ. 180. Fyrirspurn [166. mál]

til iðnaðarráðherra um innlendar skipasmíðar.

Frá Júlíusi Sólnes.

1. Hve mörg skip eru í smíðum erlendis á vegum íslenskra aðila?
2. Að hve miklu leyti eru þessar smíðar fjármagnaðar með framlagi úr íslenskum fjárfestingar- og lánasjóðum?
3. Hve mörg skip eru í smíðum í íslenskum skipasmíðastöðvum?
4. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að innlendur skipasmíðaiðnaður líði ekki undir lok?
5. Hvað hyggst ráðherra gera til þess að koma í veg fyrir að Íslendingar verði algerlega háðir erlendum aðilum um viðhald og nýbyggingar skipa?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 181. Fyrirspurn [167. mál]

til landbúnaðarráðherra um jarðabótaframlög árið 1987.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Hvað tefur fullnaðaruppgjör til bænda vegna jarðabótaframlaga?

Nd. 182. Frumvarp til laga [168. mál]

um breytingu á lögum nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi Íslands.

Flm.: Ólafur Þ. Þórðarson, Kjartan Jóhannsson.

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný mgr. er orðist svo:

Fiskiskip frá Færeyjum og Grænlandi eru undanþegin ákvæðum síðari málsl. 1. mgr. og ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur frumvarps þessa er að undanþiggja færeysk og grænlensk fiskiskip ákvæðum 65 ára gamalla laga sem banna erlendum fiskiskipum að landa afla sínum í íslenskum höfnum nema með sérstöku leyfi ráðherra.

Mál þetta varðar þannig samskipti okkar Íslendinga við aðrar þjóðir, í þessu dæmi næstu nágranna okkar, Færeyinga og Grænlendinga. Lagt er til að fiskiskip þessara þjóða njóti jafnréttis á við íslensk fiskiskip að því er varðar löndun afla í íslenskum höfnum.

Samskipti okkar við Færeyinga og Grænlendinga hafa stóraukist undanfarin ár en fyrir áratug voru þau næsta lítil. Algengt var fyrir örfáum árum að menn gerðu lítið úr því að við gætum haft nokkurn merkjanlegan hag af samskiptum við þessar smáþjóðir. En annað hefur komið í ljós. Þótt íbúafjöldi þessara landa sé samanlagður tæpur helmingur íbúatölu Íslands hefur komið í ljós að þar er að finna mikilvæga markaði fyrir íslenskar iðnaðarvörur, m.a. vegna þess að vinátta þessara þjóða í okkar garð er einlæg og þær velja viðskiptin við okkur frekar en við aðra að öllu jöfnu. Þessi viðskipti vaxa sífellt og má í því sambandi benda á aukinn þátt Flugleiða í að tryggja samgöngur við þessi lönd og vaxandi umsvif íslenskra verktakafyrirtækja í löndunum tveimur.

Áframhaldandi uppbygging þessa samstarfs er eðlileg og allt eins hagkvæm fyrir okkur og þá. Við erum í þetta sinn stóri bróðir og það leggur okkur ákveðnar skyldur á herðar. Það er hagkvæmt bæði fyrir Grænlendinga og Færeyinga í mörgum tilvikum að landa afla sínum á Íslandi. Má þar nefna rækjuskip, loðnuskip o.s.frv. Afli þessara skipa og þjónusta við þau getur skapað aukna atvinnu í íslenskum sjávarþorpum og einhliða aðgerð af þessu tagi af okkar hálfu er til þess fallin að auka vináttuna, efla samstarfið og auka viðskiptin á öllum sviðum Íslendingum Færeyingum og Grænlendingum til hagsbóta.

Sþ. 183. Fyrirspurn [169. mál]

til félagsmálaráðherra um atvinnuleyfi erlendra leiðsögumanna á Íslandi.

Frá Kristínu Einarsdóttur og Danfríði Skarphéðinsdóttur.

1. Hvernig er háttað framkvæmd laganna um atvinnuréttindi útlendinga að því er varðar atvinnuleyfi fyrir erlenda leiðsögumenn á Íslandi?
2. Hvernig er gengið úr skugga um að erlendir leiðsögumenn, sem hér starfa, þekki lög og reglur sem gilda um umgengni við landið?

Sþ. 184. Fyrirspurn [170. mál]

til samgönguráðherra um veitingu atvinnurekstrarleyfa til erlendra ferðaskrifstofa á Íslandi.

Frá Kristínu Einarsdóttur og Danfríði Skarphéðinsdóttur.

1. Hve margar erlendar ferðaskrifstofur fengu atvinnurekstrarleyfi hér á landi árið
   a. 1986,
   b. 1987?
2. Á hvern hátt fylgist samgönguráðuneytið með því að þær ferðaskrifstofur, sem hér starfa, hafi til þess tilskilin leyfi frá íslenskum stjórnvöldum?
3. Hvernig er háttað miðlun upplýsinga til ferðaskrifstofanna um lög og reglur sem hér gilda og tengjast starfsemi þeirra á Íslandi?

Sþ. 185. Fyrirspurn [171. mál]

til menntamálaráðherra um landshlutaútvarp Ríkisútvarpsins.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur.

Hvenær má vænta þess að búið verði að setja á stofn útibú frá Ríkisútvarpinu í þeim landshlutum sem enn hafa ekki sitt eigið landshlutaútvarp?

Sþ. 186. Fyrirspurn [172. mál]

til menntamálaráðherra um fræðsluútvarp Ríkisútvarpsins.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur.

Hvaða áætlanir eru um starfrækslu fræðsluútvarps Ríkisútvarpsins í samvinnu við fræðsluyfirvöld?

Sþ. 187. Fyrirspurn [173. mál]

til iðnaðarráðherra um lán og styrkveitingar Iðnlánasjóðs.

Frá Finni Ingólfssyni og Guðna Ágústssyni.

1. Hverjar voru lánveitingar Iðnlánasjóðs á árunum 1985, 1986 og það sem af er árinu 1987? Hvernig skiptast þessar lánveitingar eftir iðngreinum og kjördæmum?
2. Hvernig hefur ríkisframlagi Iðnlánasjóðs á árunum 1985, 1986 og 1987 verið ráðstafað?
3. Til hvaða aðila hefur Iðnlánasjóður veitt styrki og lánað til vöruþróunar og markaðsathugana á sl. þremur árum og hversu háa styrki hefur hver aðili fengið?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 188. Fyrirspurn [174. mál]

til menntamálaráðherra um málefni óperusöngvara.

Frá Geir H. Haarde.

Hvað líður störfum nefndar sem skipuð var fyrr á þessu ári og fékk það verkefni að gera tillögur um bætta starfsaðstöðu og atvinnuöryggi óperusöngvara?

Nd. 189. Nefndarálit [54. mál]

um frv. til l. um útflutningsleyfi o.fl.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Á fund hennar komu Magnús Gunnarsson SÍF, Bjarni Lúðvíksson SH, Benedikt Sveinsson SÍS, Haraldur Haraldsson og Árni Reynisson frá Félagi íslenskra stórkaupmanna og Einar Benediktsson frá síldarútvegsnefnd.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. des 1987.

Páll Pétursson, form., frsm. | Geir H. Haarde, fundaskr., með fyrirvara. | Finnur Ingólfsson.

Kjartan Jóhannsson, með fyrirvara. | Kristín Halldórsdóttir, með fyrirvara.

Nd. 190. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 5. maí 1986, um Útflutningsráð Íslands.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á fundum sínum, kvatt til fundar fulltrúa SÍF, Magnús Gunnarsson, frá SH Bjarna Lúðvíksson, frá SÍS Benedikt Sveinsson og frá síldarútvegsnefnd Einar Benediktsson. Þá komu einnig Haraldur Haraldsson og Árni Reynisson á fund nefndarinnar. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 2. des. 1987.

Páll Pétursson, form., frsm. | Geir H. Haarde, fundaskr. | Kjartan Jóhannsson, með fyrirvara.

Finnur Ingólfsson. | Kristín Halldórsdóttir, með fyrirvara.

Nd. 191. Nefndarálit [54. mál]

um frv. til l. um útflutningsleyfi o.fl.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Stjórnarflokkarnir gerðu samkomulag um nýja verkaskiptingu milli viðskiptaráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins um breytingu á reglugerð nr. 96 31. desember 1969, um Stjórnarráð Íslands. Þegar þetta samkomulag var borið undir þingflokk Sjálfstæðisflokksins lýsti ég yfir andstöðu minni við þessa breytingu. Ég tel að þessi mál séu best komin í

viðskiptaráðuneytinu, enda hafa flestir eða allir útflytjendur verið því fylgjandi að þessi mál heyri undir það ráðuneyti eins og fram kemur í bréfi dags. 26. október 1983 til stjórnsýslunefndar og er birt hér sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti.

Með tilliti til framanritaðs er ég andvígur þeirri breytingu sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Alþingi, 2. des. 1987.

Matthías Bjarnason.

Fylgiskjal.

Bréf útflytjenda til stjórnsýslunefndar.
(Reykjavík, 26. október 1983.)

Í tilefni könnunar stjórnsýslunefndar á viðhorfum útflutningssamtaka sjávarútvegsins til þeirrar hugmyndar að utanríkisviðskiptin yrðu lögð undir utanríkisráðuneytið vilja undirrituð útflutningssamtök taka fram:

Við teljum að viðskiptaráðuneytið hafi á undanförnum áratugum unnið mjög mikilvægt starf á sviði íslenskra útflutningsmála, svo sem við gerð alþjóðlegra viðskiptasamninga og samninga um tollamál.

Í flestum viðskiptalöndum, sem við eigum mest viðskipti við, eru sjálfstæð viðskiptaráðuneyti sem koma fram sem slík í viðskiptasamningum við Íslendinga.

Þar sem landið er háðara milliríkjaviðskiptum en nokkuð annað land sem okkur er kunnugt um teljum við það hagsmunamál útflutningssamtakanna að hér sé sjálfstætt ráðuneyti sem mætt geti til samninga við erlend viðskiptaráðuneyti á jafnræðisgrundvelli.

Við leggjum því eindregið til að íslenska viðskiptaráðuneytið haldi sjálfstæði sínu og sé þannig óháð öðrum ráðuneytum í starfi sínu á sviði útflutningsmála.

Virðingarfyllst.

Landssamband íslenskra útvegsmanna,
Kristján Ragnarsson.

Síldarútvegsnefnd,
Gunnar Flóvenz.

Samband ísl. samvinnufélaga,
sjávarafurðadeild,
Ólafur Jónsson.

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna,
Árni Finnbjörnsson.

Samlag skreiðarframleiðenda,
Ólafur Björnsson.

Sölusamband ísl. fiskframleiðenda,
Valgarð J. Ólafsson.

Sölustofnun lagmetis,
Heimir Hannesson.

Nd. 192. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 5. maí 1986, um Útflutningsráð Íslands.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Ég er andvígur þeirri breytingu sem frumvarpið gerir ráð fyrir og tel ekkert það hafa gerst þann skamma tíma sem Útflutningsráð Íslands hefur starfað sem geri þessa breytingu nauðsynlega.

Alþingi, 2. des. 1987.

Matthías Bjarnason.

Nd. 193. Nefndarálit [54. mál]

um frv. til l. um útflutningsleyfi o.fl.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta, og annað sem því er samferða, um útflutningsráð, er til komið vegna þeirrar niðurstöðu í samningaviðræðum stjórnarflokkanna um myndun ríkisstjórnar að færa útflutningsviðskipti úr viðskiptaráðuneyti yfir í utanríkisráðuneyti. Þau rök hafa helst verið færð fyrir þessari breytingu að með henni náist betri nýting utanríkisþjónustunnar, en einnig hefur verið nefnt að slíkt fyrirkomulag gæti auðveldað samskipti okkar við t.d. Evrópubandalagið.

Það er skoðun undirritaðs að færa verði gild rök fyrir því að kerfisbreyting af þessu tagi sé til bóta og leysi vandræði sem við er að glíma með núverandi fyrirkomulagi þannig að betur fari.

Fram hjá því verður ekki horft að því getur fylgt viss áhætta og óhagræði að sami ráðherra fari með málefni útflutnings*viðskipta* og pólitíska stefnumörkun og störf í utanríkisráðuneyti.

Undirritaður telur verulega skorta á að nytsemd þessara breytinga hafi verið studd þeim rökum að réttlætanlegt sé að hverfa frá fyrirkomulagi sem almennt er viðurkennt að hafi skilað góðum árangri. Það er ekki æskileg málsmeðferð að ákvarðanir um breytingar á skipulagi Stjórnarráðs Íslands séu teknar samfara hrossakaupum um ráðherrastóla. Það viðhorf var ríkjandi meðal þeirra sem nefndin fékk til viðræðna að málinu hefði í raun verið ráðið til lykta fyrir löngu og ekki þýddi að andæfa því. Meðal annars af þessum sökum hefur málið fengið mjög takmarkaða umræðu meðal hagsmunaaðila og afgreiðsla þess nú er ekki í tengslum við heildarendurskipulagningu Stjórnarráðsins né víðtæka umfjöllun um skipan viðskiptamála í heild.

Ýmsum spurningum er ósvarað og engin tilraun virðist hafa verið gerð til að vega og meta kosti þess og galla að gera slíkar breytingar. Má í því sambandi benda á eftirfarandi:

1. Vegna þess að helstu rök fyrir umræddum breytingum eru sögð vera betri nýting utanríkisþjónustunnar er rétt að undirstrika að ekkert hefur komið fram um að utanríkisþjónustan sé nú vannýtt.

2. Samtök stærstu útflytjenda hafa á fundum með nefndinni ítrekað lýst þeirri skoðun að viðskiptaráðuneytið hafi unnið gott starf og enn fremur að samstarf allra þessara aðila, þ.e. útflytjenda, viðskiptaráðuneytis, utanríkisráðuneytis og utanríkisþjónustu sé gott.

3. Hvað eftir annað hefur verið bent á að því geti fylgt óhagræði að farið sé með viðskiptamál og pólitíska stefnumörkun í utanríkismálum í sama ráðuneyti og hafa þessar ábendingar ekki verið hraktar. Fulltrúar síldarútvegsnefndar, sem árum saman hafa staðið í gerð erfiðra sölusamninga, lögðu sérstaka áherslu á þetta atriði á fundi með nefndinni.

4. Ekki hefur gefist tími til að fá formlegar, skriflegar umsagnir stærstu útflutningsaðilanna þar sem stjórnir þeirra samtaka hefðu fjallað um frumvarpið. Fyrir liggur neikvæð afstaða sjö stærstu útflytjenda sjávarafurða til hliðstæðrar kerfisbreytingar sem til athugunar var 1983.

5. Með þessari breytingu er viðskiptamálefnum skipt upp á milli tveggja ráðuneyta og það meira að segja utanríkisviðskiptunum sem slíkum þar sem einungis útflutningsviðskiptin eiga að flytjast yfir í utanríkisráðuneytið.

Þessi uppskipting gengur í raun gegn anda laganna um Stjórnarráð Íslands þar sem meginmarkmið er að skipa skyldum og samstæðum málum til eins og sama ráðuneytis (sjá athugasemdir við frumvarp til laga um Stjórnarráð Íslands frá 1969). Með þessari breytingu yrði mismunandi verkefnum slengt saman undir eitt ráðuneyti og við slíkar aðstæður er viss hætta á að tiltekin mál öðlist forgang og önnur bíði eða mæti afgangi.

6. Þessi breyting er ekki hluti af heildarendurskipulagningu Stjórnarráðsins og verður ekki séð að nauðsyn krefji að taka þessa einu breytingu fyrir fremur en margt annað sem til álita hlýtur að koma við endurskoðun þeirra mála.

7. Ekki hefur verið kannað hvaða áhrif þessi breyting kann að hafa á aðstöðu okkar í EFTA, en athygli vekur að ekkert hinna EFTA-landanna hefur það fyrirkomulag á þessum málum sem hér er lagt til.

8. Ekki verður séð að kannaðir hafi verið aðrir möguleikar sem eðlilegt væri að skoða ef breyta á núverandi fyrirkomulagi á annað borð. Þar er efst á blaði sá möguleiki að stofna sjálfstætt utanríkisviðskiptaráðuneyti sem gæti eftir atvikum verið alveg sjálfstætt eða sérstök deild í utanríkisráðuneyti sem heyrði beint undir sérstakan utanríkisviðskiptaráðherra (sambærilegt fyrirkomulag og tíðkast í Finnlandi og Sviþjóð).

Fáar þjóðir, ef nokkrar, eru jafnháðar utanríkisviðskiptum og Íslendingar og þar sem veltan í þessum viðskiptum nemur nálægt hálfum þjóðartekjum okkar er langt frá því goðgá að hugleiða stofnun sérstaks ráðuneytis til að fara með þessi mál.

Margt fleira mætti tína til sem enn er óljóst um áhrif þess að færa útflutningsviðskipti til utanríkisráðuneytisins. Þó það sé þarft og lofsvert að leitast við að efla útflutningsstarfsemi í landinu, fellst undirritaður engan veginn á að það hafi verið rökstutt að sú kerfisbreyting, sem lögð er til í frumvarpinu, sé í því efni vænlegasta leiðin. Allt of miklir vankantar eru á þessu og of mörgum spurningum er ósvarað til þess að þau veigalitlu rök, sem efni frumvarpins er stutt með, réttlæti samykkt þess.

Annar minni hl. leggur því til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** og hætt verði við að breyta verkaskiptingu innan Stjórnarráðs Íslands að þessu leyti að svo stöddu.

Alþingi, 3. des. 1987.

Steingrímur J. Sigfússon.

Nd. 194. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 5. maí 1986, um Útflutningsráð Íslands.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Undirritaður getur ekki mælt með að frumvarp þetta verði gert að lögum og leggur til að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**. Um rökstuðning fyrir þessari afstöðu vísast til nefndarálits 2. minni hl. um frumvarp til laga um útflutningsleyfi, á þskj. 193.

Alþingi, 3. des. 1987.

Steingrímur J. Sigfússon.

Sþ. 195. Fyrirspurn [175. mál]

til landbúnaðarráðherra um kjötbirgðir og útflutningsbætur.

Frá Hreggviði Jónssyni.

1. Hvaða ráðstafanir ætlar ríkisstjórnin að gera vegna óseldra kjötbirgða frá árinu 1986?
2. Er fjármagn tryggt til greiðslu útflutningsbóta frá ríkissjóði vegna hverrar sendingar um sig þegar landbúnaðarráðuneytið veitir útflutningsheimild á landbúnaðarafurðum eða er einhver óformleg samvinna milli landbúnaðar- og fjármálaráðuneytis um slík mál?

Sþ. 196. Fyrirspurn [176. mál]

til landbúnaðarráðherra um staðgreiðslulán vegna sauðfjárafurða.

Frá Hreggviði Jónssyni.

1. Hve há staðgreiðslulán vegna sauðfjárafurða voru veitt árin 1985 og 1986 og hve há eru þau lán áætluð árið 1987?
2. Voru staðgreiðslulánin afgreidd 15. desember 1985 og 1986, og verða þau afgreidd 15. desember 1987, sbr. 29. gr. búvörulaganna?
3. Hvernig fer útreikningur og ákvörðun staðgreiðslulána fram?
4. Hvernig hefur innheimta staðgreiðslulána farið fram og hvaða vexti bera þau?
5. Hverjir hafa séð um innheimtu staðgreiðslulána?
6. Hvaða greiðslutryggingu er farið fram á vegna staðgreiðslulána og eftir hverju fer mat á veðhæfni greiðslutryggingar? Ef veð eru tekin fyrir staðgreiðslulánum í afurðum, með hvaða hætti er veðsett og eftir hvaða lögum er farið?
7. Voru eftirstöðvar á staðgreiðslulánum frá árinu 1985 (ógjaldfallin lán eða vanskil) innheimtar við veitingu staðgreiðslulána 1986? Verður svo í ár vegna lána 1986?

Sþ. 197. Fyrirspurn [177. mál]

til landbúnaðarráðherra um fjármögnun lána vegna sauðfjárafurða.

Frá Hreggviði Jónssyni.

1. Dugðu afurðalán til sláturleyfishafa, sem hugðust greiða 75% haustgrundvallarverðs 1987 til innleggjenda 15. október sl., fyrir þeirri greiðslu (t.d. miðað við 1. fl. dilkakjöts), launum og öðrum kostnaði í sláturtíðinni?
2. Hvernig skiptist fjármögnun á óniðurgreiddu heildsöluverði dilkakjöts framleiðsluárið 1987 milli afurðalána, staðgreiðslulána og eigin fjár sláturleyfishafa, samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar?
3. Er miðað við vegin meðaltöl þegar sláturkostnaður er reiknaður?
4. Hvernig ætlar ríkisstjórnin að tryggja sláturleyfishöfum nægjanlegt fjármagn til að greiða innleggjendum fullt grundvallarverð fyrir árið 1987?
5. Höfðu allir sláturleyfishafar fengið afurðalán 1. des. sl. fyrir árið 1987? Veittu allir bankar sömu lánsfjárhæðir á einingu meðan á sláturtíð stóð 1986 og 1987? Eru afurðalán hærri nú eftir að viðskiptabankar tóku að veita afurðalán í stað Seðlabanka Íslands áður (ásamt viðbótarlánum viðskiptabanka)?
6. Hvaða greiðslutryggingu fer hver banki um sig fram á fyrir afurðalánum og eftir hverju fer mat á veðhæfni greiðslutryggingar?

Sþ. 198. Fyrirspurn [178. mál]

til félagsmálaráðherra um Framkvæmdasjóð fatlaðra.

Frá Óla Þ. Guðbjartssyni og Hreggviði Jónssyni.

Hverjar hafa verið úthlutanir úr Framkvæmdasjóði fatlaðra frá stofnun hans árið 1983?

Farið er fram á sundurliðaða skrá fyrir árin 1984, 1985, 1986 og 1987. Allar upphæðir óskast á núverandi verðlagi.

Skriflegt svar óskast.

Nd. 199. Frumvarp til laga [179. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, þar með talin breyting samkvæmt lögum nr. 49/1987 sem taka eiga gildi 1. janúar 1988.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

I. KAFLI

Breytingar á einstökum greinum.

1. gr.

5. tölul. 28. gr. laganna falli niður.

2. gr.

3. mgr. 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. orðist svo:

Frá tekjum má enn fremur draga einstakar gjafir til menningarmála, vísindalegra rannsóknarstarfa, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga, þó ekki yfir 10% af skattstofni gefanda áður en gjöfin hefur verið dregin frá honum. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð hvaða málaflokkar og stofnanir falla undir þessa grein.

3. gr.

Í stað orðsliðarins „69. gr.“ í 1. og 2. málsl. 64. gr. komi: 69. gr. A.

4. gr.

Í stað orðsliðarins „69. gr.“ í 1. mgr. 65. gr. komi: 69. gr. A.

5. gr.

1. mgr. A-liðar 68. gr. orðist svo:

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 158 820 kr.

6. gr.

Lokamálsliður 3. mgr. A-liðar 68. gr. orðist svo:

Persónuafsláttur er ekki millifæranlegur milli mánaða en í reglugerðinni má heimila að ónotaður persónuafsláttur, sem safnast hefur upp á meðan launagreiðandi hefur haft skattkort launamanns undir höndum, nýtist við síðari launagreiðslur enda séu uppfyllt þau skilyrði um launabókhald og skilagreinar sem nánar verði ákveðin í henni.

7. gr.

B-liður 68. gr. orðist svo:

Maður, sem lögskráður er á íslenskt skip eða skip sem gert er út af íslensku skipafélagi, skal njóta sérstaks afsláttar, sjómannaafsláttar, er dreginn skal frá tekjuskatti. Sjómannaafsláttur skal vera 365 kr. fyrir hvern dag sem maður telst stunda sjómannsstörf.

Heimilt er að ráðstafa sjómannaafslætti manna, sbr. 1. mgr. þessa stafliðar, á móti staðgreiðslu á tekjuári samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Sá sjómannaafsláttur, sem ráðstafað er samkvæmt þessari málsgrein á móti staðgreiðslu á tekjuári, skal koma til frádráttar sjómannaafslætti við álagningu tekjuskatts. Nánari reglur um framkvæmd samkvæmt þessum staflið, svo sem um ákvörðun dagafjölda, útreikning sjómannaafsláttar, skuldajöfnun á móti vangoldnum opinberum gjöldum o.fl., skulu settar í reglugerð.

Hlutaráðnir sjómenn og landmenn, sem ekki eru lögskráðir, skulu njóta sjómannaafsláttar. Óheimilt er að ráðstafa sjómannaafslætti þeirra á móti staðgreiðslu á tekjuári skv. 2. mgr. þessa stafliðs.

8. gr.

69. gr. laganna orðist svo:

A

Barnabætur.

Ríkissjóður skal greiða barnabætur vegna hvers barns innan 16 ára sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr. Barnabætur skulu árlega nema 14 650 kr. með fyrsta barni en 21 975 kr. með hverju barni umfram eitt.

Fyrir börn yngri en sjö ára skulu barnabætur vera 14 650 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó ávallt vera tvöfalt hærri en

greinir í 1. mgr., þó að lágmarki 43 950 kr. með hverju barni. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

Fjárhæð barnabóta skal skerða um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis frá á sama ári vegna barnsins.

Framfærandi samkvæmt þessum staflið telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.

Hjón, sem skattlögð eru skv. 63. gr., teljast bæði framfærendur og skiptast barnabætur milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

Barnabætur greiðast frá og með fyrsta ársfjórðungi eftir að barn fæðist eða öðlast heimilisfesti hér á landi til og með þeim ársfjórðungi að 16 ára aldri er náð eða heimilisfesti er slitið.

Skattstjóri úrskurðar barnabætur samkvæmt þessum staflið og semur skrá um barnabætur hvers framfæranda. Skráin skal send fjármálaráðuneytinu.

Barnabætur greiðast til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregin vangoldin þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld frá fyrri árum svo og ógreidd álögð gjöld sama árs.

Telji einhver barnabætur sínar eigi rétt ákvarðaðar getur hann leitað til skattstjóra með skriflega beiðni um leiðréttingu. Skal beiðnin lögð fram eigi síðar en 30 dögum eftir útborgun bótanna og studd nauðsynlegum gögnum. Ákvörðun skattstjóra skal liggja fyrir við upphaf næsta útborgunartímabils barnabóta og niðurstaða skal tilkynnt viðkomandi manni um leið og næsta greiðsla barnabóta fer fram.

Komi í ljós að maður hefur ranglega notið barnabóta eða að barnabætur hafa verið ákvarðaðar of hátt skal skattstjóri leiðrétta þær. Um slíka leiðréttingu gilda ákvæði 95. og 96. gr. eftir því sem við getur átt.

Nánari reglur, m.a. um útborgun barnabóta, innheimtu ofgreiddra barnabóta og skuldajöfnun barnabóta á móti opinberum gjöldum, þar á meðal um forgangsröð, skulu settar í reglugerð.

B

Barnabótaauki.

Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabótaauka til framfæranda barnsins.

Barnabótaauki skal óskertur nema 34 940 kr. en skerðist í hlutfalli við tekjuskattsstofn á tekjuárinu og eignarskattsstofn framfærenda í lok þess, sbr. 3. og 4. mgr. þessa stafliðar.

Barnabótaauki skv. 2. mgr. vegna hvers barns sem er á framfæri hjóna, sbr. 63. gr., skal skerðast um 7,0% af því sem samanlagður tekjuskattsstofn hjónanna fer fram úr 600 000 kr. uns hann er fallinn niður. Á sama hátt skal barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra skerðast um 7,0% af því sem tekjuskattsstofn foreldris fer fram úr 400 000 kr. uns hann er fallinn niður.

Barnabótaauki vegna hvers barns á framfæri hjóna skerðist um 1,5% af því sem eignarskattsstofn hvors hjóna fer fram úr 1 850 000 kr. uns hann er fallinn niður. Á sama hátt skerðist barnabótaauki vegna hvers barns á framfæri einstæðra foreldra um 3,0% af því sem eignarskattsstofn foreldris fer fram úr 2 475 000 kr. uns hann er fallinn niður.

Framfærandi samkvæmt þessum staflið telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess í árslok tekjuársins. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.

Hjón, sem skattlögð eru skv. 63. gr., teljast bæði framfærendur og skiptist barnabótaauki milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

Fyrir barn sem öðlast heimilisfesti hér á landi á tekjuárinu skal einungis greiða barnabótaauka í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári.

Barnabótaauki skal ákveðinn með álagningu, sbr. 10. kafla laga nr. 75/1981, og greiðist þá til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregin vangoldin þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld frá fyrri árum svo og ógreidd álögð gjöld sama árs.

Nánari reglur, m.a. um útborgun barnabótaauka, innheimtu ofgreidds barnabótaauka og skuldajöfnun hans á móti opinberum gjöldum, þar á meðal forgangsröð, skulu settar í reglugerð.

C
Húsnæðisbætur.

Maður, sem skattskyldur er skv. 1. gr. og kaupir, byggir eða eignast á annan hátt í fyrsta sinn íbúðarhúsnæði til eigin nota, á rétt á sérstökum bótum, húsnæðisbótum. Réttur til húsnæðisbóta stofnast aðeins einu sinni fyrir hvern framteljanda.

Húsnæðisbætur skulu vera 38 000 kr. á ári fyrir hvern mann sem kaupir eða byggir íbúðarhúsnæði skv. 1. mgr.

Réttur til húsnæðisbóta skv. 1. mgr. stofnast á því ári þegar bygging húsnæðis er hafin eða það keypt og varir í sex ár frá og með því ári. Sá sem skattlagður er skv. 63. gr. í fyrsta sinn á rétt á húsnæðisbótum í sex ár að frádregnum þeim árafjölda sem hann hefur notið húsnæðisbóta áður.

Húsnæðisbætur skulu bundnar við eignarhald rétthafa húsnæðisbóta á íbúð. Selji rétthafi íbúð þá, sem veitti rétt til húsnæðisbóta innan sex ára frá því tímamarki er greinir í 3. mgr. án þess að hefja byggingu eða festa kaup á öðru íbúðarhúsnæði, falla bótagreiðslur til hans niður á söluárinu. Réttur til húsnæðisbóta stofnast ekki ef byggt er eða keypt íbúðarhúsnæði og það selt á sama ári. Ónýttur réttur til húsnæðisbóta skal geymast þar til rétthafinn hefur byggingu eða kaupir íbúðarhúsnæði að nýju.

Slíti maður heimilisfesti hér á landi reiknast húsnæðisbætur hans á brottfararárinu hlutfallslega miðað við þann tíma ársins sem hann var heimilisfastur hér á landi.

Húsnæðisbætur reiknast hlutfallslega miðað við andlátsdag það ár sem maður deyr. Eftirlifandi maki á rétt á húsnæðisbótum látins maka á dánarári hans og á næsta ári eftir dánarár hans ef réttindi standa til þess.

Húsnæðisbætur eru ákvarðaðar samkvæmt umsókn til skattstjóra sem skal skilað með fyrsta framtali eftir að réttur til þeirra stofnast.

Skattstjóri semur skrá yfir rétthafa húsnæðisbóta og sendir hana fjármálaráðuneytinu.

Húsnæðisbætur greiðast rétthafa að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregin vangoldin þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld fyrri ára og ógreidd álögð gjöld sama árs.

Nú kemur í ljós að maður hefur fengið greiddar húsnæðisbætur án þess að eiga rétt á þeim og skal honum þá gert að endurgreiða þær að viðbættu álagi. Álag á of hátt ákvarðaðar bætur skal nema 25%. Fella skal niður álag samkvæmt þessari málsgrein ef maður færir rök að því að honum verði eigi kennt um þá annmarka á framtali, eða umsókn um húsnæðisbætur, er leiddu til ákvörðunar skattstjóra.

Nánari reglur, m.a. um hvað telst fyrsta íbúðarhúsnæði í eigu manns samkvæmt þessum staflið, um útborgun húsnæðisbóta og skuldajöfnun þeirra á móti opinberum gjöldum, þar á meðal forgangsröð skulu settar í reglugerð.

9. gr.

2. tölul. og 3. tölul. 1. mgr. 71. gr. orðist svo:

2. Tekjuskattur aðila, sem um ræðir í 2., 3. og 7. tölul. 3. gr., skal nema 20% af tekjuskattsstofni þeirra, sbr. þó sérreglur um eftirlaunaþega og lífeyrisþega skv. 3. mgr. þessa töluliðar.

Sá aðili, sem kemur fram í atvinnuskyni til skemmtunar eða keppni, sbr. 1. mgr. þessa töluliðs, án ákveðinna launa eða þóknunar, en nýtur í þess stað afraksturs af slíkri starfsemi, skal greiða 20% tekjuskatt af heildartekjum af slíku starfi án nokkurs frádráttar.

Tekjuskattur eftirlaunaþega og lífeyrisþega, sem um ræðir í 2. tölul. 3. gr., skal reiknast af tekjuskattsstofni samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. að teknu tilliti til persónuafsláttar skv. A-lið 68. gr. Persónuafsláttur skal í þessum tilvikum einungis dreginn frá tekjuskatti af eftirlaunum og lífeyri viðkomandi aðila og skal ónýttum hluta hans einungis ráðstafað til greiðslu á útsvari af sömu tekjum. Sá hluti persónuafsláttar, sem þá er enn óráðstafað, fellur niður og er hann ekki millifæranlegur milli hjóna nema þau séu bæði eftirlaunaþegar eða lífeyrisþegar og falli að öðru leyti bæði undir ákvæði þessarar málsgreinar.

3. Tekjuskattur aðila, sem um ræðir í 4., 5., 6. og 8. tölul. 3. gr., skal, ef um mann er að ræða, reiknast af tekjuskattsstofni með skatthlutfalli skv. 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. án persónuafsláttar skv. 68. gr. Tekjuskatt lögaðila, sbr. 3. gr., skal reikna skv. 72. gr.

Tekjuskattsstofn erlendra vátryggingafélaga, sem starfa hér á landi, telst sá hluti heildarágóðans sem svarar til hlutfallsins milli iðgjaldatekna hér á landi og iðgjaldatekna af allri starfsemi þeirra.

10. gr.

Úr 2. mgr. 80. gr. falli niður orðin: „9. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. og „.

11. gr.

Í stað orðsliðarins „69. gr.“ í 82. gr. komi: 69. gr. A.

12. gr.

Önnur málsgrein 121. gr. orðist svo:

Fjárhæðir þær, sem hér um ræðir, skulu breytast í fyrsta sinn hinn 1. desember 1987 í samræmi við mismun sem verður á lánskjaravísitölu sem í gildi er hinn 1. júní 1987, þ.e. 1687 stig, og þeirrar sem í gildi verður 1. desember 1987.

II. KAFLI

Bráðabirgðaákvæði.

13. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 49 30. mars 1987 hljóði svo:

I

Maður, sem keypt hefur eða hafið byggingu íbúðarhúsnæðis til eigin nota á árinu 1987 eða fyrr og nýtur því ekki húsnæðisbóta samkvæmt lögum þessum, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða II, skal eiga rétt á sérstökum skattafslætti, vaxtaafslætti, í allt að sex ár talið frá og með álagningarárinu 1988 ef hann á þeim árum hefði haft vaxtafrádrátt samkvæmt heimild í 1. tölul. E-liðar 1. mgr. 30. gr., eins og þau ákvæði hljóðuðu fyrir samþykkt laga nr. 49 30. mars 1987. Um útreikning á því, hvort maður hefði notið vaxtafrádráttar á þessum árum, fer eftir reglum 2. mgr. þessa ákvæðis.

Vaxtaafsláttur skv. 1. mgr. skal nema 40% af frádráttarbærum vöxtum, sbr. 1. mgr., þegar frá þeim hefur verið dregin fjárhæð er svarar til 7% af tekjuskattsstofni hvers manns.

Sé um hjón að ræða skal framangreint hlutfall reiknast af samanlögðum tekjuskattsstofnum þeirra beggja. Frádráttarbærir vextir samkvæmt þessu bráðabirgða ákvæði geta aldrei verið hærri en 292 600 kr. hjá hverjum manni en 585 200 kr. hjá hjónum. Framangreind hámörk vaxtafrádráttar skulu hækka eða lækka í samræmi við skattvísitölu skv. 122. gr.

Um ráðstöfun vaxtaafsláttar og millifærslu milli hjóna á álagningarárinu 1989 og síðar skulu ákvæði A-liðar 68. gr. um persónuafslátt gilda eftir því sem við getur átt að öðru leyti en því að óráðstafaður vaxtaafsláttur flyst á milli hjóna án skerðingar.

Á árinu 1988 skal vaxtaafsláttur greiðast út að því marki sem hann fer ekki fram úr 76 000 kr. hjá hjónum eða einstaklingum.

Vaxtaafsláttur skal skiptast til helminga milli hjóna og sambýlisfólks sem skattlagt er skv. 63. gr. og fer um útborgun hans á árinu 1988 að öðru leyti eftir ákvæðum C-liðar 69. gr. eftir því sem við getur átt.

Ákvæði 7. tölul. 28. gr. eiga við um vaxtaafslátt samkvæmt þessu bráðabirgðaákvæði.

II

Sá sem keypt hefur eða hafið byggingu íbúðarhúsnæðis í fyrsta sinn á árunum 1985–1987 og uppfyllir að öðru leyti skilyrði B-liðar 69. gr. og nýtur ekki vaxtafrádráttar í stað fasts frádráttar á þeim árum skal, þrátt fyrir gildistökuákvæði laga þessara, njóta húsnæðisbóta í sex ár talið frá og með álagningarárinu 1988 í stað vaxtaafsláttar samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I.

III

Um innheimtu ógoldinna þinggjalda, sem á hafa verið lögð fyrir gildistöku laga þessara, skulu gilda ákvæði laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, eins og þau voru fyrir gildistöku laga þessara. Sama á við um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts sem á verður lagður á árinu 1988 vegna tekna á árinu 1987 og eigna í lok þess árs, sbr. ákvæði laga um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

IV

Þeir menn, sem dvalið hafa erlendis við störf en flytjast til landsins og byrja við heimkomuna að greiða tekjuskatt í staðgreiðslukerfi, geta sótt um lækkun tekjuskattsstofns til ríkisskattstjóra, mest fyrir næstu 12 mánuði eftir að þeir flytjast til landsins, ef þeir eftir brottför frá landinu þurftu að greiða tekjuskatt hér á landi af eðlilegum launatekjum í því starfi sem þeir gegndu hér á landi og til féllu á næstu 12 mánuðum fyrir brottför af landinu og greiddu jafnframt á sama tíma staðgreiðsluskatt í hinu erlenda ríki. Lækkun skattstofns kemur því aðeins til greina að dvalartími erlendis hafi ekki verið lengri en sex ár, talið frá byrjun næsta mánaðar eftir brottför af landinu.

Ríkisskattstjóri skal við ákvörðun sína taka tillit til skattgreiðslna umsækjenda hér á landi og erlendis eftir brottflutning héðan og jafnframt taka tillit til niðurfellingar á innheimtu tekjuskatts af launatekjum ársins 1987 hjá þeim er fluttust til landsins á því ári.

III. KAFLI

Gildistaka.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 46/1987 skulu ákvæði A-liðar 5. gr. laga þessara er varða ákvörðun og greiðslu barnabóta taka gildi frá og með 1. janúar 1988.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 46/1987 skulu ákvæði B-liðar 5. gr. laga þessara er varða ákvörðun og greiðslu barnabótaauka koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda gjaldárið 1988 vegna barna, yngri en 16 ára í lok ársins 1987, á framfæri manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr. í árslok 1987.

Við álagningu gjalda á árinu 1988 vegna tekna á árinu 1987 og eigna í lok þess árs skal ákvörðun á fjárhæð barnabótaauka miðuð við útsvarsstofn og eignarskattsstofn álagningarárið 1988 í stað tekjuskattsstofns og eignarskattsstofns eins og tilgreint er í 3. og 4. mgr. B-liðar 69. gr.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1988 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu á árinu 1988 og álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1989 vegna tekna á árinu 1988 og eigna í lok þess árs. Þó skal ákvæði til bráðabirgða I koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1988 vegna tekna á árinu 1987 og eigna í lok þess árs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frumvarp þetta fjallar um breytingar á lögum nr. 75/1981, með síðari breytingum, þar með taldar breytingar samkvæmt lögum nr. 49/1987 sem taka eiga gildi 1. janúar 1988. Breytingar þessar eru annars vegar lagfæringar sem gera þarf á nokkrum greinum skattalaganna samhliða lögum nr. 49/1987 og hins vegar fyllri ákvæði um barnabætur, barnabótaauka, húsnæðisbætur svo og bráðabirgðaákvæði um vaxtaafslátt o.fl., auk þess sem framangreind ákvæði eru aðlöguð lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

III. kafli frumvarpsins fjallar um nokkur atriði er snerta barnabætur og barnabótaauka vegna álagningar gjalda á árinu 1988 vegna tekna 1987.

Með lögum nr. 49/1987, um breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, með síðari breytingum, voru gerðar veigamiklar breytingar á skattlagningu einstaklinga. Tildrög og meginástæða þeirra breytinga voru ákvarðanir sem teknar voru með lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu skatta.

Helstu breytingar tekjuskattslaganna, sem gerðar voru í framangreindum lögum, voru annars vegar þær að skattstofn tekjuskatts og útsvars var sameinaður í einn stofn og niður felldar nær allar sérstakar frádráttarheimildir og hins vegar var álagning tekjuskatts og útsvars ákveðin með einu skatthlutfalli og almennum persónuafslætti og sjómannaafslætti. Auk barnabóta og barnabótaauka voru teknar upp húsnæðisbætur.

Með frumvarpi að framangreindum breytingum á síðasta Alþingi var gerð ítarleg grein fyrir áhrifum breytinganna á skattlagningu einstaklinga og tekjur ríkissjóðs. Þeir útreikningar voru byggðir á þeim upplýsingum sem þá voru fyrir hendi, þ.e. framtali á tekjum ársins 1985 og álagningu 1986.

Þegar skattafrumvörpin voru til umfjöllunar á Alþingi sl. vor var ákveðið að skipa nefnd sem m.a. skyldi yfirfara og endurmeta ákvæði hinna nýju laga, m.a. þegar fyrir lægju framtöl fyrir tekjur ársins 1986 og álagning gjalda 1987. Nefnd þessi, sem skipuð var fulltrúum allra þingflokkanna auk fulltrúa frá ráðuneytinu, ASÍ og VSÍ, hefur skilað ítarlegri álitsgerð og tillögum um ýmsar breytingar á lögum um staðgreiðslu og lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Þegar hafa verið flutt frumvörp um breytingar á lögum um staðgreiðslu og lögum um gildistöku þeirra laga en þetta frumvarp um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt byggir að mestu á álitsgerð nefndarinnar og um þau atriði er varða þau lög.

Nefndin varð sammála um öll meginatriði þess verkefnis sem henni var falið, en nokkrir nefndarmanna gera í séráliti grein fyrir sérafstöðu sinni til einstakra mála eða áskilja sér allan rétt til annarrar niðurstöðu á síðari stigum í umfjöllun málsins.

Meginniðurstaða nefndarinnar er að ekki þurfi að gera meiri háttar breytingar á uppbyggingu laganna eða efni til þess að þau nái þeim tilgangi og áformum um skattlagningu sem uppi voru við samþykkt þeirra. Hins vegar leiði breyttar forsendur í verð- og kauplagsmálum, þ.e. verulega aukinn kaupmáttur frá því sem áætlað var, til þess að gera þurfi miklar breytingar á persónuafslætti og barnabótum til þess að staðið verði við skattlagningaráformin.

Frumvarp þetta byggir í aðalatriðum á álitsgerð nefndarinnar sem dreift hefur verið til þingmanna og vísast til hennar um nánari upplýsingar og útreikninga.

Það skal tekið fram að nefndin gerði ekki beinar tillögur um breytingar á afsláttar- og bótafjárhæðum en lét greina áhrif mismunandi stærða í þessu efni og sýndi niðurstöður dæma. Frumvarp þetta er samið á þeim grundvelli.

Skattbyrði.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1987 og breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt vegna álagningar á því ári var miðað við að beinir tekjuskattar einstaklinga til ríkisins að meðtöldu gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra og að viðbættum sóknar- og kirkjugarðsgjöldum yrðu um 4,3% af heildartekjum einstaklinga. Skattbyrði mæld með þessum hætti átti þannig að lækka frá 4,6% árið 1986 eða um 0,3%. Lækkun þessi svaraði til 300 millj. kr. Til viðbótar þessari lækkun ákvað núverandi ríkisstjórn við valdatöku á miðju þessu ári hækkun barnabótaauka sem svaraði til um 0,1% í skattbyrði. Samkvæmt því átti skattbyrði þessa árs að vera 4,2% hefðu áætlanir um verðlags- og kauplagsþróun gengið eftir og fékk nefndin það verkefni í erindisbréfi sínu að endurmeta álagningareglur laganna með tilliti til þess að sömu skattbyrði yrði náð í nýju kerfi.

Eins og kunnugt er varð þróun kauplags og verðlags önnur en ætlað var í upphafi árs. Í stað um 20% hækkunar á launum milli áranna 1986 og 1987 lítur nú út fyrir að þessi hækkun verði 37–38%. Leiðir það til þess að skattbyrði af tekjuskatti til ríkisins og öðrum framangreindum gjöldum verður um 3,4% í stað 4,2% eins og áformað var.

Þessi sveifla í skattbyrði, sem stafar af því að ófyrirséðar breytingar valda frávikum frá áformum Alþingis, er dæmi um neikvæð einkenni núverandi skattkerfis. Annað slíkt dæmi kom fram 1984 þegar verðlags- og kauplagsþróun leiddi til aukinnar skattbyrði sem ekki var áformuð.

Eitt af markmiðum breytts skattkerfis er að losna við það að raunveruleg skattlagning ráðist af verðbólgu en verði í stað þess í höndum þeirra sem á henni eiga að bera ábyrgð. Er því rétt að meta skattbyrði og samanburð nýs kerfis við hið eldra á grundvelli þeirra áforma Alþingis sem fram komu þegar það ákvað álagningarreglur fyrir árið 1987.

Vegna kauplagsbreytinga umfram verðlagsbreytingar er nauðsynlegt að breyta álagningarreglum í þeim tilgangi að ná áformaðri skattbyrði. Í áliti nefndarinnar kemur fram að það er unnt með ýmsu móti, t.d. lækkun skatthlutfalls eða hækkun afsláttar- og bótaliða.

Af eðli kerfisins leiðir að breyting skatthlutfalls er óæskileg ef viðhalda á óbreyttri dreifingu skattbyrði og er því gert ráð fyrir að hækkun persónuafsláttar, barnabóta og barnabótaauka verði notuð til að ná áformaðri skattbyrði.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þessir liðir verði hækkaðir um 8,7–10% umfram það sem orðið hefði að óbreyttum lögunum frá því í vor. Svarar það til álagningardæmis II hjá nefndinni í þessum atriðum en aðeins er vikið frá því að öðru leyti.

Þeir útreikningar, sem gerðir voru fyrir nefndina, sýna að með þessu álagningarkerfi næst áformuð skattbyrði.

Við mat á útreikningum þeim, sem fylgja nefndarálitinu, einkum samanburði við raunverulega álagningu 1987, verður að hafa í huga nokkur atriði.

Í fyrsta lagi var áformuð skattbyrði 1987 og þar með áformuð skattbyrði samkvæmt frumvarpinu hærri en varð í reynd 1987 og kemur sú hækkun fram í töflunum.

Í öðru lagi þarf að hafa í huga að verðbólguáhrif á skattbyrði í núverandi kerfi eru misjöfn eftir tekjum og sköttum þannig að hin ófyrirséðu kauplagsáhrif lækkuðu skattbyrði því meir sem ofar dró í tekjustiganum.

Í þriðja lagi er breikkun skattstofns misjöfn eftir tekjum.

Þegar allt er metið má álíta að breytingar þær, sem í frumvarpi þessu felast, séu í góðu samræmi við þau markmið sem fram komu við breytingu tekjuskatta vegna staðgreiðslu, að skattbyrði og dreifing hennar verði svipuð og áður var, að því frátöldu að skattleysismörk hækka verulega og raska nokkuð dreifingu skattbyrði. Að sjálfsögðu verður svo viðamikil breyting ekki gerð án einhverrar röskunar frá því sem áður var.

Álagningarkerfið.

Álagning samkvæmt frumvarpinu ræðst af tiltölulega fáum stærðum sem ákveðnar eru í lögunum. Þær og breyting á þeim eru sem hér segir:

	Nú í lögum	**Í frumvarpinu**
Skatthlutfall	28.5%	28.5%
Persónuafsláttur	146 051	158 820
Barnabætur	13 360	14 650
Barnabótaauki	31 750	34 940
Húsnæðisbætur	58 209	38 000
Sjómannaafsláttur	212	365

Fjárhæðir eru í báðum tilvikum miðaðar við lánskjaravísitölu í júní 1987. Þess ber að gæta að ákvæðum um húsnæðisbætur yrði með samþykkt þessa frumvarps breytt og miðast við hvern einstakling í stað íbúðar og eru tölurnar því ekki sambærilegar.

Þar sem afslætti og bótafjárhæðum verður breytt í upphafi árs og á miðju ári samkvæmt lánskjaravísitölu mun álagning miðast við meðaltal ársins og eru þær tölur, sem notaðar eru í álagningadæmi II í nefndarálitinu 4–5%, lægri en þær tölur sem miðast við júníverðlag.

Skattleysismörk.

Skattleysismörk ráðast af persónuafslætti, barnabótum og barnabótaauka. Eins og fram kemur hér að framan voru fjárhæðir þessar hækkaðar umfram lánskjaravísitölu. Leiðir það að öðru óbreyttu til þess að skattleysismörkin hækka frá því sem áformað var í vor um sama hlutfall umfram verðlagsbreytingar. Hækkun skattleysismarka frá núgildandi álagningarkerfi er hins vegar mun meiri eins og kemur fram í álitsgerð nefndarinnar.

Nánari upplýsingar og útreikninga er að finna í álitsgerð milliþinganefndar um staðgreiðslu skatta.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með samþykkt laga nr. 49/1987 var hvers konar frádráttur á móti fæðishlunnindum felldur niður og fæðisfé sjómanna fellt inn á skattstofn. Eftir stóð að fæðishlunnindi sjómanna, sem fá frítt fæði hjá útgerðaraðila um borð í skipi, teljast ekki til tekna samkvæmt gildandi ákvæðum. Vegna þess misræmis sem skapast mun á meðferð skattlagningar fæðishlunninda hjá sjómönnum er lagt til að skattaleg meðferð fæðishlunninda allra

launþega verði eins, þ.e. þau verði að fullu talin til skattskyldra tekna. Jafnframt er lagt til að sjómannaafsláttur verði hækkaður sem nemur áætlaðri hækkun skatta sem af þessu leiðir og er umfram það sem verður hjá öðrum launamönnum sem nutu fæðishlunninda.

Um 2. gr.

2. tölul. E-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 75/1981 sem felldur var úr gildi með lögum nr. 49/1987 tekur til einstaklinga sem lögaðila. Ekki þykir rétt að gera breytingu á þessu eina atriði varðandi aðila með atvinnurekstur og er því lagt til að greinin verði tekin í lögin.

Um 3.–4. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Í grein þessari felst breyting á persónuafslætti, úr 146 051 kr. að óbreyttum lögum í 158 820 kr. eða um 8,7% umfram lánskjaravísitölu í samræmi við það sem fram kemur í almennum athugasemdum hér að framan.

Um 6. gr.

Hér er gerð sú tillaga að þrátt fyrir það, að persónuafsláttur verði ekki millifæranlegur milli mánaða, verði launagreiðanda heimilt að taka til greina þann ónýtta afslátt sem kann að hafa safnast upp á þeim tíma sem hann hefur haft skattkort launþega undir höndum. Þetta er einkum mikilvægt þegar um er að ræða breytilegar tekjur og eins til bóta þegar launagreiðslur falla niður hjá þeim launþegum sem fá greitt orlofsfé.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. er bætt setningarhluta, „eða skip sem gert er út af íslensku skipafélagi“. Þessi setningarhluti hefur fallið niður við gerð laga nr. 49/1987 en talið er nauðsynlegt að setja hann inn aftur þar sem erlent leiguskip, þótt með íslenskri áhöfn sé, telst ekki íslenskt skip í þessu sambandi. Þá er og hækkaður sjómannaafsláttur fyrir hvern skráningardag í 365 kr. með tilliti til niðurfellingar 5. tölul. 28. gr., sbr. um 3. gr., og vegna tilfærslu á verðlagsviðmiðun laganna til júní 1987.

Í 2. mgr. er lagt til að sjómannaafslætti skv. 1. mgr. megi ráðstafa á móti staðgreiðslu á staðgreiðsluárinu samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, í stað þess að greiða hann út ársjórðungslega eins og gert var ráð fyrir í lögum nr. 49/1987.

Um 8. gr.

A-liður.

Lagt er til að í stað þess að ákvarða barnabætur með tilliti til barnafjölda og heimilisaðstæðna ársins áður en barnabætur eru greiddar verði miðað við greiðsluár. Þessi breyting hefur það í för með sér að barnabætur verða greiddar til barnafjölskyldna, óháð álagningu opinberra gjalda, frá ársbyrjun 1988 og síðan reglulega samkvæmt nánari ákvörðun sem fjármálaráðherra setur í reglugerð.

Lagt er til að greiðsla barnabóta verði ekki skert til framfæranda barns nema til greiðslu ógreiddra álagðra opinberra gjalda eða til leiðréttingar á ofgreiddum barnabótum.

Þar sem gera má ráð fyrir að upplýsingar um breyttar heimilisaðstæður geti borist þjóðskrá það seint að barnabætur hafi þegar verið greiddar til einhverra þeirra sem ekki eiga að fá þær er ákveðið að skattstjóri geti tekið slík mál til endurákvörðunar þegar réttar upplýsingar liggja fyrir og gert aðila að endurgreiða ofgreiddar barnabætur.

Fjárhæð almennra barnabóta er hækkuð úr 13 360 kr. sem orðið hefði að óbreyttum lögum í 14 650 kr. eða um 9,7%. Aðrar barnabætur hækka í sama hlutfalli.

B-liður.

Lagt er til að fyrirkomulag ákvörðunar og ráðstöfunar barnabótaauka verði með þeim hætti að barnabótaauki verði ákvarðaður við álagningu opinberra gjalda en skerðing hans verði miðuð við tekjur og eignir og fjölskylduaðstæður framfærenda í lok næsta árs á undan. Hér er því um sömu framkvæmd að ræða og áður hefur gilt.

Skerðingarmörk barnabóta, bæði af tekjum og eignum, munu á árinu 1988 miðast við árið 1987 og eru hækkuð í hlutfalli við verðlagsbreytingar á milli áranna 1988 og 1987 eða um 18%.

Miðað er við að barnabótaauka verði, eins og verið hefur, ráðstafað til greiðslu opinberra gjalda viðkomandi álagningarárs og fyrri ára áður en til útborgunar kemur.

Fjárhæð barnabótaauka hækkar úr 31 750 kr., sem orðið hefði að óbreyttum lögum, í 34 940 kr. eða um 10%. Skerðingarmörk barnabóta eru hækkuð nokkuð meira eða úr 505 þús. kr. í 600 þús. kr. fyrir hjón og skerðingarhlutfall fært í 7%.

C-liður.

Lagt er til að tiltekin upphæð húsnæðisbóta verði greidd hverjum manni sem eignast íbúðarhúsnæði í fyrsta sinn til eigin nota, í stað þess að greiða tiltekna upphæð fyrir hverja einingu íbúðarhúsnæðis og deila þeirri upphæð niður á eigendur eins og lög nr. 49/1987 kveða á um. Einnig er fallið frá því skilyrði að íbúð sé lánshæf samkvæmt reglum Húsnæðisstofnunar ríkisins. Enn fremur er kveðið nánar á um nokkur atriði, svo sem að réttur til húsnæðisbóta stofnist aðeins einu sinni fyrir hvern mann, að sækja þurfi um húsnæðisbætur með fyrsta skattframtali eftir að réttur stofnast til skattstjóra sem úrskurðar húsnæðisbætur, að réttur til húsnæðisbóta stofnist ekki ef íbúðarhúsnæði það sem maður hefur eignast er selt á sama ári og sett eru inn ákvæði um meðferð húsnæðisbóta þegar um er að ræða slit skattskyldu hér á landi eða rétthafi húsnæðisbóta andast.

Fjárhæð húsnæðisbóta hefði að óbreyttum lögum orðið 58 209 kr. á íbúð en verður samkvæmt frumvarpinu 34 940 kr. á einstakling sem þýðir 69 880 kr. á íbúð ef tveir kaupa og báðir eiga bótarétt.

Felld eru niður ákvæði um skiptingu húsnæðisbóta milli hjóna og sambýlisfólks sem skattlagt er saman skv. 63. gr., enda óþörf þar sem hverjum manni, óháð hjúskaparstöðu hans, eru samkvæmt tillögunum tryggðar húsnæðisbætur. Einnig er lagt til að sett verði ný ákvæði um endurgreiðslu að viðbættum álagi ef rangar upplýsingar eru gefnar sem leiða til þess að manni séu ranglega úrskurðaðar húsnæðisbætur. Þá er og lagt til að húsnæðisbætur verði greiddar til rétthafa þegar frá hafa verið dregin opinber gjöld viðkomandi árs og fyrri ára, en samkvæmt ákvæðum laga nr. 49/1987 er gert ráð fyrir að frá húsnæðisbótum verði aðeins opinber gjöld fyrri ára dregin frá útborgun.

Um 9. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 71. gr. laganna um skattgreiðslur manna með takmarkaða skattskyldu en þeim ber að greiða 20% af tekjum sínum í skatt en njóta ekki persónuafsláttar. Breytingin er fólgin í því að eftirlaunaþegar og lífeyrisþegar verða skattlagðir með sama hætti og menn með fulla skattskyldu, þ.e. munu njóta persónuafsláttar og skattur reiknast með fullri prósentu.

Um 10. gr.

Um er að ræða leiðréttingar á tilvísun vegna þeirra breytinga sem gerðar voru á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með lögum nr. 49/1987 og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 12. gr.

Í 121. gr. laganna er fjallað um breytingar á persónuafslætti, barnabótum og barnabótaauka með hliðsjón af verðlagsbreytingum. Eins og fram kemur í athugasemdum hér að framan eru fjárhæðir þessar í lagafrumvarpinu miðaðar við júní 1987 og er með grein þessari gerð tilsvarandi breyting á 121. gr.

Um 13. gr.

Um I.

Fyrsta málsgrein bráðabirgðaákvæðis I er umorðuð en í henni felast þær breytingar að í stað þess að réttindi til sérstaks afsláttar, vaxtaafsláttar, voru bundin við þá sem nutu vaxtafrádráttar samkvæmt heimild í 1. tölul. E-liðar 1. mgr. 30. gr. í stað fasts frádráttar skv. 2. mgr. 30. gr. við álagningu tekjuskatts á álagningarárinu 1987, að viðbættum þeim sem byggðu eða keyptu íbúðarhúsnæði á árunum 1985–1987 í fyrsta sinn og hefðu notið vaxtafrádráttar í fyrsta sinn á álagningarárunum 1988 eða 1989 ef ákvæði E-liðar 1. mgr. 30. gr. hefðu haldið gildi sínu er samkvæmt tillögunum öllum tryggður vaxtaafsláttur sem hefðu notið vaxtafrádráttar skv. 1. tölul. E-liðar 1. mgr. 30. gr. á álagningarárunum 1988–1993 að uppfylltum skilyrðum 2. mgr. bráðabirðgaákvæðis I. Í þessu felst nokkur rýmkun til handa þeim sem byggðu eða keyptu íbúðarhúsnæði á árinu 1987 eða fyrr og miðuðu fjárhagslegar gerðir sínar við ákvæði laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eins og þau voru fyrir samþykkt laga nr. 49/1987, um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Með tilliti til þess, að á árinu 1988 skal greiða út vaxtaafslátt og hámark þeirrar útborgunar er miðað við upphæð húsnæðisbóta, er nauðsynlegt vegna tillagna um breyttar reglur til ákvörðunar húsnæðisbóta, sbr. C-lið 6. gr. frumvarpsins, að aðlaga ákvæði um hámark vaxtaafsláttar að þeirri breytingu.

Um II.

Bráðabirgðaákvæði II hefur verið umorðað frá lögum nr. 49/1987. Ekki er um efnislega breytingu að ræða frá bráðabirgðaákvæði II í lögum nr. 49/1987 en texti þeirrar greinar náði ekki að fullu þeirri skilgreiningu sem ætlast var til, þ.e. að þeir sem eignuðust íbúðarhúsnæði í fyrsta sinn á árunum 1985–1987 og uppfylltu að öðru leyti skilyrði fyrir húsnæðisbótum en nutu ekki skattívilnana í formi vaxtafrádráttar skv. E-lið 1. mgr. 30. gr. á álagningarárunum 1986 og 1987 og njóta þeirra ekki við álagningu 1988, skulu eiga rétt á húsnæðisbótum frá álagningarárinu 1988 í sex ár. Með umorðun ákvæðisins er talið tryggt að ekki verði um val að ræða milli réttar til vaxtaafsláttar og húsnæðisbóta heldur ráðist rétturinn af því hvort menn hefðu notið vaxtafrádráttar skv. 1. tölul. E-liðar 1. mgr. 30. gr. á nefndum árum eða ekki.

Um IV.

Lagt er til að tekin verði inn ákvæði til bráðabirgða vegna aðstæðna þeirra manna sem flutt hafa af landinu á sl. sex árum og farið til starfa erlendis og greitt þar staðgreiðsluskatt á sama tíma og þeir greiddu eftirágreidda skatta hér á landi, en koma aftur til landsins þegar staðgreiðslukerfi skatta hefur tekið upp hér á landi, þ.e. eftir 1. janúar 1988. Þeir sem svo er ástatt um sem að framan greinir hafa í raun orðið að greiða tvöfalda skattgreiðslu fyrsta árið eftir brottför af landinu, en hefðu að óbreyttu skattkerfi hér á landi ekki greitt neina skatta fyrsta árið eftir heimkomu en verða nú eftir að staðgreiðslukerfi skatta hefur verið upp tekið frá 1. janúar 1988 að greiða skatta strax eftir heimkomu. Vegna nokkuð mismunandi tæknilegra aðstæðna manna hér á landi fyrir brottför þykir nauðsynlegt að mat á þeim aðstæðum fari fram við afgreiðslu þessara mála hjá ríkisskattstjóra, svo og ef menn hafa komið til landsins á árinu 1987 og notið almennrar niðurfellingar skatta það ár.

Um III. kafla frumvarpsins.

Staðgreiðsla opinberra gjalda sækir gildistöku í sérstök lög þar um, lög nr. 46/1987. Þau lög hafa að geyma ýmsar sérreglur um meðferð tekna o.fl. og kveða á um að staðgreiðslan taki gildi 1. janúar 1988 og koma því lögin í reynd til framkvæmda á því tímamarki. Þær breytingar, sem áformaðar eru með lagafrumvarpi þessu, munu að nokkru hafa áhrif á fyrirhugaða álagningu í tengslum við staðgreiðslu gjalda en þó í meiri mæli þau skil er verða milli eldra kerfis og hins nýja. Vegna séreðlis gildistökunnar þótti rétt að setja ákvæði um hana í sérstakan kafla í frumvarpi þessu.

Lög nr. 49/1987 kveða á um þær breytingar sem gera þurfti á stofnlögunum um álagningu tekjuskatts og eignarskatts, þ.e. lögum nr. 75/1981, í tenglsum við gildistöku staðgreiðslukerfis og breyttra reglna um álagningu. Ákvörðun gjaldstofna vegna tekna á árinu 1988 og eigna í lok þess árs verður samkvæmt lögum nr. 75/1981, með þeim breytingum sem af lögum nr. 49/1987 leiðir. Að því leyti komu þau því til framkvæmda á árinu 1988.

Í 21. gr. laga nr. 49/1987 segir að þau lög öðlist gildi hinn 1. janúar 1988 og komi til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1989 vegna tekna á árinu 1988 og eigna í lok þess árs.

Í lögum nr. 46/1987, um gildistöku staðgreiðslu opinberra gjalda, segir svo í 6. gr.: „Þrátt fyrir gildistökuákvæði 21. gr. laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem taka skulu gildi 1. janúar 1988, skulu þau ákvæði, sem breytingum taka með þeim lögum, önnur en 1. tölul. E-liðar 1. mgr. 30. gr., sbr. ákvæði til bráðabirgða I, sbr. og 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. þessara laga, gilda án tillits til nefndra breytingarlaga við álagningu skatta á árinu 1988 vegna tekna á árinu 1987 og eigna í lok þess árs."

III. kafli frumvarps þessa varðar afbrigði frá ofangreindu gildistökuákvæði laga nr. 46 1987.

Um 14. gr.

Af 6. gr. laga nr. 46/1987 mundi leiða að ákvörðun barnabóta 1988 færi eftir ákvæðum laga nr. 75/1981, með þeim breytingum einum er leiddi af breytingum á skattvísitölu.

Nauðsynlegt er að taka af öll tvímæli um gildistöku á nýju fyrirkomulagi við ákvörðun á barnabótum. Sú tilhögun að miða barnabætur við börn á framfæri manna í lok tekjuárs leggst niður. Í þess stað er tekið upp samtímagreiðslufyrirkomulag á bótunum og miðað við framfærslu barna á staðgreiðsluárinu. Við álagningu gjalda á árinu 1988 vegna tekna og eigna 1987 verða því ekki ákvarðaðar barnabætur með fyrri aðferð. Uppgjöri þeirra lýkur með hverju staðgreiðsluári eftir nánari reglum þar um.

Um 15. gr.

Eins og áður er vikið að verður ákvörðun barnabótaauka þannig háttað samkvæmt frumvarpi þessu að hann verður ákvarðaður eftir á og miðaður við börn á framfæri manna í lok tekjuárs. Er hér um sama fyrirkomulag að ræða og gilt hefur um ákvörðun barnabóta og barnabótaauka hingað til. Með ákvæðum frumvarps þessa eru gerðar ýmsar breytingar á efni og orðalagi núgildandi ákvæða um barnabótaauka. Er talið rétt að þær breytingar komi til framkvæmda, eftir því sem við getur átt, strax við álagningu gjalda á árinu 1988 vegna tekna og eigna á yfirstandandi ári.

Um 16. gr.

Hér er kveðið almennt á um gildistöku laganna en sem fyrr greinir koma ákvæði frumvarpsins til framkvæmda ýmist miðað við álagningu á tekjur ársins 1987 eða tekjur ársins 1988 og eigna í lok þeirra ár.

Nd. 200. Frumvarp til laga [180. mál]

um breyting á lögum nr. 46/1987, um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein sem hljóði svo:

Komi í ljós fyrir eða eftir álagningu að tekjur þessar hafi ekki verið rétt tilgreindar, sbr. 4. gr. þessara laga, skal skattstjóri endurákvarða gjaldstofna og gjöld viðkomandi framteljanda. Um endurákvörðun slíkra gjaldstofna og álagningu gjalda gilda ákvæði IX.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, þar með talin ákvæðin um álag og refsingar, innheimtu og ábyrgð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu gjalda gjaldárið 1988 á tekjur ársins 1987.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 5. gr. laganna skulu svokallaðar yfirfærðar tekjur, sem taldar verða fram sem tekjur ársins 1987, skattlagðar við álagningu, en skattur af þeim ekki felldur niður. Yfirfærðar tekjur teljast þær tekjur sem komnar eru til vegna breytingar á uppgjörsaðferð eða á annan hátt eru færðar frá fyrri eða síðari árum til ársins 1987.

Lagabreytingin felur í sér að ef tekjur þessar eru ekki eða hafa ekki verið rétt tilgreindar sé tryggt að skattstjórar hafi sömu heimildir til endurákvörðunar á gjaldstofnum og álagningu og almennt er í hliðstæðum tilvikum.

Ed. 201. Frumvarp til laga [181. mál]

um stjórn fiskveiða 1988–1991.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

Fiskistofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.

2. gr.

Fyrir 15. nóvember ár hvert skal sjávarútvegsráðherra, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveða með reglugerð þann afla sem veiða má úr helstu botnfisktegundum við Ísland á komandi ári og skulu heimildir til botnfiskveiða samkvæmt lögum þessum miðast við það magn. Ráðherra er heimilt innan ársins að hækka eða lækka aflamark sem ákveðið er samkvæmt þessari málsgrein enda sé sú ákvörðun tekin fyrir 15. apríl.

Ráðherra er og heimilt að ákveða í reglugerð og veiðileyfum þann afla sem veiða má úr öðrum einstökum stofnum sjávardýra við Ísland á ákveðnu tímabili eða vertíð og skulu veiðileyfi, sem veitt eru skv. 12. gr., miðast við það magn.

3. gr.

Enginn má stunda eftirtaldar veiðar nema að fengnum sérstökum leyfum: botnfiskveiðar, rækjuveiðar, humarveiðar, skelfiskveiðar, síldveiðar og loðnuveiðar. Í reglugerð má ákveða að aðrar veiðar en framangreindar eða veiðar í ákveðin veiðarfæri skuli leyfisbundnar. Binda má úthlutun leyfa og leyfin sjálf skilyrðum m.a. um að aðeins hljóti leyfi ákveðinn fjöldi skipa, skip af ákveðinni gerð eða stærð eða skip er hafa áður stundað tilteknar veiðar; enn fremur má setja skilyrði um útbúnað veiðarfæra, veiðisvæði, veiðitíma og meðferð afla.

4. gr.

Við veitingu veiðileyfa skv. 3. gr. koma til greina þau skip sem leyfi fengu til botnfiskveiða á árinu 1985 og ekki hafa horfið varanlega úr rekstri, einnig ný og nýkeypt sambærileg skip sem koma í stað skipa sem leyfi fengu 1985. Enn fremur skip þau sem sérstök veiðileyfi hafa fengið samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 97 20. desember 1985, um stjórn botnfiskveiða 1986–1987.

5. gr.

Leyfi til botnfiskveiða fiskiskipa 10 brl. og stærri eru tvenns konar:

A. Botnfiskleyfi með aflamarki, þ.e. heimild til að veiða tilgreint magn af ákveðnum botnfisktegundum.
B. Botnfiskleyfi með sóknarmarki, þ.e. heimild til að stunda botnfiskveiðar í ákveðinn dagafjölda, þó með takmörkunum á þorskafla. Ráðherra getur ákveðið sérstakar takmarkanir á afla annarra fisktegunda hjá ákveðnum flokkum fiskiskipa.

Þeir sem gera út veiðiskip 10 brl. og stærri skulu árlega, fyrir þau tímamörk sem ráðherra auglýsir, velja milli botnfiskleyfis með aflamarki og botnfiskleyfis með sóknarmarki. Hafi útgerðaraðili ekki valið á milli fyrir auglýst tímamörk skal skipi úthlutað botnfiskleyfi með aflamarki. Skip, sem loðnuveiðar stunda, skulu aðeins eiga kost á botnfiskveiðileyfi með aflamarki, sbr. 12. gr.

Geti skip, sem fengið hefur leyfi með sóknarmarki, vegna óviðráðanlegra atvika ekki nýtt sóknardaga í fjóra mánuði samfellt eða lengur er heimilt að úthluta því botnfiskleyfi með því aflamarki sem það hefði fengið í upphafi árs hefði það valið þann kost.

Ráðherra getur ákveðið að fiskur undir ákveðinni stærð eða fiskur, sem veiðist á línu, skuli ekki eða aðeins að hluta talinn með í aflamarki eða sóknarmarki fiskiskips. Þá getur ráðherra ákveðið að afli á ákveðnum fisktegundum, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, skuli reiknaður með allt að 15% álagi þegar metið er hversu miklu af aflamarki eða aflahámarki skips er náð hverju sinni. Jafnframt skal reikna 10% álag á allan þann afla sem fluttur er óunninn á erlendan markað hafi aflinn ekki verið veginn hér á landi samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur. Ekki skal þó reikna 10% álag á eigin afla sem veiðiskip flytja á erlendan markað.

Missi skip veiðileyfi skv. 12. eða 20. gr. eða fái skip slíkt leyfi má endurskoða afla- eða sóknarmark þess með hliðsjón af væntanlegum tekjumissi eða tekjuauka vegna afla þess af sérveiðunum. Sama gildir séu fyrirsjáanlegar verulegar breytingar í aflatekjum af sérveiðum milli ára.

6. gr.

Við úthlutun aflamarks skv. 5. gr. skal leggja til grundvallar úthlutun fyrir árið 1987 eins og hún var ákveðin samkvæmt reglugerð nr. 518 22. desember 1986, um stjórn botnfiskveiða 1987, þó með hlutfallslegum breytingum sem leiðir af breyttu heildaraflamarki milli ára, sbr. 2. gr., og að teknu tilliti til ákvæða 11. gr.

Skip, sem eigendaskipti urðu að á árinu 1986 eða 1987, eiga kost á botnfiskleyfi með aflamarki skv. 1. mgr. með þeirri takmörkun sem leiðir af 2. mgr. 14. gr.

7. gr.

Ráðherra skal með reglugerð setja reglur varðandi sóknardagafjölda, skiptingu þeirra í tímabil, flokka skipa, aflahámark, veiðisvæði o.fl. fyrir skip þau sem hljóta botnfiskleyfi með sóknarmarki.

8. gr.

Við ákvörðun aflamarks og þorskaflahámarks 1988 fyrir fiskiskip þau, sem stunduðu botnfiskveiðar með sóknarmarki 1987, gilda eftirfarandi reglur:

A. Aflamark þeirra af einstökum fisktegundum skal ákveðið sem reiknað aflamark þeirra fyrir árið 1987 með þeim breytingum sem leiða af breyttu heildaraflamarki milli ára og teknu tilliti til 11. gr.

B. Sóknaraflahámark skal ákveðið þannig að það sé annaðhvort meðalaflamark fiskiskipa í hverjum flokki, stærð og veiðisvæði samkvæmt reglugerð settri skv. 7. gr. eða reiknað aflamark viðkomandi skips skv. lið A með 10% álagi.

Við ákvörðun aflamarks í upphafi árs eftir árið 1988 skal endurmeta aflamark þeirra skipa sem stunduðu botnfiskveiðar samkvæmt sóknarmarki árið á undan. Skal afli þeirra það ár vega helming við ákvörðun aflamarks á móti reiknuðu aflamarki fyrra árs. Endurmat á aflaheimildum sóknarmarksskipa skal þó ekki valda því að heildarhlutdeild þeirra skipa, sem sóknarmark völdu, breytist miðað við heildarhlut þeirra skipa sem aflamark völdu sama ár. Skal endurreiknuðu aflamarki sóknarmarksskipa því breytt til hækkunar eða lækkunar með því hlutfalli sem þarf til að jöfnuður náist milli þessara flokka skipa. Sóknaraflahámark skal ákveðið samkvæmt reglu B-liðar 1. mgr. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar málsgreinar.

Til afla samkvæmt ofansögðu telst hvorki afli umfram leyfileg aflamörk, afli fluttur milli skipa, sbr. 13. gr., né afli sem ekki telst til aflamarks eða sóknarmarks skv. 4. mgr. 5. gr. Afli, sem fluttur er milli ára skv. 9. gr., telst í þessu sambandi til afla síðara ársins.

9. gr.

Heimilt er að veiða umfram úthlutað aflamark af tiltekinni fisktegund allt að 5% af heildarverðmæti aflaúthlutunar, enda skerðist aflamark á öðrum tegundum hlutfallslega miðað við verðmæti samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins í upphafi árs. Engin takmörkun er þó á heimild til þess að breyta þorskaflamarki yfir í aðrar tegundir.

Hafi aflamark eða hluti þess verið flutt milli skipa skv. 13. gr. flyst heimild til breytinga skv. 1. mgr. frá skipi, sem flutt er af, til þess skips sem flutt er til.

Heimilt er að flytja allt að 10% af aflamarki hverrar botnfisktegundar og 10% af aflahámarki frá einu ári yfir á næsta ár á eftir en heimild þessi fellur niður nýtist hún ekki á því ári.

Þá er og heimilt að veiða allt að 5% umfram aflamark hverrar fisktegundar og 5% umfram þorskaflahámark miðað við úthlutað botnfiskleyfi það ár, enda dregst sá umframafli frá við úthlutun afla- og sóknarmarks næsta árs á eftir.

Heimild skv. 3. mgr. tekur ekki til aflamarksskipa fyrr en nýttar eru heimildir skv. 1. mgr.

Heimild skv. 4. mgr. rýmkar ekki heimildir til breytinga milli fisktegunda skv. 1. mgr.

Heimild til flutnings milli ára gildir einungis um flutning milli ára innan gildistíma laganna.

10. gr.

Botnfiskveiðar báta minni en 10 brl. skulu háðar sérstökum takmörkunum.

A. Bátum 6 brl. og stærri skal úthlutað sérstöku veiðileyfi með aflahámarki samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Jafnframt getur ráðherra í reglugerð ákveðið mismunandi aflahámark með hliðsjón af stærðum báta í þessum flokki og fyrri veiðireynslu.

B. Bátum undir 6 brl. eru bannaðar allar botnfiskveiðar í tíu daga um páskahelgi og verslunarmannahelgi og í júní- og októbermánuði samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Enn fremur frá og með 1. desember til og með 15. janúar.
C. Bátum undir 6 brl. eru bannaðar allar þorskfisknetaveiðar. Þó er heimilt að veita þeim aðilum, sem leyfi fengu til þorskfisknetaveiða á bátum undir 6 brl. á árunum 1986 eða 1987, leyfi til þorskfisknetaveiða og eru þeir bátar þá undanþegnir veiðibönnum skv. B-lið og gilda þá um botnfiskveiðar þeirra ákvæði A-liðar þessarar greinar samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.
D. Aflahámark samkvæmt lið A og C hér að ofan er óframseljanlegt.
E. Heimilt er að setja sérstakar reglur um botnfiskveiðar báta undir 10 brl. sem leyfi fá til skel- eða rækjuveiða.
F. Einungis er heimilt að úthluta bátum veiðileyfi með aflahámarki, sbr. lið A og C, sem skráðir eru á skipaskrá hjá Siglingamálastofnun ríkisins 31. desember 1987. Þó er heimilt að úthluta nýjum og nýkeyptum bátum veiðileyfi með aflamarki komi þeir í stað sambærilegra báta sem slík veiðileyfi hafa fengið og horfnir eru varanlega úr rekstri. Bátar, sem smíði er sannanlega hafin á fyrir gildistöku laga þessara, eiga kost á veiðileyfi með aflamarki samkvæmt reglum hér að ofan, enda hafi verið gerður bindandi samningur um sölu þeirra fyrir sömu tímamörk.

11. gr.

Þegar meta skal, við úthlutun botnfiskveiðileyfa, heildarafla þeirra skipa sem velja sóknarmark skal miða við að þau hefðu fengið veiðileyfi með aflamarki, sbr. 6. og 8. gr., og áætlaðan afla báta skv. 10. gr.

12. gr.

Við úthlutun annarra leyfa en til botnfiskveiða skv. 5. gr., sbr. 3. gr., getur ráðherra ákveðið skiptingu hámarksafla úr einstökum stofnum sjávardýra milli ákveðinna gerða veiðarfæra, gerða fiskiskipa og einstakra skipa. Getur ráðherra ákveðið skiptingu hámarksafla milli skipa, m.a. með hliðsjón af fyrri veiðum þeirra, stærð eða gerð.

Við úthlutun leyfa til veiða á úthafsrækju samkvæmt skilgreiningu Hafrannsóknastofnunar getur ráðherra flokkað veiðiskip í sérstaka flokka með hliðsjón af öðrum veiðiheimildum þeirra og fyrri veiðum samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Ráðherra getur í reglugerð ákveðið reglur um veiðiheimildir einstakra skipaflokka skv. 2. mgr. Getur hann ákveðið skiptingu aflamarks skipa innan hvers skipaflokks, m.a. með hliðsjón af botnfiskheimildum þeirra og fyrri rækjuveiðum, eða úthlutað þeim veiðiheimildum ákveðið tímabil með aflahámarki á rækju. Jafnframt getur ráðherra gefið kost á vali milli aflamarks í rækju eða sóknarmarks með aflahámarki innan hvers skipaflokks. Heimilt er að veita skipum sérstakar veiðiheimildir til úthafsrækjuveiða, enda afsali þau sér rétti til botnfiskveiða að hluta eða öllu leyti.

13. gr.

Heimilt er að færa aflamark milli skipa sömu útgerðar eða skipa sem gerð eru út frá sömu verstöð, eftir því sem hlutaðeigandi útgerðaraðilar koma sér saman um. Sama gildir um skipti á aflamarki milli skipa sem ekki eru gerð út frá sömu verstöð, enda sé um jöfn skipti að ræða að mati ráðuneytisins.

Tilkynna skal sjávarútvegsráðuneytinu fyrir fram um flutning aflamarks milli skipa og öðlast hann ekki gildi fyrr en ráðuneytið hefur staðfest móttöku tilkynningar um flutninginn frá þeim sem hlut eiga að máli.

Annar flutningur á aflamarki milli skipa er óheimill nema með samþykki ráðuneytisins og að fenginni umsögn sveitarstjórnar og stjórnar sjómannafélags í viðkomandi verstöð.

Óheimilt er að flytja aflahámark sóknarmarksskipa milli skipa.

Heimilt er að takmarka framsalsheimild þeirra skipa er sérleyfisveiðar stunda. Enn fremur er ráðherra heimilt að setja sérstakar reglur um flutning sérveiðiheimilda milli skipa.

14. gr.

Sé rekstri skips hætt, sbr. 4. gr., er heimilt að úthluta nýju skipi í eigu sama aðila botnfiskleyfi með því afla- eða sóknarmarki sem hið eldra skip hefði fengið, enda sé um sambærileg skip að ræða. Þá er og heimilt með samþykki ráðuneytisins að sameina aflamark skips, sem hætt er rekstri á, aflamarki annarra skipa.

Við eigendaskipti að fiskiskipi fylgir því botnfiskveiðileyfi, nema aðilar geri sín á milli skriflegt samkomulag um annað sem ráðuneytið staðfestir. Þó fylgir fiskiskipi aldrei við sölu hærra aflamark en nemur meðalaflamarki skipa í sama flokki, sbr. 7. gr., og á sama svæði að mati samráðsnefndar, sbr. 15. gr., mælt í þorskígildum.

Heimilt er að breyta aflamarki einstakra fisktegunda ef sýnt þykir, vegna breytinga í rekstri skips, að það geti ekki nýtt sér ákveðnar fisktegundir, enda breytist ekki heildarverðmæti úthlutaðs aflamarks að mati ráðuneytisins.

15. gr.

Sérstök samráðsnefnd, skipuð einum fulltrúa tilnefndum sameiginlega af samtökum sjómanna og einum tilnefndum af samtökum útvegsmanna auk formanns sem skipaður er af ráðherra án tilnefningar, skal fjalla um álita- og ágreiningsmál varðandi veiðileyfi, aflamark og sóknarmark samkvæmt lögum þessum og reglugerð settri samkvæmt þeim og gera tillögur til ráðherra um úrlausn þeirra.

16. gr.

Ráðherra skal setja nánari reglur varðandi framkvæmd laga þessara.

17. gr.

Útgerðarmönnum, skipstjórnarmönnum og kaupendum afla, svo og umboðsmönnum og útflytjendum, er skylt að láta ráðuneytinu ókeypis í té og í því formi, sem óskað er eftir, allar þær upplýsingar sem unnt er að láta í té og nauðsynlegar eru taldar vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara.

18. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum að upphæð 2000–14 000 gullkrónur, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, og upptöku afla samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

Reynist afli fara yfir úthlutað aflamark eða þorskaflahámark, sbr. þó 9. gr., skal með slík brot fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976. Stundi skip veiðar fram yfir leyfilegan sóknardagafjölda skal það auk viðurlaga skv. 1. mgr. varða upptöku afla samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976. Fari veiðiferð að hluta fram yfir leyfilegan sóknardagafjölda skal ráðuneytið meta að hve miklu leyti afli þeirrar veiðiferðar skuli gerður upptækur.

Ráðuneytinu er enn fremur heimilt, vegna brota gegn ákvæðum laga þessara, reglna settum samkvæmt þeim og leyfisbréfa að svipta skip heimild til veiða í tiltekinn tíma og varða veiðar eftir leyfissviptingu viðurlögum skv. 1. mgr. Sama gildir verði um að ræða vanskil á greiðslu andvirðis ólöglegs sjávarafla sem sætt hefur upptöku.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, með áorðnum breytingum, skulu veiðar með vörpu heimilaðar á vannýttum fisktegundum á ákveðnum svæðum samkvæmt reglum er ráðherra setur.

20. gr.

13. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, með áorðnum breytingum, orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu dragnótaveiðar heimilaðar samkvæmt sérstökum leyfum ráðherra. Ráðherra getur bundið leyfi þessi og úthlutun þeirra þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988 og gilda til 31. desember 1991. Jafnframt eru á gildistíma þessara laga felldar úr gildi 10. og 14. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Sjávarútvegsráðherra skal skipa nefnd samkvæmt tilnefningu þingflokka og helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi til að undirbúa tillögur um fyrirkomulag fiskveiðistjórnar að loknum gildistíma laga þessara. Jafnframt skal nefndin móta tillögur um breytingar á lögum þessum á gildistíma þeirra eftir því sem tilefni verður til. Nefndin skal meðal annars kanna áhrif laganna á afkomu og hagkvæmni í sjávarútvegi og skynsamlega nýtingu fiskistofna. Einnig skal hún athuga tilhögun veiðiheimilda, m.a. heimilda sem ekki séu bundnar við skip. Nefndin skal hefja störf hið allra fyrsta og starfa á gildistíma laganna. Skal hún skila fyrsta áliti eigi síðar en haustið 1989.

II

Sjávarútvegsráðherra skal í lok hvers árs setja reglugerð um meginþætti stjórnar botnfiskveiða á komandi ári og hafa við það samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í árslok 1987 falla úr gildi lög nr. 97 20. desember 1985, um stjórn botnfiskveiða 1986–1987. Tilgangur lagafrumvarps þessa er að marka meginreglur um stjórn fiskveiða næstu fjögur árin. Með þeim lögum um stjórn fiskveiða, sem falla úr gildi um nk. áramót, var mótuð sú meginstefna að almennar grundvallarreglur um stjórn fiskveiða skyldu settar í löggjöf sem yrði sveigjanleg umgjörð fyrir afskipti stjórnvalda af fiskveiðum. Ekki leikur vafi á því að þessi stefnumörkun var rétt og farsælast er að sem flestar meginreglur við stjórn fiskveiða séu lögbundnar. Hér eru teknar ákvarðanir sem snerta atvinnulíf í landinu öllu og nauðsynlegt að um þær sé fjallað á Alþingi. Raunar má segja að óeðlilegt sé að sjávarútvegsráðherra axli einn ábyrgð á slíkum ákvörðunum. Hins vegar verður ekki hjá því komist að ráðherra séu veittar heimildir til setningar reglugerða um ýmis atriði sem að stjórnun fiskveiða lúta, enda krefjast aðstæður þess að í kerfinu sé viss sveigjanleiki og ýmsar ákvarðanir þarf að endurskoða hverju sinni með tilliti til breyttra aðstæðna. Meginreglur ber þó skilyrðislaust að marka í löggjöf og eins ítarlega og við verður komið.

Í frumvarpi þessu er byggt á þeim meginatriðum við stjórn fiskveiða sem beitt er í dag og verið hafa að þróast síðustu fjögur árin. Sú aðferð við stjórn fiskveiða hefur verið umdeild. Í ágústmánuði sl. fór sjávarútvegsráðuneytið því þess á leit við Þjóðhagsstofnun og

sérfræðinga við Raunvísindastofnun Háskólans og viðskiptadeild Háskóla Íslands að þeir legðu sjálfstætt mat á áhrif kvótakerfisins. Skiluðu sérfræðingarnir bráðabirgðaniðurstöðum í lok septembermánaðar sl. Eru skýrslur þessar birtar sem fylgiskjöl með frumvarpi þessu. Er það ótvíræð niðurstaða sérfræðinganna að aukinni hagkvæmni hafi verið náð með upptöku kvótakerfisins. Vísast að öðru leyti til fylgiskjala varðandi athugun þessa og einstaka þætti hennar. Enda þótt ótvíræðum árangri hafi verið náð með núverandi stjórnunaraðferðum er ljóst að á þeim eru ýmsir gallar. Stefnt er að því að bæta úr þeim með frumvarpi þessu eftir því sem kostur er.

Á því leikur ekki vafi að gildistími þeirra reglna, sem settar hafa verið um stjórn fiskveiða, hefur verið til muna of skammur. Er því lagt til að gildistími nýrra laga verði fjögur ár. Síðan kvótakerfið svonefnda var tekið upp í ársbyrjun 1984 hefur umræðan mjög beinst að gildistíma kvótalaganna hverju sinni. Fyrstu tvö árin var gildistíminn ákveðinn til árs í senn en með lögum nr. 97 20. desember 1985 var stefnan mótuð til tveggja ára. Tvö ár eru í þessu sambandi allt of skammur tími. Á þessu ári hefur ekki legið fyrir hvaða reglur komi til með að gilda um ýmis grundvallaratriði á næsta ári. Hvorki ráðuneytið né útgerðaraðilar geta gert sér grein fyrir því hvaða áhrif aðgerðir á þessu ári hafi á því næsta, t.d. val á sóknarmarki, framsal kvóta eða þátttaka í sérveiðum. Er það í fyllsta máta óeðlilegt að aðilar skuli í raun ekki vita nokkurn skapaðan hlut um hvað við tekur í stjórn fiskveiða eftir einn mánuð. Varla er hægt að gera kröfur til útgerðarmanna að þeir skipuleggi rekstur sinn við þessar aðstæður. Það er því algert lágmark að mótaðar séu meginreglur til fjögurra ára og æskilegt væri að a.m.k. ári áður en þær falla úr gildi verði lagt fram frumvarp um hvað við taki.

Með lögum nr. 97/1985 var sóknarmark rýmkað í því skyni að gefa aðilum, sem ekki vildu sæta lélegu aflamarki, tækifæri á að bæta hlut sinn. Hins vegar áttu allir útgerðaraðilar kost á sóknarmarki og á síðustu árum hafa flestir valið það, jafnvel skip með bestu aflareynsluna, enda gátu aðilar aukið þorskafla sinn um allt að 20% og annan afla ótakmarkað innan leyfilegs sóknardagafjölda. Sá möguleiki, sem sóknarmarkið veitir samkvæmt gildandi lögum á aukningu afla, hefur tvenns konar afleiðingar. Annars vegar veldur það mikilli óvissu varðandi heildarafla og er aðalskekkjuvaldurinn varðandi spár um heildaraflamagn og hins vegar hlýtur ávinningur sóknarmarksskipa að skerða afla aflamarksskipanna. Úr þessu er reynt að bæta í frumvarpinu með því að lækka hámarksávinning sóknarmarksskipa úr 20% í 10% og lögfesta þá reglu að heildarávinningur sóknarmarksskipa skuli ekki skerða aflaúthlutun til aflamarksskipa. Varðandi sóknarmarkið er auk þess lagt til að ráðherra sé veitt heimild til að setja aflahámark á fleiri tegundir en þorsk og hafa menn þar einkum í huga aflahámark á karfa.

Á þessu hausti hefur mikið borið á umræðum um útflutning á óunnum fiski og ráðstöfunarrétt útgerðar á afla. Hefur vaxandi ísfiskútflutningur verið mönnum áhyggjuefni og hefur réttilega verið á það bent að taka þyrfti tillit til heildarhagsmuna við aflaráðstöfun og hafa í huga langtímahagsmuni en ekki einungis stundarhag. Í frumvarpinu er lagt til að hámark þess álags, sem ráðherra getur ákveðið vegna ísfiskútflutnings, verði hækkað úr 10% í 15%. Þá er gert ráð fyrir að auk 15% álagsins komi sérstakt 10% viðbótarálag á allan ísfisk sem fluttur er óunninn úr landi og ekki er vigtaður hér á landi.

Takmarkanir á veiðum smábáta hafa jafnan verið viðkvæmt deilumál. Ljóst virðist að þær takmarkanir, sem eru á veiðum báta undir 10 brl. í gildandi lögum, eru ekki nægilegar. Síaukinn fjöldi þessara báta og vaxandi hlutdeild þeirra í heildarafla bera órækt vitni um það. Í frumvarpi þessu eru gerðar tillögur um smábáta sem m.a. fela í sér að allir bátar yfir 6 brl. verði að lúta aflahámarki og takmarkanir verði settar á smíði og innflutning þeirra.

Á þessu hausti lagði Hafrannsóknastofnun í annað skipti til hámarksafla á úthafsrækju. Haustið 1986 var af hálfu ráðuneytisins gerð tilraun til að draga úr úthafsrækjuveiðum með

almennum banndögum, skerðingu á framsalsrétti þeirra skipa sem rækjuveiðar stunduðu og með dagatakmörkunum í úthafsrækjuveiðum sóknarmarksskipa. Þessar takmarkanir hafa haft greinileg áhrif, t.d. hefur dregið verulega úr rækjuveiðum sóknarmarkstogara. Engu að síður er ljóst að ekki er nóg að gert og stefnir úthafsrækjuaflinn í ár í að fara allnokkuð fram úr ráðleggingum fiskifræðinga. Því er með frumvarpinu lagt til að ráðherra verði veittar heimildir til að setja reglur um stjórnun þessara veiða. Úthafsrækjuveiðar hófust vart að marki hér fyrir 1984 og hafa síðan farið mjög vaxandi, en enn þá hafa ekki skapast þær aðstæður að hægt sé að festa stjórnun þeirra í lög með sama hætti og gildir um botnfiskveiðar.

Við undirbúning að mótun nýrrar fiskveiðistefnu hefur sérstök ráðgjafarnefnd verið ráðuneytinu til fulltingis. Hefur nefndin fjallað á fundum sínum um einstaka þætti stefnumótunarinnar og á síðari stigum haft til umfjöllunar drög að frumvarpi þessu. Hefur nefndin verið vettvangur skoðanaskipta um þessi málefni. Eftirtaldir aðilar störfuðu í ráðgjafarnefnd um fiskveiðistefnu: Árni Kolbeinsson, ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, sem var formaður nefndarinnar, Árni Benediktsson framkvæmdastjóri, Arthur Bogason, formaður Landssambands smábátaeigenda, Dagbjartur Einarsson framkvæmdastjóri, Eiður Guðnason alþingismaður, Bjarni Lúðvíksson framkvæmdastjóri, Guðjón A. Kristjánsson, forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Guðmundur Maríasson framkvæmdastjóri, Jakob Jakobsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, Jón B. Jónasson, skrifstofustjóri sjávarútvegsráðuneytisins, Kristín Halldórsdóttir alþingismaður, Kristján Ragnarsson, formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna, Matthías Bjarnason alþingismaður, Óskar Vigfússon, forseti Sjómannasambands Íslands, Ragnheiður Ólafsdóttir varaþingmaður, Skúli Alexandersson alþingismaður, Stefán Guðmundsson alþingismaður, Vilhelm Þorsteinsson framkvæmdastjóri, Þorsteinn Gíslason fiskimálastjóri, Þórður Friðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, og Þröstur Ólafsson hagfræðingur.

Auk þess störfuðu með nefndinni þeir Helgi Laxdal, formaður Vélstjórafélags Íslands, og Þórður Eyþórsson, deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu. Ritarastörf fyrir nefndina önnuðust Gylfi Gautur Pétursson deildarstjóri og Kristján Skarphéðinsson hagfræðingur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði þetta er almenn stefnuyfirlýsing um tilgang frumvarpsins. Svipað ákvæði er að finna í l. nr. 81 31. maí 1976.

Um 2. gr.

Ákvæði 1. mgr. er samhljóða gildandi ákvæði, að öðru leyti en því að lagt er til að flutt verði aftur um hálfan mánuð tímamörk þau sem ráðherra eru sett til að ákveða með reglugerð hve mikið megi veiða úr helstu botnfisktegundum við Ísland á komandi ári. Þykir það heppilegra þar sem það hefur sýnt sig að umræða um stjórn fiskveiða á komandi ári fer að mestu fram í október- og nóvembermánuði og flest félög hagsmunaaðila í sjávarútvegi halda aðalfundi sína í þeim mánuðum.

Á grundvelli hliðstæðs ákvæðis í gildandi lögum hefur ráðherra ákveðið hámarksafla úr fimm helstu botnfisktegundum hér við land, þ.e. þorski, ýsu, ufsa, karfa og grálúðu. Unnt væri einnig með stoð í þessu ákvæði að ákveða hámarksafla úr öðrum botnfisktegundum, t.d. skarkola og steinbít ef talin yrði þörf á að takmarka sérstaklega veiðar úr þeim fiskistofnum. Vitanlega verður heildarafli einstakra tegunda aldrei bundinn nákvæmlega með reglugerð heldur er í raun um að ræða ákveðna viðmiðun fyrir úthlutun.

Sú regla, að ráðherra megi aðeins breyta því aflamarki sem hann hefur áður ákveðið fyrir 15. apríl, hefur gilt óbreytt frá upphafi kvótakerfisins og er sett vegna þess að

þorskveiðum báta er að mestu lokið í byrjun maí og er því nauðsynlegt að endurskoðun fari fram fyrir þann tíma.

Í 2. mgr. er lagt til að ákvörðun um aflamark á öðrum tegundum en botnfiski verði falin ráðherra og er það óbreytt skipan frá gildandi lögum. Þó er kveðið á um að ákvörðun skuli tekin með reglugerð eða veiðileyfum, en í gildandi lagaákvæði er eigi kveðið á um form slíkra ákvarðana. Í þessu felst þó í raun engin breyting því slíkar ákvarðanir hafa að jafnaði verið bundnar með þessum hætti.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að allar veiðar á botnfiski og öðrum tilteknum tegundum sjávardýra verði háðar sérstökum leyfum ráðuneytisins eins og er í núgildandi lögum. Þessi grein og 4. gr., sem tilgreinir þá aðila sem rétt hafa til veiða í íslenskri fiskveiðilögsögu, eru megingreinar við stjórnun fiskveiða í fiskveiðilögsögu Íslands þar sem þær takmarka aðgang að veiðum og veita möguleika á að stjórna stærð þess flota sem veiðar stunda.

Í þessari grein frumvarpsins er eins og í sambærilegu ákvæði gildandi laga veitt heimild til að leyfisbinda veiðar á öðrum nytjastofnum en þeim sem sérstaklega eru tilgreindir í greininni. Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir heimild til þess að leyfisbinda notkun ákveðinna veiðarfæra, t.d. netaveiðar.

Um 4. gr.

Greinin kveður á um að ný skip fái því aðeins veiðileyfi að sambærileg skip hverfi úr rekstri þannig að fiskiskipastóll landsmanna stækki ekki. Fyrri málsliður greinarinnar er efnislega óbreyttur frá gildandi ákvæði. Nauðsynlegt er að miða enn við þau skip sem leyfi fengu 1985, m.a. vegna þeirra skipa sem nú eru í smíðum og byggja rétt sinn á veiðiréttindum skipa sem leyfi fengu 1985.

Í seinni málslið greinarinnar eru lögbundnar veiðiheimildir þeirra skipa (svokallaðra raðsmíðaskipa) sem sérstök veiðileyfi fengu til veiða á vannýttum stofnum samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 97 20. desember 1985, um stjórn botnfiskveiða 1986–1987.

Um 5. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins er áfram byggt á þeirri meginreglu að útgerð hvers fiskiskips, 10 brl. og stærri, eigi árlega kost á að velja milli botnfiskleyfis með aflamarki og botnfiskleyfis með sóknarmarki. Grein þessi er að mestu efnislega samhljóða ákvæðum gildandi laga. Þó er lagt til að eftirfarandi breytingar verði gerðar:

1. Í núgildandi lögum segir að velji skip botnfiskleyfi með sóknarmarki skuli setja ákveðnar takmarkanir á þorskafla þess. Í frumvarpinu er lagt til að ráðherra geti til viðbótar ákveðið sérstakar takmarkanir á afla annarra fisktegunda en þorsks í ákveðnum flokkum fiskiskipa. Slík heimild er nauðsynleg til að tryggja að markmiðum um hámarksafla einstakra tegunda sé ekki stefnt í hættu vegna óheftrar veiði sóknarmarksskipa. Sýnist nauðsyn bera til að setja slíkar takmarkanir á karfaveiðar togaranna þegar á næsta ári og til slíks gæti og komið ef í ofveiði stefndi á grálúðu, ýsu og ufsa á næstu árum.
2. Í gildandi lagaákvæði segir að ráðherra geti ákveðið að loðnuskip skuli aðeins eiga kost á botnfiskleyfi með aflamarki. Ráðherra hefur notað þessa heimild. Er hér lagt til í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins að það verði lögbundið að loðnuskip fái aðeins botnfiskleyfi með aflamarki.
3. Í gildandi lagaákvæði segir að ráðherra geti ákveðið að fiskur undir ákveðinni stærð eða fiskur, sem veiddur er í ákveðin veiðarfæri, skuli ekki talinn með í aflamarki eða sóknar-

marki fiskiskips. Heimild þessi hefur verið nýtt síðan í ársbyrjun 1984 vegna undirmálsfisks og að hluta til vegna línufisks. Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að heimild ráðherra verði þrengd nokkuð og bundin við línuveiðar.

4. Í 4. mgr. segir að ráðherra geti ákveðið að afli, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, skuli reiknaður með allt að 15% álagi. Þetta er gert í því skyni að draga úr útflutningi á óunnum fiski verði talin þörf á slíku með tilliti til vinnslu hér á landi og til þess að hafa stjórn á framboði ísfisks á mörkuðum erlendis. Í upphafi er gert ráð fyrir því að þessu álagi verði beitt varðandi fisktegundir er sæta aflahámarki í sóknarmarki. Enn fremur er gert ráð fyrir því að reiknað verði 10% viðbótarálag á allan þann afla sem fluttur er óunninn á erlenda markaði hafi afli ekki verið veginn hér á landi og getur því álagið orðið allt að 25% þegar meta skal hversu miklu af aflamarki eða aflahámarki þessara tegunda er náð. Ekki er gert ráð fyrir því að 10% viðbótarálag verði reiknað á veiðiskip sem sigla með afla sinn á erlendan markað enda hefur ekki orðið umtalsverð aukning á því magni ísfisks, sem veiðiskip hafa flutt til sölu á erlendum mörkuðum. Auk þess er hér um að ræða tiltölulega fá skip sem byggt hafa sína afkomu á siglingum undanfarin ár. Enn fremur eru uppi hugmyndir um að koma á fót sérstakri nefnd í samvinnu við hagsmunaaðila er leitist við að koma skipulagi og stjórn á þennan útflutning.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að úthlutun aflamarks fyrir árið 1987 verði lögð til grundvallar við aflamarksúthlutun til einstakra skipa á gildistíma laganna, þó með hlutfallslegum breytingum sem leiðir af breytingum í heildarafla milli ára og áætluðum afla smábáta skv. 10. gr. Hér er því mörkuð regla um úthlutun aflamarks til aflamarksskipa næstu fjögur árin.

Um 7. gr.

Ekki er ráðlegt að festa til lengri tíma í lög reglur um ýmis atriði varðandi útfærslu sóknarmarks. Reglur um sóknardagafjölda, skiptingu þeirra og aflahámörk þarf að endurskoða með tilliti til reynslu og breytinga á aðstæðum hverju sinni. Er því hér lagt til að ýmis atriði, sem varða sóknarmark, verði ákveðin í reglugerð með sama hætti og gert hefur verið til þessa. Þess ber þó að gæta að sum þessara atriða eru að hluta lögbundin með öðrum greinum frumvarpsins eins og t.d. aflahámark sóknarmarksskipa sem byggja á eigin reynslu, sbr. 8. gr.

Um 8. gr.

Í 1. og 2. mgr. þessarar greinar eru markaðar meginreglur um aflahámark sóknarmarksskipa og hvaða áhrif reynsla í sóknarmarki hefur á veiðiheimildir komandi ára. Reglur þessar eru í tveimur veigamiklum atriðum frábrugðnar ákvæðum gildandi laga. Auk þess að hafa verður í huga að frumvarpið gerir ráð fyrir fjögurra ára gildistíma, en gildandi lög voru aðeins sett til tveggja ára og hefur það áhrif á innihald ákvæðanna.

Í fyrsta lagi er hér kveðið á um aflahámark á sóknarmarksárinu. Er lagt til að sóknarhámarkið verði 10 % hærra en reynsluaflamark skipsins eða fast aflahámark samkvæmt reglugerð. Fast aflahámark samkvæmt reglugerð yrði ákveðið sem meðalafli skipa í viðkomandi skipaflokki með 10% álagi. Samkvæmt gildandi lögum er álag á reynsluaflamark og meðalaflahámark 20%. Því er lagt til að álagið lækki um helming, enda hefur það verið of rúmt fyrir þau skip sem hafa aflareynslu sem er yfir meðaltalsaflahámarki. Samkvæmt þessu gætu skipin aðeins aukið aflahámark sitt um 10% frá reynsluaflamarki eða að föstu aflahámarki samkvæmt reglugerð.

Í öðru lagi er í greininni kveðið á um hvaða áhrif reynsla skipa í sóknarmarki hefur á veiðiheimildir þess á komandi árum. Með veiðum á sóknarmarksári skapar skip sér nýja reynslu er vegur helming á móti hinu gamla aflamarki skipsins við ákvörðun aflakvóta á næsta ári eftir sóknarmarksárið. Er þetta í samræmi við ákvæði gildandi laga. Aflaheimildir skipsins á því ári verða því meðaltal af fyrri kvóta og afla á sóknarmarksárinu. Með þessu er þó ekki öll sagan sögð. Með frumvarpinu er lagt til að tekið verði upp það nýmæli að endurreikningur á aflamörkum þeirra skipa, sem sóknarmark völdu, verði ekki látinn hafa áhrif á veiðiheimildir þeirra skipa sem völdu aflamark. Með öðrum orðum þá geta þau skip sem sóknarmark velja á hverju ári ekki breytt heildarhlutdeild sinni í aflanum. Sóknarmarksskipin geta því í raun aðeins endurraðað sér innan flokks þeirra skipa sem á hverju ári velja sóknarmark. Meðaltali fyrri kvóta og afla sóknarmarksins verður því að breyta til hækkunar eða lækkunar fyrir hvert skip með því hlutfalli sem dugir til þess að halda hlutdeild sóknarmarksskipanna í heild óbreyttri. Þessar reglur verða best skýrðar með einföldu dæmi:

Í ímynduðum flota eru aðeins fjögur skip. Heildaraflamörk eru sett við 4000 tonn og hefur hvert skip 1000 tonna þorskaflakvóta á 1. ári. Tvö þessara skipa velja aflamark og tvö sóknarmark. Annað sóknarmarksskipið, skip A, veiðir 1030 tonn en hitt, skip B, 1070 tonn. Á sóknarmarksárinu veiða aflamarksskipin því samtals 2000 tonn en sóknarmarksskipin 2100 tonn og heildaraflinn fer því 100 tonn fram yfir viðmiðun. Á næsta ári eru heildaraflamörk í þorski aftur ákveðin 4000 tonn. Skip A fær nýtt reiknað aflamark sem er meðaltalið af 1000 og 1030 eða 1015 tonn og nýtt reiknað aflamark skips B verður með sama hætti 1035 tonn. Heildarafli þeirra má þó ekki aukast á kostnað aflamarksskipanna og ekki fara yfir 2000 tonn. Hin nýju reiknuðu aflamörk skipa A og B verða því að lækka í hlutfallinu 2000/2050. Niðurstaðan verður sú að aflamark skips A á ári 2 verður u.þ.b. 990 tonn en skips B u.þ.b. 1010 tonn.

Í síðustu málsgrein er kveðið nánar á um hvaða afli skuli hafa áhrif við endurskoðun aflamarks eða aflahámarks. Eru hér lagðar til nokkrar breytingar á gildandi lögum með hliðsjón af þeirri reynslu, sem fengist hefur við framkvæmd þeirra. Þessar breytingar hafa ekki mikil áhrif á úthlutun til einstakra skipa.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að heimild til þess að veiða umfram úthlutað aflamark af einni fisktegund gegn skerðingu á veiðum úr öðrum tegundum verði takmörkuð við 5% í stað 10% eins og gilt hefur til þessa. Heimild þessi var í upphafi sett í því skyni að skapa vissan sveigjanleika í úthlutuninni því að ávallt er nokkur breyting í aflasamsetningu milli ára. Reynslan hefur aftur á móti sýnt að heimild þessi hefur í vaxandi mæli verið notuð einhliða til þess að auka þorskafla og er því lagt til að hún verði takmörkuð.

Ákvæði 3.–6. mgr. þessarar greinar eru samhljóða ákvæðum gildandi laga.

Í síðustu málsgrein 9. gr. er áréttað að flutningur milli ára er aðeins heimill innan gildistíma laganna og er því ekki heimilt að flytja eftirstöðvar frá árinu 1987 til ársins 1988 eða flytja afla milli áranna 1991 og 1992.

Um 10. gr.

Við undirbúning laga nr. 97 20. desember 1985, um stjórn fiskveiða 1986–1987, urðu miklar umræður um veiðar báta undir 10 brl. Niðurstaðan var sú að sett voru ákveðin tímabundin veiðibönn fyrir þessa báta auk þess sem netaveiðar þeirra voru takmarkaðar. Giltu því sömu reglur fyrir fiskveiðar allra báta undir 10 brl. án tillits til fyrri aflareynslu eða stærðar báta. Þrátt fyrir takmarkanir laga nr. 97/1985 hafa smábátar haldið áfram að auka hlutdeild sína í heildarafla jafnframt því sem þessum bátum fjölgar jafnt og þétt. Er því

nauðsynlegt að grípa til annarra aðferða til að halda fjölgun og aflaaukningu hvers flokks báta í skefjum.

Í frumvarpinu er lagt til að eftirfarandi reglur gildi í meginatriðum:

1. Öllum bátum 6 brl. og stærri verði úthlutað veiðileyfi með föstu óframseljanlegu aflahámarki. Heimilt verði að taka tillit til þeirra aðila sem aflað hafa meira en fasta aflahámarkið á ákveðnu viðmiðunartímabili og hækka aflahámark þeirra samkvæmt ákveðnum reglum.
2. Í þeim tilvikum, sem bátur undir 6. brl. hefur fengið leyfi til þorskfisknetaveiða á árinu 1986 eða 1987, er heimilt að taka sérstakt tillit til þess og úthluta þeim báti veiðileyfi með óframseljanlegu aflahámarki.
3. Fyrir aðra báta en að ofan greinir verða þorskfisknetaveiðar bannaðar auk þess sem ákveðin eru í greininni föst veiðibönn.

Með reglum þessum er greint á milli réttinda stærri og minni báta auk þess sem reynt er að taka sérstakt tillit til þeirra aðila sem aðalatvinnu hafa af fiskveiðum á smábátum. Jafnframt er veitt heimild fyrir ráðherra að setja sérstakar reglur um botnfiskveiðar báta sem fá leyfi til skel- og rækjuveiða.

Í F-lið þessarar greinar eru reglur sem eiga að sporna við fjölgun báta 6 brl. og stærri en á síðustu árum hefur þessum bátum fjölgað verulega, m.a. vegna strangra reglna um endurnýjun báta 10 brl. og stærri. Er full þörf á, að flestra áliti, að takmarka nýsmíði og innflutning á bátum af þessari stærð.

Um 11. gr.

Ákvæði þessarar greinar frumvarpsins er samhljóða ákvæði gildandi laga og þarfnast ekki skýringar.

Um 12. gr.

Hér í 1. mgr. er fjallað um önnur leyfi en almennt leyfi til botnfiskveiða og er ákvæði þessarar málsgreinar efnislega samhljóða ákvæði gildandi laga.

Í 2. og 3. mgr. er fjallað um veiðar á úthafsrækju en í gildandi lögum eru ekki nein sérstök ákvæði um þær veiðar. Á undanförnum árum hefur orðið geysimikil aukning í úthafsrækjuveiðum hér við land. Í lok árs 1986 fengu stjórnvöld aðvörun frá fiskifræðingum um að takmarka þyrfti sókn í rækjustofninn ef ekki ætti að fara illa. Var í upphafi ársins 1987 gripið til beinna takmarkana með veiðibönnum og óbeinna takmarkana sem einkum fólust í skerðingum á framsalsrétti þeirra skipa er úthafsrækjuveiðar stunduðu. Ljóst sýnist að þessar aðgerðir hafa ekki skilað fullnægjandi árangri því úthafsrækjuaflinn árið 1986 stefnir í að fara yfir þau mörk sem fiskifræðingar lögðu til. Er það jafnan svo að erfitt er að sjá fyrir hvaða áhrif slíkar óbeinar stjórnunaraðferðir hafa á heildaraflamagn. Enn stefnir í aukna sókn í úthafsrækjustofninn og hafa margir útgerðaraðilar lagt í fjárfestingu á árinu 1987 í því skyni að herða sókn í rækju. Virðist óhjákvæmilegt að grípa til markvissari aðgerða en hingað til hefur verið gert til að koma í veg fyrir ofveiði á úthafsrækju. Hafa ýmsar leiðir verið ræddar í þeim efnum en hæpið virðist að leggja til að markaðar verði í lögum til lengri tíma fastar reglur um stjórnun þessara veiða sem hafa verið í mjög örri þróun að undanförnu. Með 2. og 3. mgr. þessarar greinar er því lagt til að ráðherra verði veittar þær heimildir sem nauðsynlegar eru til að kveða á um stjórnun úthafsrækjuveiðanna.

Um 13. gr.

Þessi grein frumvarpsins fjallar um framsal á aflamarki fiskiskips. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að mestu leyti óbreyttri skipan mála. Þó er lagt til að gerðar verði tvær breytingar. Í fyrsta lagi verði fellt niður bann við framsali frá báti sem ekki hefur verið

gerður út síðasta heila árið fyrir framsal. Er með afnámi þessa banns reynt að hvetja til sameiningar aflakvóta á báta til lengri tíma litið án þess að sá bátur, sem framselt er af, verði að hverfa endanlega úr rekstri. Gæti þetta í mörgum tilvikum verið heppileg skipan mála og leitt til aukinnar hagkvæmni. Í öðru lagi er fellt niður það skilyrði að bátar þurfi að hafa sams konar veiðileyfi til þess að flytja megi aflamark á milli þeirra. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra setji sérstakar reglur um flutning sérveiðiheimilda.

Um 14. gr.

Í 1. og 2. mgr. 14. gr. frumvarpsins er fjallað um hvað verði um botnfiskveiðiréttindi skips sem tekið er úr rekstri eða er selt.

Í 1. málslið 1. mgr. er ákvæði sem er efnislega eins og ákvæði gildandi laga. Í 2. málslið þessarar málsgreinar er mörkuð ný regla sem gildir þegar skip er tekið úr rekstri. Samkvæmt þessum málslið er hægt að sameina aflamark skips, sem hverfur úr rekstri, aflamarki annarra skipa. Verður að telja þetta heppilega leið sem stuðlað gæti að sameiningu veiðiréttinda og dregið úr smíði og innflutningi nýrra skipa.

Í 2. mgr. þessarar greinar er lagt til að nýrri skipan verði komið á þegar eigendaskipti verða á skipi. Í gildandi lögum segir að við eigendaskipti á skipi skuli næsta ár á eftir úthluta skipinu botnfiskleyfi með sóknarmarki. Í frumvarpi þessu er lagt til að seljendur og kaupendur geti komið sér saman um hvort og þá að hve miklu leyti veiðiheimildir fylgja fiskiskipinu. Þó er sú takmörkum hér gerð á að aldrei fylgir skipi hærra aflamark en sem nemur meðalaflamarki sambærilegra skipa í sama flokki og á sama veiðisvæði. Gert er ráð fyrir að samráðsnefnd meti þessi atriði. Telja verður þessa takmörkun eðlilega því ella er aflareynsla viðkomandi skips orðinn hluti af söluverðinu. Öðru máli gegnir verði eigendaskipti með öðrum hætti, t.d. við erfðir.

Síðasta málsgrein þessarar greinar er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 15. gr.

Hér er kveðið á um samráðsnefnd. Nefndin hefur starfað frá 1984 og tvímælalaust leyst sitt starf vel af hendi. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar frá samtökum sjómanna og útvegsmanna auk fulltrúa frá ráðuneytinu. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um álita- og ágreiningsmál varðandi veiðileyfi, aflamark og sóknarmark. Er í frumvarpinu lagt til að ákvæði um þessa nefnd verði óbreytt frá gildandi lögum.

Um 16. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringar.

Um 17. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er sú skylda lögð á þá aðila, sem stunda veiðar, vinnslu, sölu og útflutning á fiski, að láta ráðuneytinu í té upplýsingar, sem það telur þörf á, í því skyni að fylgjast með framkvæmd laganna. Reynslan hefur leitt í ljós að skilvirkt eftirlit næst oft best með eftirliti innan einstakra fyrirtækja og þarf ráðuneytið þá að fá aðgang að þeim upplýsingum sem aðilar þeir, sem upp eru taldir, búa yfir.

Um 18. gr.

Í þessari grein er kveðið á um refsingar, aflaupptöku og sviptingu veiðileyfa. Greinin er óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringar.

Um 19. og 20. gr.

Greinar þessar eru óbreyttar frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Hér vísast til almennra athugasemda með frumvarpinu.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Hér er lagt til að sjávarútvegsráðherra skipi nefnd samkvæmt tilnefningu þingflokka og helstu hagsmunasamtaka í sjávarútvegi er hafi það meginhlutverk að undirbúa tillögur um fyrirkomulag fiskveiðistjórnunar að loknum gildistíma ákvæða frumvarps þessa. Lagt er til að nefndin hefji störf hið allra fyrsta og skili fyrsta áliti eigi síðar en haustið 1989. Skiptir miklu að fyrir liggi með góðum fyrirvara hvað við skuli taka þegar ákvæðum frumvarpsins sleppir. Á undanförnum árum hafa þeir sem við sjávarútveg starfa oft mátt búa við það að lög um fiskveiðistjórnun á komandi ári hafi verið samþykkt í desember. Liggur í augum uppi að slíkt ástand gerir mönnum erfitt um vik við skipulagningu á rekstri sínum. Meðal þeirra atriða, sem nefndinni er falið að athuga, er tilhögun veiðiheimilda, m.a. heimilda sem ekki séu bundnar við skip. Umræður um það, hvernig og hverjum veiðiheimildir skuli veittar, hafa mjög sett svip á starf við undirbúning þess frumvarps sem hér liggur fyrir. Ýmsir fræðimenn á sviði fiskihagfræði hafa einnig látið í ljós ákveðnar skoðanir á því hvaða skipulag sé skynsamlegt út frá hagrænu sjónarmiði. Er nauðsynlegt að nefndin kanni þetta mál rækilega frá öllum hliðum. Nefndinni er einnig ætlað að kanna áhrif ákvæða þessa frumvarps á afkomu og hagkvæmni í sjávarútvegi og skynsamlega nýtingu fiskistofna. Loks er henni ætlað að móta tillögur um breytingar á ákvæðum frumvarpsins á gildistíma þess eftir því sem tilefni verður til.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Á undanförnum árum hafa flest þau meginatriði, sem ráðherra er ætlað að kveða á um varðandi stjórn botnfiskveiða, verið ákveðin árlega með reglugerð. Hefur verið haft samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi við setningu reglugerða þessara. Hér er lagt til að þessi skipan haldist óbreytt.

Fylgiskjal I.

KVÓTAKERFIÐ FRÁ 1984 OG ÁHRIF ÞESS

Bráðabirgðaskýrsla 30. september 1987

1. Inngangur

Seint í ágústmánuði síðast liðnum fór sjávarútvegsráðuneytið þess á leit við Þjóðhagsstofnun og sérfræðinga við Raunvísindastofnun Háskólans og viðskiptadeild Háskóla Íslands, að þeir legðu sjálfstætt mat á áhrif kvótakerfisins, sem tók gildi í ársbyrjun 1984. Lögð var áhersla á að verkinu yrði hraðað, þannig að niðurstöður gætu nýst nefnd þeirri, sem hefur það verkefni að endurmeta núverandi stjórnkerfi fiskveiða, og gera tillögur um fiskveiðistjórnun er taki gildi um næstu áramót.

Í þessari greinargerð eru dregnar saman helstu niðurstöður þessara athugana. Ástæða er til að vekja athygli á því, að hér er um bráðabirgðaniðurstöður að ræða. Viðfangsefnið er í eðli sínu bæði viðamikið og margþætt og hefur tími einfaldlega ekki reynst nægilegur til að vinna verkið til fullnustu. Skýrsluhöfundar telja á hinn bóginn afar ólíklegt, að frekari rannsóknir breyti höfuðdráttunum í þeim niðurstöðum, sem þegar liggja fyrir.

Þannig var að verkinu staðið, að því var skipt í aðskilin viðfangsefni. Fylgja viðkomandi skýrslur með þessari greinargerð. Hér fara hins vegar á eftir stuttar útskýringar á viðfangsefnunum og helstu niðurstöðum.

2. Viðfangsefni

Mat á áhrifum kvótakerfisins hlýtur að miðast við eitthvert annað stjórnkerfi fiskveiða, eða stjórnleysi. Að svo miklu leyti sem um samanburð er að ræða í þessum skýrslum er hann við forvera kvótakerfisins, skrapdagakerfið svokallaða. Samanburður af þessu tagi er þó enginn hægðarleikur. Kjarni vandans er sá, að engin tvö stjórnkerfi eru notuð við sömu aðstæður. Þannig geta ekki legið fyrir reynslugögn um það hverju skrapdagakerfið hefði skilað, ef það hefði verið í gildi undanfarin 3 ár, eða hugsanlegum árangri kvótakerfisins á árunum 1978—1983. Beinn samanburður á kerfunum á grundvelli reynslutalna er því ógerlegur. Samanburðurinn hlýtur því ávallt að fela í sér forsendur um árangur annars hvors kerfisins við aðstæður, sem það hefur ekki verið notað við.

Athuganirnar beindust einkum að því að kanna eftirfarandi þætti:

(1) Heildarúthald

Reynt var að meta hvort kvótakerfið hefði haft áhrif á heildarúthald við botnfiskveiðar og þá hversu mikil.

(2) Sóknarafköst

Kannað var, hvort kvótakerfið hefði haft áhrif á svokölluð sóknarafköst á botnfiskveiðum. Með því er átt við afla á sóknareiningu, að teknu tilliti til breytinga á ytri aðstæðum, svo sem stofnstærðarbreytinga.

(3) Kostnaður við sókn

Reynt var að grafast fyrir um það, hvort kostnaður við hverja sóknareiningu hefði breyst í kjölfar kvótakerfisins. Jafnframt er sá kostnaður skoðaður með hliðsjón af afla, þ.e. kostnaður á aflatonn.

(4) Kvótamarkaður og heildarvirði kvóta

Hér var um það að ræða að kanna kvótamarkaðinn og virkni hans. Sé kvótamarkaður nægilega virkur, ætti markaðsvirði kvóta að gefa vísbendingu um þann hagnað, sem orðið hefur í útvegi á tímabili kvótakerfisins. Það felur þó ekki í sér beinan samanburð við árangur annarra stjórnunarkerfa í fiskveiðum.

3. Helstu niðurstöður

Hér verður gefið yfirlit yfir helstu niðurstöður framangreindra athugana. Í skýrslum rannsakenda, sem fylgja með þessari greinargerð, er hins vegar fjallað um forsendur, aðferðir og niðurstöður í ýtarlegra máli.

Ástæða er til að ítreka þann fyrirvara, að ekki hefur unnist fullnægjandi tími til rannsókna og hér er því um bráðabirgðaniðurstöður að ræða. Fyrirliggjandi talnagögn eru jafnframt að ýmsu leyti ófullnægjandi og takmarkar það nokkuð áreiðanleika niðurstaðnanna. Ennfremur er viðfangsefnið þess eðlis, sem fyrr er getið, að vart er hugsanlegt, að komist verði að óyggjandi niðurstöðu. Á hinn bóginn telja skýrsluhöfundar, að niðurstöður athugunarinnar séu í megindráttum traustar og gefi áreiðanlega vísbendingu um áhrif kvótakerfisins.

(1) Heildarúthald

Samantekt á heildarúthaldi við botnfiskveiðar sýnir að það hefur dregist talsvert saman eftir að kvótakerfið tók gildi. Sérstaklega er þetta áberandi ef tekið er mið af sívaxandi úthaldi á árum skrapdagakerfisins 1978—1983.

(2) Sóknarafköst

Athuganir á afla á úthaldseiningu benda til þess, að sóknarafköst séu nú meiri en hefði mátt vænta, sé miðað við sóknarárangur á skrapdagatímabilinu. Munurinn hefur farið vaxandi, og er meiri hjá bátum en togurum.

(3) Kostnaður við sókn

Kostnaður við hverja úthaldseiningu við botnfiskveiðar virðist hafa lækkað lítillega á tímabili kvótakerfisins miðað við árið 1983. Samanburður á afkomu sóknarmarkstogara og aflamarkstogara er vart marktækur vegna ónógra upplýsinga, en von er á ítarlegri gögnum varðandi þetta atriði.

Sé tekið tillit til aukinna afkasta, einkum hjá bátaflotanum, virðist kostnaður á hvert aflatonn hafa lækkað á kvótaárunum, ef gengið er út frá staðlaðri stærð fiskistofna.

(4) Kvótamarkaður og heildarvirði kvóta

Athuganir á markaði fyrir kvóta og þróun hans bendir til þess, að þessi markaður sé vel virkur og markaðsvirði kvóta því hugsanlega gagnlegur mælikvarði á breytilegan hagnað á tíma kvótakerfisins. Heildarmarkaðsvirði kvótanna er jafnframt allhátt.

Reykjavík, 30. september 1987,

Þorkell Helgason og
Snjólfur Ólafsson
Raunvísindastofnun Háskólans

Ragnar Árnason
Viðskiptadeild Háskóla Íslands

Eyjólfur Sverrisson og
Gyða Þórðardóttir
Þjóðhagsstofnun

Fylgiskjal II.

Áhrif kvótakerfisins árin 1984—1986 á sóknarafköst botnfiskveiðiflotans og nýtingu fiskstofnanna

Vinnuskjal samið að ósk sjávarútvegsráðuneytisins í sept. 1987

Snjólfur Ólafsson
Þorkell Helgason

Raunvísindastofnun Háskólans

Meginniðurstaða

Afköst við botnfiskveiðar hafa aukist um a.m.k. fimmtung hjá bátaflotanum á árunum 1984—1986 miðað við næstu tvö ár á undan. Eru þá undanskildar aflabreytingar vegna breytinga á stærð fiskstofna. Afköst virðast einnig hafa aukist hjá togurunum, en þó mun minna.

Á sama hátt hefur breytilegur útgerðarkostnaður minnkað, hvort sem hann er mældur sem kostnaður á einingu afla eða aflaverðmætis.

Úthald botnfiskveiðiflotans hefur dregist allnokkuð saman, sem sýnir að með kvótakerfinu má komast af með minni botnfiskveiðiflota en áður. Heildarsókn er þó enn allmiklu meiri en hagkvæmast er, sé horft fram á við.

Inngangur

Í greinargerð þessari er gengið út frá því að meginmarkmið fiskveiðistjórnunar sé tvíþætt: Í fyrsta lagi að tekinn sé sá afli úr fiskstofnunum sem tryggi sem besta nýtingu þeirra í lengd og bráð. En jafnframt er það markmið stjórnunar að stuðla að því, að hinum æskilega afla sé náð á sem hagkvæmastan hátt, þ.e.a.s. með sem minnstum tilkostnaði.

Spyrja má hvort sú fiskveiðistefna, sem tekin var upp með kvótakerfinu 1984, hafi náð þessu markmiði, eða a.m.k. gert það betur en sú stjórnun sem fólst í hinu fyrra skrapdagakerfi. Í greinargerð þessari er leitað svara við þessum spurningum.

Spurningunum um það hvort markmiðin hafa náðst, eða náðst betur en áður, má endurorða og hugleiða:

1. Er sá afli sem tekinn var á tímabilinu 1984—86 nálægt æskilegum afla, eða nær því en orðið hefði með fyrra kerfi? Þessu má reyna að svara með því að huga að því hver er framtíð veiðanna, þ.e.a.s. spá um jafnstöðuafla miðað við þá sókn sem verið hefur á kvótaárunum og huga að því hvort ná megi sama eða meiri afla með minni tilkostnaði.
2. Hefur orðið breyting á afla á sóknareiningu (t.d. á úthaldsdag) umfram það sem rekja má til breytinga á stofnstærð? Svar við þessari spurningu svarar því að hluta, hvort breytt fiskveiðistjórnun hafi leitt til meiri hagkvæmni í veiðunum. Slík hagkvæmni gæti komið fram í auknum afköstum á sóknareiningu, þ.e.a.s. afla eða aflaverðmæti á úthaldseiningu.
3. Hefur kostnaður við hverja sóknareiningu breyst? Svar við þessari spurningu ásamt þeirri síðustu taka til þess, hvort hagkvæmni við veiðarnar í heild hafi aukist, a.m.k. ef litið er til skamms tíma.
4. Hefur fjárfesting í fiskveiðiflotanum stefnt í þá átt sem samræmist æskilegu heildaraflamarki? Hér er enn spurt hvort veiðarnar stefni í hagkvæmari átt horft til langs tíma.

Efalaust má varpa fram fleiri spurningum þegar meta skal, hvort kvótakerfið sem tekið var upp 1984 stefni í rétta átt frá hagrænu sjónarmiði. Hér skal þó ekki lengra haldið enda þegar komið út fyrir ramma þessarar greinar.

Höfundar hafa ásamt fleirum þróað á liðnum árum reikniverk til þess að svara að einhverju marki spurningum eins og fram hafa verið bornar. Gengur það undir nafninu „sjávarútvegslíkan". Bent skal á tilvitnaðar greinar nr.1 og 2 til frekari upplýsinga um líkanið og forsendur þess.

Þess ber að geta að athugun þessarar greinargerðar miðast öll við botnfiskveiðiflotann og tekur reyndar sérstaklega til þorskveiða. Nú hefur orðið umtalsverð tilfærsla sóknar frá botnfiskveiðum til annarra veiða, einkum rækjuveiða. Hvort og að hve miklu leyti þar gætir áhrifa kvótakerfisins fjöllum við ekki um. Því síður hvort þessar breytingar séu æskilegar frá hagrænu sjónarmiði eða ekki. Þannig ná þau svör, sem gefin verða um hagræn áhrif kvótakerfisins, ekki til fiskveiðiflotans í heild, heldur einskorðast þau við botnfiskveiðarnar.

Tími sá er gafst til að vinna að þessari greinargerð var fullnaumur og því verða nokkur atriði sem ekki er fullsvarað, en mætti svara betur með meiri yfirlegu. Þá eru aðrir þættir þar sem óvissan yfirgnæfir þekkinguna og lítið virðist við því að gera. Verður hvors um sig getið þar sem við á í greinargerðinni.

Lýsing á aðferðum

„Sjávarútvegslíkanið" er í megindráttum tæki til að áætla afla fram í tíma að gefnum forsendum um stofnstærðir fiska í upphafi spátímans ásamt upplýsingum um stærð og samsetningu veiðiflotans eða öllu heldur úthaldi því sem notað er við botnfiskveiðarnar. Jafnframt er metin afkoma flotans með (einfölduðum) útreikningi á tekjum og gjöldum.

Spáin um afla byggist á tvennu: Stærð fiskstofnanna á hverjum tíma og sóknarafköstum, þ.e.a.s. væntanlegum afla hvers skipaflokks við gefna staðlaða stofnstærð.

Til þess að meta sóknarafköst var gerð tölfræðileg greining á afla, úthaldi og stofnstærð yfir tímabilið 1977—1983, þ.e.a.s. allt fram að því að kvótakerfið var tekið upp. Þessi greining leiddi m.a. í ljós samband stofnstærðar og afla. Þetta samband er ekki beint. Þannig vex afli ekki um 20% á úthaldsdag þótt (veiði)stofn vaxi um það hlutfall. Er nær lagi að vænta megi helmings þeirrar aflaaukningar eða um 10% hjá togurunum en meiri aukningar eða u.þ.b. 15% hjá netabátum svo að dæmi séu tekin. Þessi afkastagreining benti ekki til þess að afköst á þorskveiðum hafi breyst umtalsvert á skrapárunum.

Afkastagreiningin gaf ennfremur upplýsingar um þessi meðalafköst á skrapveiðitímabilinu hjá einstökum flokkum skipa, en þau eru flokkuð í líkaninu eftir stærð, veiðarfærum og löndunarkjördæmi. Þá er og gerður greinarmunur á úthaldi á vertíðartímabilinu jan.-maí og afgangi ársins. Þessa afkastamælingu frá skrapárunum mætti nú hugsanlega nota til að segja fyrir um líklegan afla á árunum 1984 og 1986, ef þá hefði verið haldið áfram með skrapkerfið. Upp komu á hinn bóginn vissar efasemdir um gæði þessarar afkastagreiningar þannig, að þessi leið er ekki farin utan það hvað tengslin milli stofnstærðar og væntanlegs afla er sótt til hennar.

Önnur meginundirstaða aflaspárinnar er stofnstærðarmat. Þar byggjum við á nýjustu upplýsingum frá Hafrannsóknastofnun (sem ber vel saman við stofnstærðarreikninga Guðmundar Guðmundssonar; sjá rit nr.4) um fjölda fiska á hverjum aldri við hver síðastliðin áramót. Jafnframt eru notuð gögn frá sömu stofnun um meðalþyngd veiddra fiska eftir aldri, og hvað þorsk snertir er þessi þyngd flokkuð eftir veiðarfærum.

Veiðarnar hafa áhrif á stofnstærð frá ári til árs, þ.e.a.s. á fjölda í árgangi, og er að sjálfsögðu tekið tillit til þess. En breytingar á sókn kunna og að hafa áhrif á meðalþyngd, enda þótt um sama veiðarfæri og skip sé að ræða. Ekki er reiknað með neinum slíkum breytingum, þar sem við teljum ekki að enn séu til nein haldgóð fræði um samhengi milli vaxtarhraða fiska og stofnstærðar þeirra.

Kjörhæfni veiðarfæra eða aldurssamsetning í afla við staðlaða stofnstærð er mikilvægur þáttur í aflaspá. Slík kjörhæfni var metin fyrir hvert ár á því tímabili sem „sjávarútvegslíkanið“ er grundvallað á, árunum 1977—83. Ekki hefur gefist tækifæri til að framlengja þetta mat yfir árin 1984—86. Reyndar er mat á kjörhæfni sömu annmörkum háð og mat á fiskveiðistuðlum almennt, að það er óhjákvæmilega ónákvæmast fyrir nýliðin ár. Því er ekki við því að búast að mikið fengist fram um breytingar á kjörhæfni einstakra veiðarfæra nú seinustu árin.

Þegar spáð er afla árin 1984—86 undir fyrri fiskveiðistjórnun, er því stuðst við þá meðalkjörhæfni sem var næstu árin á undan. Þar með er verið að gera að því skóna að sú breyting, sem kann að hafa orðið á kjörhæfninni, hafi orðið fyrir áhrif af kvótakerfinu. Þetta er þó afar hæpin forsenda: Vitað er að kjörhæfnin breytist af náttúrulegum orsökum, einkum vegna breytingar á meðalþyngd fisks. Verður vikið að þessum annmarka síðar.

Stofnstærð

Áður en lengra er haldið er rétt að benda á þær breytingar sem orðið hafa á veiðistofnum á liðnum árum. Reyndar verður einungis fjallað um veiðistofna þorsks. Með veiðistofni er hér átt við þann „fiskmassa“ sem hverjar einstakar veiðar hafa úr að moða. Nánar tiltekið er veiðistofninn vegið meðaltal af heildarþyngd hvers aldurshóps þorks, þar sem vogtölurnar eru fyrrgreindar kjörhæfnistölur. Þannig kemur t.d. 3—5 ára fiskur nánast ekkert við sögu í veiðistofni netaveiða, en þessir aldursflokkar eru ráðandi í veiðistofni togara.

Tvö eftirfarandi línurit (1. og 2. mynd) sýna vísitölur fyrir veiðistofna þriggja helstu veiðarfæranna tímabilið 1977—1986. Stigið 100 er meðalstofnstærð í hverju tilviki yfir allt tímabilið.



1. mynd



2. mynd

Fram kemur á línuritunum að miklar breytingar hafa orðið á stofnstærðum á s.l. áratug. Eins og að líkum lætur eru sveiflur mestar í veiðistofnum neta en minnstar í togveiðum. Þá eru breytingar minni á þeim stofni sem veiddur er seinni hluta árs en á fyrri árshelmingi. Þessi munur á stofnstærð eftir árshelmingum kemur einkum fram nú seinustu 3 árin: Þannig vex togveiðistofninn seinni árshelming 1984 og 1985 en dregst aftur nokkuð saman 1986. Ástæðan er sú að þá eru að koma inn í veiðina allsterkur árgangur frá 1980. Hann skilar sér fyrr á seinni helmingi árs en þeim fyrri, þar eð togveiðiflotinn er fremur á slóð ungs fisks á haustin en á vorin, ef dæma má af kjörhæfninni. Að auki kemur að sjálfsögðu að fiskurinn er hálfu áru eldri seinni helming ársins en þann fyrri! Þessi árgangur er því einu ári síðar á ferðinni inn í vorstofn togveiðanna. Því fellur sá stofn 1984 en fer síðan vaxandi. Hafa ber í huga, vegna þess sem síðar kemur, að óvissa er mest í mati á stærð stofna nýliðin ár.

Vegna hinna miklu stofnstærðarbreytinga er ekki að undra þó miklar sveiflur séu í afla, burtséð frá breytingum á flotastærð eða fiskveiðistjórnun. Því er brýnt, þegar meta skal aflabrögð á mismunandi tímabilum að taka fullt tillit til stofnstærðarbreytinga. Er það meginefni þessarar greinargerðar.

Úthald

Úthald hefur og breyst á liðnum áratug eins og fram kemur á næstu mynd (3. mynd). Heildarúthald er fengið með því að leggja saman úthald einstakra stærðarflokka skipa með vogtölum sem eru nánast í hlutfalli við meðalþorskafla báta á árabilinu 1977—83 í hverjum stærðarflokki. Þessar vísitölur eru því vísbending um breytingar á heildarúthaldi báta annars vegar og togara hins vegar. Bátasóknin tekur ekki stórvægilegum breytingum þar til að kvótaárunum kemur: Þá fellur sóknin um hart nær 20% strax, en nær sér síðan nokkuð á strik. Sókn togaranna fór jafnt og þétt vaxandi þar til hún dregst saman á kvótaárunum, en að því er virðist í minna mæli en hjá bátunum.



3. mynd

Breyting á sóknarafköstum

Með sóknarafköstum er hér átt við afla á úthaldsdag að frátöldum áhrifum af stofnstærðarbreytingum. Þessi skilgreining á í raun aðeins við einstakt fiskiskip. Þegar rætt er um sóknarafköst flotans í heild (eða einhvers hluta hans) verður að fara aðrar leiðir. Sóknarafköst einstakra báta geta aukist t.d. með því að bátnum er ekki haldið út þegar afli er að jafnaði minnstur eða gæftir slæmar. Sóknarafköst flotans í heild geta einnig aukist af þeim orsökum að úthald er fært frá lökum skipum til hinna hentugri.

Breyting á sóknarafköstum á milli ára er því hér á eftir mæld með því að bera saman afla á skrap- og kvótatímabilinu með einni mikilvægri leiðréttingu: Afli er færður til þess sem hann hefði væntanlega verið, ef fiskstofnarnir hefðu verið nákvæmlega af sömu stærð og þeir voru á tilteknu viðmiðunarári. Þannig eru ytri skilyrði náttúrunnar stöðluð og á því ekki að vera önnur skýring á aflabreytingum en breytt úthald eða breytingar á afköstum. Kemur þá reyndar í ljós að einu gildir hvert þetta viðmiðunarár er: Hlutfallslegar breytingar í afla á milli ára eru (að mestu) óháðar viðmiðunarstofnstærðinni. Árið 1982 er valið sem viðmiðunarár í því sem á eftir fer.

Til þess að fá nú fram hvort breyting hafi orðið á aflaafköstum er deilt upp í staðlaða aflann með þeim úthaldsvísitölum sem fram koma á 3. mynd til þess að finna eins konar staðlaðan afla á úthaldseiningu. Þetta er gert á 4. og 5. mynd. Þar er sýnd vísitala staðlaðs afla á úthaldseiningu, og er þá aflinn á úthaldseiningu á grunnárinu, 1982 settur jafn 100.

Vísitala afla á úthaldseiningu hjá bátum m.v. sömu stofnstærðir og 1982



4. mynd

Vísitala afla á úthaldseiningu hjá togurunum m.v. sömu stofnstærðir og 1982



5. mynd

Hvað bátana snertir virðast afköstin sveiflast á skrapárunum um ca. 10% upp eða niður. Síðan virðast þau stefna óhikað uppávið, og það svo mjög að vart er hægt að heimfæra það uppá hendingar.

Varðandi togarana er niðurstaðan ekki svona einhlít. Svo virðist sem afköstin hafi aukist á kvótaárunum, en slík sveifla upp og niður var einnig á skrapárunum. Svo vill til að uppsveiflan á skrapárunum er samstiga vexti í veiðistofni. Þetta kann að benda til þess að hinar tölfræðilegu forsendur líkansins taki ekki nægilega tillit til áhrifa stofnstærðar á togaraafla: Aukinn afli vegna stórra stofna 1980 og 1981 lýsir sér þá að hluta til sem afkastaaukning á myndinni. Hvort þar með yrði einnig að afskrifa þá afkastaaukningu sem virðist vera á skrapárunum verður að vera ósvarað í svipinn.

Eins og segir að framan virðist svo sem bátaafköstin hafi aukist umtalsvert. Kann að

vera að hér sé ekki um raunverulega afkastaaukningu að ræða heldur séu einhver ytri áhrif á ferðinni? Skal nú hugað að þessu nánar.

Fyrst má spyrja hvort skilgreiningu á úthaldi hafi verið breytt við upptöku kvótakerfisins. Þeir sem ábyrgir eru fyrir skráningu úthalds hjá Fiskifélaginu telja ekki að svo sé. Aðrir hafa bent á, að á dögum sjóðakerfisins hafi verið hvati til að halda skipum í sýndarúthaldi. Þetta skýri að hluta afkastaaukningu á árinu 1986.

Þá kann skýringin á óvæntum afla að vera sú, að gæftir hafi verið betri á liðnum þremur árum en var að meðaltali öll næstu 7 ár á undan. Hvort svo hafi verið má að hluta kanna með því að bera saman fjölda róðra í úthaldsmánuði t.d. hjá netabátunum sem valda mestu um umrædda afkastaaukningu. Myndir nr. 6 og 7 sýna hvernig þessi meðalróðrafjöldi hefur breyst s.l. ár:



6. mynd



7. mynd

Miðað við árin 1982 og 1983 virðist sem róðrum hafi vissulega fjölgað, einkum ef miðað er við róðra á mann á mánuði, sem aftur er vísbending um að sóknin hafi að nokkru færst til smærri báta.

Aukningin á róðrafjöldanum gefur til kynna nokkru betri gæftir en árin næst á undan, en vart dugar það til að skýra hinn gífurlega aflaauka netabáta umfram það sem stofn og úthald gefa tilefni til. Því var enn leitað skýringa:

Eins og fyrr segir er aflaspá á árunum 1984—1986 m.a. byggð á því að kjörhæfni hafi ekki breyst frá árunum næst á undan. Nú gæti aukinn afli netabáta verið tilkominn vegna aukinnar sóknar í yngri fisk. Því var prófað að auka hlutfall 3—7 ára fisks í veiðistofni netabáta um helming. Hlutfall þeirra í veiðistofninum verður þá mun meira en nokkru sinni frá árinu 1977. Þessi ráðstöfun dugir þó aðeins til að skýra um fimmtung af þeim óvænta aflaauka sem aflaspáin sýnir.

Önnur skýring svipaðrar tegundar er sú, að þorskfiskur sé nú seinustu árin veiðanlegri en fyrr vegna þess að aukið æti (loðna) þjappi honum saman. Þá komi fram afkastaaukning óháð því hvaða stjórnkerfi fiskveiða sé við lýði.

Hvert þessara atriða um sig getur efalaust skýrt hluta af þeirri afkastaaukningu sem virðist koma fram hjá bátunum en þau þurfa öll eða flest að koma til samtímis til þess að skýra afkastaaukninguna í heild.

Er því freistandi að draga þá ályktun, að afkastaaukningin hafi að verulegu leyti orðið vegna breytts stjórnkerfis fiskveiða sem hafi flutt úthald frá lakari sóknareiningum til hinna skárri. Hve mikil þessi afkastaaukning er, sem rekja megi til kvótakerfisins, er erfitt að svara. Hún virðist vart undir 20% hjá bátunum og 10% hjá togurunum sé miðað við afköstin seinustu árin á undan, árin 1982 eða 1983. Í ljósi þess að útkomur sína allmikla sveiflu í afköstum togaranna á árum áður verður þó að hafa allan fyrirvara á þessari ályktun hvað þá snertir.

Sparaðist útgerðarkostnaður á liðnum kvótaárum?

Í stað þess að meta hugsanlegan ávinning af kvótakerfinu með afkastaaukningu, þ.e.a.s. með aukningu á afla á úthaldseiningu við sömu stofnstærð, liggur beinna við að kanna hvort breytilegur kostnaður (annar en laun) við öflun hvers fisktonns hafi minnkað. Þetta er gert í skýrslu Þjóðhagsstofnunar (sjá tilvísun nr. 5) sem rituð er af sama tilefni og þessi. Þar kemur fram að þessi kostnaður hjá minni skuttogurunum hefur verið nær óbreyttur árin 1983—1986 m.v. verðlag ársins 1985. Á hinn bóginn virðist kostnaðurinn hafa verið u.þ.b. 15% lægri á árinu 1982. Sjá töflu 1 í nefndri skýrslu.

Hér verður litið á þessa sömu spurningu en með einu mikilvægu fráviki: Ytri áhrifavaldurinn stofnstærð er tekinn út úr myndinni, þ.e.a.s. athugaður verður kostnaður við hvert tonn botnfisks m.v. það sem aflast hefði, ef stofnar væru öll árin þeir sömu og 1982. Af tæknilegum ástæðum verður hér að ganga út frá sama kostnaði á úthaldsdag hjá jafnstórum bátum öll árin, og er þá reyndar miðað við kostnaðinn eins og hann var 1983 skv. atvinnuvegaskýrslum Þjóðhagstofnunar. Breyting sú er mælast kann í líkani okkar á heildarsóknarkostnaði er því einungis tilkomin vegna tilfærslu sóknar milli skipaflokka. Þannig kemur t.d. verðlækkun á olíu ekkert við sögu.

Á 8. mynd er borin saman þessi kostnaðarþróun hjá togurunum annars vegar skv. skýrslu Þjóðhagsstofnunar (og er þá tekinn með kostnaður við viðhald í þeirra töflu) og hins vegar sú þróun sem okkur sýnist hafa orðið. Sá hængur er á að okkar yfirlit nær bæði til stórra og lítilla togara en hjá Þjóðhagstofnun einungis til minni togaranna. Þetta kann að skýra hvers vegna við fáum samfellda kostnaðarlækkun á kvótaárunum en Þjóðhagsstofnun ekki: Trúlega hefur stóru togurunum fremur verið lagt en þeim minni á þessum árum þar sem þeir eru einfaldlega dýrari í rekstri!

Vísitala kostnaður við botnfiskaflatonn hjá togurunum



8. mynd

Á 9. mynd er kostnaður við hvert aflatonn sýndur á ný, en nú miðaður við staðlaðan afla, þ.e.a.s. þann afla sem vænta mátti miðað við stofnstærð 1982.

Vísitala kostnaðar við botnfiskaflatonn
m.v. óbreyttar stofnstærðir frá 1982



9. mynd

Út úr 9. mynd verður vart lesið að hagkvæmni togaranna hafi aukist umtalsvert, a.m.k. ekki frá 1982. Aftur á móti er erfitt að hafna því að veruleg lækkun hafi orðið á kostnaði við öflun hvers tonns hjá bátunum. Þetta er að mestu tilkomið vegna aukningar á aflaafköstum og gilda því hér þeir fyrirvarar sem hafðir voru þar að lútandi.

Útgerðarkostnaður á aflatonn þarf ekki að vera samstíga virðisaukningu í útgerð. Vera kann að lækkaður útgerðarkostnaður sé samfara lakari aflasamsetningu. Því er e.t.v. betri mælikvarði á útgerðarkostnað að bera hann saman við aflaverðmæti (á föstu verðlagi 1983). Þetta er gert á 10. mynd.

Hlutfall kostnaðar á móti aflaverðmæti
m.v. óbreyttar stofnstærðir frá 1982



10. mynd

Nánast sama þróun sést á þessari mynd og á þeirri 9., þar sem viðmiðunin var aflatonn fremur en aflaverðmæti.

Sóknin er enn of mikil

Eins og margoft hefur komið fram (t.d. í riti nr. 3) sýna reikningar með sjávarútvegslíkaninu (og öðrum aðferðum) að sóknin er mun meiri en sú sókn sem gefur mestan mögulegan jafnstöðuafla. Með jafnstöðuafla við ákveðna sókn er átt við þann meðalafla sem fæst til lengdar að gefnum eðlilegum ytri aðstæðum eins og t.d. meðalnýliðun. Flestir útreikningar hafa leitt til þeirrar niðurstöðu, að til að ná sem mestum jafnstöðuafla ætti að minnka sóknina um 15—40%. Reikningar okkar núna sýna að þessi niðurstaða hefur lítt breyst þrátt fyrir nokkuð aðra samsetningu sóknar nú en var fyrir kvótaárin.

Því skal enn á það bent að ná mætti botnfiskafla sem er ríflega sá er fengist hefur á síðustu góðærum með umtalsvert minni flota og því minni tilkostnaði.

Ástæðan fyrir því að meiri afli getur fengist með minni sókn er sú að stofnarnir yrðu stærri. Og fái fiskarnir að stækka í sjónum gefur sami fjöldi veiddra fiska meiri afla.

Annar kostur við fiskveiðistefnu, sem leiðir af sér stóra fiskstofna, er að árlegar sveiflur í afla verða mun minni þrátt fyrir að nýliðun sé og verði áfram hendingum háð.

Tilvitnanir

[1] Starfshópur um sjávarútvegslíkan: „Stofnstærð þorsks við Ísland, sókn og sóknarafköst á árunum 1972—1979".

[2] Þorkell Helgason og Snjólfur Ólafsson: „An Icelandic Fisheries Model", mun birtast í tímaritinu EJOR á árinu 1988.

[3] Snjólfur Ólafsson og Þorkell Helgason: „Um æskilega þróun skipastólsins", skýrsla til Rannsóknaráðs ríkisins, dagsett 5. febr. 1986.

[4] Guðmundur Guðmundsson: :Time series models of fishing mortality rates", ICES-grein, 1987.

[5] Þjóðhagsstofnun: „Athugun á efnahagslegum áhrifum kvótakerfisins" skýrsla dags. 29.09.1987.

Fylgiskjal III.

Athugun á efnahagslegum áhrifum kvótakerfisins.

Sjávarútvegsráðuneytið hefur farið þess á leit við Þjóðhagsstofnun, að hún meti efnahagsleg áhrif af upptöku kvótakerfis í samanburði við eldra fyrirkomulag á stjórnun fiskveiða.

Slík áhrif er erfitt að meta í tölum því að til samanburðar þyrfti að liggja fyrir mat á því hvernig eldra kerfið hefði komið út við sömu aðstæður.

Þess í stað hefur Þjóðhagsstofnun ákveðið að draga fram nokkra þætti sem gætu gefið vísbendingu um áhrif kvótakerfisins. Þessir þættir eru:

1. Olía, veiðarfæri og viðhald á verðlagi ársins 1985.
2. Afli á úthaldsdag — aukin gæði.
3. Aukin rækjuveiði.
4. Afkoma — sala á kvóta.
5. Rekstrarafkoma útgerðar á svæðum 1 og 2.

1. Olía, veiðarfæri og viðhald.

Þessir kostnaðarliðir fyrir árin 1982—1986 eru sýndir í töflu 1 á verðlagi ársins 1985. Þetta er gert fyrir minni togara, 201—500 brl., en þeir eru á milli 70—80 og veiða yfirleitt á bilinu 40—50% af botnfiskafla. Jafnframt eru sömu kostnaðarliðir athugaðir hjá 23 togurum sem voru á aflamarki árin 1984 og 1985 og 6 togurum sem skiptu af aflamarki árið 1984 á sóknarmark árið 1985. Umræddir kostnaðarliðir eru reiknaðir bæði á hvert veitt tonn og einnig á úthaldsdag.

Í töflunni kemur fram að afli á úthaldsdag eykst árin 1983—1985 en dregst saman árið 1986. Kostnaður við olíu og veiðarfæri eykst ekki að sama skapi yfir þetta tímabil hvort sem litið er á kostnað á tonn eða úthaldsdag. Rétt er að benda á, að erfiðleikum er bundið að bera kostnaðarliði af þessu tagi saman milli ára og þá einkum viðhald og veiðarfæri. Útgerðaraðilar geta frestað viðhaldi um nokkurt skeið og kostnaður vegna þess síðan lent á einu ári af miklum þunga. Veiðarfæri sem endast lengur en árið geta öll fallið til gjalda við kaup. Til viðbótar þessum vandamálum koma upp ýmsir erfiðleikar við staðvirðingu, þannig að á töflu sem þessa verður fyrst og fremst að líta sem vísbendingu um kostnaðarbreytingu í útgerð á þessu tímabili.

2. Afli á úthaldsdag — aukin gæði.

Afli á úthaldsdag eykst frá árinu 1983—1985, hvort sem litið er á báta eða togara. Afli minni togara á úthaldsdag jókst um 3,6% milli áranna 1983 og 1984 og um 6,2% milli áranna 1984 og 1985. Afli stærri togara á úthaldsdag jókst um 3,4% milli áranna 1983 og 1984 og um 8,4% milli áranna 1984 og 1985. Þótt erfiðleikar séu á að reikna út aukningu afla á úthaldsdag fyrir bátana má fullyrða að hann hafi aukist á sama tíma. Ekki er gott að segja hverju ber að þakka þessa aukningu afla á úthaldsdag. Þar geta betra veðurfar og bætt ytri skilyrði komið við sögu, en einnig gæti kvótakerfið hafa valdið nokkru hafi það stuðlað að sjósókn við hagkvæmustu aðstæður.

Það sama á að nokkru leyti við um aukin gæði og aukningu afla á úthaldsdag. Fyrirkomulag sem gefur færi á að sækja afla við bestu skilyrði, eykur líkur á því að komið sé að landi með góðan fisk. Í töflu 8 kemur fram að gæði þorsks hafa aukist töluvert frá árinu 1983, en þá fóru rúmlega 88% af slægðum þorski í 1. flokk, en 93% árið 1986. Hvað varðar óslægðan þorsk þá fóru 68% í 1. flokk árið 1983 en rúmlega 75% árið 1986.

3. Aukin rækjuveiði.
Þegar kvótakerfið var tekið upp var reynt að beina sókn að vannýttum stofnum. Rækjuveiði á djúpmiðum árin 1984 og 1985 er dæmi um árangur af þessari viðleitni. Þótt ekki sé auðvelt að meta hvað hefði gerst án breytinga á stjórn fiskveiða, virðist sem upptaka kvótakerfis hafi átt þar hlut að máli. Ef þetta er rétt þá hefur kvótakerfið stuðlað að aukinni verðmætasköpun í sjávarútvegi, þar sem rækjuafli hefur nær þrefaldast frá árinu 1983 og útflutningsverðmæti rækju nær fjórfaldast og er áætlað að hún verði um 10% af verðmæti sjávarafurðaframleiðslunnar á árinu 1987 (sjá töflu 9).

4. Afkoma — sala á kvóta.
Árin 1980—1985 var tap á botnfiskveiðum (sjá töflu 10). Á árunum 1983 og 1984 var afkoman mæld sem hlutfall af tekjum mjög svipuð. Ef breyting á afkomu milli ára ætti að gefa vísbendingu um hvort breytt stjórnunaraðferð skilar bættri afkomu þyrfti að vera hægt að taka til ólíkra ytri skilyrða og mismunandi aðgerða stjórnvalda.

Í töflu 6 er rekstrarreikningur fyrir 23 togara sem voru á aflamarki árin 1983 og 1984 og í töflu 7 er rekstrarreikningur fyrir 6 togara sem voru á aflamarki 1984 en skiptu yfir á sóknarmark árið 1985. Ef borin er saman afkoma þessara skipa þá er afkoman 1983 mæld sem hlutfall af tekjum, betri að meðaltali hjá sóknarmarksskipum en aflamarksskipum. Árið 1984 snýst þetta hinsvegar við, og bilið eykst enn 1985. Nú er unnið að því hjá Fiskifélagi Íslands á gera sérstaka athugun á afkomu sóknarmarksskipa annarsvegar og aflamarksskipa hinsvegar árið 1986 og munu þeir útreikningar liggja fyrir fljótlega.

Hvað varðar möguleika á sölu aflakvóta þá er líklegt að hann stuðli að hagkvæmni í útgerð, þar sem veiði færist í auknum mæli til þeirra aðila sem hagkvæmnastan rekstur hafa. Við kvótakaup geta þó önnur sjónarmið ráðið en bein hagnaðarvon útgerðar og jafnframt má nefna að ekki er víst að útgerðaraðili hafi reiknað nákvæmlega út hver sé breytilegi hagnaðurinn af kvótakaupunum.

5. Rekstrarafkoma útgerðar á svæðum 1 og 2.
Afkomureikningar í töflum 12—14 voru gerðir vegna umræðu um mismunandi afkomu á svæðum 1 og 2. Svæði 1 er strandlínan frá Látrabjargi suðurum að Höfn í Hornafirði, en svæði 2 Vestfirðir, Norðurland og Austfirðir. Rekstrarreikningar þessir ná eingöngu yfir minni togara.

Rekstraryfirlitin sýna að afkoma togaranna á svæði 1 er lakari en á svæði 2 bæði fyrir og eftir upptöku kvótakerfis. Í töflu 16 er kostnaður vegna olíu, veiðarfæra og viðhalds hjá 33 minni togurum staðvirt á sama hátt og í töflu 1 og skipt niður á svæði 1 og svæði 2. Þar kemur fram að útgerð virðist ódýrari frá svæði 1 en svæði 2, þrátt fyrir lakari afkomu á svæði 1, sem stafar sjálfsagt af verðminni afla en á svæði 2. Þetta leiðir hugann að því hvaða áhrif samsetningarbreyting milli ára getur haft í staðvirðingu eins og notuð er í töflu 1.

Hér hefur verið vakin athygli á nokkrum atriðum er varðar kostnað og afkomu við fiskveiðar, en eins og áður hefur komið fram, er erfitt að meta þau atriði sem hér hafa verið nefnd til verðs og tengja það áhrifum kvótakerfis. Þó má segja að nokkur rök hnígi að því að kvótakerfið hafi leitt til aukinnar hagkvæmni í útgerð og þarf ekki að nefna annað en möguleikann á því að veiða aflann við bestu aðstæður og að selja kvóta þannig að aflinn sé veiddur af þeirri útgerð sem hagkvæmust er.

Ástæða er til að taka fram að áhrif kvótakerfisins á fiskvinnsluna hafa ekki verið athuguð, enda eru þau óljósari og mun erfiðari viðureignar.

Tafla 1

Olía, veiðarfæri og viðhald samkvæmt rekstraryfirlitum verðlag ársins 1985 í millj. króna.

Minni togarar.

	23 togarar á aflam. 1984 og 1985			6 togarar á aflam. 1984 en sóknarm. '85			Minni togarar í heild				
	1983	1984	1985	1983	1984	1985	1982	1983	1984	1985	1986
Olía	332,5	327,0	313,1	89,8	83,6	88,7	1103,4	1141,8	1143,1	1057,1	1083,5
Veiðarfæri	98,7	98,6	91,2	34,2	23,5	23,4	309,6	334,1	345,8	286,4	345,7
Viðhald	149,3	132,2	156,8	38,3	42,8	55,5	432,2	469,3	478,7	539,2	567,9
Samtals	580,5	557,8	561,1	162,3	149,9	167,6	1845,2	1945,2	1967,6	1882,7	1997,1
Afli, tonn	83.757	86.899	86.473	23.755	21.020	23.321	311.880	276.304	277.322	263.000	284.422
Úthaldsdagar	7.464	7.349	7.089	2.056	1.747	1.889	25.824	26.925	26.123	23.310	25.535
Afli á úthaldsdag	11.22	11.83	12.20	11.55	12.03	12.35	12.07	10.25	10.62	11.28	11.14
Kostn. á hvert veitt tonn, kr.											
Olía, veiðarfæri og viðhald	6.931	6.419	6.489	6.832	7.131	7.187	5.916	7.040	7.095	7.159	7.022
Breyting milli ára %		-7,4	1,0		4,4	0,8		19,0	0,8	0,9	-1,9
Olía og veiðarfæri	5.148	4.898	4.675	5.220	5.090	4.807	4.531	5.342	5.369	5.108	5.025
Breyting milli ára %		-4,9	-4,6		-2,4	-5,5		17,9	0,5	-4,9	-1,6
Kostn. á hvern úthaldsdag, kr.											
Olía, veiðarfæri og viðhald	77.773	75.901	79.150	78.939	85.042	88.724	71.452	72.245	75.320	80.768	78.210
Breyting milli ára %		-2,4	4,3		7,7	4,3		1,0	4,2	7,2	-3,2
Olía og veiðarfæri	57.770	57.912	57.032	60.311	61.305	59.343	54.717	54.815	56.996	57.636	55.970
Breyting milli ára %		0,2	-1,5		1,6	-3,2		1,8	4,0	1,1	-2,9

Tafla 2

Minni togarar 1983—1985.
Millj. kr.

	Rekstrarreikningur á verðlagi hvers árs		
Ár	1983	1984	1985
Afli á úthaldsdag, tonn	10,252	10,616	11,280
Tekjur alls	2.491,2	3.353,8	4.629,4
1. Seldur afli hérlendis	2.047,1	2.633,4	3.049,9
2. Seldur afli erlendis	269,9	490,1	1.209,0
3. Aðrar tekjur	174,2	230,3	370,5
Gjöld alls (1—6)	2.289,4	3.098,2	4.113,3
1. Aflahlutir	678,5	865,7	1.189,9
2. Laun og launat. gjöld	93,4	181,4	252,8
3. Olíukostnaður	652,5	881,6	1.057,1
4. Veiðarfæri	208,9	263,5	286,4
5. Viðhald	292,6	363,1	539,2
6. Annar kostnaður	363,5	542,9	787,9
Verg hlutdeild fjármagns	201,8	255,6	516,1
Hlutfall af tekjum %	8,1	7,6	11,1
7. Ársgreiðsla:			
3% ávöxtun stofnfjár	482,8	608,5	697,3
Hreinn hagnaður	-281,0	-352,9	-181,2
Hlutfall af tekjum %	-11,3	-10,5	-3,9

Athugasemdir
Afli á úthaldsdag jókst um rúm 3.5% 1983 til 1984 og um 6.2% 1984 til 1985.

Tafla 3

Stærri togarar 1983—1985.
Millj. kr.

	Rekstrarreikningur á verðlagi hvers árs		
Ár	1983	1984	1985
Afli á úthaldsdag, tonn	11,690	12,090	13,100
Tekjur alls	559,8	658,2	874,9
Seldur afli hérlendis	355,6	378,7	449,4
2. Seldur afli erlendis	182,8	237,0	337,1
3. Aðrar tekjur	21,4	42,5	61,4
Gjöld alls (1—6)	533,5	605,8	758,9
1. Aflahlutir	96,0	112,5	148,1
2. Laun og launat. gjöld	71,7	92,0	150,0
3. Olíukostnaður	156,5	157,2	204,8
4. Veiðarfæri	38,7	37,4	33,3
5. Viðhald	62,4	65,9	60,3
6. Annar kostnaður	108,2	140,8	162,4
Verg hlutdeild fjármagns	26,3	52,4	89,0
Hlutfall af tekjum %	4,7	8,0	10,5
7. Ársgreiðsla:			
3% ávöxtun stofnfjár	89,1	96,6	98,7
Hreinn hagnaður	–62,8	–44,2	–9,7
Hlutfall af tekjum %	–11,2	–6,7	–1,1

Athugasemdir
Afli á úthaldsdag jókst um 3.4% 1983 til 1984 og um 8.4% 1984 til 1985.

Tafla 4

Bátar 21—200 brl. 1983—1985.
Millj. kr.

Ár	Rekstrarreikningur á verðlagi hvers árs 1983	1984	1985
Tekjur alls	2.166,5	2.820,1	4.198,6
1. Seldur afli hérlendis	1.907,9	2.539,1	3.340,1
2. Seldur afli erlendis	83,0	59,5	416,2
3. Aðrar tekjur	175,6	221,5	442,3
Gjöld alls (1—6)	2.011,6	2.661,4	3.873,9
1. Aflahlutir	671,3	861,8	1.204,8
2. Laun og launat. gjöld	227,7	351,3	477,2
3. Olíukostnaður	324,9	409,6	5115,5
4. Veiðarfæri	212,2	270,9	409,9
5. Viðhald	268,7	360,9	566,2
6. Annar kostnaður	306,8	406,9	704,3
Verg hlutdeild fjármagns	154,9	158,7	324,7
Hlutfall af tekjum %	7,1	5,6	7,7
7. Ársgreiðsla: 3% ávöxtun stofnfjár	296,2	400,8	503,7
Hreinn hagnaður	-141,3	-242,1	-179,0
Hlutfall af tekjum %	-6,5	-8,6	-4,3

Tafla 5

Rekstraryfirlit ísfisktogara 1986.
Millj. kr.

	Minni togarar				
	Eldri skráðir fyrir 1977	Yngri skráðir 1977 og síðar	Minni togarar samtals	Stærri togarar	Samtals
Fjöldi togara	44	35	79	12	
Tekjur alls	3.502,5	2.786,0	6.288,5	1.183,7	7.472,2
1. Seldur afli hérlendis	2.359,8	1.877,2	4.237,0	613,0	4.850,0
2. Seldur afli erlendis úr fiskiskipum	432,3	343,9	776,2	535,4	1.311,6
3. Seldur afli erlendis úr gámum	586,7	466,7	1.053,4	1.053,4	
4. Aðrar tekjur	123,6	98,3	221,9	35,3	257,2
Gjöld (1—6)	2.910,5	2.315,2	5.225,7	1.005,4	6.231,1
1. Aflahlutir	877,2	697,7	1.574,9	210,4	1.785,3
2. Laun og tengd gjöld	277,8	221,0	498,8	202,6	701,4
3. Olíur	478,3	380,5	858,8	172,1	1.030,9
4. Veiðarfæri	227,0	180,6	407,6	60,1	467,7
5. Viðhald	389,0	309,4	698,4	129,9	828,3
6. Annar kostnaður	661,2	526,0	1.187,2	230,3	1.417,5
7. Verg hlutd. fjármagns	591,9	470,9	1.062,8	178,3	1.241,1
Verg hlutd., % af tekjum	16,9	16,9	16,9	15,1	16,6
8. Reiknuð árgreiðsla m.v. 3% ávöxtun	337,2	466,5	803,7	803,7	
9. Hreinn hagnaður	254,7	4,4	259,1	178,3	437,4
Hreinn hagnaður, % af tekjum	7,3	0,2	4,1	15,1	5,9
10. Reiknuð árgreiðsla m.v. 6% ávöxtun	417,5	577,5	994,9	150,0	1.144,9
11. Hreinn hagnaður	174,5	-106,6	67,9	28,3	96,2
Hreinn hagnaður, % af tekjum	5,0	-3,8	1,1	2,4	1,3
Meðalverð aflans, kr. á kg. Heildarverð					
Landað heima			19,89	18,86	
Landað erlendis úr fiskisk.			50,40	50,40	
Landað erlendis úr gámum			50,40		
Magn á skip að meðaltali, tonn (sl. m. h.)			3.077,2	3.616,6	
Landað heima			2.617,7	2.708,3	
Landað erlendis úr fiskisk.			194,9	908,3	
Landað erlendis úr gámum			264,6		
Heildarafli togara (sl.m.h.) þús. tonn			243,1	43,4	
Vátryggingarverðmæti	3.497,7	4.838,4	8.336,1	1.256,6	9.592,7
Meðaltal á skip	81,3	138,2	106,9	114,2	

Tafla 6

Rekstrarreikningur 23 minni togara árin 1983, 1984 og 1985, sem voru á aflamarki árin 1984 og 1985.
Millj. kr.

				Hlutföll af tekjum alls, %		
	1983	1984	1985	1983	1984	1985
Heildartekjur	717,9	962,1	1366,3	100,0	100,0	100,0
Þar af seldur afli erlendis	41,9	86,6	194,4	5,8	9,0	14,2
Gjöld	662,3	860,5	1179,7	92,3	89,4	86,3
Aflahlutur, laun og tengd gjöld	218,1	288,5	420,9	30,4	30,0	30,8
Olíur	190,0	252,2	313,1	26,5	26,2	22,9
Veiðarfæri	61,7	75,2	91,2	8,6	7,8	6,7
Viðhald	93,1	100,3	156,8	13,0	10,4	11,5
Annar kostnaður	99,4	144,3	197,7	13,8	15,0	14,5
Verg hlutdeild fjármagns	55,6	101,6	186,6	7,7	10,6	13,7
Ársgreiðsla m.v. 3% ávöxtun stofnfjár	149,8	180,1	220,2	20,9	19,3	16,1
Hreinn hagnaður	-94,2	-78,5	-33,6	-13,1	-8,2	-2,5

				Aukning, %	
Meðaltal á togara				'83—'84	'84—'85
Úthaldsdagar	324,5	319,5	308,2	-1,5	-3,5
Afli á úthaldsdag (tonn)	11,22	11,83	12,20	5,3	3,2
Heildaraflamagn að meðaltali á togara	3641,6	3778,2	3759,7	3,7	-0,5

Tafla 7

Rekstrarreikningur 6 minni togara árin 1983, 1984 og 1985, sem voru á aflamarki árið 1984 en sóknarmarki árið 1985.
Millj. kr.

				Hlutföll af tekjum alls, %		
	1983	1984	1985	1983	1984	1985
Heildartekjur	205,2	243,3	368,4	100,0	100,0	100,0
Þar af seldur afli erlendis	23,1	31,7	96,8	11,3	13,0	26,3
Gjöld	187,2	219,9	329,7	91,2	90,4	89,5
Aflahlutur, laun og tengd gjöld	63,0	69,4	110,4	30,7	28,5	30,0
Olíur	51,3	64,5	88,7	25,0	26,5	24,1
Veiðarfæri	21,4	17,9	23,4	10,4	7,4	6,4
Viðhald	23,9	32,5	55,5	11,6	13,4	15,1
Annar kostnaður	27,6	35,6	51,7	13,5	14,6	14,0
Verg hlutdeild fjármagns	18,0	23,4	38,7	8,8	9,6	10,5
Ársgreiðsla m.v. 3% ávöxtun stofnfjár	41,8	50,1	63,2	20,4	20,6	17,2
Hreinn hagnaður	-23,8	-26,7	-24,5	-11,6	-11,0	-6,7

				Aukning, %	
Meðaltal á togara				'83—'84	'84—'85
Úthaldsdagar	342,7	291,3	314,8	-15,0	8,1
Afli á úthaldsdag (tonn)	11,55	12,03	12,35	4,1	2,7
Heildaraflamagn að meðaltali á togara	3959,1	3503,4	3886,9	-11,5	10,9

Tafla 8

Hlutfallsleg skipting á aflamagni í gæðaflokka.

	1. flokkur	2. flokkur	3. flokkur
Slægður þorskur			
1982	88,4	10,0	1,6
1983	88,3	10,4	1,3
1984	90,7	8,5	0,8
1985	91,6	7,7	0,7
1986	93,0	6,6	0,4
Óslægður þorskur			
1982	67,7	17,9	14,4
1983	68,0	18,1	13,9
1984	74,3	15,3	10,4
1985	75,3	15,8	8,9
1986	75,1	16,4	8,5

Hlutfallsleg skipting heildaraflamagns á slægðum og óslægðum þorsk

	Slægður	Óslægður
1982	58,8	41,2
1983	64,1	35,9
1984	69,3	30,7
1985	67,5	32,5
1986	68,7	31,3

Tafla 9

Yfirlit yfir rækjuafla, útflutning og framleiðslu á frystri rækju 1982—1987 skv. verslunarskýrslum og aflaskýrslum.

	1982	1983	1984	1985	1986	Spá 1987
I. Tonnafjöldi						
1. Rækjuafli	9.180	13.122	24.416	24.894	35.831	40.000
2. Útflutt fryst rækja í heild	1.639	2.789	5.374	8.461	12.389	12.000
þ.a. skelflett	1.604	2.787	4.763	6.281	8.001	.
óskelflett	35	2	611	2.180	4.388	.
3. Heildarframleiðsla á frystri rækju til útflutnings	1.599	2.856	5.761	8.163	12.432	12.500
II. Verðmætistölur, m.kr. fob						
4. Útflutt fryst rækja í heild	123	505	839	1.775	3.636	3.930
þ.a. skelflett	120	505	768	1.328	2.903	.
óskelflett	3	—	71	447	733	.
5. Heildarframleiðsla til útflutnings, gengi hvers árs	20	517	900	1.718	3.648	4.120
6. Framleiðsluverðmæti á gengi ársins 1987 (umreiknað m.v. SDR)	438	972	1.390	2.036	3.786	4.120

Tafla 10

Afli og aflaverðmæti 1981—1987.

	1981	1982	1983	1984	1985	1986	Jan.—ágúst 1) 1986	1987
Í þúsundum lesta								
1. Þorskur	461	382	294	281	323	366	276	301
2. Annar botnfiskur	254	308	311	284	263	266	199	206
3. Síld	40	56	59	50	49	66	—	—
4. Loðna	642	13	133	867	993	898	396	492
5. Humar	3	3	3	2	2	3	3	3
6. Rækja	8	9	13	24	25	36	21	24
7. Hörpudiskur	10	12	15	16	17	16	6	6
8. Annað	23	5	11	12	8	5	—	—
Heildarafli	1.441	788	839	1.536	1.680	1.656	901	1.033
Breytingar heildaraflaverðmætis á föstu verði, %								
Samtals	–0,2	–12,0	–5,2	13,9	10,4			
Samtals án loðnu	2,0	–2,6	–7,1	–0,7	10,2			

1) Bráðabirgðatölur frá Fiskifélagi Íslands bæði árin. Reynsla undanfarinna ára bendir til þess, að botnfiskaflinn geti orðið 2—3% hærri við endanlegt uppgjör.

Tafla 11

Afkoma botnfiskveiða 1980—1985
Tölur sýna hlutföll af heildartekjum

	1980	1981	1982	1983	1984	1985
	%	%	%	%	%	%
1. *Minni togarar*						
Verg hlutdeild fjármagns	14,0	11,1	8,9	8,1	7,6	11,1
Hreinn hagnaður	–0,6	–3,2	–9,7	–11,3	–10,5	–3,9
2. Stærri togarar						
Verg hlutdeild fjármagns	10,1	4,1	7,4	4,7	8,0	10,5
Hreinn hagnaður	–1,8	–11,1	–9,9	–11,2	–6,7	–1,1
3. Togarar alls						
Verg hlutdeild fjármagns	13,1	9,9	8,6	7,5	7,7	11,0
Hreinn hagnaður	—	—	–10,4	–11,9	–9,9	–3,5
4. Bátar án loðnu						
Verg hlutdeild fjarmagns	3,0	1,8	–0,5	7,1	5,6	7,7
Hreinn hagnaður	–6,9	–8,6	–12,7	–6,5	–8,6	–4,3
5. Botnfiskveiðar samtals						
Verg hlutdeild fjármagns	9,0	6,5	4,9	7,3	6,8	9,6
Hreinn hagnaður	–3,3	–5,4	–11,0	–9,3	–9,4	–3,8

Tafla 12

Rekstrarreikningur 15 minni togara á svæði 1. árin 1983 og 1984.
Millj. kr.

			Hlutföll af tekjum alls, %	
	1983	1984	1983	1984
Heildartekjur	473,5	601,0	100,0	100,0
Þar af seldur afli erlendis	43,4	87,2	9,2	14,5
Gjöld	448,0	557,9	94,6	92,8
Aflahlutur, laun og tengd gjöld	144,5	179,1	30,5	29,8
Olíur	129,9	168,6	27,4	28,1
Veiðarfæri	46,5	52,3	9,8	8,7
Viðhald	58,4	65,6	12,3	10,9
Annar kostnaður	68,7	92,3	14,5	15,4
Verg hlutdeild fjármagns	25,5	43,1	5,4	7,2
Ársgreiðsla m.v. 3% ávöxtun stofnfjár	102,5	123,9	21,6	20,6
Hreinn hagnaður	-77,0	-80,8	-16,3	-13,4
Meðaltal á togara			Aukning, %	
Úthaldsdagar	334,5	308,3	-7,8	
Afli á úthaldsdag (tonn)	11,75	12,60	7,2	
Heildaraflamagn að meðaltali á togara	3931,5	3883,4	-1,2	

Tafla 13

Rekstrarreikningur 18 minni togara á svæði 2 árin 1983 og 1984.
Millj. kr.

			Hlutföll af tekjum alls, %	
	1983	1984	1983	1984
Heildartekjur	585,7	791,3	100,0	100,0
Þar af seldur afli erlendis	24,8	77,9	4,2	9,8
Gjöld	523,4	677,9	89,4	85,7
Aflahlutur, laun og tengd gjöld	177,4	231,1	30,3	29,2
Olíur	147,8	196,4	25,2	24,8
Veiðarfæri	46,4	56,4	7,9	7,1
Viðhald	74,8	82,3	12,8	10,4
Annar kostnaður	77,0	111,7	13,1	14,1
Verg hlutdeild fjármagns	62,3	113,4	10,6	14,3
Ársgreiðsla m.v. 3% ávöxtun stofnfjár	116,1	141,9	19,8	17,9
Hreinn hagnaður	-53,8	-28,5	-9,2	-3,6

Meðaltal á togara			Aukning, %
Úthaldsdagar	324,4	320,4	-1,2
Afli á úthaldsdag (tonn)	10,92	11,07	1,4
Heildaraflamagn að meðaltali á togara	3541,0	3545,2	0,1

Tafla 14

Rekstraryfirlit fyrir 51 minni togara árið 1985.
Millj. kr.

			Hlutföll af tekjum alls	
	Svæði 1	Svæði 2	Svæði 1	Svæði 2
Fjöldi togara	20	31		
Tekjur alls	1.085,9	2.144,7	100,0	100,0
1. Seldur afli	1.048,4	2.129,6	96,5	99,3
4. Aðrar tekjur	37,5	15,1	3,5	0,7
Gjöld (1—6)	1.003,9	1.808,9	92,4	84,3
1. Aflahlutir, laun og tengd gjöld	368,7	703,6	34,0	32,8
3. Olíur	276,4	430,4	25,5	20,1
4. Veiðarfæri	77,9	113,7	7,2	5,3
5. Viðhald	128,0	232,4	11,8	10,8
6. Annar kostnaður	152,9	328,8	14,1	15,3
7. Verg hlutd. fjármagns	82,0	335,8	7,6	15,7
8. Reiknuð ársgreiðsla m.v. 3% ávöxtun	180,1	257,3	16,6	12,0
9. Hreinn hagnaður	-98,1	78,5	-9,0	3,7

Tafla 15

Rekstraryfirlit fyrir 61 minni togara árið 1986.
Millj. kr.

			Hlutföll af tekjum alls	
	Svæði 1	Svæði 2	Svæði 1	Svæði 2
Fjöldi togara	23	38		
Tekjur alls	1.763,2	3.110,9	100,0	100,0
1. Seldur afli	1.734,2	3.070,7	98,4	98,7
4. Aðrar tekjur	29,0	40,2	1,6	1,3
Gjöld (1—6)	1.509,3	2.541,0	85,6	81,7
1. Aflahlutir, laun og tengd gjöld	590,4	1.041,6	33,5	33,5
3. Olíur	264,9	400,6	15,0	12,9
4. Veiðarfæri	143,1	172,8	8,1	5,6
5. Viðhald	177,9	363,4	10,1	11,7
6. Annar kostnaður	333,0	562,6	18,9	18,1
7. Verg hlutd. fjármagns	253,9	569,9	14,4	18,3
8. Reiknuð ársgreiðsla m.v. 3% ávöxtun	236,7	352,5	13,4	11,3
9. Hreinn hagnaður	17,2	217,4	1,0	7,0

Tafla 16

Olía, veiðarfæri og viðhald samkvæmt rekstraryfirlitum verðlag ársins 1985

Millj. kr.

	15 togarar á svæði 1		18 togarar á svæði 2	
	1983	1984	1983	1984
Olía	227,3	218,6	258,7	254,7
Veiðarfæri	74,4	68,6	74,2	74,0
Viðhald	93,7	86,5	120,0	108,5
Samtals	350,7	373,7	452,9	437,2
Afli, tonn	58.973	58.251	63.738	63.813
Úthaldsdagar	5.018	4.625	5.839	5.767
Afli á úthaldsdag	11.75	12.60	10.92	11.07
Kostn. á hvert veitt tonn				
Krónur	6.704	6.415	7.106	6.851
Breyting milli ára, %		–4,3		–3,6

Fylgiskjal IV.

Sóknarmark — Aflamark.
Minni togarar

Þjóðhagsstofnun hefur nú lokið við að semja rekstrarreikninga fyrir minni togara árin 1985 og 1986 sem voru á aflamarki annars vegar og sóknarmarki hins vegar.

Reikningarnir eru samdir eftir úrvinnslu Fiskifélags Íslands og ná yfir 55 togara árið 1985, 19 á sóknarmarki og 36 á aflamarki, og 61 togara árið 1986, 50 á sóknarmarki og 11 á aflamarki. Heildarfjöldi minni togara var um 80 á þessum árum.

Afkoma aflamarksskipa var heldur betri bæði árin (sjá töflur 1. og 3.). Athyglisvert er að aflahlutir, laun og tengd gjöld sem hlutfall af tekjum, var nokkru hærra hjá sóknarmarksskipum en aflamarksskipum á árinu 1986.

Árið 1985 voru helstu kostnaðarliðir samtals, þ.e. olía, veiðarfæri og viðhald, á hvert tonn lægri hjá aflamarksskipum en sóknarmarksskipum, en öfugt á úthaldsdag (sjá töflu 2.). Árið 1986 voru olía og veiðarfæri samtals, á hvert tonn, hærri hjá aflamarksskipum en hjá sóknarmarksskipum en olía, veiðarfæri og viðhald samtals, reiknað á úthaldsdag hins vegar lægra.

Hvað varðar olíu og veiðarfæri hjá aflamarksskipum árin 1986, þá er hér um fá skip að ræða og hjá 7 af þeim 11 skipum, sem voru á aflamarki 1986 voru veiðarfæri að meðaltali 25% lægri á tonn á árinu 1985, en veiðarfæri að meðaltali hjá þeim 36 aflamarksskipum sem koma fram í töflu 2. Á árinu 1986 gæti því veiðarfærakostnaður hjá þessum skipum hafa stafað að hluta af fjárfestingu í veiðarfærum og því verið nokkuð hár.

Afli á úthaldsdag var meiri bæði árin hjá skipum á aflamarki.

Tafla 1.

Rekstrarreikningar 1985 fyrir 19 minni togara á sóknarmarki.
og 36 minni togara á aflamarki.
Millj. kr.

			Hlutfall af tekjum alls	
	19 togarar á sóknarmarki	36 togarar á aflamarki	19 togarar á sóknarmarki	36 togarar á aflamarki
Heildartekjur	1.049,5	2.138,3	100,0	100,0
Þar af seldur afli erlendis	229,8	398,2	21,8	18,6
Gjöld	932,5	1.844,9	88,9	86,3
Aflahlutur, laun og tengd gjöld	334,3	675,7	31,9	31,5
Olíur	238,9	465,4	22,8	21,8
Veiðarfæri	64,1	128,5	6,1	6,0
Viðhald	129,4	231,2	12,3	10,8
Annar kostnaður	165,8	344,1	15,8	16,1
Verg hlutdeild fjármagns	117,0	293,4	11,1	13,7
Ársgreiðsla m.v. 3% ávöxtun stofnfjár	166,4	319,7	15,9	15,0
Hreinn hagnaður	-49,4	-26,3	-4,7	-1,2
Meðaltal á togara				
Úthaldsdagar	302,7	297,2		
Afli á úthaldsdag (tonn)	10.92	11.83		
Heildaraflamagn að meðaltali á togara	3.305,7	3.517,5		
Heildartekjur á hvert veitt kg., kr.	16.71	16.89		

Tafla 2.

Olía, veiðarfæri og viðhald samkvæmt rekstraryfirlitum.
Verðlag ársins 1985 í millj. króna.
Minni togarar

	19 togarar á sóknarmarki	36 togarar á aflamarki	Hlutfallslegur mismunur reiknaður frá sóknarmarkstogurum
Olía	238,9	465,4	
Veiðarfæri	64,1	128,5	
Viðhald	129,4	231,2	
Samtals	432,4	825,1	
Afli, tonn	62.809	126.632	
Úthaldsdagar	5.752	10.698	
Afli á úthaldsdag	10.92	11.84	8,4
Kostn. á hvert veitt tonn, kr.			
Olía, veiðarfæri og viðhald	6.884	6.516	–5,3
Olía og veiðarfæri	4.824	4.689	–2,8
Kostn. á hvern úthaldsdag, kr.			
Olía, veiðarfæri og viðhald	75.174	77.127	2,6
Olía og veiðarfæri	52.677	55.515	5,4

Tafla 3.

Rekstrarreikningar 1986 fyrir 50 minni togara á sóknarmarki.
og 11 minni togara á aflamarki.
Millj.kr.

			Hlutfall af tekjum alls	
	50 togarar á sóknarmarki	11 togarar á aflamarki	50 togarar á sóknarmarki	11 togarar á aflamarki
Heildartekjur	3.979,5	996,6	100,0	100,0
Þar af seldur afli erlendis	1.175,0	313,7	29,5	31,4
Gjöld	3.301,3	761,1	83,0	76,4
Aflahlutur, laun og tengd gjöld	1.357,6	304,3	34,1	30,5
Olíur	536,8	120,7	13,5	12,1
Veiðarfæri	272,4	74,9	6,8	7,5
Viðhald	458,4	81,3	11,5	8,2
Annar kostnaður	676,1	179,9	17,0	18,1
Verg hlutdeild fjármagns	678,2	235,5	17,0	23,6
Ársgreiðsla m.v. 3% ávöxtun stofnfjár	478,4	146,1	12,0	14,7
Hreinn hagnaður	199,8	89,4	5,0	9,0
Meðaltal á togara				
Úthaldsdagar	327,9	331,9		
Afli á úthaldsdag (tonn)	11.27	11.73		
Heildaraflamagn að meðaltali á togara	3.695,7	3.893,3		
Heildartekjur á hvert veitt kg., kr.	21.54	23.27		

Tafla 4.

Olía, veiðarfæri og viðhald samkvæmt rekstraryfirlitum.
Verðlag ársins 1986 í millj. króna.
Minni togarar

	59 togarar á sóknarmarki	11 togarar á aflamarki	Hlutfallslegur mismunur reiknaður frá sóknarmarkstogurum
Olía	536,8	120,7	
Veiðarfæri	272,4	74,9	
Viðhald	458,4	81,3	
Samtals	1.267,6	276,9	
Afli, tonn	184.787	42.827	
Úthaldsdagar	16.393	3.651	
Afli á úthaldsdag	11.27	11.73	4,1
Kostn. á hvert veitt tonn, kr.			
Olía, veiðarfæri og viðhald	6.860	6.466	-5,7
Olía og veiðarfæri	4.379	4.567	4,3
Kostn. á hvern úthaldsdag, kr.			
Olía, veiðarfæri og viðhald	77.326	75.842	-1,9
Olía og veiðarfæri	49.363	53.574	8,5

Fylgiskjal IV.

Ragnar Árnason

Viðskiptadeild Háskóla Íslands

Efnahagsleg áhrif kvótakerfisins 1984–6: Kvótavirðismat

Greinargerð fyrir Sjávarútvegsráðuneytið

Sept. 1987

Helstu niðurstöður: Yfirlit

1. Kvótavirði afla, en með því er átt við margfeldi markaðsverðs hverrar kvótaeiningar og afla, er frá fræðilegu sjónarmiði mikilsverður mælikvarði á þjóðhagslegan ábata af útgerð. Helsta forsenda þessarar niðurstöðu er sú, að markaður fyrir kvóta sé nægilega virkur. (Sjá nánar kafla 2 og viðauka 1).
2. Fyrirliggjandi gögn um kvótaviðskipti benda til þess, að kvótamarkaðurinn sé vel virkur. Meðal atriða, sem benda í þessa átt má nefna:
   (a) Færslur kvóta á milli skipa hafa á tímabilinu numið u.þ.b. 10% af heildarafla að jafnaði og allt að 25% úthlutaðra kvóta.
   (b) Nálægt 70% kvótaviðskipta eru á milli mismunandi útgerða.
   (c) Kvótaviðskiptin verða stöðugt víðtækari í þeim skilningi að þau mynda æ þéttofnara net landshluta á milli.
   (d) Stefna kvótaviðskipta hefur í megindráttum verið í samræmi við mismunandi útgerðaraðstæður. (Sjá nánar kafla 3).
3. Kvótavirðismatið bendir til þess, að breytilegur hagnaður af útgerð á tímabili kvótakerfisins hafi verið verulegur og sé vaxandi. Matið er í nánari atriðum sem hér segir:
   1984: 1.1 – 1.8 millj. kr.
   1985: 2.1 – 3.0 millj. kr.
   1986: 2.7 – 3.8 millj. kr.
   (Sjá nánar kafla 4).

1. Inngangur

Í upphafi árs 1984 varð veigamikil breyting á stjórnun botnfiskveiða hér á landi. Í stórum dráttum tók þá stjórnkerfi aflakvóta á skip, svokallað kvótakerfi, við af kerfi sóknartakmarkana, svokölluðu skrapdagakerfi. Frá sjónarmiði áframhaldandi þróunar og endurbóta á stjórnkerfi fiskveiða hér við land er auðvitað afskaplega þýðingarmikið að glöggva sig sem best á afleiðingum þessarar kerfisbreytingar. Þar eð fiskveiðarnar eru einn þýðingarmesti atvinnuvegur landsmanna hlýtur athyglin öðru fremur að beinast að hagrænum afleiðingum hennar. Félagslegar afleiðingar, einkum þær sem snerta viðtekna byggðastefnu skipta og máli.

Viðfangsefnið frá þessu sjónarhorni er því samanburður á tveimur stjórnkerfum fiskveiða, skrapdagakerfinu og kvótakerfinu. Samanburður af þessu tagi er ætíð torveldur. Vandinn er í grundvallardráttum sá, að kerfin eru ekki reynd við sömu aðstæður. Í umræddu tilfelli er skrapdagakerfið við lýði á tímabilinu 1978–83. Þá voru auðvitað fyrir hendi viss útgerðarskilyrði m.a. hvað snertir stærð fiskistofna, tækni, fiskverð og önnur hagræn atriði. Kvótakerfið hefur hins vegar verið við lýði frá 1984, er útgerðarskilyrði hafa verið önnur. Nú er eflaust kleift að mæla árangur kerfanna, hvors á sínu tímabili. Það er gagnlegt en aðeins fyrsta skrefið. Næsta skref er að átta sig á því, hvernig skrapdagakerfið hefði reynst á árunum frá og með 1984, eða kvótakerfið á árunum 1978–1983. Þar sem rauntölur um þetta eru auðvitað ófáanlegar, hlýtur samanburður á árangri kerfanna að byggjast að hluta á forsendum um frammistöðu þeirra við áður óreyndar aðstæður. Örðugleikar af þeim toga, sem nú hefur verið lýst, setja samanburði mismunandi stjórnkerfa á grundvelli rauntalna næsta þröng takmörk. Slíkur samanburður getur því aldrei leitt til óvefengjanlegra niðurstaðna, þó hann geti hugsanlega reynst sannfærandi vísbending. Með þetta í huga fær fræðilegur samanburður aukið gildi miðað við það, sem annars væri.

Auk þess grundvallarvandamáls kerfissamanburðar, sem að ofan er rakið, eru í þessu tilfelli um tilfinnanleg mælingavandamál að ræða sökum skorts á viðeigndi gögnum. Þó virðist unnt að framkvæma vissar mælingar, sem ættu að gefa mikilvægar vísbendingar. Þeirra á meðal má nefna mælingar á sóknarbreytingum, einingarkostnaði við sókn, breytingum í aflagæðum o.s.frv. Þá er vert að huga að fjárfestingarþróun í fiskiskipum, afkomu flotans, betri nýtingu sóknareininga o.fl. Í þriðja lagi er hugsanlegt, að draga mikilsverðar ályktanir um hagrænan árangur kvótakerfisins af þeim viðskiptum, sem orðið hafa með aflakvóta síðan 1984.

Auk samanburðar skrapdagakerfisins og aflakvótakerfisains er æskilegt að freista þess að skyggnast dýpra og spyrja um hagrænan árangur kvótakerfisins frá öllu algildara sjónarhorni. Hér er átt við það, að eflaust er til besta nýting botnfisktegundanna á Íslandsmiðum. Það er t.a.m. sú nýting sem hámarkar þjóðhagslegan afrakstur af veiðunum, þegar til lengdar lætur. Spurningunni um árangur kvótakerfisins má því snúa upp í spurninguna um hversu miklum hluta af mesta þjóðhagslega afrakstri kerfið hafi náð. Í þessu felst þá samanburður við bestu nýtingu, sem óvíst er, að nokkurt stjórnkerfi geti í rauninni náð.

Þessi greinargerð einskorðast við eina þeirra aðferða, við mat á árangri aflakvótakerfisins, sem að ofan eru raktar. Það er sú aðferð, sem dregur ályktanir sínar af starfsemi kvótamarkaðarins. Hugmyndin er að draga ályktanir um efnahagslegan ávinning kvótakerfisins af markaðsvirði kvótanna. Til hagræðis má kenna aðferðina við þetta og kalla hana kvótavirðisaðferðina.

2. Verðmæti kvóta sem mælikvarði á árangur kvótakerfisins

Í kvótakerfi því, sem ríkt hefur hér á landi síðan 1984, eru talsverðir möguleikar á að framselja aflakvóta að hluta eða öllu leyti. Athuganir sýna, að viðskipti með aflakvóta hafa verið umtalsverð og raunar vaxandi sem hlutfall af heildarmagni úthlutaðra aflakvóta. Í þessum viðskiptum hefur jafnframt myndast visst verð, markaðsverð, fyrir aflakvóta. Með tilvísun til viðurkenndra hagfræðilögmála virðist óhætt að skoða þetta verð sem mælikvarða á virði viðbótaraflakvóta frá sjónarmiði útgerðanna í landinu. Hversu góður mælikvarði það er, fer eftir því, hversu virkur kvótamarkaðurinn er. Miðað við umfang kvótamarkaðarins og það hversu auðvelt virðist að eiga þar viðskipti er þó ólíklegt, að þar skakki miklu.

Sterk rök eru fyrir því, að margfeldi ofangreinds markaðsvirðis aflakvóta og heildaraflamagns sé viss mælikvarði á breytilegan útgerðarhagnað. Síðarnefnda stærðin er jafnframt í allgóðu samræmi við þjóðhagslegan arð af útgerðinni. Drög að ýtarlegri og formlegri röksemdafærslu í þessa veru er að finna í Viðauka 1. Kjarna málsins er hins vegar unnt að skýra í fáum orðum.

(1) Í kvótakerfinu eiga útgerðarmenn í meginatriðum þann valkost, að framselja allan kvótann á því markaðsverði, sem í gildi er. Það, að sumir taka ekki þennan kost sýnir, að breytilegur hagnaður þeirra af útgerðinni er að minnsta kosti jafn mikill og nemur markaðsvirði kvóta þeirra.

(2) Þegar til lengdar lætur og fyrirtækjunum gefst tækifæri til aðlögunar fjármuna og tækni má jafnframt ætla, að markaðsvirði kvótanna verði jafnt breytilegum útgerðarhagnaði. Sé það lægra munu útgerðarfyrirtæki (sem e.t.v. gera ekki út í svipinn) geta hagnast á því að kaupa kvóta og hefja útgerð. Sú staða, að kvótavirði sé undir breytilegum rekstrarhagnaði, getur því ekki verið varanleg.

(3) Tilvist sóknarmarks í umtalsverðum mæli flækir málið nokkuð, sérstaklega ef sóknarmarksskip geta átt von á meiri afla en aflamarksskip. Sé hins vegar val á milli sóknarmarks og aflamarks má ætla, að báðir valkostir gefi af sér sama breytilegan útgerðarhagnað, a.m.k. þegar til lengri tíma er litið.

Niðurstaðan er því sú, að heildarvirði afla mælt á kvarða markaðsverðs kvóta sé í mesta lagi jafnt breytilegum hagnaði í útgerðinni, þegar til skamms tíma er litið. Sé á hinn bóginn horft til lengri framtíðar ætti kvótavirði að vera því sem næst jafnt breytilegum útgerðarhagnaði.

3. Kvótamarkaður: Lýsing

Hér að framan hafa verið færð að því rök, að því virkari sem markaður fyrir aflakvóta sé, þeim mun betri mælikvarði sé heildarvirði kvóta á þjóðhagslegan ábata í viðkomandi fiskveiðum. Virkni markaðar ræðst hins vegar af gerð markaðarins og umfangi viðskipta. Það er því ástæða til að huga að eðli markaðarins fyrir botnfiskkvóta.

3.1 Umfang kvótakerfisins

Kvótakerfi það, sem nú er við lýði í botnfiskveiðunum, er síður en svo hreint aflakvótakerfi. Í því efni skiptir langmestu, að einstök skip geta valið sóknartakmörkun, svokallað sóknarmark, í stað aflakvóta. Fram til 1986, ekki síst 1985, var slíkt val þó verulegum takmörkunum háð. Frá og með árinu 1986 hafa útgerðir hins vegar getað valið á milli aflamarks og sóknarmarks að eigin geðþótta[1]. Afleiðingin hefur orðið sú, að á árinu 1986 var þorskafli samkvæmt sóknarmarki u.þ.b. tvöfalt meiri en þorskafli samkvæmt aflamarki.

1) Þess ber þó að geta, að sóknarmarki fylgir ákvæði um hámark þorsks í afla. Sóknarmarkið er m.ö.o. takmarkað af tilteknum aflakvóta fyrir þorsk. Sá kvóti er hins vegar ekki framseljanlegur.

Auk sóknarmarksins eru ýmsar aðrar undantekningar frá aflakvótakerfinu. T.a.m. er hluti veiðiflotans, þ.e. bátar innan við 10 brl., undanþeginn kvóta. Hins vegar er útgerð þeirra takmörkuð við tiltekin tímabil. Þá er helmingur línuafla í nóvember til febrúar undanþeginn kvóta. Á árinu 1986 var þorskafli samkvæmt þessum undanþágum í námunda við 10% af heildaraflanum.

Umfangi kvótakerfisins og þróun síðan 1984 er nánar lýst í eftirfarandi töflu.

Tafla 1

Umfang og þróun kvótakerfisins
(Magntölur í 1000 tonna upp úr sjó)

I. Þorskur

	Heildar-afli	Aflakvótar	
		Magn	Hlutfall af heildarafla
1984	281.5	247.5	87.9%
1985	322.8	206.0	63.8%
1986	365.9	115.9	31.7%

I Aðrar botnfisktegundir

	Heildar-afli	Aflakvótar	
		Magn	Hlutfall af heildarafla
1984	267.5	322.3	120.5%
1985	225.3	214.0	95.3%
1986	228.2	98.2	43.0%

III. Botnfiskur í kvóta alls

	Heildar-afli	Aflakvótar	
		Magn	Hlutfall af heildarafla
1984	549.0	569.8	103.8%
1985	548.1	420.8	76.8%
1986	594.1	214.1	36.0%

Eins og sjá má af töflu 1 hefur hlutfall kvóta í heildarafla mjög farið minnkandi síðan 1984. Árið 1986 eru úthlutaðir kvótar t.a.m. einungis liðlega þriðjungur af heildarafla þeirra botnfisktegunda, sem falla undir kvóta. Það er því umhugsunarvert, að hve miklu leyti megi kenna það ár við kvótakerfi.

3.2 Umfang kvótamarkaðarins

Frá upphafi hefur umtalsvert hlutfall aflakvóta verið fært á milli skipa. Jafnframt hefur þetta hlutfall farið vaxandi. Árið 1984 skiptu liðlega 11% úthlutaðra botnfiskkvóta um eigendur. Árið 1986 námu kvótaviðskipti nær fjórðungi úthlutaðra aflakvóta. Umfangi og þróun kvótamarkaðarins er nánar lýst í töflu 2.

Tafla 2

Umfang og þróun kvótaviðskipta
(Magntölur í 1000 tonna af slægðum fiski)

I. Þorskur

	Kvóta-viðskipti	Kvótaviðskipti sem hlutfall af	
	alls	heildarkvóta	heildarafla
1984	36.6	14.8%	13.0%
1985	37.1	18.0%	11.5%
1986	27.0	23.3%	7.4%

II. Aðrar botnfisktegundir

	Kvóta-viðskipti	Kvótaviðskipti sem hlutfall af	
	alls	heildarkvóta	heildarafla
1984	27.5	8.5%	10.3%
1985	43.9	20.4%	19.5%
1986	25.2	25.7%	11.0%

III. Botnfiskur alls

	Kvóta-viðskipti	Kvótaviðskipti sem hlutfall af	
	alls	heildarkvóta	heildarafla
1984	64.1	11.2%	11.7%
1985	81.0	19.2%	14.8%
1986	52.2	24.4%	8.8%

Eins og tafla 2 ber með sér hefur umfang kvótaviðskipta frá upphafi verið verulegt hlutfall af útgefnum aflakvótum. Svo gerður sé viss samanbuður eru þessi viðskipti að umfangi til fyllilega sambærileg við það sem gerist á ýmsum öðrum eignamörkuðum s.s. verðbréfa- og fasteignamörkuðum, og raunar talsvert meiri sem hlutfall af útistandandi eignum.

Kvótaviðskiptin sem hlutfall af heildarafla viðkomandi tegunda hafa einnig verið talsverð eða yfir 10% að jafnaði. Í kjölfar minnkandi umfangs kvóta í heildarafla hefur þetta hlutfall þó dregist saman.

Þegar á allt er litið, verður ekki sagt, að umfang kvótaviðskiptanna gefi tilefni til að efast um að kvótamarkaðurinn sé nægilega virkur til þess að unnt sé að taka mark á því markaðsverði kvóta, sem þar gildir.

3.3 Helstu flokkar kvótaviðskipta

Að frátöldum upplýsingum um framsal kvóta, sem skráð eru í sjávarútvegsráðuneytinu, er tiltölulega lítið vitað um kvótamarkaðinn og eðli hans. Af fyrirliggjandi gögnum og áliti kunnugra virðist þó mega greina kvótaviðskiptin í eftirfarandi þrjá flokka:

Í fyrsta lagi er um að ræða tilfærslu kvóta á milli skipa í sömu útgerð. Tilgangur þeirra er yfirleitt sá, að ná aukinni hagkvæmni í rekstri með því að taka úthlutaðan afla með hæfilegum skipakosti. Þessar tilfærslur eru yfirleitt stórar í sniðum og eiga sér stað tiltölulega snemma árs.

Í öðru lagi eru viðskipti með kvóta á milli mismunandi útgerða. Viðskipti af þessu tagi verða yfirleitt áberandi upp úr vetrarvertíð, þegar útgerðarfyrirtækin hafa áttað sig betur á aflabrögðum og útgerðarmöguleikum ársins, einkum með tilliti til þess aflakvóta, sem þau ráða yfir. Viðskipti af þessu tagi eru iðulega landshluta á milli, enda eru það einmitt mismunandi útgerðarskilyrði landshlutanna, sem gera viðskipti af þessu tagi hagkvæm fyrir báða aðila. Dæmi um þetta eru t.d. færslur aflakvóta á milli Suðvesturlands (Reykjavík, Reykjanes og Suðurland) og Norðvesturlands (Vestfirðir og Norðurland vestra). Á árunum 1984–5 voru aflakvótar fluttir í umtalsverðum mæli frá Suðvesturlandi til Norðvesturlands, enda útgerðarskilyrði á því svæði betri m.v. ástand fiskistofna. Árið 1986 snerist þetta hins vegar við. Ástæðan er talin vera sú, að á því ári jókst rækjuveiði mjög mikið fyrir Norðurlandi. Þar með varð það skyndilega hagkvæmara fyrir hluta fiskveiðiflotans á þessu svæði að halda til rækjuveiða fremur en að veiða botnfisk. Botnfiskkvótar voru því framseldir hæstbjóðendum. Þessi viðskipti með aflakvóta sköpuðu þannig tækifæri til verkaskiptingar, sem telja verður afar sennilegt, að sé þjóðhagslega hagkvæm.

Í þriðja lagi er um að ræða það, sem nefna má uppgjörsviðskipti með kvóta. Hér er um það að ræða, að ýmis útgerðarfyrirtæki standa frammi fyrir því undir lok ársins, að afli þeirra af sumum tegundum hefur farið eða mun fara fram úr úthlutuðum kvóta. Á hinn bóginn kann afli þeirra af öðrum tegundum að vera undir kvóta. Aðrir útgerðarmenn kunna hins vegar að vera í þeirri stöðu, nýta ekki kvóta sína að fullu. Undir árslok ár hvert eru því gjarnan fjörug kvótaviðskipti af þessum toga. Viðskipti þessi eru af öllu tagi; innan sömu útgerðar, á milli útgerða í sömu verstöð og á milli byggðarlaga. Algengt er að þau séu landshluta á milli, enda vaxa líkur á hagkvæmum viðskiptum af þessu tagi oft með fjarlægð. Sjaldan er um mjög stórar tilfærslur að ræða, en þær eru jafnan svo margar, að heildarviðskiptin eru veruleg.

Í töflu 3 hér að neðan er yfirlit yfir kvótaviðskipti eftir viðskipaaðilum. Þar kemur fram, að kvótatilfærslur innan sömu útgerðar hafa að jafnaði numið tæpum 30% af öllum kvótaviðskiptum, viðskipti á milli útgerða í sömu verstöð rúmum fjórðungi og viðskipti á milli byggðarlaga um þriðjungi. Afgangur viðskiptanna eru aflaskipti, svokölluð jöfn skipti.

Tafla 3

Kvótaviðskipti eftir viðskiptaaðilum
(hlutfall af heildarviðskiptum m.v. þorskígildi)

	Innan útgerðar	Á milli útgerða í sömu verstöð	Á milli verstöðva
1984	32.0%	31.0%	28.6%
1985	23.8%	22.1%	39.6%
1986	30.6%	25.6%	32.8%

3.4 Kvótaviðskipti á milli landshluta

Þau kvótaskipti, sem mestu máli skipta frá sjónarmiði atvinnumála og byggðastefnu eru þau, sem fela í sér tilfærslu aflakvóta á milli landshluta. Það er því nokkur ástæða til að hyggja nánar að slíkum kvótatilfærslum.

Í því skyni að gefa nokkra hugmynd um umfang og áhrif kvótatilfærslna á milli landshluta, hefur verið tekið saman tölulegt yfirlit um þessi efni. Yfirlitið er byggt á fyrirliggjandi gögnum sjávarútvegsráðuneytisins um þessar tilfærslur, sem felast einkum í bréflegum staðfestingum ráðuneytisins ásamt fylgiskjölum.[2]

Magn kvótatilfærslna á árunum 1984–6 er lýst í töflu 4. Miðað er 8 landshluta, Reykjanes (RNS), Reykjavík (RVK), Vesturland (VLN), Vestfirði (VFI), Norðurland vestra (NLV), Norðurland eystra (NLE), Austurland (ALN) og Suðurland (SLN). Landshlutar þessir falla saman við kjördæmin að undanteknu því, að Drangsnes og Hólmavík eru taldar með Norðurlandi vestra.

Tafla 4

Kvótaframsal á milli landshluta
(Tonn af slægðum fiski)

Ár: 1984

TIL	RNS	RVK	VLN	VFI	NLV	NLE	ALN	SLN	ALLS
FRÁ									
RNS	829	60	363	448	277	343	429	0	2749
RVK	129	0	15	226	0	850	190	5	1415
VLN	0	0	308	200	0	0	0	40	548
VFI	0	0	0	200	0	0	0	0	200
NLV	50	0	0	185	1574	90	0	220	2092
NLE	0	0	55	80	75	235	89	0	534
ALN	0	0	0	716	0	128	1742	0	2586
SLN	50	0	218	851	925	1926	941	139	5050
ALLS:	1058	60	959	2906	2824	3571	3391	404	15174

Ár: 1985

TIL	RNS	RVK	VLN	VFI	NLV	NLE	ALN	SLN	ALLS
FRÁ									
RNS	1219	0	1017	1483	225	3703	1032	444	9122
RVK	1075	0	222	850	1385	369	785	0	4686
VLN	0	0	200	427	31	0	40	0	697
VFI	0	0	100	128	0	0	20	0	248
NLV	370	0	0	48	425	441	185	0	1469
NLE	64	0	50	0	0	152	50	0	316
ALN	35	0	130	123	0	55	438	75	856
SLN	130	0	190	1131	109	311	0	0	1870
ALLS:	2892	0	1909	4189	2175	5031	2550	519	19263

2) Hluta þessara gagna hefur nú verið komið fyrir í gagnagrunnskerfi (DBASE III) þannig að frekari úrvinnsla er auðveld.

Ár: 1986

TIL	RNS	RVK	VLN	VFI	NLV	NLE	ALN	SLN	ALLS
FRÁ									
RNS	564	121	0	91	0	50	13	131	970
RVK	348	0	184	0	0	0	0	0	532
VLN	0	0	433	56	0	400	233	0	1122
VFI	282	131	578	495	298	226	205	334	2549
NLV	292	1212	588	310	95	1460	234	0	4191
NLE	18	0	0	15	273	853	0	67	1226
ALN	242	0	61	0	0	19	165	337	824
SLN	98	121	941	1	0	192	10	26	1389
ALLS:	1844	1585	2785	968	666	3200	860	895	12803

Samkvæmt þeim gögnum, sem rakin eru í töflu 4, er athyglisvert, að viðskipti með aflakvóta virðast verða víðtækari á tímabilinu í þeim skilningi, að æ fleiri landshlutar eiga þar viðskipti. Þetta má ráða af því, að núllum í töflunum[3] fækkar ár frá ári. Þetta gerist þrátt fyrir að magn kvótatilfærslna minnkar verulega á árinu 1986. Eðlilegt virðist að skoða þetta sem vísbendingu um aukna virkni kvótamarkaðarins.

Nettóviðskipti landshlutanna með aflakvóta hafa þróast með þeim hætti, sem lýst er í töflu 5.

3) En þau tákna viðskiptaleysi.

Tafla 5

Nettoviðskipti landshluta með aflakvóta 1984–86
(Tonn af slægðum fiski)

I. Magntölur

	1984	1985	1986	Meðaltal
Reykjanes (RNS):	–1.691	–6.230	874	–2.349
Reykjavík (RVK):	–1.335	–4.686	1.053	–1.656
Vesturland (VLN):	411	1.211	1.603	1.075
Vestfirðir (VFI):	2.706	3.942	–1.581	1.689
Norðurland V. (NLV):	732	706	–3.525	–696
Norðurland E. (NLE):	3.038	4.715	1.974	3.242
Austurland (ALN):	805	1.694	96	865
Suðurland (SLN):	–4.646	–1.352	–494	–1.764

II. Hlutfall af lönduðum afla kvótategunda

	1984	1985	1986	Meðaltal
Reykjanes/Reykjavík:	–2.4%	–10.2%	1.8%	–3.5%
Vesturland:	0.9%	2.8%	3.3%	2.3%
Vestfirðir:	4.2%	9.0%	–3.5%	3.3%
Norðurland V.:	2.7%	2.6%	–12.8%	–2.5%
Norðurland E.:	4.5%	7.1%	2.8%	4.8%
Austurland:	1.7%	3.6%	0.2%	1.8%
Suðurland:	–7.6%	–2.5%	–1.0%	–3.2%

Samkvæmt töflu 5 nema nettótilfærslur kvóta á milli landshluta stundum verulegu aflamagni. Á hinn bóginn ber að gæta að því, að hér yfirleitt ekki um verulegt hlutfall af lönduðum heildarafla kvótategunda að ræða. Eins og síðari hluti töflu 5 sýnir, eru flestar

slíkar hlutfallstölur vel innan við 5%. Í vissum tilfellum um talsvert hærri hlutföll að ræða. Í því sambandi er þó vert að geta þess, að hér er um tilfærslur á aflakvótum að ræða, en ekki tilfærslur á lönduðum afla. Ástæða er til að ætla, að landað magn breytist mun minna en tilfærslur aflakvóta, þar sem slíkt framsal er iðulega bundið skilyrðum um löndun aflans í heimahöfn upprunalega kvótahafans.

Þá er það athyglisvert í töflu 5, að umtalsverðar sveiflur eru á nettótilfærslum kvóta frá einu ári til annars. Þannig er um að ræða allmikla tilfærslu aflakvóta frá Suðvesturlandi til Vestfjarða og Norðurlands bæði árin 1984 og 1985. Árið 1986 snýst þetta hins vegar við. Því eru meðaltilfærslur áranna þriggja að jafnaði talsvert lægri en tilfærslur í einstökum árum.

Unnið hefur verið úr gögnum um tímasetningar kvótatilfærslna á milli byggðarlaga. Eru niðurstöður birtar í eftirfarandi stöplaritum. Varðandi túlkun þeirra ber að hafa í huga, að algengt mun vera, að kvótaviðskipti eigi sér stað alllöngu áður en umsókn eða tilkynning er send ráðuneytinu.

Mynd 1
Timadreifing kvótaviðskipta á milli byggðalaga





DREIFING KVOTAVIDSKIPTA 1986 YFIR TIMA



3.5 Endurgjald fyrir kvóta: Kvótaverð

Kvótaviðskiptin eru á margvíslegum grundvelli. Þegar um er að ræða viðskipti á milli mismunandi útgerða er talið algengast, að greitt sé fyrir kvóta með peningum. Einnig er algengt, að kvótaviðskipti felist í skiptum kvótategunda á grundvelli svokallaðra jafnra skipta. Í kvótaviðskiptum á milli byggðarlaga er ekki óalgengt, að kvótasala eigi sér stað gegn skilyrði um löndun í viðkomandi byggðarlagi. Stundum er talað um, að skip séu fengin til að veiða kvóta, sem tilheyrir tilteknu byggðarlagi með þessum hætti. Endurgjaldið er þá oft hluti aflans til eigin nota.

Hvað sem fjölbreytileika kvótaviðskipta líður telja kunnugir, að á hverjum tíma ríki viss verð fyrir aflakvóta. Þessi verð, sem kenna má við markaðsverð, eru ennfremur á almanna vitorði í greininni. Á grundvelli þeirra eða verða í námunda við þau, er jafnan unnt að efna til kvótaviðskipta. Gildir þá einu, hvort endurgjaldið er í formi peninga eða í öðrum jafngildum verðmætum.

Gangverð kvóta eru ekki opinberlega skráð. Á meðal útvegsmanna og annarra tengdum sjávarútvegi eru þau þó eins og nærri má geta ekkert leyndarmál. Kvótaverðin eru hins vegar samningsatriði viðskiptaaðila og breytileg frá einum viðskiptum til annarra. Hvað verðmyndun snertir, hefur kvótamarkaðurinn því einkenni ýmissa eignamarkaða s.s. markaða fyrir notað húsnæði og bifreiðar. Þeir sem hafa hug á þátttöku á þessum mörkuðum geta fyrirhafnarlítið aflað sér upplýsinga um algeng gangverð. Einstakar sölur eru hins vegar samningsatriði kaupanda og seljanda og verðin geta hæglega vikið frá hinum algengu gangverðum. Svipuðu máli gegnir um aflakvótamarkaðinn. Þá er þess að geta, að gangverð kvóta taka jafnan verulegum breytingum yfir árið væntanlega í samræmi við þróun aflabragða, fiskverðs og annara útgerðarskilyrða.

Vegna breytileika kvótaverðanna og óvissunnar um einstök viðskiptaverð hefur því verið valinn sá kostur, að gefa upp efri og neðri mörk fyrir kvótaverð. Ástæða er til að taka fram, að þessi mörk merkja alls ekki, að ekki sé hægt að finna dæmi um hærri eða lægri kvótaverð. Þau afmarka einungis það svið kvótaverða, sem algengt var í kvótaviðskiptum á viðkomandi ári. Niðurstöðunum er lýst í töflu 6.

Tafla 6

Algengt markaðsverð aflakvóta

(Kr. f. kg af slægðum fiski[4])

	Verðlag hvers árs		Verðlag sept. 1987	
Ár	Þorskur	Aðrar teg.	Þorskur	Aðrar teg.
1984	1.75–2.75	0.75–1.25	3.50–5.50	1.50–2.50
1985	3.50–5.25	2.25–3.00	5.50–8.00	3.50–4.50
1986	5.25–7.25	3.25–4.50	6.50–9.00	4.00–5.00

4. Verðmæti aflakvóta: Verðmætasköpun í kvótakerfinu

Við erum nú í stöðu til að huga að þeim efnahagslega ábata, sem náðst hefur í útgerð á tímabili kvótakerfisins.

Í kafla 2 var því lýst[5], að margfeldi kvótaverðs og kvótamagns væri mikilsverður mælikvarði á breytilegan útgerðarhagnað fiskiskipa á aflakvóta. Má raunar fullvíst telja, að þessi mælikvarði ofmeti ekki þennan ábata. Jafnframt var rökstutt, að margfeldi kvótaverðs

4) Karfi þó óslægður.

5) Og nánar rökstutt í viðauka 1.

og heildaraflamagns kvótategunda gæti verið góður mælikvarði á breytilegan útgerðarhagnað í viðkomandi fiskveiðum í heild.

Niðurstöður þessara mælikvarða eru raktar í töflu 7 hér að neðan.

Tafla 7

Breytilegur útgerðarhagnaður: Mat á grundvelli kvótavirðis
(Uppæðir í milljónum kr., verðlag í sept. 1987)

I. Miðað við útgefna kvóta

Ár	Þorskur	Aðrar tegundir	Samtals
1984	693 - 1089	435 - 725	1128 - 1814
1985	906 - 1318	674 - 867	1518 - 2185
1986	602 - 834	354 - 486	956 - 1320

II. Miðað við heildarafla tegunda í kvóta

Ár	Þorskur	Aðrar tegundir	Samtals
1984	788 - 1239	361 - 602	1149 - 1841
1985	1420 - 2066	710 - 912	2130 - 2978
1986	1903 - 2634	822 - 1130	2725 - 3764

Samkvæmt töflu 7 virðist breytilegur útgerðarhagnaður á liðnum gildistíma aflakvótakerfisins hafa verið mjög verulegur. Hann hefur vaxið hröðum skrefum á tímabilinu. Þar sem breytilegur útgerðarhagnaður er í stórum dráttum jafngildur framlagi útgerðarinnar til þjóðhagslegs ábata, má jafnframt skoða tölurnar í töflu 7, sem mælikvarða á þjóðhagslegan ávinning.

Hvort tölurnar í töflu 7 má skoða sem mælikvarða á verðmætasköpun kvótakerfisins umfram önnur stjórnkerfi fiskveiða er hins vegar annað mál. Hér má hins vegar geta þess, að fræðilegar kenningar á sviði fiskihagfræði fullyrða, að fyrri stjórnkerfi botnfiskveiða hér á landi (þar á meðal skrapdagakerfið), séu þess ekki umkomin að skapa neinn umtalsverðan útgerðarhagnað, a.m.k. þegar til lengri tíma er litið.

Viðauki 1

Verðmæti aflakvóta sem mælikvarði á verðmætasköpun kvótakerfisins: Aflavirðismat

1. Hreint Kvótakerfi

Hugleiðum kvótakerfi í líkingu við það, sem ríkt hefur hér á landi síðan 1984. Meginatriði þess eru, að ákveðið er heildaraflamagn úr hverri tegund og þeim fyrirtækjum (útgerðum), sem kjósa aflamark, úthlutaður aflakvóti í samræmi við þennan kvóta. Heimilt er að framselja aflakvótana.

Látum H(q,q',Q;i) vera hagnaðarfall fyrirtækis i í þessu kerfi. q táknar þann kvóta, sem fyrirtæki i notar, q' þann kvóta, sem fyrirtækinu er í upphafi úthlutaður og Q heildarkvótann. i vísar til fyrirtækis i. Gert er ráð fyrir því, að breyturnar q,q',Q≥0 og að H(.,.,.;.) séu diffranlegar.

Við ofangreind skilyrði er viðeigandi að rita hagnaðarfallið á eftirfarandi hátt:

(1) $H(q,q',Q;i)=H1(q,Q;i)-p\cdot(q-q')$,

þar sem p táknar markaðsverð kvótanna. Fallið H1(.,.;.) táknar hagnað af útgerðarstarfsemi og $-p\cdot(q-q')$ tekjur af kvótaviðskiptum[1]. Vert er að veita því eftirtekt, að fallið H1(.,.;.) er að sjálfsögðu óháð úthlutuðum kvóta, q'.

Hentugt er að sundurliða útgerðarhagnaðinn sem hér segir:

(2) $H1(q,Q;i)=HB(q,Q;i)+HF(0;i)$,

þar sem fyrri liðurinn í hægri hlið jöfnu (2) táknar útgerðarhagnað, sem háður er notkun aflakvóta, þ.e. breytilegan útgerðarhagnað. Þetta fall er skýrgreint þannig, að HB(0,Q;i)0. Síðari liðurinn, HF(0;i), táknar útgerðarhagnað, þegar ekkert er veitt, þ.e. fastan útgerðarhagnað. Þess er að vænta, að þessi fasti útgerðarhagnaður sé iðulega neikvæður enda oft túlkaður sem fastur kostnaður. Hann er að sjálfsögðu óháður bæði q og Q.

Það er vert að veita því athygli, að H1(.,.;.) er hagnaður frá sjónarmiði fyrirtækis i og getur því vel falið í sér atriði, sem venjulega teljast ekki til peningalegs hagnaðar s.s. atvinnu- og byggðasjónarmið.

Jafnframt er þýðingarmikið að átta sig á því, að frá þjóðhagslegu sjónarmiði er það HB(q,Q;i), sem máli skiptir. HF(0;i) er samkvæmt skýrgreiningu föst stærð, sem ekki verður við hróflað. Auðvitað kann allur hagnaður (kostnaður) að vera breytilegur, þegar til lengdar lætur. En það merkir einungis, að HF(0;i) – –> 0, – ekki að fastur hagnaður sé breytilegur.

Fyrirtækin leitast við að leysa eftirfarandi hámörkunarvandamál:

Hám H(q,q',Q;i)

q

Þar sem q≥0.

Lausn þessa vandamáls er tiltekin notkun aflakvóta, sem hámarkar H(.,.,.;.). Köllum þessa lausn q*. Hún verður að fullnægja eftirtöldum skilyrðum[2]:

(3) $\delta H(q^*,q',Q;i)/\delta q=0$, ef $q^*>0$,
$\delta H(q^*,q',Q;i)/\delta q\leq 0$, ef $q^{**}=0$.

Hagnaður fyrirtækjanna í hagkvæmustu stöðu er H(q*,q',Q;i). Úr því að þessi hagnaður er mesti hagnaður er augljóst að:

(4) $H(q^*,q',Q;i)\geq H(0,q',Q;i)$.

H(0,.,.;i) er hagnaður fyrirtækis i ef það stundar ekki veiðar (q=0). Líking (3) felur því í sér

1) q–q' mælir kaup á aflakvótum. Ef q=0 er allur úthlutaður aflakvóti seldur.
2) Sbr. hina kunnu Kuhn-Tucker setningu.

þann boðskap, að hámarkshagnaður fyrirtækis i sé að minnsta kosti jafnmikill og sá sem fyrirtækið hlyti, ef það stundaði ekki veiðar[3].

Með hjálp jafna (1) og (2) má nú rita (3) sem

$HB(q^*,Q;i)+HF(0;i)-p\cdot(q-q')\geq HF(0,q',Q;i)+pq'$.

Eða

(5) $p\cdot q\geq HB(q^*,Q;i)$, öll i.

Sé litið á öll fyrirtækin samtímis má jafnframt rita[4]

(6) $\Sigma_i p\cdot q \rightarrow p\cdot\Sigma\cdot q \equiv p\cdot Q \leq \Sigma i HB(q,Q;i)$

Boðskapur líkinga (5) og (6) er, að markaðsvirði aflakvóta sérhvers fyrirtækis nái í hæsta lagi breytilegum hagnaði þess fyrirtækis af notkun kvótans (þ.e. útgerð). Það sama gildir jafnframt fyrir fyrirtækin í heild. Heildarvirði úthlutaðs kvóta er í hæsta lagi jafnt samanlögðum breytilegum hagnaði allra útgerðarfyrirtækjanna. Jafnframt er, í þessu samhengi, vert að minnast þess, sem áður er nefnt, að breytilegan útgerðarhagnað má með góðum rökum leggja að jöfnu við þjóðhagslegan ábata af útgerðinni.

Þar sem framangreindar niðurstöður eru lykilatriði í röksemdafærslunni er ástæða til að draga þær saman í setningu.

Setning 1

Ef (i) útgerðarfyrirtækin hámarka hagnaðarfall, sem rita má $H(q,q',Q;i)=HB(q,Q;i)+HF(0;i)-p\cdot(q-q')$, og (ii) fyrirtækjunum gefst kostur á sama kvótaverði, p, þá er heildarvirði kvóta metið á kvótaverðinu p í mesta lagi jafnt heildarbreytilegum útgerðarhagnaði fyrirtækjanna, þ.e. $p\cdot Q\leq\Sigma iHB(q^*,Q;i)$.

Talsverð ástæða er til að hugleiða, hvort, og þá við hvaða aðstæður, efri mörkin í líkingum (5) og (6) gilda. Tilraun til svars er að finna í eftirfarandi setningu:

Setning 2

Ef fyrirtækjunum gefst kostur á sömu verðum og tækni er ekki einokuð þá er kvótavirði jafnt breytilegum útgerðarhagnaði. Þ.e.:

$p\cdot q=HB(q^*,Q;i)$, öll i

og

$p\cdot Q=\Sigma iHB(q^*,Q;i)$.

Röksemdafærsla

(a) Ef markaðsaðstæður og tækni er sú sama eru öll breytilegu hagnaðarföllin eins, þ.e. $HB(q^*,Q;i)=HB(q^*,Q;j)$, öll i og j, sömu q. Þessi föll má því rita sem $HB(q^*,Q)$

(b) Þar sem öll fyrirtækin hafa sömu möguleika leiðir af hámörkun hagnaðar, að $HB(q_i^*,Q)-p\cdot(q_i^*-q_i')=HB(0,Q)+p\cdot q_j'=p\cdot q_j'$, þ.e. hagnaður fyrirtækja í rekstri er jafn hagnaði þeirra, sem ekki gera út. M.ö.o: $p\cdot q_i^*+p\cdot(q_j'-q_i')=HB(q_i^*,Q)$.

(c) $\Sigma_i(p\cdot q_i^*+p\cdot(q_j'-q_i'))=\Sigma_i HB(q_i^*,Q)$

$p\cdot Q=\Sigma_i HB(q_i^*,Q)$.

Þannig sjáum við, að í endanlegu jafnvægi kvótakerfisins, þar sem öll fyrirtækin hafa nýtt sér fyrirliggjandi möguleika tækni og markaða, er umframhagnaður enginn og virði kvóta jafnt breytilegum hagnaði. Hversu langan tíma það tekur að komast í námunda við hið endanlega jafnvægi er hins vegar önnur saga.

---

3) Þ.e. seldi allan úthlutaðan kvóta sinn, sem gæti reyndar verið enginn.

4) Auk þess, sem áður er fram komið, er gert ráð fyrir því, að kvótamarkaður sé nægilega virkur til þess, að öll fyrirtækin eigi kost á sama kvótaverði.

2. Blandað kvóta- og sóknarmarkskerfi

Hugleiðum nú kerfi, þar sem útgerðir geta valið um sóknartakmarkanir í stað aflakvóta. Gerum jafnframt ráð fyrir því, í samræmi við reynsluna hér á landi, að umtalsverður hluti heildaraflans sé tekinn af slíkum sóknarmarksskipum[5]. Getur verðmæti aflakvóta verið mælikvarði á breytilegan útgerðarhagnað í slíku blönduðu kerfi?

Ljóst er, að fyrir sóknarmarksskipin gildir eftirfarandi:

$$HB(q(s),Q;j) \geq HB(q^*,q',Q;j) \cdot \geq p \cdot q',$$

þar sem $HB(q(s),Q;j)$ táknar væntanlegan breytilegan hagnað og $q(s)$ væntanlegan afla skips j, sem velur sóknarmark. $H(q^*,q',Q;j)$ er hins vegar væntanlegur hagnaður sama skips, ef það hefði valið aflamark og hlotið q' í kvóta. Takið eftir, að Q er nú væntanlegur heildarafli samkvæmt bæði sóknar- og aflamarki.

Fyrir sóknarmarksflotann í heild gildir:

$$(7)\quad \Sigma_j HB(q(s),Q;j) \geq p \cdot \Sigma_j q' = p \cdot Q(s) + p \cdot (\Sigma_j q' - Q(s)),$$

þar sem Q(s) táknar heildarafla samkvæmt sóknarmarki.

Gerum nú ráð fyrir, að allar væntingar reynist réttar. Þá sýnir (7), að

$$p \cdot Q(s) \leq \Sigma_j HB(q(s),Q;j),$$

ef $(Q(s) - \Sigma_j q')$ er ekki of stórt. M.ö.o, ef heildarafli tekinn undir sóknarmarki, er ekki þeim mun meiri en sá aflakvóti, sem sömu skipum hefði verið úthlutað, hefðu þau valið aflamark, þá gildir setning 1 í aðalatriðum fyrir sóknarmarksskipin líka.

Fyrir flotann í heild, þ.e. bæði aflamarks- og sóknarmarksskip gildir þá

$$(8)\quad \Sigma_j HB(q(s),Q;j) + \Sigma_i HB(q^*,Q;i) \geq p \cdot (Q(k) + Q(s)) = p \cdot Q,$$

þar sem Q(k) táknar afla tekinn undir kvóta.

Í höfuðdráttum gildir jafnaðarmerkið í líkingu (8) við sömu skilyrði og rakin voru í kafla 1, setningu 2.

---

5) Að vísu má ekki gleyma því, að þorskafli sóknarmarksskipanna er einnig takmarkaður.

Fylgiskjal V.

Ragnar Árnason
Viðskiptadeild Háskóla Íslands

Mat á árangri kvótakerfisins: Breytingar í heildarsókn

Greinargerð fyrir Sjávarútvegsráðuneytið

September 1987

Helstu niðurstöður: Yfirlit

1. Tölfræðileg athugun á þróun heildarsóknar í botnfisk á árunum 1978–1986 bendir til þess, að eftir 1983 hafi orðið veruleg umskipti í þessum efnum.
2. Heildarsókn í botnfisk eftir 1983 virðist hafa verið allmiklu minni og þróast öðruvísi, en mátt hefði ætla á grundvelli reynslunnar af skrapdagakerfinu á árunum 1978–1983.
3. Sé umrædd minnkun í heildarsókn metin til fjár er um verulegar fjárhæðir að ræða.

1. Inngangur

Mælingar á heildarsókn í botnfisk sýna að sóknin hefur dregist verulega saman frá og með 1984 miðað við fyrri ár. Sé t.a.m. miðað við tonnúthaldsdaga[1] fiskiskipa með línu, net og botnvörpu virðist heildarsóknin 1984 hafa verið um 15% minni en árið 1983. 1985 minnkaði heildarsóknin enn um nálægt 5% en jókst aftur um liðlega 6% árið 1986. Þróun heildarsóknar samkvæmt umræddum mælikvarða er nánar lýst í töflu 1 og mynd 1. Aðrir sóknarmælikvarðar sýna svipaða þróun.

1) Þ.e. úthaldsdaga margfaldaða með stærð skips í brl.

Ljóst er, að fjárhagslegur ávinningur af sóknarminnkun, af þeirri stærðargráðu, sem hér um ræðir, er mjög verulegur. Sem endranær er spurningin hins vegar sú, hver heildarsóknin hefði orðið á árunum 1984–86, ef skrapdagakerfinu hefði verið haldið áfram.

Í þessari greinargerð er gerð tilraun til að áætla þá minnkun í heildarsókn í botnfisk, sem hugsanlegt er að rekja til aflakvótakerfisins. Greinargerðin er í stórum dráttum þríþætt. Fyrst eru reynslugögn um botnfisksókn og útgerð á tímabilinu 1978–86 notuð til að kanna, hvort tölfræðilega marktæk umskipti hafi orðið í sókn með tilkomu kvótakerfisins. Þessu næst er áætlað, hver sóknin hefði orðið á árunum 1984–86, miðað við að sóknin hefði haldið áfram að þróast á sama hátt og á skrapdagatímabilinu. Að lokum er sú sókn borin saman við raunverulega sókn á tímabilinu 1984–86. Sá mismunur er vísbending um áhrif kvótakerfisins á heildarsókn í botnfisk.

Rétt er að taka fram, að hér er um gróft mat að ræða, sem eflaust er unnt að endurbæta verulega síðar.

2. Þróun heildarsóknar í botnfisk

Sé miðað við tonnúthaldsdaga, hefur heildarsókn í botnfisk þróast á þann hátt sem lýst er í töflu 1.

Tafla 1

Heildarsókn í botnfisk

(Tonnúthaldsdagar fiskiskipa með línu, net og botnvörpu)

Ár	Sókn Vísitala
1977	0.946
1978	0.953
1979	1.000
1980	1.064
1981	1.088
1982	1.241
1983	1.257
1984	1.066
1985	1.009
1986	1.074

Sem sjá má jókst sóknin ár frá ári fram til 1984. Þá virðast hins vegar hafa orðið talsverð þáttaskil, því heildarsókn í botnfisk minnkaði verulega árið 1984 og hefur ekki aukist að marki síðan.

Tölfræðileg athugun á sókn á tímabilinu 1978–86 bendir til þess, að þróun hennar megi lýsa allvel með tiltölulega einfaldri líkingu. Þessu er nánar lýst í mynd 1, sem sýnir annars vegar raunverulega sókn (heila línan) og hins vegar spáða sókn samkvæmt hinu metna tölfræðilega sambandi (punktalínan).

Mynd 1

Raunveruleg og spáð framvinda heildarsóknar í botnfisk



Mynd 2

Sókn í botnfisk m.v. skrapdagakerfið: 1984–6 framreikningur



Eins og glögglega kemur fram í mynd 1 og töflu 1 dregst heildarsókn mjög mikið saman frá og með árinu 1984, þegar kvótakerfið er tekið upp. Því er eðlilegt, að sú spurning vakni, hvort hér sé um tilviljunarkennt frávik eða tölfræðilega marktæka breytingu að ræða. Það er skemmst frá að segja, að öll tölfræðipróf, sem reynd hafa verið gefa það sterklega til kynna, að hér sé um tölfræðilega marktæka breytingu að ræða. Frá og með 1984 þróist sókn í botnfisk eftir öðrum lögmálum en áður.

3. Áætluð sókn 1984–86 samkvæmt skrapdagakerfinu

Fyrrgreinda líkingu fyrir þróun sóknar í botnfisk má nota til að áætla, hver sóknin hefði orðið á árunum 1984–86, ef skrapdagakerfið hefði verið áfram við lýði. Niðurstöðum þessa frameiknings er lýst í mynd 2.

Samkvæmt þeim framreikningi, sem lýst er í mynd 2, hefði botnfisksókn samkvæmt skrapdagakerfinu orðið miklu meiri á árunum 1984–86, en raun varð á. Tölurnar eru nánar raktar í töflu 2.

Tafla 2

Raunveruleg og spáð sókn í botnfisk m.v. skrapdagakerfið
(Vísitölur)

Ár	Raunveruleg Sókn	Áætluð sókn miðað við skrapdagakerfið	Hlutfallsl. mismunur
1978	0.953	0.941	-1.2%
1979	1.000	1.001	0.6%
1980	1.064	1.064	0.3%
1981	1.088	1.131	3.9%
1982	1.241	1.202	-3.2%
1983	1.257	1.278	1.6%
1984	1.066	1.352	23.8%
1985	1.009	1.436	35.3%
1986	1.074	1.526	35.1%

Eins og tafla 2 sýnir er áætluð sókn á árunum 1984–86 miðað við þau þróunarlögmál sóknar sem giltu á tímabili skrapdagakerfisins miklu hærri en raun varð á. Þessi munur er sem fyrr segir tölfræðilega marktækur. Enda þótt hin tölfræðilegu próf sanni að vísu ekkert í því efni, er nærtækt að rekja þennan mun til áhrifa kvótakerfisins, sem upp var tekið árið 1984.

Með hjálp upplýsinga um sóknarkostnað, sem m.a. má lesa út úr gagnaefni Þjóðhagsstofnunar, er hugsanlegt að meta fjárhagslegan sparnað af þeirri sóknarminnkun, sem hér hefur verið lýst. Ljóst er, að þótt einungis yrði miðað við hluta þeirrar sóknarminnkunar, sem hugsanlegt er að rekja til áhrifa kvótakerfisins, er hér um mjög verulegar fjárhæðir að ræða.

Sþ. 202. Fyrirspurn [182. mál]

til utanríkisráðherra um strjálbýlisátak Evrópuráðsins.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur og Kristínu Einarsdóttur.

Hvernig hefur þátttöku Íslands í „strjálbýlisátaki“ Evrópuráðsins (Protection of the countryside) verið háttað hingað til og hvað er fyrirhugað að gera á árinu 1988?

Sþ. 203. Svar [122. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Danfríðar Skarphéðinsdóttur og Kristínar Einarsdóttur um nám á framhaldsskólastigi.

1.–2. Grunnskólapróf og nýnemar á framhaldsskólastigi.

Hér á eftir birtast töflur sem sýna fjölda nemenda sem innritaðir voru í 9. bekk grunnskóla að hausti þau ár sem tiltekin eru. Enn fremur sýna töflurnar þann fjölda nemenda sem tók grunnskólapróf að vori og hve margir náðu framhaldseinkunn. Neðan við hverja töflu er tekið fram hve margir 16 ára nemendur eru skráðir haustið eftir á 1. námsári framhaldsskóla. Það ber að hafa í huga að auk þeirra nemenda, sem ná tilskilinni lágmarkseinkunn á grunnskólaprófi, innritast allmargir nemendur í svokallað fornám sem fram fer á vegum nokkurra framhaldsskóla og eru þeir taldir með. Aðeins er tekið annað hvert ár en breytingar milli ára eru ekki verulegar.

Þá er einnig vakin athygli á því að lítill hluti nemenda er eldri eða yngri en 16 ára þegar þeir ljúka grunnskólaprófi. Nokkuð er um það að nemendur hætta námi um stundarsakir að loknu grunnskólaprófi.

Frekari upplýsingar um þau atriði, sem um er spurt, liggja ekki fyrir en unnt er að afla þeirra á lengri tíma en er til umráða við þessa samantekt.

Eftirfarandi töflur eru byggðar á upplýsingum frá skrifstofu samræmdra prófa. Fjöldi 16 ára nemenda á 1. ári framhaldsskóla er fenginn úr nemendaskrá Hagstofu Íslands.

1980—1981

Fræðsluumdæmi	Fjöldi nemenda að hausti í 9. bekk	Fjöldi nemenda sem tók próf	Fjöldi nemenda sem fékk framhaldseinkunn	Hlutfall nemenda sem fékk framhaldseinkunn
Reykjavík	1381	1322	1026	77.6%
Reykjanes	997	949	687	72.4%
Vesturland	313	306	191	62.4%
Vestfirðir	203	188	109	58.0%
Norðurl. vestra	252	248	164	66.1%
Norðurl. eystra	520	499	355	71.1%
Austurland	237	230	151	65.7%
Suðurland	436	428	278	65.0%
Allt landið	4339	4170	2961	71.0%

Haustið 1981 voru 2930 16 ára nemendur skráðir á 1. námsár í framhaldsskóla.

1982—1983

Fræðsluumdæmi	Fjöldi nemenda að hausti í 9. bekk	Fjöldi nemenda sem tók próf	Fjöldi nemenda sem fékk framhaldseinkunn	Hlutfall nemenda sem fékk framhaldseinkunn
Reykjavík	1224	1177	914	77.7%
Reykjanes	1029	979	738	75.4%
Vesturland	284	281	185	65.8%
Vestfirðir	185	146	80	54.8%
Norðurl.vestra	226	217	139	64.1%
Norðurl. eystra	520	498	358	71.9%
Austurland	243	220	143	65.0%
Suðurland	398	389	246	63.2%
Allt landið	4109	3907	2803	71.7%

Haustið 1983 voru 3042 16 ára nemendur skráðir á 1. námsár í framhaldsskóla.

1984—1985

Fræðsluumdæmi	Fjöldi nemenda að hausti í 9. bekk	Fjöldi nemenda sem tók próf	Fjöldi nemenda sem fékk framhaldseinkunn	Hlutfall nemenda sem fékk framhaldseinkunn
Reykjavík	1202	1189	1015	85.4%
Reykjanes	1010	966	724	74.9%
Vesturland	273	180	130	72.2%
Vestfirðir	135	128	86	67.2%
Norðurl. vestra	210	201	157	78.1%
Norðurl. eystra	512	484	362	74.8%
Austurland	233	208	156	75.0%
Suðurland	378	383	303	79.1%
Allt landið	3953	3739	2933	78.4%

Haustið 1985 voru 2932 16 ára nemendur skráðir á 1. námsár í framhaldsskóla.

1986—1987

Fræðsluumdæmi	Fjöldi nemenda að hausti í 9. bekk	Fjöldi nemenda sem tók próf	Fjöldi nemenda sem fékk framhaldseinkunn	Hlutfall nemenda sem fékk framhaldseinkunn
Reykjavík	1210			
Reykjanes	1021			
Vesturland	285			
Vestfirðir	144			
Norðurl. vestra	215			
Norðurl. eystra	449			
Austurland	215			
Suðurland	432			
Allt landið	3971	3981		

Ekki liggur fyrir hve margir 16 ára nemendur eru skráðir á 1. námsár í framhaldsskóla á þessu hausti.

3. Kennsla á framhaldsskólastigi í fræðsluumdæmum landsins.

Hér á eftir eru taldir upp mennta- og fjölbrautaskólar sem stofnaðir hafa verið eftir 1950. Ekki eru taldar framhaldsdeildir við gagnfræðaskóla sem komið var á fót víða um land um og upp úr 1970 en margir þeirra skóla sem taldir eru hafa tekið við starfsemi þeirra. Framhaldsdeildir eru starfræktar enn á nokkrum stöðum.

Upplýsingar um námsframboð í einstökum fræðsluumdæmum er að finna síðar: *Námsframboð á framhaldsskólastigi skólaárið 1985–1986.*

REYKJAVÍK

Menntaskólinn við Hamrahlíð var stofnaður í september 1966.

Menntaskólinn við Sund var stofnaður í ágúst 1969 sem útibú frá Menntaskólanum í Reykjavík en varð sjálfstæð stofnun 1970.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti var stofnaður í október 1973.

Ármúlaskóli var gerður að sjálfstæðum fjölbrautaskóla í september 1981.

REYKJANESUMDÆMI

Menntaskólinn í Kópavogi var stofnaður í júní 1973.

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ var stofnaður í ágúst 1984. Áður höfðu verið starfræktar framhaldsdeildir við Gagnfræðaskólann í Garðabæ.

Flensborgarskóli í Hafnarfirði. Skólanum var breytt í fjölbrautaskóla vorið 1975.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja í Keflavík tók til starfa í september 1976. Skólinn tók við starfsemi Iðnskólans í Keflavík og framhaldsdeilda við gagnfræðaskólann þar.

VESTURLANDSUMDÆMI

Fjölbrautaskólinn á Akranesi var stofnaður í júní 1977 og tók hann við fyrri starfsemi Iðnskólans á Akranesi og framhaldsdeilda Gagnfræðaskólans á Akranesi.

VESTFJARÐAUMDÆMI

Menntaskólinn á Ísafirði var stofnaður árið 1970. Árin 1960–1970 starfaði eins árs framhaldsdeild við Gagnfræðaskólann á Ísafirði.

NORÐURLANDSUMDÆMI VESTRA

Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki var stofnaður í maí 1978. Hann tók við starfsemi Iðnskólans á Sauðárkróki og framhaldsdeilda við gagnfræðaskólann þar.

NORÐURLANDSUMDÆMI EYSTRA

Verkmenntaskólinn á Akureyri var stofnaður í júní 1984. Tók skólinn við verkefnum Iðnskólans á Akureyri, Hússtjórnarskóla Akureyrar og framhaldsdeilda Gagnfræðaskóla Akureyrar.

Framhaldsskólinn á Húsavík var stofnaður í apríl 1987 og tekur hann við starfsemi framhaldsdeilda sem hafa verið starfræktar við Gagnfræðaskólann á Húsavík.

AUSTURLANDSUMDÆMI

Menntaskólinn á Egilsstöðum tók til starfa haustið 1979.

Verkmenntaskóli Austurlands í Neskaupstað var stofnaður í júlí 1981 og tók hann við starfsemi Iðnskóla Austurlands og Gagnfræðaskólans í Neskaupstað.

Framhaldsskóli Austur-Skaftafellssýslu í Nesjum var stofnaður í maí 1987. Tekur hann við starfsemi framhaldsdeilda sem hafa verið starfræktar við Heppuskóla á Höfn í Hornafirði.

SUÐURLANDSUMDÆMI

Menntaskólinn á Laugarvatni var stofnaður í apríl 1953. Frá 1947 hafði verið kennt námsefni til stúdentsprófs í framhaldsdeildum við Héraðsskólann á Laugarvatni í samvinnu við Menntaskólann í Reykjavík.

Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi var stofnaður í apríl 1981. Skólinn tók við verkefnum Iðnskólans á Selfossi og framhaldsnámi sem verið hafði við Gagnfræðaskólann á staðnum.

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum var stofnaður í mars 1979. Skólinn tók við verkefnum Iðnskólans, Vélskólans og framhaldsdeilda við Gagnfræðaskólann.

4. Framhaldsskólanemar í námi utan fræðsluumdæmis sem þeir eiga lögheimili í.

Eftirfarandi töflur eru unnar upp úr nemendaskrá Hagstofu Íslands.

Nemendur með lögheimili í Reykjavík.

	1979		1985	
Reykjavík	4745	88.9%	5004	88.7%
Reykjanessumdæmi	57	1.1%	66	1.2%
Vesturlandsumdæmi	22	.4%	33	.6%
Vestfjarðaumdæmi	15	.3%	8	.1%
Norðurlandsumdæmi vestra	3	.1%	9	.2%
Norðurlandsumdæmi eystra	7	.1%	15	.3%
Austurlandsumdæmi	4	.1%	8	.1%
Suðurlandsumdæmi	41	.8%	56	1.0%
Utan umdæma	444	8.3%	441	7.8%
	5338	100.0%	5640	100.0%

Nemendur með lögheimili á Reykjanesi.

	1979		1985	
Reykjavík	1398	41.0%	1787	44.9%
Reykjanessumdæmi	1433	42.0%	1702	42.3%
Vesturlandsumdæmi	25	.7%	38	1.0%
Vestfjarðaumdæmi	6	.2%	10	.3%
Norðurlandumdæmi vestra	2	.1%	6	.2%
Norðurlandsumdæmi eystra	9	.3%	27	.7%
Austurlandsumdæmi	4	.1%	11	.3%
Suðurlandsumdæmi	54	1.6%	64	1.6%
Utan umdæma	480	14.1%	335	8.4%
	3411	100.0%	3980	100.0%

Nemendur með lögheimili á Vesturlandi.

	1979		1985	
Reykjavík	276	29.2%	275	29.6%
Reykjanessumdæmi	24	2.5%	24	2.6%
Vesturlandsumdæmi	492	52.0%	488	52.5%
Vestfjarðaumdæmi	6	.6%	4	.4%
Norðurlandsumdæmi vestra	1	.1%	9	1.0%
Norðurlandsumdæmi eystra	31	3.3%	34	3.7%
Austurlandsumdæmi	4	.4%	1	.1%
Suðurlandsumdæmi	22	2.3%	21	2.3%
Utan umdæma	90	9.5%	74	8.0%
	946	100.0%	930	100.0%

Nemendur með lögheimili á Vestfjörðum.

	1979		1985	
Reykjavík	182	34.6%	137	27.9%
Reykjanessumdæmi	15	2.9%	21	4.3%
Vesturlandsumdæmi	47	8.9%	48	9.8%
Vestfjarðaumdæmi	207	39.4%	185	37.7%
Norðurlandsumdæmi vestra	6	1.1%	11	2.2%
Norðurlandsumdæmi eystra	11	2.1%	27	5.5%
Austurlandsumdæmi	0	0.0%	2	.4%
Suðurlandsumdæmi	30	5.7%	17	3.5%
Utan umdæma	28	5.3%	43	8.8%
	526	100.0%	491	100.0%

Nemendur með lögheimili á Norðurlandi vestra.

	1979		1985	
Reykjavík	189	31.6%	150	23.2%
Reykjanessumdæmi	11	1.8%	22	3.4%
Vesturlandsumdæmi	44	7.3%	31	4.8%
Vestfjarðaumdæmi	1	.2%	1	.2%
Norðurlandsumdæmi vestra	124	20.7%	266	41.2%
Norðurlandsumdæmi eystra	84	14.0%	77	11.9%
Austurlandsumdæmi	6	1.0%	3	.5%
Suðurlandsumdæmi	15	2.5%	11	1.7%
Utan umdæma	125	20.9%	85	13.2%
	599	100.0%	646	100.0%

Nemendur með lögheimili á Norðurlandi eystra.

	1979		1985	
Reykjavík	234	16.2%	237	13.2%
Reykjanessumdæmi	17	1.2%	31	1.7%
Vesturlandsumdæmi	46	3.2%	44	2.5%
Vestfjarðaumdæmi	2	.1%	3	.2%
Norðurlandsumdæmi vestra	4	.3%	31	1.7%
Norðurlandsumdæmi eystra	834	57.9%	1272	71.0%
Austurlandsumdæmi	7	.5%	12	.7%
Suðurlandsumdæmi	26	1.8%	32	1.8%
Utan umdæma	271	18.8%	129	7.2%
	1441	100.0%	1791	100.0%

Nemendur með lögheimili á Austurlandi.

	1979		1985	
Reykjavík	234	35.5%	183	23.5%
Reykjanessumdæmi	30	4.6%	17	2.2%
Vesturlandsumdæmi	28	4.2%	39	5.0%
Vestfjarðaumdæmi	3	.5%	2	.3%
Norðurlandsumdæmi vestra	2	.3%	12	1.5%
Norðurlandsumdæmi eystra	34	5.2%	57	7.3%
Austurlandsumdæmi	205	31.1%	376	48.2%
Suðurlandsumdæmi	32	4.9%	32	4.1%
Utan umdæma	91	13.8%	62	7.9%
	659	100.0%	780	100.0%

Nemendur með lögheimili á Suðurlandi.

	1979		1985	
Reykjavík	386	37.0%	341	27.9%
Reykjanessumdæmi	33	3.2%	22	1.8%
Vesturlandsumdæmi	24	2.3%	31	2.5%
Vestfjarðaumdæmi	8	.8%	1	.1%
Norðurlandsumdæmi vestra	1	.1%	4	.3%
Norðurlandsumdæmi eystra	9	.9%	8	.7%
Austurlandsumdæmi	3	.3%	9	.7%
Suðurlandsumdæmi	407	39.0%	715	58.5%
Utan umdæma	173	16.6%	91	7.4%
	1044	100.0%	1222	100.0%

5. Heimavistarrými.

Eftirfarandi upplýsingar eru fengnar frá byggingadeild menntamálaráðuneytisins. Þess ber að gæta að heimavistarrými í *héraðsskólum* eru einnig ætluð grunnskólanemendum en þessir skólar eru með 8. og 9. bekk grunnskóla eða 9. bekk auk framhaldsdeilda. Þá er talningin ónákvæm vegna þess að það er nokkuð á reiki hve margir nemendur búa saman í herbergi.

Reykjavík		
Sjómannaskólinn		20 rými
	Samtals	20 rými
Vesturlandsumdæmi		
Fjölbrautaskólinn á Akranesi		64 rými
Héraðsskólinn í Reykholti		80 rými
	Samtals	144 rými
Vestfjarðaumdæmi		
Menntaskólinn á Ísafirði		70 rými
Héraðsskólinn á Núpi		60 rými
Héraðsskólinn í Reykjanesi		60 rými
	Samtals	190 rými
Norðurlandsumdæmi vestra		
Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki		80 rými
Héraðsskólinn á Reykjum		80 rými
	Samtals	160 rými
Norðurlandsumdæmi eystra		
Menntaskólinn á Akureyri		130 rými
Héraðsskólinn á Laugum		90 rými
	Samtals	220 rými
Austurlandsumdæmi		
Menntaskólinn á Egilsstöðum		110 rými
Verkmenntaskóli Austurlands		20 rými
Alþýðuskólinn á Eiðum		120 rými
	Samtals	250 rými
Suðurlandsumdæmi		
Menntaskólinn á Laugarvatni		180 rými
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum		10 rými
Héraðsskólinn í Skógum		70 rými
	Samtals	260 rými

Heimavistarrými á landinu alls: 1244 rými.

6. Framhaldsskólanemar í öldungadeildum.

Eftirfarandi tölur eru fengnar frá viðkomandi skólum.

	Nemendur alls	Konur fjöldi	Konur hlutfall
Reykjavík			
Menntaskólinn við Hamrahlíð	560	325	58.0%
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	843	497	59.0%
Verslunarskóli Íslands	291	211	72.5%
Iðnskólinn í Reykjavík	78	10	12.8%
Reykjanesumdæmi			
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	152	107	70.4%
Flensborgarskóli	126	107	84.9%
Vesturlandsumdæmi			
Fjölbrautaskólinn á Akranesi	47	40	85.1%
Vestfjarðaumdæmi			
Menntaskólinn á Ísafirði	28	26	92.9%
Norðurlandsumdæmi vestra			
Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki	87	67	77.0%
Norðurlandsumdæmi eystra			
Menntaskólinn á Akureyri	76	67	88.2%
Verkmenntaskólinn á Akureyri	126	111	88.1%
Austurlandsumdæmi			
Menntaskólinn á Egilsstöðum	30	25	83.3%
Suðurlandsumdæmi			
Fjölbrautaskóli Suðurlands	156	122	78.2%
	2600	1715	66.0%

NÁMSFRAMBOÐ SKÓLAÁRIÐ 1985–1986 Í EINSTÖKUM FRÆÐSLUUMDÆMUM

Námsbrautir í boði í Reykjavík skólaárið 1985–1986.

	Alls	Konur	Karlar
Almenn bóknámsbraut	527	284	243
Almennt nám, eðlisfræðibraut	365	81	284
Almennt nám, fjölmiðlabraut	8	5	3
Almennt nám, fornmálabraut	41	29	12
Almennt nám, félagsmálabraut	441	255	186
Almennt nám, hagfræðibraut	256	107	149
Almennt nám, heilsugæslubraut	82	79	3
Almennt nám, hússtjórnarbraut	12	10	2
Almennt nám, myndlistarbraut	26	22	4
Almennt nám, málabraut	391	307	84
Almennt nám, náttúrufræðibraut	605	324	281
Almennt nám, nýmálabraut	254	198	56
Almennt nám, sjávarútvegsbraut	10	2	8
Almennt nám, stærðfræðibraut	259	113	146
Almennt nám, tónlistarbraut	22	16	6
Almennt nám, viðskiptabraut	235	126	109
Almennt nám, íþróttabraut	68	35	33
Auglýsingateikning	38	19	19
Bakaraiðn og kökugerð	17	1	16
Bifreiðasmíði, samningsbundið nám	16	0	16
Bifvélavirkjun, samningsbundið nám	53	2	51
Blikksmíði, samningsbundið nám	9	0	9
Byggingartækni	12	0	12
Bókband, samningsbundið nám	10	5	5
Fataiðnbraut, ósamningsbundið nám	10	10	0
Fornám	140	56	84
Fósturnám	221	217	4
Framreiðsla	30	18	12
Frjáls myndlist	98	66	32
Frumgreinar til undirbúnings tækniskólanámi	149	0	149
Hagnýt myndlist	23	23	0
Hárgreiðsla	26	25	1
Hárskurður	21	14	7
Hársnyrtibraut	51	48	3
Heilsugæslubraut	110	102	8
Hjúkrunarfræði, almennt nám til hjúkrunarprófs	88	88	0
Hjúkrunarfræði, nám hjúkrunarfræðinga í sérgrein	32	32	0
Hljóðfærakennaranám	36	25	11
Hljóðfæraleikur	32	17	15
Húsamálun, samningsbundið nám	12	0	12
Húsasmíði, samningsbundið nám	48	3	45
Húsasmíði, ósamningsbundið nám	21	0	21
Húsgagnasmíði, samningsbundið nám	6	3	3

Námsbrautir í boði í Reykjavík skólaárið 1985–1986.

	Alls	Konur	Karlar
Iðnnám, samningsbundið, ótilgreint	2	0	2
Iðnnám, iðngrein ótilgreind	41	29	12
Íþrótta- og félagsmálabraut	47	26	21
Íþróttabraut	42	15	27
Kjólasaumur, samningsbundið nám	12	12	0
Kjötiðn	18	1	17
Klæðskurður karla	4	4	0
Leiklistarnám	23	11	12
Ljósmæðrafræði	19	19	0
Lyfjatækni	37	37	0
Læknaritara- og þjónustubraut	2	2	0
Markaðs- og sölufræðabraut	62	20	42
Matreiðsla	53	6	47
Matvælatæknibraut	51	26	25
Málmiðnabraut, ósamningsbundið nám	102	0	102
Meistaraskóli byggingariðna	32	0	32
Meistaraskóli byggingariðna, annar hluti	15	0	15
Meistaraskóli byggingariðna, þriðji hluti	34	0	34
Múrsmíði, samningsbundið nám	12	0	12
Myndlistarbraut	90	66	24
Myndmenntakennaranám	15	14	1
Offsetskeyting og plötugerð, samningsbundið	26	14	12
Pípulagnir, samningsbundið nám	10	0	10
Póstþjónustubraut	36	29	7
Prentmyndaljósmyndun, samningsbundið nám	9	1	8
Prentsetning, samningsbundið nám	10	6	4
Prentun, samningsbundið nám	21	0	21
Rafeindabraut	158	14	144
Rafiðnabraut, ósamningsbundið nám	156	3	153
Raftækni, almennt	18	0	18
Rafvirkjun, samningsbundið nám	46	1	45
Rafvirkjun, ósamningsbundið nám	29	1	28
Rafvélavirkjun, samningsbundið nám	12	0	12
Rekstrar- og hagfræðibraut	1	1	0
Rennismíði, samningsbundið nám	6	0	6
Símvirkjun	23	0	23
Sjávarútvegsbraut	1	0	1
Sjúkraliðanám	66	65	1
Skipstjórn	10	0	10
Skrifstofu- og stjórnunarbraut	175	95	80
Stálskipasmíði, samningsbundið nám	2	0	2
Stálvirkjun, samningsbundið nám	1	0	1
Stýrimannanám, 1. stigs	38	0	38
Stýrimannanám, 2. stigs	24	0	24
Stýrimannanám, 3. stigs	17	0	17
Söngnám	13	13	0

Námsbrautir í boði í Reykjavík skólaárið 1985–1986.

	Alls	Konur	Karlar
Tónlistarfræði	10	2	8
Tónmenntakennaranám	20	13	7
Tréiðnabraut, ósamningsbundið nám	84	5	79
Tæknibraut	23	3	20
Tækniteikning	73	54	19
Tölvufræðabraut	11	3	8
Uppeldisbraut	399	341	58
Útgerðartækni	16	1	15
Vélsmíðabraut, ósamningsbundið nám	11	0	11
Vélstjórnarnám, 1. stigs	1	0	1
Vélstjórnarnám, 2. stigs	62	0	62
Vélstjórnarnám, 3. stigs	21	0	21
Vélstjórnarnám, 4. stigs	109	1	108
Véltækni	9	0	9
Vélvirkjun, samningsbundið nám	21	0	21
Viðskiptabraut	739	409	330
	8141	4130	4011

Námsbrautir í boði í Reykjanesumdæmi skólaárið 1985–1986.

	Alls	Konur	Karlar
Almenn bóknámsbraut	69	39	30
Almennt nám, eðlisfræðibraut	152	25	127
Almennt nám, fjölmiðlabraut	13	5	8
Almennt nám, félagsmálabraut	126	65	61
Almennt nám, heilsugæslubraut	29	27	2
Almennt nám, málabraut	236	176	60
Almennt nám, náttúrufræðibraut	187	77	110
Almennt nám, samfélagsbraut	6	3	3
Almennt nám, tónlistarbraut	11	6	5
Almennt nám, tölvufræðibraut	28	5	23
Almennt nám, viðskiptabraut	229	89	140
Almennt nám, íþróttabraut	21	13	8
Bakaraiðn og kökugerð	1	0	1
Bifvélavirkjun, samningsbundið nám	2	0	2
Blikksmíði, samningsbundið nám	4	0	4
Bóknám fiskvinnslubrautar	22	10	12
Fiskiðnaðarbraut	19	4	15
Fjölmiðlabraut	14	6	8
Flugliðabraut	32	0	32
Fornám	56	19	37
Frumgreinar til undirbúnings tækniskólanámi	2	0	2

Námsbrautir í boði í Reykjanesumdæmi skólaárið 1985–1986.

	Alls	Konur	Karlar
Hársnyrtibraut	34	33	1
Heilsugæslubraut	28	23	5
Húsasmíði, samningsbundið nám	30	0	30
Húsgagnasmíði, samningsbundið nám	5	0	5
Íþróttabraut	28	9	19
Kjötiðn	1	0	1
Málmiðnabraut, ósamningsbundið nám	16	0	16
Meistaraskóli	12	0	12
Múrsmíði, samningsbundið nám	2	0	2
Pípulagnir, samningsbundið nám	6	0	6
Rafiðnabraut, samningsbundið nám	10	0	10
Rafiðnabraut, ósamningsbundið nám	56	1	55
Skipstjórn	17	0	17
Stálvirkjun, samningsbundið nám	2	0	2
Tréiðnabraut, ósamningsbundið nám	24	0	24
Tæknibraut	4	1	3
Tækniteikning	2	0	2
Tækniteikning, fyrri hluti	5	4	1
Tækniteikning, síðari hluti	6	4	2
Tölvufræðibraut	1	1	0
Uppeldisbraut	102	86	16
Vélsmíðar, samningsbundið nám	2	0	2
Vélstjórnarnám, 1. stigs	1	0	1
Vélvirkjun, samningsbundið nám	3	0	3
Viðskiptabraut	188	108	80
Þroskaþjálfanám	67	65	2
	1911	904	1007

Námsbrautir í boði í Vesturlandsumdæmi skólaárið 1985–1986.

	Alls	Konur	Karlar
Almenn bóknámsbraut	55	27	28
Almennt nám, eðlisfræðibraut	9	2	7
Almennt nám, fjölmiðlabraut	1	0	1
Almennt nám, félagsmálabraut	12	10	2
Almennt nám, heilsugæslubraut	28	23	5
Almennt nám, málabraut	38	30	8
Almennt nám, náttúrufræðibraut	27	9	18
Almennt nám, tónlistarbraut	4	4	0
Almennt nám, tölvufræðibraut	37	11	26
Almennt nám, viðskiptabraut	35	22	13
Almennt nám, íþróttabraut	13	6	7
Bifvélavirkjun, samningsbundið nám	4	0	4
Bóknám fiskvinnslubrautar	4	1	3
Búfræði	77	25	52
Fjölmiðlabraut	9	2	7
Fornám	24	9	15
Frumgreinar til undirbúnings tækniskólanámi	5	0	5
Hársnyrtibraut	2	1	1
Heilsugæslubraut	13	13	0
Húsasmíði, samningsbundið nám	6	0	6
Hússtjórnarskólanám	10	10	0
Iðnnám samningsbundið, ótilgreint	6	0	6
Íþróttabraut	19	5	14
Matvælatæknibraut	4	0	4
Málmiðnabraut, ósamningsbundið nám	15	1	14
Múrsmíði, samningsbundið nám	1	0	1
Netagerð, samningsbundið nám	1	0	1
Rafiðnabraut, samningsbundið nám	5	0	5
Rafiðnabraut, ósamningsbundið nám	36	1	35
Skipstjórn	26	0	26
Tréiðnabraut, ósamningsbundið nám	18	1	17
Tæknibraut	4	0	4
Tækniteikning	5	2	3
Tölvufræðibraut	6	1	5
Uppeldisbraut	49	47	2
Vélstjórnarnám, 1. stigs	2	0	2
Vélvirkjun, samningsbundið nám	14	0	14
Viðskiptabraut	130	77	53
	754	340	414

Námsbrautir í boði í Vestfjarðaumdæmi 1985–1986.

	Alls	Konur	Karlar
Almenn bóknámsbraut	49	27	22
Almennt nám, náttúrufræðibraut	12	7	5
Almennt nám, raungreinabraut	24	6	18
Almennt nám, samfélagsbraut	40	30	10
Almennt nám, viðskiptabraut	6	0	6
Bifvélavirkjun, samningsbundið nám	1	0	1
Blikksmíði, samningsbundið nám	2	0	2
Fornám	17	7	10
Frumgreinar til undirbúnings tækniskólanámi	3	0	3
Húsasmíði, samningsbundið nám	3	0	3
Iðnnám samningsbundið, ótilgreint	2	2	0
Rafiðnabraut, ósamningsbundið nám	17	1	16
Tækniteikning	1	1	0
Vélstjórn	7	0	7
Viðskiptabraut	32	20	12
	216	101	115

Námsbrautir í boði í Norðurlandsumdæmi vestra skólaárið 1985–1986.

	Alls	Konur	Karlar
Almenn bóknámsbraut	19	5	14
Almennt nám, heilsugæslubraut	1	1	0
Almennt nám, málabraut	30	22	8
Almennt nám, náttúrufræðibraut	45	13	32
Almennt nám, samfélagsbraut	40	19	21
Almennt nám, tónlistarbraut	1	0	1
Almennt nám, viðskiptabraut	24	12	12
Bifvélavirkjun, samningsbundið nám	2	0	2
Bóknám fiskvinnslubrautar	1	0	1
Búfræði	43	11	32
Frumgreinar til undirbúnings tækniskólanámi	2	0	2
Heilsugæslubraut	6	6	0
Húsasmíði, samningsbundið nám	4	1	3
Málmiðnabraut, ósamningsbundið nám	19	0	19
Rafiðnabraut, ósamningsbundið nám	15	0	15
Uppeldisbraut	27	24	3
Viðskiptabraut	69	48	21
	348	162	186

Námsbrautir í boði í Norðurlandsumdæmi eystra skólaárið 1985–1986.

	Alls	Konur	Karlar
Almenn bóknámsbraut	212	141	71
Almennt nám, eðlisfræðibraut	56	7	49
Almennt nám, heilsugæslubraut	30	30	0
Almennt nám, myndlistarbraut	17	9	8
Almennt nám, málabraut	124	84	40
Almennt nám, náttúrufræðibraut	154	86	68
Almennt nám, samfélagsbraut	80	51	29
Almennt nám, tónlistarbraut	10	7	3
Almennt nám, viðskiptabraut	101	58	43
Bakaraiðn og kökugerð	5	0	5
Bifvélavirkjun, samningsbundið nám	10	0	10
Blikksmíði, samningsbundið nám	1	0	1
Fornám	64	29	35
Frjáls myndlist	5	4	1
Frumgreinar til undirbúnings tækniskólanámi	28	0	28
Heilsugæslubraut	48	45	3
Húsamálun, samningsbundið nám	8	1	7
Húsasmíði, samningsbundið nám	11	0	11
Iðnnám samningsbundið, ótilgreint	17	7	10
Íþróttabraut	13	5	8
Kjötiðn	10	2	8
Matvælatæknibraut	53	25	28
Málmiðnabraut, ósamningsbundið nám	29	0	29
Myndlistarbraut	4	4	0
Múrsmíði, ósamningsbundið nám	1	0	1
Prentsetning, samningsbundið nám	1	0	1
Prentun, samningsbundið nám	3	0	3
Pípulagnir, samningsbundið nám	1	0	1
Rafeindavirkjun, samningsbundið nám	1	0	1
Rafeindavirkjun, ósamningsbundið nám	10	0	10
Rafiðnabraut, ósamningsbundið nám	30	1	29
Rafvirkjun, samningsbundið nám	7	0	7
Reiðtygja- og aktygjasmíði, samningsbundið nám	1	0	1
Sjúkraliðanám	11	11	0
Skipstjórn	21	0	21
Stálvirkjun, samningsbundið nám	1	0	1
Stýrimannanám, 1. stigs	10	0	10
Tréiðnanám, ósamningsbundið	22	1	21
Tækniteikning	10	9	1
Uppeldisbraut	78	62	16
Vélstjórn	13	0	13
Vélstjórnarnám, 1. stigs	15	0	15
Vélstjórnarnám, 2. stigs	8	0	8
Vélvirkjun, samningsbundið nám	3	0	3
Viðskiptabraut	184	106	78
	1521	785	736

Námsbrautir í boði í Austurlandsumdæmi skólaárið 1985–1986.

	Alls	Konur	Karlar
Almenn bóknámsbraut	104	50	54
Almennt nám, eðlisfræðibraut	5	0	5
Almennt nám, félagsmálabraut	31	18	13
Almennt nám, heilsugæslubraut	12	12	0
Almennt nám, málabraut	22	17	5
Almennt nám, náttúrufræðibraut	37	17	20
Almennt nám, tölvufræðibraut	4	0	4
Almennt nám, viðskiptabraut	34	20	14
Almennt nám, íþróttabraut	9	4	5
Bakaraiðn og kökugerð	1	0	1
Bifvélavirkjun, samningsbundið nám	1	0	1
Búsýslubraut	2	1	1
Fornám	5	2	3
Heilsugæslubraut	7	7	0
Húsasmíði, samningsbundið nám	12	1	11
Íþróttabraut	10	1	9
Málmiðnabraut, samningsbundið nám	13	0	13
Málmiðnabraut, ósamningsbundið nám	7	0	7
Netagerð, samningsbundið nám	3	0	3
Rafiðnabraut, samningsbundið nám	4	0	4
Rafiðnabraut, ósamningsbundið nám	8	0	8
Stýrimannanám, 1. stigs	6	0	6
Tréiðnabraut, ósamningsbundið nám	8	1	7
Uppeldisbraut	23	21	2
Viðskiptabraut	54	42	12
	422	214	208

Námsbrautir í boði í Suðurlandsumdæmi skólaárið 1985–1986.

	Alls	Konur	Karlar
Almenn bóknámsbraut	81	32	49
Almennt nám, eðlisfræðibraut	29	1	28
Almennt nám, félagsmálabraut	30	17	13
Almennt nám, heilsugæslubraut	21	20	1
Almennt nám, málabraut	97	72	25
Almennt nám, náttúrufræðibraut	105	39	66
Almennt nám, stræðfræðibraut	38	12	26
Almennt nám, tónlistarbraut	3	2	1
Almennt nám, tölvufræðibraut	14	4	10
Almennt nám, viðskiptabraut	77	42	35
Almennt nám, íþróttabraut	20	4	16
Bifvélavirkjun, samningsbundið nám	5	0	5
Búsýslubraut	4	0	4
Fornám	10	4	6
Frumgreinar til undirbúnings tækniskólanámi	6	0	6
Garðplöntufræði	8	5	3
Hársnyrtibraut	3	3	0
Heilsugæslubraut	21	20	1
Húsamálun, samningsbundið nám	4	0	4
Húsasmíði, samningsbundið nám	17	2	15
Húsgagnasmíði, samninsbundið nám	1	1	0
Hússtjórnarskólanám	23	23	0
Iðnnám samningsbundið, ótilgreint	22	2	20
Íþróttabraut	5	4	1
Íþróttakennaranám	44	19	25
Lýðháskólanám	13	7	6
Matvælatæknibraut	2	0	2
Málmiðnabraut, ósamningsbundið nám	26	0	26
Netagerð, samningsbundið nám	1	0	1
Rafiðnabraut, samningsbundið nám	9	0	9
Rafiðnabraut, ósamningsbundið nám	10	1	9
Skrúðgarðyrkja	9	2	7
Stýrimannanám, 1. stigs	18	0	18
Stýrimannanám, 2. stigs	16	0	16
Tréiðnabraut, ósamningsbundið nám	8	1	7
Tækniteikning	4	4	0
Tölvufræðibraut	5	1	4
Uppeldisbraut	55	47	8
Vélstjórnarnám, 1. stigs	5	0	5
Vélstjórnarnám, 2. stigs	4	0	4
Vélvirkjun, samningsbundið nám	5	0	5
Viðskiptabraut	65	43	22
Ylrækt	11	5	6
	954	439	515

Iðnnemar á samningi, utan skóla.
Námsbrautir í boði skólaárið 1985–1986.

	Alls	Konur	Karlar
Almenn ljósmyndun, samningsbundið nám	3	1	2
Bakaraiðn og kökugerð	58	3	55
Bifreiðasmíði, samningsbundið nám	4	0	4
Bifvélavirkjun, samningsbundið nám	58	0	58
Bílamálun, samningsbundið nám	19	0	19
Blikksmíði, samningsbundið nám	42	1	41
Bókband, samningsbundið nám	11	4	7
Framreiðsla	34	17	17
Glerslípun og speglagerð, samningsbundið nám	1	0	1
Gull- og silfursmíði, samningsbundið nám	4	3	1
Hárgreiðsla	8	8	0
Hárskurður	6	5	1
Húsamálun, samningsbundið nám	65	0	65
Húsasmíði, samningsbundið nám	307	2	305
Húsgagnabólstrun, samningsbundið nám	3	0	3
Húsgagnasmíði, samningsbundið nám	7	0	7
Ketil- og plötusmíði, samningsbundið nám	18	0	18
Kjötiðn	65	10	55
Klæðskurður karla, samningsbundið nám	1	0	1
Matreiðsla	99	22	77
Málmsteypa, samningsbundið nám	3	0	3
Mjólkuriðn	13	0	13
Múrsmíði, samningsbundið nám	42	0	42
Netagerð, samningsbundið nám	9	0	9
Offsetprentun, samningsbundið nám	17	0	17
Offsetskeyting og plötugerð, samningsbundið nám	7	2	5
Persónuljósmyndun, samningsbundið nám	9	4	5
Pípulagnir, samningsbundið nám	49	0	49
Prentmyndaljósmyndun, samningsbundið nám	3	0	3
Prentsetning, samningsbundið nám	10	7	3
Prentun, samningsbundið nám	9	0	9
Rafeindavirkjun, samningsbundið nám	1	0	1
Rafvélavirkjun, samningsbundið nám	2	0	2
Rafvirkjun, samningsbundið nám	50	0	50
Reiðtygja- og aktygjasmíði, samningsbundið nám	1	0	1
Rennsmíði, samningsbundið nám	13	0	13
Skrúðgarðyrkja	9	2	7
Stálskipasmíði, samningsbundið nám	1	0	1
Stálvirkjun, samningsbundið nám	3	0	3
Tannsmíði, samningsbundið nám	6	0	6
Tréskipasmíði, samningsbundið nám	2	0	2
Úrsmíði, samningsbundið nám	1	0	1
Veggfóðrun, samningsbundið nám	8	0	8
Vélvirkjun, samningsbundið nám	189	0	189
	1270	91	1179

Sþ. **204. Svar** [114. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Unnar Stefánsdóttur um samfelldan skóladag barna á grunnskólastigi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað eru margir skólar á landinu sem bjóða börnum á grunnskólaaldri samfelldan skóladag?*
2. *Hvenær er að vænta þess að allir grunnskólar á landinu hafi samfelldan skóladag?*

Um efni fyrri spurningarinnar eru ekki til nýrri upplýsingar en þær sem fram koma í skýrslu nefndar er fyrrverandi menntamálaráðherra, Ragnhildur Helgadóttir, skipaði til að fjalla um samfelldan skóla og tengsl heimila og skóla. Nefndin skilaði niðurstöðum sínum og heildartillögum í janúar 1986. Í framhaldi af störfum þessarar nefndar var skipuð önnur til að huga sérstaklega að samfelldum skóladegi í grunnskólum Reykjavíkur. Sú nefnd hefur ekki lokið störfum.

Skilgreining á „samfelldum skóladegi" skiptir máli. Venja er að skilgreina samfelldan skóladag sem *samfellda viðveru*, þ.e. að nemendur þurfa aðeins að fara tvær ferðir á dag milli skóla og heimilis. Í þessu felst að þegar nemendur fara heim í hádegi er ekki um samfelldan skóladag að ræða.

Sumum foreldrum, kennurum og skólastjórum finnst eftirsóknarvert að börn komi heim í hádegismat og vilja skilgreina skóladag samfelldan þótt um fleiri en tvær ferðir sé að ræða á dag milli skóla og heimilis ef ekki eru aðrar eyður í stundatöflu. Hefur þá gjarnan verið talað um *samfelldan vinnutíma*.

Samkvæmt könnunum sem gerðar voru á vegum fyrrnefndu nefndarinnar má ætla að samfelldur skóladagur í merkingunni samfelld viðvera sé sem hér segir:

REYKJAVÍK (24 skólar, alls 12 709 nemendur).
Samfelld viðvera: 7 skólar eða 29% skóla með 3268 nemendum eða 26%.

REYKJANES (27 skólar alls, nemendur 10 454).
Samfelld viðvera: Að miklu leyti í 17 skólum (63%) með 7666 nemendum eða 73%.

VESTURLAND (17 skólar, nemendur alls 2851).
Samfelld viðvera: Í 9 skólum (flestir heimavistarskólar) 53% hjá 1020 nemendum eða 36%.

VESTFIRÐIR (23 skólar, nemendur alls 1863):
Samfelld viðvera: Í 13 skólum að mestu eða í 57% skóla hjá 1154 nemendum eða 62%.

NORÐURLAND VESTRA (20 skólar, nemendur alls 2041).
Samfelld viðvera: Í 16 skólum eða 80% skóla að mestu með 969 nemendum eða 47%.

NORÐURLAND EYSTRA (35 skólar, nemendur alls 4758).
Samfelld viðvera: Í 18 skólum eða 51% skóla með 1018 nemendum eða 21%.

AUSTURLAND (27 skólar, nemendur alls 2375).
Samfelld viðvera: Að mestu í 19 skólum eða 70% með 659 nemendum eða 28%.

SUÐURLAND (33 skólar, nemendur alls 3937).
Samfelld viðvera: Að mestu í 21 skóla eða 64% skóla með 1478 nemendum eða 38%.

Eins og þessar upplýsingar bera með sér er hlutfall skóla og hlutfall nemenda sem njóta samfelldrar viðveru mjög mismunandi eftir fræðsluumdæmum. Hlutfallið hækkar verulega ef spurt er um samfelldan vinnutíma. Má ætla að á landinu öllu sé samfelldur vinnutími í u.þ.b. 85% skóla og að u.þ.b. 60% nemenda hafi samfelldan vinnutíma.

Á þeim tíma sem liðinn er síðan nefndin um samfelldan skóladag og tengsl heimila og skóla lét kanna stöðuna má sjá ýmis merki þess að ástandið hafi batnað. Reykjavíkurnefndin lét athuga sérstaklega stöðuna í grunnskólum borgarinnar skólaárið 1986–1987 (sjá fskj. I). Þar kemur m.a. fram að í forskóla, 1., 2. og 3. bekk, er nánast um 100% samfellda viðveru að ræða. Aukaferðum milli heimilis og skóla fjölgar eftir því sem ofar kemur í grunnskólann. Í heild njóta rúmlega 70% grunnskólanemenda í Reykjavík samfelldrar viðveru og ef bætt er við þeim sem aðeins þurfa að fara eina aukaferð á viku milli heimilis og skóla er talan komin í tæp 83%.

Seinni spurningunni er ógjörningur að svara beint. Ef tryggja á samfellda viðveru fyrir alla nemendur grunnskóla þarf fjárfrekar aðgerðir. Þá þyrfti t.d. að koma upp íþróttaaðstöðu og mötuneyti við hvern skóla, fjölga starfsliði vegna gæslu o.fl. Samfelldri viðveru verður því varla komið á í einu vetfangi í öllum skólum landsins.

Ætla má að skemmri tíma taki að koma á samfelldum vinnutíma og í reynd hefur mjög þokast í þá átt á síðustu árum. Það sem líklega ræður úrslitum er stöðugleiki í kennaraliði og almenn aðstaða í skólum, svo sem skólasöfn.

Samfelld viðvera kennara í skólum er þó líklega mikilvægasta forsendan fyrir bæði samfelldri viðveru nemenda og samfelldum vinnutíma. Ráðuneytið hefur beitt sér fyrir því að skapa slíkar forsendur og jafnframt haft hliðsjón af tillögum nefndarinnar frá 1986 sem hér fara á eftir:

1. Stefnt verði að samfelldri viðveru nemenda í grunnskólum með því að:

1.1. Bæta skipulag og stundaskrárgerð.

Aukin tölvueign skóla gerir kleift að hagnýta þá tækni við stundaskrárgerð.

Við skipulag skólastarfsins verður nemandinn, tími hans og vinna að vera í brennidepli.

Þegar kennarar skipta vinnu sinni milli skóla, verða þeir skólar sem í hlut eiga að hafa samráð um skiptinguna.

Fastur viðverutími kennara í skólum eykur líkur á samfelldni hjá nemendum.

1.2. Taka tillit til samfelldni við hönnun skólahúsnæðis og í framkvæmdum við skólabyggingar.

Miða stærð skóla eða stærð skipulagseininga innan skóla við 400–600 nemendur eða færri.

Hafa skóla einsetta eða því sem næst.

Gera ráð fyrir vinnuaðstöðu nemenda og kennara utan fastra kennslustunda.

Gera ráð fyrir aðstöðu til að afgreiða og neyta skólanestis eða aðstöðu til að framreiða og neyta skólamáltíða.

Stuðla þarf að frekari þróun í hönnun færanlegs skólahúsnæðis.

Hraða uppbyggingu aðstöðu fyrir list- og verkgreinar.

1.3. Efla skólasöfn og vinnuaðstöðu nemenda utan fastra kennslustunda.

Tryggja verður hverjum skóla lágmarksbókakost.

Auka þarf fjölbreytni gagna á skólasöfnum og gera þau að eins konar miðstöð skólastarfsins.

Koma þarf upp lesaðstöðu í tengslum við skólasöfn.

1.4. Gefa kost á nestispökkum eða máltíðum á skólatíma.
Ráða þarf sérstakt starfsfólk til að sjá um móttöku, afgreiðslu og fjárreiður vegna nestispakka.
Sjái nemendur og kennarar um skólanesti eða skólamáltíðir verður að umbuna þeim fyrir vinnu sína.
Til að auka líkur á að skólanesti eða máltíðir verði almennt notaðar og þar með auknar líkur á samfelldni þarf að stilla verði í hóf.
Skólamatur verður að vera í senn hollur, næringarríkur og fjölbreyttur og falla að síbreytilegum smekk nemenda.

1.5. Skipuleggja skólastarf á sveigjanlegan hátt.
Athuga þarf möguleika á að haga skipulagi starfsins þannig að nemendur geti byrjað og lokið skóladegi á mismunandi tíma.
Fella verður kennslu í list- og verkgreinum inn í aðra kennslu þannig að bæði viðvera og verkefni myndi eðlilega heild.
Losa þarf um fastmótað bekkjakerfi ef önnur hópaskipan eykur samfelldni.

Fylgiskjal I.

Samfelldur skóladagur í Reykjavík.
Forsendur og skýringar.

Á meðfylgjandi yfirliti er það talinn *samfelldur skóladagur* þegar nemandi þarf ekki, samkvæmt stundaskrá, að fara nema fimm ferðir í skólann á viku eða eina ferð á dag. Ferðir í skóla umfram þetta mark eru í yfirlitinu nefndar aukaferðir.

Kennsla í sérgreinum hindrar oft samfelldni. Sérgreinastofur, svo sem fyrir handmennt, myndmennt og tónmennt rúma einfaldlega ekki, á réttum tíma, þann stundafjölda sem þar þarf að koma fyrir.

Sú sérgrein sem þó er algengasta hindrunin er leikfimi. Litlu salirnir, sem ekki rúma nema einn leikfimihóp í senn (tvær hálfar bekkjadeildir), hindra samfelldni í flestum tilvikum.

Hins vegar er það ekki talin aukaferð í skóla í yfirlitinu þegar nemendum er ekið í annan skóla til leikfimikennslu vegna þess að ekki er búið að byggja íþróttahús, enda er þá um bráðabirgðatilhögun að ræða. Þetta gildir m.a. um Foldaskóla og Selásskóla. Þá er það heldur ekki talin aukaferð þegar íþróttahúsið liggur of langt frá skólanum til að hægt sé að flétta leikfimitímana inn í stundaskrá hjá öllum bekkjardeildum. Þetta á við um Ölduselsskóla og Laugalækjarskóla.

Það er talin aukaferð hjá öllum nemendum þegar skólar gefa klukkustundar matarhlé um hádegi, t.d. Hagaskóli og Réttarholtsskóli. Þetta skýrir háa tíðni fimm aukaferða á viku hjá nemendum unglingadeilda (7., 8. og 9. bekkjar).

Ljóst er að tekist hefur að bæta verulega stundaskrá nemenda í grunnskólum borgarinnar að því er samfelldni varðar og hafa skólastjórar lagt sig mjög fram um það. Ekki er líklegt að öllu lengra verði komist í því efni. Þeir annmarkar sem enn hindra samfelldni felast því mestmegnis í ytri aðstæðum, þ.e. of þröngu sérgreinahúsnæði og vöntun á aðstöðu og starfskröftum til fullnægjandi hádegismatar. Þá þyrfti einhver aukning á heimiluðu kennslumagni að koma til.

Fylgiskjal II.

Daglegur fjöldi ferða hjá nemendum í forskóla og 1.–9. bekk í grunnskólum í Reykjavík veturinn 1986–1987.

Forskóli (5 og 6 ára): 1602 nemendur.	
Samfelldur skóladagur hjá öllum	100.0%
1. bekkur: 1478 nemendur.	
Þar af 1456 með samfelldan skóladag eða	98.5%
Þar af 22 með 1 aukaferð á viku eða	1.5%
2. bekkur: 1342 nemendur.	
Samfelldur skóladagur hjá öllum	100.0%
3. bekkur: 1281 nemandi.	
Þar af 1038 með samfelldan skóladag eða	81.0%
Þar af 132 með 1 aukaferð á viku eða	10.3%
Þar af 111 með 2 aukaferðir á viku eða	8.7%
4. bekkur: 1292 nemendur.	
Þar af 926 með samfelldan skóladag eða	71.7%
Þar af 212 með 1 aukaferð á viku eða	16.4%
Þar af 44 með 2 aukaferðir á viku eða	3.4%
Þar af 110 með 3 aukaferðir á viku eða	8.5%
5. bekkur: 1298 nemendur.	
Þar af 836 með samfelldan skóladag eða	64.4%
Þar af 264 með 1 aukaferð á viku eða	20.3%
Þar af 154 með 2 aukaferðir á viku eða	11.9%
Þar af 44 með 4 aukaferðir á viku eða	3.4%
6. bekkur: 1298 nemendur.	
Þar af 902 með samfelldan skóladag eða	69.5%
Þar af 88 með 1 aukaferð á viku eða	6.8%
Þar af 132 með 2 aukaferðir á viku eða	10.2%
Þar af 154 með 3 aukaferðir á viku eða	11.8%
Þar af 22 með 4 aukaferðir á viku eða	1.7%
7. bekkur: 1303 nemendur.	
Þar af 555 með samfelldan skóladag eða	42.6%
Þar af 198 með 1 aukaferð á viku eða	15.2%
Þar af 176 með 2 aukaferðir á viku eða	13.5%
Þar af 66 með 3 aukaferðir á viku eða	5.0%
Þar af 44 með 4 aukaferðir á viku eða	3.4%
Þar af 264 með 5 aukaferðir á viku eða	20.3%
8. bekkur: 1359 nemendur.	
Þar af 508 með samfelldan skóladag eða	37.4%
Þar af 322 með 1 aukaferð á viku eða	23.7%
Þar af 115 með 2 aukaferðir á viku eða	8.4%
Þar af 69 með 3 aukaferðir á viku eða	5.1%
Þar af 46 með 4 aukaferðir á viku eða	3.4%
Þar af 299 með 5 aukaferðir á viku eða	22.0%

9. bekkur: 1241 nemandi.
Þar af 344 með samfelldan skóladag eða 27.7%
Þar af 391 með 1 aukaferð á viku eða 31.5%
Þar af 69 með 2 aukaferðir á viku eða 5.6%
Þar af 184 með 4 aukaferðir á viku eða 14.8%
Þar af 253 með 5 aukaferðir á viku eða 20.4%
Samtals: 13 494 nemendur.
Þar af 9509 með samfelldan skóladag eða 70.5%
Þar af 1629 með 1 aukaferð á viku eða 12.1%
Þar af 801 með 2 aukaferðir á viku eða 5.9%
Þar af 399 með 3 aukaferðir á viku eða 2.9%
Þar af 340 með 4 aukaferðir á viku eða 2.5%
Þar af 816 með 5 aukaferðir á viku eða 6.1%

Ed. 205. Breytingartillögur [181. mál]

við frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1991.

Frá Skúla Alexanderssyni, Margréti Frímannsdóttur og Svavari Gestssyni.

1. 1. gr. orðist svo:
Auðlindirnir innan fiskveiðilandhelgi Íslands eru þjóðareign, sameign allra Íslendinga. Öll stjórn á nýtingu þeirra skal taka mið af því. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þessara sameiginlegu auðlinda og stuðla með því að traustri atvinnu og byggð í landinu.
2. Á eftir 4. gr. komi tvær nýjar greinar svohljóðandi:
a. (5. gr.)
Veiðiheimildum á botnfiski, til fiskiskipa sem eru 10 brl. eða stærri, skal skipta í tvo flokka. ⅓ hluta skal úthluta til útgerðar (á skip, skipamark) og ⅔ hlutum til byggðarlaga (byggðarmark).
Sá þriðjungur, sem kemur í hlut skipa, skal reiknaður út með sama hætti og ákveðið var með reglugerð nr. 518 frá 22. des. 1986 fyrir árið 1987, og sbr. 8. og 10. gr. laga þessara.
Hluti byggðarlaga skal reiknaður að ¼ út frá úthlutuðu afla- og sóknarmarki skipa í byggðarlögunum eins og sú úthlutun var að meðaltali árin 1984–1986 og að ¾ hlutum út frá úthlutuðu afla- og sóknarmarki skipa í byggðarlögunum í árslok 1987.
Eftir að aflahluti byggðarlags hefur verið reiknaður út og ákveðinn skal honum deilt á milli þeirra skipa sem fá úthlutað skipamarki í því byggðarlagi í hlutfalli við veiðiheimildir þeirra.
Við sölu skipa úr byggðarlagi fylgir þeim einungis sá aflahluti sem úthlutað var til útgerðar, skipamark. Þeim aflahluta, sem eftir verður í byggðarlagi við söluna, byggðarmarki, skal ráðstafa til að bæta upp afla skipa er keypt verða í byggðarlagið nái þær veiðiheimildir, er þau færa með sér, ekki meðaltali á því svæði eða til að auka veiðiheimildir skipa í byggðarlaginu samkvæmt nánari reglum er settar verði af sjávarútvegsráðuneytinu í samráði við sjávarútvegsnefndir Alþingis.
Á sama hátt skal ráðuneytið setja sérstakar reglur um skiptingu aflahluta milli byggðarlaga ef seld eru skip sem hafa landað til vinnslu innan lands frá árinu 1984 að meðaltali meira en 40% afla síns utan heimabyggðar.

b. (6. gr.)

Við úthlutun veiðiheimilda til skipa og byggðarlaga skv. 5. gr. er frá og með árinu 1989 heimilt að halda eftir allt að 5% þess afla helstu botnfisktegunda sem ákveðinn er skv. 2. gr. Skal þeim hluta þá ráðstafað sérstaklega í því skyni

a. að auka hlut þeirra byggðarlaga sem erfiðleikar steðja að,
b. til að opna möguleika fyrir nýja rekstraraðila í greininni,
c. til að reyna nýjar stjórnaraðferðir við fiskveiðar,
d. til annarra lagfæringa sem sérstakar ástæður mæla með í samræmi við reglur sem undirbúnar verða á árinu 1988 af sjávarútvegsráðherra í samráði við sjávarútvegsnefndir Alþingis.

Heimilt er að hækka það hlutfall, sem um getur í fyrri mgr., í allt að 10% ef aðstæður á næstu árum, að mati sjávarútvegsnefnda Alþingis og ráðherra, mæla með því.

3. Við 5. gr. (sem verður 7. gr.). Á eftir 4. mgr. komi ný málsgrein og orðist svo:

Heimilt er að leggja sérstakt gjald, útflutningsgjald, á fisk sem fluttur er út óunninn og komi gjaldið þá að einhverju eða öllu leyti í stað þeirra álagsákvæða sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar. Útflutningsgjaldið verði sérstaklega ákvarðað með hliðsjón af stefnu helstu viðskiptalanda okkar í tollamálum. Öllum tekjum af gjaldi þessu skal varið til aukinnar rannsókna- og þróunarstarfsemi á vegum rannsóknastofnana, fyrirtækja og samtaka innan sjávarútvegsins. Gjald þetta má mest nema 5% af söluandvirði ísfisks sem fluttur er út óunninn og verði lagt á, innheimt og ráðstafað samkvæmt sérstökum lögum þar um.

4. Við 10. gr. (er verður 12. gr.). Greinin orðist svo:

Botnfiskveiðar báta minni en 10 brl. eru háðar eftirgreindum takmörkunum:

1. Veiðar eru ekki heimilar á eftirtöldum tímabilum:
   A. Í tíu daga um páskahelgi. Enn fremur í tíu daga í ágúst og sjö daga í júní og október, hvorn mánuð, ár hvert. Fari mánaðarlegt aflamagn báta undir 10 brl. í einhverjum landsfjórðungi niður fyrir ⅔ af meðalafla þess mánaðar síðustu þrjú árin vegna ógæfta er ráðherra heimilt að aflétta næstu veiðistöðvun á eftir samkvæmt þessum staflið.
   B. Frá og með 15. desember til og með 15. janúar ár hvert.
2. Netaveiðar báta undir 10 brl. skulu á tímabilinu frá og með 10. febrúar til og með 15. maí ár hvert vera háðar botnfiskveiðileyfum með sóknarmarki þannig að heimilt sé að stunda veiðar í ákveðinn dagafjölda á fyrrgreindu tímabili með þorskaflahámarki.

Ákvæði B-liðar 1. tölul. taka einnig til netaveiða báta undir 10 brl.

Ráðuneytið skal með auglýsingu tilkynna hvenær veiðar eru ekki heimilar skv. B-lið 1. tölul. og um sóknardagafjölda og þorskaflahámark, sbr. 2. tölul. 1. mgr.

Við ákvörðun sóknardagafjölda og þorskaflahámarks samkvæmt þessari grein skal hafa hliðsjón af veiðiheimildum 10 brl. báta og skal þorskaflahámark vera ⅔ af árlegu þorskaflahámarki 10 brl. báta sem ekki hafa aflatekjur af sérveiðum.

Ráðherra skal setja sérstakar reglur um endurnýjun fiskibáta undir 10 brl. að stærð. Þær reglur skulu grundvallaðar á því að nýir fiskibátar bætist ekki í flotann nema sambærilegir bátar hverfi úr rekstri.

5. Á eftir 14. gr. (sem verður 16. gr.) komi ný grein svohljóðandi:

Þau skip, sem frysta afla sinn um borð, skulu svo fljótt sem við verður komið koma fyrir nauðsynlegum búnaði til að fullnýta allan þann afla sem þau fá um borð með því að færa hann að landi, vinna hann í meltu, mjöl, með frystingu beina eða með öðrum fullnægjandi hætti.

6. Við 21. gr. (sem verður 24. gr.). Úr fyrri málslið falli brott orðin „og gilda til 31. des. 1991".

7. Úr fyrirsögn frumvarpsins falli brott „1988–1991".

Sþ. 206. Tillaga til þingsályktunar [183. mál]

um langtímaáætlun í samgöngumálum.

Flm.: Benedikt Bogason, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Guðmundur Ágústsson, Hreggviður Jónsson, Ingi Björn Albertsson, Júlíus Sólnes, Óli Þ. Guðbjartsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd sérfræðinga til að gera tillögur um áætlun í samgöngumálum fyrir landið allt og gera rökstudda spá um framvindu einstakra þátta til ársins 2010.

Nefndin skal einkum taka til meðferðar eftirfarandi þætti:

1. Vegagerð, flugvallargerð og hafnargerð.
2. Farþega- og vöruflutninga til og frá landinu og innan lands.
3. Flutninga- og umferðamiðstöðvar.
4. Skipakost, flugvélakost og bifreiðaeign.
5. Innbyrðis samspil og áhrif allra þátta.
6. Fjárfestingar og rekstur hjá ríki og sveitarfélögum. Tekjustofna, markaða tekjustofna.
7. Skilyrði til einkarekstrar, svo sem verðlagningu, skatta og skyldur og möguleika til aðlögunar að tækniframförum.

Nefndin skili áfangaskýrslu í nóvember 1988 og lokaskýrslu í október 1989.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að þróað velferðaríki er algjörlega háð því að allar samgöngur séu greiðar. Hvort sem um er að ræða þéttbýli eða dreifbýli eru það gæði farvega og tækja í samgöngum sem skera úr um það hversu stór svæði geta boðið upp á dagleg samskipti og stuðlað að bættri afkomu og betra mannlífi. Samtenging slíkra heimamarkaðssvæða með tilliti til öryggis, hraða og hagkvæmni sker svo úr um hæfni á þjóðhagslegum grundvelli, auk jafnra möguleika allra til samfélagsþjónustu og menningarlegra og félagslegra samskipta. Það er engu að síður mikilvægt að samgöngur landa í milli séu greiðar, tíðar og reknar á sem hagkvæmastan hátt, sérstaklega á síðustu árum eftir að möguleikar hafa opnast fyrir því að öll jörðin verði eitt markaðssvæði.

Ný og æ fullkomnari og hagkvæmari flutningatæki haldast í hendur við framfarir í fjarskiptum, tölvutækni og upplýsingaflæði, auk þess sem nú er verslað með hugvit og oft staðlaða einingarhluti í stað fullunninnar vöru áður. Hráefni er flutt frá fjarlægustu stöðum og ferðamannastraumar liggja heimsálfa á milli.

Hér á landi hefur þróunin í samgöngum bæði innan lands og við útlönd verið mjög hröð á síðustu árum. Hinir einstöku þættir hafa þróast sjálfstætt án þess að um verulega samræmingu hafi verið að ræða. Stundum hafa orðið árekstrar milli ólíkra greina svo sem landflutninga og sjóflutninga og blandast ríkisafskipti inn í það dæmi.

Fyrir um aldarfjórðungi var fyrst farið að gera athuganir og áætlanir í samgöngumálum á vegum Efnahagsstofnunar og Framkvæmdabanka Íslands. Þá gerði Framkvæmdastofnun ríkisins samgönguáætlanir í landshlutunum á 8. áratugnum og á síðustu árum hefur samgönguráðuneytið látið gera slíkar áætlanir en þær hafa flestar fremur verið gagnasöfnun og skammtímaáætlanir en heildarstefna. Margar fleiri áætlanir hafa verið gerðar varðandi ýmsar greinar samgöngumála, svo sem í ferðamálum og staðbundnum verkefnum.

Vegagerð ríkisins hefur unnið eftir fjögurra ára áætlunum síðan 1983 og á 109. löggjafarþingi (1986–1987) var lögð fram 12 ára áætlun sem ekki hefur verið formlega samþykkt ennþá. Hins vegar var 10 ára flugvallaráætlun samþykkt. Þá var lögð fram

fjögurra ára áætlun um hafnarframkvæmdir (1987–1990) sem unnið er eftir að hluta þótt hún hafi ekki formlega verið samþykkt á Alþingi. Mun hún nú í endurvinnslu og verður væntanlega lögð fram á þingi eftir áramót.

Ný tækni hefur rutt sér til rúms í vöruflutningum á sjó með gámavæðingunni og hefur allt það fyrirkomulag tekið stakkaskiptum. Áhyggjuefni er fjölgun erlendra leiguskipa með erlendum áhöfnum hjá íslensku skipafélögunum. Rannsaka þarf sérstaklega orsakir þessa og finna ráð til að stöðva þá óheillaþróun.

Fast form er komið á landflutninga með vörubílum og má búast við vaxandi hlutdeild þeirra í flutningum með betri vegum. Þeir flytja fremur pakkavörur en skipin þungavörur þar sem um samkeppni er að ræða.

Fyrir liggur að flugfélögin endurnýi flugvélaflota sinn innan tíðar og er nauðsynlegt að hið opinbera skapi aðstæður í samræmi við þörf flugsamgangna á hverjum tíma, jafnt hvað varðar rekstrargrundvöll, gerð og búnað flugvalla.

Fyrir 110. löggjafarþingi liggja núna gagnmerkar tillögur í samgöngumálum, þingsályktunartillaga á þskj. 95, um jarðgangaáætlun, þingsályktunartillaga á þskj. 138, um samræmingu áætlana á sviði samgöngumála og mannvirkjagerðar, þingsályktunartillaga á þskj. 157, um gerð framkvæmdaáætlunar um þjóðvegi á höfuðborgarsvæðinu og þingsályktunartilaga á þskj. 179, um nýja legu Vesturlandsvegar um Hvalfjörð og Grunnafjörð. Þessar þingsályktunartillögur og fleiri frá fyrri árum ættu tvímælalaust að fá umfjöllun í starfi þeirrar nefndar sem þessi tillaga fjallar um.

Eftir mikinn hagvöxt undanfarin ár spáir Þjóðhagsstofnun nú litlum hagvexti á næsta ári. Orsakirnar virðast helst óstjórn efnahagsmála, eins og sakir standa, en gera má að því skóna að hagvöxtur á næstu árum verði góður, talsvert meiri en gert er ráð fyrir í langtímaáætlun í vegagerð (2,5% á ári) miðað við að stjórn efnahagsmála verði bætt.

Ávinningurinn af mikilli stofnfjárfestingu síðustu 15 ára m.a. í útgerð og fiskvinnslu, virkjunum og línulögnum, hitaveitum og ýmsum vélum og tækjum ætti að skila aukningu í þjóðarframleiðslu á næstu árum þannig að svigrúm verður til aukinnar fjárfestingar í samgöngumálum.

Svo er að sjá sem þáttaskil verði í þróun samgangna í landinu á næstu árum. Grunngerð helstu samgöngukerfa verður lokið á næstu 5–10 árum, þ.e. allir staðir á landinu verða komnir í sæmilegt samgöngusamband á sjó, landi og lofti. Þá hefst nýtt þróunarskeið, sem gefur möguleika á stóraukinni hagkvæmni, styttingu leiða og samræmingu milli mismunandi kerfa. Ekki er ráð nema í tíma sé tekið og því er tillaga þessi flutt.

Sþ. 207. Tillaga til þingsályktunar [184. mál]

um könnun á ástandi frárennslis- og sorpmála.

Flm.: Benedikt Bogason, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Guðmundur Ágústsson, Hreggviður Jónsson, Ingi Björn Albertsson, Júlíus Sólnes, Óli Þ. Guðbjartsson.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra í samráði við Samtök íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi sveitarfélög að láta gera samræmda könnun á ástandi frárennslis- og sorpmála í öllum þéttbýlisstöðum á landinu, svo og þeim stöðum utan þéttbýlis þar sem atvinnustarfsemi eða annað getur leitt af sér mengun.

Greinargerð.

Eitt stærsta vandamálið, sem nú blasir við mannkyni öllu, er hraðvaxandi mengun láðs, lagar og lofts. Í öllu tæknikapphlaupinu hefur manninum yfirsést að varnar- og hreinsikerfum móður náttúru eru takmörk sett.

Í þeirri viðleitni að ná sem mestu fyrir sem minnst hefur ekki aðeins nánasta umhverfi mannsins verið spillt heldur hafa spillandi áhrif breiðst út til næsta nágrennis og jafnvel landa í milli. Veður og vindar, vatnið á hringrás sinni og hafstraumar bera óþverrann landa eða heimsálfa í milli.

Ísland, umlukið hafinu, hefur fram að þessu sloppið vel. Þó er um talsverða mengun að ræða frá okkur sjálfum og hún fer stigvaxandi.

Vaxandi skilningur er á þessum vanda, m.a. á hinu háa Alþingi, og hafa verið sett lög og reglur í varnarskyni.

Einn er sá þáttur þessara mála sem vanræktur hefur verið þrátt fyrir reglur þar að lútandi, þ.e. hreinsun frárennslis frá byggð og bólum svo og sorpeyðing.

Það virðist því miður allt of algeng skoðun að í lagi sé að losa sig við skólp í næsta skurð eða niður í fjöru, aka sorpinu út fyrir byggð og hrúga því í gryfjur og kveikja í öðru hverju, svo félegur sem sá reykur er sem þaðan berst.

Þótt byggðar séu rotþrær til að fella út grófa hluti er undir hælinn lagt hvort nokkurn tíma er litið eftir þeim. Þótt settar séu upp fitugildrur eða olíugildrur samkvæmt kröfum byggingaryfirvalda eru þær sjaldnast hreinsaðar eða yfirleitt litið á þær. Venjulegar kröfur um útrásir skólpræsa eru þær að skólpið sé leitt undir stórstraumsfjöru og „lengi taki sjórinn við".

Vissulega er góður möguleiki á þynningu í kafi strax eftir að skólpið kemur í sjóinn og saltur sjór hefur hreinsieiginleika og sótthreinsar að vissu marki, en um staðbundna mengun getur orðið að ræða og strendurnar kringum útrásirnar verða fljótlega mengaðar og stundum hreinlega uppfullar af því grófasta úr skólpinu.

Mikið kæruleysi ríkir um frárennsli frá iðnaði, sjúkrahúsum og slátur- og fiskvinnsluhúsum. Vaxandi fjöldi máva er m.a. mælikvarði á þess háttar mengun.

Ástand sorpeyðingar er mjög misjafnt. Sveitarfélögin á Suðurnesjum reka t.d. sameiginlega sorpbrennslustöð og Reykjavíkurborg og nágrannabyggðarlög urða sorpið jafnóðum á sorphaugum. Svo er um fleiri staði, en víða er sorpi því miður ekið á hauga án skipulegrar eyðingar.

Við Íslendingar lifum fyrst og fremst á framleiðslu matvæla. Um 70% af útflutningi okkar eru fiskafurðir og svo verður líklega a.m.k. næstu áratugi.

Við stefnum í meiri úrvinnslu og nýtingu aflans innan lands og ýmsir álíta að góðir möguleikar geti orðið síðar meir í útflutningi á landbúnaðarvörum til hrellds heims mengunar og gerviefna.

Allar kröfur um hreinlæti fara vaxandi og því er meginmál að þetta sé tekið föstum tökum strax.

Þessi þingsályktunartillaga er sett fram til að fá yfirsýn yfir ástand mála.

Síðan þarf að ákveða stefnu í þessum málum og herða kröfurnar miðað við þær reglur sem nú gilda. Þá verður nauðsynlegt að finna leiðir til að fjármagna aðgerðir ef þær reynast ofviða sveitarfélögum. Hugsanlega mætti taka til greina þá staðreynd að vatn, sem fer úr vatnsveitu inn í hús, kemur þaðan út sem skólp. Þá er eftir að gera það óskaðlegt áður en því er skilað til náttúrunnar. Sama er að segja um föstu efnin í sorpinu. Það hefur í för með sér kostnað að skila þeim skaðlausum aftur til náttúrunnar. Endurvinnsla nýtanlegra efna og orkuvinnsla ætti að koma til álita í þessu sambandi. Í þeim tilfellum þyrfti að athuga breytt fyrirkomulag sorphirðingar.

Nauðsynlegt er að móta framtíðarstefnu sem fyrst og gefa góðan aðlögunartíma þar sem það er hægt.

Sþ. 208. Tillaga til þingsályktunar [185. mál]

um hávaðamengun.

Flm.: Ragnar Arnalds, Júlíus Sólnes, Kristín Halldórsdóttir,
Guðni Ágústsson, Salome Þorkelsdóttir, Eiður Guðnason,
Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta semja frumvarp til laga um varnir gegn hávaða- og hljóðmengun.

Greinargerð.

Með vaxandi notkun véla- og tækja í nútímaþjóðfélagi fer hljóðmengun vaxandi ár frá ári. Hér er ekki aðeins átt við hávaða frá ökutækjum, flugvélum eða atvinnurekstri. Ýmis konar hljóðmengun t.d. í formi tónlistar og talaðs orðs úr hátölurum á almannafæri, bæði úr útvarpi og af segulböndum, hefur mjög færst í vöxt á seinni árum.

Brýnt er að spyrna við fótum og draga úr hávaða og hljóðmengun sem lítil nauðsyn kallar á. Ýmis ákvæði eru í lögum og reglugerðum sem banna háreysti og hávaða en flest eru þau ófullnægjandi. Þörf er á heildarlöggjöf um þessi mál og því er þessi tillaga flutt.

Þess má geta að nú er unnið að stofnun samtaka sem ætlað er að vinna gegn hávaða og hljóðmengun. Á seinasta náttúrurverndarþingi var einnig gerð ályktun um þessi mál svohljóðandi:

„Sjötta náttúruverndarþing 1987 skorar á stjórnvöld og Alþingi að undirbúa og setja hið fyrsta heildarlög og reglur til varnar gegn hávaðamengun."

Að lokum skal vitnað hér í grein sem Steingrímur Gautur Kristjánsson ritaði í Morgunblaðið 24. sept. sl. Þar segir meðal annars:

„Hver er réttur þinn?

Í lögreglusamþykkt Reykjavíkur er kveðið svo á að enginn megi hafa í frammi hávaða eða ofsalegt eða móðgandi háttarlag sem ónáðar vegfarendur, viðstadda eða þá sem búa í nágrenninu. Þá er og bannað að raska næturró manna og hafast nokkuð það að sem veldur ónæði (3. og 4. gr. samþ. nr. 2/1930).

Þetta ákvæði er eldra en svo að það geri ráð fyrir hljómflutningstækni nútímans eða að hljómlist geti hljómað sem hávaði.

Í nýrri lögreglusamþykkt eru ákvæði í meira samræmi við aðstæður nú á dögum. Þannig er samkvæmt lögreglusamþykkt Norður-Ísafjarðarsýslu óheimilt að þeyta hátalara eða hafa hljómflutningstæki svo hátt stillt að það valdi ónæði eða truflun (4. gr. samþ. nr. 387/1986) Samhljóða ákvæði er í lögreglusamþykkt Bolungarvíkur, nr. 158/1987, og í Kópavogi getur lögreglan bannað notkun magnara, hljómflutningstækja eða sambærilegs búnaðar, ef sýnt þykir að slíkt valdi ónæði. Að öðru leyti eru m.a. ákvæði um háreysti og hávaðamengun í lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, lögum nr. 35/1980, um búnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 20. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972 og reglugerð um hávaðavarnir á vinnustöðum og heyrnareftirlit. Ákvæði þessi miða að því að dregið verði úr eða komið í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og hávaða til óþæginda. Langtímamarkmið reglnanna um hávaðavarnir eru að hávaði á vinnustöðum verði undir 85 desibelum eða svo lítill sem kostur er. Um umhverfishávaða hafa ekki verið sett viðmiðunarmörk, en erlendis eru viðmiðunarmörk fyrir umhverfishávaða víðast hvar 45–55 desibel. Árið 1980 mældust 63–69 desibel í nálægð Reykjavíkurflugvallar og 1976 72–96 desibel víða í borginni. Niðurstöður hávaða- og heyrnarmælinga benda ekki til þess að tónlistarflutningur hafi í för með sér heyrnarskerðingu.

Þegar skráðum ákvæðum sleppir taka við óskráðar reglur grenndarréttar. Menn mega ekki viðhafa neitt það á eign sinni sem valdið getur nágrönnum meiri óþægindum eða ónæði en almennt gerist og við er að búast.

Af einhverjum ástæðum virðist þeim sem eiga að gæta laga og réttar fallast hendur gagnvart tónlistarhávaða á almannafæri og má vera að skýringanna sé að nokkru leyti að leita í því hve ófullkomnar og ónákvæmar lagareglur eru á þessu sviði.

Ég mun engan dóm leggja á það í þessari blaðagrein hvernig beita beri framangreindum lagareglum við það athæfi sem ég hef gert að umtalsefni hér að framan. Hins vegar vil ég ekki víkjast undan að ræða nokkur atriði varðandi almennt siðferði og umgengnisreglur svo og ýmis hagnýt álitaefni til íhugunar fyrir þá sem hlut eiga að máli.

Háreysti og siðferði.

Það mun nú vera almennt álit lækna að tónlist, jafnvel hávær, skaði ekki heyrn manna, en þótt hávær tónlistarflutningur valdi þannig ekki líkamlegu heilsutjóni ber þess að gæta að annars konar hávaði, einkum vélahljóð, geta valdið heyrnarskemmdum og hávær tónlist, sem reynt er að láta yfirgnæfa vélahljóð á vinnustöðum og umferðargný, er áreiðanlega ekki til heilsubótar. Alkunna er og að andleg vanheilsa er engu léttbærari en líkamleg. Hvers konar hávaði getur valdið andlegri vanlíðan af ýmsu tagi. Hávær tónlistarflutningur getur valdið þeim sem á hlýða leiða og ógleði og staðið mönnum fyrir svefni. Tónlist, þótt ekki sé hávær, getur valdið skapraun. Öll tónlist hefur merkingu eins og önnur list. Sum tónlist er góð og göfgandi önnur lágkúruleg og höfðar til lægstu hvata. Sum tónlist er eins og leirburður í skáldskap og klessuverk í myndlist. Í Ísrael er tónlist Wagners útlæg af hugmyndafræðilegum ástæðum. Það sem einum er andstyggð vekur öðrum gleði. Þegar vinsælt dægurlag hefur verið flutt nógu oft og lengi eru flestir orðnir leiðir á því og sumir hafa fengið ofnæmi fyrir því. Sem betur fer þá fer slíkt lag venjulega úr umferð þegar svo er komið. Verra er þegar einhver tegund tónlistar vekur mönnum leiða eða menn fá ofnæmi t.d. fyrir sinfóníum eða popptónlist.

Hverjum óspilltum manni hlýtur að vera ljóst að það er andstætt góðu siðferði að skaprauna náunga sínum með því að viðhafa það í návist hans sem vekur honum andstyggð og hugraun. Sú skoðun nýtur nú alþjóðlegrar viðurkenningar að vinnandi menn eigi rétt á að þannig sé búið að þeim á vinnustað að þeir þurfi ekki að þola meiri hávaða en nauðsynlegur er vegna vinnunnar.

Ég verð að játa að við ber að ég komist í það skap að ég vilji hlusta á háværa tónlist, jafnvel tónlist af því tagi sem ég hef farið heldur niðrandi orðum um í þessari grein. Ég get hins vegar ekki gert ráð fyrir að eins sé ástatt um heimilisfólk mitt og nágranna og læt því ekki eftir löngun minni nema ég sé einn heima og gæti þess að hljóðið berist ekki til granna minna því að ég tel engan hafa leyfi til að neyða aðra til að hlýða á eigin tónleika. Enginn borgari getur átt rétt á því að helga sér opinber torg og götur með því að varpa yfir þær hljómlist að sínum geðþótta. Það nær auðvitað engri átt að kaupmenn komist upp með að ónáða vegfarendur og þá sem búa og starfa í nágrenni búða þeirra með því að útvarpa háværri og/eða hvimleiðri tónlist. Jafnvel þótt flutningur geti ekki talist hávær kann að vera illbærilegt fyrir nágranna að þurfa að hafa hvimleiða tónlist látlaust í eyrum, e.t.v. dögum, vikum og mánuðum saman, svo sem gerist víða í hjarta höfuðborgarinnar. Eigendum fyrirtækja er hins vegar í sjálfsvald sett að flytja þá tónlist innan dyra sem þeim sýnist, enda sé það starfsmönnum þeirra að meinalausu. Það kemur svo eins og af sjálfu sér að viðskiptavinirnir gera sér ekki óþörf erindi í fyrirtæki þar sem þeir mæta ógeðfelldu viðmóti.

Margir virðast álíta að þar sem meiri hluti starfsmanna vill hlusta á útvarp verði minni hlutinn að lúta í lægra haldi samkvæmt grunnreglu lýðræðis, en þetta er hinn mesti misskilningur. Vegna vinnunnar rekur engan nauður til að haldið sé uppi tónlistarflutningi á

vinnustöðum. Einn hópur manna á engan rétt á því að kúga minni hlutann með þessum hætti hvorki á vinnustað né annars staðar.

Um opinberar stofnanir gildir nokkuð öðru máli en um einkafyrirtæki. Þær eru reknar í umboði allra samfélagsþegnanna og þangað eiga menn nauðsynjaerindi. Starfsmenn hins opinbera hafa ekkert umboð til að halda opinbera tónleika í opinberum stofnunum umbjóðendum sínum til skapraunar þegar þeir eiga þangað erindi. Hér gildir líku og um hávaða á götum úti, auk þess sem hver óspilltur maður hlýtur að skynja og skilja hversu óviðeigandi og óviðfelldið það er að láta glymja tónlist, sem mörgum er ógeðfelld og er allt annað en þjóðleg, í opinberum stofnunum þar sem fjallað er um málefni borgaranna.

Strætisvagnar og langferðabílar eru hafðir til fólksflutninga á vegum sveitarfélaga eða með sérleyfi. Vegna einokunar eiga menn ekki margra kosta völ ef þeir verða að sniðganga þessi almenningsfarartæki sem sum eru rekin að meira eða minna leyti fyrir fé almennings. Ekki verður betur séð en að það séu óskir bílstjóranna sem ráða því að bílarnir eru búnir hljómflutningstækjum sem jafnan eru þannig stillt að farþegarnir hafa ekki annað en óminn og óþægindin og heyra ekki orðaskil þá sjaldan hlé verður á sönglist. Sama máli gegnir um ýmis veitingahús þar sem ómur frá útvarpi berst inn í veitingastofnurnar úr eldhúsum. Þeir sem reka þessi flutninga- og þjónustufyrirtæki mættu hugleiða þekkt dæmi um rekstrarörðugleika SAS flugfélagsins og viðbrögð við þeim. Fyrir fáeinum árum tók við störfum nýr stórnarformaður sem treyst var til að bæta bágan fjárhag félagsins. Sjúkdómsgreining hans var að fyrirtækið væri rekið með áherslu á óskir og hagsmuni starfsmanna í stað viðskiptamanna. Nýi formaðurinn sneri þessum áherslum við og síðan hefur fyrirtækið blómgast sem aldrei fyrr.

Það þarf auðvitað ekki að fara mörgum orðum um þá fúlmennsku að leyfa fólki ekki að enda ævina í ró á heilbrigðisstofnunum hins opinbera.

Réttarbætur.

Standist það sem haldið hefur verið fram hér að framan er ljóst að upp er kominn vandi sem þarf að leysa úr með þjóðfélagsreglum. Auðvitað verða þeir sem hafa yndi af hvers konar tónlist að hafa tækifæri til að njóta hennar, en vel að merkja, án þess að gera öðrum lífið leitt sem ekki eru sama sinnis. Jafnljóst er að siða- og kurteisisreglur duga ekki einar sér vegna vanþróunar þjóðarinnar á þeim sviðum. Almennar reglur, settar áður en hinn sérstaki vandi, sem hér hefur verið lýst, kom upp, duga skammt. Hér þarf að koma af stað almennum umræðum og vakningu líkri þeirri sem setti tóbaksreykingamönnum stólinn fyrir dyrnar með að eitra andrúmsloftið fyrir samborgurum sínum. Síðan þyrfti að fylgja skynsamleg löggjöf sem veitti löggæslumönnum og öðrum eðlilegt svigrúm til að framkvæma reglur eins og hæfir í lýðræðisþjóðfélagi. Fyrsta grein laga um hljóðmengun gæti hljómað eitthvað á þessa leið:

Óheimilt er að hafa hljómflutningstæki, gjallarhorn, útvarpsviðtæki eða önnur slík tæki svo hátt stillt að valdi nágrönnum eða vegfarendum ónæði eða truflun.

Síðan mætti setja einstök nánari ákvæði sem kvæðu á um rétt meiri og minni hluta á vinnustöðum, um almenningsvagna, fjölbýlishús, opinberar stofnanir, sundstaði, íþróttasvæði o.s.frv. Sveigjanleg ákvæði þyrfti að setja um hljómleikahald undir berum himni o.fl. Að hluta til væri eðlilegast að hafa þessar reglur í lögreglusamþykktum og gætu Kópavogs- og Ísafjarðarsamþykktirnar þar verið til fyrirmyndar. En engin löggjöf er þess megnug að koma því til leiðar sem einbeitt samtök almennings og eindregið almenningsálit megna.

Kyrrð og ró sem auðsuppspretta.

Þeir sem mestu valda um þann leiða borgarabrag, sem lýst hefur verið, eru atvinnurekendur sem eiga allt undir viðskiptavild. Þeir sem annast rekstur almenningsvagna

mættu íhuga hversu margir sniðganga vagnana vitandi eða óafvitandi vegna hávaðans. Bóksalar eiga mikið undir viðskiptamönnum sem reika um bókabúðirnar, skoða bækur og falla fyrir freistingum sem á vegi þeirra verða á þessari vegferð. Hætt er við að margir þessara manna fælist frá þegar gjallahorn leynast á bak við súlur og hillur. Í Bandaríkjunum, þaðan sem sagt er að hávaðamenningin sé ættuð, hafa stórfyrirtæki sálfræðinga á sínum snærum, sem velja tónlist til að skapa hljómrænan bakgrunn í verslunum, skrifstofum og verksmiðjum með það fyrir augum að auka vellíðan starfsmanna og viðskiptamanna, örva afköst og auka viðskipti. Ekki þarf að taka fram að sú tónlist, sem álitin er hæf í þessu skyni, er ólíkt ljúfari og áheyrilegri en sú ruddalega og ögrandi tónlist sem oftast berst úr gjallarhorni íslenskra fyrirtækja. Ef til vill væri ómaksins vert fyrir einhvern verslunareigandann að fjarlægja allt sem ylli hávaða úr verslun sinni og auglýsa rækilega að þar gætu menn verslað í friði og ró og algerri þögn. Margir, sem eiga leið fram hjá hljómplötuverslunum og fataverslunum, gera sér ekki grein fyrir að verslanir þessar selja hljómplötur með margs konar vandaðri tónlist og vönduð og falleg föt. Utan á sumum þessara verslana hanga gjallarhorn og úr þeim berst tónlist sem vekur þá hugmynd að fyrir innan sé ekkert að hafa annað en þvegnar gallabuxur og poppsnældur. Hvað skyldu kaupmenn hafa orðið af miklum viðskiptum af þessum sökum? Og hversu oft ber við að atvinnurekandi missir góðan starfsmann sem ekki endist til að sitja dag eftir dag undir óþægilegum og þreytandi hávaða við vinnu sína? Hversu mikil orka skyldi fara til spillis við að standast það álag sem ella nýtist í afköstum?

Margir þeir sem telja sig ekki geta verið án þess að hafa háværa tónlist stöðugt í eyrum gætu auðveldlega fullnægt þörf sinni án þess að kvelja jafnframt viðskiptamenn sína og samborgara með því að nota smáviðtæki eða segulbandstæki með heyrnartólum. Þetta á t.d. við um iðnaðarmenn, sem vinna við viðhald húsa, og bíleigendur við bílþvott í íbúðarhverfum."

Sþ. 209. Beiðni um skýrslu [186. mál]

frá menntamálaráðherra um fréttaflutning Ríkisútvarpsins dagana 9. og 10. nóvember sl. vegna upplýsinga frá Norðmanninum Dag Tangen um utanríkismál Íslands.

Frá Sverri Hermannssyni, Halldóri Blöndal, Salome Þorkelsdóttur, Guðmundi H. Garðarssyni, Eggert Haukdal, Ellert Eiríkssyni, Geir H. Haarde, Kjartani Jóhannssyni og Guðmundi G. Þórarinssyni.

Óskað er eftir því við menntamálaráðherra að hann gefi Alþingi ítarlega skýrslu að undangenginni rækilegri rannsókn um fréttaflutning Ríkisútvarpsins dagana 9. og 10. nóvember sl. vegna hins svonefnda „Dag Tangens máls".

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi í sameinuðu Alþingi þegar og henni hefur verið útbýtt.

Alþingi, 7. des. 1987.

Sverrir Hermannsson.	Halldór Blöndal.	Salome Þorkelsdóttir.
Guðmundur H. Garðarsson.	Eggert Haukdal.	Ellert Eiríksson.
Geir H. Haarde.	Kjartan Jóhannsson.	Guðmundur G. Þórarinsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Nd. 210. Breytingartillögur [54. mál]

við frv. til l. um útflutningsleyfi o.fl.

Frá Hreggviði Jónssyni, Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur, Benedikt Bogasyni og Óla Þ. Guðbjartssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Útflutningur á vörum er frjáls.
   Útflytjendur eru skyldir að veita utanríkisráðuneytinu þær upplýsingar sem það óskar um allt er varðar sölu og útflutning vara sem seljast eiga til útlanda.
2. 2. gr. falli brott.
3. 3. gr. falli brott.

Nd. 211. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur haft til meðferðar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 48/1987, um Vísindaráð o.fl., sem eru bráðabirgðalög, gefin út 14. apríl 1987.

Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Ólafur Þ. Þórðarson og Ragnar Arnalds.

Alþingi, 8. des. 1987.

Guðmundur G. Þórarinsson, form., frsm. Sverrir Hermannsson. Ragnhildur Helgadóttir.

Árni Gunnarsson. Þórhildur Þorleifsdóttir.

Sþ. 212. Fyrirspurn [187. mál]

til félagsmálaráðherra um erlent starfsfólk hérlendis.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur og Málmfríði Sigurðardóttur.

1. Veit félagsmálaráðherra til þess að settar hafi verið á stofn hérlendis sérstakar ráðningarstofur eða að einhver aðili hafi tekið að sér að auglýsa eftir erlendu starfsfólki til vinnu hér á landi? Í hvaða löndum hefur helst verið auglýst?
2. Hafa slíkir aðilar fengið vilyrði hjá félagsmálaráðherra fyrir veitingu atvinnuleyfa fyrir erlent starfsfólk?
3. Hve margir erlendir menn hafa komið til starfa á Íslandi á árinu 1987, skipt eftir mánuðum?

Nd. 213. Frumvarp til laga [188. mál]

um breytingu á lögum nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

1. mgr. 24. gr. laganna, a-liður, orðist svo:

Öll tryggingafélög og aðrir, sem annast vátryggingar, skulu árlega innheimta með iðgjöldum sínum sérstakt brunavarnagjald fyrir Brunamálastofnun ríkisins. Brunavarnagjaldið má nema allt að 0,04 prómillum af vátryggingarfjárhæð brunatrygginga fasteigna og lausafjár, svo og samsettra vátrygginga sem fela í sér brunatryggingu. Viðlagatrygging skal þó ekki teljast gjaldskyld trygging í þessu efni, né heldur brunatryggingar skipa og flugvéla. Ráðherra ákveður hversu hátt fyrrgreint hlutfall skal vera og setur nánari reglur um innheimtu brunavarnagjaldsins í reglugerð. Þeir aðilar, sem innheimta brunavarnagjaldið, skulu hafa staðið Brunamálastofnun ríkisins skil á gjaldinu innan þriggja mánaða frá innheimtu þess. Endanlegt uppgjör gjaldsins fyrir hvert ár fer fram þegar ársreikningar þeirra aðila, sem annast innheimtu brunavarnagjaldsins, liggja fyrir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988.

Ákvæði til bráðabirgða.

Endanlegt uppgjör á brunavarnagjaldi vegna síðasta iðgjaldatímabils fyrir gildistöku þessara laga skal fara fram þegar ársreikningar hvers tryggingafélags liggja fyrir í samræmi við a-lið 1. mgr. 24. gr. laga nr. 74/1982.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til fjárlaga, sem nú liggur fyrir Alþingi þar sem fjallað er um Brunamálastofnun ríkisins, kemur fram eftirfarandi: „Ekki er gert ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði til rekstrar Brunamálastofnunar ríkisins fremur en fyrri ár og er rekstur stofnunarinnar fjármagnaður að öllu leyti með tekjum af brunavarnagjaldi sem tryggingafélög í landinu greiða ... Samkvæmt 24. gr. laga nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál, er lagt 1,75% brunavarnagjald á bróttóiðgjaldatekjur tryggingafélaganna. Félagsmálaráðherra mun leggja fram frumvarp til laga um breytingu á álagningarhlutfalli þessu."

Frumvarp þetta um breytingu á lögum nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál, er flutt í samræmi við ofangreint, svo og til að treysta fjárhagsstöðu Brunamálastofnunar ríkisins sem býr við mikinn fjárhagsvanda. Frumvarpið er samið í félagsmálaráðuneytinu í samráði við Ingimund Sigurpálsson, formann stjórnar Brunamálastofnunar ríkisins, Bergstein Gizurarson brunamálastjóra og Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Með lögum nr. 74/1982 voru Brunamálastofnun ríkisins falin mörg og viðamikil verkefni fyrst og fremst til þess að treysta brunavarnir í landinu. Þessi starfsemi Brunamálastofnunar hefur þegar gefið góða raun sem meðal annars kemur fram í stórbættu forvarnarstarfi, eftirliti með brunatæknilegri hönnun nýrra mannvirkja, eftirliti með byggingarefnum, fræðslu slökkviliðsmanna og bættum útbúnaði slökkviliða um allt land. Allt þetta hefur skilað þeim árangri að dregið hefur úr tjóni af völdum eldsvoða hér á landi þegar á heildina er litið, en það hefur aftur á móti leitt til þess að iðgjöld brunatrygginga

hafa lækkað og fjárhagsvanda Brunamálastofnunar má meðal annars rekja til minnkandi tekna vegna lækkunar á þessum iðgjöldum (sjá fylgiskjal).

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 24. gr. núgildandi laga um brunavarnir og brunamál fær Brunamálastofnun ríkisins í tekjur 1,75% af iðgjöldum vegna brunatrygginga fasteigna og lausafjár og iðgjöldum trygginga sem hafa í sér fólgna brunatryggingu. Þetta iðgjald er áætlað að nemi rúmlega 10 milljónum króna á árinu 1987. Aðrar tekjur stofnunarinnar á því ári, þ.e. af námskeiðum o.fl., eru áætlaðar um 1 milljón króna. Þá vantar um 6 milljónir króna til að mæta útgjöldum yfirstandandi árs sem áætluð eru um 17 milljónir króna.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er í samræmi við þá tillögu stjórnar Brunamálastofnunar ríkisins að brunavarnagjaldi skv. a-lið 1. mgr. 24. gr. laga nr. 74/1982 verði breytt á þann veg að það reiknist af vátryggingarfjárhæðum fasteigna og lausafjár. Þannig verði brunavarnagjaldið óháð iðgjaldabreytingum brunatrygginga og innheimtist beint hjá hinum vátryggðu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Tryggingafélögum og öðrum félögum, sem annast tryggingar, er falið að innheimta brunavarnagjaldið fyrir Brunamálastofnun ríkisins. Af þeirri ástæðu er rétt að fram komi á iðgjaldakvittun sundurgreining á milli iðgjalds annars vegar og brunavarnagjalds hins vegar svo að ljóst sé hvert þessi gjöld renna. Telja verður að þessi innheimtuaðferð sé í senn einföld í framkvæmd og hagkvæm fyrir þá sem hlut eiga að máli, enda njóta bæði tryggingafélögin og hinir tryggðu hags af starfsemi Brunamálastofnunarinnar.

Þá er lagt til að brunavarnagjald verði reiknað sem ákveðið hlutfall af vátryggingarfjárhæð brunatrygginga í stað þess að það reiknist sem ákveðið hlutfall af brúttóiðgjaldatekjum vegna þeirra trygginga.

Rökin fyrir þessari breytingu eru meðal annars þau eins og þegar hefur komið fram að frá því að lögin um brunavarnir og brunamál gengu í gildi árið 1982 hafa iðgjöld brunatrygginga af fasteignum lækkað verulega, þó sérstaklega hin síðari ár. Sem dæmi má nefna að lækkun iðgjalda brunatrygginga milli áranna 1985 og 1986 varð í steinhúsum 39% og timburhúsum 74%. Þótt iðgjöld annarra brunatrygginga (lausafjártrygginga, heimilistrygginga) hafi ekki lækkað sem þessu nemur hefur þessi breyting skert verulega tekjustofn Brunamálastofnunar ríkisins.

Hér er því lagt til að gerð verði grundvallarbreyting á tekjustofni Brunamálastofnunar. Breyting þessi felst í því að í stað þess að reikna tekjustofninn sem 1,75% af brúttóiðgjaldatekjum vegna brunatrygginga á fasteignum og lausafé og tryggingum sem hafa í sér fólgna einhverja brunatryggingu er gert ráð fyrir að það reiknist sem ákveðið hlutfall af vátryggingarfjárhæð ofangreindra brunatrygginga. Telja verður að eðlilegra sé að miða við vátryggingarfjárhæð brunatrygginga sem fylgir verðlagi á hverjum tíma.

Í frumvarpi til fjárlaga ársins 1988 er reiknað með að rekstur Brunamálastofnunar ríkisins kosti um 23 milljónir króna. Þessu til viðbótar er áætlað að 5 milljónir króna fari til að greiða niður skuld stofnunarinnar við ríkissjóð sem reiknað er með að nemi um 14 milljónum króna um næstu áramót. Til þess að mæta þessari fjárþörf er í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, lagt til að gjaldið megi nema allt að 0,04 prómillum af vátryggingarfjárhæð fyrrgreindra brunatrygginga, en samkvæmt upplýsingum frá tryggingafélögum nam heildarvátryggingarfjárhæð brunatrygginga á landinu öllu í ársbyrjun 1987 um 620 milljörðum króna. Um upphæð brunavarnagjaldsins má til frekari skýringa taka dæmi um fasteign sem metin er á 5 milljónir króna. Brunavarnagjald af slíkri fasteign næmi samkvæmt þessu allt að 200 krónum.

Svo sem fjárhagsstöðu Brunamálastofnunarinnar er nú háttað er líklegt að brunavarnagjald verði fyrst um sinn 0,04 prómill, en gert er ráð fyrir að það geti síðan lækkað ef fjárhagsstaða stofnunarinnar batnar.

Brunavarnagjald hefur ekki verið greitt af iðgjöldum viðlagatryggingar né heldur af brúttóiðgjöldum brunatrygginga af skipum og flugvélum. Lagt er til að sá háttur verði hafður á framvegis og það því sérstaklega tekið fram í frumvarpinu.

Gert er ráð fyrir að ráðherra ákveði með reglugerð hvert skuli vera hlutfall brunavarnagjalds af vátryggingarupphæðum brunatrygginga fasteigna og lausafjár og setji jafnframt nánari reglur um innheimtu gjaldsins. Þarfnast hvorki það ákvæði né önnur ákvæði greinarinnar frekari skýringa.

Um 2. gr.

Þetta gildistökuákvæði er eðlilegt þar sem reikningsár Brunamálastofnunar ríkisins er almanaksárið. Þarfnast ákvæði þetta ekki nánari skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði þetta er sett til að taka af allan vafa um að tryggingafélögum og öðrum þeim, sem annast tryggingar, beri að standa Brunamálastofnun ríkisins skil á brunavarnagjaldi af iðgjöldum brunatrygginga, sem fallin eru í gjalddaga fyrir gildistöku þessara laga, í samræmi við eldri lög. Þetta á jafnt við þau tryggingafélög sem eru með gjalddaga iðgjalda í byrjun árs sem og þau sem eru með gjalddaga síðar á árinu.

Fylgiskjal.



Ed. 214. Nefndarálit [136. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 8. des. 1987.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Júlíus Sólnes, með fyrirvara.
Eiður Guðnason.	Svavar Gestsson.	Valgerður Sverrisdóttir.
	Jóhann Einvarðsson.	

Sþ. 215. Fyrirspurn [189. mál]

til dómsmálaráðherra um ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur og Málmfríði Sigurðardóttur.

1. Hve margir starfsmenn vinna við ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar? Hvernig skipta þeir með sér störfum?
2. Hve mörg mál hafa deildinni borist á sl. ári?
3. Hafa starfsmenn annað öllum þeim verkefnum sem deildinni hafa borist á þessum tíma?
4. Telja starfsmenn og yfirmenn deildarinnar að fjölga þurfi í starfsliði til þess að deildin geti sinnt hlutverki sínu?
5. Hver hefur meðalvinnutími starfsmanna deildarinnar verið á mánuði, að yfirvinnu meðtalinni, á árinu 1987?
6. Hver er tækjakostur deildarinnar sem varðar beint fíkniefnaleit? Hvernig hefur hans verið aflað?
7. Hvaða tegundir og hve mikið af fíkniefnum hefur verið gert upptækt á sl. ári af starfsmönnum deildarinnar?

Nd. 216. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum og leitað umsagna um það. Skriflegar umsagnir hafa borist frá: Tryggingastofnun ríkisins, Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Alþýðusambandi Íslands, Sambandi lífeyrissjóða, Verkakvennafélaginu Framsókn og Starfsmannafélaginu Sókn.

Efnisatriði frumvarpsins eru tvö, annars vegar hvaða aðferð skuli beitt við ákvörðun grunnupphæðar sjúkradagpeninga, hins vegar gerir síðari grein frumvarpsins ráð fyrir að heimavinnandi einstæðar mæður njóti einnig mæðralauna með sjúkradagpeningum eins og þær sem úti vinna.

Nefndin flytur sérstakt frumvarp um síðara efnisatriðið.

Nefndin er sammála um að grunnupphæð sjúkradagpeninga sé allt of lág. Í trausti þess að ráðrúm gefist til að stíga skref til hækkunar og að markmið frumvarpsins náist í áföngum leggur nefndin til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 8. des. 1987.

Ragnhildur Helgadóttir, form., frsm. Guðrún Helgadóttir, fundaskr. Guðmundur G. Þórarinsson.

Jón Sæmundur Sigurjónsson. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir. Geir H. Haarde.

Jón Kristjánsson.

Nd. 217. Frumvarp til laga [190. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. gr.

Í c-lið 2. mgr. 51. gr. laganna falli niður orðin: „vegna brottfalls tekna af vinnu utan heimilis“.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er efnislega samhljóða 2. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971 (6. mál, þskj. 6).

Nefndin varð sammála um að vísa því máli til ríkisstjórnarinnar í trausti þess að meginefnið kæmi til framkvæmda í áföngum. Nefndin var jafnframt sammála um að síðara efnisatriði frumvarpsins væri nánast leiðrétting á gildandi lögum og flytur því sérstakt frumvarp um að greiðsla sjúkradagpeninga skerðist ekki við greiðslu mæðralauna einstæðra heimavinnandi mæðra.

Ed. 218. Breytingartillögur [181. mál]

við frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1991.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur og Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Í stað 4.–14. gr. komi þrjár nýjar greinar svohljóðandi:
   a. (4. gr.)
      Heimildir til botnfiskveiða skulu vera tvenns konar:
      a. 80% þess heildarafla, sem ákveðinn er skv. 2. gr., skal skipt milli byggðarlaga (útgerðarstaða) með hliðsjón af lönduðum afla síðustu fimm ára.
      b. 20% heildaraflans skulu renna í sérstakan sameiginlegan sjóð, veiðileyfasjóð, og vera til sölu, leigu eða til sérstakrar ráðstöfunar til byggðarlaga, sbr. 6. gr.

b. (5. gr.)

Sveitarstjórnir skulu selja, leigja eða ráðstafa veiðiheimildum, sem þeim er úthlutað skv. a-lið 4. gr., til útgerða, fiskvinnslustöðva eða einstaklinga eftir þeim reglum sem þær setja sér.

Sveitarstjórnum er heimilt að ákveða gjald fyrir framsal veiðileyfa, sem þær fá skv. b-lið 4. gr., og skal gjaldið eigi vera lægra en það sem þær greiða fyrir þau í veiðileyfasjóð.

Sveitarstjórnum er heimilt:

a. að úthluta tilteknu aflamarki til útgerða, fiskvinnslustöðva eða einstaklinga,
b. að ákveða sérstök álög á þann fisk sem er landað erlendis,
c. að leyfa færslu veiðiheimilda, allt að 5%, milli ára,
d. að setja reglur um veiði smábáta,
e. að setja reglur um nýjar veiðiheimildir,
f. að framleigja veiðiheimildir til annarra byggðarlaga enda verði aflanum að einhverju leyti landað í því byggðarlagi, sem framleigir veiðiheimild, ef viðkomandi sveitarstjórn óskar; tekjum af leigunni verði varið í þágu sjávarútvegsins.

c. (6. gr.)

Gjald fyrir veiðiheimildir frá veiðileyfasjóði, sbr. b-lið 4. gr., skal miðast við ákveðið meðalverð á afla upp úr sjó.

Tekjum af sölu eða leigu veiðiheimilda skal varið til eftirfarandi verkefna:

a. fræðslu sem nýtist sjávarútvegi, fiskvinnsluskóla, símenntunar fiskvinnslufólks, sjómannaskóla og öryggisfræðslu sjómanna,
b. rannsókna tengdum sjávarútvegi, grunnrannsókna á lífríki sjávar, rannsókna á ónýttum og vannýttum tegundum, vöruþróunar í sjávarútvegi, markaðsöflunar og markaðshönnunar fyrir sjávarafurðir,
c. verðlauna til þeirra sem veiðiheimildir hafa fyrir sérstaka frammistöðu við nýtingu og meðferð aflans eða fyrir lofsverðan aðbúnað starfsfólks.

2. Við 15. gr. (verður 7. gr.).
   a. Á eftir orðunum „og einum tilnefndum af samtökum útvegsmanna“ komi: einum tilnefndum af Sambandi ísl. sveitarfélaga og einum tilnefndum af Verkamannasambandi Íslands.
   b. Í stað orðanna „varðandi veiðileyfi, aflamark og sóknarmark“ komi: varðandi veiðileyfi og aflamark.
3. Við 17. gr. (verður 9. gr.). Á eftir orðunum „útflytjendum er skylt að láta“ komi: viðkomandi sveitarstjórn og.
4. Við 18. gr. (verður 10. gr.). 2. mgr. orðist svo:

   Reynist afli fara yfir úthlutað aflamark, sbr. þó c-lið 5. gr., skal með slík brot fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976.
5. Við 21. gr. (verður 13. gr.). 1. málsl. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988 og gilda til 31. desember 1992.

Nd. 219. Breytingartillögur [179. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, þar með talin breyting skv. l. nr. 49/1987 sem taka eiga gildi 1. janúar 1988.

Frá Óla Þ. Guðbjartssyni, Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur, Benedikt Bogasyni, Hreggviði Jónssyni og Inga Birni Albertssyni.

1. Við 2. gr. Síðari hluti greinarinnar, frá orðunum „þó ekki yfir 10% af skattstofni gefanda“, falli brott.

2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   1. og 2. mgr. A-liðar 68. gr. laganna orðist svo:
   Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 158 820 kr.
   Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni skv. 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun. Skal því ráðstafað fyrir hvern mann til greiðslu útsvars hans á gjaldárinu. Sá persónuafsláttur, sem enn er óráðstafað, fellur niður nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars maka sem skattlagður er samkvæmt ákvæðum 63. gr. Skal þá þessi óráðstafaði hluti persónuafsláttar makans dragast frá skatti hins makans. Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. Skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða útsvar hans á gjaldárinu. Sá hluti persónuafsláttar, sem þá verður enn óráðstafað, fellur niður.
3. Við 8. gr.
   a. Í stað orðanna „16 ára“ í 1. málsl. 1. mgr. A-liðar komi: 18 ára.
   b. Í stað orðanna „16 ára“ í 1. málsl. 1. mgr. B-liðar komi: 18 ára.
   c. Á eftir C-lið komi nýr liður, **D Starfslok**, og orðist svo:
   Maður, sem er að ljúka starfsævi sinni og skilar inn til skattyfirvalda skattkorti sínu, skal fá endurgreiddan þegar greiddan tekjuskatt síðustu 12 mánaða fyrir starfslok enda hafi hann öðlast rétt til eftirlauna eða ellilífeyris úr lífeyrissjóði.
   Verði maður að hætta störfum vegna varanlegrar örorku af völdum veikinda eða slyss skal hann njóta sömu réttinda og um getur í fyrri mgr.
4. Við 12. gr. Framan við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   Fyrsta málsgrein 121. gr. laganna orðist svo: Fjárhæðir, sem um ræðir í 68. og 69. gr., skulu breytast mánaðarlega í samræmi við lánskjaravísitölu samkvæmt lögum nr. 13/1979.

Sþ. 220. Fyrirspurn [191. mál]

til samgönguráðherra og félagsmálaráðherra um tjón á ljósleiðurum.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Ber sá ótakmarkaða ábyrgð á tjóni sem verður fyrir því óhappi að slíta af gáleysi ljósleiðara sem síminn er að leggja í jörð víða um land?
2. Er ekki nauðsynlegt að setja sérstök ákvæði í lög um merkingar á legu ljósleiðara, ábyrgð á tjóni, t.d. um hámarksábyrgð þeirra sem tjóni valda, og hugsanlegar tryggingar þar sem bótakröfur gætu numið óvenjulega háum fjárhæðum?
3. Kallar ekki úrskurður félagsmálaráðuneytis, dagsettur 4. ágúst 1987, varðandi samskipti Landssímans og skipulagsyfirvalda um lagningu ljósleiðara, á breytingu á gildandi skipulagslögum?

Sþ. 221. Fyrirspurn [192. mál]

til fjármálaráðherra um ráðstafanir í ríkisfjármálum og íslenska heilbrigðisáætlun.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

Hvernig samræmast nýlegar ráðstafanir í ríkisfjármálum, þ.e. breytingar á söluskatti og tollum af matvælum, manneldismarkmiðum íslenskrar heilbrigðisáætlunar sem lögð var fram á síðasta þingi og áformað er að leggja fram á því þingi sem nú situr?

Nd. 222. Breytingartillögur [47. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986 og lög nr. 27/1987.

Frá Inga Birni Albertssyni, Óla Þ. Guðbjartssyni, Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur, Albert Guðmundssyni og Hreggviði Jónssyni.

1. Á undan 1. gr. frv. komi ný gr. svohljóðandi:
   a. Í stað 1.–75. gr. laganna komi 37 nýjar greinar:

I. KAFLI

Markmið laganna.

1. gr.

Markmið laganna er:

— að stuðla að því skipulagi húsnæðismála að allir landsmenn geti búið við öryggi í húsnæðismálum,
— að stuðla að jafnrétti í húsnæðismálum þannig að lágtekjufólk og aðrir þjóðfélagshópar, sem þurfa á aðstoð að halda, eigi þess kost að byggja eða kaupa íbúðarhúsnæði með hagstæðum kjörum,
— að stuðla að valfrelsi í húsnæðismálum þannig að sem flestir geti fengið húsnæði við sitt hæfi, ýmist til leigu eða til eignar allt eftir ástæðum hvers og eins,
— að auka framboð á leiguhúsnæði þannig að reynt verði að ráða bót á þeirri húsnæðiseklu sem hefur skapast á seinni árum vegna skorts á leiguíbúðum,
— að tryggt verði nægilegt lánsfé til húsbygginga og kaupa á íbúðarhúsnæði sem standi öllum til boða á viðunandi kjörum.

II. KAFLI

Hlutverk og skipulag stofnunarinnar.

2. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins er sjálfstæð ríkisstofnun sem lýtur sérstakri stjórn og heyrir undir félagsmálaráðuneytið.

Hlutverk hennar er að veita lán úr Byggingarsjóði ríkisins til íbúðabygginga og kaupa á nýjum eða notuðum íbúðum á félagslegum grundvelli. Enn fremur til viðhalds og endurbóta á notuðum íbúðum og til að stuðla að tækniþróun og framförum í byggingariðnaði samkvæmt nánari skilgreiningu í þessum lögum.

3. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins starfar sem ein heild en skiptist í tvær deildir:

1. *Bankadeild.* Í bankadeild fer fram fjármálaleg stjórn stofnunarinnar, rekstrarbókhald, varsla Byggingarsjóðs ríkisins, lánveitingar og öll útlánastarfsemi, þar með talin afgreiðsla lána og innheimta.
2. *Tæknideild.* Tæknideild skal vera húsnæðismálastjórn til ráðuneytis um tæknileg atriði og annast samskipti við aðra opinbera aðila sem fást við byggingarmál. Hún skal meta veðhæfni fasteignanna og ákveða matsverð þeirra, sbr. 1. mgr. 8. gr. Hún skal annast eftirlit með þeim framkvæmdum sem lánað er til og sjá um að öllum settum skilyrðum sé fullnægt.

   Tæknideild skal enn fremur veita húsbyggjendum og umsækjendum um íbúðarlán almennar upplýsingar og ráðgjöf á sviði byggingarmála og fylgjast með og kynna

tækninýjungar á sviði húsbygginga. Hún skal einnig vera sveitarstjórnum og félagasamtökum, sem hyggja á byggingu félagslegra íbúða eða endurbætur á eldri íbúðum, til aðstoðar við undirbúning, útboð og samningagerð vegna slíkra framkvæmda.

4. gr.

Stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, húsnæðismálastjórn, skipa sjö menn kjörnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Jafnmargir varamenn skulu kjörnir á sama hátt. Alþingi kýs enn fremur tvo endurskoðendur og tvo til vara.

Félagsmálaráðherra skipar formann og varaformann stjórnarinnar, en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum.

Stjórnin er ábyrg fyrir því að starfsemi stofnunarinnar sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Hún er stjórnvöldum til ráðuneytis um löggjafaratriði á sviði húsnæðismála og fjallar um öll þau mál sem félagsmálaráðherra og framkvæmdastjóri leggja fyrir hana.

Enginn stjórnarmanna má vera ráðinn til starfa við stofnunina. Stjórn og allt starfsfólk stofnunarinnar skal vera bundið þagnarskyldu gagnvart óviðkomandi aðilum varðandi öll innri mál hennar svo og öll útlán.

Laun stjórnarinnar skulu ákveðin á sama hátt og bankaráðsmanna ríkisbankanna og greiðast á sama hátt og annar kostnaður við stofnunina.

5. gr.

Félagsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins og deildarstjóra banka- og tæknideildar að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

Framkvæmdastjóri annast daglega stjórn stofnunarinnar og ræður starfsfólk til hennar í samráði við húsnæðismálastjórn.

Deildarstjórar bankadeildar og tæknideildar starfa undir framkvæmdastjóra og annast stjórn og daglegan rekstur deildanna í umboði hans.

Allur rekstrarkostnaður vegna starfsemi Húsnæðisstofnunar greiðist af lántakendum með sérstöku framlagi sem er innheimt um leið og afborganir og vextir af lánum þeirra.

III. KAFLI

Byggingarsjóður ríkisins.

6. gr.

Fjárstreymi til útlána á vegum Húsnæðisstofnunar ríkisins fer í gegnum Byggingarsjóð ríkisins. Fjár til sjóðsins er aflað á eftirfarandi hátt:

1. Með tekjum af eigin fé sjóðsins, þ.e. afborgunum, vöxtum, hugsanlegum bótum, verðbótum og framlagi til rekstrar sem lántakendur greiða.
2. Með árlegu framlagi úr ríkissjóði sem nemur 1% af launaskatti.
3. Með árlegu framlagi úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum, þannig að heildarframlag úr ríkissjóði samkvæmt lið 2 nemi ár hvert 30% af fjárþörf sjóðsins.
4. Með tekjum af skyldusparnaði skv. IV. kafla þessara laga.
5. Með sölu skuldabréfa og sérstökum lántökum sem eru ákveðnar í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisins ár hvert þegar ráðstöfunarfé sjóðsins samkvæmt liðum 1–4 nægir ekki til þess að standa undir þeim útlánum sem sjóðurinn er skuldbundinn til þess að veita.

Framlag ríkisins skal greitt til sjóðsins í samræmi við fjárþörf hans.

Um rétt til lána.

7. gr.

Í reglugerð fyrir stofnunina skal nánar skilgreint hvernig útlánum skuli háttað og hvers konar húsbyggingar eru lánshæfar.

8. gr.

Á vegum tæknideildar skal fara fram mat á fasteignum og veðhæfni þeirra áður en lánveiting til þeirra getur farið fram. Matsverð fasteignar skal ákveðið á grundvelli fasteigna- og brunabótamats svo og ætlaðs söluverðs. Nánari reglur um ákvörðun matsverðs og veðhæfni fasteigna skal setja í reglugerð.

Við lánveitingar vegna fasteigna á sumum stöðum á landsbyggðinni, þar sem matsverð fasteigna er verulega lægra en meðaltalsmatsverð hliðstæðra fasteigna yfir allt landið, er stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins heimilt að hækka þau mörk sem gilda um veðhæfni skv. 10. gr.

Á vegum tæknideildar skal enn fremur fara fram ítarleg athugun á tæknilegum forsendum og fyrirkomulagi bygginga sem sótt er um lán til, bæði hvað varðar hagkvæmni byggingar, skipulags- og hönnunarforsendur, byggingarkostnað o.fl. Skal jákvæð umsögn tæknideildar liggja fyrir áður en lánveiting er ákveðin.

9. gr.

Úr Byggingarsjóði ríkisins er heimilt að veita lán til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði, til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu húsnæði, til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði og til orkusparandi breytinga á húsnæði sem hér segir:

1. Íbúðir fyrir lágtekjufólk (verkamannabústaðir).
2. Íbúðir fyrir þá sem eru að byggja eða kaupa sína fystu íbúð.
3. Verndaðar íbúðir fyrir fatlaða.
4. Verndaðar íbúðir fyrir aldraða.
5. Leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga.
6. Leiguíbúðir á vegum félagasamtaka.

Úr Byggingarsjóði ríkisins er enn fremur heimilt að veita lán til byggingar eða kaupa á húsnæði fyrir félagslegar stofnanir á vegum opinberra aðila og félagasamtaka, svo sem dagvistarstofnanir fyrir börn og aldraða, hjúkrunarheimili og dvalarheimili.

Félagsmálaráðherra ákveður árlega skiptingu ráðstöfunarfjár Byggingarsjóðs ríkisins milli einstakra lánaflokka samkvæmt þessari grein, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar. Ráðherra er heimilt að flytja ráðstöfunarfé milli lánaflokka á miðju ári, að tillögu húsnæðismálastjórnar, ef sérstakar aðstæður mæla með því.

10. gr.

Lánveitingar til mismunandi húsbygginga skv. 9. gr. skulu ekki nema hærra hlutfalli af matsverði íbúðar en hér segir:

1. Lán til íbúða fyrir lágtekjufólk mega nema allt að 90% af matsverði fasteignar.
2. Lán til þeirra sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð mega nema allt að 80% af matsverði fasteignar.
3. Lán til verndaðra íbúða fyrir aldraða mega nema allt að 80% af matsverði fasteignar.
4. Lán til verndaðra íbúða fyrir fatlaða mega nema allt að 90% af matsverði fasteignar.
5. Lán til leiguíbúða á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka mega nema allt að 90% af matsverði fasteignar.
6. Lán til félagslegra stofnana mega nema allt að 80% af matsverði fasteignar.
7. Viðbótarlán vegna kaupa á húsnæði, sem er með áhvílandi lánum, mega nema allt að 50% af matsverði fasteignar. Samanlagt mega lánin ekki fara yfir 80% af matsverði fasteignar.
8. Lán til viðhalds, breytinga eða endurbóta á húsnæði, þar með taldar orkusparandi breytingar og endurbætur á heilsuspillandi húsnæði, má veita innan þess ramma sem

kemur fram í 1.–7. tölul. Lánið má ekki vera hærra en nemur hinum raunverulega kostnaði vegna breytinganna sem að mati Húsnæðisstofnunar telst vera sanngjarnt. Taka má tillit til eigin vinnu háð samþykki Húsnæðisstofnunar.

9. Lán skv. 1.–8. lið mega ekki vera lægri að raunupphæð en 100 000 kr. Þessi upphæð breytist samkvæmt byggingarvísitölu.
10. Ef eigandi íbúðar eða maki hans er ellilífeyrisþegi eða nýtur örorkubóta er heimilt að víkja frá ákvæðum í 8. og 9. tölul.

11. gr.

Lán, sem eru veitt til íbúðarhúsnæðis skv. 9. gr., eru háð því skilyrði að stærð íbúða verði takmörkuð miðað við fjölskyldustærð og félagslegar aðstæður umsækjanda.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari skilyrði um stærðarmörk íbúða, hagkvæmni þeirra og annað sem getur leitt til lægri byggingarkostnaðar.

Lán, sem eru veitt til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði, skulu háð umsögn læknis eða heilbrigðisfulltrúa í viðkomandi sveitarfélagi. Enn fremur skal tæknideild Húsnæðisstofnunar meta hvort hagkvæmt sé að endurbyggja húsnæðið og gera kostnaðaráætlun um nauðsynlegar endurbætur.

Ef húsnæði er tekið til annarra nota en íbúðar falla lán, sem veitt hafa verið úr Byggingarsjóði ríkisins, í gjalddaga án fyrirvara. Sama gildir ef íbúð, sem lánað hefur verið til, er sameinuð annarri íbúð sem áður hefur hlotið lán úr Byggingarsjóði ríkisins.

Lán, sem eru veitt til stofnana skv. 9. gr., eru háð því skilyrði að stærð og búnaður stofnunar fylgi þeim stöðlum sem opinberir aðilar hafa sett um viðkomandi stofnun. Umsókn fylgi umsögn stjórnvalda sem fara með málefni viðkomandi stofnunar.

Ef notkun byggingar breytist frá því að lán til hennar var veitt samkvæmt skilmálum 9., 10. og 15. gr. laga þessara er allt lánið fallið í gjalddaga. Í veðskuldabréfum lána skal þetta ákvæði skýrt tekið fram ásamt kröfu um að lántakandi tilkynni Húsnæðisstofnun ef notkun byggingar breytist.

Ef notkun byggingar er ekki einhlít, t.d. ef um er að ræða blandaða notkun, er heimilt að ákvarða lánsmörk og lánstíma sérstaklega fyrir hvern hluta byggingar í samræmi við notkun hennar.

12. gr.

Til þeirra bygginga, sem lán er veitt til skv. 9. gr., er heimilt að veita sérstök framkvæmdalán. Skal þá gerður sérstakur framkvæmdalánssamningur milli Húsnæðisstofnunar og framkvæmdaraðila sem verður að leggja fram bankatryggingar eða aðrar jafngildar tryggingar.

Framkvæmdalán mega nema allt að 75% af áætluðu veðláni skv. 9. gr. Strax og matsverð byggingar, sbr. 8. gr., er nægjanlegt til þess að megi veita endanlegt veðlán skal það tekið og notað til þess að greiða framkvæmdalánið upp. Lánstími endanlegra veðlána skv. 15. gr. skal styttur að sama skapi. Hámarkslánstími framkvæmdalána er fimm ár. Að þeim tíma liðnum er allt lánið fallið í gjalddaga.

Lánskjör.

13. gr.

Öll lán úr Byggingarsjóði ríkisins skv. 9. gr. þessara laga skulu að jafnaði tryggð með 1. eða 2. veðrétti í þeirri fasteign sem lánað er til. Ef sérstakar aðstæður mæla með því, t.d. vegna áhvílandi lána, er heimilt að nota aftari veðrétt.

Heimilt er að verðtryggja lán úr Byggingarsjóði ríkisins skv. 9. og 12. gr. laga þessara með því að stjórna vöxtum, afborgunum og höfuðstól lánsins á hverjum tíma miðað við

verðlagsþróun. Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um það hvernig megi haga verðtryggingu lána.

Heimilt er að nota vaxtaaðlögunarlán í staðinn fyrir verðtryggð lán þar sem vextir og sölugengi veðskuldabréfs er ákveðið fyrir fram og bundið til fárra ára í senn.

Heimilt er að setja greiðslumark lána með afkomutryggingu þannig að samið sé fyrir fram um hámarksgreiðslubyrði eftir gjaldþoli lántakanda. Greiðslumark fylgir verðlagsþróun. Ef lántakandi vegna tímabundins atvinnuleysis, veikinda, örorku, slysa eða annars, sem skert hefur tekjur hans án þess að við hafi verið ráðið, getur ekki staðið við greiðslumark, þ.e. vexti, afborgun og framlag til reksturs, greiðist mismunur á greiðslumarki og gjaldþoli lántakanda með afkomutryggingarbótum.

Öllum lánveitingum skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um áætlaða raunvexti og greiðslubyrði lántakanda.

14. gr.

Lánveitingar geta verið með eftirfarandi hætti:

1. Jafngreiðslulán (annuitet), þar sem afborganir og grunnvextir ásamt framlagi til rekstrar eru jafnstórar upphæðir allan lánstímann.
2. Raðlán, þar sem um er að ræða jafnar afborganir, en vextir og framlag til rekstrar reiknast af höfuðstól lánsins á hverjum tíma.
3. Blönduð lán, þar sem heildarlánveiting er að hluta til jafngreiðslulán og að hluta til raðlán.

Heimilt er að haga afborgunarröð þannig að lán verði afborgunarlaus fyrstu tvö árin.

Gjalddagar lána skv. 9. gr. skulu eigi vera færri en fjórir á ári.

Gjalddaga lána skv. 12. gr. ákveður húsnæðismálastjórn hverju sinni.

Lántakanda skal heimilt að greiða lán upp á skemmri tíma en segir í 15. gr. laga þessara. Þessa ákvæðis skal getið í skuldabréfi.

Lánstími og skilmálar.

15. gr.

Lánstími veðlána skv. 9. gr. skal vera sem hér segir:

1. 40 ár fyrir lán til byggingar íbúða fyrir lágtekjufólk.
2. 30 ár fyrir lán til kaupa á notaðri íbúð fyrir lágtekjufólk.
3. 30 ár fyrir lán til byggingar eða kaupa á fyrstu íbúð.
4. 40 ár fyrir lán til byggingar verndaðra íbúða fyrir fatlaða eða aldraða.
5. 30 ár fyrir lán til kaupa á íbúð fyrir fatlaða eða aldraða.
6. 40 ár til byggingar leiguíbúða sveitarfélaga og félagasamtaka.
7. 30 ár fyrir lán til viðhalds, breytinga og endurbóta á leiguíbúðum.
8. 30 ár til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði.
9. 20 ár fyrir lán til viðhalds, breytinga og endurbóta á eignaríbúðum.
10. 20 ár fyrir lán til orkusparandi breytinga á húsnæði.

16. gr.

Á vegum Húsnæðisstofnunar skal rekin ráðgjafarþjónusta þar sem umsækjendum lána og lántakendum er veitt alhliða þjónusta varðandi lánin, greiðslubyrði og afkomutryggingarbætur. Enn fremur skulu veittar allar tæknilegar upplýsingar og annað sem að gagni mætti koma varðandi sérstakar þarfir umsækjenda.

IV. KAFLI

Íbúðir fyrir lágtekjufólk og leiguíbúðir sveitarfélaga.

17. gr.

Í hverjum kaupstað, kauptúnahrepp og öðrum sveitarfélögum, sem þess óska, skal starfa nefnd þriggja manna, húsnæðisnefnd, sem er ætlað að hafa frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf íbúa í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Í upphafi kjörtímabils síns skulu sveitarstjórnir skipa tvo menn í nefndina en félagsmálaráðherra einn mann sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Allir nefndarmenn skulu vera búsettir í viðkomandi sveitarfélagi. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Húsnæðisstofnun greiðir einn þriðja hluta af kostnaði við störf nefndarinnar, þar með talin laun nefndarmanna, en sveitarfélag greiðir tvo þriðju hluta.

18. gr.

Húsnæðisnefnd lætur kanna þörf fyrir íbúðarhúsnæði fyrir íbúa í viðkomandi sveitarfélagi og gerir tillögur til sveitarstjórnar um hvernig megi mæta slíkri þörf. Er þá bæði átt við sérstakar íbúðir til kaupa fyrir lágtekjufólk og leiguíbúðir.

Sveitarstjórn tekur endanlega ákvörðun um byggingu eða kaup á íbúðum fyrir lágtekjufólk. Sveitarstjórn tekur á sama hátt endanlega ákvörðun um byggingu eða kaup á leiguíbúðum.

Ef sveitarfélag festir kaup á húsnæði til nota sem leiguíbúð verður fasteignin að fullnægja þeim almennu kröfum sem gerðar eru til íbúðarhúsnæðis og kaupverð má ekki vera hærra en sem nemur byggingarkostnaði sambærilegrar íbúðar.

19. gr.

Kaupendur að íbúðum fyrir lágtekjufólk eru háðir eftirfarandi skilyrðum:

1. Að þeir eigi lögheimili í hlutaðeigandi sveitarfélagi þegar könnun fer fram.
2. Að þeir eigi ekki íbúð eða aðra fasteign fyrir. Heimilt er að víkja frá þessu ákvæði ef húsnæði umsækjanda telst ófullnægjandi eða heilsuspillandi.
3. Að meðaltekjur þeirra þrjú síðustu árin nemi ekki hærri fjárhæð en sem svarar 555 000 kr. fyrir einhleyping og hjón og 51 000 kr. fyrir hvert barn á framfæri umsækjanda innan 16 ára aldurs. Með meðaltekjum er átt við heildartekjur umsækjanda, maka hans og barna sem eru á framfæri innan 16 ára aldurs. Ofangreindar fjárhæðir eru miðaðar við tekjuárin 1984–1986. Húsnæðismálastjórn ákveður við upphaf hvers árs hvaða tekjumörk skuli gilda, að fengnum upplýsingum hjá Þjóðhagsstofnun um breytingar á atvinnutekjum milli ára.
4. Að umsækjandi hafi unnið a.m.k. 1032 stundir árlega síðustu þrjú árin. Fjarvistardaga vegna veikinda, slysa, orlofs, verkfalla eða verkbanna og atvinnuleysis má meta jafngilda átta stunda vinnudegi. Álags- og ákvæðisgreiðslur teljast ekki með þegar vinnutími er ákveðinn. Þeim sem vinna fasta hlutavinnu skal heimilt að kaupa íbúð fyrir lágtekjufólk vinni þeir 516 stundir árlega hið minnsta.

Ef umsækjendur hafa hlotið varanlega örorku er heimilt að víkja frá þessum ákvæðum.

20. gr.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum 2.–4. tölul. 15. gr. ef aðstæður umsækjanda eru sérstaklega slæmar. Hér er átt við að hann hafi orðið fyrir meiri háttar röskun á högum sínum og að vegna t.d. fráfalls maka eða af öðrum orsökum hafi tekjur hans lækkað svo að hann haldi ekki íbúð sinni.

Lánsumsóknum samkvæmt þessari grein skal fylgja umsögn viðkomandi sveitarstjórnar.

21. gr.

Húsnæðisnefnd viðkomandi sveitarfélags auglýsir eftir umsóknum um íbúðir fyrir lágtekjufólk í samráði við sveitarstjórn eftir að Húsnæðisstofnun hefur samþykkt lánveitingu til byggingaráfanga og framkvæmdir eru hafnar. Húsnæðisnefnd gerir tillögu til sveitarstjórnar um ráðstöfun íbúða. Skulu þeir umsækjendur hafa forgang sem búa við lakastar aðstæður.

Húsnæðisnefnd skiptir byggingarkostnaði niður á milli íbúða og ákveður eignarhlut þeirra í byggingaráfanganum. Hún gerir kaupsamninga við þá umsækjendur sem hefur verið úthlutað íbúð í byggingaráfanganum, en miða skal við að kaupandi greiði sinn hlut á byggingartímanum. Ef kaupandi stendur ekki í skilum getur húsnæðisnefndin framselt kaupsamninginn öðrum umsækjanda.

Húsnæðisnefnd auglýsir eftir umsóknum um leiguíbúðir á vegum sveitarfélags og gerir leigusamninga við þá umsækjendur sem hefur verið úthlutað íbúð til leigu. Nefndin annast rekstur leiguíbúðanna í umboði sveitarfélags sem er skráður eigandi þeirra. Nánari reglur um ráðstöfun leiguíbúða og ákvörðun húsaleigu má setja í reglugerð.

22. gr.

Þegar Húsnæðisstofnun hefur látið taka byggingaráfangann út og staðfest að íbúðirnar séu fullgerðar, lætur húsnæðisnefnd kaupendur fá skriflegt afsal fyrir íbúðunum, enda hafi þeir undirritað veðskuldabréf til Byggingarsjóðs ríkisins og staðið í skilum með útborgun og aðrar greiðslur vegna íbúðarkaupanna.

Í afsali skal taka fram að íbúðin sé háð ákvæðum þessara laga eins og þau eru á hverjum tíma. Þar skal enn fremur tekið fram um skyldu íbúðareigenda til þátttöku í húsfélagi í sambýlishúsum vegna sameiginlegra verkefna.

Kaupandi greiðir kostnað vegna þinglýsingar á afsali sem er stimpilgjaldsfrítt.

23. gr.

Ekki er heimilt að leigja eða framselja íbúð fyrir lágtekjufólk án samþykkis húsnæðisnefndar. Húsnæðisnefnd getur bundið samþykki sitt til útleigu skilyrðum um hámarksleigu og leigutíma. Húsnæðisnefnd getur heimilað eignaskipti án sölu þegar um er að ræða hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna, setu í óskiptu búi, arftöku eða önnur áþekk tilfelli.

Ef leiga eða framsal íbúðar fyrir lágtekjufólk hefur farið fram án samþykkis húsnæðisnefndar er heimilt að gjaldfella lán til íbúðarinnar úr Byggingarsjóði ríkisins. Einnig er heimilt að fella niður verðbætur til íbúðareigenda vegna sölu íbúðarinnar, sbr. 25. gr., þann tíma sem hún er leigð eða framseld án heimildar.

24. gr.

Sveitarstjórn hefur forkaupsrétt á íbúðum fyrir lágtekjufólk, byggðum eftir gildistöku laga þessara. Fyrstu 15 árin eftir að afsal fyrir íbúðinni var gefið út er sveitarstjórn skylt að nota forkaupsrétt sinn. Ef sveitarstjórn vill ekki nota forkaupsrétt sinn að 15 árum liðnum er eiganda íbúðarinnar heimilt að selja hana á frjálsum markaði. Við slíka sölu eru áhvílandi, uppfærðar eftirstöðvar láns úr Byggingarsjóði ríkisins gjaldfallnar. Um leið afléttir sveitarstjórn öllum kvöðum, sem voru á íbúðinni, með yfirlýsingu í afsali til nýs eiganda.

Sveitarstjórn hefur kaupskyldu á öllum íbúðum í verkamannabústöðum byggðum samkvæmt eldri lögum en eftir gildistöku laga nr. 51/1980 og koma til endursölu við verði sem tilgreint er í 25. gr. fyrstu 15 árin frá útgáfu afsals. Eftir þann tíma á sveitarstjórn forkaupsrétt að þeim íbúðum sem boðnar verða til sölu. Hafni sveitarstjórn forkaupsrétti að verkamannabústað eða hafi íbúð í verkamannabústað verið í eigu sama eiganda í 30 ár samfellt er honum heimilt að selja íbúðina á frjálsum markaði, enda greiði hann upp

áhvílandi, uppfærðar eftirstöðvar láns úr Byggingarsjóði verkamanna. Sveitarstjórn skal þá gefa út yfirlýsingu um að niður séu fallnar allar kvaðir sem verið hafa á íbúðinni um forkaupsrétt og takmarkanir á ráðstöfunarrétti. Skal yfirlýsingunni þinglýst.

Ef íbúð fyrir lágtekjufólk eða íbúð, sem hefur verið byggð samkvæmt eldri lögum um verkamannabústaði, er seld á nauðungaruppboði innan 15 ára frá útgáfu afsals skal sveitarstjórn neyta forkaupsréttar síns. Fulltrúi sveitarstjórnar getur þá krafist þess á uppboðsþingi að eignin verði lögð henni út til eignar á því verði sem hæst hefur verið boðið í eignina eða innkaupsverði skv. 25. gr. ef það er lægra en hæsta boð. Að fengnu afsali samkvæmt þessu ákvæði skal afmá veðbönd og höft á eigninni í veðmálabókum.

25. gr.

Húsnæðisnefnd sveitarfélags annast kaup og endursölu íbúða fyrir lágtekjufólk ef sveitarfélag notar forkaupsrétt sinn. Seljandi fær endurgreitt það fé sem hann hefur lagt fram við kaup íbúðarinnar og þær afborganir sem hann hefur greitt til Byggingarsjóðs ríkisins. Endurgreiðslurnar skulu verðtryggðar með sömu kjörum og lánið sem hvíldi á íbúðinni.

Seljandi á enn fremur rétt á því að fá greiddar endurbætur, sem hann hefur gert á íbúðinni, samkvæmt mati tæknideildar Húsnæðisstofnunar.

Frá greiðslu til seljanda skal draga fyrningu sem nemur 1% af framreiknuðu verði íbúðarinnar fyrir hvert ár sem seljandi hefur átt íbúðina fyrstu 20 árin eftir að íbúðin var afhent í fyrsta sinn. Eftir þann tíma er heimilt að lækka árlega fyrningu í ½% ef íbúð og sameign er vel við haldið. Vanræksla á viðhaldi íbúðarinnar skal metin til frádráttar á greiðslum til seljanda samkvæmt mati tæknideildar Húsnæðisstofnunar. Til frádráttar á greiðslu til seljanda koma einnig lausaskuldir og vangreidd gjöld vegna íbúðarinnar.

Nú verður framreiknað innkaupsverð íbúðar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar hærra en markaðsverð sambærilegrar íbúðar í sama sveitarfélagi. Skal þá afskrifa verð íbúðarinnar þar til markaðsverði er náð að mati tæknideildar Húsnæðisstofnunar. Eftirstöðvar áhvílandi lána úr Byggingarsjóði ríkisins skulu afskrifaðar í sama hlutfalli.

Endursöluverð íbúðarinnar skal fundið með því að framreikna kostnaðarverð hennar eða síðasta söluverð, þegar hún var afhent, til söludags miðað við þá verðtryggingu sem er á áhvílandi lánum úr Byggingarsjóði ríkisins. Frá því verði skal draga fyrningu skv. 3. mgr. þessarar greinar. Við framreiknað verð má bæta kostnaði vegna endurbóta, sem hafa verið gerðar á íbúðinni, að mati tæknideildar Húsnæðisstofnunar.

Kaupandi íbúðarinnar tekur við eftirstöðvum af láni úr Byggingarsjóði ríkisins uppfærðum til söludags. Ef uppfærðar eftirstöðvar lánsins nema lægri fjárhæð en 85% af endursöluverði íbúðarinnar er heimilt að veita viðbótarlán úr Byggingarsjóði ríkisins að því marki að heildarlán úr sjóðnum nemi allt að 85% af endursöluverðinu.

V. KAFLI

Forkaupsréttur sveitarfélaga á íbúðum byggðum samkvæmt lögum fyrir gildistöku laga nr. 51/1980.

26. gr.

Sveitarfélög eiga forkaupsrétt á eldri íbúðum sem byggðar hafa verið samkvæmt eldri lögum um verkamannabústaði og veitt hefur verið lán til úr Byggingarsjóði verkamanna enda hafi sveitarstjórn ekki áður hafnað forkaupsrétti eða hann fallið niður af öðrum ástæðum, sbr. þó 24. gr.

Þegar eigandi íbúðar í verkamannabústað hyggst selja íbúð sína skal hann tilkynna það húsnæðisnefnd. Húsnæðisnefndin skal tilkynna eiganda hvort sveitarfélagið muni kaupa

íbúðina innan 30 daga ella telst forkaupsrétti hafnað. Gilda þá ákvæði 2. mgr. 24. gr. laga þessara.

Um íbúðir, sem byggðar voru af Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar samkvæmt lögum nr. 97/1965, svo og þær íbúðir sem byggðar voru samkvæmt lögum nr. 58/1973 og lögum nr. 38/1976, skulu gilda sömu reglur og um íbúðir í verkamannabústöðum samkvæmt þessum kafla. Húsnæðisnefndir skulu fara með kaup og sölu slíkra íbúða. Við endursölu má veita ný lán samkvæmt ákvæðum 10. og 15. gr.

Sveitarfélög eiga forkaupsrétt á íbúðum sem byggðar voru til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis fyrir gildistöku laga nr. 51/1980, enda hafi ríki og sveitarfélög veitt lán til 40 ára eða lengur til þeirra. Tæknideild Húsnæðisstofnunar metur verð til seljenda þessara íbúða. Ef sveitarstjórn óskar eftir er heimilt að veita ný lán við endursölu samkvæmt ákvæðum 10. og 15. gr. þessara laga. Sveitarstjórn getur samþykkt að gefa út kvaðalaust afsal fyrir þessum íbúðum áður en 30 ára eignarhaldstími er liðinn.

27. gr.

Seljandi skal fá endurgreiddan þann hluta kaupverðs íbúðarinnar, sem hann greiddi þegar hann keypti íbúðina, með 1% vöxtum og verðbótum. Að auki skal hann fá greiddan eftir því sem við á 1/26, 1/33 eða 1/42 hluta upphaflegra lána fyrir hvert ár sem hann hefur átt íbúðina, einnig með vöxtum og verðbótum. Verðbæturnar skulu miðast við byggingarvísitölu. Frá verðinu skal draga ½% fyrningu fyrir hvert ár sem seljandi hefur átt íbúðina.

Seljandi á enn fremur rétt á því að fá greiddar endurbætur, sem hann hefur gert á íbúðinni, samkvæmt mati tæknideildar Húsnæðisstofnunar. Vanræksla á viðhaldi íbúðarinnar skal metin til frádráttar á greiðslum til seljanda samkvæmt mati tæknideildar Húsnæðisstofnunar. Til frádráttar á greiðslu til seljanda koma einnig lausaskuldir og vangreidd gjöld vegna íbúðarinnar.

Heildarkaupverð má þó aldrei vera hærra en sannanlegt markaðsverð sambærilegra íbúða á staðnum, sbr. ákvæði 4. mgr. 25. gr. Skal þá afskrifa verð íbúðarinnar þar til markaðsverði er náð að mati tæknideildar Húsnæðisstofnunar. Eftirstöðvar áhvílandi lána úr Byggingarsjóði ríkisins skulu afskrifaðar í sama hlutfalli.

Seljandi íbúðar á rétt til fullnaðargreiðslu samkvæmt þessari grein, eða úrskurði tæknideildar Húsnæðisstofnunar, innan átta vikna frá afhendingu íbúðar. Afhending skal að jafnaði ekki fara fram fyrr en innkaupsverð íbúðar og greiðsla til seljanda hefur verið ákveðin.

Þegar 30 ár eru liðin frá sölu íbúðar getur eigandi hennar óskað eftir að fá gefið út kvaðalaust afsal. Húsnæðisnefnd er skylt að sjá til þess að orðið verði við þessari ósk, enda hafi eigandi íbúðar eða maki hans átt íbúðina allan þann tíma og hann greiði þá upp eftirstöðvar áhvílandi lána úr Byggingarsjóði ríkisins.

28. gr.

Húsnæðisnefnd sveitarfélags annast kaup og endursölu íbúða í verkamannabústöðum í umboði sveitarstjórnar og ákveður söluverð þeirra, ef sveitarfélag notar forkaupsrétt sinn eða kaupskylda kemur til samkvæmt ákvæðum 24. og 26. gr. Við ákvörðun söluverðs skal m.a. taka tillit til byggingarkostnaðar sambærilegra íbúða á þeim tíma sem sala fer fram, markaðsverðs íbúða í sveitarfélaginu, áhvílandi lána frá Byggingarsjóði ríkisins og ástands íbúðar.

Kaupandi íbúðarinnar tekur við eftirstöðvum af láni úr Byggingarsjóði ríkisins uppfærðum til söludags. Ef uppfærðar eftirstöðvar lánsins nema lægri fjárhæð en 85% af endursöluverði íbúðarinnar er heimilt að veita viðbótarlán úr Byggingarsjóði ríkisins að því marki að heildarlán úr sjóðnum nemi allt að 85% af endursöluverðinu.

Verði hagnaður af sölu eldri íbúðar í verkamannabústöðum skal hann renna til Byggingarsjóðs ríkisins. Er heimilt að nota hluta hans til þess að greiða kostnað við eigendaskiptin. Enn fremur er heimilt að leggja ákveðinn hundraðshluta á söluverð íbúðar til þess að mæta slíkum kostnaði.

Þegar íbúð hefur verið endurseld samkvæmt þessari grein og nýtt lán veitt til kaupanda hennar úr Byggingarsjóði ríkisins gilda reglur 24. og 25. gr. um verðlagningu hennar ef hún er keypt öðru sinni.

29. gr.

Nú innleysir sveitarfélag íbúð sem er þinglýst eign byggingarfélags verkamanna. Skal þá stjórn hlutaðeigandi byggingarfélags eða sveitarfélags, hafi hún tekið við hlutverki þess, leysa íbúðina úr veðböndum, enda verði eftirstöðvar áhvílandi lána úr Byggingarsjóði ríkisins greiddar upp.

Við sölu slíkrar íbúðar er heimilt að veita nýtt lán til kaupanda skv. 28. gr. Skulu félagar í hlutaðeigandi byggingarfélagi að öðru jöfnu ganga fyrir um kaup hennar.

30. gr.

Félagsmönnum í byggingarfélögum verkamanna, sem annast sameiginlegt viðhald á íbúðum þeirra, er heimilt að stofna húsfélög í samræmi við ákvæði laga nr. 59/1976, um fjölbýlishús, þannig að húsfélögin taki sameiginlegt viðhald í sínar hendur. Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

31. gr.

Tæknideild Húsnæðisstofnunar skal vera sveitarstjórnum og húsnæðisnefndum þeirra til ráðuneytis um málefni endursöluíbúða. Tæknideildin skal úrskurða um þann ágreining milli seljenda íbúða og húsnæðisnefnda, sem vísað er til hennar og varðar útreikning á greiðslu til seljanda skv. 25. og 27. gr., svo og ákvarðanir um endursöluverð íbúðar skv. 25 og 28. gr.

VI. KAFLI

Skyldusparnaður ungs fólks til íbúðabygginga.

32. gr.

Öllum einstaklingum á aldrinum 16–25 ára, sem ekki hafa formlega undanþágu skv. 36. gr., skal skylt að leggja til hliðar 15% af tekjum sínum til að mynda sér inneign hjá Byggingarsjóði ríkisins til þess að eignast íbúð. Skyldusparnaður hefst við næstu áramót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur þegar hann verður 26 ára.

Fé það, sem lagt er til hliðar með þessum hætti, er undanþegið tekjuskatti og útsvari. Sem eign er það ásamt vöxtum skattfrjálst en framtalsskylt.

Sá sem hefur sparað fé samkvæmt þessari grein og náð 26 ára aldri skal eiga þess kost á fá skyldusparnaðinn endurgreiddan.

33. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins annast innheimtu á skyldusparnaði samkvæmt þessum lögum.

Launagreiðendum er skylt að halda eftir tilskildum hluta af launagreiðslum við hverja útborgun og skila honum til Húsnæðisstofnunar samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð.

Launagreiðandi er ábyrgur fyrir greiðslum til Húsnæðisstofnunar vegna skyldusparnaðar starfsmanna sinna eins og um eigin skattgreiðslur væri að ræða. Með innheimtu á skuld vegna vanskila á skyldusparnaði skal fara með á sama hátt og innheimtu launaskatts, sbr. lög nr. 14/1965, með síðari breytingum.

34. gr.

Fé, sem safnast vegna skyldusparnaðar ungs fólks í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins, skal notað til að byggja leigu- og eignaríbúðir fyrir ungt fólk sem þess óskar, sbr. 35. gr. Skal húsnæðismálastjórn leita eftir samstarfi við þá aðila sem hafa rétt til lána skv. 9. gr., um byggingu slíkra íbúða. Ungt fólk, sem greiðir til skyldusparnaðar, hefur forgang að þessum íbúðum.

35. gr.

Þeim sem er skylt að greiða skyldusparnað til Byggingarsjóðs ríkisins standa til boða tvær mismunandi ávöxtunarleiðir fyrir sparifé sitt.

1. Með því að gera sérstakan samning við Húsnæðisstofnun getur viðkomandi eignast hlut í íbúð sem hefur verið byggð sem leiguíbúð skv. 34. gr. Skal hann fá afhent afsal fyrir þeim eignarhluta í íbúðinni sem hann hefur sparað saman með skyldusparnaði samkvæmt matsverði íbúðarinnar þegar skyldusparnaðartímabilinu er lokið.

Viðkomandi getur þá keypt íbúðina og fær til þess lán í samræmi við 10. og 15. gr. þessara laga. Hann getur einnig selt Húsnæðisstofnun eignarhlut sinn og er hún skuldbundin til að kaupa hann á því matsverði sem þá er í gildi.

2. Ef viðkomandi óskar þess að sparifé hans sé ávaxtað á venjulegan hátt er Húsnæðisstofnun skylt að ávaxta innstæðu hans með sömu kjörum og gilda um útlán stofnunarinnar.

36. gr.

Eftirfarandi aðilar eru undanþegnir skyldusparnaði:

1. Þeir sem hafa byggt eða keypt íbúð til eigin þarfa.
2. Þeir sem hafa stofnað heimili og hafa barn eða aðra skylduómaga á framfæri.
3. Skólafólk sem stundar nám í skóla sex mánuði eða meira á ári.
4. Þeir sem búa við varanlega örorku samkvæmt vottorði frá Tryggingastofnun ríkisins.
5. Útlendingar sem hafa dvalar- eða atvinnuleyfi um stundarsakir.

37. gr.

Heimilt er að veita þeim undanþágu frá sparnaðarskyldu sem verða fyrir slysum eða veikjast eða hafa miklar fjárhagsbyrðar. Beiðni um slíka undanþágu skal senda til húsnæðismálastjórnar.

b. VIII. kafli, um byggingarsamvinnufélög, verður VII. kafli og IX. kafli, Ýmis ákvæði, verður VIII. kafli. 76.–84. gr. verða 38.–46. gr.

2. Í stað 1.–4. gr. frv. komi svofelld:

Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan samningar milli lífeyrissjóðanna og Húsnæðistofnunar ríkisins um skuldabréfakaup þeirra hjá Byggingarsjóði ríkisins eru í gildi skulu lánveitingar vera samkvæmt lögum nr. 27/1987 með eftirfarandi breytingum á 1. gr. laga nr. 27/1987:

A

Ný 6. mgr. 1. gr. laga nr. 27/1987 (sbr. 12. gr. laga nr. 60/1984) hljóði svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1.–5. mgr. er húsnæðismálastjórn heimilt að skerða eða synja um lán ef ríkar ástæður eru fyrir hendi vegna annarrar eða beggja eftirfarandi ástæðna:

a. Umsækjandi á fleiri en eina íbúð fyrir.

b. Fyrri íbúðareign umsækjanda er skuldlítil og stærri en 180 m^2, brúttó, að frádregnum bílskúr, og umsækjandi er að minnka við sig. Um stærðarútreikning íbúða gilda sömu reglur og skv. c-lið 13. gr. laga nr. 60/1984, með síðari breytingum. Ef umsækjandi er í hjónabandi eða óvígðri sambúð skal miða við íbúðareign beggja skv. a- og b-liðum. Ákvörðun húsnæðismálastjórnar um skerðingu eða synjun á láni skal vera rökstudd.

B

1. og 2. málsl. 6. mgr. (verður 7. mgr.) 1. gr. laga nr. 27/1987 (sbr. 12. gr. laga nr. 60/1984) hljóði svo:

Umsækjendur, sem uppfylla skilyrði laga þessara um lánveitingu skv. 13., 14., 18. og 25. gr. laga nr. 60/1984, með síðari breytingum, skulu innan þriggja mánaða frá því að umsókn var lögð fram fá svar um hvort þeir eigi rétt á láni og líklegum afgreiðslutíma láns. Endanleg svör um afgreiðslutíma láns og lánsupphæð berist eigi síðar en einu ári áður en fyrsti hluti láns kemur til afgreiðslu.

C

7. mgr. (verður 8. mgr.) 1. gr. l. nr. 27/1987 (sbr. 12. gr. l. nr. 60/1984) hljóði svo:

Úthlutun lána til þeirra sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn og vegna lána til viðbygginga, endurbóta eða orkusparnaðar skal ganga fyrir úthlutun lána til þeirra sem eiga íbúð fyrir. Skulu fyrrnefnd lán afgreidd í sömu röð og umsóknir berast og/eða íbúðir verða veðhæfar. Þegar um er að ræða þá sem eiga íbúð fyrir er heimilt að láta fjölskyldustærð og skuldlausan eignarhluta í fyrri íbúð hafa áhrif á biðtíma eftir lánum til þeirra innbyrðis þannig að þeir sem eru verr settir að þessu leyti gangi fyrir hinum. Nánari reglur um framangreind atriði skulu settar í reglugerð. — Heimilt er að skipta láni í allt að þrjá hluta eftir nánari reglum er húsnæðismálastjórn setur enda fylgi lánið eða lánshlutarnir að fullu ársfjórðungslegum breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar.

D

Ákvæði VI. kafla um skyldusparnað ungs fólks taka þegar gildi. Um lán til kaupa á íbúð skv. 35. gr. laganna skal fram að gildistöku laga þessara farið eftir ákvæðum eldri laga.

3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1989. Frá og með gildistöku laga þessara falla niður ákvæði laga nr. 54/1986 og 27/1987, um breytingu á lögum nr. 60/1984.

Sþ. 223. Tillaga til þingsályktunar [193. mál]

um leiðtogafund stórveldanna.

Frá utanríkismálanefnd.

Alþingi ályktar að senda Ronald Reagan, forseta Bandaríkjanna, og Mikhaíl Gorbatsjov, aðalritara miðstjórnar sovéska kommúnistaflokksins, heillaóskir í tilefni samnings um afvopnunarmál sem þeir hafa undirritað. Alþingi lætur í ljós þá von að áfanginn, sem náðist á fundi þeirra í Reykjavík, beri ríkulegan ávöxt í viðræðum þeim, sem nú eru að hefjast, og þær stuðli að varanlegum friði.

Nd. 224. Frumvarp til laga [194. mál]

um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

I. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra.

1. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Ríkið greiðir að fullu stofnkostnað stofnana skv. 2.–13. tölul. 7. gr. og stofnkostnað við sérdeildir á dagvistarstofnunum skv. 1. tölul. sömu greinar.

Um stofnkostnað við rými fyrir fötluð börn á almennum deildum dagvistarstofnana og skóladagheimilum fer í samræmi við ákvæði laga nr. 112/1976, með síðari breytingum.

Tryggja skal fötluðum ókeypis vist á þeim stofnunum sem um getur í 7. gr., sbr. þó 28. gr.

Kostnaður skv. 9. og 10. gr. greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

28. gr. laganna orðist svo:

Rekstrarkostnað annarra stofnana en þeirra sem taldar eru upp í 2. tölul. 7. gr. og ekki er greiddur af eigin fé eða sértekjum stofnunar greiðir ríkissjóður.

Á stofnunum, sem sveitarfélögin reka skal greiða sama vistgjald fyrir fatlaða og fyrir önnur börn.

Sérstök flutningsþjónusta fyrir fatlaða, sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki til og frá stofnunum sem falla undir lög þessi, skal greidd af rekstrarfé viðkomandi stofnunar.

II. KAFLI

Um breytingu á íþróttalögum, nr. 49/1956, með síðari breytingum.

3. gr.

Í stað 5.–10. gr. í II. kafla, sem nefnist eftirleiðis „Um byggingarstyrki“, komi ein grein sem verður 5. gr. laganna, en tölusetning greina sem á eftir koma breytist til samræmis og orðist svo:

Opinber stuðningur við byggingu íþróttamannvirkja íþróttafélaga og félagasambanda innan vébanda Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands skal vera í verkahring sveitarfélaga. Byggingarstyrkir ákveðast í fjárhagsáætlunum sveitarstjórnar. Samþykki sveitarstjórnar um styrkhæfni mannvirkis skal liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjast.

Alþingi veitir þó árlega fé í sjóð sem nefnist Íþróttasjóður. Fé úr sjóðnum skal veita til byggingar íþróttamannvirkja á vegum félaga sem um getur í 1. mgr. Íþróttanefnd gerir tillögur til fjárveitinganefndar um skiptingu fjárins.

Í reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur, að höfðu samráði við íþróttanefnd og stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, skal ákveða nánar m.a. um skilyrði fyrir opinberum styrkveitingum, rekstur og afnot mannvirkja sem njóta styrks.

III. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 107/1970, um félagsheimili, með síðari breytingum.

4. gr.

2., 3. og 4. gr. laganna falli niður. Í stað þeirra komi ný grein sem verður 2. gr. og orðist svo:

Sveitarstjórn veitir byggingarstyrki til félagsheimila eftir því sem ákveðið er í fjárhagsáætlun sveitarstjórnar. Samþykki sveitarstjórnar skal liggja fyrir áður en framkvæmdir eru hafnar.

5. gr.

Núverandi 5. gr. laganna falli niður. Í stað hennar komi ný grein sem verður 3. gr. og orðist svo:

Eigendum félagsheimila, sem notið hafa byggingarstyrks frá ríki eða sveitarfélagi, er skylt að heimila öðrum félögum, sem falla undir 1. gr., afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi ef það fer ekki í bága við notkun þeirra sjálfra. Rísi ágreiningur um rétt til afnota af félagsheimili eða um eðlilegt leigugjald skulu viðkomandi sveitarstjórnir skera úr.

6. gr.

Núverandi 6. gr. laganna falli niður. Í stað hennar komi ný grein sem verður 4. gr. og orðist svo:

Óheimilt er að selja félagsheimili, sem styrkt hafa verið af ríki eða sveitarfélagi, án leyfis menntamálaráðherra og viðkomandi sveitarstjórna. Óheimilt er að veðsetja félagsheimili sem styrkt hafa verið, nema fyrir láni til greiðslu byggingarkostnaðar eða vegna endurbóta á eigninni.

7. gr.

Núverandi 7. gr. laganna falli niður en 8. gr. laganna verði 5. gr. og breytist þannig að niður falli orðin „styrk úr Félagsheimilasjóði“ og í stað þeirra komi : opinberum styrk.

8. gr.

Núverandi 9. gr. laganna falli niður. Í stað hennar komi ný grein sem verður 6. gr. og orðist svo:

Menntamálaráðuneyti getur, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, ákveðið með reglugerð nánari skilyrði styrkveitingar og önnur atriði er snúa að framkvæmd laganna.

Ágreiningi, sem verður um skilning á lögum þessum eða um framkvæmd þeirra, má skjóta til ráðherra.

9. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Til Menningarsjóðs félagsheimila skal renna hluti af skemmtanaskatti. Sjóðurinn skal verja tekjum sínum til að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilum. Heimilt er einnig ef sérstaklega stendur á að styrkja menningarstarfsemi sem fram fer utan félagsheimila.

Menntamálaráðuneyti skal fara með málefni sjóðsins.

IV. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 58/1970, um skemmtanaskatt.

10. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:

Skemmtanaskattur rennur í ríkissjóð á árinu 1988, sbr. þó 7. gr. laganna. Eftir það skal skattinum ráðstafað í samráði við fjármálaráðherra til framkvæmda á sviði lista og menningarmála og til forvarnarstarfs á sviði áfengis- og fíkniefnamála. Nánari ákvæði um ráðstöfun fjársins skal setja í reglugerðum sem menntamálaráðherra og heilbrigðisráðherra setja.

11. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Af skemmtanaskatti skv. 2. gr. renna 10% til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og 10% til Menningarsjóðs félagsheimila.

V. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 112/1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, með síðari breytingum.

12. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Bygging og rekstur dagvistarheimila er í verkahring sveitarfélaga. Menntamálaráðuneytið skal hafa með höndum faglega umsjón og eftirlit með dagvistarstofnunum og vera sveitarstjórnum til ráðuneytis um þessi mál.

Samþykki menntamálaráðuneytis og viðkomandi sveitarstjórnar þarf til að setja á stofn dagvistarheimili.

13. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórn ákveður byggingu og fyrirkomulag á rekstri dagvistarheimila í eigu þess.

Sveitarstjórn veitir styrki til byggingar og reksturs til aðila sem reka vilja dagvistarheimili í samræmi við markmið þessara laga eftir því sem ákveðið er í fjárhagsáætlun sveitarstjórnar. Áður en framkvæmdir hefjast skal ganga frá samningi milli sveitarstjórnar og félags um styrk og skilyrði varðandi rekstur heimilisins.

14. gr.

Í 1. mgr. 4. gr. laganna falli niður orðin „úr ríkissjóði".

15. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráðuneyti skal í samráði við stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga setja reglugerð um almenn ákvæði varðandi húsnæði og búnað dagvistarheimila sem falla undir ákvæði laga þessara.

Nú hættir aðili rekstri dagvistarheimilis sem notið hefur opinbers styrks til stofnunar þess og er styrkurinn þá endurkræfur til viðkomandi sveitarfélags.

16. gr.

7. gr. laganna falli niður.

17. gr.

9., 10., 11., 12., 13. og 14. gr. laganna falli niður. Tölusetning annarra greina breytist til samræmis.

VI. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

18. gr.

3. mgr. 3. gr. laganna falli niður.

19. gr.

Í 4. gr. laganna falli niður síðari hluti 1. málsl. á eftir orðunum „stofnendum hans" og allur 2. málsl. greinarinnar.

20. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Sveitarfélög, sem reka tónlistarskóla, greiða launakostnað kennara og skólastjóra.

21. gr.

Síðasti málsliður 8. gr. falli niður og í stað hans komi ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

Sveitarstjórn skal taka afstöðu til áætlunar skólans og gera samkomulag við skólastjórn um kennslu og starfsmannahald fyrir 1. júlí ár hvert.

22. gr.

Í 1. málsl. 9. gr. laganna falli niður orðin „fjármálaráðuneytið og launanefnd sveitarfélaga gera“ og í stað þess komi: Launanefnd sveitarfélaga gerir.

23. gr.

Síðasti málsliður 10. gr. laganna falli niður.

VII. KAFLI

Um breytingu á þjóðminjalögum, nr. 52/1969, með síðari breytingum.

24. gr.

45. gr. laganna orðist svo:

Bygging og rekstur byggðasafna er á verksviði sveitarstjórna.

25. gr.

1. málsl. 46. gr. laganna falli niður.

VIII. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 93/1947, um aðstoð til vatnsveitna.

26. gr.

Núverandi 8. gr. laganna verði 1. gr. en aðrar greinar laganna falli niður.

IX. KAFLI

Um landshafnir.

27. gr.

Felld eru úr gildi lög nr. 23/1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi, lög nr. 38/1951, um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi, og lög nr. 61/1966, um landshöfn í Þorlákshöfn, með síðari breytingum. Um hafnir þessar gilda hafnalög, nr. 69/1984.

X. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

28. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðist svo:

Við sjóðinn skal auk almennrar deildar, sbr. 1. mgr., starfrækja tvær deildir er nefnast sérdeild og uppgjörsdeild og skal hlutverk þeirra vera sem hér segir:

a. Úr sérdeild sjóðsins skal greiða framlög til jöfnunar milli sveitarfélaga vegna aukins kostnaðar þeirra í kjölfar breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá ársbyrjun 1988. Greiðslur þessar skulu inntar af hendi samkvæmt reglugerð sem félagsmálaráðherra setur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið á um nánari skilyrði fyrir greiðslum úr sérdeild sjóðsins.

b. Uppgjörsdeild skal á árunum 1988 til og með 1991 greiða sveitarfélögum og félagasamtökum framlög vegna áfallinna skuldbindinga ríkissjóðs er rætur eiga að rekja til framkvæmda til ársloka 1987 við félagsheimili, íþróttamannvirki og dagheimili. Við mat á áföllnum skuldbindingum ríkissjóðs í þessu sambandi skal miða við reglur um kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs í þessum framkvæmdum er giltu til ársloka 1987. Greiðslum úr uppgjörsdeild skal skipt af fjárveitinganefnd milli þeirra sveitarfélaga og félagasamtaka sem hér um ræðir, að fengnum tillögum viðkomandi ráðuneytis.

XI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988 að undanskildum ákvæðum VI. kafla sem taka gildi 1. september 1988 og ákvæðum IX. kafla sem taka gildi 1. júlí 1988. Jafnframt falla úr gildi önnur lagaákvæði en að framan eru talin sem kunna að brjóta í bága við þessi lög.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Af tekjum Jöfnunarsjóðs, sem um ræðir í a-lið 9. gr. laga 73/1980, með síðari breytingum, skal á árinu 1988 verja allt að 100 milljónum króna til greiðslna til sérdeildar Jöfnunarsjóðs, sbr. a-lið 28. gr. þessara laga. Framlög sjóðsins skv. 1. mgr. 8. gr. og 13.–16. gr. laga nr. 73/1980, með síðari breytingum, skulu miðast við tekjur sjóðsins að frádregnu því fé sem rennur í sérdeild og uppgjörsdeild.

II

Á árinu 1988 skal ríkissjóður auk framlags skv. a-lið 9. gr. laga nr. 73/1980, með síðari breytingum, leggja fram til uppgjörsdeildar, sbr. 28. gr. laga þessara, fjárhæð er nema skal 100 milljónum króna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Um langt árabil hefur farið fram mikil umræða um nauðsyn breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga. Nokkrar nefndir hafa starfað að þessum málum og skilað tillögum til breytinga á verkaskiptingunni og dregið saman mikið af upplýsingum.

Á samráðsfundi ríkis og sveitarfélaga í júní 1986 var gert um það samkomulag að skipa tvær nefndir sem hefðu það hlutverk að gera tillögur um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og breytingar á fjárhagslegum samskiptum þessara aðila.

Fyrrverandi félagsmálaráðherra skipaði nefnd þá sem fjallaði um verkaskiptinguna og kölluð var verkaskiptanefnd. Skipaðir voru Björn Friðfinnsson framkvæmdastjóri, sem var tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Einar I. Halldórsson lögfræðingur, tilnefndur af fjármálaráðherra, Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri, tilnefndur af félagsmálaráðherra, Jón Gauti Jónsson bæjarstjóri, tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og Örlygur Geirsson skrifstofustjóri, tilnefndur af menntamálaráðherra. Húnbogi Þorsteinsson var skipaður formaður nefndarinnar.

Fyrrverandi fjármálaráðherra skipaði hins vegar nefnd þá sem fjallaði um fjármálaleg samskipti og kölluð var fjármálanefnd. Í þá nefnd voru skipaðir Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri, tilnefndur af félagsmálaráðherra, Sigurgeir Sigurðsson bæjarstjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Einar I. Halldórsson lögfræðingur og Snorri Olsen deildarstjóri, tilnefndir af fjármálaráðherra. Einar I. Halldórsson var skipaður formaður nefndarinnar.

Með nefndinni störfuðu þeir Lúðvík Hjalti Jónsson, viðskiptafræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Árni Sigfússon, stjórnsýslufræðingur hjá Fjárlaga- og hagsýslustofnun, og Kristófer Oliversson skipulagsfræðingur, sem starfar hjá Byggðastofnun.

Nefndir þessar höfðu með sér náið samstarf og skiluðu þær álitum sínum á síðastliðnu vori. Álitin voru gefin út í bókinni „Samstarf ríkis og sveitarfélaga" sem m.a. hefur verið dreift til alþingismanna og allra sveitarstjórnarmanna.

Samband íslenskra sveitarfélaga og Landshlutasamtök sveitarfélaga hafa staðið fyrir kynningu á álitum nefndanna. Þá voru verkaskiptamálin aðalumræðuefni á samráðsfundi ríkistjórnarinnar og stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga í desember 1986 og maí 1987.

Tillögur nefndanna hafa yfirleitt fengið góðar undirtektir enda eru þær mjög í samræmi við óskir sveitarstjórnarmanna.

Við undirbúning fjárlagafrumvarps fyrir 1988 ákvað ríkisstjórnin að taka fyrsta áfanga í heildarendurskoðun á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Í samræmi við þá ákvörðun er frumvarp þetta flutt. Í meginatriðum er stuðst við þau markmið og tillögur sem framangreindar nefndir lögðu til um breytta verkaskiptingu í málefnum fatlaðra, byggingu íþróttamannvirkja, félagsheimila og dagvistarstofnana, rekstri tónlistarskóla, byggðasafna og landshafna og styrkjum til vatnsveitna.

Tillögur nefndanna.

Þar sem frumvarp þetta er í aðalatriðum byggt á tillögum nefndanna skal gerð grein fyrir helstu atriðum í álitum þeirra.

Í nefndarálitum er m.a. fjallað um galla á núverandi verkaskiptingu, hvaða markmið voru höfð til hliðsjónar við tillögugerð og áhrif breytinga á fjárhag ríkis og sveitarfélaga.

Varðandi galla á núverandi fyrirkomulagi verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga er bent á nokkur meginatriði sem komið hafa fram.

— Talið er að ríkið hafi oft með höndum verkefni sem betur væru komin í höndum heimamanna vegna þekkingar þeirra á staðbundnum þörfum og aðstæðum. Sveitarfélögin mundu leysa þessi verkefni á hagkvæmari hátt.
— Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga er talin óskýr og flókin. Mikil vinna er lögð í margs konar uppgjör milli þessara aðila. Í mörgum tilvikum er stöðug togstreita og ágreiningur milli ríkis og sveitarfélaga einkum vegna fjárhagslegra samskipta.
— Ákvarðanir um framkvæmdir eru oft taldar teknar af þeim aðilanum sem ekki ber síðan nægjanlega ábyrgð á stofnkostnaði og rekstri vegna viðkomandi verkefnis.
— Sveitarfélögin eru talin fjárhagslega ósjálfstæð og of háð ríkisvaldinu.

Í störfum sínum settu nefndirnar sér samhljóða markmið og tillögur þeirra ber að skoða með tillliti til þeirra. Markmið þessi voru:

— Sveitarfélögin hafi einkum með höndum verkefni sem ráðast af staðbundnum þörfum og þar sem ætla má að þekking á aðstæðum ásamt frumkvæði heimamanna leiði til betri og hagkvæmari þjónustu. Ríkið annist fremur verkefni sem hagkvæmara er að leysa á landsvísu.
— Sveitarfélögin verði fjárhagslega sjálfstæðari og síður háð ríkisvaldinu.
— Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga verði skýrari og einfaldari og dregið verði úr samaðild.
— Saman fari frumkvæði, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð á stofnkostnaði og rekstri svo sem kostur er.
— Stuðningur ríkisins við sveitarfélögin til að annast lögbundin verkefni verði í meira mæli í formi almennra framlaga í stað fjárveitinga til einstakra verkefna.

Tillögur beggja nefndanna eru í mörgum liðum en í eftirfarandi yfirliti eru þær flokkaðar eftir málaflokkum.

Yfirlit: Tillögur um breytta verkaskiptingu og fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga.

1.	Grunnskólar:	
	Bygging grunnskóla	verkefni sveitarfélaga
	Rekstrarkostnaður annar en kennslulaun	verkefni sveitarfélaga
	Rekstur fræðsluskrifstofa, þ.m.t. sálfræðiþjónusta	verkefni ríkisins
2.	Framhaldsskólar:	
	Bygging framhaldsskóla	verkefni ríkisins
	Rekstrarkostnaður	verkefni ríkisins
	Öldungadeildir, meistaraskóli, Myndlista- og handíðaskólinn, Tónlistarskólinn í Reykjavík (framhaldsdeild)	verkefni ríkisins
3.	Almennir tónlistarskólar:	
	Kennslulaun	verkefni sveitarfélaga
4.	Íþróttamál:	
	Bygging og styrkir til íþróttamannvirkja	verkefni sveitarfélaga
	Opinberir styrkir til íþróttahreyfingar	verkefni sveitarfélaga
5.	Félagsheimili og æskulýðsmál:	
	Fjárveitingar til byggingar félagsheimila	verkefni sveitarfélaga
	Opinberir styrkir til æskulýðsfélaga	verkefni sveitarfélaga
6.	Dagvistarheimili:	
	Bygging almennra dagheimila, leikskóla og skóladagheimila	verkefni sveitarfélaga
	Upptökuheimili, unglingaheimili	verkefni ríkisins
7.	Byggðasöfn	verkefni sveitarfélaga
8.	Málefni fatlaðra	
	Stofnkostnaður	verkefni ríkisins
	Rekstrarkostnaður	verkefni ríkisins
9.	Vatnsveitur, stofnkostnaður	verkefni sveitarfélaga
10.	Landshafnir	verkefni sveitarfélaga
11.	Sýsluvegir	verkefni ríkisins
12.	Sjúkrahús:	
	Bygging sjúkrahúsa og langlegudeilda aldraðra	verkefni ríkisins
	Rekstrarkostnaður sjúkrahúsa og langlegudeilda	verkefni ríkisins
13.	Heilsugæsla utan sjúkrahúsa:	
	Stofnkostnaður	verkefni sveitarfélaga
	Rekstrarkostnaður	verkefni sveitarfélaga
14.	Dvalarheimili og íbúðir aldraðra:	
	Stofnkostnaður, þ. m. t. byggingarstyrkir	verkefni sveitarfélaga og Framkvæmdasjóðs aldraðra
15.	Heimaþjónusta (heimahjúkrun, heimilishjálp)	verkefni sveitarfélaga
16.	Sjúkratryggingar	verkefni ríkisins
17.	Kostnaður við tannlækningar	verkefni ríkisins
18.	Atvinnuleysistryggingasjóður	verkefni ríkisins
19.	Samhliða verði fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga einfölduð	
20.	Hlutverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði breytt að hluta til	

Fjármálanefnd gerir það að tillögu sinni að úthlutunarreglum Jöfnunarsjóðs verði breytt og meira fé verði ráðstafað til að styrkja einkum hin fámennari sveitarfélög til að annast lögbundin verkefni, til að jafna útgjöld sveitarfélaga og til að standa undir stofnframkvæmdum. Tekjum sjóðsins verði skipt í þrjá hluta, bundin framlög, sérstök framlög og almenn framlög og hlutfall hvers hluta verði ákveðið í lögum.

Sérstök framlög Jöfnunarsjóðs yrðu skilyrt og sveitarfélögin verði þess vegna flokkuð eftir tegund, verkefnum, útgjöldum og tekjum. Framlögunum er ætlað að standa undir kostnaðarsömum stofnframkvæmdum hjá fámennum sveitarfélögum, bæta upp tekjumissi sveitarfélaga vegna fólksfækkunar, greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, aðstoða dreifbýlissveitarfélög til að standa undir meiri kostnaði við grunnskóla, bæta upp annan aukinn kostnað við breytta verkaskiptingu og til innbyrðis tekjujöfnunar milli sveitarfélaga.

Hluti af upplýsingasöfnun um fjármálasamskipti ríkis og sveitarfélaga fólst í því að afla gagna um núverandi útgjöld ríkis og sveitarfélaga til sameiginlegra verkefna. Fjármálanefnd lagði mat á það hvaða áhrif tillögur beggja nefndanna hefðu á útgjöld ríkisins og útgjöld og tekjur allra sveitarfélaga í landinu.

Niðurstaða þessa mats var að verkefni, sem nefndirnar leggja til að flytjist frá ríki til sveitarfélaga, voru metin á 1100 m.kr. á verðlagi í desember 1986. Verkefni, sem gert er ráð fyrir að flytjist frá sveitarfélögunum til ríkisins, voru metin á 325 m.kr. og aukin þátttaka ríkisins í útgjöldum sjúkrasamlaga, til tannlækninga og yfirtaka á skuldbindingum við Atvinnuleysistryggingasjóð voru metin samtals á 885 m.kr. Á sérstöku fylgiskjali með frumvarpinu er tafla þar sem fjárhæðirnar eru sundurliðaðar og þar koma einnig fram þær forsendur sem matið er byggt á. Á eftirfarandi mynd eru áhrif breytinganna sýnd eftir málaflokkum.

Áhrif tillagna nefndanna á fjármál sveitarfélaga.



Til að kanna tekjur sveitarfélaga, framlög ríkisins til þeirra og útgjöld á árinu til verkefna sem tillaga er gerð um að flytja, var tekið úrtak 13 mismunandi sveitarfélaga. Úrtakið náði bæði til sveitarfélaga í þéttbýli og dreifbýli með mismunandi íbúafjölda og á því að gefa gott þversnið af sveitarfélögunum í landinu. Út frá ársreikningum sveitarfélaga

þessara fyrir 1985 og öðrum gögnum var reiknað út hvaða áhrif breytingarnar muni hafa á tekjur og útgjöld hvers sveitarfélags í úrtakinu hefðu þær gilt 1985.

Niðurstöður þessara athugana fjármálanefndar benda til að fjárhagur sveitarfélanna muni fremur styrkjast við verkefnaflutning og breyttar úthlutunarreglur Jöfnunarsjóðs og er þá miðað við að fjárveitingar til sjóðsins verði í samræmi við ákvæði laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Í greinargerð þessari er byggt á gögnum nefndanna og er nánari upplýsingar að finna í skýrslum og fylgiskjölum þeirra.

Í samvinnu við Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi er nú unnið að útreikningum á áhrifum breyttrar verkaskiptingar á fjárhag allra sveitarfélaganna í kjördæminu miðað við 1985. Bráðabirgðaniðurstaða þeirra útreikninga varðandi breytingu á rekstrarútgjöldum og tekjum sveitarfélaganna benda til svipaðrar niðurstöðu og komu fram í úrtaki nefndarinnar.

Frumvarp þetta.

Við undirbúning fjárlagafrumvarps fyrir 1988 ákvað ríkisstjórnin að ganga á því ári fyrsta skrefið til heildarendurskoðunar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Er miðað við að eftirtalin verkefni færist alfarið til sveitarfélaga: bygging dagvistarheimila fyrir börn, bygging og styrkir til íþróttamannvirkja, fjárveitingar til byggingar félagsheimila, bygging og rekstur byggðasafna, stofnkostnaður við vatnsveitur, rekstur landshafna og rekstur tónlistarskóla frá hausti 1988. Til ríkisins færist hins vegar stofn- og rekstrarkostnaður í málefnum fatlaðra.

Tilgangur með breytingum þessum er að gera verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga einfaldari og að stuðla að því að ákvarðanir um staðbundin málefni séu teknar af heimamönnum. Með þessum verkefnaflutningi er talið að um 200 m.kr. útgjöld færist frá ríki til sveitarfélaga en sveitarfélögum eru jafnframt tryggðar auknar tekjur með meiri framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Þessi áform ríkisstjórnarinnar voru kynnt á samráðsfundi ríkisins og sveitarfélaganna í október sl. og var þeim þar vel tekið af fulltrúum sveitarfélaganna.

Undanfarið hefur verið unnið að því að móta nánar hvernig að verkefnaflutningi þessum verði best staðið. Sú vinna hefur einkum verið þríþætt. Í fyrsta lagi að kanna og gera tillögur um það hvernig haga skuli uppgjörum vegna sameiginlegra verkefna ríkis og sveitarfélaga. Í öðru lagi að breyta reglum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga þannig að auknu fjármagni verði veitt til jöfnunar milli sveitarfélaga og þá m.a. vegna verkefnaflutningins. Í þriðja lagi að semja frumvarp um nauðsynlegar lagabreytingar á gildandi lögum.

Athugað hefur verið m.a. hver áætluð skuld ríkissjóðs verði um næstu áramót vegna dagvistarheimila, félagsheimila og íþróttamannvirkja. Talið er að hún verði rúmlega 400 m.kr. Stefnt er að því að þessi skuld verði gerð upp með ríkisframlagi á næstu fjórum árum. Ætlunin er að fulltrúar menntamálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga vinni að því í sameiningu að finna út stöðutölur á hverju einstöku verkefni í árslok 1987. Ríkisframlagi vegna þessa uppgjörs verði beint um Jöfnunarsjóð og því verði skipt af fjárveitinganefnd að fengnum tillögum viðkomandi ráðuneytis.

Unnið hefur verið að endurskoðun á ákvæðum um Jöfnunarsjóð í lögum um tekjustofna sveitarfélaganna. Sú endurskoðun hefur einkum beinst að atriðum sem tengjast flutningi verkefna til sveitarfélaganna. Er þar bæði um að ræða uppgjör þau sem áður gat um og einnig myndun sérdeildar innan sjóðsins sem hefði það hlutverk að hlaupa undir bagga með minni og vanmegnugri sveitarfélögum við framkvæmdir eða rekstur sem af verkefnatilfærslunni kann að leiða.

Jafnhliða því sem unnið hefur verið að því að móta framkvæmdina varðandi þennan fyrsta áfanga í breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hefur verið hugað að þeim næsta. Félagsmálaráðherra hefur skipað nefnd með fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi ráðuneyta til að undirbúa framkvæmd á síðari áfanga í flutningi verkefna milli ríkis og sveitarfélaga og gera nánari tillögu um uppgjör og eignatilfærslur sem því tengjast.

Um fjárhagsleg áhrif breytingartillagna samkvæmt frumvarpinu er fjallað í hverjum kafla hér á eftir. Yfirleitt eru upplýsingar byggðar á athugun og mati fjármálanefndar sem gert var með ákveðnum fyrirvörum. Forsendur þessa mats voru m.a. að sveitarfélögin eru metin sem ein heild. Varðandi rekstrargjöld er byggt á umsvifum 1985 en framlög ríkisins til stofnkostnaðar er í flestum tilvikum byggð á framreiknuðu meðaltali áranna 1980 til 1986. Útgjöld sveitarfélaganna eru yfirleitt áætluð í hlutföllum af kostnaði ríkisins í málaflokkum.

Frumvarp þetta er samið að forgöngu ríkisstjórnarinnar. Í frumvarpinu eru sameinaðar tillögur tveggja hópa. Ákvæði I.–IX. kafla eru samin af fulltrúum menntamálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og Fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Ákvæði X. kafla og bráðabirgðaákvæði eru í meginatriðum byggð á tillögum nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði. Í þeirri nefnd voru Indriði H. Þorláksson skrifstofustjóri, tilnefndur af fjármálaráðherra, Jón G. Tómasson borgarritari, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri, tilnefndur af félagsmálaráðherra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Kaflinn fjallar um breytingar á lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra. Málefnum fatlaðra er nú sinnt af ríki, sveitarfélögum og ýmsum félagasamtökum.

Verkaskiptanefnd leggur til að þáttur hins opinbera í byggingu og rekstri sérstakra stofnana fatlaðra verði einvörðungu á hendi ríkisins.

Samkvæmt gildandi lögum eiga sveitarfélögin að taka að hluta til þátt í byggingu og rekstri sumra stofnana fyrir fatlaða. Erfitt er að meta þessar skuldbindingar sveitarfélaganna þar sem reglur um kostnaðarskiptingu hafa reynst örðugar í framkvæmd og ekki er komin full reynsla á lögin. Með þessum fyrirvara er áætlað að tillögur um flutning verkefna í þessum málaflokki muni létta af sveitarfélögunum um 10 m.kr.

Um 1. gr.

Í 26. gr. núverandi laga um málefni fatlaðra eru ákvæði um skiptingu stofnkostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga. Lagt er til að þessum ákvæðum verði breytt á þann hátt að ríkið sjái af opinberri hálfu um málefni fatlaðra að öðru leyti en því að ráð er fyrir því gert að á almennum deildum dagvistarstofnana og á skóladagheimilum sveitarfélaga verði rúm fyrir fötluð börn sem geta verið á slíkum deildum. Stofnkostnað vegna þessa rýmis munu sveitarfélögin greiða. Bygging sérdeilda fyrir fötluð börn yrði hins vegar greidd af ríkinu.

Ákvæði 3. og 4. mgr. eru óbreytt frá gildandi lögum.

Um 2. gr.

Í 28. gr. núverandi laga um málefni fatlaðra eru ákvæði um rekstrarkostnað og skiptingu hans. Gildandi kostnaðarskipting er mjög flókin. Í samræmi við fyrirliggjandi tillögu er lagt til að þessari grein verði breytt og ríkið greiði rekstrarkostnað þeirra stofnana sem falla undir lögin. Undantekning frá reglunni yrði í þeim tilvikum er fötluð börn geta verið á almennum deildum dagvistarstofnanna og á skóladagheimilum. Í þeim tilvikum er gert ráð fyrir að viðkomandi sveitarfélag greiði rekstrarkostnað sem er umfram vistgjöld frá foreldrum.

Nokkur sveitarfélög starfrækja nú sérdeildir fyrir fötluð börn. Í þeim tilvikum yrði gerður sérstakur samningur á milli ríkisins og viðkomandi sveitarfélags um þátt ríkisins í rekstri deildanna.

Ákvæði 3. mgr. þessarar greinar frumvarpsins eru efnislega samhljóða 5. mgr. 28. gr. gildandi laga. Nokkur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu reka á sinn kostnað sérstaka ferðaþjónustu fyrir fatlaða. Þetta frumvarp tekur ekki til þeirrar þjónustu.

Um II. kafla.

Bæði ríki og sveitarfélög taka nú þátt í byggingu íþróttarmannvikja, en mannvirkin eru rekin af sveitarfélögum eða íþróttafélögum. Þá styrkja báðir aðilar rekstur íþróttahreyfingar og íþróttafélaga.

Verkaskiptanefnd gerir það að tillögu sinni að opinber afskipti af íþróttamálum verði á vegum sveitarfélaganna. Nú tekur ríkissjóður þátt í byggingu íþróttamannvirkja og veitir nokkru fé til stuðnings íþróttahreyfingunni. Fjárveitingar Íþróttasjóðs til mannvirkjagerðar eru yfirleitt lágar og ríkið er á eftir að greiða sinn hlut og einnig eru fjárveitingar óverðtryggðar.

Breytt verkaskipting í þessum málaflokki kallar á verulegar breytingar á íþróttalögum, nr. 49/1956. Að sinni er einungis breytt þeim greinum sem snúa að hlutverki Íþróttasjóðs, en í ýmsum öðrum greinum laganna er minnst á Íþróttasjóð. Ekki eru í frumvarpi þessu gerðar tillögur um breytingar á þessum ákvæðum þar sem menntamálaráðherra hefur ákveðið að skipa sérstaka nefnd til að endurskoða íþróttalögin í heild sinni.

Með frumvarpi þessu er ekki gerð tillaga um að sveitarfélögin taki ein að sér að styrkja rekstur íþróttahreyfingar með fjárframlögum. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að nokkur landssambönd fái sérstaka fjárveitingu á fjárlögum undir liðnum Ýmis íþróttamál. Þá mun ríkið einnig a.m.k. á næsta ári taka að hluta til þátt í byggingu þeirra íþróttamannvirkja sem flokkast sem skólamannvirki.

Þrátt fyrir það að gert er ráð fyrir að stuðningur við byggingu íþróttamannvirkja verði í verkahring sveitarfélaganna er í frumvarpi þessu lagt til að Alþingi veiti árlega fé til byggingar íþróttamannvirkja á vegum félaga.

Fjármálanefnd lagði mat á verkefnaflutning frá Íþróttasjóði til sveitarfélaganna við byggingu íþróttamannvirkja. Hann er metinn á rúmar 43 m. kr. á núverandi verðlagi.

Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæði í 5.–10. gr. íþróttalaga, þar sem fjallað er um Íþróttasjóð og verkefni hans, verði felld niður og í stað þeirra komi ný grein sem verði 5. gr. Í 1. mgr. greinarinnar er ákvæði um að sveitarfélögin taki að sér opinberan stuðning við byggingu mannvirkja á vegum íþróttafélaganna. Í 2. mgr. er þrátt fyrir það gert ráð fyrir að íþróttafélögin geti fengið nokkurn styrk frá ríkinu úr sérstökum íþróttasjóði eftir því sem fé er veitt á fjárlögum. Lagt er til að íþróttanefnd ríkisins geri tillögur til fjárveitinganefndar um skiptingu fjárins. Menntamálaráðherra mun setja reglugerð um styrki ríkisins og sveitarfélaganna.

Jafnframt er lagt til að heiti kaflans sem nú er „Um Íþróttasjóð“ verði breytt í: Um byggingarstyrki.

Um III. kafla.

Verkaskiptanefnd leggur m.a. til að ríkisvaldið hætti afskiptum af byggingu félagsheimila og að sveitarfélögin taki við þessum skuldbindingum og samhliða verði Félagsheimilasjóður lagður niður. Meginhluti tekna af skemmtanaskatti rann áður til Félagsheimilasjóðs en nú styrkir ríkið byggingu félagsheimila með framlagi á fjárlögum til sjóðsins og meiri hluti skemmtanaskatts fer nú í ríkissjóð.

Samkvæmt útreikningi fjármálanefndar, sem byggður er á ákveðnum forsendum, munu tillögur þessar leiða til um 20 m.kr. útgjaldaauka hjá sveitarfélögunum á núverandi verðlagi. Á fjárlögum er auk þess veitt fé til styrktar nokkrum æskulýðsfélögum. Ekki er gert ráð fyrir að breyting verði á þessum styrkjum.

Um 4. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að 2., 3. og 4. gr. laga um félagsheimili falli niður og í stað þeirra komi ný grein sem verður 2. gr. laganna og fjallar um styrkveitingar sveitarfélaga til byggingar félagsheimila.

Um 5. gr.

Grein þessari er ætlað að koma í stað 5. gr. laganna um félagsheimili. Frumvarpsgreinin, sem er hluti af núverandi 5. gr., þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Grein þessi kemur í stað 6. gr. laganna. Hún fjallar um hömlur á sölu félagsheimilis sem notið hefur opinbers styrks og leiðir af breytingum þeim sem að framan greinir. Ákvæðið er hluti af gildandi 6. gr. laganna.

Um 7. gr.

Í 7. gr. núverandi laga eru ákvæði um það hvað verði um félagsheimili ef félag, sem staðið hefur að byggingu þess, er lagt niður. Í frumvarpinu er grein þessi felld út en þess í stað eru ákvæði í 8. gr. frumvarpsins þar sem m.a. er gert ráð fyrir að þessi atriði verði ákvörðuð í reglugerð.

Í 8. gr., sem verður 5. gr., þarf að fella niður orðin „styrks úr Félagsheimilasjóði“ .

Um 8. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er nýmæli þar sem lagt er til að menntamálaráðuneyti geti sett reglugerð um styrkveitingar og önnur atriði sem varða samskipti sveitarfélaganna og félagasamtaka sem njóta vilja opinbers styrks til byggingar félagsheimilis.

Síðari málsgrein þessarar greinar er samhljóða 9. gr. núverandi laga.

Um 9. gr.

Í 3. mgr. 2. gr. laga um félagsheimili eru ákvæði um fjárveitingu til Menningarsjóðs félagsheimila og um verkefni sjóðsins. Ákvæðum þessum er nokkuð breytt og lagt til að þau verði í sérstakri grein sem verður þá 7. gr. laganna.

Um IV. kafla.

Tillaga um að hætta starfsemi Félagsheimilasjóðs leiðir til þess að breyta þarf ráðstöfun á tekjum af skemmtanaskatti samkvæmt lögum nr. 58/1970.

Um 10. gr.

Í 6. gr. laga um skemmtanaskatt segir að hann skuli renna í Félagsheimilasjóð. Þar eð gert er ráð fyrir með tillögum þessum að sveitarfélögin taki að sér að styrkja byggingu félagsheimila er lagt til að tekjur af skemmtanaskatti renni á árinu 1988 að mestu í ríkissjóð. Eftir það er ráð fyrir því gert að 20% af tekjum fari til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Menningarsjóðs félagsheimila, 50% af tekjum sjóðsins fari til framkvæmda á sviði lista og menningarmála og 30% til forvarnarstarfs á sviði áfengis- og fíkniefnamála. Nánari ákvæði um ráðstöfun skal setja í reglugerðum.

Um 11. gr.

Hluti af tekjum af skemmtanaskatti renna nú til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og er varið til hljómleikahalds á landsbyggðinni. Ákvæði þessu er ekki breytt en við greinina er bætt að 10% af skattinum renni til Menningarsjóðs félagsheimila. Þessi fjárveiting var áður í 2. mgr. 2. gr. laga um félagsheimili sem er breytt með 4. gr. frumvarps þessa.

Um V. kafla.

Samkvæmt núverandi verkaskiptingu sjá sveitarfélögin um dagvistarmál barna að öðru leyti en því að ríkið styrkir byggingu dagvistarheimila.

Verkaskiptanefnd leggur til að sveitarfélögin sjái ein um byggingu almennra dagvistarstofnana. Hins vegar verði meðferðarheimili og sérhæfð heimili fyrir fatlaða í verkahring ríkisins eins og fram kemur í I. kafla frumvarpsins.

Ríkið styrkir nú byggingu dagvistarheimila með fjárveitingum á fjárlögum sem samsvara 50% af áætluðum byggingarkostnaði. Dagvistun er einvörðungu í sveitarfélögum í þéttbýli og einkum á stærri stöðunum. Þessi þjónusta er umfangsmest á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt úrtaki fjármálanefndar verja sveitarfélög á Suðvesturlandi frá 5–8% af útgjöldum til þessa málaflokks.

Breyting á þessum málum hefur áhrif á efni laga nr. 112/1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn. Í frumvarpinu er einungis breytt þeim ákvæðum sem snúa að fjármálasamskiptum við ríkið. Menntamálaráðherra hefur ákveðið að skipa sérstaka nefnd til að endurskoða lögin í heild sinni.

Að mati fjármálanefndar, sem byggt er á framreiknuðum fjárveitinum á fjárlögum á tímabilinu 1980 til 1986, eru kostnaðartilfærslur við að ríkið hætti þátttöku í stofnkostnaði dagvistarheimila metnar rúmar 60 m.kr. frá ríki til sveitarfélaga.

Um 12. gr.

Lagt er til að sveitarfélögin kosti ein byggingu dagvistarheimila fyrir börn. Í samræmi við það er 2. gr. gildandi laga breytt og jafnframt er skilgreint hvað skuli vera hlutverk menntamálaráðuneytis varðandi þennan málaflokk.

Um 13. gr.

Í 3. gr. gildandi laga er fjallað um þá aðila sem notið geta ríkisframlaga til byggingar dagvistarheimila. Í þessari grein frumvarpsins er þessu ákvæði breytt og sveitarfélögin taki að sér að styrkja þá aðila sem reisa vilja og reka dagvistarheimili. Þá er felld niður upptalning á þeim aðilum sem notið geta styrks.

Um 14. gr.

Vegna þessara breytinga þarf að fella niður orðin „úr ríkissjóði“ í 1. mgr. 4. gr. laganna.

Um 15. gr.

Grein þessi breytist þar sem ríkið hættir að styrkja byggingu mannvirkja sem falla undir lögin. Hins vegar er lagt til að menntamálaráðuneytið setji reglugerð um aðstöðu dagvistarheimila. Greininni er einnig ætlað að koma að hluta til í stað 11. gr. laganna sem felld er niður í 17. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. frumvarpsins er breyting á ákvæðum 4. mgr. 6. gr. gildandi laga varðandi endurgreiðslu á veittum styrkjum hætti dagvistarheimili starfsemi.

Um 16. gr.

Með framangreindum breytingum er 7. gr. gildandi laga óþörf. Eldra húsnæði, sem keypt yrði fyrir dagvistarheimili, getur notið fjárstyrks úr sveitarsjóði skv. 2. mgr. 13. gr. frumvarps þessa.

Um 17. gr.

Við það að sveitarfélögin taka að sér alfarið byggingu dagvistarheimila og ríkið hættir að styrkja slíkar byggingar eru ákvæði 9., 10., 11., 12., 13. og 14. gr. gildandi laga úrelt og því er lagt til að greinar þessar verði felldar úr gildi. Ákvæði 11. gr. er að hluta til komið í 15. gr. frumvarpsins.

Um VI. kafla.

Þessi kafli fjallar um breytingar á lögum nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

Verkaskiptanefnd leggur til að sveitarfélögin standi ein undir skuldbindingum hins opinbera við almenna tónlistarskóla en ríkið greiði kostnað við æðri tónlistarmenntun.

Í frumvarpi þessu eru einungis breytingar á fjárhagslegum skuldbindingum í lögunum. Menntamálaráðherra hefur ákveðið af þessu tilefni að skipa sérstaka nefnd til að endurskoða lögin í heild sinni. Þá er í undirbúningi lagasetning um æðra tónlistarnám. Þar til þau lög hafa verið samþykkt er eðlilegt að gert verði sérstakt samkomulag milli núverandi rekstraraðila Tónlistarskólans í Reykjavík um kostnað við framhaldsnám í tónlist, þar á meðal menntun tónlistarkennara.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að ríkið styrki skóla sveitarfélaganna sem samsvari helmingi af kennslukostnaði. Sum sveitarfélög greiða nú meira en helming launakostnaðar vegna þess að kennslustundafjöldi sá, sem menntamálaráðuneyti miðar við, hefur ekki fylgt auknum umsvifum margra tónlistarskóla.

Stuðningur sveitarfélaganna við tónlistarfræðslu er verulegur. Sem dæmi má nefna að tólf af þrettán sveitarfélögum í úrtaki fjármálanefndar verja fé til tónlistarskóla frá 0,5 upp í 4% af heildargjöldum. Áhrif breyttrar verkaskiptingar í þessum málaflokki hjá sveitarfélögunum í úrtaki yrði útgjaldaauki frá 0,5% og allt að 3% af heildargjöldum þeirra.

Umsvif tónlistarskólanna hafa farið vaxandi á undanförnum árum. Ef miðað er við viðmiðun menntamálaráðuneytis um styrki 1985 er áætlað að tillögur þessar muni leiða til rúmlega 110 m.kr. útgjaldaauka hjá sveitarfélögunum á gildandi verðlagi. Ef miðað er við útreikninga Fjárlaga- og hagsýslustofnunar við undirbúning fjárlaga 1988 yrði útgjaldaauki miðað við eitt ár rúmar 150 m. kr.

Í frumvarpinu er lagt til að ríkið hætti fjárhagslegum stuðningi sínum 1. september 1988, í upphafi næsta skólaárs tónlistarskólanna. Útgjaldaauki sveitarfélaganna á árinu 1988 vegna þessa tilflutnings er því metinn á tæpar 52 m.kr. á verðlagi fjárlagafrumvarps.

Um 18. gr.

Ákvæði í 3. mgr. 3. gr. um að menntamálaráðuneytið þurfi að samþykkja stofnun almennra tónlistarskóla verður óþarft með breyttri verkaskiptingu í þessum málaflokki og er því lagt til að málsgreinin verði felld niður.

Um 19. gr.

Núgildandi 4. gr. laganna fjallar um stofnkostnað. Þar segir að hann greiðist af stofnendum tónlistarskólans, en veita skal styrk til hljóðfærakaupa og annars stofnkostnaðar eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum. Á undanförnum árum hafa fjárveitingar til þessara styrkja verið hverfandi á fjárlögum. Í samræmi við fyrirliggjandi tillögur er lagt til að síðari hluti 1. málsl. og allur 2. málsl. falli niður.

Um 20. gr.

Í 7. gr. laganna eru ákvæði um styrk ríkissjóðs til tónlistarskóla, sem sveitarfélög reka, til að standa undir greiðslu á hluta launagreiðslna til kennara og skólastjóra. Í 20. gr. frumvarpsins er lagt til að sveitarfélögin greiði þennan kostnað og felld eru niður ákvæði um ríkisstyrki og hvernig skuli staðið að umsókn um þá.

Um 21. gr.

Í 8. gr. gildandi laga eru ákvæði um stuðning við tónlistarskóla sem eru reknir af tónlistarfélögum og einkaaðilum. Fyrri hluti greinarinnar, um umsókn til viðkomandi sveitarstjórnar, er ekki breytt með frumvarpi þessu, en fellt er niður ákvæði um að er sveitarstjórn hafi samþykkt áætlun um rekstur skuli hún send menntamálaráðuneyti. Þess í stað kemur ný málsgrein um að viðkomandi sveitarstjórn taki afstöðu til áætlunar tónlistarskóla og geri samkomulag fyrir 1. júlí við skólastjórn einkaskóla um kennslu og starfsmannahald.

Um 22. gr.

Um stöðu starfsmanna tónlistarskóla, sem eigi eru reknir af sveitarfélögum, er fjallað í 9. gr. gildandi laga. Til samræmis við aðrar breytingar er lagt til að úr grein þessari verði felld niður ákvæði um aðild fjármálaráðuneytis að kjarasamningum tónlistarskólakennara. Önnur ákvæði greinarinnar eru óbreytt.

Um 23. gr.

Í samræmi við fyrirliggjandi tillögu um að sveitarfélögin standi ein undir skuldbindingum hins opinbera við almenna tónlistarskóla er lagt til að felldur verði niður síðasti málsliður 10. gr. laganna þar sem mælt er fyrir um það að ríkissjóður endurgreiði sveitarfélagi helming útlagðs kennslukostnaðar.

Um VII. kafla.

Í V. kafla þjóðminjalaga, nr. 52/1969, eru ákvæði um byggðasöfn, en það eru söfn sem sveitarfélög og sýslunefndir hafa sett á fót.

Ein af tillögum verkaskiptanefnd er um byggðasöfn og lagt til að sveitarfélög eða byggðasamlög þeirra kosti ein byggingu og rekstur safnanna.

Samkvæmt heimild í þjóðminjalögum hefur á fjárlögum verið varið nokkru fé til að styrkja sveitarfélögin við byggingu safnanna og til að greiða hluta af launakostnaði gæslumanna.

Að mati fjármálanefndar eru framlög ríkisins á undanförnum árum til þessa málaflokks metin á rúmar 6 m.kr. á gildandi verðlagi sem yrði til útgjaldaauka hjá sveitarfélögunum. Við undirbúning fjárlaga fyrir 1988 var þessi liður áætlaður 8,3 m.kr.

Í samræmi við þessa tillögu er lögð til breyting á 45. og 46. gr. þjóðminjalaga, en ekki er gert ráð fyrir að breyting verði á samstarfi ríkis og sveitarfélaga um húsfriðun eða framlög til Húsfriðunarsjóðs.

Um 24. gr.

Með þessari grein eru felld niður ákvæði í 45. gr. þjóðminjalaga um ríkisstyrk, samkvæmt ákvörðun í fjárlögum, til kaupa eða byggingar húsnæðis fyrir byggðasafn og endurgreiðslu ríkissjóðs á hluta af launum gæslumanns.

Um 25. gr.

Vegna breytingarinnar í 24. gr. frumvarpsins er ákvæði í 1. málsl. 46. gr. óþarft og er því lagt til að það verði fellt úr gildi. Síðari hluti greinarinnar er óbreyttur.

Um VIII. kafla.

Bygging og rekstur vatnsveitna er eitt þeirra verkefna sem sveitarfélögunum eru falin í sveitarstjórnarlögum. Á fjárlögum hefur verið veitt nokkru fé til vantsveituframkvæmda sveitarfélaga. Fjárveitingar eru samkvæmt heimild í lögum nr. 93/1947, um aðstoð til vatnsveitna, og hafa þær undanfarið runnið til fámennra kauptúna sem þurft hafa að leggja í mjög kostnaðarsamar aðveituframkvæmdir.

Verkaskiptanefnd leggur til að hætt verði að veita á fjárlögum sérstaka styrki til byggingar vatnsveitna og í tillögum fjármálanefndar um breytingar á verkefnum Jöfnunarsjóðs er gert ráð fyrir sérstökum fjárstuðningi við fámenn sveitarfélög sem ráðast þurfa í dýrar vatnsveituframkvæmdir.

Miðað við forsendur fjármálanefndar við mat á áhrifum breyttrar verkaskiptingar er útgjaldaauki sveitarfélaganna vegna þessarar tillögu metinn á um 12 m.kr. á núverandi verðlagi.

Um 26. gr.

Við þessa breytingu eru öll ákvæði laganna óþörf að undanskildri 8. gr., en þar er heimild fyrir sveitarfélög að leggja á sérstakan vatnsskatt sem mörg sveitarfélög nýta sér. Lagt er því til að allar greinar aðrar en 8. gr. verði felldar úr gildi. Greinin verður því 1. gr. laganna.

Um IX. kafla.

Hafnir hafa mikla þýðingu fyrir atvinnulíf margra sveitarfélaga. Um málefni hafna, byggingu þeirra og rekstur gilda nú hafnalög, nr. 69/1984. Í lögum er gert ráð fyrir að frumkvæði um hafnargerð sé hjá viðkomandi sveitarfélagi og framkvæmdir eru á ábyrgð þess. Þá sjá sveitarfélögin og um rekstur hafnanna.

Undantekning frá þessari meginreglu er bygging og rekstur þriggja hafna sem eru landshafnir samkvæmt sérstökum lögum. Í hafnalögum er bráðbirgðaákvæði þar sem samgönguráðherra er falið að taka upp viðræður við viðkomandi sveitarstjórnir um að þeim verði afhent til eignar og reksturs mannvirki landshafnanna í Rifi, Þorlákshöfn og Keflavík-Njarðvík. Þá er ríkissjóði heimilt að yfirtaka framkvæmdaskuldir téðra hafnarsjóða. Verkaskiptanefnd áréttar þessa ákvörðun löggjafarvaldsins í einni tillögu sinni.

Ríkissjóður hefur lagt landshöfnunum til allt fé vegna framkvæmda og stundum nokkurt rekstrarfé. Rekstrarafkoma landshafnanna hefur farið batnandi.

Um 27. gr.

Í samræmi við ákvæði hafnalaga er í þessari grein frumvarpsins lagt til að felld verði úr gildi sérstök lög um landshafnirnar þrjár og þess í stað gildi alfarið almenn hafnalög um þær eins og hafnir annarra sveitarfélaga.

Þar sem ganga þarf frá samningum og öðrum formsatriðum vegna þessara mála er lagt til í 29. gr. frumvarpsins að ákvæði þessarar greinar taki gildi 1. júlí 1988.

Um X. kafla.

Þessi kafli frumvarpsins er að mestu byggður á tillögum nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði og falið var að fjalla um hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í tengslum við breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Lagt er til að til viðbótar núverandi starfsemi sjóðsins verði komið upp við sjóðinn tveimur deildum er nefnast sérdeild og uppgjörsdeild.

Eins og áður er getið mun flutningur verkefna frá ríki til sveitarfélaga koma misjafnlega niður á sveitarfélögunum. Á það bæði við um stofnkostnað og rekstur. Sérdeildinni er ætlað það hlutverk að jafna milli sveitarfélaga þann kostnað sem einstaka sveitarfélag kann verða fyrir við breytingar á verkaskiptingunni.

Athugað hefur verið hver áætluð ógreidd framlög ríkissjóðs verða um næstu áramót vegna framkvæmda við dagvistarheimili fyrir börn, félagsheimili og íþróttamannvirki. Talið er að hér sé um að ræða rúmlega 400 m.kr. Uppgjörsdeild er ætlað það hlutverk að greiða sveitarfélögum og félagasamtökum framlög vegna áfallinna skuldbindinga ríkissjóðs vegna þessara framkvæmda til ársloka 1987.

Í ákvæði til bráðabirgða I er tilgreint hvert skal vera framlag ríkissjóðs til sérdeildar Jöfnunarsjóðs á árinu 1988 og í ákvæði til bráðabirgða II er tilgreint hversu mikið fé skuli renna til uppgjörsdeildar.

Um 28. gr.

Núverandi verkefni Jöfnunarsjóðs eru talin upp í 1. mgr. 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga og eru hér talin vera hlutverk almennrar deildar sjóðsins. Í frumvarpi þessu er lagt til að auk þess verði við sjóðinn starfræktar tvær nýjar deildir sem nefnast sérdeild og uppgjörsdeild.

Sérdeildinni er ætlað það hlutverk að greiða framlög til jöfnunar milli sveitarfélaga vegna aukins kostnaðar þeirra í kjölfar breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Á árinu 1988 yrði þetta bundið við þau verkefni sem þá er búið að flytja, en ný verkefni bætast síðan við þegar næsta skref verður stigið í breytingum á verkaskiptingunni. Þetta er í samræmi við tillögur verkaskiptanefndar og fjármálanefndar frá apríl 1987.

Nauðsynlegt er í reglugerð að kveða nánar á um skilyrði fyrir greiðslum þessum. Þar þarf m.a. að setja skilyrði um nýtingu tekjustofna þeirra sveitarfélaga sem fá styrk úr deildinni og önnur ákvæði sem tryggja að hún nái tilgangi sínum.

Uppgjörsdeildinni er ætlað það hlutverk að greiða sveitarfélögum og félagasamtökum framlög vegna áfallinna skuldbindinga ríkissjóðs vegna framkvæmda þeirra sem flytjast frá ríki til sveitarfélaga um næstu áramót. Hér er um að ræða dagvistarheimili fyrir börn, félagsheimili og íþróttamannvirki. Þar sem fjárveitingar til allra þessara framkvæmda hafa verið á vegum menntamálaráðuneytisins er ætlunin að fulltrúi frá því ráðuneyti og Sambandi íslenskra sveitarfélaga komi sér saman um fjárhagslega stöðu hvers verkefnis í árslok 1987 og uppgjörið verði síðan miðað við þessa stöðu. Reiknað er með að uppgjör þetta fari fram á næstu fjórum árum eftir því sem fé er veitt til þess í gegnum uppgjörsdeild Jöfnunarsjóðsins.

Um XI. kafla.

Um 29. gr.

Greinin fjallar um gildistöku lagabreytinga samkvæmt frumvarpi þessu. Ráð er fyrir gert að þær taki gildi 1. janúar 1988 nema ákvæði í VI. kafla varðandi tónlistarskóla; lagt er til að þau ákvæði taki gildi 1. september 1988, í upphafi nýs skólaárs tónlistarskólanna. Þá er lagt til að ákvæði IX. kafla um að fella úr gildi þrenn lög um landshafnir taki gildi 1. júlí 1988.

Um ákvæði til bráðabirgða I og II.

Lagt er til í 28. gr. frumvarpsins að sérdeild verði starfrækt við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Deildin verði fastur liður í starfsemi sjóðsins. Fjármagn það, sem til deildarinnar á að renna, þarf að ákveða miðað við þau verkefni sem henni er ætlað að leysa á hverjum tíma.

Gert er ráð fyrir að uppgjörsdeild verði við Jöfnunarsjóð þar til lokið er þeim uppgjörum og eignatilfærslum sem tengjast fyrirhuguðum breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Fjárhæðir, sem varið verður til þessa verkefnis á næstu árum, geta því tekið breytingum, einkum þegar kemur að síðari áfanga í breytingum á verkaskiptingunni.

Með tilliti til þessara atriða þykir rétt að taka fram í bráðabirgðaákvæðum hvaða fjárhæðum á að verja til uppgjörsdeildar og sérdeildar á árinu 1988.

Fylgiskjal.

Mat á áhrifum tillagna verkaskiptanefndar og fjármálanefndar um breytta verkaskiptingu og breytingu á fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga á útgjöld.

	Sveitarfélögin*	
	Hækkun m.kr.	Lækkun m.kr.
I. Tillögur um breytta verkaskiptingu:		
1. Grunnskólar:		
a. stofnkostnaður	210	
b. rekstrarkostnaður	190	
c. fræðsluskrifstofur		25
2. Framhaldsskólar, þ.m.t. fullorðinsfræðsla:		
a. stofnkostnaður (fjölbrautaskólar, iðnskólar)		65
b. rekstrarkostnaður (fjölbrautaskólar, iðnskólar)		160
c. framhaldsnám í Tónlistarskólanum í Reykjavík		5
d. Myndlista- og handíðaskólinn		10
3. Tónlistarskólar (almennir)	90	
4. Íþróttamál (Íþróttasjóður):		
a. mannvirkjagerð	35	
b. styrkir ríkissjóðs til íþróttafélaga	25	
5. Félagsheimili/æskulýðsmál:		
a. byggingastyrkir	15	
b. styrkir ríkissjóðs til æskulýðsfélaga	10	
6. Dagvistarheimili:		
a. stofnkostnaður	50	
7. Byggðasöfn:		
a. rekstur og stofnkostnaður	5	
8. Málefni fatlaðra:		
a. stofnkostnaður		5
b. rekstrarkostnaður		5
9. Vatnsveitur	10	
10. Landshafnir	20	
11. Sýsluvegir		30
12. Sjúkrahús sveitarfélaga:		
a. stofnkostnaður		20
b. rekstur langlegudeilda (óbreytt greiðslufyrirkomulag)		–
13. Heilsugæsla:		
a. stofnkostnaður	85	
b. rekstrarkostnaður	305	
c. rannsóknir (áður sjúkrasamlög)	10	
14. Íbúðir og dvalarheimili aldraðra:		
a. stofnkostnaður (fjárlög)	20	
b. rekstrarkostnaður (óbreytt greiðslufyrirkomulag)	–	
15. Heimaþjónusta aldraðra:		
a. rekstrarkostnaður	15	
	1 095	325

	Sveitarfélögin* Hækkun m.kr.	Lækkkun m.kr.
II. Tillögur um breytingar á fjármálalegum samskiptum:		
1. Sjúkrasamlög		620
2. Tannlækningar:		
a. hlutur sjúkrasamlaga (15%)		20
b. 50% framlag sveitarfélaga		140
3. Atvinnuleysistryggingasjóður		105
		885
Flutt frá I.	1 095	325
	1 095	1 210

Forsendur:

Hér er um mat á meginåhrifum tillagnanna byggt á ákveðnum forsendum. Sveitarfélögin eru metin sem ein heild. Varðandi rekstrargjöld er byggt á umsvifum 1985. Framlög ríkisins til stofnkostnaðar eru yfirleitt byggð á framreiknuðu meðaltali áranna 1980 til 1986. Útgjöld sveitarfélaganna eru yfirleitt áætluð í hlutföllum af kostnaði ríkisins í málaflokkum. Fjárhæðir eru á verðlagi í desember 1986.

Frekari skýringar á útreikningi eru í köflum 5.1 til 5.16. í skýrslu fjármálanefndar.

*Ath. Liðir sem leiða til hækkunar hjá sveitarfélögum lækka útgjöld ríkisins að sama skapi. Útgjaldalækkun hjá sveitarfélögum leiðir til útgjaldaauka hjá ríkissjóði.

Ed. 225. Frumvarp til laga [195. mál]

um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

Eigendur fasteigna, sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, skulu á árinu 1988 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs.

2. gr.

Skattskylda hvílir á aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, auk þess bönkum og sparisjóðum og innlánsstofnunum.

3. gr.

Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1987 á fasteign sem nýtt er við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgjaldskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar.

Ef fasteignamatsverð er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

4. gr.

Við ákvörðun á því hvaða eignir myndi stofn til sérstaks eignarskatts skal miða við raunverulega notkun fasteignanna í árslok 1987.

Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annars, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

5. gr.

Með skattframtali 1988 skal fylgja skrá yfir eignir sem falla undir I. kafla laga þessara ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatsverð þeirra, eða eftir atvikum kostnaðarverð, í árslok 1987. Enn fremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra svo og upplýsingar um rúmmál eigna sem um er getið í 2. mgr. 4. gr.

Aðilar, sem skattskyldir eru skv. 2. gr. laga þessara en undanþegnir eru tekjuskatts- og eignarskattsskyldu, skulu fyrir 31. maí 1988 skila skrám skv. 1. mgr. til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

6. gr.

Sérstakur eignarskattur skal nema 1,1% af skattstofni skv. 3. gr. Skattinn skal leggja á í heilum tugum króna þannig að lægri fjárhæð en 10 kr. sé sleppt.

Sérstakan eignarskatt, sem ekki nær 4000 kr., skal fella niður við álagningu.

7. gr.

Ákvæði VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts eftir því sem við á nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

8. gr.

Skatt samkvæmt lögum þessum má draga frá tekjum rekstrarársins 1987 sem rekstrarútgjöld við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1988. Þá er skatturinn til frádráttar eignum við ákvörðun eignarskatts samkvæmt lögum nr. 75/1981, eftir reglum lokaákvæðis 1. mgr. 76. gr. þeirra laga.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1988.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði var lagður á í fyrsta sinn á árinu 1979. Hefur skatturinn síðan verið lagður á árlega samkvæmt sérstökum lögum sem gilt hafa fyrir eitt ár í senn. Í ár er skatturinn lagður á samkvæmt I. kafla laga nr. 74/1986, um álagningu og innheimtu ýmissa tímabundinna skatta og gjalda á árinu 1987. Í endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 1986 er áætlað að innheimtar tekjur af honum verði um 165 millj. kr. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1988 er eins og áður segir gert ráð fyrir að framhald verði á skattlagningu þessari. Af þessum sökum er í frumvarpi þessu lagt til að ákvæði efnislega samhljóða I. kafla laga nr. 74/1986, þar á meðal að því er varðar skatthlutfall, verði lögfest vegna álagningar opinberra gjalda 1988. Í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 1988 er gert ráð fyrir að álagning skattsins nemi um 210 millj. kr. en innheimta um 190 millj. kr. að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum fyrri ára.

Ed. 226. Frumvarp til laga [196. mál]

um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

2. og 3. mgr. 1. gr. falli niður.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 124/1984, orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og af innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 25% — tuttugu og fimm af hundraði — söluskatt.

3. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Sala eftirtalinna vara, verðmæta, starfsemi eða þjónustu er undanþegin söluskatti:

A. Vörur og verðmæti:

1. Vörur sem seldar eru úr landi.
2. Fullunnar umbúðir um söluvörur.
3. Veiðarfæri, svo og efni til veiðarfæragerðar og viðgerðar veiðarfæra. Ákvæði þetta tekur þó ekki til sporttækja og efnis í þau.
4. Salt, annað en í smásöluumbúðum.
5. Beita ætluð til veiða í atvinnuskyni.
6. Tilbúinn áburður annar en í smásöluumbúðum.
7. Grasfræ og trjáfræ.
8. Fóðurmjöl og hey svo og annað dýrafóður, þó ekki ef vörur þessar eru seldar í smásöluumbúðum.
9. Fasteignir, skip og flugvélar. Undanþágan tekur aðeins til báta sem eru gerðir út í atvinnuskyni og flugvéla sem notaðar eru í flugrekstri.
10. Eldsneyti fyrir loftför sem rekin eru í atvinnuskyni af aðilum sem eru handhafar flugrekstrarleyfa.
11. Varahlutir, vélar og tæki fyrir flugvélar, eftir ákvörðun fjármálaráðherra og með þeim takmörkunum og skilyrðum sem hann setur.
12. Svartolía og gasolía.
13. Kol og koks til iðnaðarframleiðslu, húshitunar og hitunar laugarvatns.
14. Rekaviður.
15. Kvikmyndir sem keyptar eru eða leigðar til sýninga í kvikmyndahúsum eða sjónvarpsstöðvum sem leyfi hafa til útvarpsrekstrar.
16. Vélar og tæki til notkunar í fiskvinnslu sem falla undir tollskrárnúmer 8438.8001, 8438.8009, 8413.7002, 8414.3000, 8414.9001, 8418.6119, 8417.6190, 8418.6919, 8418.6990 í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987 (tollskrá).
17. Eftirtaldar vélar og tæki til notkunar í landbúnaði: Mjaltavélar, mjólkurkælar, fjárvogir, fjárklippur, sláttuvélar aðrar en garðsláttuvélar, rakstrar- og snúningsvélar, múgavélar, rúllubindivélar, heybindivélar, heyblásarar, ámoksturstæki fyrir almennar hjóladráttarvélar, vagnar búnir tækjum til losunar eða lestunar á heyi, áburðardreifingar eða heyvinnslu, plógar, herfi, valtarar og flagjafnarar, áburðar- og mykjudreifarar, kartöfluniðursetningarvélar, upptökuvélar fyrir kartöflur og aðra garðávexti og flokkunarvélar.

18. Vörur sem um ræðir í 5. gr. tollalaga, nr. 55/1987.
19. Lausafé sem seljandi hefur notað í eigin þágu eða við starfsemi sína enda geti salan ekki talist til atvinnurekstrar.
20. Heimilisnotkun bónda á eigin framleiðsluvörum.
21. Innlend dagblöð og hliðstæð blöð svo og tímarit sem ekki eru gefin út í ágóðaskyni.
22. Auglýsingar í dagblöðum, bókum, tímaritum og ritlingum.

B. Undanþegin starfsemi og þjónusta:

1. Vinna manna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð svo og við endurbætur og viðhald slíkra mannvirkja. Á þetta við um hvers konar mannvirki og skiptir ekki máli hver lætur vinnuna í té. Undanþágan tekur einvörðungu til vinnu á byggingarstað en ekki til vinnu við framleiðslu eða aðvinnslu byggingarvara í verksmiðju, verkstæði eða starfsstöð. Þó er fjármálaráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að frá heildarsöluverði verksmiðjuframleidds íbúðar- eða atvinnuhúsnæðis megi framleiðandi þess draga við söluskattsuppgjör tiltekinn hundraðshluta verðsins. Skal frádráttarhlutfallið ákveðið sérstaklega fyrir hvert afhendingarstig húsnæðisins og taka mið af því að sú verksmiðjuvinna verði undanþegin söluskatti er unnin hefði verið söluskattsfrjáls á byggingarstað við smíði húss á hefðbundinn hátt.
2. Vinna við skipa- og flugvélaviðgerðir.
3. Vinna við viðgerðir veiðarfæra, þó ekki sporttækja.
4. Vöru- og fólksflutningar.
5. Upp- og útskipunargjöld svo og geymsla vara í vörugeymslum.
6. Húsaleiga, þar með talin leiga gistiherbergja, önnur en leiga veitinga- og samkomuhúsnæðis.
7. Prestþjónusta og útfararþjónusta.
8. Rekstur sjúkrahúsa, sjúkrastofnana, fæðingarstofnana, heilsuhæla, elliheimila, vöggustofa, barnaheimila og þvílíkra stofnana.
9. Lækningar, þar með talið ljós- og nuddlækningar, störf ljósmæðra, hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga og uppeldisfræðinga, dýralækningar, tannlækningar, tannsmíði svo og framleiðsla gervilima og umbúnaðar fyrir lamað fólk.
10. Sala fasteigna, skipa, flugvéla svo og verðbréfa, hlutabréfa, einkaleyfa og annarra þvílíkra verðmæta þegar ekki er um að ræða sölu þeirra sem vöru, þ.e. prentvarnings eða söfnunargripa.
11. Sala listamanna á eigin verkum. Enn fremur sala á einkarétti eða höfundarétti að uppfinningu eða hugverki. Undanþágan tekur einungis til sölu höfundar á frumverkinu.
12. Sala á vatni frá vatns- og hitaveitum ásamt mælaleigu svo og íssala til fiskiskipa. Sama á við um rafmagn til hitunar húsa og laugarvatns.
13. Þjónusta banka, sparisjóða og annara lánastofnana svo og verðbréfamiðlun.
14. Aðgangseyrir að íþróttasýningum, íþróttamótum, sundstöðum og skíðalyftum.
15. Fæðissala mötuneyta skólafólks. Undanþágan tekur aðeins til fæðissölu þessara mötuneyta en ekki til sölu á hráefni til starfseminnar.
16. Skipa- og loftfaraleiga til aðila sem stunda skipaútgerð eða flugrekstur.
17. Prentun blaða og tímarita sem um ræðir í 21. tölul. A-liðar þessarar greinar svo og prentun bæklinga og rita, sem dreift er erlendis til vöru- eða landkynningar, vörumiða og umbúða um söluvöru.
18. Hafnar-, vita- og lendingargjöld.
19. Iðgjöld af seldum líftryggingum, farmtryggingum vegna flutnings milli Íslands og annarra landa, skipa- og loftfaratryggingum, slysa- og starfshæfnistryggingum flugáhafna svo og slysatryggingum sem atvinnurekendur eru skuldbundnir samkvæmt kjarasamningum til að kaupa fyrir starfsmenn sína.

20. Aðgangseyrir að leiksýningum og tónleikum eftir nánari reglum og skilyrðum sem ráðherra setur.
21. Vinnsla á rekavið sem eigandi eða rétthafi rekans stundar.
22. Þjónusta og starfsemi sem skattskyld er til sérstaks söluskatts skv. II. kafla laga nr. 68 1987, um ráðstafanir í fjármálum.

Ráðherra kveður nánar á um það sem fellur undir undanþáguákvæði þessarar greinar svo og um framkvæmd.

4. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðherra er heimilt að fella niður eða endurgreiða söluskatt af:

1. Efni, vinnu, vélum og tækjum í skip og báta sem smíðaðir eru innan lands. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á rúmlest.
2. Kostnaði sveitarfélaga við snjómokstur.
3. Vélum og tækjum, vélahlutum og varahlutum til samkeppnisiðnaðar. Með samkeppnisiðnaði er í þessu sambandi átt við iðngreinar sem framleiða iðnaðarvörur sem falla undir tollalækkunarákvæði fríverslunarsamninga Íslands við EFTA og EB við innflutning til Íslands.
4. Efni, vélum og tækjum í raforkuver, hitaveitur og vatnsveitur. Sama á við um eldsneytisstöðvar (varaaflsstöðvar) opinberra orkuveitufyrirtækja.
5. Sjúkrabifreiðum, ásamt sérútbúnaði og tækjum í þær, leitarbifreiðum björgunarsveita svo og sérhönnuðum snjósleðum og snjóbifreiðum sem notaðar eru til sjúkraflutninga og eru í eigu björgunarsveita, slökkvi- og stigabifreiðum slökkviliða, brunaslöngum og tengistykkjum fyrir þær, reykköfunarbúnaði og hlífðarbúnaði fyrir slökkviliðsmenn ásamt öðrum sérbúnaði sem sannanlega er einungis notaður til brunavarna og slökkvistarfa. Sama á við um sérbúnar bifreiðar sem sveitarfélög kaupa til notkunar við flutning á fötluðu fólki.
6. Fjarskiptatækjum leitar- og björgunarsveita fyrir metra-, desimetra- og millibylgjur (VHF, UHF og SSB).
7. Hljóð- og sjónvarpstökubúnaði, senditækjum, viðtækjum og öðrum slíkum tækjum sem sérstaklega eru framleidd fyrir sjónvarps- og útvarpsstarfsemi svo og filmum, myndböndum og hljóðböndum sem keypt eru af aðilum sem leyfi hafa til útvarpsrekstrar. Heimildin tekur einnig til búnaðar sem nauðsynlegur er til móttöku á truflaðri útvarpssendingu útvarpsstöðva sem leyfi hafa til útvarpsrekstrar.
8. Dráttarvélum sem bændur á lögbýlum kaupa til notkunar við búrekstur.
9. Neyðar- og kallkerfum sem sett eru upp í vernduðum þjónustuíbúðum fyrir aldraða og fatlaða og byggðar eru í samræmi við ákvæði laga nr. 91/1982, um málefni aldraðra, og laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra.
10. Eftirtöldum búnaði til notkunar við leitar- og björgunarstörf úr sjávarháska:
    a. Línubyssum, merkjabyssum og merkjaskotum.
    b. Björgunar- og öryggisnetum til notkunar um borð í skipum eða höfnum.
    c. Sérhönnuðum björgunarbátum og utanborðsvélum í slöngubáta leitar- og björgunarsveita.
    d. Flot- og björgunarbúningum, sem viðurkenndir eru af Siglingamálastofnun, til notkunar um borð í skipum.
    e. Sérhönnuðum neyðarleifturljósum (strobe-lights) á björgunarvesti og björgunarbúninga.
11. Skíðalyftum og snjótroðurum til notkunar á skíðasvæðum sem opin eru almenningi.
12. Orgelum til notkunar í kirkjum.

13. Fjárfestingarvörum til nota við loðdýrarækt, loðkanínurækt, fiskeldi, hafbeit og fiskrækt, þar með talið byggingarefni og jarðvinnu. Heimildin tekur þó ekki til ökutækja.
14. Flugleiðsögutækjum, aðflugsbúnaði, lýsingarbúnaði flugvalla, snjóhreinsi- og ísvarnarbúnaði og öðrum sérhæfðum öryggistækjum og fylgihlutum þeirra sem eingöngu eru ætluð til notkunar vegna þjónustu ríkisins við flugstarfsemi.
15. Vélum og tækjum til orkurannsóknaborana og borana til vinnslu jarðvarma.
16. Tækjum og búnaði sem keypt er fyrir fé úr Vísindasjóði eða Rannsóknasjóði, sbr. II. og IV. kafla laga nr. 48/1987.
17. Vörum sem um ræðir í 3.–7., 9.–13. og 15.–21. tölul. 6. gr. tollalaga.
18. Búnaði og efni til mengunarvarna í sjó.
19. Gjöfum til björgunarsveita svo og til mannúðar- eða líknarstarfsemi.
20. Vogum og rafeindabúnaði í flokkunarvélar, enda séu tæki þessi eingöngu ætluð til notkunar í fiskiðnaði. Ráðherra setur nánari reglur um það sem fellur undir undanþáguheimildir þessarar greinar svo og um framkvæmd. Honum er í því sambandi heimilt að setja nánari skilyrði sem uppfylla þarf fyrir undanþágu eða endurgreiðslu samkvæmt greininni.

5. gr.

4. mgr. 8. gr. orðist svo:

Nú hefur söluskattsskyldur aðili, sbr. 5. gr., keypt vöru, vinnu eða þjónustu með söluskatti, sem hann síðan endurselur í atvinnuskyni, og er honum þá heimilt að draga innkaupsverðið frá söluskattsskyldri veltu sinni. Hafi hann hins vegar enga söluskattsskylda veltu fram að telja eða söluskattsskyld velta hans nemur lægri fjárhæð en nefnd innkaup er heimilt að endurgreiða honum þann söluskatt sem hann hefur þannig ofgreitt. Endurgreiðsla kemur þó eigi til greina nema hinn ofgreiddi söluskattur sé minnst 50 000 kr. á mánuði.

6. gr.

Í stað „10 000 kr.“ í 5. mgr. 12. gr. komi: 100 000 kr.

7. gr.

1. mgr. 20. gr. falli niður.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 12/1980, um orkujöfnunargjald, 21. gr. laga nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð, 1. málsl. 4. gr. laga nr. 107/1985, um Jarðboranir hf., 6. gr. laga nr. 121/1978, um kjaramál, og 35. gr. laga nr. 11/1975, um ráðstafanir í efnahagsmálum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Ákvæði 114. gr. tollalaga, nr. 55/1987, skulu eftir því sem við getur átt, eiga við um innheimtu söluskatts við tollafgreiðslu á vörum sem teknar hafa verið til tollmeðferðar við gildistöku laga þessara.

II

Hafi fyrir gildistöku laga þessara verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu sem undanþegin hefur verið söluskatti fram að þeim tíma, en afhending hins selda fer fram eftir gildistöku þeirra, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna er svarar söluskatti, að frádregnum sérstökum söluskatti hafi hann verið innheimtur af hinu selda, nema sannað sé að söluskatturinn hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá áramótum kemur til framkvæmda veigamesta kerfisbreyting á sköttum um áratuga skeið. Breytingar þessar fela í sér:

— Lækkun tolla og afnám sex annarra gjalda.
— Fækkun undanþága og samræmdan söluskatt.
— Öruggari tekjuöflun ríkissjóðs.
— Stórbætt skattskil.
— Lækkun verðbólgu.

Þessar breytingar koma til framkvæmda um leið og tekið verður upp staðgreiðslukerfi skatta. Með þessum aðgerðum og ákvörðun um 22% virðisaukaskatt, sem upp verður tekinn í ársbyrjun 1989 þegar gamla söluskattskerfið verður afnumið, er lokið umfangsmestu þáttunum í endurskoðun skattkerfisins. Skattlagning verður gerð einfaldari, réttlátari og skilvirkari.

Frumvarp þetta er eitt nokkurra sem eru kjarni þeirra umfangsmiklu breytinga á óbeinum sköttum, söluskatti, vörugjöldum og tollum sem hér um ræðir.

Mikilvægur þáttur þessara aðgerða felst í víkkun núverandi söluskattsstofns þannig að söluskattur leggist á allar neysluvörur. Fyrsta skrefið í þessa átt var stigið sl. sumar er söluskattur var á ný lagður á tölvur og farsíma, sérstakur 10% söluskattur var lagður á ýmis matvæli frá 1. ágúst sl. og á sérfræðiþjónustu frá 1. september sl. Jafnframt var boðað að um næstu áramót yrði annað skref stigið. Það felst í því að víkka enn skattstofninn og samræma hann með því að gera söluskattsskyldar þær neysluvörur sem undanþegnar eru söluskatti eða bera sérstakan söluskatt. Loks er fyrirhugað að síðasta skrefið verði stigið með upptöku virðisaukaskatts í ársbyrjun 1989.

Á síðustu árum hefur greinilega komið í ljós að söluskattskerfið uppfyllir ekki lengur þær kröfur um öryggi í framkvæmd og eftirlit með innheimtu sem gera verður til þessa mikilvægasta tekjustofns ríkisins. Í því sambandi hefur einkum verið bent á það hve hinar fjölmörgu undanþágur frá skattskyldunni gera framkvæmd erfiða og óörugga. Mikill fjöldi undanþága, sem m.a. eru afleiðing uppsöfnunaráhrifa söluskattsins í framleiðslustarfseminni, mæla með því að upp verði tekinn virðisaukaskattur hér á landi.

Vorið 1986 skilaði áliti sérstök nefnd sem kannaði umfang skattsvika. Í ábendingum um leiðir til úrbóta er höfuðáhersla lögð á nauðsyn einföldunar skattkerfisins. Þar segir: „Einfalda þarf skattalögin, fækka undanþágum og afnema hvers konar frádráttarliði þannig að skattstofnar verði skýrir og afmarkaðir og greiðsluskylda auðreiknanleg. Einföldun skattalaga og fækkun undanþága og frádráttarliða auðveldar öll skattskil virkara skatteftirlits. Um leið þarf að fækka skatttegundum og gæta þess að einstakir skattstofnar séu ekki ofnýttir.

Á sínum tíma uppfyllti söluskatturinn að mörgu leyti ágætlega þær kröfur sem gerðar eru til neysluskatta almennt. Skattstofninn var stór, undanþágur fáar, skatthlutfallið lágt og framkvæmdin einföld og ódýr. Öll þessi atriði eru forsendur nauðsynlegs öryggis í framkvæmd skattheimtu af þessu tagi. Allt frá 1970 hefur eðli söluskattsins hins vegar verið að breytast. Ástæðurnar eru margvíslegar. Nægir þar að nefna að í kjölfar fríverslunarsamninga Íslands við EFTA og EB á fyrri hluta síðasta áratugar dró mjög úr tolltekjum ríkissjóðs vegna afnáms verndartolla. Þetta tekjutap var að mestu leyti bætt með hækkun söluskattshlutfallsins. Minnkandi tollvernd og hækkun söluskattshlutfallsins jók á hinn bóginn uppsöfnunaráhrif söluskattsins þar sem skatturinn lagðist á vélar, þjónustu, viðhald og ýmis aðföng samkeppnisiðnaðarins og hlaut, ef ekkert væri að gert, að raska mjög samkeppnisstöðu innlendra framleiðenda, jafnt á innanlandsmarkaði sem erlendis. Til þess að ráða bót á þessum vanda var gripið til þess ráðs að undanþiggja í stórum stíl vélar og tæki til

samkeppnisiðnaðar tollum og söluskatti. Á sama hátt hefur söluskattur verið felldur niður af ýmsum vélum og tækjum til fiskvinnslu og landbúnaðar í því skyni að skapa atvinnugreinum þessum betri starfsskilyrði. Þá var í vaxandi mæli farið að undanþiggja neysluvörur söluskatti, m.a. í því skyni að halda vísitöluhækkunum í skefjum. Þannig hefur skattsviðið smám saman verið að þrengjast, en það hefur óhjákvæmilega leitt til hækkandi skatthlutfalls.

Með hækkandi skatthlutfalli hefur ásókn í undanþágur aukist til mikilla muna, enda ljóst að skatturinn getur haft afgerandi áhrif á samkeppnisstöðu einstakra fyrirtækja og framleiðsluvara gagnvart keppinautum. Þessi þróun hefur torveldað eftirlit og alla framkvæmd og aukið mjög tilhneigingu til undandráttar.

Með frumvarpi þessu er mörkuð ný stefna í þessum efnum í því skyni fyrst og fremst að efla öryggi söluskattsframkvæmdarinnar að svo miklu leyti sem slíkt er talið mögulegt án nýs neysluskattskerfis sem tekur meira mið af þörfum atvinnulífsins en söluskatturinn gerir. Jafnframt hefur ríkisstjórnin ákveðið markað þá stefnu að virðisaukaskattur verði upp tekinn í ársbyrjun 1989.

Þær breytingar, sem frumvarpið felur einkum í sér, eru þessar:

1. Matvæli verða á ný að fullu söluskattsskyld. Það er staðreynd að engin aðgerð hefur grafið jafnmikið undan framkvæmd söluskatts og afnám söluskatts af matvælum gerði á sínum tíma. Ástæðan er sú að mjög erfitt er að halda söluskattsskyldum og söluskattsfrjálsum vörum aðgreindum á smásölustigi. Til þess að ákvarða söluskattsstofninn hefur m.a. verið miðað við sérstakar reiknireglur sem aldrei eru nægilega nákvæmar, auk þess sem örðugt er og tímafrekt að koma við nauðsynlegu eftirliti með því að þeim sé fylgt. Þessu fylgir og mjög aukin fyrirhöfn bæði fyrir þá sem innheimta söluskatt og standa skil á honum í ríkissjóð svo og skattyfirvöld. Vandamál þetta jókst að mun þegar sérstakur 10% söluskattur var lagður á matvæli önnur en kjötvörur, mjólkurvörur og grænmeti.

   Þá er og gert ráð fyrir að söluskattur verði á ný lagður á heilsuræktarstofur, nuddstofur, ljósastofur og aðgangseyri að íslenskum kvikmyndum og fleiri skemmtunum, sem um nokkurt skeið hafa verið undanþegnar söluskatti, svo og kaup á einkaflugvélum og eldsneyti fyrir þær.
2. Fallið er frá skiptingu sölugjalds í söluskatt (20%), söluskattsauka (2,5%), orkujöfnunargjald (1,5%) og húsnæðisgjald (1%).
3. 6. og 7. gr. laganna, sem fjalla um undanþágur, eru felldar saman í eina grein og hún gerð fyllri þar sem gert er ráð fyrir að heimild ráðherra skv. 20. gr. gildandi laga til þess að undanþiggja vörur eða þjónustu söluskatti verði afnumin. Af þessu leiðir að undanþágur, sem rætur eiga að rekja til þessarar heimildar, falla niður þar sem þær skortir lagastoð. Þær undanþágur, sem ákveðnar hafa verið með þessum hætti og ekki þykir rétt að afnema, er því að finna í 3. gr. frumvarpsins.
4. Eins og fram kemur í athugasemdum með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1988 er talið óeðlilegt að í fjárlögum sé kveðið á um víðtækar heimildir til niðurfellingar, lækkunar eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda og söluskatts, svo sem mjög hefur tíðkast á undanförnum árum, sbr. 6. gr. fjárlaga liðinna ára. Hafa verður í huga í þessu sambandi að fjárlög eru afgreidd með öðrum hætti en venjuleg lög og því er vafasamt að kveða í þeim á um efnisreglur varðandi skattaleg málefni. Hið eðlilega í þessum efnum er að hafa heimildir þessar í viðkomandi skattalögum. Í samræmi við þetta er í 4. gr. frumvarpsins að finna ýmsar undanþáguheimildir sem annars hefur verið að finna í 6. gr. fjárlaga. Á sama hátt er lagt til að kveðið verði á um undanþáguheimildir sem nú má finna í sérlögum, t.d. lögum um Jarðboranir hf., nr. 107/1985, og lögum um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsókasjóð, nr. 48/1987, í lögum um söluskatt þar sem þær eiga heima samkvæmt efni sínu. Með þessum hætti verður söluskattslöggjöfin heildstæðari en ella.

5. Loks er gerð tillaga um að færa ýmsar lágmarksfjárhæðir laganna upp í samræmi við verðlagsþróun.

Þá er þess að geta að samhliða þessu frumvarpi verður lagt fram lagafrumvarp sem felur í sér hækkun á sérstökum söluskatti af sérfræðiþjónustu, sem ákveðinn var með bráðbirgðalögum nr. 68/1987, úr 10% í 12%.

Þær breytingar á söluskatti, sem í frumvörpum þessum felast, eru sem fyrr segir nátengdar umfangsmiklum breytingum á lögum um tollskrá og vörugjald. Jafnhliða samræmingu söluskatts og víkkun skattstofns verða tollar lækkaðir og sex mismunandi vöru- og aðflutningsgjöld lögð niður en í stað þeirra tekið upp eitt vörugjald, 14%, sem leggst á nokkra skýrt afmarkaða vöruflokka.

Núverandi aðflutningsgjöld eru að sjálfsögðu hluti þess stofns sem söluskatturinn leggst á. Lækkun aðflutningsgjalda leiðir því ein og sér til lækkunar söluskattsstofns og þar með tekjutaps. Tekjutapið, sem með beinum og óbeinum hætti, verður af lækkun aðflutningsgjalda er vegið upp með víkkun skattstofns, jafnhliða því sem tekna er aflað til hliðarráðstafana. Hér fer á eftir yfirlit um þessar breytingar en áætlun um áhrif þessara umfangsmiklu breytinga á tekjur ríkissjóðs verður endurskoðuð samhliða lokaendurskoðun tekjuáætlunar.

Yfirlit um breytingar söluskatts, tolla og vörugjalda og hliðarráðstafanir um næstu áramót.

	Skatt-stofn m.kr.	Skatt-hlutfall %	Skatt-tekjur m.kr.
Söluskattur			
1. Almennur söluskattur	121.550	25,0	30.400
2. Sérstakur söluskattur	6.850	12,0	820
3. Samtals	128.400	24,3	31.220
4. Söluskattur skv. fjárlagafrumvarpi	26.340		
5. Mismunur (3.–4.)			4.880
Vörugjald			
6. Tekjur af nýju vörugjaldi	11.400	14,0	1.600
7. Tekjutap ríkissjóðs vegna tollalækkunar, niðurfellingar vörugjalda og lækkunar eða endurgreiðslu kjarnfóðurgjalds			-4.630
8. Mismunur (5.+6.-7.) til hliðarráðstafana			1.850
9. Til niðurgreiðslna og hækkunar lífeyrisbóta og barnabóta			-1.850

Verðlagsáhrif og aðgerðir til tekjujöfnunar.

Breytingar á söluskatti, tollum og vörugjöldum hafa margháttuð áhrif á vöruverð. Fyrirhugað er að verja um 1250 millj. kr. til aukinna niðurgreiðslna á ýmsum mikilvægustu neysluvörum heimilanna. Jafnframt verður um 600 millj. kr. varið til sérstakra hækkana á bótum lífeyristrygginga.

Heildaráhrif þessara breytinga á verðvísitölur, að teknu tilliti til niðurgreiðslna, eru sem hér segir:

— Framfærsluvísitala breytist ekki.
— Byggingarvísitala lækkar um 2,3%.
— Lánskjaravísitala lækkar um 0,8%.

Breytingar á vöruverði eru í meginatriðum þessar: Mikilvægustu búvörur hækka ekki í verði. Aðrar matvörur ýmist hækka eða lækka. Tollalækkanir og afnám fjögurra mismunandi vörugjalda leiða af sér lækkun fjölmargra vörutegunda. Þar á meðal eru ýmis matvara, hreinlætis- og snyrtivörur, borðbúnaður og búsáhöld.

Sem fyrr segir er talið að heildaráhrif þessara skattbreytinga, þ.e. á tollum, vörugjaldi og söluskatti, valdi ekki hækkun á framfærsluvísitölu. Hins vegar er ljóst að matvælaliðurinn eins og hann mælist hjá vísitölufjölskyldunni gæti hækkað um 7% að meðaltali við þessa breytingu, en það svarar til nálægt 1800 króna útgjaldaauka á mánuði. Þar sem aðrar neysluvörur eru taldar lækka um sömu krónutölu helst framfærslukostnaður hjá meðalfjölskyldu sem næst óbreyttur. Til viðbótar má nefna að auk umfangsmikilla niðurgreiðslna á helstu búvörum er ráðgert að 600 milljónum króna verði varið til hækkunar á barnabótum og lífeyrisgreiðslum.

Fjölmargar byggingarvörur lækka í verði, m.a. hreinlætistæki, blöndunartæki, kranar, hitastillar, gólfteppi og dúkar, efni til raflagna og steypustyrktarjárn.

Sem dæmi um skyldar vörur, sem ýmist hækka eða lækka í verði, má nefna að sjónvörp, myndbönd og hljómflutningstæki lækka, kæliskápar og þvottavélar hækka, frystiskápar og þurrkarar lækka.

Bílavarahlutir og hjólbarðar stórlækka í verði og sama gildir um fjölmargar íþróttavörur.

Yfirlit um áætlaðar verðbreytingar. — Dæmi.

1. Vörur sem ekki taka verðbreytingum:

	Áætluð verðbreyting í %
— Mjólk	
— Skyr	
— Smjör	
— Dilkakjöt	
— Gosdrykkir	
— Sápur og þvottaefni	
— Föt og skófatnaður	
— Húsgögn	
— Áfengi og tóbak	
— Bifreiðar	
— Skólavörur	

2. Vörur sem hækka í verði:

— Alifugla- og svínakjöt	5–10
— Nautakjöt	10–15
— Fiskur	25
— Innflutt nýtt grænmeti	7
— Kaffi	2–3
— Sykur	13
— Brauð	13
— Egg	5–10
— Nýir ávextir	13
— Þvottavélar, kæliskápar, saumavélar	15

	Áætluð verðbreyting í %
3. Vörur sem lækka í verði:	
— Niðursoðnir og þurrkaðir ávextir	35
— Fryst og niðursoðið grænmeti	15
— Haframjöl og heilhveiti	9
— Sjampó	25
— Tannburstar	45
— Tannkrem	25
— Ilmvötn og rakspíri	45
— Varalitur	47
— Borðbúnaður	40
— Hnífapör	50
— Þurrkarar	15
— Sjónvörp og myndbandstæki	11
— Hljómflutningstæki	15
— Frystikistur	5
— Skólaritvélar	40
— Íþróttavörur	10–40
— Bifreiðavarahlutir	20
— Hjólbarðar	20
— Hreinlætistæki	45
— Blöndunartæki	30
— Raflagnavörur	30
— Gólfteppi og dúkar	20
— Steypustyrktarjárn	5

Þá lækka einnig fjölmargar rekstrarvörur og hráefni til atvinnuveganna sem styrkir samkeppnisstöðu innlendra framleiðenda og með þessum skattkerfisbreytingum er stigið lokaskrefið að afnámi tolla á hráefnum til innlendrar framleiðslu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 2. mgr. 1. gr. gildandi laga um söluskatt er með sama hætti og gert er í lögum um tekjustofna sveitarfélaga kveðið á um að hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í tekjum af söluskatti skuli vera 8%. Óþarft er að kveða á um hlutdeild þessa í báðum lögunum og er því lagt til að ákvæði þetta verði fellt út úr söluskattslögum.

Vegna þeirra róttæku breytinga, sem þetta frumvarp og frumvarp til breytinga á tollskrárlögum hafa í för með sér á tekjustofnum Jöfnunarsjóðs, svo og vegna fyrirhugaðra breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, er nú unnið að endurmati á tekjustofnum sjóðsins og ákvæðum laga um hann. Lagafrumvarp þessa efnis mun verða lagt fram á Alþingi innan tíðar.

Að auki er lagt til að 3. mgr. 1. gr. verði felld niður en hún kveður á um að auk söluskatts skuli innheimtur söluskattsauki. Ástæðan er sú að í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að fallið verði frá því fyrirkomulagi að skipta heildarsöluskattshlutfalli annars vegar í

söluskatt, sem Jöfnunarsjóður á hlutdeild í, og hins vegar söluskattsauka, orkujöfnunargjald og húsnæðisgjald. Í staðinn er kveðið á um eitt og óskipt söluskattshlutfall, enda er sú framsetning á allan hátt skýrari og einfaldari í framkvæmd. Að öðru leyti vísast til þess sem segir í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins hér á eftir.

Um 2. gr.

Í gildandi lögum er kveðið á um 20% söluskatt og 2,5% söluskattsauka. Jafnframt leggst 1,5% orkujöfnunargjald á söluskattsstofn, sbr. lög nr. 12/1980, svo og 1% húsnæðisgjald, sbr. lög nr. 74/1986. Húsnæðisgjaldið er reyndar tímabundið og rennur út um næstu áramót. Samtals nemur skatthlutfallið því 25%. Söluskattur að viðbættum umræddum gjöldum hefur í framkvæmd verið nefndur sölugjald. Eins og fram kemur í athugasemdum með 1. gr. er lagt til að skatthlutfallið verði ákveðið eitt og óskipt og er svo gert í þessari grein en fallið frá framangreindri skiptingu í söluskatt og söluskattsauka. Jafnframt er í gildistökuákvæðum frumvarpsins kveðið á um að lögin um orkujöfnunargjald falli niður. Húsnæðisgjaldið fellur sjálfkrafa niður eins og áður segir.

Ástæðan fyrir skiptingu hlutfallsins með þessum hætti er m.a. sú að ekki hefur þótt ástæða til að auka hlutdeild Jöfnunarsjóðs í skatttekjunum þótt ákveðið hafi verið að hækka heildarskatthlutfallið. Til dæmis var orkujöfnunargjaldinu ætlað að standa undir kostnaði ríkissjóðs af niðurgreiðslum á orkukostnaði á sínum tíma. Á sama hátt var tekjum af húsnæðisgjaldi ráðstafað til eflingar húsnæðislánakerfinu. Í ljósi þessara markmiða var brugðið á það ráð kveða á um sérstök gjöld eða skattauka sem leggja skyldi á sama stofn og söluskatt. Breyting sú, sem hér er gerð tillaga um, horfir til einföldunar í framkvæmd.

Um 3. gr.

Í 6. og 7. gr. gildandi laga um söluskatt er kveðið á um hvaða vörur, verðmæti eða þjónusta skuli undanþegin söluskatti. Þar er þó alls ekki að finna tæmandi talningu á því sem undanþegið er söluskatti. Í 20. gr. laganna svo og ýmsum öðrum lagaheimildum er að finna ákvæði er kveða á um söluskattsfrelsi eða heimildir til að undanþiggja eitt og annað söluskatti. Má þar nefna lög nr. 121/1978, um kjaramál, ýmis sérlög um orkumálefni, stóriðjuframkvæmdir og loks 6. gr. fjárlaga liðinna ára sem hefur haft að geyma margbreytilegar undanþáguheimildir varðandi söluskatt. Þessi þróun hefur leitt til þess að söluskattslöggjöfin hefur tekið á sig nokkuð brotakennda mynd svo að oft er erfitt að átta sig á þeim reglum sem um skattinn gilda. Í þessari grein er lagt til að ofannefndar greinar laganna verði felldar saman í eina grein er skiptist í tvo stafliði.

Í A-lið greinarinnar eru tilgreindar þær vörur og verðmæti sem undanþegin eru söluskatti, en í B-lið hennar er kveðið á um þá starfsemi og þjónustu sem undanþegin er söluskatti. Hér er um að ræða tæmandi talningu þess sem beinlínis skal vera undanþegið skattinum samkvæmt heimildum í söluskattslögum, sbr. þó ákvæði 4. gr. frumvarpsins. Jafnframt er gert ráð fyrir því að heimild ráðherra til þess að undanþiggja vöru, vinnu eða þjónustu, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, verði afnumin, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Af þessu leiðir að allar þær undanþágur, sem rætur eiga að rekja til þessarar heimildar og finna má í reglugerðum um söluskatt, missa lagastoð sína verði frumvarp þetta að lögum.

Í A-lið greinarinnar er að finna allar þær vörur sem 1. mgr. 6. gr. gildandi laga kveður á um að undanþegnar skuli vera söluskatti nema nýmjólk, einkaflugvélar og eldsneyti fyrir þær. Að auki er bætt við þeim undanþáguákvæðum 13. gr. reglugerðar nr. 486/1982, um söluskatt, með síðari breytingum, sem rætur sínar eiga að rekja til 1. mgr. 20. gr. laganna og

ekki þykir verjandi að fella niður. Hér er um að ræða vörur sem getið er í 12., 13., 15., 16. og 17. tölul. A-liðar frumvarpsgreinarinnar. Hjá lögfestingu þessara undanþáguákvæða verður ekki komist þar sem þær eiga sér ekki lagastoð að öðrum kosti, sbr. það sem að framan segir.

Nái frumvarp þetta fram að ganga hefur það í för með sér að öll matvæli, svo og einkaflugvélar og eldsneyti fyrir þær, verða söluskattsskyld. Í þessu sambandi skal þess getið til skýringar að í gildistökuákvæði frumvarpsins er gerð tillaga um að heimild í lögum nr. 121/1978, um kjaramál, til að undanþiggja matvæli söluskatti, verði felld niður.

Í B-lið greinarinnar er kveðið á um að öll starfsemi og þjónusta, sem undanþegin er söluskatti skv. 7. gr. gildandi laga, verði áfram undanþegin. Jafnframt því er lagt til að nær öllum undanþáguákvæðum 14. gr. söluskattsreglugerðarinnar, er sækja stoð sína í 1. mgr. 20. gr. laganna, verði veitt lagagildi. Hér um að ræða starfsemi þá og þjónustu sem um getur í 3., 5., 14.–20. og 22. tölul. frumvarpsgreinarinnar.

Þær undanþágur, sem verið hafa við lýði en falla nú niður, eru þessar:

Aðgangseyrir að gufubaðsstofum, nuddstofum, ljósastofum, heilsuræktarstofum svo og að útisamkomum og að sýningum á íslenskum kvikmyndum svo og vélbinding heys.

Í 2. og 3. mgr. gildandi laga er kveðið á um heimildir til að endurgreiða söluskatt af skipasmíðum innan lands, vogum og rafeindabúnaði til notkunar í fiskvinnslu svo og kostnaði sveitarfélaga við snjómokstur. Gerð er tillaga um að þær verði framvegis í 7. gr. laganna, sbr. 1., 2. og 21. tölul. 4. gr. frumvarpsins þar sem þær eiga betur heima eðli sínu samkvæmt.

Um 4. gr.

Eins og rakið er í almennum athugasemdum hér að framan hefur í áraraðir verið að finna margvíslegar heimildir í 6. gr. fjárlaga fyrir fjármálaráðherra til að fella niður, lækka eða endurgreiða söluskatt sem nánar tilgreindir aðilar hafa þurft að greiða. Um gildi þess að kveða á um heimildir af þessu tagi í söluskattslögunum sjálfum í stað þess að kveða á um slíkt í fjárlögum hverju sinni vísast til þess sem í almennu athugasemdunum segir. Undanþáguheimildir þessar eru flestar að því leyti frábrugðnar þeim undanþágum sem fjallað er um í 3. gr. frumvarpsins að þær eru í öllum tilvikum annaðhvort bundar við tiltekna aðila, en ekki tilteknar tegundir vöru eða þjónustu, eða að nánar tilgreind skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til þess að til niðurfellingar eða endurgreiðslu skattsins komi. Þá er gjarnan um að ræða vörur sem annaðhvort hafa almennt notagildi eða erfiðleikum er bundið að tilgreina fyrir fram svo að tæmandi sé hverjar eru. Sem dæmi í þessu sambandi má nefna leitarbifreiðar og ýmsan búnað fyrir björgunarsveitir, fjárfestingarvörur í loðdýrarækt og fiskeldi og tæki sem gefin eru til mannúðar- eða líknarmála. Eins og sjá má af framansögðu er nánast ógerlegt að tilgreina fyrir fram þær vörur eða vöruflokka sem hér koma til greina.

Með hliðsjón af eðli og forsögu undanþáguákvæða þeirra, sem hér um ræðir, er lagt til að ýmsar undanþáguheimildir sem kveðið hefur verið á um með reglubundnum hætti í fjárlögum liðinna ára verði veitt almennt lagagildi. Með þessum hætti er nokkurri réttaróvissu eytt jafnframt því sem fastari skipan verður á þessum málum en ella. Um heimildir þessar er það að segja að öðru leyti að í 1., 2. og 20. tölul. eru heimildarákvæði sem nú eru í 2. og 3. mgr. 6. gr. gildandi laga. Þar sem hér er um heimildargreinar að ræða þykir eðlilegt að tilgreina þær í þessari grein ásamt öðrum sambærilegum heimildum. Í 3.–14. tölul. svo og 18. tölul. er að finna heimildir sem undanfarin ár hefur ætíð verið að finna í 6. gr. fjárlaga.

Vegna ákvæða 15. og 16. tölul. er rétt að taka fram að gerð er tillaga um að víðtækar og illframkvæmanlegar heimildir til undanþágu söluskatts, sem nú eru í lögum um Jarðaboranir hf. og í lögum um Vísindaráð og Vísindasjóð o.fl., verði afnumdar en þess í stað verði kveðið á um söluskattsívilnanir þessar með þeim hætti sem gert er í nefndum töluliðum. Loks er í 17. tölul. lagt til að fjármálaráðherra geti fellt niður söluskatt af vörum sem um ræðir í tilteknum töluliðum 6. gr. tollalaga með sama hætti og honum er heimilt að fella niður tolla af vörum þessum. Þetta er í samræmi við áratuga venju sem skapast hefur í þessum efnum.

Um 5. gr.

Í þessari grein er lagt til að orðalagi 4. mgr. 8. gr. laganna verði breytt þannig að skýrar sé kveðið á um þau skilyrði sem uppfylla þarf til þess að söluskattsskyldur endurseljandi megi draga innkaupsverð þeirra vara sem hann kaupir með söluskatti frá söluskattsskyldri veltu sinni. Þá er lagt til að ef endurseljandi hefur enga söluskattsskylda veltu fram að telja sé heimilt en ekki skylt að endurgreiða honum söluskatt af vörum sem hann hefur keypt til endursölu með söluskatti. Með þessum hætti er staða skattyfirvalda styrkt í tilvikum sem þessum. Loks er gerð tillaga um að hækka lágmark þeirrar ofgreiðslu sem hér um ræðir úr 1000 kr. í 50 000 kr.

Um 6. gr.

Þessi grein felur í sér að hámarksfjárhæð söluskattsskyldrar veltu þeirra sem hafa smávægilegan rekstur með höndum og heimilt er að greiða söluskatt einu sinni á ári verði hækkuð úr 10 000 kr. í 100 000 kr.

Um 7. gr.

Eins og rakið hefur verið hér að framan er fjármálaráðherra heimilt skv. 1. mgr. 20. gr. gildandi laga að undanþiggja tilteknar tegundir vörusölu, vinnu eða þjónustu umfram það sem gert er í 6. og 7. gr. þeirra ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Heimild þessi hefur verið umdeild þar sem hún þykir fela í sér nokkuð vafasamt framsal löggjafans á skattlagningarvaldinu. Ákvæði þetta hefur verið óbreytt frá upphafi. Á sínum tíma var því ætlað skapa möguleika fyrir ráðherra til þess að taka með fljótvirkum hætti á ýmsum vandamálum sem upp kynnu að koma í kjölfar svo róttækrar skattbreytingar sem söluskattslögin höfðu í för með sér. Eftir 27 ára gildistíma eiga sömu sjónarmið ekki lengur við að þessu leyti. Því er lagt til að heimild þessi verði afnumin en þess í stað verði á tæmandi hátt tiltekið hvaða vörur, vinna eða þjónusta er samkvæmt þessum lögum undanþegin söluskatti, sbr. 3. og 4. gr. frumvarpsins. Þær undanþágur, sem nú sækja lagastoð sína til umræddrar heimildar en er ekki getið í 3. eða 4. gr. frumvarpsins, falla því úr gildi verði frumvarp þetta að lögum nema um þær sé sérstaklega fjallað í öðrum lögum.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

Ed. 227. Frumvarp til laga [197. mál]

um vörugjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

Upphafsákvæði.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð vörugjald af innfluttum vörum og vörum sem framleiddar eru eða fá einhverja vinnslumeðferð innan lands eins og nánar er ákveðið í lögum þessum.

Gjaldskyldar vörur og framleiðsla.

2. gr.

Gjaldskyldan nær til allra vara, nýrra sem notaðra, sem fluttar eru til landsins eða eru framleiddar, unnið er að eða er pakkað hér á landi og flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í 3. gr. Vara, sem seld er úr landi, er þó ekki gjaldskyld.

Við flokkun til gjaldskyldu samkvæmt lögum þessum skal fylgt flokkunarreglum tollalaga, nr. 55/1987, og gilda ákvæði þeirra jafnframt um úrskurðarvald í ágreiningsmálum um tollflokkun vara.

3. gr.

Vörugjald skal vera 14% og leggst á vörur í eftirgreindum tollskrárnúmerum:

1704.1000	1905.2000	2009.7009	2203.0001	3922.1000
1704.9001	1905.3000	2009.8001	2203.0009	3922.2000
1704.9002	1905.9009	2009.8009		3922.9001
1704.9003		2009.9001	2204.2101	3922.9009
1704.9004	2009.1101	2009.9009	2204.2901	
1704.9005	2009.1109		2204.3000	6910.1000
1704.9009	2009.1901	2106.9011		6910.9000
	2009.1909	2106.9019	2206.0000	
1805.0001	2009.2001	2106.9021		7213.1001
1805.0009	2009.2009	2106.9022	2208.9009	7213.2001
	2009.3001	2106.9029		
1806.1000	2009.3009	2106.9031	2209.0000	7213.3101
1806.2001	2009.4001			7213.3901
1806.2009	2009.4009	2201.1000	3003.9004	7213.4101
1806.3100	2009.5001			7213.4901
1806.3201	2009.5009	2202.1001	3004.5004	7213.5001
1806.3209	2009.6001	2202.1009	3004.9004	
1806.9009	2009.6009	2202.9001		
	2009.7001	2202.9009	3302.1002	

7214.2001
7214.3001
7214.4001
7214,5001
7214.6001

7217.1100
7217.1900
7217.2100
7217.2900
7217.3100
7217.3900

7313.0000

7314.2000
7314.3000
7314.4100
7314.4200
7314.4900
7314.5000

7324.1000
7324.2100
7324.2900
7324.9000

7418.2000

7615.2000

8414.5101
8414.5901
8414.6001
8414.8001

8418.1001
8418.2100
8418.2200
8418.2900
8418.3001
8418.4001
8418.6101
8418.6901

8421.1201
8421.3901

8422.1100

8450.1100
8450.1200
8450.1900
8450.2000
8450.9000

8451.1000
8451.2100
8451.2900
8451.3001

8452.1000

8479.8901

8481.1000
8481.2000
8481.3000
8481.4000
8481.8000
8481.9000

8509.1000
8509.2000
8509.3000
8509.4001
8509.4009
8509.8000
8509.9000

8510.1000
8510.2009

8516.3100
8516.3200
8516.3300
8516.4009
8516.5000
8516.6001
8516.6002
8516.6009
8516.7100
8516.7200
8516.7901
8516.7909

8518.1000
8518.2100
8518.2200
8518.2900
8518.3000
8518.4000
8518.5000
8518.9000

8519.1000
8519.2100
8519.2900
8519.3100
8519.3900
8519.4000
8519.9100
8519.9901
8519.9909

8520.1000
8520.2000
8520.3100
8520.3900
8520.9001
8520.9009

8521.1009
8521.9009

8522.1000
8522.9000

8526.9201

8527.1100
8527.1900
8527.2100
8527.2900
8527.3100
8527.3200
8527.3900
8527.9009

8528.1009
8528.2009

8529.1009
8529.9009

8535.1000
8535.2100
8535.2900
8535.3000
8535.4000
8535.9001
8535.9009

8536.1000
8536.2000
8536.3000
8536.4100
8536.4900
8536.5000
8536.6100
8536.6900
8536.9000

8537.1000
8537.2000

8538.1000
8538.9000

8543.8001
8543.9001

8544.1100
8544.1900
8544.2000
8544.3000
8544.4100
8544.4900
8544.5100
8544.5900
8544.6000
8544.7000

9007.1000
9007.1900
9007.2100
9007.2900
9007.9100
9007.9200

Gjaldskyldir aðilar.

4. gr.

Skylda til að greiða vörugjald hvílir á þessum aðilum:

1. Öllum þeim sem flytja til landsins vörugjaldsskyldar vörur hvort sem er til eigin nota eða endursölu.
2. Öllum þeim sem framleiða, vinna að eða pakka vörugjaldsskyldum vörum innan lands. Sama á við um þá sem annast heildsöludreifingu vöru sem um ræðir í þessum tölulið, sbr. 3. mgr. 6. gr.

Hver sá, sem skattskyldur er skv. 2. tölul. 1. mgr., skal ótilkvaddur og eigi síðar en 15 dögum áður en vörugjaldsskyld starfsemi hefst tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá skattstjóra þar sem hann er heimilisfastur. Breytingar, sem verða á starfsemi eftir að skráning hefur farið fram, skal tilkynna eigi síðar en 15 dögum eftir að breyting átti sér stað.

Gjaldstofn.

5. gr.

Gjaldstofn vörugjalds af innfluttum vörum er tollverð þeirra eins og það er ákveðið skv. 8.–10. gr. tollalaga, að viðbættum tollum eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt þeim lögum, auk 25% áætlaðrar heildsöluálagningar.

6. gr.

Gjaldstofn vörugjalds af gjaldskyldum vörum sem eru framleiddar, unnið að á einhvern hátt eða pakkað hér á landi er heildsöluverð þeirra, þ.e. það verð sem greitt er eða greiða ber við sölu vörunnar til smásala.

Annist innlendur framleiðandi gjaldskyldrar vöru ekki jafnframt heildsölu hennar heldur selur hana heildsala skal hann reikna vörugjald af verksmiðjuverði vörunnar. Verksmiðjuverð vöru er söluverð framleiðanda hennar án vörugjalds.

Heildsali, sem kaupir gjaldskyldar vörur af innlendum framleiðanda á verksmiðjuverði, skal reikna vörugjald af heildsöluverði sínu, sbr. 1. mgr., að frádregnu innkaupsverði vörunnar, sbr. 2. mgr.

Samsvari söluverð frá verksmiðju ekki heildarandvirði framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi, t.d. vegna þess að kaupandi eða annar framleiðandi leggur til hráefni, efnisvörur eða annað til framleiðslu, vinnslu eða pökkunar á vöru, skal heildarandvirði hennar teljast gjaldstofn til vörugjalds.

Innheimta, uppgjörstímabil, gjalddagar o.fl.

7. gr.

Vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skal innheimt ásamt tollum við tollafgreiðslu.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um gjaldskyldu, gjaldfrelsi, álagningu, innheimtu, stöðvun tollafgreiðslu, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði tollalaga, nr. 55/1987, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

8. gr.

Vörugjald af innlendum framleiðsluvörum reiknast við sölu eða afhendingu gjaldskyldrar vöru frá framleiðanda eða heildsala og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram.

Hvert uppgjörstímabil vegna gjaldskyldrar innlendrar framleiðslu, aðvinnslu eða pökkunar er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Gjaldskyldir aðilar skulu eftir lok hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs það vörugjald sem þeim ber að standa skil á samkvæmt lögum þessum.

Vörugjaldi, ásamt vörugjaldsskýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður, skal skila innan mánaðar frá því að hverju uppgjörstímabili lýkur.

9. gr.

Aðilum, sem keypt hafa hráefni eða efnivöru til gjaldskyldrar framleiðslu sinnar og greitt af því vörugjald, er heimilt að draga innkaupsverð vörunnar frá gjaldstofni, sbr. 6. gr., og reikna vörugjald af þannig fengnum mismun. Sama á við um heildsala sem keypt hefur vörugjaldsskylda vöru af innlendum framleiðanda til endursölu, sbr. 6. gr.

10. gr.

Að því leyti sem ekki eru ákvæði í lögum þessum um álagningu, kærur og úrskurði um vörugjaldsákvörðun, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, stöðvun atvinnurekstrar, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innlendri framleiðsluvöru eða vöru sem unnið er að eða er pakkað hér á landi skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

11. gr.

Fjármálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um tilkynningarskyldu, gjaldstofn, gjaldskyldu, uppgjörstímabil, gjalddaga og aðra framkvæmd laga þessara. Ráðherra er heimilt að undanþiggja einstaka vöruflokka gjaldskyldu skv. 3. gr. eða bæta við upptalningu í 3. gr. einstökum vörum eða tollskrárnúmerum til þess að samræmis gæti í skattlagningu sams konar eða hliðstæðra vara.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, og lög nr. 33 29. maí 1980, lög nr. 80 28. desember 1980, lög nr. 82 28. desember 1981, 7. gr. laga nr. 2 28. febrúar 1983, lög nr. 75 28. desember 1983 og lög nr. 126 31. desember 1984, um breyting á þeim lögum, lög nr. 77 23. desember 1980, um vörugjald, og 3. gr. laga nr. 12 30. apríl 1981, um breyting á þeim lögum, 54. gr. laga nr. 64 21. maí 1965 og 1. og 2. gr. laga nr. 5 27. febrúar 1982, með síðari breytingum. Reglugerðir, auglýsingar og önnur fyrirmæli, sem sett hafa verið samkvæmt nefndum lögum, falla úr gildi frá sama tíma.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Allir þeir, sem stunda starfsemi sem skattskyld er samkvæmt lögum þessum og eru ekki skráðir á vörugjaldsskrá við gildistöku laga þessara, skulu tilkynna fyrir 15. janúar 1988 um rekstur sinn og starfsemi til skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir.

II

Af birgðum innfluttra gjaldskyldra vara samkvæmt lögum þessum sem hlotið hafa fullnaðartollafgreiðslu fyrir 1. janúar 1988 og vörugjald verið greitt af samkvæmt ákvæðum laga nr. 107/1978 og 77/1980, með síðari breytingum, skal eigi innheimta gjald samkvæmt

lögum þessum. Frá og með 1. janúar 1988 skal hins vegar innheimta gjald samkvæmt ákvæðum þessara laga af vörum sem þá eru ótollafgreiddar.

Af vörum, sem afhentar hafa verið innflytjendum fyrir gildistöku laga þessara, með leyfi tollyfirvalda gegn eða án tryggingar fyrir greiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt heimild í tollalögum eða heimildum í öðrum lögum, skal greiða vörugjald samkvæmt ákvæðum laga nr. 107/1978 og 77/1980, með síðari breytingum.

Við sölu eða afhendingu af birgðum, sem innlendir framleiðendur gjaldskyldrar vöru eiga 1. janúar 1988, skal greiða gjald samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Gjaldi vegna sölu eða afhendingar frá framleiðanda á árinu 1988 á gjaldskyldum vörum samkvæmt ákvæðum laga nr. 107/1978 og 77/1980, með síðari breytingum, skal skilað á reglulegum gjalddögum samkvæmt þeim lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Endurskoðun á tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs er lykilatriði í stefnu ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Einn þáttur í þeirri endurskoðun er lækkun og samræming tolltaxta og álagning nýs vörugjalds. Í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir því að ný, samræmd og einfölduð gjaldskrá aðflutnings- og vörugjalds komi til framkvæmda á árinu 1988. Þessi stefnumörkun var áréttuð í fjárlagafrumvarpinu þar sem jafnframt var ákveðið að kerfisbreytingin taki gildi frá 1. janúar 1988. Í því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, er kveðið á um þann hluta þessarar breytingar sem snýr að fækkun smærri tekjustofna og upptöku nýs vörugjalds, en um breytingar á tolltöxtum o.fl. er fjallað sérstaklega í frumvarpi til breytinga á tollalögum sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi. Þessi endurskoðun og einföldun á tolla- og vörugjaldskerfinu tengist enn fremur þeim breytingum sem verða á söluskattskerfinu um næstu áramót þar sem hluta af því tekjutapi, sem ríkissjóður verður fyrir með tollalækkunum og afnámi vörugjalda, verður mætt með tekjum af breiðari söluskattsstofni. Þessi þrjú frumvörp þarf því að skoða samhliða.

Aðdraganda þessarar kerfisbreytingar þarf að skoða í ljósi þess að allt frá því, að Íslendingar gengu í Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA, árið 1970, hafa almennir tollar farið lækkandi í samræmi við ákvæði samningsins við EFTA og síðar við Evrópubandalagið. Til þess að mæta tekjutapi ríkissjóðs vegna þessara tollalækkana hefur m.a. verið gripið til þess ráðs að ríghalda í háa tolla á þeim vörum sem ákvæði fríverslunarsamninganna náðu ekki til og jafnframt leggja margvísleg aukagjöld á sömu vörur. Þetta hefur aftur leitt til mikils misræmis milli innflutningsverðs og innlends vöruverðs og þar með óhjákvæmilega haft áhrif á neysluval innan lands. Jafnframt hefur orðið að grípa til víðtækra undanþága frá gjaldtöku af hráefnum, vélum og tækjum til iðnfyrirtækja til þess að jafna sem mest samkeppnisstöðu þeirra gagnvart erlendum aðilum. Allt þetta hefur síðan orðið til þess að torvelda mjög framkvæmd og eftirlit með álagningu og innheimtu aðflutningsgjalda. Þess vegna er orðið löngu tímabært að samræma og einfalda álagningu aðflutningsgjalda. Það er megintilgangur þessarar breytingar.

Kerfisbreytingin gerir ráð fyrir að tollkerfið verði í stórum dráttum byggt á tveimur tekjustofnum, almennum tollum og vörugjaldi, í stað margra smærri tekjustofna. Þannig eru felld niður eftirtalin gjöld: Sérstakt vörugjald af innflutningi og innlendri framleiðslu (24% og 30%), vörugjald af innflutningi og innlendri framleiðslu (7% og 17%), byggingariðnaðarsjóðsgjald og tollafgreiðslugjald. Jafnframt eru hæstu tollar lækkaðir, úr 80% niður í 30%, að tóbaki og bensíni undanskildu. Þá er gert ráð fyrir að tollar á matvælum verði nær undantekningarlaust felldir niður en hámarkstollar á þeim eru nú 40%. Loks verður stigið lokaskrefið í átt til samræmingar í álagningu aðflutningsgjalda á atvinnurekstur með því að fella niður tolla og vörugjöld af vélum, tækjum og varahlutum ýmiss konar til landbúnaðar og þjónustuiðnaðar.

Áætlað er að tollalækkanir og afnám smærri tekjustofna valdi um 4600 m.kr. tekjutapi fyrir ríkissjóð. Þessu tekjutapi verður að nokkru leyti mætt með upptöku nýs vörugjalds auk þess sem söluskattsstofn breikkar. Nýja vörugjaldið leggst á nokkra skýrt afmarkaða vöruflokka sem nú bera margvísleg vörugjöld á bilinu 17–30%. Þessar vörur eru: Sælgæti, kex, öl, gosdrykkir og safar, raftæki, hljómtæki, sjónvörp, myndbandstæki, blöndunartæki, raflagnaefni, hreinlætistæki og steypustyrktarjárn. Matvæli eru almennt undanþegin gjaldinu. Vörugjaldshlutfallið er 14% á alla vöruflokka. Til þess að sneiða hjá vandkvæðum við innheimtu og komast jafnframt hjá því að taka upp umfangsmikið endurgreiðslukerfi er gert ráð fyrir að gjaldið leggist eingöngu á fullunnar neysluvörur. Enn fremur er miðað við að gjaldið leggist á hliðstæðar vörur, þannig að álagning þess hafi sem minnst áhrif á neysluval. Í núgildandi tolla- og vörugjaldskerfi gætir hins vegar víða mikillar mismununar í skattlagningu ýmissa vörutegunda sem gegna svipuðu hlutverki í heimilishaldi þar sem sumar vörur bera háa tolla og vörugjöld en aðrar sambærilegar vörur hvorki toll né vörugjald.

Sem fyrr segir hefur þessi breyting í för með sér talsverða röskun á verðhlutföllum hér innan lands. Þess eru jafnvel dæmi að einstakar vörutegundir lækki um meira en helming í verði meðan aðrar hækka um 15–20%. Hjá þessu er erfitt að komast nema með því að ganga þvert á þann megintilgang breytingarinnar að einfalda álagningu og bæta eftirlit með innheimtu aðflutningsgjalda og jafnframt samræma verðhlutföll á hliðstæðum vörum. Það segir sig sjálft að áhrif svo umfangsmikilla breytinga eru ákaflega vandmetin. Þetta á jafnt við um áhrifin á tekjuhlið ríkissjóðs og raunar ekki síður verðlagsáhrifin eins og þau koma fram í vísitölum framfærslukostnaðar og byggingarkostnaðar.

Með þessum fyrirvörum er þó talið að heildaráhrif þessara skattbreytinga, þ.e. á tollum, vörugjaldi og söluskatti, valdi ekki hækkun á framfærsluvísitölu. Hins vegar er ljóst að matvælaliðurinn, eins og hann mælist hjá vísitölufjölskyldunni, gæti hækkað um 7% að meðaltali við þessa breytingu, en það svarar til nálægt 1800 króna útgjaldaauka á mánuði. Þar sem aðrar neysluvörur eru taldar lækka um sömu krónutölu helst framfærslukostnaður hjá meðalfjölskyldu sem næst óbreyttur. Til viðbótar má nefna að auk umfangsmikilla niðurgreiðslna á helstu búvörum verður 600 milljónum króna varið til hækkunar á barnabótum og lífeyrisgreiðslum.

Með þessari umfangsmiklu endurskoðun á aðflutningsgjaldakerfinu er leitast við að tryggja sem mest samræmi milli vöruverðs innnan lands og innflutningsverðs. Í núgildandi kerfi eru mörg dæmi þess að álagning tolla og vörugjalda hafi stórlega raskað þessum verðhlutföllum og þar með í reynd brenglað allt verðskyn hins almenna neytenda. Nýja kerfið ætti því að gera allan verðsamanburð auðveldari og um leið raunhæfari og þar með stuðla að aukinni samkeppni og meira aðhaldi í verðlagningu hér á landi en nú er.

Að gjaldskyldusviðinu slepptu er þetta frumvarp að stofni til byggt upp á svipaðan hátt og gildandi lög um sérstakt tímabundið vörugjald. Einkum á þetta við um ýmis atriði er lúta að framkvæmd, svo sem álagningu, innheimtu og eftirliti. Reglum um ákvörðun gjaldstofns er breytt nokkuð. Í gildandi lögum um vörugjald og lögum um sérstakt tímabundið vörugjald er gjaldstofn innfluttrar vöru tollverð hennar að viðbættum tollum. Gjaldstofn vöru, sem framleidd er innan lands, er hins vegar verksmiðjuverð án álagningar fyrir sölu- og dreifingarkostnaði. Af reglum gildandi laga leiðir að heildsöluálagningu er haldið fyrir utan gjaldstofninn. Þessi aðferð við ákvörðun gjaldstofns hefur leitt til nokkurra erfiðleika við útreikning og eftirlit með vörugjaldi af innlendri framleiðslu. Hafa ber í huga í þessu sambandi að innlendir framleiðendur annast í langflestum tilvikum jafnframt heildsöludreifingu framleiðslu sinnar. Augljóslega er nokkrum vandkvæðum bundið að segja nákvæmlega til um hver raunverulegur sölu- og dreifingarkostnaður er í þessum tilvikum. Að auki er þessi aðferð við ákvörðun gjaldstofnsins óþarflega flókin og skerðir nokkuð möguleika á virku eftirliti með réttum skilum á gjaldinu. Af þessum sökum er í þessu frumvarpi lagt til að

gjaldstofn vörugjalds verði heildsöluverð vöru hvort sem um er að ræða innflutta vöru eða vöru framleidda innan lands. Samkvæmt þessu er í frumvarpinu kveðið á um að af innfluttri vöru sé gjaldstofn til vörugjalds tollverð vörunnar, tollur sé um hann að ræða auk 25% áætlaðrar heildsöluálagningar. Á sama hátt er kveðið á um að gjaldstofn innlendrar framleiðslu sé heildsöluverð. Gjaldstofninn er því sambærilegur í báðum tilvikum. Þessar breytingar munu leiða til einföldunar í framkvæmd auk þess sem með þeim er ætlað að auðvelda eftirlit með réttum skilum á vörugjaldi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er að finna almenna lýsingu á andlagi vörugjalds, þ.e. að vörugjald skal greiða bæði af innfluttum vörum og vörum sem framleiddar eru hér á landi eða fá hérlendis einhverja vinnslumeðferð eins og nánar er ákveðið í frumvarpinu. Gjaldskyldusviðið er nánar útfært í 2. og 3. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að gjaldskyldan taki til nýrra vara sem notaðra jafnframt því sem kveðið er á um að vörur, sem seldar eru úr landi, séu undanþegnar gjaldinu. Þá er gert ráð fyrir að flokkunarreglur tollalaga gildi í einu og öllu um flokkun vara til gjaldskyldu. Greinin felur ekki í sér efnisbreytingar á þeim reglum sem gilt hafa í þessum efnum samkvæmt gildandi ákvæðum laga um vörugjald og sérstakt tímabundið vörugjald.

Um 3. gr.

Samkvæmt þessari grein skal vörugjald vera 14%. Þá er í greininni að finna tæmandi talningu á þeim vörum sem gjaldskyldar eru samkvæmt frumvarpinu eins og þær flokkast samkvæmt tollalögum. Þeir vöruflokkar, sem vörugjaldsskyldir eru og hér um ræðir, eru einkum þessir: Sælgæti, kex, kökur, drykkjarvörur, hreinlætistæki, ýmis rafknúin heimilistæki, svo sem þvottavélar, kæliskápar, frystikistur, hljómflutningstæki, sjónvörp, útvörp og myndbandstæki, steypustyrktarjárn, vír og raflagnaefni. Að öðru leyti vísast til þess sem rakið er í almennum athugasemdum hér að framan um þetta efni.

Um 4. gr.

Í þessari grein er fjallað um það á hverjum gjaldskyldan hvílir svo og um tilkynningaskyldu þeirra sem framleiða gjaldskyldar vörur innan lands eða dreifa innlendri framleiðslu í heildsölu. Greinin felur í sér þá breytingu frá gildandi lögum um vörugjald og sérstakt tímabundið vörugjald að þeir aðilar, sem annast heildsöludreifingu innlendrar framleiðsluvöru, verða gjaldskyldir með sama hætti og framleiðendurnir sjálfir. Breyting þessi leiðir af breytingum þeim sem frumvarpið gerir ráð fyrir að verði á gjaldstofni vörugjalds, en skv. 5. og 6. gr. frumvarpsins er lagt til að framvegis verði vörugjald reiknað af heildsöluverði í stað verksmiðjuverðs án sölu- og dreifingarkostnaðar eins og gildandi lög um vörugjöld kveða á um.

Um 5. gr.

Í þessari grein er fjallað um gjaldstofn vörugjalds af innfluttum vörum. Samkvæmt 7. gr. frumvarpsins ber að innheimta gjaldið við tollafgreiðslu af innfluttum vörum með sama hætti og tíðkast hefur samkvæmt gildandi lögum um vörugjöld. Gjaldstofn innfluttrar vöru er samkvæmt greininni tollverð að viðbættum tollum, sé um þá að ræða, auk 25% áætlaðrar heildsöluálagningar. Hér er um að ræða breytingu frá ákvæðum gildandi laga um vörugjöld. Breytingin felst í því að áætluð heildsöluálagning er tekin inn í gjaldstofninn við tollafgreiðslu vörunnar áður en vörugjaldið er reiknað. Í gildandi lögum um vörugjald er gjaldstofn innfluttrar vöru hins vegar tollverð hennar að viðbættum tolli. Með þessum hætti

er tryggt að gjaldstofn innfluttrar vöru verði sambærilegur vörugjaldsstofni innlendrar framleiðslu, sbr. 2. og 3. mgr. 6. gr., þ.e. heildsöluverð vörunnar, en ekki verksmiðjuverð hennar án álagningar fyrir sölu- og dreifingarkostnaði eins og gildandi lög kveða á um. Að öðru leyti vísast til þess sem segir um þetta atriði í almennum athugasemdum hér að framan.

Um 6. gr.

Samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar er lagt til að gjaldstofn vöru, sem framleidd er innan lands, unnið að eða pakkað hér á landi, verði heildsöluverð hennar, þ.e. það verð sem greiða ber við sölu vörunnar til smásala. Gjaldstofn vörugjalds samkvæmt gildandi lögum er verksmiðjuverð vörunnar án álagningar fyrir sölu- og dreifingarkostnaði. Þessi regla við ákvörðun gjaldstofnsins hefur þótt óþarflega flókin í framkvæmd auk þess sem nokkrum vandkvæðum getur verið bundið að segja til um með sæmilegri vissu hver raunverulegur sölu- og dreifingarkostnaður er. Af þessum sökum er lagt til að vörugjald reiknist af heildsöluverði gjaldskyldrar vöru enda þykir sú regla leiða til einföldunar í framkvæmd auk þess sem hún auðveldar eftirlit með skilum á gjaldinu.

Í 2. mgr. er að finna ákvæði um þau tilvik þegar innlendur framleiðandi vöru annast ekki jafnframt heildsölu hennar. Í slíkum tilvikum ber honum að reikna vörugjaldið af verksmiðjuverði en með verksmiðjuverði er átt við söluverð framleiðanda án vörugjalds. Sá sem annast heildsölu vörunnar í tilvikum sem þessum skal skv. 3. mgr. reikna vörugjald af heildsöluverði sínu að frádregnu innkaupsverði vörunnar frá framleiðanda, þ.e. af heildsöluálagningu sinni. Af þessu leiðir að engu máli á að skipta hvort framleiðandi kjósi að láta aðra annast heildsöludreifingu framleiðslu sinnar í stað þess að gera það sjálfur. Endanlegur gjaldstofn er sá sami í báðum tilvikum.

Með 4. mgr. er ætlað að girða fyrir að kaupandi vöru geti skert gjaldstofn vörugjalds með því að leggja sjálfur fram hráefnið til vinnslunnar.

Um 7. og 8. gr.

Greinar þessar eru efnislega samhljóða sambærilegum ákvæðum í gildandi lögum um vörugjöld að öðru leyti en því að lagt er til að hvert gjaldtímabil skuli vera tveir mánuðir í stað þriggja eins og gildandi reglur kveða á um.

Um 9. gr.

Samkvæmt þessari grein er vörugjaldsskyldum aðilum, sem keypt hafa hráefni eða efnivöru til gjaldskyldrar framleiðslu sinnar og greitt af þeim vörugjald, svo og heildsölum, sem keypt hafa vörugjaldsskylda vöru af innlendum framleiðanda til endursölu, heimilt að draga innkaupsverð vörunnar frá gjaldstofni áður en vörugjald er reiknað. Með þessum hætti er komið í veg fyrir að vörugjald safnist upp í framleiðslukostnaði hinnar gjaldskyldu vöru.

Um 10. gr.

Greinin er efnislega samhljóða ákvæðum gildandi laga um vörugjöld og þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða ákvæðum gildandi laga um vörugjöld. Í greininni er þó lagt til að ráðherra verði veitt heimild til að leiðrétta ósamræmi sem kann að vera í skattlagningu samkvæmt frumvarpinu. Eins og fram hefur komið miðast vörugjaldsskyldan við flokkun vara samkvæmt tollskrá tollalagafrumvarpsins, sbr. viðauka I við það frumvarp. Tollflokkun vara getur í sumum tilfellum verið erfiðleikum bundin og smávægileg atriði ráðið úrslitum um hvort telja skuli vöru fremur til eins tollskrárnúmers en annars. Í flest öllum tilvikum er þó tollflokkun vara skýr og veldur engum vandkvæðum. Við gerð þessa frumvarps var ákveðið að fylgja fyrri framkvæmd og miða vöruflokkun til gjaldskyldu við

flokkunarreglur tollskrárinnar. Reynslan sýnir að þrátt fyrir skýrar meginlínur geta vörur fallið utan gjaldskyldu þegar hún er bundin við tiltekin tollskrárnúmer. Óeðlilegt er að ekki sé hægt að leiðrétta misræmi sem ekki var séð fyrir við gerð frumvarpsins og er því lagt til að ráðherra geti bætt úr slíkum ágöllum.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringar.

Ed. 228. Frumvarp til laga [198. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 55 30. mars 1987.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

2. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Tollur skal lagður á tollverð vöru eða sendingar eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum 8.–10. gr. og vera eins og fyrir er mælt í tollskrá í viðauka I með lögum þessum sem hefur lagagildi.

2. gr.

Á eftir 150. gr. laganna komi viðauki I, sem er tollskrá, er orðist svo:

Viðauki 1.

Tollskrá

Dálkar merktir A gilda fyrir allar innfluttar vörur, nema sérstaklega sé á annan hátt ákveðið í dálkum merktum E. Dálkar merktir E gilda fyrir vörur innfluttar til landsins samkvæmt ákvæðum um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samkvæmt ákvæðum samnings Íslands við Evrópubandalagið (EB). Dálkar merktir E gilda þó ekki um vörur í eftirfarandi tollskrárnúmerum sem fluttar eru til landsins frá Evrópubandalaginu (þ.e. Belgíu, Bretlandi, Danmörku, Frakklandi, Grikklandi, Hollandi, Írlandi, Ítalíu, Lúxemborg, Portúgal, Spáni og Vestur-Þýskalandi):

1704.1000,	1704.9001,	1704.9003,	1704.9004,	1704.9005,
1704.9009,	1806.1000,	1806.2009,	1806.3100,	1806.3201,
1806.3209,	1806.9009,	1905.1000,	1905.2000,	1905.3000,
1905.4000,	1905.9001,	1905.9009,	2009.1109,	2009.1909,
2009.2009,	2009.3009,	2009.4009,	2009.5009,	2009.6009,
2009.7009,	2009.8009,	2009.9009,	2101.1001,	2101.1009,
2101.2001,	2101.2009,	2101.3000,	2106.9022,	2106.9029,
2106.9030,	2201.1000,	2202.1001,	2202.1009,	2202.9001,
2202.9009,	2203.0001,	2203.0009.		

Almennar reglur um túlkun tollskrárinnar

Við flokkun vara samkvæmt tollskránni skal fylgja eftirfarandi reglum:

1. Fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum eru einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla og brjóti það eigi í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgt eftirfarandi reglum:
2. a. Þegar talað er um tilteknar vörur í vörulið tekur það einnig til ófullgerðra vara eða vara sem eitthvað vantar á, ef þær við framvísun að öllu verulegu leyti líta út eins og hinar fullgerðu vörur. Enn fremur tekur það til þessara vara fullgerðra eða heilla (eða vara sem flokkast þannig samkvæmt þessum lið) þegar þeim er framvísað ósamsettum eða sundurteknum.
   b. Þegar talað er um tiltekið efni í vörulið tekur það eigi einungis til efnisins óblandaðs, heldur einnig til þess í blöndum eða samböndum við önnur efni. Sérhver tilvísun til vara úr tilteknu efni tekur til vara sem að öllu eða nokkru leyti eru úr því efni. Um tollflokkun blandaðra og samsettra vara fer eftir reglum 3. töluliðar hér á eftir.
3. Nú kemur til álita samkvæmt reglu 2. töluliðar, eða af öðrum ástæðum, að telja vörur til tveggja eða fleiri vöruliða og skal þá tollflokkunin fara eftir því sem hér segir:
   a. Vöruliður sem felur í sér nákvæmasta vörulýsingu skal tekinn fram yfir vörulið með almennri vörulýsingu. Þegar tveir eða fleiri vöruliðir hver um sig taka aðeins til hluta þeirra efna eða efnivara, sem eru í blöndum eða samsettum vörum, eða aðeins til hluta vara í vörusamstæðu í smásöluumbúðum, skulu þeir vöruliðir taldir koma að jöfnu til álita með tilliti til þessara vara, þótt einn þeirra gefi fyllri eða nákvæmari lýsingu á vörunum.
   b. Blöndur, samsettar vörur úr ýmsum efnum eða hlutum svo og vörusamstæður sem eigi verður flokkað eftir reglu a-liðar 3. töluliðar skal flokka eftir því efni eða þeim hluta sem helst einkennir vörurnar, enda verði slíku mati komið við.
   c. Ef eigi er unnt að flokka vörur eftir reglum a- eða b-liðar 3. töluliðar hér á undan skal telja þær til þess vöruliðar sem síðastur er þeirra vöruliða sem að jöfnu koma til álita.
4. Vörur sem ekki verða flokkaðar samkvæmt undanfarandi reglum skulu taldar til sama vöruliðar og þær vörur sem þeim eru líkastar.
5. Auk undanfarandi ákvæða skulu eftirfarandi reglur gilda um þær vörur sem hér greinir:
   a. Myndavélahylki, hljóðfæratöskur, byssuhulstur, pennastokkar, skartgripaskrín og áþekk ílát sem sérstaklega eru löguð eða smíðuð undir ákveðnar vörur eða vörusamstæður, eru ætluð til langvarandi nota og framvísað með þeim vörum sem þær eru ætlaðar undir skal flokka með þessum hlutum. Ákvæði þetta tekur þó ekki til íláta sem eru einkennandi fyrir vöruna í heild.
   b. Leiði ekki annað af reglu a-liðar 5. töluliðar skal umbúðaefni og ílát til pökkunar, sem framvísað er með vörunum í, flokkað með vörunum, enda sé það venjulega notað til pökkunar á slíkum vörum.
6. Í lagalegu tilliti skal flokkun vara í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemda við undirliði og, að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirliðir verða bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gilda einnig með tilliti til reglunnar, nema annað leiði af orðalagi.

FLOKKUR I

Lifandi dýr; vörur úr dýraríkinu

Athugasemdir:

1. Með tiltekinni ættkvísl eða tegund dýra í þessum flokki er átt við afkvæmi þeirrar ættkvíslar eða tegundar leiði ekki annað af samhenginu.
2. Hvarvetna í tollskránni tekur orðið *þurrkað* til vara sem hafa verið vatnssneyddar, eimaðar eða frostþurrkaðar leiði ekki annað af samhenginu.

1. KAFLI

Lifandi dýr

Athugasemd:

Til þessa kafla teljast öll lifandi dýr nema:

a. Fiskur og krabbadýr, lindýr og aðrir vatnahryggleysingjar í nr. 0301, 0306 eða 0307.
b. Ræktaðar örverur og aðrar vörur í nr. 3002.
c. Dýr í nr. 9508.

			A %	E %
0101		**Lifandi hestar, asnar, múlasnar og múldýr:**		
		– Hestar:		
	1100	– – Hreinræktuð dýr til undaneldis	0	
		– – Aðrir:		
	1901	– – – Reiðhestar	0	
	1902	– – – Til slátrunar	0	
	1909	– – – Annars	0	
	2000	– Asnar, múlasnar og múldýr	0	
0102		**Lifandi dýr af nautgripaætt:**		
	1000	– Hreinræktuð dýr til undaneldis	0	
	9000	– Önnur	0	
0103		**Lifandi svín:**		
	1000	– Hreinræktuð dýr til undaneldis	0	
		– Önnur:		
	9100	– – Að þyngd minna en 50 kg	0	
	9200	– – Að þyngd 50 kg eða meira	0	
0104		**Lifandi sauðfé og geitfé:**		
	1000	– Sauðfé	0	
	2000	– Geitfé	0	
0105		**Lifandi alifuglar, þ.e. hænsni af tegundinni Gallus domesticus, endur, gæsir, kalkúnar og perluhænsni:**		
		– Að þyngd ekki meira en 185 g:		
	1100	– – Hænsni af tegundinni Gallus domesticus	0	
	1900	– – Aðrir	0	
		– Aðrir:		
	9100	– – Hænsni af tegundinni Gallus domesticus	0	
	9900	– – Annars	0	
0106		**Önnur lifandi dýr:**		
	0001	– Minkar	0	
	0002	– Refir	0	
	0003	– Kanínur	0	
	0009	– Annars	0	

2. KAFLI

Kjöt og ætir hlutar af dýrum

Athugasemd:

Til þessa kafla telst ekki:

a. Vörur sem lýst er í nr. 0201-0208 eða nr. 0210, óhæfar eða henta ekki til manneldis.

b. Þarmar, blöðrur eða magar úr dýrum (nr. 0504) eða dýrablóð (nr. 0511 eða 3002).

c. Dýrafeiti, þó ekki vörur í nr. 0209 (15. kafli).

			A %	E %
0201		**Kjöt af dýrum af nautgripakyni, nýtt eða kælt:**		
	1000	– Skrokkar og hálfir skrokkar	0	
	2000	– Sneitt á annan hátt, með beini	0	
	3000	– Beinlaust	0	
0202		**Kjöt af dýrum af nautgripakyni, frosið:**		
	1000	– Skrokkar og hálfir skrokkar	0	
	2000	– Sneitt á annan hátt, með beini	0	
	3000	– Beinlaust	0	
0203		**Svínakjöt, nýtt, kælt eða fryst:**		
		– Nýtt eða kælt:		
	1100	– – Skrokkar og hálfir skrokkar	0	
	1200	– – Læri, bógur og sneiðar af því, með beini	0	
	1900	– – Annað	0	
		– Frosið:		
	2100	– – Skrokkar og hálfir skrokkar	0	
	2200	– – Læri, bógur og sneiðar af því, með beini	0	
	2900	– – Annað	0	
0204		**Kinda- eða geitakjöt, nýtt,kælt eða fryst:**		
	1000	– Lambaskrokkar, heilir og hálfir, nýir eða kældir	0	
		– Annað kindakjöt, nýtt eða kælt:		
	2100	– – Skrokkar og hálfir skrokkar	0	
	2200	– – Sneitt á annan hátt, með beini	0	
	2300	– – Beinlaust	0	
	3000	– Lambaskrokkar, heilir og hálfir, frystir	0	
		– Annað kindakjöt, fryst:		
	4100	– – Skrokkar og hálfir skrokkar	0	
		– – Sneitt á annan hátt, með beini:		
	4201	– – – Svið (sviðahausar)	0	
	4209	– – – Annað	0	
	4300	– – Beinlaust	0	
	5000	– Geitakjöt	0	
0205	0000	**Kjöt af hrossum, ösnum, múlösnum eða múldýrum, nýtt, kælt eða fryst**	0	
0206		**Ætir hlutar af dýrum af nautgripakyni, svínum, kindum, geitum, hestum, ösnum, múlösnum eða múldýrum, nýtt, kælt eða fryst:**		
	1000	– Af dýrum af nautgripakyni, nýtt eða kælt	0	
		– Af dýrum af nautgripakyni, fryst:		
	2100	– – Tunga	0	
	2200	– – Lifur	0	
	2900	– – Annað	0	
	3000	– Af svínum, nýtt eða kælt	0	
		– Af svínum, fryst:		
	4100	– – Lifur	0	

			A %	E %
	4900	– – Annað	0	
	8000	– Annað, nýtt eða kælt	0	
	9000	– Annað, fryst	0	
0207		**Kjöt og ætir hlutar af alifuglum í nr. 0105, nýtt, kælt eða fryst:**		
	1000	– Alifuglar ekki skornir í hluta, nýir eða kældir	0	
		– Alifuglar ekki skornir í hluta, frystir:		
	2100	– – Hænsni af tegundinni Gallus domesticus	0	
	2200	– – Kalkúnar	0	
	2300	– – Endur, gæsir og perluhænsni	0	
		– Sneiðar og hlutar af alifuglum (einnig lifur), nýtt eða kælt:		
	3100	– – Fitulifur gæsa og anda	0	
	3900	– – Annað	0	
		– Sneiðar og hlutar af alifuglum annað en lifur, fryst:		
	4100	– – Af hænsnum af tegundinni Gallus domesticus	0	
	4200	– – Af kalkúnum	0	
	4300	– – Af öndum, gæsum eða perluhænsnum	0	
	5000	– Alifuglalifur, fryst	0	
0208		**Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst:**		
	1000	– Af kanínum eða hérum	0	
	2000	– Froskafætur	0	
		– Annað:		
	9001	– – Hvalkjöt	0	
	9002	– – Hvalafurðir, ót.a.	0	
	9003	– – Rjúpur, frystar	0	
	9005	– – Selkjöt fryst	0	
	9006	– – Hreindýrakjöt, fryst	0	
	9009	– – Annars	0	
0209	0000	**Svínafita án magurs kjöts og alifuglafita (óbrædd), ný, kæld, fryst, söltuð, í saltlegi, þurrkuð eða reykt**	0	
0210		**Kjöt og ætir hlutar af dýrum, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt; ætt mjöl, einnig fínmalað, úr kjöti eða hlutum af dýrum:**		
		– Svínakjöt:		
	1100	– – Læri, bógur og sneiðar úr því, með beini	0	
	1200	– – Slög og sneiðar af þeim	0	
	1900	– – Annað	0	
	2000	– Kjöt af dýrum af nautgripakyni	0	
		– Annað, þar með talið ætt mjöl, einnig fínmalað, úr kjöti eða hlutum af dýrum:		
	9001	– – Alifuglalifur, þurrkuð eða reykt	0	
	9002	– – Kindakjöt, saltað	0	
	9003	– – Kindakjöt, reykt (hangikjöt)	0	
	9004	– – Hvalkjöt, saltað	0	
	9009	– – Annars	0	

3. KAFLI

Fiskur og krabbadýr, lindýr og aðrir vatnahryggleysingjar

Athugasemd:

Til þessa kafla telst ekki:

a. Sjávarspendýr (nr. 0106) eða kjöt af þeim (nr. 0208 eða 0210).

b. Fiskur (þar með talið lifur og hrogn), krabbadýr, lindýr eða aðrir vatnahryggleysingjar, dautt og óhæft eða hentar ekki til manneldis vegna tegundar eða ástands (5. kafli); mjöl, einnig fínmalað, eða kögglar úr fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum, óhæft til manneldis (nr. 2301).

c. Kavíar eða kavíarlíki unnið úr hrognum (nr. 1604).

			A %	E %
0301		**Lifandi fiskur:**		
	1000	– Skrautfiskur	0	
		– Aðrir lifandi fiskar:		
		– – Silungur (Salmo trutta, Salmo gairdneri, Salmo clarki, Salmo aguabonita, Salmo gilae):		
	9101	– – – Eldisfiskur, þ.m.t. seiði	0	
	9109	– – – Annar	0	
	9200	– – Áll (Anguilla spp.)	0	
	9300	– – Vatnakarfi	0	
		– – Annar:		
		– – – Lax:		
	9911	– – – – Eldisfiskur, þ.m.t. seiði	0	
	9919	– – – – Annar	0	
	9990	– – – Annars	0	
0302		**Fiskur, nýr eða kældur, þó ekki fiskflök og annað fiskkjöt í nr. 0304:**		
		– Laxfiskur, þó ekki lifur og hrogn:		
		– – Silungur (Salmo trutta, Salmo gairdneri, Salmo clarki, Salmo aguabonita, Salmo gilae) :		
	1101	– – – Eldisfiskur	0	
	1109	– – – Annar	0	
		– – Kyrrahafslax (Oncorhynchus spp.), Atlantshafslax (Salmo salar) og Dónárlax (Hucho hucho):		
	1201	– – – Eldisfiskur	0	
	1209	– – – Annar	0	
	1900	– – Annar	0	
		– Flatfiskur (Pleuronectidae, Bothidae, Cynoglossidae, Soleidae, Scophthalmidae og Citharidae), þó ekki lifur og hrogn:		
		– – Lúða (Reinhardtius hippoglossoides, Hippoglossus hippoglossus, Hippoglossus stenolepis):		
	2101	– – – Grálúða	0	
	2102	– – – Lúða	0	
	2109	– – – Annar	0	
	2200	– – Skarkoli (Pleuronectes platessa)	0	
	2300	– – Sólflúra (Solea spp.)	0	
	2900	– – Annar	0	
		– Túnfiskur (af ættkvíslinni Thunnus), röndótti túnfiskur eða randmagi (Euthynnus (Katsuwonus) pelamis), þó ekki lifur og hrogn:		
	3100	– – Hvíti túnfiskur eða langugga túnfiskur (Thunnus alalunga)	0	
	3200	– – Gulugga túnfiskur (Thunnus albacares)	0	

		A %	E %
3300	– – Röndótti túnfiskur eða randmagi	0	
3900	– – Annað	0	
4000	– Síld (Clupea harengus, Clupea pallasii), þó ekki lifur og hrogn	0	
5000	– Þorskur (Gadus morhua, Gadus ogac, Gadus macrocephalus), þó ekki lifur og hrogn	0	
	– Annar fiskur, þó ekki lifur og hrogn:		
6100	– – Sardínur (Sardina pilchardus, Sardinops spp.), sardínellur (Sardinella spp.), brislingur eða spratti (Sprattus sprattus)	0	
6200	– – Ýsa (Melanogrammus aeglefinus)	0	
6300	– – Ufsi (Pollachius virens)	0	
6400	– – Makríll (Scomber scombrus, Scomber australasicus, Scomber japonicus)	0	
6500	– – Háfur og aðrir háfiskar	0	
6600	– – Áll (Anguilla spp.)	0	
	– – Annars:		
6901	– – – Loðna	0	
6902	– – – Langa	0	
6903	– – – Karfi	0	
6904	– – – Keila	0	
6905	– – – Steinbítur	0	
6906	– – – Skata	0	
6909	– – – Annar	0	
	– Lifur og hrogn:		
7010	– – Lifur	0	
	– – hrogn:		
7021	– – – Laxa- og silungshrogn	0	
7029	– – – Önnur	0	
0303	**Fiskur, frystur, þó ekki fiskflök og annað fiskkjöt í nr. 0304:**		
1000	– Kyrrahafslax (Oncorhynchus spp.), þó ekki lifur og hrogn	0	
	– Annar laxfiskur, þó ekki lifur og hrogn:		
	– – Silungur (Salmo trutta, Salmo gairdneri, Salmo clarki, Salmo aguabonita, Salmo gilae):		
2101	– – – Eldisfiskur	0	
2109	– – – Annar	0	
	– – Atlantshafslax (Salmo salar) og Dónárlax (Hucho hucho):		
2201	– – – Eldisfiskur	0	
2209	– – – Annar	0	
2900	– – Annars	0	
	– Flatfiskur (Pleuronectidae, Bothidae, Cynoglossidae, Soleidae, Scophthalmidae og Citharidae), þó ekki lifur og hrogn:		
	– – Lúða (Reinhardtius hippoglossoides, Hippoglossus hippoglossus, Hippoglossus stenolepis):		
3101	– – – Grálúða	0	
3102	– – – Lúða	0	
3109	– – – Önnur	0	
3200	– – Skarkoli (Pleuronectes platessa)	0	
3300	– – Sólflúra (Solea spp.)	0	
3900	– – Annar	0	
	– Túnfiskur (af ættkvíslinni Thunnus), röndótti túnfiskur eða randmagi (Euthynnus (Katsuwonus) pelamis), þó ekki lifur og hrogn:		

		A %	E %
4100	– – Hvíti túnfiskur eða langugga túnfiskur (Thunnus alalunga)	0	
4200	– – Gulugga túnfiskur (Thunnus albacares)	0	
4300	– – Röndótti túnfiskur eða randmagi	0	
4900	– – Annar	0	
4. Vörur í þessum kafla, aðrar en í nr. 9601—9606 eða 9615, flokkast einnig í þennan kafla þótt þær séu gerðar að öllu leyti eða að hluta úr góðmálmi eða málmi klæddum góðmálmi, úr náttúrlegum eða ræktuðum perlum eða eðalsteinum eða hálfeðalsteinum (náttúrlegum, syntetískum eða endurgerðum). Nr. 9601—9606 og 9615 taka þó til vara sem í eru minni háttar efnisþættir úr náttúrlegum eða ræktuðum perlum, eðasteinum eða hálfeðalsteinum (náttúrlegum, syntetískum eða endurgerðum), góðmálmi eða málmi klæddum góðmálmi.

			A %	E %
9601		**Unnið fílabein, bein, skjaldbökuskel, horn, hjartarhorn, kórall, perlumóðir og önnur unnin útskurðarefni úr dýraríkinu, og vörur úr þessum efnum (einnig mótaðar vörur):**		
	1000	– Unnið fílabein og vörur úr fílabeini	10	0
		– Annað:		
	9001	– – Verkfæri	0	
	9009	– – Annars	10	0
9602		**Unnin útskurðarefni úr jurta- eða steinaríkinu og vörur úr þessum efnum; mótaðar eða útskornar vörur úr vaxi, steríni, náttúrlegum gúmkvoðum, náttúrlegum harpixum eða mótunardeigi, og aðrar mótaðar eða útskornar vörur, ót.a.; unnið, óhert gelatín (þó ekki gelatín sem telst til nr. 3503) og vörur úr óhertu gelatíni.:**		
	0001	– Gelatínbelgir utan um lyf	0	
	0002	– Til vélbúnaðar	0	
	0009	– Annað	10	0

			A %	E %
9603		**Sópar, burstar (þar með taldir burstar sem eru hlutar af vélum, tækjum eða ökutækjum), handstýrðir vélrænir gólfsópar, án hreyfils, þveglar og fjaðrakústar; tilbúin knippi eða vöndlar til framleiðslu á sópum eða burstum; málningarpúðar og -rúllur; skaftþvögur (þó ekki rúlluþvögur):**		
	1000	– Sópar og burstar úr hrís eða öðrum jurtaefnum, samanbundið, einnig með skafti	10	0
		– Tannburstar, rakkústar, hárburstar, naglaburstar, augnhárabursta og aðrir hreinlætisburstar til nota á menn, þar með taldir slíkir burstar sem eru hlutar til tækja :		
	2100	– – Tannburstar	10	0
		– – Aðrir:		
	2901	– – – Með plastbaki	10	0
	2909	– – – Annars	10	0
	3000	– Listmálunarpenslar, ritpenslar og áþekkir burstar til nota við förðun	10	0
	4000	– Málningar-, lakk- og áþekkir penslar (þó ekki burstar í nr. 9603.30); málningarpúðar og málningarrúllur	10	0
	5000	– Aðrir burstar sem eru hlutar til véla, tækja eða ökutækja	10	0
	9000	– Aðrir	10	0
9604	0000	**Handsíur og handsáldir**	10	0
9605	0000	**Hreinlætis-, sauma-, eða skó- eða ferðasnyrtisett til persónulegra nota á ferðalögum**	10	0
9606		**Hnappar, þrýstitölur, smellur og smelluhnappar, hnappamót og aðrir hlutar til þeirra vara; hnappaefni (button blanks):**		
	1000	– Þrýstitölur, smellur og smelluhnappar og hlutar til þeirra	0	
		– Hnappar:		
	2100	– – Úr plasti, ekki lagðir spunaefni	0	
	2200	– – Úr málmi, ekki lagðir spunaefni	0	
	2900	– – Aðrir	0	
	3000	– Hnappamót og aðrir hlutar til hnappa; hnappaefni	0	
9607		**Rennilásar og hlutar til þeirra:**		
		– Rennilásar:		
	1100	– – Með tönnum úr ódýrum málmi	10	0
	1900	– – Aðrir	10	0
		– Hlutar:		
	2001	– – Málmstykki til framleiðslu á rennilásum	0	
	2009	– – Aðrir	10	0
9608		**Kúlupennar; pennar og merkipennar með flókaoddi og öðrum gropoddi; sjálfblekungar, stylógrafpennar og aðrir pennar; eftirritunargrifflar; skrúfblýantar eða renniblýantar; penna-, blýants- og áþekk sköft; hlutar (einnig hettur og klemmur) til framangreindra vara, þó ekki vara í nr. 9609:**		
	1000	– Kúlupennar	30	
	2000	– Pennar og merkipennar með flókaoddi og öðrum gropoddi	30	
		– Sjálfblekungar, stylógrafpennar og aðrir pennar:		
	3100	– – Tússteiknipennar	30	
	3900	– – Aðrir	30	
	4000	– Skrúfblýantar eða renniblýantar	30	
	5000	– Vörusamstæður úr tveimur eða fleiri undanfarandi undirliða	30	
	6000	– Fyllingar í kúlupenna, gerðar úr pennaoddi og blekhylki	30	

			A %	E %
		– Annað:		
	9100	– – Pennar og pennaoddar	30	
	9900	– – Annars	30	
9609		**Blýantar (þó ekki blýantar í nr. 9608), vaxlitir, ritblý, pastellitir, teiknikol, rit- eða teiknikrít og klæðskerakrít:**		
	1000	– Blýantar og vaxlitir með blýi í stinnu slíðri	30	
	2000	– Ritblý, svart eða litað	30	
	9000	– Annað	30	
9610	0000	**Spjöld og töflur með yfirborði til að skrifa eða teikna á, einnig í ramma**	10	0
9611	0000	**Dagsetningar-, innsiglis- eða tölusetningarstimplar og þess háttar (þar með talin áhöld til prentunar eða áletrunar á merkimiða), til handstimplunar; leturhaldarar og stimpilsamstæður með slíkum leturhöldurum til handstimplunar**	10	0
9612		**Ritvélaborðar eða áþekk bönd með bleki eða unnin á annan hátt til áprentunar, einnig á spólum eða í hylkjum; blekpúðar, einnig með bleki eða í öskjum:**		
	1000	– Borðar	10	0
	2000	– Blekpúðar	10	0
9613		**Vindlingakveikjarar og aðrir kveikjarar, einnig vélrænir eða rafknúnir, og hlutar til þeirra, þó ekki steinar og kveikir:**		
	1000	– Vasakveikjarar fyrir gas, ekki endurfyllanlegir	30	
	2000	– Vasakveikjarar, fyrir gas, endurfyllanlegir	30	
	3000	– Borðkveikjarar	30	
	8000	– Aðrir kveikjarar	30	
	9000	– Hlutar	30	
9614		**Reykjapípur (þar með taldir pípuhausar) og vindla- eða vindlingamunnstykki, og hlutar til þeirra:**		
	1000	– Gróft formuð viðar- eða rótarstykki til framleiðslu á pípum	30	
	2000	– Pípur og pípuhausar	30	
	9000	– Annað	30	
9615		**Greiður, hárspennur og þess háttar; hárnálar, hárliðunarnálar, hárliðunarklemmur, krullupinnar og þess háttar, þó ekki vörur í nr. 8516, og hlutar til þeirra:**		
		– Greiður, hárspennur o.þ.h.:		
	1100	– – Úr harðgúmmíi eða plasti	10	0
	1900	– – Annað	10	0
	9000	– Annað	10	0
9616		**Ilmúðarar og áþekkir snyrtivöruúðarar, og festingar og hausar til þeirra; duftpúðar og duftleppar til að bera á snyrti- eða hreinlætisvörur:**		
	1000	– Ilmúðarar og áþekkir snyrtivöruúðarar, og festingar og hausar til þeirra	10	0
	2000	– Duftpúðar og duftleppar til að bera á snyrti- eða hreinlætisvörur	10	0
9617	0000	**Hitaflöskur og aðrir hitageymar, fullbúið með hylki; hlutar til þeirra, þó ekki glergeymar**	10	0
9618	0000	**Klæðskeragínur og önnur líkamslíkön; sjálfhreyfivélar og annar hreyfisýningarbúnaður fyrir útstillingar í búðargluggum**	10	0

FLOKKUR XXI
Listaverk, safnmunir og forngripir

97. KAFLI
Listaverk, safnmunir og forngripir

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Ónotuð frímerki eða stimpilmerki, póststimpilmerki (stimpluð skjöl) eða áþekk merki sem eru gild eða verða gild í því landi sem er ákvörðunarstaður þeirra (49. kafli).
   b. Leiktjöld, bakgrunnur í myndastofur eða þess háttar, úr máluðum tjöldum (nr. 5907), nema flokka megi það undir nr. 9706.
   c. Perlur, náttúrlegar eða ræktaðar, eða eðalsteinar eða hálfeðalsteinar (nr. 7101—7103).
2. Sem *frumverk af stungum, þrykki og steinprenti* í nr. 9702 teljast myndir sem þrykktar eru beint í svörtu og hvítu eða í lit með einni eða fleiri plötum sem listamaðurinn hefur gert að öllu leyti í höndunum, án tillits til þeirra aðferða eða efnis sem hann notar, þó ekki með neins konar vélrænum eða ljósvélrænum aðferðum.
3. Til nr. 9703 teljast ekki fjöldaframleiddar endurgerðir af listaverkum eða venjulegar handiðnaðarvörur sem hafa einkenni verslunarvöru.
4. a. Leiði ekki annað af 1.—3. athugasemd hér á undan flokkast vörur í þessum kafla í þennan kafla en ekki í neinn annan kafla tollskrárinnar.
   b. Nr. 9706 tekur ekki til vara sem teljast til einhvers af fyrri vöruliðum þessa kafla.
5. Rammar um málverk, teikningar, pastelmyndir, klippimyndir eða áþekk veggskreytispjöld, stungur, þrykk eða steinprent skoðast sem hlutar af þessum vörum, enda séu þeir að gerð og verðmæti í eðlilegu samræmi við þær.

			A %	E %
9701		**Málverk, teikningar og pastelmyndir gerðar í höndum að öllu leyti, þó ekki teikningar í nr. 4906 og handmálaðir eða handskreyttir framleiddir hlutir; klippimyndir og áþekk veggskreytispjöld:**		
	1000	– Málverk, teikningar og pastelmyndir	0	
	9000	– Annað	10	0
9702	0000	**Frumverk af stungum, þrykki og steinprenti**	0	
9703	0000	**Frumverk af höggmyndum og myndastyttum, úr hvers konar efni**	0	
9704	0000	**Frímerki eða stimpilmerki, póststimpilmerki, fyrstadagsumslög og póststimpilskjöl (stimpluð skjöl), og þess háttar, notuð, eða ef ónotuð, þá ógild eða verða ógild í því landi sem er ákvörðunarstaður þeirra**	0	
9705	0000	**Dýrafræðileg, grasafræðileg, bergfræðileg, líffærafræðileg, söguleg, fornfræðileg, steingervingafræðileg, þjóðfræðileg eða myntfræðileg söfn og safnmunir**	0	
9706	0000	**Forngripir eldri en 100 ára**	0	

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988. Frá sama tíma falla úr gildi 1. og 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o.fl., ásamt lögum um breyting á greinum þessum svo og reglugerðir, auglýsingar og öll önnur fyrirmæli sem sett hafa verið samkvæmt greinum þessum.

Við gildistöku laga þessara falla jafnframt úr gildi ákvæði í öllum öðrum lögum um lækkun eða niðurfellingu tolla eða aðflutningsgjalda, nema slíkar undanþágur styðjist jafnframt við milliríkjasamninga eða samninga ríkisins við erlenda aðila.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Af öllum vörum, sem ótollafgreiddar eru 1. janúar 1988, skal greiða toll samkvæmt tollskrá í viðauka I við tollalög, sbr. 2. gr. þessara laga.

Hafi leyfi til afhendingar á vöru verið veitt fyrir gildistöku laga þessara skal tollmeðferð hennar þó miðuð við þá tolla og önnur gjöld sem í gildi voru við leyfisveitinguna. Þó skal heimilt að tollafgreiða vöru sem tímabundinn innflutningur hefur verið leyfður á af tollyfirvaldi, enda sé vara endursend til útlanda innan þeirra tímamarka sem tollyfirvald setti fyrir gildistöku þessara laga.

II

Tollur á vörum í tollskrárnúmerum 8429.1100–8430.6200, 8430.6909 og 8431.4109 skal lækka í 20% 1. janúar 1989, 15% 1. janúar 1990, 10% 1. janúar 1991, 5% 1. janúar 1992 og falla niður 1. janúar 1993.

III

Tollur á vörum í tollskrárnúmerum 2001.1000–2005.9000, 4818.2000–4818.3000, 8537.1000–8537.2000 og 8708.9200–8708.9300 skal lækka í 20% 1. janúar 1989, 10% 1. janúar 1990 og falla niður 1. janúar 1991.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er kveðið sérstaklega á um nauðsyn endurskipulagningar á skipan tollamála með það fyrir augum að lækka tolla og samræma álagningu þeirra. Jafnframt skyldi heildarskipan aðflutningsgjalda stokkuð upp og gjöldum fækkað í því skyni að einfalda álagningu og tryggja sem mest samræmi milli innlends vöruverðs og innflutningsverðs. Loks skyldi stigið lokaskrefið í afnámi tolla af hráefnum til innlendrar framleiðslu, auk þess sem tollar af rekstrarvörum lækkuðu eða féllu alveg niður. Í framhaldi af þessari stefnumörkun ríkisstjórnarinnar fól fjármálaráðherra sérstökum starfshópi að undirbúa þetta verk. Þessi stefnumörkun var áréttuð í fjárlagafrumvarpinu þar sem jafnframt var ákveðið að kerfisbreytingin tæki gildi frá 1. janúar 1988.

Í því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, er kveðið á um þann hluta þessarar endurskoðunar sem snýr að breytingum á tolltöxtum. Annar veigamikill þáttur þessarar uppstokkunar felst í niðurfellingu ýmissa eldri gjalda og álagningu nýs vörugjalds. Um það er fjallað í sérstöku lagafrumvarpi sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi. Þessi endurskoðun og einföldun á tolla- og vörugjaldakerfinu tengist enn fremur þeim breytingum sem verða á söluskattskerfinu um næstu áramót þar sem hluta af því tekjutapi, sem ríkissjóður verður fyrir með tollalækkunum og afnámi vörugjalda, verður mætt með tekjum af breiðari söluskattsstofni. Þessi þrjú frumvörp þarf því að skoða samhliða. Hér á eftir er gerð grein fyrir meginþáttum þessarar kerfisbreytingar og áhrifum hennar á tekjur ríkissjóðs og verðlag. Enn fremur er fjallað um helstu breytingar sem orðið hafa á tollalögunum frá því að Íslendingar gerðust aðilar að Fríverslunarsamtökum Evrópu árið 1970.

2. Helstu þættir kerfisbreytingarinnar.

Með þessari uppstokkun á aðflutningsgjaldakerfinu er gert ráð fyrir að tollkerfið verði í stórum dráttum byggt á tveimur tekjustofnum, almennum tollum og vörugjaldi, í stað margra smærri gjaldstofna. Þannig eru felld niður eftirtalin gjöld: Sérstakt vörugjald af innflutningi og innlendri framleiðslu (24% og 30%), vörugjald af innflutningi og innlendri framleiðslu (7% og 17%), byggingariðnaðarsjóðsgjald og tollafgreiðslugjald. Jafnframt eru hæstu tollar lækkaðir, úr 80% niður í 30%, að tóbaki og bensíni undanskildu. Þá er gert ráð fyrir að fella matartolla nær undantekningarlaust niður, en hámarkstollar á þeim eru nú 40%. Loks verður stigið lokaskrefið í átt til samræmingar í álagningu aðflutningsgjalda á atvinnurekstur með því að fella niður tolla og vörugjöld af vélum, tækjum og varahlutum ýmiss konar til landbúnaðar og þjónustuiðnaðar.

Þessar tollalækkanir og niðurfelling nokkurra gjaldstofna eru taldar hafa í för með sér um 4600 m.kr. tekjutap fyrir ríkissjóð. Þessu tekjutapi verður annars vegar mætt með upptöku nýs vörugjalds hins vegar með hluta af auknum söluskattstekjum vegna breikkunar skattstofnsins. Í núgildandi tolla- og vörugjaldskerfi gætir víða mikillar mismununar í skattlagningu ýmissa vörutegunda sem gegna svipuðu hlutverki í heimilishaldi. Sumar vörur bera háa tolla og vörugjöld, en aðrar sambærilegar vörur hvorugt. Þessi kerfisbreyting hefur í för með sér talsverða röskun á verðhlutföllum hér innan lands. Þess eru jafnvel dæmi að einstakar vörutegundir lækki um meira en helming í verði en aðrar hækki um 15–20%. Hjá þessu er erfitt að komast, nema með því að ganga þvert á megintilgang breytingarinnar, þ.e. að einfalda álagningu og bæta eftirlit með innheimtu aðflutningsgjalda og jafnframt samræma verðhlutföll á hliðstæðum vörum. Það segir sig sjálft að áhrif svo umfangsmikilla breytinga eru ákaflega vandmetin. Þetta á jafnt við um áhrifin á tekjuhlið ríkissjóðs og raunar ekki síður verðlagsáhrifin eins og þau koma fram í vísitölu framfærslu- og byggingarkostnaðar. Í meðfylgjandi töflu er birt yfirlit yfir heildarstærðirnar í þessu dæmi, þ.e. þegar tekið hefur verið tillit til áhrifa breytinga á tollum, vörugjöldum og söluskatti um næstu áramót.

Áætluð tekju- og verðlagsáhrif þessara breytinga*.

	Skatt-stofn m.kr.	Skatt-hlutfall %	Skatt-tekjur m.kr.
1. Almennur söluskattur	121.550	25,0	30.400
2. Sérstakur söluskattur	6.850	12,0	820
	5	5	5
3. Samtals	128.400	24,3	31.220
4. Söluskattur skv. fjárlagafrumvarpi			26.340
5. Mismunur (3.–4.)			4.880
6. Nýtt vörugjald	11.400	14,0	1.600
7. Tekjutap ríkissjóðs			4.630
8. Mismunur (5.+6.–7.) til niðurgreiðslna, lífeyris- og barnabóta			1.850
9. Framfærsluvísitala breytist lítið sem ekkert			
10. Byggingarvísitala gæti lækkað um rúmlega 2%			
11. Lánskjaravísitala gæti lækkað um tæplega 1%			

* Þessar tölur eru settar fram á verðlagi fjárlagafrumvarps og kunna að breytast fyrir endanlega afgreiðslu fjárlaga, ef verðlags- og tekjuforsendur frumvarpsins breytast.

Samkvæmt þessu má ætla að heildaráhrif tolla-, vörugjalds- og söluskattsbreytinganna um næstu áramót hafi ekki í för með sér hækkun á framfærslukostnaði heimilanna. Raunar eru áhrifin jafnvel heldur til lækkunar. Þetta er þó erfitt að meta með nokkurri vissu þar sem breytingarnar eru svo víðtækar.

Þannig veldur tolla- og vörugjaldsbreytingin ein sér talsverðri verðlækkun á matvælum almennt, eða um 3% á mælikvarða framfærsluvísitölu. Verð á öðrum neysluvörum lækkar einnig, en þó heldur minna, eða um rúmlega 2% þegar á heildina er litið. Að öllu samanlögðu gæti framfærsluvísitalan því lækkað um allt að 2% við tollkerfisbreytinguna eina sér. Þessi lækkun er á hinn bóginn vegin upp af breikkun söluskattstofnsins sem fyrr segir þannig að þegar allt kemur til alls yrði framfærslukostnaður heimilanna óbreyttur.

Vísitala byggingarkostnaðar lækkar hins vegar töluvert við þessa breytingu, eða um meira en 2% að meðaltali. Samkvæmt þessum áætlunum mundi lánskjaravísitalan því geta lækkað um tæplega 1% í kjölfar þessarar kerfisbreytingar. Verðlækkunin gæti í reynd orðið meiri þar sem í þessum áætlunum hefur ekki verið tekið tillit til þeirra óbeinu áhrifa sem kynnu að koma í kjölfar tollalækkunar af ýmsum aðföngum, vélum og tækjum.

Með þeim breytingum á tolli, vörugjaldi og söluskatti, sem áformaðar eru um næstu áramót, er stefnt að verulegri einföldum á núgildandi skattkerfi. Með þessu er verið að koma á betra samræmi milli verðhlutfalla bæði hér innan lands og ekki síður milli innlendrar og erlendrar vöru, en undanfarin ár og jafnvel áratugi hafa eðlileg verðhlutföll milli einstakra vörutegunda meira og minna brenglast. Ástæðurnar fyrir þessu eru sjálfsagt margvíslegar og vafalaust hefur verið hægt að réttlæta ýmsar þeirra á sínum tíma. Hitt er jafnljóst að þegar litið er á verðmyndun í landinu í samhengi blasir víða við verulegt misræmi í verðlagningu. Það má telja fullvíst að þetta misræmi hafi óheppileg áhrif á eðlilega verðmyndum hér á landi bæði með óhagkvæmari innkaupum og hærra vöruverði en ella. Enn fremur hefur það vafalaust í mörgum tilvikum ýtt undir óæskilega viðskiptahætti og þannig í reynd stuðlað að undandrætti frá skatti. Þess vegna er löngu orðið tímabært að vinda ofan af þessu kerfi og gera það auðveldara í eftirliti og framkvæmd. Það er megintilgangur þessarar kerfisbreytingar.

3. Þróun tolla og aðflutningsgjalda á Íslandi.

Með aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) á árinu 1970 og fríverslunarsamningi við Evrópubandalagið (EB) á árinu 1973 var horfið frá einangrun landsins í utanríkisviðskiptum. Háir verndartollar voru þá lækkaðir gegn greiðari aðgangi að útflutningsmörkuðum í Vestur-Evrópu. Var það fyrst og fremst mikilvægt fyrir sjávarafurðir en átti einnig að opna leiðir fyrir vaxandi útflutning á iðnaðarvörum.

Við inngöngu Íslands í EFTA voru tolltekjur verulegur hluti ríkissjóðstekna eða nálægt þriðjungi árið 1969. Aðildin að EFTA markaði nýja stefnu í þessum málum því að segja má að þá hafi fyrsta skrefið verið stigið til að hverfa frá aðflutningsgjöldum sem aðaltekjulind ríkissjóðs.

Í samræmi við aðildarskilmála voru tollar af verndarvörum, þ.e. iðnaðarvörum sem EFTA-samningurinn tók til og jafnframt voru framleiddar hér á landi að einhverju marki eða höfðu sambærilegt notagildi við innlenda framleiðslu, lækkaðir um 30% gagnvart EFTA-löndunum en látnir standa í stað gagnvart öðrum. Tollar á verndarvörum skyldu síðan lækka um 10% árlega fram til 1980 er þeir féllu að fullu niður. Tollar á hráefni voru almennt lækkaðir um 50% en tollar á vélum í 7%. Á þessu stigi voru ekki ákveðnar tollalækkanir á fjáröflunarvörum. Til þess að mæta tekjutapi ríkissjóðs vegna þessara tollalækkana var söluskattur hækkaður.

Að ósk iðnaðarins var tollvernd haldið að mestu óbreyttri næstu fjögur ár aðlögunartímans eða til 1974 er ákvæði fríverslunarsamnings Íslands við EB um tollalækkanir tóku

gildi, en þá var tollur á verndarvörum lækkaður um 10% á ári fram til 1976. Jafnframt tollalækkunum á verndarvörum frá EFTA og EB var ákveðið að lækka tolla almennt á þessum vörum, þ.e. frá löndum utan EFTA og EB, enda hætta á að mikill tollmunur á þessum vörum hefði leitt til óeðlilegrar viðskiptaþróunar. Þá voru tollar samtímis felldir niður af vélum og hráefnatollar felldir niður í tveimur áföngum á tímabilinu fram til ársins 1976. Vegna hagsmuna ríkissjóðs varð að gera ýmis frávik frá þessari almennu tollaniðurfellingu af hráefnum þar sem ýmsar vörur eru jöfnum höndum notaðar til iðanaðarframleiðslu og almennrar neyslu eða fjárfestingar. Vandamál af þessu tagi snertu ýmsar byggingarvörur, hráefni og véla- og varahluti.

Með tollskrárlögum frá 1976 voru lokaskrefin stigin vegna samningsbundinna tollalækkana gangvart EFTA og EB og tollar lækkaðir á verndarvörum um 10% á ári fram til 1980 er þeir féllu að fullu niður. Tollalækkunum á nokkrum verndarvörum var þó hraðað vegna eindreginna tilmæla frá samtökum iðnaðarins. Voru þessar vörur taldar iðnaðinum mikilvægari sem hráefni, en fá að njóta tollverndar áfram vegna innflutnings á þeim. Jafnframt var haldið áfram á þeirri braut að lækka tolla af ýmsum vélum, tækjum, hráefnum og rekstrarvörum sem samtök iðnaðarins töldu iðnfyrirtæki nota og enn voru greidd gjöld af. Þrátt fyrir slíkar lagfæringar var ljóst að einstök vandamál mundu standa óleyst. Vörðuðu þau einkum efnivörur sem jöfnum höndum eru hráefni til ákveðinna iðngreina og mikilvægar neysluvörur til almennra nota. Til þess að opna leið til að leysa slík mál var tekið upp sérstakt heimildarákvæði í 12. tölul. 3. gr. tollskrárlaga, sbr. 13. tölul. 6. gr. frumvarpsins, um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af ýmsum aðföngum til nota í verndarvöruiðnaði. Auk samningsbundinna tollalækkana fólu tollskrárlögin frá 1976 jafnframt í sér almennar tollalækkanir á fjárfestingarvörum og almenna lækkun fjáröflunartolla úr 100% í 80%. Eins og hér hefur verið rakið var samhliða tollalækkunum á verndarvörum reynt að bæta samkeppnisstöðu iðnfyrirtækja innan lands með því að lækka smám saman tolla á vélum og tækjum til þeirrar framleiðslu. Þrátt fyrir þær leiðréttingar, sem gerðar hafa verið á tollskrárlögum, eru enn mörg dæmi þess að iðnfyrirtækjum sé gert að greiða aðflutningsgjöld af aðföngum sínum. Þessu veldur annars vegar að aðföngin flokkast í svokölluð blönduð tollskrárnúmer sem að verulegu leyti fela í sér vörur til annarra notenda en iðnfyrirtækja. Með tilliti til þessara vandkvæða svo og vegna tekjusjónarmiða ríkissjóðs hefur ekki verið talið fært að fella niður tolla af vörum í þessum tollskrárnúmerum. Í annan stað er ástæðan sú að heimildarákvæði 12. tölul. 3. gr. tollskrárlaga, sem tekið var upp 1976, hefur verið túlkað þröngt og hefur það leitt til þess að ekki hefur tekist að ná því markmiði að fella niður öll aðflutningsgjöld af aðföngum iðnaðarins. Vegna fríverslunarsamninganna hafa aðrar atvinnugreinar notið tollfríðinda á útflutningsmörkuðum og almennra tollalækkana á aðföngum.

Auk þeirra almennu tollalækkana, sem orðið hafa vegna breytinga á tollskrárlögum á undanförnum árum í tengslum við fríverslunarsamningana við EFTA og EB, hafa ýmsar sérstakar undanþágur verið veittar frá greiðslu aðflutningsgjalda. Þessar undanþágur byggjast ýmist á heimildum sem er að finna í 3. gr. tollskrárlaga eða sérstökum lögum sem sett hafa verið á undanförnum árum auk heimilda í fjárlögum. Þær heimildir, sem hér um ræðir, eru í fyrsta lagi ýmis ákvæði er varða byggingu raforkumannvirkja. Þannig hafa aðflutningsgjöld og söluskattur verið felld niður af öllum byggingarvörum sem farið hafa til þeirra raforkumannvirkja sem Landsvirkjun hefur reist á undanförnum árum. Frá 1977 hafa aðflutningsgjöld og reyndar söluskattur einnig verið felld niður af byggingarefni sem notað hefur verið í hitaveituframkvæmdir víða um land. Í þriðja lagi hafa verið sett sérstök lög um einstakar verksmiðjur sem ákveðið hefur verið að reisa hér á landi með heimildum um að fella megi niður aðflutningsgjöld og söluskatt af byggingarefni og aðföngum. Undanþágu-

ákvæði þessi eru annars eins fjölbreytileg að efni og fjöldi þeirra er og verður ekki gerð frekari grein fyrir efni þeirra hér.

Verulegar breytingar hafa orðið á íslenskri tollalöggjöf frá árinu 1970, fyrst og fremst vegna þess fríverslunarsamstarfs sem Ísland hefur gengið til við lönd í Vestur-Evrópu. Þessi þróun kemur glöggt fram á tekjuhlið ríkisbúskaparins þar sem vægi toll- og vörugjaldstekna hefur minnkað verulega á undanförnum 15 árum eins og fram kemur í meðfylgjandi yfirliti.

1975 22,0%	1981 19,1%
1976 21,5%	1982 19,0%
1977 21,9%	1983 17,3%
1978 20,4%	1984 16,8%
1979 18,6%	1985 14,7%
1980 17,6%	1986 11,0%

Á árinu 1987 er áætlað að vægi tekna af tollum og vörugjaldi verði um 11% af heildartekjum ríkissjóðs. Með þeim breytingum, sem fyrirhugaðar eru, má ætla að hlutfallið verði komið niður í 5%.

4. Einstök efnisatriði.

4.1. Hráefni og aðrar efnivörur.

Þótt fjölmörg vandamál hafi verið leyst með tollskránni frá 1976, að því er varðar hráefni og efnivörur, voru engu að síður ýmis þeirra skilin eftir. Var gert ráð fyrir að í fjármálaráðuneytinu yrði leyst úr slíkum málum, eftir því sem þau kæmu upp, með afgreiðslum fyrir aðila sem á vörum þessum þyrftu að halda til framleiðslu sinnar. Var þetta gert með stoð í heimildarákvæði sem tekið var upp í 12. tölul. 3. gr. laganna. Á þeim rúmlega átta árum, sem liðin eru frá því að tollskrárlögin voru síðast endurskoðuð, hefur ótölulegur fjöldi ráðuneytisbréfa, auglýsinga og reglugerða verið gefinn út til að leysa úr þessum málum. Þetta fyrirkomulag hefur skapað mikla óvissu í framkvæmd og orðið til að tefja afgreiðslu mála. Auk þess er hætta á að ekki hafi allir setið við sama borð við tollafgreiðslu á vörum þar sem sumir kunna að hafa látið hjá líða að sækja um niðurfellingu gjalda af vörum til framleiðslu sinnar. Við þetta ástand verður alls ekki unað lengur og er því lagt til að tollar verði almennt felldir niður af hráefnum og efnivörum sem afgreiðslur ráðuneytisins hafa fram til þessa tekið til. Frá þessu eru þó nokkrar undantekningar að því er varðar efnivörur sem jafnframt eru verndarvörur, þ.e. framleiddar hér á landi, svo og landbúnaðarafurðir. Við gerð frumvarpsins var leitað samvinnu við viðkomandi hagsmunaaðila, einkum í iðnaði, til að fá upplýsingar frá þeim um hráefni og efnivörur sem að þeirra áliti væri ástæða til að létta gjaldtöku af.

4.2. Vélar, tæki, varahlutir.

Við endurskoðun tollskrárinnar hefur verið lögð á það rík áhersla og út frá því gengið sem meginreglu að hætt verði að mismuna iðngreinum eftir því hvort um framleiðsluiðnað eða þjónustuiðnað er að ræða. Mörkin milli þessara greina eru mjög óljós og nánast útilokað að ívilna einu fyrirtæki án þess að eiga á hættu að mismuna öðru þar sem fyrirtæki, sem er í framleiðslu annan daginn, er orðið þjónustuaðili hinn daginn. Með frumvarpinu er ekki aðeins stefnt að því að jafna skattalega stöðu iðnfyrirtækja í þjónustuiðnaði og framleiðsluiðnaði, heldur er gert ráð fyrir í tollalegu tilliti að atvinnurekstur í landinu í heild búi við sömu skilyrði að því er varðar kaup á tækjum til starfseminnar.

Eins og vikið hefur verið að hér að framan var ekki talið unnt með tilliti til hagsmuna ríkissjóðs að fella niður að fullu aðflutningsgjöld á aðföngum atvinnuveganna árið 1976

þegar tollskrárlögin voru til endurskoðunar. Stóð til að reyna að leysa úr þeim vandamálum sem eftir stæðu síðar eða í síðasta lagi árið 1980 er tollalækkanirnar samkvæmt samningunum við EFTA og EB komu að fullu til framkvæmda. Á tímabilinu til 1980 var fyrirhugað að beita heimild í 12. tölul. 3. gr. til þess að leysa úr brýnustu vandamálum er upp kæmu og ekki voru séð fyrir við lagasetninguna 1976. Lausnin hefur verið sú varðandi þau mál sem upp hafa komið að ráðuneytið hefur gefið út reglugerðir, auglýsingar og ráðuneytisbréf er fela í sér takmarkaðar undanþágur frá greiðslu aðflutningsgjalda vegna samkeppnisiðnaðarins. Heimildir þessar voru a.m.k. fyrst í stað að mestu leyti bundnar því skilyrði að framleiðslufyrirtækin sjálf flyttu inn vörurnar. Meðan undanþágum þessum var haldið í lágmarki höfðu þessi frávik frá meginreglum við tollafgreiðslu ekki teljandi áhrif á viðskiptahætti. Eftir því sem undanþágunum hefur fjölgað hafa ókostir þessa fyrirkomulags orðið enn meira áberandi. Undanþágur af þessu tagi hafa leitt til þess að innflutningsverslunin hefur að hluta færst úr höndum verslunarinnar en það hefur aftur leitt til óhagkvæmari innkaupa með minni vörusetningu. Þessar undanþágur gagnvart samkeppnisiðnaði eru í sjálfu sér ekkert einsdæmi. Víða má finna slíkar undanþágur bæði í tollakerfinu og söluskattskerfinu. Má leiða líkur að því að þetta fyrirkomulag hafi valdið þjóðarbúinu í heild ómældu tjóni, m.a. með aukinni gjaldeyriseyðslu.

Með almennri niðurfellingu aðflutningsgjalda af efnivörum og varahlutum, vélum, tækjum o.s.frv. í sjálfri tollskránni, svo og fækkun eða niðurfellingu undanþáguheimilda sem hafa sömu áhrif og lýst hefur verið, ætti innflutningsverslun með þessar vörur að færast að nýju í eðlilegt horf.

4.3. Samningsbundnar tollalækkanir gangvart EFTA og EB.

Í upphafi árs 1980 var lokið samningsbundnum tollalækkunum gangvart EFTA og EB. Frá þeim tíma hafa tollar verið felldir niður af nokkrum vörutegundum sem framleiðsla var hafin á hér innan lands eftir 1980 eða var orðin í þeim mæli að fella þarf niður gjöld af sambærilegum innfluttum vörum samkvæmt fyrirmælum í samningum við EFTA og EB. Tollfrelsi á þessum vörum hefur verið framkvæmt með auglýsingum, en samkvæmt frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyir að tekin verði upp sérstök tollskrárnúmer fyrir þessar vörutegundir.

Á undanförnum árum hafa fjármálaráðuneytinu borist fjölmörg erindi þar sem óskað hefur verið eftir samræmingu tolla á vörum. Reynt hefur verið eftir föngum að verða við þessum beiðnum en þó hefur ekki í öllum tilvikum verið talið fært að koma til móts við óskir þessar. Þær afgreiðslur, sem þó hafa fengið jákvæðar undirtekir af ráðuneytisins hálfu, eru fjölmargar, í raun svo margar að ráðuneytið taldi óhjákvæmilegt annað en taka þær saman og gefa út í sérstakri handbók.

Þau mál, sem frestað var afgreiðslu á, hafa nú verið tekin til athugunar við endurskoðun tollskrárinnar og felld eftir því sem við hefur verið komið inn í textann, auk þess sem gert er ráð fyrir eins og áður er sagt að fríverslunarmeðferð verði tekin upp á ýmsum þeim vörutegundum sem hafin er framleiðsla á hér innan lands. Með því að fella inn í tollskrána ýmsar ákvarðanir, sem nú er að finna í auglýsingum og ráðuneytisbréfum, um niðurfellingu eða samræmingu gjalda, ætti tollframkvæmd öll að verða einfaldari og fljótvirkari, auk þess sem draga ætti verulega úr þeirri hættu að mismunandi tollmeðferð eigi sér stað vegna innflutnings hinna ýmsu innflytjenda.

4.4. Fjáröflunartollar.

Samkvæmt gildandi lögum og reglum eru í gildi tvenns konar ytri tollar. Í tollskránni er annars vegar almennur tollur, A-tollur, og hins vegar samkvæmt reglugerð sérstakur tollur, S-tollur, vegna samnings EFTA-landanna og Spánar sem gerður var 1979. Tollur á vörum,

upprunnum á Spáni, er almennt 60% lægri en almennur tollur á vörum sem koma frá svæðum utan EFTA og EB.

Tollalækkanir þær, sem felast í frumvarpi þessu, munu hafa í för með sér að sami ytri tollur verður almennt á vörum sem koma frá svæðum utan EFTA og EB. Frá og með 1. janúar 1986 gerðust Spánn og Portúgal aðilar að EB. Samtímis var gerður samningur milli EFTA ríkjanna og EB. Spánn og Portúgal munu því síðar njóta sömu tollfríðinda gagnvart Íslandi og núverandi aðildarríki EB njóta nú. Hinar almennu tollalækkanir og breytingin á EB munu því hafa í för með sér einföldun á tollkerfinu í heild þar sem ekki verður lengur nauðsynlegt að hafa sérstakan tolltaxta vegna samnings EFTA-landanna við Spán.

Um fjáröflunartolla má að öðru leyti segja að þeir verða að teljast of háir í ljósi samninga okkar við EFTA og EB. Mismunur lægsta og hæsta tolls skapar stöðuga togstreitu við vöruflokkun þar sem af hálfu innflytjenda er af skiljanlegum ástæðum reynt að fá sem hagkvæmastan tolltaxta fyrir viðkomandi vöru. Heppilegast væri eins og nú er komið að reynt yrði að miða hæsta almennan toll við tolltaxta hæsta gildandi tollskrárnúmers sem notið getur fríverslunartollmeðferðar. Þannig væri unnt að ná almennri samræmingu tolla í varanlegum og óvaranlegum neysluvörum, t.d. á flestum matvælum annars vegar og hins vegar heimilistækjum, húsgögnum, búsáhöldum ýmiss konar o.s.frv.

4.5. Áhrif nýrrar tollskrár á einstaka vöruflokka.

Breyting tolla samkvæmt hinni nýju tollskrá mun hafa mismikil áhrif á einstaka vöruflokka, svo sem neysluvörur, byggingarvörur og ýsmar fjárfestingarvörur.

Hér að neðan er gerð grein fyrir helstu breytingum.

Tollar lækka verulega á hreinlætis- og snyrtivörum. Stór hluti þessara vara ber í dag 80% toll en með nýrri tollskrá verða þær tollfrjálsar við innflutning frá EFTA og EB, en munu bera 10% toll komi þær frá öðrum löndum. Einnig lækka tollar á ýmsum óvaranlegum neysluvörum eins og ritföngum, leikföngum o.fl. Óverulegar breytingar verða á tollum af fatnaði og skóm. Þá lækka tollar á matvörum og drykkjarvörum.

Tollar á varahlutum í heimilistæki og bifreiðar lækka almennt úr 35–40% í 15–30%. Mestu munar um lækkun tolla á alls konar búsáhöldum, svo sem borðbúnaði, eldhúsáhöldum o.fl. Tollar á þessum vörum lækka almennt úr 40–80% í 0–10%. Stór hluti innflutnings þessara vara mun jafnframt verða felldur undir ákvæði fríverslunarsamninga við EFTA og EB og njóta þar með tollfrelsis. Þá mun tollur á sjónvörpum, myndböndum og hvers konar hljómflutningstækjum lækka úr 40% í 30%. Umtalsverð lækkun verður líka á tolli af allmörgum byggingarvörum. Má þar nefna hvers konar gólflagningarefni, hreinlætistæki, blöndunartæki, raflagnaefni o.fl., en vörur þessar verða almennt tollfrjálsar. Loks má nefna að auk rannsóknatækja hvers konar verða vélar, tæki og varahlutir til atvinnurekstrar almennt tollfrjálsir en tollar á þeim eru enn í nokkrum tilvikum á bilinu 7–35%.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Með lögum nr. 55/1987, tollalögum, var ákveðið að 1. gr. þágildandi tollskrárlaga, nr. 120/1976, skyldi halda gildi sínu þar til ný tollskrá yrði lögfest. Samkvæmt þessari grein er lagt til að tollskráin verði lögfest sem viðauki við tollalögin, sem skrá yfir hinar tollskyldu vörur ásamt þeim tolltaxta sem skuli á þær lagður.

Tollskráin er að öðru leyti byggð á tollskrárfyrirmynd þeirri sem Tollasamvinnuráðið í Brussel hefur látið útbúa og gert er ráð fyrir að tekin verði upp af aðildarríkjum þess frá og með 1. janúar 1988.

Gert er ráð fyrir að samningur Tollasamvinnuráðsins um samræmda vöruheita- og vöruflokkunarskrá verði fullgiltur af Íslands hálfu fyrir lok þessa árs.

Um 3. gr.

Til þess að því markmiði verði náð að framkvæmd gjaldtaka gildi gagnvart atvinnugreinum almennt og undanþáguákvæði raski ekki eðlilegri ráðstöfun einstakra atvinnuþátta er nauðsynlegt að fella úr gildi hvers konar lagafyrirmæli sem hindra að þessum markmiðum verði náð. Í grein þessari felst slík lagahreinsun.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 229. Þingsályktun [193. mál]

um leiðtogafund stórveldanna.

(Afgreidd frá Sþ. 9. des.)

Samhljóða þskj. 223.

Sþ. 230. Tillaga til þingsályktunar [199. mál]

um framtíðarhlutverk héraðsskólanna.

Flm.: Óli Þ. Guðbjartsson, Guðni Ágústsson, Margrét Frímannsdóttir, Ingi Björn Albertsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Málmfríður Sigurðardóttir, Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd til að gera tillögur um framtíðarhlutverk héraðsskólanna. Nefndin verði skipuð sérfróðum mönnum og vinni þeir með stjórnendum skólanna og skólayfirvöldum í viðkomandi fræðsluumdæmi að tillögugerð um framtíðarskipan þessara skóla.

Tillögur nefndarinnar liggi fyrir eigi síðar en 1. jan. 1989.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur orðið veruleg breyting á starfi héraðsskólanna um allt land. Alls staðar á sú breyting rót sína að rekja til nemendafækkunar sem hvarvetna hefur orðið raunin. Ástæða nemendafækkunarinnar er trúlega einkum þríþætt:

1. Almenn búsetuþróun hér á landi undangengna áratugi úr strjálbýli í þéttbýli.
2. Álíka hröð uppbygging skólamannvirkja í þéttbýli fyrir þá aldurshópa sem áður sóttu héraðsskólana.
3. Veruleg vanræksla um viðhald og búnað margra héraðsskólanna.

Fleira kemur eflaust til.

Nú er svo komið að formlegar tillögur eru þegar fram komnar um lokun a.m.k. tveggja af þessum skólum og mikil óvissa ríkir um framtíð margra þessara stofnana.

Öllum er þó ljóst að allir hafa þessir skólar gegnt mikilvægu hlutverki — um langan aldur — hver á sínu svæði.

Enn fremur fer ekki á milli mála að mikil fjárfesting liggur í öllum þessum skólum sem þjóðfélagið hefur ekki efni á að vannýta. Auk þess eru þessar stofnanir burðarásar í margs

konar menningarlífi á landsbyggðinni. Skólarnir eru átta talsins og dreifast um öll kjördæmin utan Reykjavíkur og Reykjaness, en þeir eru:

Héraðsskólinn í Reykholti	í Vesturlandskjördæmi
Héraðsskólinn að Núpi	í Vestfjarðakjördæmi
Héraðsskólinn í Reykjanesi	í Vestfjarðakjördæmi
Héraðsskólinn að Reykjum	í Norðurlandskjördæmi vestra
Héraðsskólinn á Laugum	í Norðurlandskjördæmi eystra
Alþýðuskólinn á Eiðum	í Austurlandskjördæmi
Héraðsskólinn í Skógum	í Suðurlandskjördæmi
Héraðsskólinn á Laugarvatni	í Suðurlandskjördæmi

Tillaga sú til þingsályktunar, sem hér er flutt, gerir ráð fyrir því að framtíðarhlutverk þessara skóla geti verið með mismunandi hætti á hinum ýmsu stöðum á landinu. En höfuðáhersla er lögð á tvennt:

1. Héraðsskólarnir eru svo mikilvægar og verðmætar eignir að allra leiða verður að leita til að nýting þeirra verði áfram til hagsbóta íbúum héraðanna.
2. Sérstaklega verði könnuð þörf strjálbýlisins á símenntun fullorðinna með tilliti til rekstrar héraðsskólanna í núverandi mynd.

Árið 1986 gerði Sigurður Helgason, deildarstjóri í menntamálarðuneytinu, úttekt á starfsemi þessara skóla fyrir þáverandi menntamálaráðherra.

Útdráttur úr greinargerð Sigurðar er hér sem fylgiskjal I til frekari glöggvunar á þessu máli.

Fylgiskjal II er yfirlit yfir nemendafjölda í héraðsskólunum 1987–1988.

Fylgiskjal I.

Sigurður Helgason:

Staða héraðsskólanna.

I. Inngangur.

Árið 1929 voru samþykkt lög á Alþingi um héraðsskóla. Þeir áttu að vera að Núpi í Dýrafirði (þar hafði þá verið starfræktur Alþýðuskóli frá 1906), að Reykjum í Hrútafirði (tók til starfa 1931), Laugum í Reykjadal (tók til starfa 1923), Hvítárbakka í Borgarfirði (þar hafði verið starfræktur Alþýðuskóli frá 1905) og á Laugarvatni (tók til starfa 1928). Áður hafði Alþýðuskólinn á Eiðum starfað eftir sérstökum lögum frá 1919. Skólinn á Hvítárbakka var fluttur að Reykholti 1931.

Markmið héraðsskólanna var „að búa nemendur undir athafnalíf við íslensk lífskjör með bóknámi, vinnukennslu og íþróttum". Stofnkostnaður skólanna var greiddur að hálfu úr ríkissjóði eftir því sem fé var veitt á fjárlögum, enda kæmi framlag á móti frá heimaaðilum. Enn fremur greiddi ríkissjóður hluta rekstrarkostnaðar eftir ákveðnum reglum. Árið 1940 voru ný lög um héraðsskóla samþykkt á Alþingi og eldri lög felld úr gildi. Með lögunum var heimilað að stofna þrjá nýja héraðsskóla, í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp (tók til starfa 1937), í Varmahlíð í Skagafirði (var aldrei stofnsettur) og á hentugum stað innan

Rangár- og Skaftárþinga (Skógaskóli sem tók til starfa 1949). Markmiðið var svipað og áður að „veita æskumönnum landsins fjölbreytta fræðslu á þjóðlegum grundvelli.“ Enn fremur voru sett nánari ákvæði um innihald námsins svo og um próf.

Nýju lögin gerðu ráð fyrir að ríkissjóður greiddi framvegis ¾ hluta stofnkostnaðar.

Lög um gagnfræðanám voru sett árið 1946. Samkvæmt 65. gr. þeirra laga voru lög um héraðsskóla úr gildi numin. Héraðsskólarnir störfuðu samkvæmt þessum nýju lögum til ársins 1974 að lög um grunnskóla voru sett en lögin um gagnfræðanám numin úr gildi.

Með lögum nr. 34/1962, um breytingu á lögum nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, var ákveðið að héraðsskólarnir yrðu séreign ríkisins ef hlutaðeigandi sveitarfélög óskuðu þess. Í samræmi við þessi ákvæði og óskir sýslunefnda viðkomandi skóla urðu fimm héraðsskólar ríkisskólar árið 1962 og hinir þrír skömmu síðar.

Árið 1970 var gefin út reglugerð um framhaldsdeildir gagnfræðaskóla. Héraðsskólarnir hafa allir fengið heimild til að starfrækja framhaldsdeildir, Eiðaskóli frá og með skólaárinu 1970/71, Núpsskóli, Reykholtsskóli og Reykjaskóli frá og með skólaárinu 1971/72 og hinir nokkru síðar, Reykjanesskóli þó ekki fyrr en frá og með skólaárinu 1983/84. Aðsókn að héraðsskólunum var mikil í upphafi og allt fram undir árið 1970 að draga fór úr aðsókn að sumum þeirra og frá 1980 fer að halla verulega undan fæti.

Tafla 1.

Nemendafjöldi í héraðsskólum.

	1952/53	1961/62	1970/71			1975/76			1980/81			1985/86 (des.)		
		1.-3.b.	[1]G	F	Alls	[2]G	F	Alls	G	F	Alls	G	F	Alls
Héraðsskólinn í Reykholti	86	96	123		123	99	25	124	70	74	144	46	58	104
Héraðsskólinn að Núpi	84	102	157		157	113	10	123	71	14	85	31	16	47
Héraðsskólinn í Reykjanesi	19	72	79		79	77		77	54		54	58	11	69
Héraðsskólinn að Reykjum	33	105	150		150	125	15	140	88	43	131	62	11	73
Héraðsskólinn á Laugum	103	112	152		152	113	11	123	59	49	108	48	68	116
Alþýðuskólinn á Eiðum	91	102	125	15	140	108	10	118	63	59	122	41	72	113
Héraðsskólinn í Skógum	116	107	127		127	109	5	114	80	14	94	50	10	60
Héraðsskólinn á Laugarvatni	119	134	120		120	91		91	65	30	95	38		38
Alls	651	830	1018	15	1033	835	76	911	550	283	833	374	246	620

1) 4. bekkur meðtalinn.
2) 10. bekkur meðtalinn.

Eins og sjá má af töflunni fækkaði nemendum á grunnskólaaldri jafnt og þétt í héraðsskólunum frá 1970. Orsökin er fyrst og fremst sú að grunnskólar á skólasvæðum héraðsskólanna voru efldir og þeim gert kleift að taka að sér kennslu í efri bekkjum grunnskóla. Nú er svo komið að einungis rúmlega 200 nemendur á öllu landinu eiga þess *ekki* kost að ljúka grunnskólanámi í heimaskóla sínum eða í nágrannaskóla með daglegum akstri.

Tafla 2.

Nemendur héraðsskóla flokkaðir eftir fræðsluumdæmum.

(Desember 1985.)

Nöfn skóla	Rvík		Reykjanes		Vesturl.		Vestf.		N. v.		N. ey.		Austurl.		Suðurl.		Alls	
	G	F	G	F	G	F	G	F	G	F	G	F	G	F	G	F	G	F
Héraðsskólinn í Reykholti	3	9	7	5	21	18	12	12	1	4	2	8	1	0	0	2	46	58
Héraðsskólinn að Núpi	6	3	5	0	0	0	12	11	3	0	1	1	0	1	4	0	31	16
Héraðsskólinn í Reykjanesi	25	3	2	2	0	0	29	6	0	0	1	0	0	0	1	0	58	11
Héraðsskólinn að Reykjum	20	1	6	2	2	2	22	2	5	4	0	0	2	0	5	0	62	11
Héraðsskólinn á Laugum	3	0	14	8	0	2	2	3	1	4	25	30	3	20	0	1	48	68
Alþýðuskólinn á Eiðum	2	1	2	3	0	0	0	1	0	0	0	2	36	63	1	2	41	72
Héraðsskólinn í Skógum	10	0	12	3	0	0	0	0	0	0	1	0	1	0	26	7	50	10
Héraðsskólinn á Laugarvatni	8	0	3	0	1	0	5	0	0	0	2	0	0	0	19	0	38	0
Alls	77	17	51	23	24	22	82	35	10	12	32	41	43	34	56	12	374	246
Áætlaður fjöldi grunnskólanemenda sem ekki eiga þess kost að stunda nám í heimaskóla eða eru ekki í daglegum akstri í annan grunnskóla	0		0		27		76		12		30		47		45		237	

Taflan sýnir m.a. eftirfarandi:

1. Þrátt fyrir það að *allir* unglingar í Reykjavík og í Reykjanesumdæmi eigi þess kost að ljúka grunnskólanámi í heimaskóla eða í nágrannaskóla með daglegum akstri eru í vetur 128 nemendur úr þessum fræðsluumdæmum í héraðsskólunum.
2. Um unglinga í öðrum fræðsluumdæmum sem *ekki* eiga þess kost að ljúka grunnskólanámi í heimaskóla gildir eftirfarandi:
   a. Nær allir unglingar úr Vesturlandsumdæmi sækja Reykholtsskóla. Það sama gildir um unglinga í Norðurlandsumdæmi eystra, Austurlandsumdæmi og Suðurlandsumdæmi. Þeir sækja um skólavist í héraðsskóla í sínu heimahéraði.
   b. Aðeins helmingur unglinga úr Vestfjarðaumdæmi fara í héraðsskólana á Núpi og í Reykjanesi.
   c. Mjög fáir unglingar úr Norðurlandsumdæmi vestra fara í héraðsskóla enda geta flestir þeirra lokið grunnskólanámi í heimaskóla.

II. Niðurstöður.

1. Héraðsskólarnir voru á sínum tíma stofnaðir til að veita ungu fólki í sveitum landsins tækifæri til að afla sér fjölbreyttrar menntunar að skyldunámi loknu.
2. Með setningu laga um gagnfræðanám árið 1946 urðu héraðsskólarnir hluti af íslenska skólakerfinu. Hlutverk þeirra breyttist en þörfin fyrir þá varð jafnvel enn meiri en áður enda voru húsakynni þeirra stækkuð og endurbætt með ærnum kostnaði.
3. Á sjöunda og áttunda áratugnum urðu miklar breytingar á skólaskipan í landinu. Fjölmargir heimavistarskólar voru byggðir sem tóku við nemendum er áður sóttu héraðsskólana og fleiri og fleiri skólar fengu heimild til að taka upp nám á gagnfræðastigi sem síðar urðu 7.–9. bekkur grunnskóla.
4. Minnkandi aðsókn nemenda á grunnskólaaldri hvatti forráðamenn héraðsskólanna til að leita fyrir sér á framhaldsskólastigi. Framhaldsdeildir voru stofnaðar með misjöfnum árangri.
5. Í tillögum nefndar, sem menntamálaráðherra skipaði 25. nóvember 1974 til þess að gera tillögur um breytta skipan náms á framhaldsskólastigi,var gert ráð fyrir því að nýta sem best það húsnæði sem þá var fyrir hendi til skólahalds, þar á meðal héraðsskólana.

Nefndin gerði sér jafnframt ljóst að ýmsir annmarkar voru á því að þeir yrðu hluti af væntanlegu framhaldsskólakerfi og nefndu í því sambandi skort á sérbúnaði í kennsluhúsnæði og skort á sérmenntuðum kennslukröftum. Nefndin gerði ráð fyrir að skólarnir hefðu áfram 8. og 9. bekk grunnskóla og framhaldsdeildir. Verkefni hinna ýmsu skóla yrðu mismunandi eftir aðstæðum.

6. Með tilkomu nýrra og fullkominna mennta- og fjölbrautaskóla víðs vegar um land, sem boðið hafa upp á fjölbreytt nám og fullkomna námsaðstöðu, hafa héraðsskólarnir orðið undir í baráttunni um nemendur. Nemendum hefur því fækkað ár frá ári að undanförnu af þeim ástæðum og vegna þeirra skipulagsbreytinga sem orðið hafa á grunnskólastigi og áður var lýst.
7. Samkvæmt upplýsingum hér að framan er heimavistarrými í héraðsskólunum sem hér segir:

Héraðsskólinn í Reykholti	128
Héraðsskólinn að Núpi	80
Héraðsskólinn í Reykjanesi	60
Héraðsskólinn að Reykjum	108
Héraðsskólinn á Laugum	112
Alþýðuskólinn á Eiðum	119
Héraðsskólinn í Skógum	65
Héraðsskólinn á Laugarvatni	93
Samtals	765

Í skólunum eru við nám skólaárið 1985/86 alls 620 nemendur. Umframrými er því fyrir 145 nemendur.

8. Miðað við aðstæður í dag virðist vera þörf á að héraðsskólarnir geti tekið við nálega 350 nemendum á grunnskólaaldri. Annars vegar eru nemendur í dreifbýli sem ekki hafa aðra námsaðstöðu og hins vegar nemendur úr þéttbýli sem af ýmsum félagslegum ástæðum geta ekki stundað nám í sínum heimaskóla. Vegna þeirra nemenda þarf að gefa skólunum rúman kvóta til stuðningskennslu og félagsstarfa. Nokkuð óljós er hin raunverulega þörf fyrir aðstöðu á framhaldsskólastigi.
9. Í mannvirkjum héraðsskólanna eru fólgin mikil verðmæti sem mega ekki standa ónotuð. Viðhald þeirra flestra er í lágmarki vegna of lítils viðhaldsfjár á fjárlögum hverju sinni. Sumarleiga hefur þó hjálpað þeim nokkuð sem vel eru í sveit settir hvað varðar umferð ferðamanna. Rekstrarkostnaður skólanna er mikill.
10. Skólarnir eru miklir mennta- og menningarstofnanir í dreifbýlinu og því mikils virði fyrir íbúa þess að þeir verði áfram starfandi. Af ástæðum sem að framan greinir þarf að gera framtíðaráætlun um starfsemi þeirra, hvern og einn og alla í samhengi. Verkefni þeirra verður að sníða eftir ýmsum ytri aðstæðum. Sumum þeirra hentar best að vera reknir sem grunnskólar, öðrum sem skólar á framhaldsskólastigi eða sem blandaðir skólar á grunnskóla- og framhaldsskólastigi. Til greina kemur að tengja nám þeirra að einhverju leyti meira atvinnulífi þjóðarinnar. Gera mætti tilraun til að reka einn þeirra sem lýðskóla með áherslu á „fræðslu á þjóðlegum grundvelli“ eins og einu sinni var markmið þeirra. Einnig mætti nota húsakynni þeirra til námskeiða eða ráðstefnu- og fundahalda svo eitthvað sé nefnt.
11. Lokaniðurstaðan er sú að nauðsynlegt sé að hefja nú þegar alvöruumræður um framtíð héraðsskólanna. Í því skyni verði samstarfsnefndir skipaðar til að gera framtíðartillögur um verkefni hvers skóla fyrir sig.

Fylgiskjal II.

Menntamálaráðuneytið,
grunnskóladeild:

Nemendafjöldi í héraðsskólum 1987/1988.

	Grunnskólastig			Framhaldsskólar		Alls
	7.b.	8.b.	9.b.	I. ár	II. ár	
Héraðsskólinn í Reykholti			31	30	10	71
Héraðsskólinn að Núpi			20	12		32
Héraðsskólinn í Reykjanesi	8	8	16			32
Héraðsskólinn að Reykjum		20	21			41
Héraðsskólinn á Laugum			41	68	14	123
Alþýðuskólinn á Eiðum			51	51	17	119
Héraðsskólinn í Skógum	8	19	26	13		66
Héraðsskólinn á Laugarvatni		24	20			44
	16	71	226	174	41	528

Sþ. 231. Tillaga til þingsályktunar [200. mál]

um rannsókn á ábyrgð á umframkostnaði við byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Geir Gunnarsson, Guðrún Helgadóttir, Hjörleifur Guttormsson, Margrét Frímannsdóttir, Ragnar Arnalds, Skúli Alexandersson, Svavar Gestsson.

Alþingi samþykkir að kjósa rannsóknarnefnd skipaða níu alþingismönnum til þess að gera sérstaka athugun á því hverjir skuli sæta sérstaklega ábyrgð á umframkostnaði við byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, sbr. skýrslu Ríkisendurskoðunar sem send hefur verið alþingismönnum.

Rannsóknarnefndin skal í starfi sínu leitast við að svara eftirfarandi spurningum:

1. Hver var ábyrgð þáverandi utanríkisráðherra á því að kostnaður við bygginguna og ákvarðanir um einstaka framkvæmdaþætti fóru langt fram úr áætlun og þeim heimildum sem Alþingi hafði samþykkt?
2. Hver var ábyrgð þáverandi fjármálaráðherra á því að fjárveitingar til byggingarinnar og kostnaður fóru langt fram úr áætlunum og heimildum þeim sem Alþingi samþykkti?
3. Hver var ábyrgð
   a. formanna byggingarnefndar,
   b. byggingarstjóra,
   c. einstakra byggingarnefndarmanna,
   d. hönnuða og
   e. framkvæmdafyrirtækja

á því að ráðist var í framkvæmdir, stækkanir, viðbætur, breytingar og önnur verkefni sem höfðu í för með sér útgjöld sem ekki voru í þeirri verkáætlun sem upphaflega var samþykkt.

Nefndin skal enn fremur meta hvort þeir sem ábyrgð báru geti gegnt opinberum trúnaðarstörfum eða með hvaða hætti þeir skuli sæta ábyrgð.

Rannsóknarnefndin skal afla sér upplýsinga, bæði munnlegra og skriflegra hjá þeim sem hlut eiga að máli.

Nefndinni skal veitt fé til þess að tryggja henni sérfræðilega aðstoð og nauðsynlega starfsaðstöðu.

Rannsóknarnefndin skal gefa Alþingi skýrslu um niðurstöður sínar og störf fyrir lok marsmánaðar 1988.

Greinargerð.

Þingflokkur Alþýðubandalagsins telur upplýsingar, sem komið hafa fram um stórfellda eyðslu umfram áætlanir og heimildir við byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, alvarlegustu atburði í opinberri fésýslu um langa hríð.

Þær niðurstöður, sem komist er að í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2. desember 1987, sýna að ýmsum þáttum í yfirstjórn og við verkstjórn og hönnun hefur verið stórlega ábótavant og að upplýsingum um alvarlega umframeyðslu og fjárvöntun var ekki komið á framfæri rétta boðleið við fjárveitingavaldið árum saman. Óhjákvæmilegt er að það verði rannsakað vandlega hverjir bera hér sérstaklega ábyrgð, ekki síst þar sem jafngífurlega mikil og dýr framkvæmd á í hlut og verkið var alveg á ábyrgð æðstu stjórnvalda og að hluta unnið af ýmsum mjög háttsettum embættismönnum.

Með hliðsjón af eðli málsins og mikilvægi þess og aðstæðum öllum telja flutningsmenn eðlilegast að Alþingi sjálft stýri slíkri rannsókn með því að kjósa til þess sérstaka nefnd þingmanna. Benda má á í þessu sambandi að samkvæmt nýlegum lögum heyrir Ríkisendurskoðun nú undir Alþingi og skal stofnunin vera þinginu sérstaklega innan handar í ýmsum efnum sem tengjast fésýslu.

Það er því rökrétt og eðlileg málsmeðferð að nefnd þingmanna, sem nýtur aðstoðar Ríkisendurskoðunar og leitar sér annarrar sérfræðilegrar aðstoðar eftir þörfum, annist þetta óumflýjanlega verkefni.

Flutningsmenn telja frekari rökstuðning fyrir tillögunni óþarfan, en vísa í skýrslu Ríkisendurskoðunar um ítarlegri upplýsingar. Rétt þykir að birta með tillögunni sem fylgiskjal niðurstöður þær sem dregnar eru saman í 2. kafla skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2. desember sl.

Fylgiskjal.

ÚR SKÝRSLU RÍKISENDURSKOÐUNAR

2. Niðurstöður.

2.1. Samanburður.

Meginmarkmið við upphaf verkefnisins sumarið 1983 voru:

— að reisa flugstöð sem þjónaði ákveðnum tilgangi bæði hvað varðaði þjónustu og útlit,
— að fullgera flugstöðina í apríl 1987,
— að kostnaður væri 42 millj. bandaríkjadala og voru verðhækkanir á byggingartíma innifaldar.

Niðurstöður í dag eru:

— Flugstöðin uppfyllir eðlilegar starfrænar og útlitslegar kröfur. Aðfinnslur þar að lútandi eru smávægilegar. Mannvirkið er glæsilegt að flestra dómi.

— Flugstöðin var opnuð til umferðar 14. apríl 1987. Allmikið skorti þó á að byggingin væri fullgerð.
— Samanburður á upphaflegri kostnaðaráætlun og raunkostnaði leiðir eftirfarandi í ljós. Verðlag í sept. 1987 án aðflutningsgjalda og söluskatts (m.kr.):

Framreiknaður framkvæmdakostnaður við fullgerða flugstöð	2992
Framreiknuð áætlun	2121
Mismunur	871

Um mismun þann sem hér kemur fram er fjallað í kafla 2.2. hér á eftir.

2.2. Áætlanir og raunkostnaður.

Kostnaðaráætlun um flugstöð dags. 11. nóv. 1980 gerði ráð fyrir kostnaði að upphæð 57 millj. bandaríkjadala. Þessi áætlun þótti of há og var að beiðni stjórnvalda endurskoðuð þannig að úr varð kostnaðaráætlun að upphæð 42,4 millj. bandaríkjadala, dags. 13. mars 1981. Þessi áætlun fól m.a. í sér ýmsan tilgreindan niðurskurð að upphæð 12 millj. bandaríkjadala.

Við gerð þeirrar kostnaðaráætlunar sem gengið var út frá við upphaf framkvæmda árið 1983 var þessi niðurskorna áætlun lögð til grundvallar. Niðurstaðan varð kostnaðaráætlun að upphæð 33,5 millj. bandaríkjadala að viðbættum 8,5 millj. bandaríkjadala vegna áætlaðra verðhækkana á byggingartíma eða samtals 42 millj. bandaríkjadala.

Byggingarnefnd taldi þessa áætlun í upphafi vera mjög rúma og m.a. vegna þess samþykkti hún smátt og smátt að bæta við nánast öllu því sem fellt hafði verið niður í niðurskurðinum um áramótin 1980/1981, enda væri flugstöðin á mörkum þess að vera starfhæf ef það væri ekki gert, og auk þess kom til ýmislegur óvæntur viðbótarkostnaður og magnaukningar. Ákveðið var að stækka nýtanlegan kjallara og ýmsar breytingar voru gerðar á innra skipulagi. Með þessu var notagildi flugstöðvarinnar aukið og möguleikar til hærri leigutekna sköpuðust. Um mitt ár 1985 var ákveðið að flugeldhúsið yrði flutt í sérstaka byggingu í eigu Flugleiða hf.

Þessar breytingar voru ekki teknar inn í nýja heildaráætlun um kostnað flugstöðvarinnar en þær nema á verðlagi í september samkvæmt grófri sundurliðun sem hér segir (m.kr.):

Viðbætur við upphaflega kostnaðaráætlun	653
Magnaukningar	135
Óskiptur kostnaður	83
Samtals	871

Nánari töluleg sundurliðun byggingarnefndar á þessum upphæðum er sem hér segir (m.kr.):

A. Viðbætur.	**653**
Stækkun landgangs og landgangshúss	98
Innréttingar	78
Stækkun kjallara (ath. að verulegur hluti magnaukninga hér á eftir er vegna stækkunar kjallara)	67
Landgöngubrýr	40
Snjóbræðslukerfi	35
Stýrikerfi fyrir loftræstingu	24
Ræsibúnaður fyrir flugvélar	11

Hitaveita, viðbót (vegna snjóbræðslu)	16
Skyggni	14
Listaverk (ólokið)	14
Hússtjórnarkerfi	12
Hljóðkerfi	12
Ýmis kerfi, ófyrirséð o.fl.	49
Áætlaður kostnaður eftir 1. sept. 1987	25
Yfirstjórn, eftirlit	38
Lóð	18
Endurhönnun	102
B. Magnaukning.	**135**
Bergfestur	26
Jarðskjálftastyrking	37
Stækkun loftræsikerfis	40
Vatns- og rafveitulögn	19
Ýmislegt	13
C. Óskiptur kostnaður.	**83**
Samtals	871

Athugun Ríkisendurskoðunar hefur leitt í ljós að viðbætur og magnaukning eru efnislega til staðar. Hvað kostnað varðar eru flest atriðin sem um er að ræða byggð á útboðum og verður því að telja að kostnaður við þau sé eðlilegur. Aðrar tölur eru þó byggðar á umdeilanlegum forsendum og stundum á hreinni ágiskun, t.d. kostnaður vegna endurhönnunar sem fundinn er þannig að deilt er með tveimur í heildarkostnað vegna sérfræðiþjónustu og hönnunar. Óvissuþættir hvað kostnað varðar gætu því haft áhrif á innbyrðishlutfall í sundurliðuninni þannig að liðurinn Óskiptur kostnaður gæti breyst.

Byggingarnefnd fullyrðir að útgjöld þessi hafi verið samþykkt af réttum stjórnvöldum, en magnaukningar hafi verið ófyrirséðar.

Ríkisendurskoðun hefur kannað hvort heimildar hafi verið aflað hjá þáverandi utanríkisráðherrum og kom fram að byggingarnefnd hafi haft heimild til að stofna til þessara útgjalda.

Til viðbótar áætluðum heildarkostnaði, sem fellur til eftir ágúst 1983 að fjárhæð 2992 millj. kr., verður að telja fjármagnskostnað að fjárhæð 109 millj. kr., áætlaðan kostnað vegna listaverka fyrir framan bygginguna um 55 millj. kr., kostnað sem Bandaríkjamenn tóku fyrir umsjón og eftirlit um 10 millj. kr., og byggingarnefndarlaun að fjárhæð um 4 millj. kr. Heildarkostnaður er því samtals um 3170 millj. kr. Einnig féll til ýmis kostnaður fyrir ágúst 1983, sbr. kafla 8.6. í skýrslunni.

Þann 30. nóv. 1987 upplýsti byggingarnefnd að samið hefði verið við verktaka (Hagvirki hf.) um kröfur hans sem koma fram í kafla 5.3.3. í skýrslunni hér á eftir. Samkomulagið felur m.a. í sér að verktaki fellur frá öllum kröfum til verkloka gegn ákveðinni greiðslu. Greiðslan felur einnig í sér uppgjör á reikningum vegna framvindu og aukaverka í október 1987 og áætlaðri framvindu í nóvember og desember 1987. Greiðslan er verulega lægri en kröfur verktaka voru.

Samkomulagið hefur ekki nein teljandi áhrif á niðurstöðu heildarkostnaðar eins og hann er tilgreindur í skýrslunni.

2.3. Verkframkvæmdin.

Við upphaf verkframkvæmda árið 1983 var sú ákvörðun tekin að bjóða verkið út í áföngum. Var þetta gert til að aðlaga verkið íslenskum byggingarmarkaði en taka jafnframt tillit til bandarískra hönnuða og verktaka.

Talið er að fyrstu fjögur samningsverkin, FK 1, jarðvinna, FK 2, uppsteypa, FK 3, glervirki og FK 4, veitur, hafi gengið nokkurn veginn með eðlilegum hætti, en í samningsverki FK 5, innréttingum, komu strax upp verulegir erfiðleikar sem urðu þess valdandi að þessi fimmti og stærsti verkáfangi fór úr böndum. Samningsverk FK 6 til og með FK 29 eru öll tengd frágangi flugstöðvarinnar inni og úti, svo sem lóð, vegir, skyggni og listaverk úti, en húsbúnaður, innréttingar, listaverk og kerfi alls konar, nauðsynleg flugrekstri og byggingu inni.

Kostnaður nokkurra þessara samninga, einkum vegna kerfa, varð meiri en áætlað var í upphaflegri kostnaðaráætlun þar sem aðeins var gert ráð fyrir hluta kerfanna. Í upptalningu í **A. Viðbætur** sést hver aukningin varð.

Þegar samningar við Hagvirki hf. voru á lokastigi um áramótin 1985/1986 kom í ljós að endurhanna þyrfti loftræsikerfið, auk þess sem hönnun á öðrum sviðum var áfátt.

Þetta ástand í hönnunarmálum kom stjórnendum verksins, byggingarnefnd og framkvæmdastjóra, á óvart. Þeir höfðu verið í góðri trú um að hönnun væri á eðlilegu stigi. Verkið fór því mjög hægt af stað og allan verktímann var um að ræða mikla erfiðleika á framkvæmd þess, fyrst og fremst vegna skorts á hönnunargögnum.

Afleiðingar þessa voru tvenns konar, í fyrsta lagi varð kostnaður meiri við þennan verkáfanga en ætlað hafði verið og í öðru lagi að í stað þess að flugstöðin yrði afhent fullbúin hinn 1. mars 1987, eins og samningur við verktaka gerði ráð fyrir, tókst aðeins að taka í notkun hluta hennar hinn 14. apríl 1987.

Ástæður fyrir ofangreindu ástandi í hönnunarmálum eru m.a. eftirfarandi:

1. Breytingar á byggingunni og fyrirkomulagi í henni á byggingartímanum.
2. Vanmat hönnuða á umfangi verksins.
3. Ófullnægjandi hönnunarstjórn, bæði hjá einstökum hönnuðum og í heild.
4. Vandamál sem komu upp vegna ólíkra staðla þar sem byggt var á erlendri grunnhönnun, fjarlægðar milli hönnuða og ábyrgðarskiptingar.

Varðandi yfirstjórn verkefnisins verður að telja að skort hafi á heildaryfirsýn, bæði fjárhagslega og framkvæmdalega. Samræmd áætlanagerð og eftirfylgni hennar var ábótavant.

Þó verður að telja að yfirstjórnin hafi að ýmsu leyti brugðist rösklega við þegar verulegir erfiðleikar steðjuðu að og eru eftirfarandi viðbrögð dæmi þess:

1. Skipun verkefnisstjóra í janúar 1986.
2. Núllstillingarsamningur við verktaka vorið 1986.
3. Skipun tæknimannatvenndar vorið 1986.
4. Samningur við verktaka haustið 1986.
5. Skipun úrskurðaraðila haustið 1986.

Upplýsingagjöf um gang og stöðu verkefnisins til ýmissa opinberra aðila var áfátt. Áfangaskýrslur voru ekki gefnar út eftir 17. febr. 1984. Í skýrslum utanríkisráðherra til Alþingis um utanríkismál árin 1984–1987 er í kafla um byggingu flugstöðvar ekki gerð grein fyrir þeim breytingum sem orðið höfðu frá upphaflegri áætlun. En ætla má að alþingismönnum hafi verið þetta ljóst við samþykkt fjárlaga og lánsfjárlaga. Ekki er heldur í skýrslunum til Alþingis gerð grein fyrir viðbótarsamningi við Bandaríkjamenn sem gerður var 24. apríl 1986.

2.4. Fjármál.

Með bréfi dagsettu 29. apríl 1987 barst sú vitneskja til fjármálaráðuneytisins frá byggingarnefnd flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli að verulegt fé vantaði til byggingar stöðvarinnar umfram það sem ætlað hafði verið.

Fjárþörf vegna gildandi verksamninga út árið 1987 var þar talin vera 450–480 m.kr. umfram fjárheimild ársins sem var 520 m.kr.

Ráðuneytið heimilaði með bréfi dags. 11. maí 1987 bráðabirgðalántöku að fjárhæð 480 m.kr.

Í júlímánuði 1987 barst ráðuneytinu áætlun frá byggingarnefnd um fjárþörf til verkloka sem nú voru áætluð árið 1988, en í febrúar 1987 hafði framkvæmdastjóri ætla verklok í júní 1987. Í júláætluninni kom í ljós að fjárþörfin umfram þær 520 m.kr., sem veittar voru á lánsfjáráætlun 1987, var 890 m.kr.

Fjárvöntun í þessum mæli kom svo á óvart í ráðuneytinu að þess var farið á leit við Ríkisendurskoðun að hún gerði úttekt á byggingarkostnaði flugstöðvarinnar frá upphafi ásamt mati á tæknilegum þáttum og framkvæmdum tengdum byggingunni. Hófst sú úttekt um miðjan ágúst 1987.

Fjármögnun til framkvæmda við flugstöðvarbygginguna var með tvennum hætti. Annars vegar voru lántökur samkvæmt lánsfjárlögum, hins vegar var framlag Bandaríkjamanna sem greitt var samkvæmt þar að lútandi samningi.

Fjárheimildir ríkisins til byggingar flugstöðvarinnar voru veittar árlega í framhaldi af beiðni byggingarnefndar. Slíkar umsóknir voru byggðar á áætlun um framkvæmdir og skuldbindingar næsta árs.

Framreiknuð kostnaðaráætlun fyrir verkið í heild var ekki send fjármálayfirvöldum á verktímanum og ekki var gerð grein fyrir kostnaði vegna meiri háttar breytinga og aukninga á framkvæmdum. Byggingarnefnd taldi sig ekki hafa skyldu til að skila slíkri heildaráætlun þar sem ekki var um hana beðið af fjárveitingavaldinu.

Á árunum 1985 og 1986 hafði safnast upp fjárhagsvandi að upphæð um 160 m.kr. sem leystur hafði verið með bráðabirgðaláni sem greitt var af framlagi ársins 1987. Fjárhagsvandinn stafaði af ofmati á framlagi Bandaríkjamanna í fjárlögum árið 1986. Allt árið 1986 var framkvæmdastjóra og byggingarnefnd ljóst að fjárhagsvandi í árslok yrði á bilinu 140–160 m.kr. Í fjárlagatillögum byggingarnefndar fyrir árið 1987 er ekki beðið um fjármagn til að leysa þennan vanda. Í febrúar 1987 var framkvæmdastjóra einnig orðið ljóst að framlag Bandaríkjamanna í fjárlögum fyrir árið 1987 var ofáætlað um 160 m.kr. (sem þó reyndist verða hærra). Fjárhagsvandi var þá orðinn a.m.k. 300–320 m.kr.

Enn fremur var framlag Bandaríkjamanna ofáætlað í þeim fjárlagatillögum um 205 m.kr. Þessu til viðbótar stefndu framkvæmdir ársins 1987 verulega fram úr áætlun.

Með hliðsjón af því sem hér hefur verið rakið má ljóst vera að fjárvöntun að upphæð 890 m.kr. samanstóð því af eftirfarandi (m.kr.):

Uppsafnað frá 1985 og 1986	160
Ofáætlað framlag Bandaríkjamanna vegna 1987	205
Áætlaður framkvæmdakostnaður 1987 og til verkloka umfram fjárveitingu 1987	525
Samtals	890

Ríkisendurskoðun bendir á að ekki var sótt um aukafjárheimild og ekki vakin athygli fjárveitingavaldsins á vandanum fyrr en með bréfi dags. 29. apríl 1987. Ríkisendurskoðun hefur ekki fengið viðhlítandi skýringu á þessu.

Á byggingartímanum hefur orðið misgengi á þróun gengis bandaríkjadals annars vegar og byggingarvísitölu hins vegar. Seðlabanki Íslands hefur reiknað út að ef gengi bandaríkja-

dals hefði þróast eins og byggingarvísitala hefði framlag Bandaríkjamanna orðið 236,9 m.kr. hærra miðað við verðlag 1. sept. 1987. Þetta þýðir að framlag Íslendinga til framkvæmdanna varð að sama skapi hærra.

2.5. Lærdómur sem draga má af framkvæmdinni.

Ríkisendurskoðun telur að af þessu máli megi draga ýmsar ályktanir í sambandi við meiri háttar opinberar framkvæmdir, m.a. eftirfarandi:

1. Að vanda þurfi til við undirbúning framkvæmda, einkum að fyrir liggi góð skilgreining á verkefninu og væntanlegum gangi þess.
2. Að vanda þurfi til áætlanagerðar, einkum samræmdrar framkvæmda- og fjárhagsáætlunar, framkvæma stöðuga endurskoðun meðan á verkefni stendur og tryggja upplýsingagjöf til réttra aðila.
3. Að vanda þurfi til vinnubragða við gerð fjárlagatillagna og fjárlagagerðar.
4. Að varast skuli breytingar á verktíma og áður en ákvörðun er tekin um breytingu frá samþykktri áætlun og/eða hönnun skal athuga svo sem unnt er hvaða afleiðingar breytingin hefur.

Nd. 232. Frumvarp til laga [201. mál]

um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Flm.: Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Albert Guðmundsson, Ingi Björn Albertsson, Hreggviður Jónsson.

1. gr.

Við 5. mgr. 51. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir svohljóðandi: Þó skal greiða örorkulífeyrisþegum 50% örorkulífeyris og tekjutryggingar. Fjárhæð þessi skerðist eftir sömu reglum og tekjutrygging, sbr. 1. mgr. 19. gr. laga þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Örorkulífeyrisþegar, sem dveljast á stofnunum á vegum sjúkratrygginga, fá greidda vasapeninga, nú að upphæð 4212 kr. á mánuði. Þessi fjárhæð á að endast fyrir öllum persónulegum þörfum, svo sem fatnaði, snyrtivörum, skemmtunum og ferðalögum. Ólíkt því sem er með flesta ellilífeyrisþega á þessi hópur í fæstum tilfellum aðgang að lífeyri úr lífeyrissjóði og á engar eignir.

Það er yfirleitt viðurkennt að yngra fólk hefur meiri og víðtækari persónulegar þarfir en eldra fólk. Fatlað fólk, sem dvelst á stofnunum þar sem sjúkratryggingar greiða dvölina, hefur sömu þarfir og aðrir þjóðfélagsþegnar á sama aldri til þess að lifa lífinu lifandi.

Í Danmörku t.d. er þessi sérstaða viðurkennd. Þar fá fatlaðir örorkulífeyrisþegar, sem dveljast á stofnunum fatlaðra, vasapeninga sem eru nærri helmingi hærri en vasapeningar almennt.

Sú fjárhæð, sem nú er greidd, nægir ekki fyrir brýnustu þörfum þessa hóps og eru þess mörg dæmi að leita verður til viðkomandi sveitarfélags um viðbót.

Samtök fatlaðra hafa um árabil bent á nauðsyn þess að hagur þessa hóps sé bættur. Þar sem hér er ekki um þá fjárhæð að ræða eða þann fjölda einstaklinga að miklu máli skipti í heildarútgjöldum ríkisins væri það Alþingi til sóma að rétta nú hlut þessa fólks myndarlega.

Sþ. **233. Svar** [14. mál]

menntamálaráðherra vð fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um leiðbeinendur við kennslustörf.

1. Fjöldi leiðbeinenda.

	Grunnskólar	Framhaldsskólar
Reykjavík	41	158
Reykjanesumdæmi	101	48
Vesturlandsumdæmi	67	6
Vestfjarðaumdæmi	82	30
Norðurlandsumdæmi vestra	82	6
Norðurlandsumdæmi eystra	141	34
Austurlandsumdæmi	95	20
Suðurlandsumdæmi	90	21
Samtals	707	323

2. Fjöldi leiðbeinenda sem ráðnir voru í fyrsta sinn haustið 1987.

	Grunnskólar	Framhaldsskólar
Reykjavík	14	72
Reykjanesumdæmi	27	17
Vesturlandsumdæmi	11	3
Vestfjarðaumdæmi	26	21
Norðurlandsumdæmi vestra	10	2
Norðurlandsumdæmi eystra	36	15
Austurlandsumdæmi	22	14
Suðurlandsumdæmi	16	6
Samtals	162	150

3. Leiðbeinendur við kennslu samræmdra námsgreina.

Samtals kenna 74 leiðbeinendur samræmdar námsgreinar til grunnskólaprófs.

4. Áhrif kennaraskorts á námsframboð og námstilhögun.

A. GRUNNSKÓLAR

Reykjavík.

Í nokkrum grunnskólum hefur þurft að fella niður kennslu eða draga úr námsframboði vegna skorts á starfsmönnum. Er það einkum í myndmennt, tónmennt og heimilisfræði.

Reykjanesumdæmi.

Nokkuð vantar á að full kennsla sé í myndmennt, tónmennt, heimilisfræði og íþróttum og stafar það aðallega af skorti á aðstöðu.

Vesturlandsumdæmi.

Vegna kennaraskorts er heimilisfræði ekki kennd í þremur skólum og skert kennsla í þeirri grein er auk þess í sjö skólum. Íþróttakennsla er skert eða fellur alveg niður í fjórum skólum og tónmennt í sjö skólum.

Þá er raungreinakennsla skert í einum skóla af þessum sökum.

Vestfjarðaumdæmi.

Erfitt er að svara um þetta umdæmi í smáatriðum þar sem í öllum grunnskólum í Vestfjarðaumdæmi hefur oft verið felld niður kennsla í ýmsum greinum, oft verið dregið úr námsframboði og oft þurft að breyta námstilhögun vegna skorts á sérhæfðum starfsmönnum.

Hægt væri að bæta úr þessu við stærstu skólana með meira framboði kennara, en við smærri skólana verður tæpast sinnt allri sérgreinakennslu af sérhæfðu fólki nema þá í námskeiðsformi.

Sem dæmi um námsgreinar, sem felldar hafa verið niður einstök ár eða að jafnaði, má nefna heimilisfræði, íþróttakennslu, handmennt, myndmennt og tónmennt.

Auk þess hefur í einstökum skólum orðið að fella niður kennslu í raungreinum og tungumálum um nokkurra mánaða skeið og allt upp í heilt skólaár hjá einstökum bekkjum.

Norðurlandsumdæmi vestra.

Í mörgum grunnskólum hefur orðið að draga saman kennslu í handmennt og tónmennt vegna skorts á kennurum í þessum greinum. Dæmi eru og um að kennsla hafi alveg fallið niður í þessum greinum af sömu ástæðu.

Þá fá nemendur skerta kennslu í raungreinum í tveimur skólum og í samfélagsgreinum í einum.

Norðurlandsumdæmi eystra.

Mjög víða fellur kennsla í tónmennt niður vegna kennaraskorts. Enn fremur hefur kennsla fallið niður í einstökum skólum í smíðum, eðlisfræði, líffræði, heimilisfræði og handmennt.

Austurlandsumdæmi.

Á nokkrum stöðum hefur orðið að fella niður eða skerða nám í eftirtöldum námsgreinum: íþróttum, tónmennt, myndmennt, hannyrðum og heimilisfræði.

Suðurlandsumdæmi.

Draga hefur þurft úr tónmennta- og íþróttakennslu í nokkrum tilfellum.

B. FRAMHALDSSKÓLAR

Í framhaldsskólum hefur ekki þurft að draga úr námsframboði eða fella niður kennslu vegna kennaraskorts.

Ed. 234. Breytingartillögur [181. mál]

við frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1991.

Frá Júlíusi Sólnes og Guðmundi Ágústssyni.

1. 1. gr. orðist svo:

Auðlindir innan fiskveiðilandhelgi Íslands eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og að tryggja byggð og trausta atvinnu um allt land. Óheimilt er að skipta landinu í veiðisvæði og stuðla að misrétti milli landshluta.

2. Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar svohljóðandi:
   a. (2. gr.)
   Sérstök framkvæmdanefnd fer með stjórn fiskveiða samkvæmt lögum þessum. Nefndin skal skipuð níu mönnum kosnum hlutfallskosningu til eins árs í sameinuðu Alþingi eftir gildistöku laga þessara. Kosnir skulu jafnmargir varamenn. Formaður nefndarinnar boðar hana til fundar í samráði við sjávarútvegsráðherra. Á fundum nefndarinnar ræður afl atkvæða. Ríkisstjórnin ákveður þóknun til nefndarmanna.
   b. (3. gr.)
   Verkefni framkvæmdanefndar um stjórn fiskveiða eru:
   1. Að gera tillögur til sjávarútvegsráðherra um reglugerðir um framkvæmd laga þessara.
   2. Að fjalla um leyfi, heimildir og undanþágur samkvæmt lögum þessum og reglugerðum og gera tillögur í þeim efnum til ráðherra.
   3. Að fjalla um álita- og ágreiningsmál, sem ekki falla undir fiskveiðidóm, varðandi veiðileyfi, aflamark og sóknarmark samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, og gera tillögur til ráðherra um úrlausn þeirra.
3. 2. gr. (verður 4. gr.) orðist svo:
   Fyrir 15. nóvember ár hvert skal framkvæmdanefnd um stjórn fiskveiða, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, gera tillögur til sjávarútvegsráðherra um afla sem veiða má úr helstu botnfisktegundum við Ísland á komandi ári og skulu heimildir til botnfiskveiða samkvæmt lögum þessum miðast við það magn. Ráðherra skal síðan fyrir 1. desember gefa út reglugerð þar að lútandi. Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum framkvæmdanefndar um stjórn fiskveiða, að hækka eða lækka aflamark innan árs sem ákveðið er samkvæmt þessari málsgrein enda sé sú ákvörðun tekin fyrir 15. apríl.
   Ráðherra er og heimilt, að fengnum tillögum framkvæmdanefndarinnar, að ákveða í reglugerð og veiðileyfum þann afla sem veiða má úr öðrum einstökum stofnum sjávardýra við Ísland á ákveðnu tímabili eða vertíð og skulu veiðileyfi, sem veitt eru skv. 14. gr., miðast við það magn.
4. 10. gr. (verður 12. gr.) orðist svo:
   Botnfiskveiðar báta minni en 10 brl. eru háðar eftirgreindum takmörkunum:
   1. Veiðar eru ekki heimilar á eftirgreindum tímabilum:
      A. Í tíu daga um páskahelgi í mars og í apríl 1988. Enn fremur í tíu daga í ágúst og sjö daga í júní og október, hvorn mánuð, ár hvert.
      Fari mánaðarlegt aflamagn báta undir 10 brl. í einhverjum landsfjórðungi niður fyrir tvo þriðju af meðalafla þess mánaðar síðustu þrjú árin vegna ógæfta er ráðherra heimilt að aflétta næstu veiðistöðvun á eftir samkvæmt þessum staflið.
      B. Frá og með 15. desember 1988 til og með 31. desember 1988.
   2. Netaveiðar báta undir 10 brl. skulu á tímabilinu frá og með 10. febrúar til og með 15. maí ár hvert vera háðar botnfiskveiðileyfum með sóknarmarki, þannig að heimilt sé að stunda veiðar í ákveðinn dagafjölda á ofangreindu tímabili með þorskaflahámarki.
   Ákvæði B-liðar taka einnig til netaveiða báta undir 10 brl.
   Ráðuneytið skal með auglýsingu tilkynna hvenær veiðar eru ekki heimilar skv. B-lið 1. tölul. og um sóknardagafjölda og þorskaflahámark, sbr. 2. tölul. 1. mgr.
   Við ákvörðun sóknardagafjölda og þorskaflahámarks skal hafa hliðsjón af veiðiheimildum 10 brl. báta og skal þorskaflahámark vera tveir þriðju af árlegu þorskaflahámarki 10 brl. báta sem ekki hafa aflatekjur af sérveiðum.
5. Við 15. gr. Greinin falli brott.

6. Við 16. gr. (verður 17. gr.). Greinin orðist svo:
   Ráðherra skal setja nánari reglur varðandi framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum framkvæmdanefndar um stjórn fiskveiða, sbr. 2. og 3. gr.
7. Við 18. gr. (verður 19. gr.). 3. mgr. falli brott.
8. Á eftir 18. gr. (er verður 19. gr.) komi þrjár nýjar greinar svohljóðandi:
   a. (20. gr.)
      Í Reykjavík skal setja á stofn dómstól fyrir allt landið. Nefnist hann fiskveiðidómur. Dómurinn hefur það verksvið sem kveðið er á um í lögum þessum.
   b. (21. gr.)
      Í fiskveiðidómi eiga sæti þrír menn skipaðir af dómsmálaráðherra til fjögurra ára. Forseti dómsins og varamaður hans skulu fullnægja sömu skilyrðum og hæstaréttardómarar. Annar meðdómandi skal vera, eða hafa verið, starfandi skipstjóri á fiskiskipi en hinn skal vera sérfróður um fiskifræði. Varamenn þeirra skulu uppfylla sömu skilyrði. Dómendur fiskveiðidóms skulu auk framangreindra skilyrða fullnægja kröfum þeim, sem gerðar eru um almenn og sérstök dómaraskilyrði samkvæmt lögum.
   c. (22. gr.)
      Fiskveiðidómur starfar að öðru leyti eftir almennum ákvæðum um meðferð opinberra mála, sbr. l. nr. 74/1974.
9. Við 21. gr. (verður 25. gr.). Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988 og gilda til 31. desember 1988. Jafnframt eru á gildistíma þessara laga felldar úr gildi 10. og 14. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.
10. Fyrirsögn frv. verði: Frv. til l. um stjórn fiskveiða.

Ed. 235. Frumvarp til laga [202. mál]

um Háskólann á Akureyri.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

I. KAFLI

Hlutverk.

1. gr.

Háskólinn á Akureyri skal vera vísindaleg fræðslustofnun með sérstöku tilliti til atvinnuvega þjóðarinnar. Hann skal veita nemendum sínum menntun er geri þá hæfa til að sinna ýmsum störfum og ábyrgðarstöðum í þjóðfélaginu eða stunda frekara háskólanám.

Kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

II. KAFLI

Stjórn.

2. gr.

Stjórn háskólans er falin háskólanefnd og rektor. Háskólanefnd hefur úrskurðarvald í málefnum háskólans eftir því sem lög mæla og nánar er ákveðið í reglugerð. Rektor er yfirmaður stjórnsýslu háskólans. Hann hefur daglegt eftirlit með rekstri háskólans, kennslu og annarri starfsemi.

Háskólinn á stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra.

3. gr.

Rektor er skipaður af menntamálaráðherra til fimm ára. Skal staðan auglýst og leitað umsagnar háskólanefndar um umsækjendur. Heimilt er að endurskipa sama mann rektor önnur fimm ár.

4. gr.

Háskólanefnd skal þannig skipuð:
Rektor sem jafnframt er formaður nefndarinnar.
Einn fulltrúi tilnefndur af bæjarstjórn Akureyrar til fjögurra ára í senn.
Einn fulltrúi tilnefndur af Fjórðungssambandi Norðlendinga til fjögurra ára í senn.
Tveir fulltrúar tilnefndir af menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn.
Forstöðumenn deilda háskólans.
Einn fulltrúi nemenda sem kjörinn skal til eins árs á almennum fundi nemenda.

5. gr.

Rektor boðar til funda í háskólanefnd eftir þörfum. Skylt er að boða til fundar ef tveir eða fleiri nefndarmenn krefjast þess. Háskólanefnd er ályktunarhæf ef tveir þriðju hlutar nefndarmanna sækja fund. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði rektors.

6. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumenn deilda háskólans, sbr. 8. gr., til þriggja ára í senn að fengnum tillögum rektors.

Menntamálaráðherra skipar skrifstofustjóra og bókavörð að fengnum tillögum háskólanefndar.

Rektor ræður annað starfslið við stjórnsýslu og rekstur eftir því sem fjárveitingar leyfa og heimildir standa til.

7. gr.

Nánara skal ákveðið í reglugerð um verksvið og starfsskyldur háskólanefndar, rektors, forstöðumanna deilda og annars starfsfólks háskólans, sbr. og 9. gr.

III. KAFLI

Kennarar og deildir háskólans.

8. gr.

Í upphafi eru í háskólanum heilbrigðisdeild og rekstrardeild. Menntamálaráðherra getur samþykkt stofnun fleiri deilda að fengnum tillögum háskólanefndar og innan marka fjárveitingar í fjárlögum. Hverri deild má skipta í námsbrautir.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um deildir háskólans.

9. gr.

Fastir kennarar háskólans eru lektorar, dósentar eða prófessorar. Einnig starfa stundakennarar við skólann. Dósents- eða prófessorsstöðu skal því aðeins stofna að forsendur séu fyrir því að staðan tengist rannsóknarstörfum.

Forseti Íslands skipar prófessora, en menntamálaráðherra lektora og dósenta. Rektor ræður stundakennara.

Þá eina má skipa fasta kennara sem lokið hafa fullnaðarprófi frá háskóla eða annarri sambærilegri stofnun í aðalgrein þeirri er þeir eiga að kenna.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna stöðu prófessors eða dósents. Skipar menntamálaráðherra einn mann í nefndina, Háskóli Íslands annan, háskólanefnd Háskólans á Akureyri hinn þriðja og er hann formaður nefndarinnar. Í nefnd þessa má skipa þá eina sem lokið hafa háskólaprófi í hlutaðeigandi grein eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar í greininni. Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði um að sams konar dómnefnd fjalli um hæfi umsækjenda um lektorsstöður.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það hvort af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda svo og námsferli hans og störfum megi ráða að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndar skal höfð til hliðsjónar er embættið er veitt og má engum manni veita prófessorsembætti eða dósentsstarf við Háskólann á Akureyri nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljós það álit að hann sé hæfur til þess.

Enn fremur skal leita álits háskólanefndar Háskólans á Akureyri um umsækjendur hvort heldur eru lektorar, dósentar eða prófessorar.

Um starfsskyldur og réttindi kennara fer eftir kjarasamningum og nánari ákvæðum í reglugerð.

IV. KAFLI

Nemendur, kennsla og próf.

10. gr.

Háskólaárið telst vera frá 1. september til jafnlengdar næsta ár. Kennsluárið skiptist í tvö missiri, haustmissiri frá 1. september til 15. janúar og vormissiri frá 16. janúar til 31. maí. Háskólanefnd getur ákveðið aðra missiraskiptingu fyrir einstakar deildir og námsbrautir. Leyfi og önnur kennsluhlé skulu ákveðin í reglugerð.

11. gr.

Hver sá, sem staðist hefur fullnaðarpróf frá íslenskum skóla sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta, hefur rétt til að skrá sig til náms við háskólann gegn því að greiða skrásetningargjald. Háskólanefnd er heimilt að leyfa skrásetningu einstaklinga er lokið hafa öðrum prófum en að ofan greinir ef hlutaðeigandi deild eða námsbraut telur um að ræða fullnægjandi undirbúning til náms við háskólann.

Setja skal í reglugerð ákvæði er mælir fyrir um árlega skráningu nemenda. Skrásetningargjöld skulu háð árlegu samþykki háskólanefndar og menntamálaráðherra.

12. gr.

Í reglugerð háskólans skal setja ákvæði um prófgreinar, próftíma, fullnaðarpróf, einkunnir, prófdómara og annað er að prófum lýtur.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

13. gr.

Menntamálaráðherra setur, að fengnum tillögum háskólanefndar, reglugerð með nánari ákvæðum um framkvæmd laganna.

14. gr.

Lög þessi skulu endurskoðuð áður en þrjú ár eru liðin frá setningu þeirra.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fyrsta gerð þessa frumvarps er samin af sérstakri nefnd sem menntamálaráðherra skipaði 15. júní 1987 til að semja frumvarp til laga um háskóla á Akureyri. Frumvarpið var síðan yfirfarið í menntamálaráðuneytinu og haft samráð við þá nefnd ráðuneytisins sem unnið hefur að undirbúningi stofnunar Háskóla á Akureyri.

Í maí 1982 skipaði Ingvar Gíslason, þáverandi menntamálaráðherra, nefnd til þess að gera tillögur um hvernig vinna mætti að því „að efla Akureyri sem miðstöð mennta og vísinda utan höfuðborgarinnar". Var nefndinni sérstaklega ætlað að kanna hverjir möguleikar væru á því að taka upp háskólakennslu á Akureyri. Í nefndinni áttu sæti Birgir Thorlacius, þáverandi ráðuneytisstjóri, formaður, dr. Guðmundur Magnússon, þáverandi háskólarektor, og Tryggvi Gíslason skólameistari. Nefndin skilaði álitsgerð í maí 1984. Tillögur hennar lutu m.a. að því að hafin yrði kennsla á háskólastigi á Akureyri í tilteknum greinum á vegum Háskóla Íslands. Nefnd, sem Ragnhildur Helgadóttir menntamálaráðherra skipaði í ársbyrjun 1985 til að fjalla um fjárlaga- og þróunaráætlun fyrir Háskóla Íslands, var falið að athuga um hugsanlega háskólakennslu á Akureyri með hliðsjón af framangreindu nefndaráliti.

Skömmu eftir að Sverrir Hermannsson tók við starfi menntamálaráðherra, eða í desember 1985, skipaði hann nefnd til að fjalla um kennslu á háskólastigi á Akureyri. Formaður hennar var skipaður Halldór Blöndal alþingismaður, en aðrir nefndarmenn Bernharð Haraldsson, skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri, Bjarni Kristjánsson, rektor Tækniskóla Íslands, dr. Sigmundur Guðbjarnason háskólarektor og Tryggvi Gíslason, skólameistari Menntaskólans á Akureyri. Þegar Tryggvi fékk leyfi frá skólameistaraembættinu vegna starfa erlendis tók Jóhann Sigurjónsson, settur skólameistari, sæti hans í nefndinni. Nefndinni var m.a. falið að gera tillögur um kennslugreinar og námsbrautir, tilhögun kennslu og mannaflaþörf og skipulagsform starfseminnar, svo og að semja kostnaðaráætlun. Á grundvelli tillagna nefndarinnar voru síðar skipaðar sérstakar nefndir eða starfshópar til að fjalla um nám á tilteknum sviðum. Stefnt var að því að kennsla gæti hafist haustið 1987 og í fjárlögum fyrir árið 1987 var gert ráð fyrir sérstöku framlagi, 5,1 milljón kr., til háskólakennslu á Akureyri.

Áhugi á framgangi þessa máls hefur verið mikill á Norðurlandi. Má m.a. geta ráðstefnu sem Fjórðungssamband Norðlendinga efndi til í júní 1985 og sérstök háskólanefnd á vegum Akureyrarbæjar skilaði ítarlegu áliti í febrúar 1987.

Að fenginni fjárveitingu í fjárlögum, eins og að framan greinir, voru snemma á árinu 1987 auglýst til umsóknar störf forstöðumanns og tveggja námsbrautarstjóra, jafnframt því að öðrum undirbúningi var haldið áfram. Með auglýsingu 18. júní 1987 tilkynnti menntamálaráðuneytið að ákveðið hefði verið að háskóli á Akureyri hæfi störf haustið 1987 og væri miðað við að námsárið 1987–88 yrði kennsla á tveimur námsbrautum, þ.e. námsbraut í hjúkrunarfræði og námsbraut í iðnrekstrarfræði. Um kennslu, nám og próf á þessum námsbrautum skyldi fara eftir sömu reglum og giltu um hliðstæðar námsbrautir í Háskóla Íslands annars vegar og Tækniskóla Íslands hins vegar. Forstöðumaður háskólakennslu á Akureyri hafði þá verið ráðinn Haraldur Bessason prófessor, námsbrautarstjóri á hjúkrunarfræðibraut Margrét Tómasdóttir M.S., námsbrautarstjóri á iðnrekstrarfræðibraut dr. Stefán G. Jónsson og skrifstofustjóri Bárður Halldórsson menntaskólakennari. Ráðningarnar voru að svo komnu til eins árs.

Jafnframt skipaði ráðuneytið hinn 15. júní 1987 nefnd til að semja frumvarp til laga um háskóla á Akureyri. Formaður var skipaður Haraldur Bessason forstöðumaður, en aðrir nefndarmenn Bárður Halldórsson skrifstofustjóri, Björn Jósef Arnviðarson lögfræðingur og Halldór Blöndal alþingismaður.

Starfsemi háskóla á Akureyri hófst formlega með setningarathöfn í Akureyrarkirkju 5. september 1987. Hinn 7. september var kennsla hafin á þeim tveimur námsbrautum sem að framan greinir, þ.e. hjúkrunarfræðibraut og iðnrekstrarfræðibraut. Skráðir nemendur í hjúkrunarfræði voru 13 en í iðnrekstrarfræði 35. Kennsla, önnur en sú sem námsbrautarstjórarnir sinna, er í höndum stundakennara. Húsnæðisaðstaða er í hluta af húsi því sem Iðnskóli Akureyrar hafði áður til umráða og síðan Verkmenntaskólinn á Akureyri. Kennsla fer einnig fram í Íþróttahöllinni við Skólastíg. Auk reglulegrar kennslu á námsbrautunum er þegar á þessu fyrsta námsári hafið fyrirlestrahald á vegum skólans sem jafnframt er ætlað almenningi.

Nefndir starfa að athugun og undirbúningi kennslu í viðskipta- og markaðsfræðum og í matvælafræðum. Nýskipuð er og nefnd til að athuga forsendur kennslu í sjúkranuddi. Hugmyndir hafa verið reifaðar um kennslu á sviði haffræði og sjávarútvegs en nánari umfjöllun þeirra er ekki hafin.

Undanfarna áratugi hefur orðið mikil breyting á háskólamenntun á Vesturlöndum. Fjölbreytni háskólanáms hefur aukist, m.a. hefur ýmiss konar starfsmenntun, sem áður fór fram í sérskólum á framhaldsskólastigi, færst á háskólastig og ný viðhorf hafa valdið breytingum á hlutverki og starfsháttum margra háskóla. Gætt hefur vaxandi tilhneigningar til að efla gagnvirkt samband háskóla og atvinnulífs. Við hlið hinna hefðbundnu, almennu háskóla, þar sem megináhersla er lögð á grundvallarrannsóknir og kennslu í tengslum við þær, hafa risið menntastofnanir með tiltölulega stuttum námsbrautum á háskólastigi. Þessir skólar, sem nefnast ýmsum nöfnum eftir löndum (Community College, Polytechnic, Fachhochschule, Högskola), eiga það margir sammerkt að taka mið af atvinnulífi og starfsgreinum í kennslu sinni, svo og í rannsóknum þar sem þeim er til að dreifa.

Stofnun háskóla á Akureyri samrýmist þessari þróun. Hlutverk Háskólans á Akureyri verður annað fremur en að standa í beinni samkeppni við Háskóla Íslands um námsframboð og rannsóknir. Ekki er heldur gert ráð fyrir að hann verði útibú frá Háskóla Íslands. Verður því strax í upphafi að marka honum með lögum þann vettvang, að hann geti þjónað hlutverki sínu sem sjálfstæð stofnun sem bjóði upp á nýjar námsleiðir er séu í samræmi við þarfir íslensks þjóðfélags hverju sinni.

Eðlilegt er að tekið sé tillit til atvinnuhátta í næsta nágrenni skólans þegar fjallað er um hlutverk hans. Á Akureyri hefur atvinnulífið einkum einkennst af verslun, iðnaði og þjónustu. Þar er öflugt sjúkrahús sem ætlað er það hlutverk að vera varasjúkrahús fyrir allt landið. Þar er margháttaður iðnaður og umsvifamikil verslun og þjónusta við allt Norðurland. Í 1. gr. frumvarps þessa er sérstaklega vísað til atvinnuveganna með ofanritað í huga. Nánar verður síðan að ákvarða í reglugerð einstakar námsbrautir innan þeirra deilda sem gert er ráð fyrir að verði við skólann samkvæmt frumvarpinu.

Gert er ráð fyrir að fyrst í stað hljóti Háskólinn á Akureyri einkum að fást við kennslu á styttri námsbrautum sem ljúki með prófum er veiti tiltekin starfsréttindi en jafnframt rétt til áframhaldandi háskólanáms.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér ræðir um hlutverk skólans, sbr. almennar athugasemdir hér að framan. Tekið er fram að hann sé vísindaleg fræðslustofnun og er þá átt við að kennslan skuli reist á vísindalegum grunni. Rannsóknarstarfsemi innan vébanda háskólans kann að reynast nauðsynleg til að tryggja fræðilegan grundvöll kennslunnar, en sú þörf verður að koma í ljós í tímans rás. Stefna ber að því frá upphafi að kennarar eigi þess kost að sinna rannsóknarverkefnum þegar svo ber undir, t.d. með veitingu orlofs í því skyni.

Um 2. gr.

Samkvæmt frumvarpinu verður tilhögun stjórnar Háskólans á Akureyri með nokkuð öðrum hætti en það fyrirkomulag sem er í Háskóla Íslands. M.a. er hér gert ráð fyrir, að í háskólanefnd, sem ásamt rektor fer með stjórn skólans, verði ekki eingöngu fulltrúar úr hópi kennara háskólans og nemenda, heldur einnig fulltrúar tilnefndir af bæjarstjórn Akureyrar, Fjórðungssambandi Norðlendinga og menntamálaráðherra, sbr. 4. gr. Stjórnkerfið er og talsvert einfaldara í sniðum en í Háskóla Íslands svo sem eðlilegt má telja miðað við umfang starfseminnar.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir að rektor verði skipaður af menntamálaráðherra, að undangenginni auglýsingu starfsins og umfjöllun háskólanefndar. Sá háttur, sem hafður er t.d. í Háskóla Íslands að rektor sé kjörinn af kennurum og nemendum, verður tæpast tímabær fyrr en skólanum hefur vaxið nokkuð fiskur um hrygg að því er varðar fjölda kennara og nemenda. Hins vegar er eðlilegt að skipun rektors sé miðuð við afmarkað tímabil í senn.

Um 4. gr.

Fjöldi fulltrúa í háskólanefnd ræðst samkvæmt þessari grein af fjölda deilda háskólans þar sem forstöðumenn deilda taka sæti í nefndinni samkvæmt stöðu sinni. Miðað við fjölda deilda í upphafi, sbr. 8. gr., verða nefndarmenn átta, að rektor meðtöldum.

Eðlilegt þykir að Akureyrarbær og Fjórðungssamband Norðlendinga eigi hlut að skipun háskólanefndar. Ætti það að stuðla að því að treysta æskilegt samband skólans við umhverfi hans.

Ætla má að í hópi þeirra fulltrúa, sem samkvæmt þessari grein verða tilnefndir í háskólanefndina, verði m.a. menn sem hafa færi á að vinna að tengslum skólans við atvinnulífið.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 6. gr.

Um aðild ráðherra að skipun forstöðumanna deilda háskólans gilda svipuð rök og nefnd voru í athugasemdum við 3. gr. um embætti rektors meðan skólinn er á byrjunarskeiði.

Um 7. gr.

Æskilegt er að setja nánari reglur um hlutverk og verkaskiptingu stjórnunaraðila og starfsmanna háskólans en í lögunum verða samkvæmt frumvarpinu. Við mótun slíkra reglna er eðlilegt að hafa stoð af þeirri reynslu sem fæst á fyrstu missirum skólastarfsins.

Um 8. gr.

Hér er gert ráð fyrir að háskólinn skiptist í deildir en í hverri deild geti verið mismunandi námsbrautir. Hliðstæðu slíks skipulags er m.a. að finna í Tækniskóla Íslands.

Frumvarpið kveður aðeins á um tvær tilteknar deildir, þ.e. heilbrigðisdeild og rekstrardeild. Þetta eru þær deildir sem myndaður er vísir að í upphafi starfseminnar þar sem eru námsbraut í hjúkrunarfræði annars vegar og námsbraut í iðnrekstrarfræði hins vegar. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum hér á undan eru nefndir að störfum til að huga að kennslu á fleiri sviðum, þar á meðal í viðskipta- og markaðsfræðum er falla mundi undir rekstrardeild, og í sjúkranuddi sem yrði á sviði heilbrigðisdeildar. Kennsla í

matvælafræðum, sem einnig er til athugunar í sérstakri nefnd, kynni að verða stofn að þriðju deildinni. Þá skal og minnt á hugmyndir um kennslu á sviði haffræði og sjávarútvegs sem einnig er getið hér að framan.

Þegar námsbrautum fjölgar og starfsemi deilda verður þar með umfangsmeiri og fjölþættari þarf að huga nánar að skipulagi og stjórnkerfi þessara starfseininga. Lokamálsgrein greinarinnar lýtur m.a. að því atriði.

Um 9. gr.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að við Háskólann á Akureyri geti verið flestar sams konar stöður háskólakennara og eru í Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Forsenda fyrir stofnun dósents- og prófessorsembætta verður að skilyrði séu til að tryggja rannsóknarþátt slíkra starfa annaðhvort innan skólans sjálfs eða með samstarfi við stofnanir eða fyrirtæki utan hans. Ákvæðin um dómnefndir miðast við að hæfniskröfur, sem umsækjendur um þess háttar stöður þurfi að fullnægja, séu sambærilegar við þær kröfur sem gerðar eru í framangreindum háskólum.

Um 10. gr.

Þau mörk háskólaárs og kennslumissira, sem hér er gert ráð fyrir sem meginreglu, eru sett með hliðsjón af þeirri þróun sem verið hefur í skólakerfinu almennt undanfarin ár.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir að stúdentspróf sé að meginreglu skilyrði til inngöngu í Háskólann á Akureyri, en að önnur undirbúningsmenntun geti þó komið í þess stað ef hún telst fullnægjandi grundvöllur til að stunda nám við skólann. Slík rýmkun formlegra inngönguskilyrða til háskólanáms var fyrir allmörgum árum heimiluð í lögum um Háskóla Íslands og er eðlileg afleiðing af aukinni fjölbreytni námsleiða á framhaldsskólastigi.

Um 12. gr.

Reglugerðarákvæði samkvæmt þessari grein mundu taka til ýmissa veigamikilla atriða er varða starfsemi háskólans, m.a. hvaða námsgreinar koma til prófs á einstökum námsbrautum, hvernig námsbrautir skiptast í prófáfanga og hversu langan tíma skal ætla fyrir hvern áfanga og til lokaprófs.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 14. gr.

Líta verður á næstu ár sem mótunartíma þeirrar nýju stofnunar sem frumvarp þetta fjallar um. Ákvæðið um endurskoðun laganna innan þriggja ára á að tryggja að sú reynsla, sem fæst á þessu byrjunarskeiði, verði notuð til að treysta grundvöll starfseminnar og marka nánar stefnu hennar og umgjörð til nokkurrar framtíðar. Mun þá m.a. koma til álita hvort fella beri í lög ákvæði um ýmis atriði sem gert er ráð fyrir að í fyrstu verði skipað með reglugerð.

Nd. 236. Nefndarálit [70. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum.

Frá fjárhags- og viðskipanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Hún telur æskilegt að veita heimild til að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum og mælir með því að frumvarpið verði samþykkt.

Páll Pétursson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. des. 1987.

Matthías Bjarnason, varaform., frsm.	Geir H. Haarde, fundaskr.	Guðmundur G. Þórarinsson.
Kristín Halldórsdóttir.	Kjartan Jóhannsson.	Steingrímur J. Sigfússon.

Nd. 237. Breytingartillaga [47. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. l. nr. 54/1986 og 27/1987.

Frá Kristínu Einarsdóttur og Steingrími J. Sigfússyni.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Í stað 1. málsl. 6. mgr. (verður 7. mgr.) 12. gr. laganna komi tveir nýir málsliðir er orðist svo:

Umsækjendur, sem ekki uppfylla skilyrði laga þessara um lánveitingu skv. 13., 14., 18. og 25. gr., skulu innan þriggja mánaða frá því að umsókn var lögð inn fá svar ef um synjun er að ræða. Endanleg svör um afgreiðslutíma láns og lánsfjárhæð berist eigi síðar en ári áður en fyrsti hluti láns kemur til afgreiðslu.

Nd. 238. Frumvarp til laga [203. mál]

um breyting á lögum nr. 84/1986, um breyting á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 84/1986 orðist svo:

Í Reykjavíkurlæknishéraði og heilsugæsluumdæminu Garðakaupstað skal frestur þessi standa til ársloka 1988.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í Reykjavíkurlæknishéraði og í heilsugæsluumdæmi Garðakaupstaðar er enn starfað eftir eldri lögum um heilsuvernd og gildir því í reynd tvenns konar kerfi í landinu. Þar sem viðbúið er að nokkurn tíma geti tekið að koma á kerfi heilsugæslu, eftir að ákvörðun hefur verið tekin um að setja það á fót, er í frumvarpi þessu lagt til að frestur til að taka það upp í Reykjavík og í Garðakaupstað gildi áfram út næsta ár. Á þeim tíma mundi ráðuneytið í samráði við Reykjavíkurborg og bæjarstjórn Garðakaupstaðar vinna að lausn þeirra mála sem tengjast kerfisbreytingunni, en þar er fyrst og fremst um að ræða yfirfærslu fjármuna milli kerfa, þ.e. frá sjúkratryggingum yfir til heilsugæslunnar og endurgreiðslur vegna fjárfestingarkostnaðar. Einnig þarf að ræða við stéttarfélög hlutaðeigandi starfsmanna, svo sem lækna og hjúkrunarfræðinga.

Þegar eru hafnar viðræður við bæjarstjórn Garðakaupstaðar um ofangreinda kerfisbreytingu og fljótlega verða hafnar viðræður við Reykjavíkurborg. Rétt er að geta þess að í Reykjavík eru reknar nokkrar heilsugæslustöðvar samkvæmt lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, en endanleg ákvörðun hefur ekki enn verið tekin um samræmt kerfi sem bæri sömu skyldur gagnvart öllum íbúum svæðisins.

Ed. 239. Breytingartillögur [54. mál]

við frv. til l. um útflutningsleyfi o.fl.

Frá Júlíusi Sólnes og Guðmundi Ágústssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Útflutningur á vörum er frjáls.
   Útflytjendur eru skyldir að veita utanríkisráðuneytinu þær upplýsingar sem það óskar um allt er varðar sölu og útflutning vara sem seljast eiga til útlanda.
2. 2. gr. falli brott.
3. 3. gr. falli brott.

Nd. 240. Nefndarálit [47. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986 og lög nr. 27/1987.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur haldið tíu bókaða fundi um frumvarpið og sendi það allmörgum aðilum til umsagnar 3. nóv. sl. Svör bárust frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Sambandi almennra lífeyrissjóða, Landssambandi lífeyrissjóða, Húsnæðisstofnun ríkisins, Landssambandi verslunarmanna, Félagi fasteignasala, BSRB og Lífeyrissjóði verslunarmanna. Enn fremur barst svar frá félagsmálaráðuneyti um túlkun laganna með tilliti til reglugerða.

Nefndin fékk á sinn fund Hallgrím Snorrason hagstofustjóra sem veitti forstöðu nefnd er samdi núgildandi lög, nr. 54/1986, svo og framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins,

Sigurð E. Guðmundsson, Hilmar Þórisson skrifstofustjóra, Grétar J. Guðmundsson, forstöðumann ráðgjafarstöðvar Húsnæðisstofnunarinnar, og Katrínu Atladóttur deildarstjóra. Á fund nefndarinnar hafa einnig komið Ásmundur Stefánsson, forseti ASÍ, Þórarinn V. Þórarinsson, framkvæmdastjóri VSÍ, og Pálmi Kristinsson.

Eins og sjá má af þessari upptalningu taldi nefndin nauðsynlegt að fá sem gleggsta mynd af viðhorfum aðila til þessa frumvarps. Gildandi lög eru reist á samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og fyrrverandi ríkisstjórnar í febrúarsamningunum 1986 sem gerir ráð fyrir að lífeyrissjóðir í landinu kaupi skuldabréf af byggingarsjóðunum fyrir 55% af ráðstöfunarfé sínu, en á því byggist réttur einstaklinga til lána úr byggingarsjóðunum.

Aðilar vinnumarkaðarins töldu að ef breyta þyrfti núgildandi lögum yrði samráð haft við þá um þær breytingar, en gert er ráð fyrir samningum við alla lífeyrissjóði til tveggja ára í senn. Á þessu hausti var samið við samtök lífeyrissjóða um skuldabréfakaup fyrir árin 1989 og 1990. Aðeins fáir lífeyrissjóðir hafa gengið endanlega frá samningum þetta tímabil og er það áhyggjuefni.

Svör umsagnaraðila eða viðmælenda verða ekki rakin í þessu nefndaráliti.

Rétt er að það komi skýrt fram að með frumvarpinu, eins og nefndin leggur til að það verði samþykkt, eru ekki gerðar grundvallarbreytingar á húsnæðislánakerfi því sem komið var á vorið 1986. Með frumvarpinu er þó tekið fyrsta skrefið til að koma því jafnvægi á í húsnæðiskerfinu sem að er stefnt í samræmi við ákvæði í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Heildarendurskoðun þessa kerfis hlýtur að verða næsta skref í máli þessu, með tilliti til fenginnar reynslu og fjölda ábendinga sem fram hafa komið innan þings og utan.

Nefndin hefur komið sér saman um breytingartillögur sem eru í samræmi við þann tilgang frumvarpsins að tryggja betur forgang þeirra til lána sem eru í brýnni þörf fyrir lánafyrirgreiðslu, takmarka sjálfvirkni í útlánum og draga úr þenslu á fasteignamarkaði.

Frumvarpið mun hins vegar létta nokkuð á kerfinu með því að veittar eru heimildir til að skerða lán til þeirra er eiga fyrir fullnægjandi húsnæði og veita slíkum aðilum lán á lakari kjörum en þeim sem skipa forgangshópinn. Kemur í því efni hvort tveggja til greina, að stytta lánstíma og hækka vexti. Einnig gerir frumvarpið ráð fyrir því að unnt verði að færa í forgangsröð nokkurn hóp fólks sem á íbúð fyrir en býr í raun vegna þrengsla eða sérstaklega erfiðra fjölskylduástæðna við síst betri kost en ýmsir sem ekki eiga íbúð fyrir. Loks gerir frumvarpið ráð fyrir heimild til að synja þeim um lán sem eiga fyrir fleiri en eina íbúð.

Mikilvægasta grein frumvarpsins er þó fyrir margra hluta sakir 2. gr. þess. Þar er kveðið á um breytta skipan varðandi svör Húsnæðisstofnunar til umsækjenda. Með þeirri tilhögun, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er komið í veg fyrir að útgáfa svonefndra lánsloforða Húsnæðisstofnunar verði áfram sú uppspretta efnahagslegrar þenslu og hækkunar á fasteignamarkaðnum sem verið hefur. Auk þess er stofnuninni ekki gert að skuldbinda sig fjárhagslega nokkur ár fram í tímann. Frá sjónarmiði almennrar efnahagsstjórnar er hér um mjög mikilvægt atriði að ræða, þótt hitt sé rétt að með þessu móti fá umsækjendur ekki jafnskjótt og áður örugga vitneskju um það hvenær þeir fá lán sín afgreidd. Það er galli sem þó vegur ekki upp kosti þessarar breytingar.

Í þeirri heildarathugun í húsnæðislánakerfinu, sem nefndin telur nauðsynlegt að ráðast í, eru nokkur atriði öðrum fremur sem brýnt er að tekin verði til athugunar.

Í fyrsta lagi ber að nefna nauðsyn þess að tryggja fjárhagsstöðu húsnæðislánakerfisins til frambúðar þar sem nú er sýnt að vaxtamunur er orðinn meiri en talið hefur verið að kerfið þyldi. Raunar er brýnt að þegar verði gerðar ráðstafanir til að minnka þann mun sem er á teknum og veittum lánum Húsnæðismálastofnunar. Ákvörðun um það er á valdi ríkisstjórnarinnar og kallar ekki á lagabreytingu.

Í öðru lagi þarf að kanna hvort grundvöllur geti verið fyrir því að flytja hluta verkefna Húsnæðisstofnunar yfir í bankakerfið með samningum við lífeyrissjóði og bankastofnanir. Í

þessu sambandi kemur til athugunar með hvaða hætti húsnæðisbætur í skattkerfinu geti komið í stað niðurgreiðslu vaxta.

Jafnframt er rétt að kanna að nýju hugmyndir um að binda lán Húsnæðisstofnunar við einstaklinga í stað íbúða og hvort komið geti til greina að skipta heildarlánsfé milli kjördæma í samræmi við lánveitingar lífeyrissjóða í einstökum kjördæmum. Einnig væri þarft að kanna möguleika á sérstökum lánaflokkum til styttri tíma en almennt gerist og með breytilegum kjörum til að koma til móts við þarfir einstakra hópa sem ekki þurfa á stórum lánum til mjög langs tíma að halda.

Æskilegt er að þessari heildarendurskoðun ljúki fyrir upphaf næsta þings.

Á sérstöku þingskjali flytur meiri hl. nefndarinnar breytingartillögur við allar greinar frumvarpsins. 4. gr. frumvarpsins, um breytilega vexti, fellur út þar sem nefndin telur að ríkisstjórnin hafi nægar heimildir til vaxtaákvarðana í 30. gr. laga nr. 54/1986.

Meiri hl. nefndarinnar leggur áherslu á að reglugerðir um framkvæmd þessarar lagabreytingar verði gefnar út jafnskjótt og auðið er eftir að lög þessi hafa verið samþykkt.

Minni hl. nefndarinnar munu skila sérálitum.

Steingrímur J. Sigfússon sat fundi nefndarinnar og mun gera grein fyrir afstöðu sinni.

Alþingi, 10. des. 1987.

Alexander Stefánsson, form., frsm. Jón Sæmundur Sigurjónsson, fundaskr. Geir H. Haarde.

Eggert Haukdal. Jón Kristjánsson.

Nd. 241. Breytingartillögur [47. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986 og lög nr. 27/1987.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar (AS, GHH, EH, JSS, JK).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

   Á eftir 5. mgr. 12. gr. laganna (sbr. l. nr. 27/1987) komi ný málsgrein svohljóðandi:

   Þrátt fyrir ákvæði 1.–5. mgr. er húsnæðismálastjórn heimilt að skerða eða synja um lán ef umsækjandi á fyrir fleiri en eina íbúð. Einnig er húsnæðismálastjórn heimilt, þrátt fyrir ákvæði 12., 13., 14. og 30. gr. laga þessara, að skerða lán og breyta kjörum á lánum umsækjenda sem eiga fyrir fullnægjandi íbúðarhúsnæði, skuldlaust eða skuldlítið og stærra en 180 m^2 brúttó, að frádregnum bílskúr. Um stærðarútreikning íbúða gilda sömu reglur og samkvæmt c-lið 13. gr. Ef umsækjandi er í hjónabandi eða óvígðri sambúð skal miða við íbúðareign beggja. Ákvörðun húsnæðismálastjórnar um skerðingu eða synjun á láni skal vera rökstudd. Nánari reglur um framangreind atriði skal setja í reglugerð.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

   Í stað 1. málsl. 6. mgr. (verður 7. mgr.) 12. gr. laganna komi þrír nýir málsliðir sem hljóði svo:

   Umsækjendur, sem uppfylla skilyrði laga þessara um lánveitingu skv. 13., 14., 18. og 25. gr., skulu innan þriggja mánaða frá því að umsókn var lögð fram fá svar um hvort þeir eigi rétt á láni. Í svari Húsnæðisstofnunar til umsækjanda skal koma fram að lánið sé háð því að lífeyrissjóður eða sjóðir, sem umsækjandi er félagi í, hafi fullnægt samningi

við Húsnæðisstofnun um ráðstöfunarfé til Byggingarsjóðs ríkisins. Endanleg svör um afgreiðslutíma láns og lánsupphæð berist eigi síðar en einu ári áður en fyrsti hluti láns kemur til afgreiðslu.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   7. mgr. (verður 8. mgr.) 12. gr. laganna hljóði svo:
   Úthlutun lána til þeirra sem eru að byggja eða kaupa íbúð í fyrsta sinn, svo og lána til meiri háttar viðbygginga, endurbóta eða orkusparnaðar, skal ganga fyrir úthlutun lána til þeirra sem eiga íbúð fyrir og skulu fyrrnefnd lán afgreidd í sömu röð og umsóknir berast eða íbúðir verða veðhæfar. Á sama hátt er húsnæðismálastjórn heimilt að láta úthlutun lána til þeirra ganga fyrir sem eiga fyrir ófullnægjandi íbúð og þurfa að skipta um húsnæði af fjölskylduástæðum. Nánari reglur um framangreind atriði skulu settar í reglugerð. Heimilt er að skipta láni í allt að þrjá hluta eftir nánari reglum sem húsnæðismálastjórn setur enda fylgi lánið eða lánshlutarnir að fullu ársfjórðungslegum breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar.
4. Við 4. gr. Greinin falli brott.
5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. og 3. gr. gilda um umsóknir sem borist hafa Húsnæðisstofnun ríkisins frá og með 13. mars 1987.

Nd. 242. Nefndarálit [47. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986 og lög nr. 27/1987.

Frá 1. minni hl. félagsmálanefndar.

Í kjölfar samninga á vinnumarkaði í febrúar 1986 voru samþykktar breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins sem þó náðu aðeins til hluta lánakerfisins og voru reyndar samþykktar með þeim fyrirvara sem fram kemur í nefndaráliti meiri hl. þáverandi félagsmálanefndar á þskj. 1017 (108. löggjafarþing) að húsnæðislánakerfið yrði tekið til gagngerrar endurskoðunar með sérstöku tilliti til félagslegra íbúða, leiguíbúða, íbúða fyrir aldraða, öryrkja og námsmenn, svo og með því að kanna leiðir til að koma til móts við þá sem hafa lent í verulegum greiðsluerfiðleikum eftir 1980 og hið nýja húsnæðislánakerfi tekur ekki til.

Slík endurskoðun hefur enn ekki farið fram og verður því að líta á breytingar á núgildandi lögum sem bráðabirgðalausn til að leysa úr brýnasta vandanum nú vegna þeirra fjölmörgu umsókna sem liggja hjá Húsnæðisstofnun.

Frumvarpið hefur það að markmiði að tryggja betur forgang þeirra sem eru í brýnni þörf fyrir lánafyrirgreiðslu, draga úr sjálfvirkni í útlánum og fjárþörf húsnæðiskerfisins og draga úr þenslu á fasteignamarkaði.

Með frumvarpinu er ekki verið að gera grundvallarbreytingar á húsnæðislánakerfinu en slík endurskoðun er nauðsynleg í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af núgildandi lánakerfi.

Frumvarpið, með þeim breytingum sem meiri hl. nefndarinnar flytur við það, gerir ráð fyrir að færa í forgangshóp þá sem eiga ófullnægjandi íbúð og þurfa að skipta um húsnæði af fjölskylduástæðum. Þetta er mikilvæg breyting vegna þess að margar stórar fjölskyldur eru oft í mun erfiðari aðstöðu en ýmsir sem eru að byggja eða kaupa íbúð í fyrsta sinn.

Sjálfsögð er sú breyting á núgildandi lögum að takmarka rétt þeirra sem eiga margar íbúðir eða miklar eignir. Enn fremur telur 1. minni hl. að þeir sem eru að kaupa eða byggja í

fyrsta sinn, svo og þeir sem eru að stækka við sig vegna ófullnægjandi íbúðarhúsnæðis, eigi að hafa rétt til lána hjá Húsnæðisstofnun með lágum vöxtum. Aðrir ættu að fá lán með annars konar kjörum, annaðhvort hjá Húsnæðisstofnun eða bönkum.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að hætt verði að gefa bindandi svar um lánstíma og lánsupphæð fyrr en a.m.k. einu ári áður en lán er veitt. Hins vegar fái menn svar innan þriggja mánaða frá umsókn um það hvort þeir eigi rétt á láni. Undirrituð óttast að sú tilhögun komi ekki í veg fyrir verslun með þá pappíra sem fólk fær í hendur, eins og tíðkast hefur í einhverjum mæli með þau lánsloforð sem fólk fær nú. Því ætti ekki að gefa nein svör um lán fyrr en endanlegt svar um lánstíma og lánsupphæð liggur fyrir og flytur undirrituð breytingartillögu þess efnis á sérstöku þingskjali ásamt Steingrími J. Sigfússyni.

Vandi húsnæðislánakerfisins leysist ekki með þessu frumvarpi. Fjárveitingar til Byggingarsjóðs ríkisins hafa ekki verið og eru ekki í neinu samræmi við það sem til þarf til að kerfið nái jafnvægi. Er nú ljóst að ef ekki verður tekin upp stefnubreyting í þessum málum verður sjóðurinn gjaldþrota innan fárra ára.

Þar sem frumvarpið, með þeim breytingum sem meiri hl. nefndarinnar flytur, gengur í átt til réttlátara húsnæðislánakerfis mun 1. minni hl. styðja það með fyrirvara um 2. gr. frumvarpsins.

Alþingi, 10. des. 1987.

Kristín Einarsdóttir.

Nd. 243. Nefndarálit [47. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986 og lög nr. 27/1987.

Frá 2. minni hl. félagsmálanefndar.

Frumvarp þetta um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins ber þess glöggt vitni að enn er mikill vandi fram undan og frambúðarlausn á fjármögnun og útfærslu húsnæðislánakerfisins ófundin.

Í athugasemdum með frumvarpinu er meira að segja svo langt gengið að segja: „Með hliðsjón af framansögðu er ljóst að grípa verður til áhrifaríkra aðgerða til að koma í veg fyrir gjaldþrot húsnæðiskerfisins. Fyrstu skrefin í þá átt eru stigin með þeim breytingartillögum sem felast í þessu frumvarpi.“

Annar minni hl. er þeirrar skoðunar að hér sé ekki hreyft við grundvallarvanda þess kerfis, en hann er að mati undirritaðs *lánskjaravísitalan* sem sett var með lögum nr. 13/1979. Í sjálfu sér eru flest atriði 1. gr. þessa frumvarps spor í rétta átt þegar haft er í huga að hér er verið að skipta of litlu fjármagni á milli of margra.

Engu síður er ljóst að mikið vantar á að tekist sé á við þetta verkefni á viðunandi hátt. Það sést m.a. á 2. gr. frumvarpsins, en þar segir „að umsækjendur ... skuli innan þriggja mánaða frá því að umsókn var lögð fram fá svar um hvort þeir eigi rétt á láni og líklegan afgreiðslutíma láns. Endanleg svör um afgreiðslutíma láns og lánsupphæð berist eigi síðar en einu ári áður en fyrsti hluti láns kemur til afgreiðslu.“

Allir munu sjá um hve losaralega löggjöf hér er að ræða þar sem engin tímamörk eru sett frá fyrstu svörum til endanlegra svara. Að minnsta kosti virðist líklegt að um árabil sé að ræða í þessu efni.

Meginniðurstaða undirritaðs er því sú að húsnæðislánakerfið sé nú á þeim krossgötum að óhjákvæmilegt sé að Alþingi taki það til endurskoðunar frá rótum með afnámi *lánskjaravísitölunnar* og reisi á þeirri endurskoðun löggjöf um gjörbreytt kerfi sem ætlað væri að standa lengur en fáeina mánuði — eins og raunin hefur orðið á um alla löggjöf í þessu efni seinustu þrjú til fjögur ár.

Mikilvægt er að menn átti sig á og viðurkenni að lánskjaravísitalan samkvæmt lögum nr. 13/1979 er hér meginógæfuvaldur sem mestu skiptir að uppræta.

Í tillögum, sem þingmenn Borgaraflokksins flytja á Alþingi um heildarendurskoðun á húsnæðislánalöggjöfinni, er bent á leiðir til lausnar í þessu efni sem leysa mundi lánskjaravísitöluna af hólmi öllum til ómælds léttis.

Í þeim tilgangi m.a. flytja þingmenn Borgaraflokksins breytingartillögur við þetta frumvarp í neðri deild.

Alþingi, 10. des. 1987.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Sþ. 244. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1988.

Frá fjárveitinganefnd.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 1-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa.	
a. Við 520 Stjórnarráðshús, viðhald.	
Fyrir „1 900“ kemur	2 100
b. Við 521 Ráðherrabústaður Tjarnargötu, viðhald.	
Fyrir „1 200“ kemur	1 800
2. Við 4. gr. 2-201 Háskóli Íslands.	
a. Við 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „69 900“ kemur	70 107
b. Nýr liður:	
104 Kvennarannsóknir	1 250
c. Við 110 Guðfræðideild.	
Fyrir „14 366“ kemur	14 881
d. Við 111 Læknadeild.	
Fyrir „106 029“ kemur	107 578
e. Við 112 Tannlæknadeild.	
Fyrir „31 277“ kemur	31 577
f. Við 113 Lyfjafræði lyfsala.	
Fyrir „11 998“ kemur	12 365
g. Við 114 Lagadeild.	
Fyrir „17 834“ kemur	18 605
h. Við 115 Viðskiptadeild.	
Fyrir „35 234“ kemur	36 093
i. Við 116 Heimspekideild.	
Fyrir „81 688“ kemur	82 749
j. Við 117 Verkfræðideild.	
Fyrir „69 407“ kemur	70 874

	Þús. kr.
k. Við 118 Félagsvísindadeild.-	
Fyrir „44 448“ kemur	44 770
l. Við 120 Háskólabókasafn.	
Fyrir „38 346“ kemur	38 421
m. Við 121 Mannfræðistofnun.	
Fyrir „3 006“ kemur	3 081
n. Við 125 Raunvísindadeild.	
Fyrir „146 268“ kemur	149 109
o. Við 126 Stofnun Sigurðar Nordals.	
Fyrir „2 968“ kemur	3 043
3. Við 4. gr. 2-202 101 Tilraunastöð Háskólans á Keldum.	
Fyrir „53 463“ kemur	55 063
4. Við 4. gr. 2-205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „24 002“ kemur	24 502
5. Við 4. gr. 2-206 101 Orðabók Háskólans.	
Fyrir „10 753“ kemur	11 253
6. Við 4. gr. 2-319 101 Framhaldsskólar, almennt.	
Fyrir „53 098“ kemur	56 098
7. Við 4. gr. 2-321 Kennaraháskóli Íslands.	
a. Við 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „145 996“ kemur	146 496
b. Við 601 Endurbætur og tækjakaup.	
Fyrir „7 400“ kemur	9 000
8. Við 4. gr. 2-331 Íþróttakennaraskóli Íslands.	
a. Nýr liður:	
501 Íþróttavellir o.fl., viðhald	1 000
b. Við 650 Nýbygging og tækjakaup.	
Fyrir „9 800“ kemur	8 000
c. Nýr liður:	
601 Kennslutæki	3 000
9. Við 4. gr. 2-351 611 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, íþróttahús.	
Fyrir „12 300“ kemur	17 300
10. Við 4. gr. 2-354 Fjölbrautaskólinn á Akranesi. Nýr liður:	
602 Mötuneyti, nýbygging	5 000
11. Við 4. gr. 2-355 Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum. 601 Uppgjör.	
Fyrir „900“ kemur	1 500
12. Við 4. gr. 2-359 Verkmenntaskóli á Akureyri. 601 Nýbygging.	
Fyrir „17 200“ kemur	22 200
13. Við 4. gr. 2-506 Vélskóli Íslands. Nýr liður:	
690 Tækjakaup	500
14. Við 4. gr. 2-514 Iðnskólinn í Reykjavík. 501 Fasteignir.	
Fyrir „3 700“ kemur	6 200
15. Við 4. gr. 2-515 Iðnnám, almennt. Nýr liður:	
690 Iðnskólar, almennt	2 000
16. Við 4. gr. 2-603 Héraðsskólinn Reykjanesi.	
a. Við 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „3 588“ kemur	7 218

	Þús. kr.
b. Við 102 Annað en kennsla.	
Fyrir „2 663“ kemur	5 623
c. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „290“ kemur	570
17. Við 4. gr. 2-607 Héraðsskólinn Laugarvatni.	
a. Við 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „2 897“ kemur	5 787
b. Við 102 Annað en kennsla.	
Fyrir „1 924“ kemur	4 184
c. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „260“ kemur	520
18. Við 4. gr. 2-610 Héraðsskólar, almennt. 690 Stofnkostnaður.	
Fyrir „17 900“ kemur	26 200
19. Við 4. gr. 2-701 101 Grunnskólar, Reykjanesi.	
Fyrir „656 750“ kemur	657 720
20. Við 4. gr. 2-703 101 Grunnskólar, Vesturlandi.	
Fyrir „262 394“ kemur	262 639
21. Við 4. gr. 2-704 101 Grunnskólar, Vestfjörðum.	
Fyrir „172 323“ kemur	172 513
22. Við 4. gr. 2-705 101 Grunnskólar, Norðurlandi vestra.	
Fyrir „195 956“ kemur	196 156
23. Við 4. gr. 2-706 101 Grunnskólar, Norðurlandi eystra.	
Fyrir „399 552“ kemur	399 847
24. Við 4. gr. 2-707 101 Grunnskólar, Austurlandi.	
Fyrir „219 443“ kemur	219 668
25. Við 4. gr. 2-708 101 Grunnskólar, Suðurlandi.	
Fyrir „329 349“ kemur	330 114
26. Við 4. gr. 2-720 190 Grunnskólar, óskipt.	
Fyrir „3 570“ kemur	6 070
27. Við 4. gr. 2-730 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra o.fl.	
a. Við 690 Stofnkostnaður.	
Fyrir „200 000“ kemur	335 215
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirlit á þessa leið:	

Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög (02-730 6.90).

a. Bygging grunnskóla o.fl.

1. Reykjavík:	Þús. kr.
Hlíðaskóli, 4. áf. og íþróttahús	300
Hólabrekkuskóli, 2. og 3. áf.	3 400
Hvassaleitisskóli, 3. áf. íþróttahúss	200
Seljaskóli, lóð	7 000
Foldaskóli, 1. og 2. áf., sérsamningur	30 000
Vesturbæjarskóli, 1. áf.	3 000
Ölduselsskóli, 2. áf. og lóð	2 000

	Þús. kr.
Ölduselsskóli, sundlaug	100
Ártúnsskóli	2 000
Selásskóli, 1. áf.	1 100
Suðurselásskóli	100
Grandaskóli	1 000
2. Kópavogur:	
Fastur samningur	8 600
Íþróttahús (Digranesskóli)	1 400
3. Hafnarfjörður:	
Sundlaug	2 200
Víðistaðaskóli, 4. og 5. áf.	5 000
Víðistaðaskóli, viðbygging	300
Öldutúnsskóli, 4. áf.	1 800
4. Seltjarnarnes:	
Sundlaug	300
5. Garðabær:	
Sundlaugarhús	2 000
6. Keflavík:	
Íþróttahús, 1. áf.	200
Sundlaug	2 000
Myllubakkaskóli	2 300
7. Grindavík:	
Íþróttahús, 1. áf.	300
Skóli, viðbygging	2 000
8. Njarðvík:	
Viðbygging skóla	2 000
9. Bessastaðahreppur:	
Skóli, íþróttahús og sundlaug	6 100
10. Mosfellsbær:	
Íþróttahús, 1. áf.	4 000
Varmárskóli, 2. áf.	1 800
11. Sandgerði:	
Stækkun skóla, 2. áf.	2 500
Sundlaug og íþróttahús	100
12. Gerðahreppur:	
Sundlaug og búningsklefar	500
Stækkun skóla	1 000
13. Vatnsleysustrandarhreppur:	
Sundlaug og baðklefar	100
14. Kjalarneshreppur:	
Skóli, stækkun	4 400
15. Akranes:	
Grundaskóli, 1. og 2. áf.	10 000
Brekkubæjarskóli, viðbygging	4 700
Sundlaug	900
16. Leirársveit:	
Heiðaskóli, búningsklefar	1 200
17. Ólafsvík:	
Stækkun skóla	1 000

	Þús. kr.
18. Andakílshreppur:	
Grunnskóli Hvanneyri	500
19. Reykholtsdalshreppur, Kleppjárnsreykir:	
Sundlaug	300
Mötuneyti	300
20. Stafholtstungnahreppur, Varmalandsskóli:	
Íþróttahús	100
Viðbygging, 1. áf.	1 600
21. Borgarneshreppur:	
Grunnskóli, stækkun og breytingar	2 800
22. Eyjahreppur, Laugagerðisskóli:	
Íþróttahús og stækkun skóla	3 500
23. Neshreppur utan Ennis, Hellissandur:	
Skóli, stækkun, 1. og 2. áf.	2 200
24. Eyrarsveit, Grundarfjörður:	
Íþróttahús	4 000
25. Stykkishólmshreppur:	
Íþróttahús	5 500
Skóli, lausar stofur	1 000
26. Laxárdalshreppur, Búðardalur:	
Skóli, 2. áf.	2 000
27. Hvammshreppur, Laugaskóli:	
Íþróttahús	3 500
Uppgjör	1 000
28. Reykhólahreppur:	
Endurbygging sundlaugar	500
29. Bíldudalur:	
Íþróttahús	500
30. Ísafjörður:	
Skólamannvirki	2 500
Íþróttahús	12 000
31. Bolungarvík:	
Íþróttahús, 1. áf.	500
Stækkun skóla og viðbygging, 1. áf.	5 000
32. Súgandafjörður:	
Sundlaug	900
33. Geiradalshreppur:	
Íbúð og viðbygging við félagsheimili	200
34. Barðastrandarhreppur:	
Skóli og jarðborun	100
35. Patrekshreppur:	
Viðbygging skóla	1 000
36. Tálknafjarðarhreppur:	
Íþróttahús og félagsheimili	1 000
37. Flateyrarhreppur:	
Íþróttamannvirki	500
38. Suðureyrarhreppur:	
Íþróttaaðstaða í félagsheimili	1 000

	Þús. kr.
39. Súðavíkurhreppur:	
Skóli, nýbygging	600
40. Árneshreppur, Finnbogastaðir:	
Skólastjóraíbúð, stækkun	1 500
41. Kaldrananeshreppur, Drangsnes, Klúka:	
Stækkun skóla	2 000
42. Hólmavíkurhreppur:	
Skóli, 2. áf.	1 000
Íþróttaaðstaða í félagsheimili	500
43. Fells- og Óspakseyrarhreppur:	
Skóli Broddanesi	100
44. Siglufjörður:	
Íþróttahús	3 000
45. Sauðárkrókur:	
Íþróttahús, 1. áf.	2 000
Barnaskóli, endurbætur	900
46. Ytri-Torfustaðahreppur, Laugabakkaskóli:	
Íþróttahús	500
47. Hvammstangahreppur:	
Sundlaug og búningsklefar	200
Skóli, nýbygging	3 800
48. Þverárhreppur:	
Skólastjóraíbúð	400
49. Torfalækjarhreppur, Húnavallaskóli:	
Endurbætur o.fl.	1 500
Kennaraíbúð	600
50. Skagaströnd:	
Sundlaug	1 800
Skólastjóraíbúð	400
51. Blönduóshreppur:	
Íþróttahús	5 700
52. Seyluhreppur, Varmahlíð:	
Íþróttamannvirki	3 500
Uppgjör skóla	100
53. Lýtingsstaðahreppur:	
Íþróttahús og sundlaug	800
Skólastjórabústaður	800
54. Akrahreppur:	
Skóli, viðbygging	500
55. Hólahreppur:	
Skóli og íbúðir	100
56. Hofsóshreppur:	
Viðbygging skóla og 4. áf. bókasafns	800
57. Haganeshreppur:	
Viðbygging skóla og bókasafn	1 000
58. Akureyri:	
Lundarskóli, 2 áf.	4 500
Síðuskóli, 1. áf.	10 000
Íþróttahús	500
Sundlaug	500

		Þús. kr.
59.	Húsavík:	
	Íþróttahús, 1. áf.	2 000
	Barnaskóli, stækkun	300
60.	Ólafsfjörður:	
	Íþróttahús	1 500
	Barnaskóli	1 500
61.	Dalvík:	
	Mötuneyti í heimavist	250
	Skóli, stækkun	1 250
62.	Grímseyjarhreppur:	
	Skólastjóraíbúð	100
	Sundlaug	1 400
63.	Svarfaðardalshreppur:	
	Sundskáli, endurbætur	600
64.	Árskógsskóli:	
	Viðbygging	100
65.	Hríseyjarhreppur:	
	Íþróttahús og skóli	1 600
66.	Hrafnagilshreppur:	
	Sundlaug, 3. áf., og íþróttahús	2 300
67.	Öngulsstaðahreppur, Laugaland:	
	Endurbætur	1 000
68.	Svalbarðsstrandarhreppur:	
	Íþróttahús o.fl.	1 000
69.	Grýtubakkahreppur, Grenivík:	
	Skóli, 1. áf., og íþróttahús	2 000
70.	Bárðdælahreppur:	
	Mötuneyti skóla	300
71.	Skútustaðahreppur:	
	Skóli	2 000
72.	Reykdælahreppur:	
	Skólastjóraíbúð	600
73.	Aðaldælahreppur, Hafralækjarskóli:	
	Íbúð og lóðir	600
74.	Öxarfjarðarhreppur, Lundarskóli:	
	Skóli, 1. áf., og mötuneyti	1 400
75.	Presthólahreppur, Kópasker:	
	Skóli, nýbygging	900
76.	Raufarhafnarhreppur:	
	Sundlaug	1 500
77.	Svalbarðshreppur:	
	Skóli og íbúð	1 200
78.	Seyðisfjörður:	
	Nýbygging skóla	700
	Íþróttahús	2 300
79.	Neskaupstaður:	
	Íþróttahús	1 500
80.	Eskifjörður:	
	Skóli og íþróttahús, endurbætur	3 000

		Þús. kr.
81.	Skeggjastaðahreppur:	
	Skóli, nýbygging	1 200
82.	Vopnafjarðarhreppur:	
	Íþróttahús	2 500
83.	Hlíðarhreppur:	
	Lóðarframkvæmdir	300
84.	Jökuldalshreppur:	
	Stækkun og endurbætur	1 000
85.	Fellahreppur:	
	Skóli	3 000
86.	Egilsstaðir:	
	Íþróttahús, 1. og 2. áf.	2 000
87.	Hallormsstaður:	
	Íþróttahús, sundlaug og endurbætur skóla	600
88.	Eiðahreppur:	
	Viðbygging skóla og endurbætur	1 800
89.	Mjóafjarðarhreppur:	
	Skóli og endurbætur	300
90.	Reyðarfjörður:	
	Stækkun skóla	2 000
91.	Búðahreppur:	
	Endurbætur á sundlaug	1 200
	Íþróttahús	500
92.	Stöðvarhreppur:	
	Skóli og sundlaug	3 200
93.	Breiðdalshreppur:	
	Skóli	3 200
94.	Beruneshreppur:	
	Endurbætur íbúðar	200
95.	Búlandshreppur, Djúpivogur:	
	Heimavist	3 200
96.	Geithellnahreppur:	
	Skóli, nýbygging	200
97.	Nesjahreppur:	
	Uppgjör	2 000
	Íþróttaaðstaða	500
98.	Hafnarhreppur:	
	Heppuskóli, lóð og viðgerð	800
99.	Mýrahreppur:	
	Uppgjör	200
100.	Borgarhafnarhreppur:	
	Hrollaugsstaðaskóli, uppgjör	1 500
101.	Hofshreppur:	
	Uppgjör	1 000
102.	Vestmannaeyjar:	
	Hamarsskóli, 1. áf.	6 000
	Breyting grunnskóla	100

		Þús. kr.	Þús. kr.
103.	Selfoss:		
	Gagnfræðaskóli og íþróttahús	1 000	
	Barnaskóli, viðgerð og endurbætur	500	
104.	Kirkjubæjarhreppur:		
	Stækkun skóla	1 800	
105.	Mýrdalshreppur:		
	Skólamannvirki	300	
106.	Austur-Eyjafjallahreppur:		
	Íþróttaaðstaða í félagsheimili	1 000	
	Endurbætur á skóla	200	
107.	Vestur-Eyjafjallahreppur:		
	Íþróttaaðstaða o.fl. í félagsheimili	800	
108.	Austur-Landeyjahreppur:		
	Íbúð	800	
109.	Vestur-Landeyjahreppur:		
	Stækkun skóla og íbúð	800	
110.	Hvolhreppur:		
	Skóli, 2. áf.	2 000	
	Sundlaug og búningsklefar	1 500	
111.	Rangárvallahreppur:		
	Sundlaug, íþróttaaðstaða og lóðir	100	
	Stækkun grunnskóla	3 400	
	Endurbætur á skólastjórabústað	100	
112.	Holtahreppur, Laugaland:		
	Stækkun skóla, 1. áf.	3 000	
113.	Gaulverjabæjarhreppur:		
	Íþróttaaðstaða í félagsheimili	500	
114.	Stokkseyrarhreppur:		
	Íþróttaaðstaða og sundlaug	1 000	
	Skóli, viðbygging	400	
115.	Eyrarbakkahreppur:		
	Stækkun skóla	500	
116.	Hraungerðishreppur:		
	Skóli, 2. áf.	1 300	
117.	Skeiðahreppur:		
	Viðbót við skóla	1 200	
118.	Gnúpverjahreppur:		
	Skóli, nýbygging	2 000	
119.	Biskupstungnahreppur:		
	Skóli	2 000	
120.	Hveragerðishreppur:		
	Skóli, viðbygging	6 000	
121.	Ölfushreppur, Þorlákshöfn:		
	Stækkun skóla, 1. áf.	3 000	
	Sundlaug	1 000	
			330 100
b.	Til undirbúnings framkvæmda við skólabyggingar:		
1.	Seltjarnarnes, skóli	5	
2.	Kópavogur, kennslusundlaug	5	
3.	Hafnarfjörður, skóli	5	

	Þús. kr.	Þús. kr.
4. Garðabær, Hofsstaðaskóli	5	
5. Keflavík, íþróttahús, 2. áf.	5	
6. Mosfellsbær, gagnfræðaskóli, Brúará, stækkun	5	
7. Njarðvík, kaup á Þórustíg 1	5	
8. Ólafsvík, íþróttahús	5	
9. Ólafsvík, endurbætur á skólastjórabústað	5	
10. Stykkishólmur, sundlaug	5	
11. Stafholtstungnahreppur, Varmaland, hitaveita	5	
12. Grundarfjörður, endurbætur á skólastjóraíbúð	5	
13. Reykhólar, íbúð	5	
14. Þingeyri, sundlaug	5	
15. Flateyrarhreppur, stækkun skóla o.fl.	5	
16. Bæjarhreppur, íbúð	5	
17. Siglufjörður, skóli, breytingar	5	
18. Hvammstangi, íþróttahús	5	
19. Blönduós, stækkun skóla	5	
20. Húnavellir, sundlaug	5	
21. Akureyri, Oddeyrarskóli, stækkun	5	
22. Húsavík, gagnfræðaskóli, 3. áf.	5	
23. Ólafsfjörður, endurbætur á sundlaug	5	
24. Þelamörk, íþróttahús	5	
25. Grýtubakkahreppur, sundlaug	5	
26. Raufarhöfn, skóli, endurbætur	5	
27. Raufarhöfn, hönnun íþróttahúss	5	
28. Þórshafnarhreppur, íþróttahús	5	
29. Neskaupstaður, stækkun Nesskóla	5	
30. Eskifjörður, endurbætur á skólastjóraíbúð	5	
31. Eskifjörður, endurbætur á íþróttahúsi	5	
32. Hlíðarhreppur, 2. áf. skóla, íbúð og heimavist	5	
33. Norðfjarðarhreppur, skóli	5	
34. Höfn í Hornafirði, stækkun Hafnarskóla	5	
35. Mýrdalshreppur, íbúð Vík	5	
36. Mýrdalshreppur, sundlaug Vík	5	
37. Ketilsstaðaskóli, stækkun	5	
38. Vestur-Landeyjahreppur, skólastjóraíbúð	5	
39. Laugaland í Holtum, skóli, 2. áf.	5	
40. Djúpárhr., sundlaug og íþróttahús Þykkvabæ	5	
41. Gaulverjabæjarhreppur, kennaraíbúð	5	
42. Hrunamannahreppur, Flúðir, íþróttahús	5	
43. Ölfushreppur, Þorlákshöfn, íþróttahús	5	
		215
c. Orkusparandi aðgerðir		1 900
d. Stofnbúnaður eldri skóla		2 000
e. Hagræðing		1 000
		335 215

	Þús. kr.	Þús. kr.
28. Við 4. gr. 2-750 Skólar fyrir þroskaheft börn. 140 Dagvist forskólabarna.		
Fyrir „32 072“ kemur	32 787	
29. Við 4. gr. 2-881 Náms-og fræðimenn, framlög. 115 Styrkur til útgáfustarfa.		
Fyrir „1 610“ kemur	1 760	
30. Við 4. gr. 2-901 101 Landsbókasafn Íslands.		
Fyrir „27 149“ kemur	27 949	
31. Við 4. gr. 2-902 101 Þjóðminjasafn Íslands.		
Fyrir „27 760“ kemur	28 260	
32. Við 4. gr. 2-982 Listir, framlög.		
a. Við 115 Þýðingarsjóður.		
Fyrir „3 510“ kemur		3 810
b. Við 123 Bandalag íslenskra leikfélaga.		
Fyrir „1 000“ kemur		1 200
c. Við 125 Leiklistarráð.		
Fyrir „2 000“ kemur		200
d. Við 126 Alþýðuleikhúsið.		
Fyrir „2 100“ kemur		2 700
e. Við 133 Íslensk tónverkamiðstöð.		
Fyrir „1 200“ kemur		1 400
f. Við 145 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar.		
Fyrir „1 700“ kemur		2 500
g. Við 181 Leikfélög, skuldagreiðslur.		
Fyrir „3 500“ kemur		2 100
33. Við 4. gr. 2-984 Norræn samvinna. Nýr liður:		
122 Norræn atvinnumiðlun		400
34. Við 4. gr. 2-988 Æskulýðsmál.		
a. Við 113 Bandalag íslenskra skáta.		
Fyrir „3 570“ kemur		3 820
b. Við 114 Bandalag íslenskra skáta, vegna Úlfljótsvatns.		
Fyrir „580“ kemur		800
c. Við 116 Íslenskir ungtemplarar.		
Fyrir „230“ kemur		500
35. Við 4. gr. 2-989 Ýmis íþróttamál.		
a. Við 112 Ólympíunefnd fatlaðra.		
Fyrir „690“ kemur		1 000
b. Nýir liðir:		
114 HSÍ, vegna heimsmeistaramóts á Íslandi árið 1994		500
116 Íþrótta- og æskulýðsheimili, styrkir		15 000
36. Við 4. gr. 2-999 Ýmislegt (menningarstarfsemi).		
a. Við 150 Landssamband hjálparsveita skáta.		
Fyrir „1 150“ kemur		1 300
b. Við 160 Evreka.		
Fyrir „580“ kemur		3 180
c. Við 170 Landakotsskóli, rekstrarstyrkur.		
Fyrir „2 190“ kemur		2 300
d. Við 171 Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur.		
Fyrir „2 880“ kemur		3 000

	Þús. kr.
e. Við 190 Söfn, styrkir.	
Fyrir „1 150“ kemur	1 565
f. Við 193 Kvenfélagasamband Íslands.	
Fyrir „920“ kemur	1 000
g. Við 198 Félög, styrkir.	
Fyrir „350“ kemur	500
37. Við 4. gr. 3-312 101 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf.	
Fyrir „18 209“ kemur	19 349
38. Við 4. gr. 3-390 101 Þróunarsamvinnustofnun Íslands.	
Fyrir „20 000“ kemur	40 000
39. Við 4. gr. 4-171 Jarðeignir ríkisins, framlög.	
Fyrir „11 500“ kemur	16 500
40. Við 4. gr. 4-201 Búnaðarfélag Íslands.	
a. Við 120 Ráðunautar.	
Fyrir „21 136“ kemur	26 136
b. Við 130 Sérfræðileg aðstoð við landbúnaðinn.	
Fyrir „19 345“ kemur	20 345
41. Við 4. gr. 4-206 Rannsóknarstofnun landbúnaðarins.	
a. Nýir liðir:	
190 Tilraunastöðvar, óskipt	8 000
682 Stóra-Ármót	3 000
b. Við 685 Tilraunastöðin Möðruvöllum, stofnkostnaður.	
Fyrir „1 000“ kemur	1 500
42. Við 4. gr. 4-243 101 Sauðfjárveikivarnir.	
Fyrir „93 823“ kemur	238 823
43. Við 4. gr. 4-246 Veiðimálastofnunin.	
a. Við 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „22 250“ kemur	23 750
b. Við 140 Laxeldisstöðin í Kollafirði.	
Fyrir „3 540“ kemur	11 240
44. Við 4. gr. 4-247 Yfirdýralæknir. Nýr liður:	
140 Dýralæknir loðdýra	1 000
45. Við 4. gr. 4-272 101 Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey.	
Fyrir „1 150“ kemur	2 150
46. Við 4. gr. 4-288 Jarðræktarlög, framlög.	
a. Nýr liður:	
120 Framlög til búnaðarsambanda	9 000
b. Við 620 Jarðræktarlög o.fl.	
Fyrir „100 000“ kemur	141 000
47. Við 4. gr. 4-290 101 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir.	
Fyrir „486 000“ kemur	549 000
48. Við 4. gr. 4-291 Búfjárrækt, framlög skv. lögum nr. 31/1973.	
Fyrir „16 711“ kemur	25 711
49. Við 4. gr. 4-299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi.	
a. Við 122 Ýmis verkefni.	
Fyrir „3 880“ kemur	4 880
b. Við 124 Gunnarshús Skriðuklaustri.	
Fyrir „2 300“ kemur	4 300

	Þús. kr.
50. Við 4. gr. 5-202 Hafrannsóknastofnun.	
a. Nýr liður:	
150 Alþjóðlegt samstarfsverkefni á hafsvæðinu milli Íslands og Austur-Grænlands	4 200
b. Við 531 Viðhald, r/s Bjarni Sæmundsson.	
Fyrir „8 600“ kemur	10 100
c. Við 532 Viðhald, r/s Árni Friðriksson.	
Fyrir „6 800“ kemur	7 300
d. Við 533 Viðhald, r/s Dröfn.	
Fyrir „1 200“ kemur	1 700
e. Við 590 Viðhald, óskipt.	
Fyrir „600“ kemur	1 100
51. Við 4. gr. 5-299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi. 121 Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknabátur.	
Fyrir „9 335“ kemur	9 555
52. Við 4. gr. 6-243 Vinnuhælið Kvíabryggju. Nýr liður:	
610 Umhverfisbætur	500
53. Við 4. gr. 6-251 Landhelgisgæsla Íslands. 130 Fluggæsla.	
Fyrir „104 534“ kemur	110 184
54. Við 4. gr. 6-301 Biskup Íslands. 110 Æskulýðsstarf.	
Fyrir „5 629“ kemur	5 879
55. Við 4. gr. 6-303 Prestaköll og prófastsdæmi. 620 Byggingar á prestssetrum.	
Fyrir „9 200“ kemur	11 200
56. Við 4. gr. 6-304 Ýmis kirkjuleg málefni. 652 Hóladómkirkja.	
Fyrir „7 000“ kemur	9 000
57. Við 4. gr. 7-700 Málefni fatlaðra.	
a. Við 180 Starfsþjálfun.	
Fyrir „4 410“ kemur	4 390
b. Nýr liður:	
181 Tölvumiðstöð fatlaðra	1 400
58. Við 4. gr. 7-707 Málefni fatlaðara, Austurlandi. Nýr liður:	
160 Þroskaþjálfun, Höfn Hornafirði	1 000
59. Við 4. gr. 7-981 Vinnumál. 190 Ýmislegt.	
Fyrir „20 770“ kemur	25 379
60. Við 4. gr. 7-999 Félagsmál, ýmis starfsemi.	
a. Við 130 Sjómannastofur.	
Fyrir „500“ kemur	600
b. Við 131 Félagasamtök, styrkir.	
Fyrir „6 200“ kemur	8 150
c. Við 132 Starfsmenntun í atvinnulífinu.	
Fyrir „5 000“ kemur	9 000
61. Við 4. gr. 8-327 Geislavarnir ríkisins.	
a. Við 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „8 940“ kemur	9 640
b. Nýr liður:	
601 Tækjakaup	2 500
62. Við 4. gr. 8-355 101 Héraðshæli Austur-Húnvetninga, Blönduósi.	
Fyrir „81 874“ kemur	83 874

		Þús. kr.
63.	Við 4. gr. 8-358 101 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.	
	Fyrir „734 008“ kemur	734 608
64.	Við 4. gr. 8-359 101 Sjúkrahúsið á Húsavík.	
	Fyrir „159 125“ kemur	160 625
65.	Við 4. gr. 8-360 101 Sjúkrahúsið á Seyðisfirði.	
	Fyrir „51 542“ kemur	53 342
66.	Við 4. gr. 8-365 101 Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi.	
	Fyrir „144 499“ kemur	148 499
67.	Við 4. gr. 8-367 101 Sjúkrahúsið Keflavík.	
	Fyrir „128 884“ kemur	135 884
68.	Við 4. gr. 8-371 Ríkisspítalar.	
	a. Við 110 Legudeildir, svæfinga- og gjörgæsludeild.	
	Fyrir „1 795 694“ kemur	1 807 094
	b. Við 150 Þjónustudeildir.	
	Fyrir „798 489“ kemur	802 689
	c. Við 660 Stjórnarnefnd, stofnkostnaður.	
	Fyrir „71 900“ kemur	84 900
69.	Við 4. gr. 8-372 Borgarspítalinn.	
	a. Við 101 Almennur rekstur.	
	Fyrir „2 012 354“ kemur	2 020 354
	b. Við 501 Viðhald, óskipt.	
	Fyrir „18 500“ kemur	26 500
	c. Nýr liður:	
	602 B-álma, bygging	9 000
70.	Við 4. gr. Við bætist nýr liður:	
	8-377 Súkrahús, almennt.	
	190 Almennur rekstur	50 000
71.	Við 4. gr. 8-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir.	
	a. Við 690 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða.	
	Fyrir „160 000“ kemur	214 800
	b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirlit á þessa leið:	

Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381-6.90).

a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:	Þús. kr.
1. Reykjavík, heilsugæslustöð	10 000
2. Akranes, H2	5 500
3. Akranes, sjúkrahús	5 500
4. Borgarnes, H2	300
5. Ólafsvík, H2	1 200
6. Grundarfjörður, H1, hönnun	600
7. Stykkishólmur, H2	6 000
8. Patreksfjörður, sjúkrahús	6 500
9. Ísafjörður, sjúkrahús og H2	26 900
10. Hvammstangi, H2	400
11. Blönduós, sjúkrahús og H2	15 200
12. Sauðárkrókur, sjúkrahús og H2	3 000
13. Siglufjörður, sjúkrahús	5 500
14. Dalvík, H2	600

	Þús. kr.	Þús. kr.
15. Akureyri, H2	4 500	
16. Húsavík, H2	12 500	
17. Kópasker, H1	2 500	
18. Raufarhöfn, H1	1 500	
19. Þórshöfn, H1	10 100	
20. Bakkafjörður, H	200	
21. Seyðisfjörður, sjúkrahús og H1	4 000	
22. Neskaupstaður, sjúkrahús og H2	1 500	
23. Eskifjörður, H2	1 000	
24. Djúpivogur, H1	3 000	
25. Vestmannaeyjar, sjúkrahús	4 000	
26. Selfoss, sjúkrahús, 1. áfangi	4 000	
27. Eyrarbakki, H	1 000	
28. Þorlákshöfn, H1	5 200	
29. Sandgerði, H	800	
30. Gerðar, H	2 000	
31. Keflavík, sjúkrahús, skuld	10 200	
32. Keflavík, D-álma	4 000	
33. Vogar, H	1 000	
34. Hafnarfjörður, H2	10 200	
		170 400
b. Húsaleiga:		
1. Mosfellsbær	400	
2. Akureyri	6 000	
3. Reyðarfjörður	700	
4. Þorlákshöfn	400	
5. Suðurnes	500	
6. Hafnarfjörður	800	
		8 800
c. Læknisbústaðir:		
1. Búðardalur	400	
2. Siglufjörður	500	
3. Hvolsvöllur	5 600	
		6 500
d. Hjúkrunarheimili aldraðra:		
1. Ólafsvík	200	
2. Sauðárkrókur	4 800	
3. Vopnafjörður	3 000	
4. Egilsstaðir	9 900	
5. Höfn	5 000	
6. Hella	1 500	
7. Sólvangur	4 700	
		29 100
		214 800

72. Við 4. gr. 8-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Þús. kr.
    a. Við 135 Hjartavernd, Mónica-rannsóknir.
    Fyrir „1 640“ kemur 2 500
    b. Nýr liður:
    180 Sjúkraflug 2 000
73. Við 4. gr. 8-471 120 Vernd, félagasamtök.
    Fyrir „1 150“ kemur 1 350
74. Við 4. gr. 8-481 110 Áfengisvarnir.
    Fyrir „1 952“ kemur 4 547
75. Við 4. gr. 10-211 Vegagerð ríkisins. 610 Nýframkvæmdir.
    Fyrir „1 214 000“ kemur 1 264 000
76. Við 4. gr. 10-333 630 Hafnarmannvirki og lendingarbætur.
    a. Við 630 Stofnkostnaður.
    Fyrir „250 000“ kemur 398 500
    b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirlit á þessa leið:

Hafnarmannvirki og lendingarbætur (10-333 6.30).	Þús. kr.
1. Akranes	5 400
2. Arnarstapi	500
3. Ólafsvík	26 200
4. Grundarfjörður	8 200
5. Stykkishólmur	6 200
6. Brjánslækur	29 800
7. Patreksfjörður	100
8. Bíldudalur	11 000
9. Flateyri	2 000
10. Suðureyri	1 300
11. Bolungarvík	5 300
12. Ísafjörður	16 700
13. Norðurfjörður	3 700
14. Hólmavík	3 000
15. Hvammstangi	11 500
16. Skagaströnd	3 000
17. Sauðárkrókur	20 000
18. Hofsós	500
19. Haganesvík	2 200
20. Siglufjörður	5 900
21. Ólafsfjörður	6 400
22. Dalvík	500
23. Árskógssandur	9 100
24. Akureyri	12 400
25. Svalbarðseyri	800
26. Grímsey	5 600
27. Húsavík	19 200
28. Hallbjarnarstaðakrókur	800
29. Kópasker	2 800
30. Raufarhöfn	10 000
31. Þórshöfn	12 000
32. Bakkafjörður	6 500

	Þús. kr.	Þús. kr.
33. Borgarfjörður eystri	12 800	
34. Seyðisfjörður	1 500	
35. Neskaupstaður	800	
36. Eskifjörður	24 000	
37. Reyðarfjörður	100	
38. Fáskrúðsfjörður	11 400	
39. Stöðvarfjörður	6 600	
40. Breiðdalsvík	100	
41. Höfn, Hornafirði	9 000	
42. Vestmannaeyjar	18 700	
43. Grindavík	12 500	
44. Sandgerði	26 000	
45. Vogar	900	
46. Hafnarfjörður	10 600	
47. Garðabær	3 400	
		387 000
Óskipt fjárveiting til slysavarna		11 500
		398 500

77. Við 4. gr. 10-333 Hafnamál. Nýr liður:
651 Landshöfn Rifi 4 000

78. Við 4. gr. 10-341 Siglingamálastofnun ríkisins.
a. Við 101 Almennur rekstur.
Fyrir „59 456“ kemur 72 126
b. Við 4 Sértekjur.
Fyrir „13 820“ kemur 11 882

79. Við 4. gr. 10-485 Ýmis framlög (samgöngumál).
a. Nýr liður:
103 Björgunarbúnaður Sigmunds 150
b. Við 120 Tilkynningarskylda íslenskra skipa.
Fyrir „5 430“ kemur 7 030
c. Nýr liður:
123 Sjálfvirkt tilkynningarkerfi fyrir fiskiskip 3 500
d. Við 125 Norrænar jarðskjálftarannsóknir.
Fyrir „580“ kemur 3 672
e. Við 126 Ýmislegt.
Fyrir „1 270“ kemur 1 970
f. Nýr liður:
133 Öryggismálaskóli sjómanna 10 000

80. Við 4. gr. 10-651 Ferðamálaráð.
a. Við 101 Almennur rekstur.
Fyrir „7 020“ kemur 7 920
b. Nýr liður:
630 Lagfæringar á ferðamannaaðstöðu við Gullfoss 200

81. Við 4. gr. 10-652 Veðurstofa Íslands. 170 Veðurþjónusta vegna millilandaflugs.
Fyrir „40 723“ kemur 42 273

		Þús. kr.
82.	Við 4. gr. 10-656 Landmælingar Íslands. 4 Sértekjur.	
	Fyrir „40 860“ kemur	38 860
83.	Við 4. gr. 11-201 190 Iðntæknistofnun Íslands.	
	Fyrir „56 260“ kemur	57 260
84.	Við 4. gr. Við bætist nýr liður:	
	11-221 Lánasjóðir iðnaðarins.	
	620 Iðnlánasjóður	25 000
85.	Við 4. gr. 11-299 Iðja og iðnaður, framlög. Nýir liðir:	
	a. 115 Alþjóðastaðlar CEN-CENELEC	5 700
	b. 127 Iðnráðgjafar	9 600
	c. 130 Evreka	11 000
86.	Við 4. gr. 11-301 Orkustofnun. 110 Sérverkefni tengd fiskeldi.	
	Fyrir „12 600“ kemur	17 100

Nd. 245. Nefndarálit [203. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 84/1986, um breyt. á l. nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 10. des. 1987.

Ragnhildur Helgadóttir, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr., með fyrirvara.	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.
Geir H. Haarde.	Jón Sæmundur Sigurjónsson.	Jón Kristjánsson.
	Guðmundur G. Þórarinsson.	

Nd. 246. Breytingartillaga [194. mál]

við frv. til l. um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Við II. kafla, um breytingu á íþróttalögum, nr. 49/1956, með síðari breytingum. Kaflinn falli brott.

Sþ. 247. Svar [173. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Finns Ingólfssonar og Guðna Ágústssonar um lán og styrkveitingar Iðnlánasjóðs.

1. Lánveitingar Iðnlánasjóðs 1985–1987.

A. Fjárfestingarlánadeild (samþykkt í þús. kr.).

(Tölur fyrir 1987 taka aðeins til fyrstu 11 mánaða ársins. Taka ber þær með fyrirvara þar sem endanlegt uppgjör liggur ekki fyrir.)

Lánveitingar:	*1985*	*1986*	*1987*
Vélalán	271 388	255 095	317 825
Byggingarlán	285 879	369 720	565 025
Iðngarðalán	0	0	0
	557 267	624 815	882 850

Hlutfallslega eftir iðngreinum:	*1985*	*1986*	*1987*
Matvæla- og drykkjarvörur	16.7	15.1	16.3
Vefjariðnaður	9.2	3.3	3.4
Fata- og skógerð	3.1	6.5	4.3
Trjávöruiðnaður	3.8	5.7	6.1
Húsgögn og bólstrun	5.7	1.8	0.8
Pappírsiðnaður	1.9	1.9	2.3
Prentun, bókband og útgáfa	8.0	5.1	6.8
Gúmmíiðnaður	0.7	1.3	0.3
Efnaiðnaður	0.5	2.4	4.7
Steinefnaiðnaður	7.1	14.3	10.3
Járn- og málmiðnaður	6.6	12.0	9.3
Rafmagnsiðnaður	0.2	0.9	1.2
Smíði og viðgerð flutningatækja	2.7	6.0	3.8
Ýmis iðnaður	9.9	11.6	12.2
Plastiðnaður	12.2	5.8	7.2
Byggingaverktakar íbúðarhúsa	4.5	5.4	9.3
Aðrir byggingaverktakar	7.4	0.9	1.7
	100.0	100.0	100.0

Hlutfallslega eftir landshlutum:	*1985*	*1986*	*1987*
Reykjavík	54.8	50.0	52.5
Vesturland	2.9	1.9	2.3
Vestfirðir	1.9	1.9	2.1
Norðurland vestra	1.5	6.0	4.7
Norðurland eystra	4.9	15.0	8.3
Austurland	1.4	3.3	2.7
Suðurland	2.6	3.6	4.0
Reykjanes	30.0	18.3	23.4
	100.0	100.0	100.0

B. Vöruþróunar- og markaðsdeild (samþykkt í þús. kr.).

Lánveitingar:	*1985*	*1986*	*1987*
Vöruþróun	22 485	30 713	22 879
Markaðsaðgerðir	10 113	17 385	28 960
	32 598	48 098	51 839

Hlutfallslega eftir iðngreinum:	*1985*	*1986*	*1987*
Matvælaiðnaður	1.3	5.1	15.8
Ullar- og fataframleiðsla	4.9	22.9	35.4
Vefjariðnaður	2.4	13.3	4.6
Húsgagna- og innréttingaframleiðsla	16.4	6.3	1.2
Pappírsiðnaður	0.0	1.6	0.0
Prentun, bókband og útgáfa	0.0	1.5	0.0
Efnaiðnaður	20.0	5.8	0.0
Jarðefnaiðnaður	1.7	12.5	7.8
Járn- og málmiðnaður	14.0	9.0	11.8
Rafeindaiðnaður	25.4	10.0	12.7
Plastiðnaður	3.9	3.1	0.0
Gúmmíiðnaður	0.0	0.0	0.0
Hugbúnaðarframleiðsla	3.0	8.3	6.2
Verktakastarfsemi	5.8	0.6	1.5
Annað	1.2	0.0	3.0
	100.0	100.0	100.0

Hlutfallslega eftir kjördæmum:	*1985*	*1986*	*1987*
Reykjavík	72.4	50.9	49.5
Vesturland	0.2	7.0	5.0
Vestfirðir	0.0	0.2	0.9
Norðurland vestra	1.5	0.4	0.7
Norðurland eystra	14.3	12.8	12.4
Austurland	0.8	0.0	0.3
Suðurland	1.8	0.8	1.9
Reykjanes	9.0	27.9	29.3
	100.0	100.0	100.0

2. Ráðstöfun ríkisframlags 1985–1987.

Árlegt ráðstöfunarfé vöruþróunar- og markaðsdeildar er 4/7 hlutar iðnlánasjóðsgjaldsins, framlag ríkissjóðs á fjárlögum og innborgaðar afborganir, vextir og verðbætur af útlánum deildarinnar. Framlag ríkissjóðs er því hluti af ráðstöfunarfénu og því ekki hægt að rekja sérstaklega hvernig því var ráðstafað til einstakra aðgerða.

Framlag ríkissjóðs og hluti deildarinnar í iðnlánasjóðsgjaldinu nam á sama tíma eftirfarandi fjárhæðum (í þús. kr.):

(Tölur fyrir 1987 taka aðeins til fyrstu 11 mánaða ársins. Taka ber þær með fyrirvara þar sem endanlegt uppgjör liggur ekki fyrir.)

	1985	*1986*	*1987*
Iðnlánasjóðsgjald (4/7)	23 571	34 743	48 000
Framlag ríkissjóðs	28 500	28 000	25 000

Vöruþróunar- og markaðsdeildin veitir bæði áhættulán og styrki til vissra aðgerða. Í 1. lið var gerð grein fyrir lánveitingum deildarinnar, en styrkveitingarnar voru á sama tíma eftirfarandi:

	1985	*1986*	*1987*
Vöruþróun	974	3014	8550
Markaðsaðgerðir	10 909	9439	37 642
	11 883	12 453	46 192

Hlutfallslega eftir iðngreinum:	*1985*	*1986*	*1987*
Matvælaiðnaður	37.6	0.0	2.8
Ullar- og fataframleiðsla	2.7	24.2	22.3
Vefjariðnaður	1.0	5.6	13.4
Húsgagna- og innréttingaframleiðsla	3.7	13.4	6.6
Pappírsiðnaður	0.0	1.2	0.0
Prentun, bókband og útgáfa	0.0	0.0	0.0
Efnaiðnaður	0.0	0.0	0.5
Jarðefnaiðnaður	2.9	4.0	0.7
Járn- og málmiðnaður	22.3	19.0	15.5
Rafeindaiðnaður	16.3	16.9	13.9
Plastiðnaður	4.5	3.4	9.8
Gúmmíiðnaður	0.0	3.1	0.0
Hugbúnaðariðnaður	1.3	1.5	5.4
Verktakastarfsemi	1.3	5.0	0.4
Annað	6.4	2.7	8.7
	100.0	100.0	100.0

Hlutfallslega eftir kjördæmum:	*1985*	*1986*	*1987*
Reykjavík	6.94	50.3	48.9
Vesturland	0.4	8.0	5.6
Vestfirðir	0.0	0.4	1.1
Norðurland vestra	1.7	0.4	1.1
Norðurland eystra	9.3	14.9	12.0
Austurland	0.8	0.0	0.0
Suðurland	2.8	0.8	2.5
Reykjanes	15.6	25.2	28.8
	100.0	100.0	100.0

3. Styrkir og lán til einstakra aðila.

21. grein laga um Iðnlánasjóð hljóðar svo:

„Óheimilt er stjórn Iðnlánasjóðs og trúnaðarmönnum hennar að láta óviðkomandi aðilum í té nokkuð af þeim upplýsingum sem gefnar eru í sambandi við lántökubeiðnir eða lántökur úr sjóðnum."

Samkvæmt þessu telur sjóðurinn sig ekki hafa heimild til að svara þessum lið.

Nd. 248. Nefndarálit [136. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 11. des. 1987.

Páll Pétursson, form.	Geir H. Haarde, fundaskr., frsm.	Kjartan Jóhannsson.
Steingrímur J. Sigfússon.	Guðmundur G. Þórarinsson.	Kristín Halldórsdóttir.

Matthías Bjarnason.

Sþ. 249. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1988.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Starfshættir nefnda Alþingis eru markaðir í lögum um þingsköp Alþingis, nr. 52/1985. Samkvæmt lögum þessum fellur umboð allra nefnda þingsins annarra en utanríkismálanefndar niður frá og með þinglausnum að vori og þar til nefndir hafa verið kjörnar á haustþingi. Frá vori til hausts er fjárveitinganefnd Alþingis, svo sem allar aðrar nefndir þingsins aðrar en utanríkismálanefnd, ekki til.

Vegna ört vaxandi viðfangsefna fjárveitinganefndar hefur þó sá háttur verið hafður á um allmörg ár að nefndarmenn hafa starfað yfir sumartímann sem fjárveitinganefnd væri þótt þingskapalög gefi nefndarmönnum ekkert umboð til slíkra starfa. Hefur þetta reynst nauðsynlegt vegna vinnu að undirbúningi fjárlagaafgreiðslunnar. Svokölluð „undirnefnd fjárveitinganefndar", þ.e. eins konar starfshópur á vegum nefndarinnar skipaður einum fulltrúa frá hverjum þingflokki, hefur unnið mikinn hluta þessarar undirbúningsvinnu. Ef þetta starf færi ekki fram væri ekki unnt að ljúka þeim viðamiklu störfum, viðtölum og athugunum, sem gera þarf svo að fjárlög fáist afgreidd á tilsettum tíma. Eftir umræður um starfshætti við fjárlagagerð, sem átt hafa sér stað í fjárveitinganefnd, eru það því einróma tilmæli nefndarinnar til formanna þingflokka og forseta þingsins að þær breytingar verði gerðar á þingskapalögum sem heimili að fjárveitinganefnd geti starfað allt árið um kring og unnið að undirbúningi fjárlagaafgreiðslu með þeim hætti sem nauðsynlegur er og hefð hefur

nú þegar skapast um. Er ekki vansalaust að þingskapalög skuli ekki heimila þá starfshætti þingnefnda sem brýn nauðsyn er á að viðhafa og hefð hefur komist á um.

Með samþykkt laga nr. 12/1986, um ríkisendurskoðun, var stofnunin sett undir beina stjórn Alþingis og er hún því orðin hluti af starfsemi löggjafarstofnunarinnar. Þetta mun hafa í för með sér mikla möguleika fyrir Alþingi til þess að bæta vinnubrögð og styrkja stöðu löggjafarstofnunarinnar gagnvart framkvæmdarvaldinu þannig að Alþingi geti í auknum mæli lagt eigið mat á tillögur og aðgerðir framkvæmdarvaldsins ekki hvað síst á vettvangi fjárlagagerðar. Alþingi fær nú í fyrsta sinn beinan aðgang að sérstakri stofnun, sem hefur yfir að ráða mannafla með sérfræðiþekkingu á rekstrarlegum viðfangsefnum og gerir það Alþingi fært að stórauka eftirlitshlutverk sitt. Er einkar þýðingarmikið bæði *að* þetta tækifæri sé notað og einnig ekki síður *hvernig* það er notað. Hlýtur þessi starfsemi að mótast mjög af þeim starfsháttum í samvinnu Alþingis og ríkisendurskoðunnar, sem mótaðir verða nú á fyrstu árunum eftir umrædda lagabreytingu.

Hjá fjárveitinganefnd er eðlilega mikill áhugi á að nota þetta tækifæri til þess að stórbæta vinnubrögð við fjárlagaafgreiðsluna. Formaður nefndarinnar ræddi þessi mál strax í haust við ríkisendurskoðanda og vararíkisendurskoðanda og náðist samkomulag um að vararíkisendurskoðandi mundi starfa með nefndinni við fjárlagaundirbúninginn og Ríkisendurskoðun veita fjárveitinganefnd þá aðstoð og fyrirgreiðslu sem nefndin kynni að óska eftir. Hefur þetta samstarf gengið vel í vetur og orðið nefndinni til mikillar hjálpar við nefndarstörfin. Á fyrsta fundi sínum samþykkti nefndin einnig nokkrar breytingar á starfsháttum sem flestar hafa gefist vel.

Er það ætlun nefndarinnar að halda áfram umfjöllun sinni um bætt vinnubrögð og betri starfsaðstöðu við fjárlagaumfjöllunina og má búast við því að fyrir næstu fjárlagaafgreiðslu hafi fleiri slíkar breytingar þegar komið til framkvæmda. Eigi skiptir minna máli sá þáttur í starfsemi fjárveitinganefndar sem lýtur að því eftirlitshlutverki sem nefndin á og verður að hafa. Til þess að geta lagt eigið raunhæft mat á tillögur ríkisstjórnar, stofnana og annarra aðila um fjárveitingar á fjárlögum þarf fjárveitinganefnd auðvitað að geta lagt eigið mat á hvort áætlanir sem fyrir nefndina eru lagðar séu raunhæfar til stuðnings slíkri tillögugerð og eins á nefndin að hafa sjálfstætt eftirlit með því að ákvarðanir Alþingis við fjárlagagerðina séu virtar. Þetta eftirlitshlutverk fjárveitinganefndar þarf að stórefla og gefst nú tækifæri til þess með samstarfi hennar við ríkisendurskoðun. Samstarf fjárveitinganefndar við Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur verið gott eins og jafnan áður. Ekki eru fyrirhugaðar neinar breytingar á því samstarfi af hálfu fjárveitinganefndar nema þá þær sem gætu horft til batnaðar og líklegar væru til að styrkja það góða samstarf.

Vegna þeirra aðstæðna, að þingkosningar höfðu rofið umboð þess þings sem sat á síðasta kjörtímabili og sumir, sem þá höfðu setið í fjárveitinganefnd, voru ekki á þingi lengur, var gripið til þess ráðs að fjármálaráðherra skipaði sérstaka nefnd fulltrúa úr öllum þingflokkum til þess að vinna það undirbúningsstarf sem „undirnefnd fjárveitinganefndar" hafði áður unnið. Þessi sérstaka nefnd hóf störf þann 16. september og starfaði til þess að þing kom saman. Á fund þessarar nefndar komu forráðamenn 13 sjúkrahúsa, sem komu í fyrsta sinn inn á „föst fjárlög" í fyrra eða árið þar áður, og einnig ræddi nefndin við forráðamenn 60 sveitarfélaga og tók við erindum þeirra. Fjárveitinganefnd kom svo saman til fundar strax eftir að hún hafði verið kjörin og hélt áfram undirbúningsstörfum að fjárlagagerð. Alls komu 250 aðilar á fund fjárveitinganefndar og starshópa á hennar vegum en erindi, sem nefndinni bárust, voru um 520 talsins. Í sumum erindunum var fjallað um mörg viðfangsefni þannig að viðfangsefni, sem til nefndarinnar var beint, voru mun fleiri. Samtals nema breytingartillögur fjárveitinganefndar við 2. umræðu 1.062.233 þús. kr. og greinast þær á eftirfarandi hátt:

Eftir hagrænu eðli.

	Þús. kr.	%	Stöðugildi
Launakostnaður	71 034	6,7	17
Annar rekstur	450 484	42,4	
Stofn- og viðhaldskostnaður	540 715	50,9	
Alls	1 062 233	100,0	17

Skipt eftir uppruna erinda.

	Þús. kr.	%
Verðlags- og launaleiðréttingar o.fl.	120 097	11,3
Samkvæmt tilmælum ríkisstjórnar	657 200	61,9
Aðrar afgreiðslur nefndarinnar	284 936	26,8
Alls	1 062 233	100,0

Tölur í þús. kr.	Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1988				Breytingar á frumvarpi	
Ráðuneyti	Gjöld samtals	Sértekjur	Mismunur	% af heild	Fjár- hæð	Breyt. frá frumvarpi
Æðsta stjórn ríkisins	483 291	660	482 631	0,8%		
Forsætisráðuneyti	267 520	52 309	215 211	0,4%	800	0,4%
Menntamálaráðuneyti	10 536 257	431 730	10 104 527	17,0%	223 979	2,2%
Utanríkisráðuneyti	674 971	17 680	657 291	1,1%	21 140	3,2%
Landbúnaðarráðuneyti	1 888 662	114 440	1 774 222	3,0%	303 700	17,1%
Sjávarútvegsráðuneyti	1 042 903	64 780	978 123	1,6%	17 420	1,8%
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	3 269 423	160 795	3 108 628	5,2%	10 400	0,3%
Félagsmálaráðuneyti	3 117 415	194 400	2 923 015	4,9%	13 039	0,4%
Heilbr.- og tryggingamálaráðuneyti	25 831 997	1 105 860	24 726 137	41,5%	184 155	0,7%
Fjármálaráðuneyti	2 831 716	241 720	2 589 996	4,4%		
Samgönguráðuneyti	4 758 889	437 920	4 320 969	7,3%	230 800	5,3%
Iðnaðarráðuneyti	1 180 070	143 190	1 036 880	1,7%	56 800	5,5%
Viðskiptaráðuneyti	1 682 224	5 240	1 676 984	2,8%		
Hagstofa Íslands	91 121	15 100	76 021	0,1%		
Fjárlaga- og hagsýslustofnun	4 865 003		4 865 003	8,2%		
Samtals	62 521 462	2 985 824	59 535 638	100,0%	1 062 233	1,8%

Yfirlit um breytingar á útgjaldaflokkum frumvarpsins.

Fjárhæðir í m.kr.	Frumvarp fram lagt	Frumvarp v/2. umr.	Frávik	%
Launagjöld	20 229,4	20 300,5	71,1	0,5
Önnur rekstrargjöld	33 591,6	34 038,7	447,1	1,3
Sértekjur	<2 966,2>	<2 962,8>	3,4	<0,1>
Samtals rekstrar- og tilfærslugjöld	50 854,8	51 376,4	521,6	1,0
Stofnkostnaður og viðhald	8 680,8	9 221,5	540,7	6,2
Alls	59 535,6	60 597,9	1 062,3	1,8

Hér á eftir koma skýringar við tillögur fjárveitinganefndar um breytingar á gjaldahlið frumvarpsins en til 3. umræðu bíður tekjuhlið frumvarpsins, B-hluta stofnanir, heimildir skv. 6. grein auk nokkurra annarra atriða.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR

01 Forsætisráðuneyti

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa: Önnur gjöld hækka samtals um 800 þús. kr. Viðfangsefnið 5.20 Stjórnarráðshús, viðhald, hækkar um 200 þús.kr., og verður 2.100 þús. kr., sem ætlað er til að ljúka lóðarframkvæmdum og viðgerð á girðingu. Viðfangsefni 5.21 Ráðherrabústaður Tjarnargötu, viðhald, hækkar um 600 þús. kr. og verður 1.800 þús. kr. Hækkunin er vegna eldvarnakerfis.

02 Menntamálaráðuneyti

201 Háskóli Íslands: Nýr liður, 1.04 Rannsóknir í kvennafræðum, verður 1.250 þús. kr. Laun ýmissa deilda Háskóla Íslands hækka samtals um 10.484 þús. kr. sem er leiðrétting vegna launasamninga. Vísað er til breytingartillagna um frekari skiptingu milli deilda. 60% staða æfingastjóra við félagsvísindadeild Háskólans er gerð að heilli stöðu en stundakennsla lækkar sem því nemur. Þetta hefur því ekki kostnaðarauka í för með sér.

202 Tilraunastöð Háskólans á Keldum: Launakostnaður hækkar um 1.600 þús. kr. vegna nýrrar stöðu meinafræðings.

205 Stofnun Árna Magnússonar: Launagjöld hækka um 500 þús. kr. og verða 18.892 þús. kr. sem kemur til vegna tímabundinnar ráðningar ljósmyndara í hálft ár.

206 Orðabók Háskólans: Önnur gjöld hækka um 500 þús. kr. og fer það til greiðslu útgáfukostnaðar vegna orðsifjabókar eftir Ásgeir Blöndal Magnússon.

319 Framhaldsskólar, almennt: Framlag hækkar um 3.000 þús. kr. og fer til uppgjörs við framhaldsskóla í samrekstri ríkisins og sveitarfélaga.

321 Kennaraháskóli Íslands: Önnur gjöld hækka um 500 þús. kr. og verða 35.950. Þetta er ætlað til námskeiðahalds fyrir stjórnendur skóla. Viðfangsefnið 6.01 Endurbætur og tækjakaup hækkar um 1.600 þús. kr. og verður 9.000 þús. kr. Af þeirri fjárhæð eru 600 þús. kr. til viðgerðar og endurbóta í gamla skólahúsinu og 1.000 þús. kr. til lagfæringar á lóð.

331 Íþróttakennaraskóli Íslands: Teknir eru upp nýir liðir. 5.01 Viðhald íþróttavalla o.fl., 1.000 þús. kr., og 6.01 Kennslutæki, 3.000 þús. kr. Á móti kemur að viðfangsefnið 6.50 Nýbygging og tækjakaup lækkar um 1.800 þús. kr. og verður 8.000 þús. kr.

351 Fjölbrautaskólar í Reykjavík: Framlag til íþróttahúss Fjölbrautaskólans í Breiðholti hækkar um 5.000 þús. kr. og verður 17.300 þús. kr.

354 Fjölbrautaskólinn á Akranesi: Nýr liður: 6.02 Mötuneyti, nýbygging, 5.000 þús. kr.

355 Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum: Framlag vegna uppgjörs hækkar um 600 þús. kr. og verður 1.500 þús. kr.

359 Verkmenntaskóli á Akureyri: Framlag til nýbyggingar hækkar um 5.000 þús. kr. og verður 22.200 þús. kr.

506 Vélskóli Íslands: Tekið er upp nýtt stofnkostnaðarviðfangsefni 6.90 Tækjakaup er verður 500 þús. kr.

514 Iðnskólinn í Reykjavík: Viðfangsefnið 5.01 Fasteignir hækkar um 2.500 þús. kr. og verður 6.200 þús. kr. Framlag þetta er ætlað til endurnýjunar hitakerfis skólahússins. Gert er ráð fyrir jafnháu framlagi frá borgarsjóði.

515 Iðnnám, almennt: Tekinn er inn nýr liður 6.90 Iðnskólar almennt 2.000 þús. kr. og er 1.300 þús. kr. ætlað til Iðnskólans í Hafnarfirði en 700 þús. kr. til skipulagsmála vegna iðnmenntunar á Ísafirði.

603 Héraðsskólinn Reykjanesi: Viðfangsefnið 1.01 Héraðsskólinn Reykjanesi hækkar um 3.630 þús. kr. og verður 7.218 þús. kr. Viðfangsefnið 1.02 Annað en kennsla hækkar um 2.400 þús. kr. og verður 5.623 þús. kr. Sértekjur hækka um 280 þús. kr. í 570 þús. kr.

607 Héraðsskólinn Laugarvatni: Viðfangsefnið 1.01 Héraðsskólinn Laugarvatni hækkar um 2.890 þús. kr. og verður 5.787 þús. kr. Viðfangsefnið 1.02 Annað en kennsla hækkar um 1.740 þús. kr. og verður 4.184 þús. kr. Sértekjur hækka um 260 þús. kr. í 520 þús. kr.

610 Héraðsskólar almennt: Framlag til stofnkostnaðar hækkar um 8.300 þús. kr. og verður 26.200 þús. kr.

701 Grunnskólar, Reykjanesi: Tilfærslur hækka um 970 þús. kr. og verða 3.340 þús. kr. Er hér um að ræða stöðu sálfræðings frá og með byrjun næsta skólaárs og leiðréttingu á framlagi vegna nemendafjölda.

703 Grunnskólar, Vesturlandi: Leiðrétting á framlagi vegna nemendafjölda. Tilfærslur til sveitarfélaga hækka um 245 þús. kr. og verða 1.475 þús. kr.

704 Grunnskólar, Vestfjörðum: Leiðrétting á framlagi vegna nemendafjölda. Tilfærslur til sveitarfélaga hækka um 190 þús. kr. og verða 1.140 þús. kr.

705 Grunnskólar, Norðurlandi vestra: Leiðrétting á framlagi vegna nemendafjölda. Tilfærslur til sveitarfélaga hækka um 200 þús. kr. og verða 1.220 þús. kr.

706 Grunnskólar, Norðurlandi eystra: Leiðrétting á framlagi vegna nemendafjölda. Tilfærslur til sveitarfélaga hækka um 295 þús. kr. og verða 1.775 þús. kr.

707 Grunnskólar, Austurlandi: Leiðrétting á framlagi vegna nemendafjölda. Tilfærslur til sveitarfélaga hækka um 225 þús. kr. og verða 1.355 þús. kr.

708 Grunnskólar, Suðurlandi: Leiðrétting á framlagi vegna nemendafjölda og staða sálfræðings frá miðju ári. Tilfærslur hækka um 765 þús. kr. og verða 2.095 þús. kr.

720 Grunnskólar, almennt: Viðfangsefnið 1.90 Grunnskólar, óskipt hækkar um 2.500 þús. kr. og verður 6.070 þús. kr. og er hækkunin til varasjóðs vegna fjölgunar bekkjardeilda o.fl.

730 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra o.fl.: Framlag hækkar um 135.215 þús. kr. og verður 335.215 þús. kr. Vísað er í sérstakt yfirlit í breytingartillögum um sundurliðun á einstök verkefni.

750 Skólar fyrir þroskaheft börn: Viðfangsefnið 1.40 Dagvist forskólabarna hækkar um 715 þús. kr. vegna stöðu talkennara.

881 Náms- og fræðimenn, framlög: Styrkur til útgáfustarfa, Viðfangsefni 1.15 hækkar um 150 þús. kr. og verður 1.760 þús. kr.

901 Landsbókasafn Íslands: Launagjöld hækka um 800 þús. kr. vegna stöðu bókavarðar frá 1. apríl.

902 Þjóðminjasafn Íslands: Önnur gjöld hækka um 500 þús. kr. sem er sérstakt framlag til kynningar og upplýsingastarfsemi á vegum safnsins.

982 Listir, framlög: Tilfærslur lækka um 1.100 þús. kr. og verða 136.910 þús. kr. Skýrist það af eftirfarandi:

a. 1.15 Þýðingarsjóður hækkar um 300 þús. kr. og verður 3.810 þús. kr.
b. 1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga hækkar um 200 þús. kr.
c. 1.25 Leiklistarráð lækkar um 1.800 þús. kr. vegna skekkju í frumvarpi og verður 200 þús. kr.
d. 1.26 Alþýðuleikhúsið hækkar um 600 þús. kr.

e. 1.33 Íslensk tónverkamiðstöð hækkar um 200 þús. kr.
f. 1.45 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar hækkar um 800 þús. kr.
g. 1.81 Leikfélög, skuldagreiðslur lækkar um 1.400 þús. kr.

984 Norræn samvinna: Tekið er inn nýtt viðfangsefni, 1.22 Norræn atvinnumiðlun 400 þús. kr. og er þetta hluti af launum starfsmanns.

988 Æskulýðsmál: Tilfærslur hækka um 740 þús. kr. og verða 11.180 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig:
a. 1.13 Bandalag íslenskra skáta hækkar um 250 þús. kr.
b. 1.14 Bandalag íslenskra skáta, vegna Úlfljótsvatns hækkar um 220 þús. kr.
c. 1.16 Íslenskir ungtemplarar hækkar um 270 þús. kr.

989 Ýmis íþróttamál: Tekin eru inn tvö ný viðfangsefni: 1.14 Handknattleikssamband Íslands vegna heimsmeistaramóts á Íslandi árið 1994 500 þús. kr. og liðurinn 1.16 Íþrótta- og æskulýðsheimili, styrkir 15.000 þús. kr. sem er til stuðnings við framkvæmdir á vegum íþróttafélaga. Fjárveitinganefnd mun fyrir 3. umræðu gera tillögu um hvernig lið þessum skuli skipt að höfðu samráði við íþróttafulltrúa ríkisins. Framlag til ólympíunefndar fatlaðra, liður 1.12, hækkar um 310 þús. kr. Tilfærslur hækka alls um 15.810 þús. kr. og verða 46.300 þús. kr.

999 Ýmislegt: Tilfærslur hækka um 3.625 þús. kr. og verða 30.345 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig: 1.50 Landssamband hjálparsveita skáta 150 þús. kr., 1.60 Evreka 2.600 þús. kr., 1.70 Landakotsskóli, rekstrarstyrkur 110 þús. kr., 1.71 Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur 120 þús. kr., 1.90 Söfn, styrkir 415 þús. kr., 1.93 Kvenfélagasamband Íslands 80 þús. kr. og 1.98 Félög, styrkir 150 þús. kr.

03 Utanríkisráðuneyti

312 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf: Launagjöld hækka um 1.140 þús. kr. og verða 18.169 þús. kr. Um er að ræða nýja stöðu bifreiðastjóra og aðstoðarmanns.

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands: Tilfærslur hækka um 20.000 þús. kr. og verða 40.000 þús. kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

171 Jarðeignir ríkisins, framlög: Tilfærslur hækka um 5.000 þús. kr. og verða 16.500 þús. kr.

201 Búnaðarfélag Íslands: Viðfangsefnið 1.20 Ráðunautar hækkar um 5.000 þús. kr. og verður 26.136 þús. kr. Viðfangsefni 1.30 Sérfræðileg aðstoð við landbúnaðinn hækkar um 1.000 þús. kr. og verður 20.345 þús. kr.

206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins: Teknir eru inn tveir nýir liðir: 1.90 Tilraunastöðvar, óskipt 8.000 þús. kr. og 6.82 Stóra-Ármót, fjósbygging 3.000 þús. kr. Fyrrnefndi liðurinn, Tilraunastöðvar, óskipt, skiptist af fjárveitinganefnd í byrjun næsta árs að fengnum tillögum landbúnaðarráðuneytisins. Viðfangsefnið 6.85 Tilraunastöðin Möðruvöllum, stofnkostnaður hækkar um 500 þús. kr. og verður 1.500 þús. kr.

243 Sauðfjárveikivarnir: Tilfærslur hækka um 145.000 þús. kr. og verða 238.823 þús. kr.

246 Veiðimálastofnunin: Framlag til viðfangsefnisins 1.01 Veiðimálastofnunin hækkar um 1.500 þús. kr. vegna lækkunar sértekna. Viðfangsefnið 1.40 Laxeldisstöðin í Kollafirði hækkar um 7.700 þús. kr. og verður 11.240 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig að 1.700 þús. kr. eru vegna afborgana lána vegna nýs húss en 6.000 þús. kr. vegna samnorræns verkefnis.

247 Yfirdýralæknir: Tekið er inn nýtt viðfangsefni, 1.40 Dýralæknir loðdýra, 1.000 þús. kr. og hækka launagjöld sem því nemur.

272 Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey: Tilfærslur hækka um 1.000 þús. kr. og verða 2.150 þús. kr.
288 Jarðræktarlög, framlög: Tekinn er inn nýr liður, 1.20 Framlög til búnaðarsambanda, 9.000 þús. kr. Viðfangsefnið 6.20 Jarðræktarframlög o.fl. hækkar um 41.000 þús. kr. og verður 141.000 þús. kr.
290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir hækka um 63.000 þús. kr. og verða 549.000 þús. kr.
291 Búfjárrækt, framlög skv. lögum nr. 31/1973: Framlag hækkar um 9.000 þús. kr. og heildarframlag til búfjárræktar verður því 25.711 þús. kr.
299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi: Viðfangsefnið 1.22 Ýmis verkefni hækkar um 1.000 þús. kr. og er ætlað til stóðhestastöðvarinnar í Gunnarsholti. Viðfangsefnið 1.24 Gunnarshús Skriðuklaustri hækkar um 2.000 þús. kr., verður 4.300 þús. kr., og er því fé ætlað til viðgerða á þaki og gluggum.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

202 Hafrannsóknastofnun. Tekinn er inn nýr liður 1.50 Alþjóðlegt samstarfsverkefni á hafsvæðinu milli Íslands og Austur-Grænlands og verður 4.200 þús. kr. Viðhaldsverkefni hækka samtals um 3.000 þús. kr. og verða 20.200 þús. kr. Um skiptingu milli verkefna er að öðru leyti vísað til breytingartillagna.
299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi: Viðfangsefnið 1.21 Sjóvinnukennsla, sjóvinnu- og rannsóknabátur hækkar um 220 þús. kr., verður 9.555 þús. kr., og hækka tilfærslur sem því nemur. Framlagið er ætlað til stuðnings við rekstur skólaskips í Vestmannaeyjum.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

243 Vinnuhælið Kvíabryggju: Tekinn er inn nýr liður 6.10 Umhverfisbætur 500 þús. kr.
251 Landhelgisgæsla Íslands: Viðfangsefnið 1.30 Fluggæsla hækkar um 5.650 þús. kr. og verður 110.184 þús. kr. Þar er um að ræða laun tveggja þyrluflugmanna, 4.400 þús. kr., og kostnaður vegna aukinna flugstunda, 1.250 þús. kr.
301 Biskup Íslands: Viðfangsefnið 1.10 Æskulýðsstarf hækkar um 250 þús. kr. og er til stuðnings við æskulýðsstarf safnaða á Vestfjörðum.
303 Prestaköll og prófastsdæmi: Viðfangsefnið 6.20 Byggingar á prestssetrum hækkar um 2.000 þús. kr. og verður 11.200 þús. kr. Viðbótarframlag þetta rennur til byggingar prestsseturs í Bjarnarnesi.
304 Ýmis kirkjuleg málefni: Framlag á lið 6.52 Hóladómkirkja er hækkað um 2.000 þús. kr. og verður 9.000 þús. kr. Nánari grein verður gerð fyrir málinu í framsögu.

07 Félagsmálaráðuneyti

700 Málefni fatlaðra: Viðfangsefnið 1.80 Starfsþjálfun lækkar um 20 þús. kr. en á móti kemur inn nýr liður, 1.81 Tölvumiðstöð fatlaðra, 1.400 þús. kr. og er því hækkunin til þessara málaflokka samtals 1.380 þús. kr.
707 Málefni fatlaðra, Austurlandi: Tekinn er inn nýr liður, 1.60 Þroskaþjálfun, Höfn Hornafirði, 1.000 þús. kr. og hækka launagjöld sem því nemur.
981 Vinnumál: Viðfangsefnið 1.90 Ýmislegt hækkar um 4.609 þús. kr., verður 25.379 þús. kr., og 2.000 þús. kr. af þeirri upphæð er vegna endurvinnslu staðla í byggingariðnaði.
999 Félagsmál, ýmis starfsemi: Framlög til 1.30 Sjómannastofur hækka um 100 þús. kr. og verða 600 þús. kr. Tilfærslur á lið 1.31 Félagasamtök, styrkir hækka um 1.950 þús. kr. og verða 8.150 þús. kr. Viðfangsefnið 1.32 Starfsmenntun í atvinnulífinu hækkar um 4.000 þús. kr. og verður 9.000 þús. kr. Um er að ræða tilfærslur vegna fata- og vefjariðnaðar.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

327 Geislavarnir ríkisins: Önnur gjöld hækka um 700 þús. kr. vegna skuldbindinga gagnvart Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni. Tekinn er inn nýr liður, 6.01 Tækjakaup, 2.500 þús. kr.

355 Héraðshæli Austur-Húnvetninga, Blönduósi: Launagjöld hækka um 2.000 þús. kr. vegna leiðréttingar.

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri: Önnur gjöld hækka um 600 þús. kr. vegna kostnaðar við athugun á framtíðarnýtingu eldra húsnæðis.

359 Sjúkrahúsið Húsavík: Launagjöld hækka um 1.500 þús. kr.

360 Sjúkrahúsið Seyðisfirði: Launagjöld hækka um 1.800 þús. kr. vegna leiðréttingar.

365 Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi: Launagjöld hækka um 4.000 þús. kr. vegna leiðréttingar.

367 Sjúkrahúsið Keflavík: Vegna leiðréttingar hækka önnur gjöld um 7.000 þús. kr.

371 Ríkisspítalar: Viðfangsefnið 1.10 Legudeildir, svæfinga- og gjörgæsludeild hækkar um 11.400 þús. kr. og verður 1.807.094 þús. kr. Hækkunin er vegna þriggja nýrra stöðugilda sjúkraliða á Kristnesspítala og vegna hjartaaðgerða. Launagjöld á þjónustudeildum hækka um 4.200 þús. kr. vegna stöðubreytinga og vegna 0.27 stöðu sérfræðings. Framlag til stofnkostnaðar hækkar um 13.000 þús. kr. og er ætlað til tækjakaupa.

372 Borgarspítalinn: Launagjöld hækka um 8.000 þús. kr. vegna sex nýrra stöðugilda á Arnarholti. Viðfangsefnið 5.01 Viðhald, óskipt hækkar um 8.000 þús. kr. sem ætlaðar eru til greiðslu kostnaðar vegna eldvarnakerfis. Gert er ráð fyrir að sinna megi þessu verkefni á þremur árum. Tekinn er inn nýr liður, 6.02 Bygging B-álmu, 9.000 þús. kr.

377 Sjúkrahús, almennt: Nýr fjárlagaliður 50.000 þús. kr. Þessum lið er ætlað að vera til ráðstöfunar við uppgjör til sjúkrahúsa á föstum fjárlögum vegna hugsanlegs rekstrarhalla ársins 1987.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir: Tilfærslur á viðfangsefni 6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða hækka um 54.800 þús. kr. og verða 214.800 þús. kr. Vísað er í sundurliðun á sérstöku yfirliti með breytingartillögum um skiptingu á einstök verkefni.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi: Viðfangsefnið 1.35 Hjartavernd, Mónica-rannsóknir hækkar um 860 þús. kr. og verður 2.500 þús. kr. Tekinn er inn nýr liður 1.80 Sjúkraflug 2.000 þús. kr. og hækka tilfærslur sem því nemur. Fjárveiting þessi er ætluð til þátttöku í kostnaði við bakvaktir vegna sjúkraflugs enda liggi fyrir kostnaðarþátttaka sveitarfélaga. Heilbrigðisráðuneytið tekur við umsóknum um styrki skv. þessum fjárlagalið og afgreiðir þær.

471 Gæsluvistarsjóður: Framlag til Verndar hækkar um 200 þús. kr. og verður 1.350 þús. kr. og er ætlað til reksturs Laugateigs 19.

481 Bindindisstarfsemi: Viðfangsefnið 1.10 Áfengisvarnir hækkar um 2.595 þús. kr. og er ætlað til reksturs áfengisvarnaráðs. Samtals er því ætlað til áfengisvarna 4.547 þús. kr.

10 Samgönguráðuneyti

211 Vegagerð ríkisins: Viðfangsefnið 6.10 Nýframkvæmdir hækkar um 50.000 þús. kr. og hækka önnur gjöld sem því nemur. 20.000 þús. kr. af þessari hækkun renna sem sérstakt framlag til jarðgangagerðar í Ólafsfjarðarmúla.

333 Hafnamál: Tilfærslur á viðfangsefni 6.30 Hafnarmannvirki og lendingarbætur hækka um 148.500 þús. kr. og verða 398.500 þús. kr. Vísað er í sundurliðun á einstök verkefni í yfirliti með breytingartillögum. Tekinn er inn nýr liður, 6.51 Landshöfn Rifi, 4.000 þús. kr. og er það skuldagreiðsla.

341 Siglingamálastofnun ríkisins: Viðfangsefnið 1.01 Siglingamálastofnun ríkisins hækkar um 12.670 þús. kr. og verður 72.126 þús. kr. Sértekjur lækka um 1.938 þús. kr. eða úr 13.820 þús. kr. í 11.882 þús. kr.

485 Ýmis framlög:
a. Nýr liður 1.03 Björgunarbúnaður Sigmunds 150 þús. kr.
b. Tilkynningarskylda íslenskra skipa hækkar um 1.600 þús. kr. og verður 7.030 þús. kr.
c. Nýr liður 1.23 Sjálfvirkt tilkynningarkerfi fyrir fiskiskip 3.500 þús. kr.
d. Framlag til norrænna jarðskjálftarannsókna á Suðurlandi hækkar um 3.092 þús. kr. og verður 3.672 þús. kr.
e. Viðfangsefnið 1.26 Ýmislegt hækkar um 700 þús. kr.
f. Tekinn er upp nýr liður, Öryggismálaskóli sjómanna, 10.000 þús. kr.

651 Ferðamálaráð: Viðfangsefnið 1.01, Önnur gjöld, hækkar um 900 þús. kr. og er ætlað til útgáfu upplýsingabæklinga o.fl. Tekinn er inn nýr liður 6.30 Hönnun ferðamannaaðstöðu við Gullfoss 200 þús. kr.

652 Veðurstofa Íslands: Viðfangsefnið 1.70 Veðurþjónusta vegna millilandaflugs hækkar um 1.550 þús. kr. og verður 42.273 þús. kr. Um er að ræða launakostnað vegna veðurathugana á Galtavita og Hjarðarnesi, sem féll niður í frumvarpi, en er í samræmi við samkomulag við Alþjóðaflugmálastofnunina.

656 Landmælingar Íslands: Viðfangsefnið 1.01 Landmælingar Íslands hækkar um 2.000 þús. kr. vegna lækkunar sértekna.

11 Iðnaðarráðuneyti

201 Iðntæknistofnun Íslands: Viðfangsefni 1.90 Iðntæknistofnun Íslands, tilfærslur hækka um 1.000 þús. kr. og verða 57.260 þús. kr. Um er að ræða framlag vegna vinnuvélanámskeiða.

221 Lánasjóðir iðnaðarins: Við bætist nýr fjárlagaliður, 6.20 Iðnlánasjóðir, með 25.000 þús. kr. framlagi.

299 Iðja og iðnaður, framlög: Teknir eru inn þrír nýir liðir: 1.15 Alþjóðastaðlar CEN og CENELEC 5.700 þús. kr., 1.27 Iðnráðgjafar 9.600 þús. kr. og 1.30 Evreka 11.000 þús. kr.

301 Orkustofnun: Viðfangsefnið 1.10 Sérverkefni tengt fiskeldi hækkar um 4.500 þús. kr. og verður 17.100 þús. kr. Hækkunin er ætluð til rannsókna varðandi fiskeldi við Öxarfjörð.

Fjárveitinganefnd, meiri og minni hluti, hefur unnið að framanritaðri tillögugerð og stendur nefndin öll sameiginlega að þeim tillögum. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjárveitinganefnd, þau Margrét Frímannsdóttir, Óli Þ. Guðbjartsson og Málmfríður Sigurðardóttir, hafa fyrirvara um að flytja breytingartillögur eða styðja þær sem fram kunna að koma.

Alþingi, 11. des. 1987.

Sighvatur Björgvinsson, form., frsm.	Pálmi Jónsson, fundaskr.	Alexander Stefánsson.
Ólafur Þ. Þórðarson.	Friðjón Þórðarson.	Egill Jónsson.

Ed. 250. Nefndarálit [195. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Meiri hl. nefndarinnar hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.
Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim.

Alþingi, 12. des. 1987.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Svavar Gestsson, með fyrirvara.
Jóhann Einvarðsson.	Valgerður Sverrisdóttir.	Eiður Guðnason.

Ed. 251. Breytingartillaga [195. mál]

við frv. til l. um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði.

Frá Svavari Gestssyni.

Við 6. gr. Í stað „1,1%“ komi: 2,2%.

Nd. 252. Lög [70. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum.

(Afgreidd frá Nd. 12. des.)

Samhljóða þskj. 73.

Sþ. 253. Fyrirspurn [204. mál]

til utanríkisráðherra um afstöðu Íslands til skilyrðislausrar framkvæmdar afvopnunartillagna.

Frá Geir H. Haarde.

Fól utanríkisráðherra sendinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum að greiða atkvæði með tillögu Tékka og Úkraínumanna um skilyrðislausa framkvæmd allra afvopnunartillagna sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur samþykkt?

Ef svo er, hver er skýringin á breyttri afstöðu Íslands til þessa máls frá því á tíma ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar og hvaða rök voru fyrir því að taka aðra afstöðu en t.d. önnur ríki Atlantshafsbandalagsins og norrænu ríkin fjögur?

Hefur mál þetta verið kynnt í utanríkismálanefnd?

Nd. 254. Frumvarp til laga [47. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986 og lög nr. 27/1987.

(Eftir 2. umr. í Nd., 12. des.)

1. gr.

Á eftir 5. mgr. 12. gr. laganna (sbr. l. nr. 27/1987) komi ný málsgrein svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1.–5. mgr. er húsnæðismálastjórn heimilt að skerða eða synja um lán ef umsækjandi á fyrir fleiri en eina íbúð. Einnig er húsnæðismálastjórn heimilt, þrátt fyrir ákvæði 12., 13., 14. og 30. gr. laga þessara, að skerða lán og breyta kjörum á lánum umsækjenda sem eiga fyrir fullnægjandi íbúðarhúsnæði, skuldlaust eða skuldlítið og stærra en 180 m^2 brúttó, að frádregnum bílskúr. Um stærðarútreikning íbúða gilda sömu reglur og skv. c-lið 13. gr. Ef umsækjandi er í hjónabandi eða óvígðri sambúð skal miða við íbúðareign beggja. Ákvörðun húsnæðismálastjórnar um skerðingu eða synjun á láni skal vera rökstudd. Nánari reglur um framangreind atriði skal setja í reglugerð.

2. gr.

Í stað 1. málsl. 6. mgr. (verður 7. mgr.) 12. gr. laganna komi þrír nýir málsliðir sem hljóði svo:

Umsækjendur, sem uppfylla skilyrði laga þessara um lánveitingu skv. 13., 14., 18. og 25. gr., skulu innan þriggja mánaða frá því að umsókn var lögð fram fá svar um hvort þeir eigi rétt á láni. Í svari Húsnæðisstofnunar til umsækjanda skal koma fram að lánið sé háð því að lífeyrissjóður eða sjóðir, sem umsækjandi er félagi í, hafi fullnægt samningi við Húsnæðisstofnun um ráðstöfunarfé til Byggingarsjóðs ríkisins. Endanleg svör um afgreiðslutíma láns og lánsupphæð berist eigi síðar en einu ári áður en fyrsti hluti láns kemur til afgreiðslu.

3. gr.

7. mgr. (verður 8. mgr.) 12. gr. laganna hljóði svo:

Úthlutun lána til þeirra sem eru að byggja eða kaupa íbúð í fyrsta sinn, svo og lána til meiri háttar viðbygginga, endurbóta eða orkusparnaðar, skal ganga fyrir úthlutun lána til þeirra sem eiga íbúð fyrir og skulu fyrrnefnd lán afgreidd í sömu röð og umsóknir berast eða íbúðir verða veðhæfar. Á sama hátt er húsnæðismálastjórn heimilt að láta úthlutun lána til þeirra ganga fyrir sem eiga fyrir ófullnægjandi íbúð og þurfa að skipta um húsnæði af fjölskylduástæðum. Nánari reglur um framangreind atriði skulu settar í reglugerð. Heimilt er að skipta láni í allt að þrjá hluta eftir nánari reglum sem húsnæðismálastjórn setur enda fylgi lánið eða lánshlutarnir að fullu ársfjórðungslegum breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. og 3. gr. gilda um umsóknir sem borist hafa Húsnæðisstofnun ríkisins frá og með 13. mars 1987.

Nd. 255. Breytingartillaga [47. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986 og lög nr. 27/1987.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

Við 2. gr. 3. málsl. orðist svo:

Húsnæðisstofnun skal eigi síðar en einu ári áður en fyrsti hluti láns kemur til afgreiðslu tilkynna með almennri auglýsingu um afgreiðslu lána, sem sótt hefur verið um innan ákveðinna tímamarka, og skal í auglýsingunni birta þau skilyrði sem umsækjendur þurfa að uppfylla til að fá lán sín afgreidd.

Ed. 256. Breytingartillögur [47. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986, sbr. lög nr. 27/1987.

Frá Júlíusi Sólnes og Guðmundi Ágústssyni.

1. Á undan 1. gr. frumvarpsins komi ný grein svohljóðandi:
   a. Í stað 1.–75. gr. laganna komi 37 nýjar greinar:

I. KAFLI

Markmið laganna.

1. gr.

Markmið laganna er:
— að stuðla að því skipulagi húsnæðismála að allir landsmenn geti búið við öryggi í húsnæðismálum,
— að stuðla að jafnrétti í húsnæðismálum þannig að lágtekjufólk og aðrir þjóðfélagshópar, sem þurfa á aðstoð að halda, eigi þess kost að byggja eða kaupa íbúðarhúsnæði með hagstæðum kjörum,
— að stuðla að valfrelsi í húsnæðismálum þannig að sem flestir geti fengið húsnæði við sitt hæfi, ýmist til leigu eða til eignar allt eftir ástæðum hvers og eins,
— að auka framboð á leiguhúsnæði þannig að reynt verði að ráða bót á þeirri húsnæðiseklu sem hefur skapast á seinni árum vegna skorts á leiguíbúðum,
— að tryggt verði nægilegt lánsfé til húsbygginga og kaupa á íbúðarhúsnæði sem standi öllum til boða á viðunandi kjörum.

II. KAFLI

Hlutverk og skipulag stofnunarinnar.

2. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins er sjálfstæð ríkisstofnun sem lýtur sérstakri stjórn og heyrir undir félagsmálaráðuneytið.

Hlutverk hennar er að veita lán úr Byggingarsjóði ríkisins til íbúðabygginga og kaupa á nýjum eða notuðum íbúðum á félagslegum grundvelli. Enn fremur til viðhalds og endurbóta á notuðum íbúðum og til að stuðla að tækniþróun og framförum í byggingariðnaði samkvæmt nánari skilgreiningu í þessum lögum.

3. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins starfar sem ein heild en skiptist í tvær deildir:
1. *Bankadeild.* Í bankadeild fer fram fjármálaleg stjórn stofnunarinnar, rekstrarbókhald, varsla Byggingarsjóðs ríkisins, lánveitingar og öll útlánastarfsemi, þar með talin afgreiðsla lána og innheimta.
2. *Tæknideild.* Tæknideild skal vera húsnæðismálastjórn til ráðuneytis um tæknileg atriði og annast samskipti við aðra opinbera aðila sem fást við byggingarmál. Hún skal meta veðhæfni fasteignanna og ákveða matsverð þeirra, sbr. 1. mgr. 8. gr. Hún skal annast eftirlit með þeim framkvæmdum sem lánað er til og sjá um að öllum settum skilyrðum sé fullnægt.

   Tæknideild skal enn fremur veita húsbyggjendum og umsækjendum um íbúðarlán almennar upplýsingar og ráðgjöf á sviði byggingarmála og fylgjast með og kynna

tækninýjungar á sviði húsbygginga. Hún skal einnig vera sveitarstjórnum og félagasamtökum, sem hyggja á byggingu félagslegra íbúða eða endurbætur á eldri íbúðum, til aðstoðar við undirbúning, útboð og samningagerð vegna slíkra framkvæmda.

4. gr.

Stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, húsnæðismálastjórn, skipa sjö menn kjörnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Jafnmargir varamenn skulu kjörnir á sama hátt. Alþingi kýs enn fremur tvo endurskoðendur og tvo til vara.

Félagsmálaráðherra skipar formann og varaformann stjórnarinnar, en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum.

Stjórnin er ábyrg fyrir því að starfsemi stofnunarinnar sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Hún er stjórnvöldum til ráðuneytis um löggjafaratriði á sviði húsnæðismála og fjallar um öll þau mál sem félagsmálaráðherra og framkvæmdastjóri leggja fyrir hana.

Enginn stjórnarmanna má vera ráðinn til starfa við stofnunina. Stjórn og allt starfsfólk stofnunarinnar skal vera bundið þagnarskyldu gagnvart óviðkomandi aðilum varðandi öll innri mál hennar svo og öll útlán.

Laun stjórnarinnar skulu ákveðin á sama hátt og bankaráðsmanna ríkisbankanna og greiðast á sama hátt og annar kostnaður við stofnunina.

5. gr.

Félagsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins og deildarstjóra banka- og tæknideildar að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

Framkvæmdastjóri annast daglega stjórn stofnunarinnar og ræður starfsfólk til hennar í samráði við húsnæðismálastjórn.

Deildarstjórar bankadeildar og tæknideildar starfa undir framkvæmdastjóra og annast stjórn og daglegan rekstur deildanna í umboði hans.

Allur rekstrarkostnaður vegna starfsemi Húsnæðisstofnunar greiðist af lántakendum með sérstöku framlagi sem er innheimt um leið og afborganir og vextir af lánum þeirra.

III. KAFLI

Byggingarsjóður ríkisins.

6. gr.

Fjárstreymi til útlána á vegum Húsnæðisstofnunar ríkisins fer í gegnum Byggingarsjóð ríkisins. Fjár til sjóðsins er aflað á eftirfarandi hátt:

1. Með tekjum af eigin fé sjóðsins, þ.e. afborgunum, vöxtum, hugsanlegum bótum, verðbótum og framlagi til rekstrar sem lántakendur greiða.
2. Með árlegu framlagi úr ríkissjóði sem nemur 1% af launaskatti.
3. Með árlegu framlagi úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum, ef með þarf, þannig að heildarframlag úr ríkissjóði samkvæmt lið 2 og 3 nemi ár hvert 30% af fjárþörf sjóðsins.
4. Með tekjum af skyldusparnaði skv. VI. kafla þessara laga.
5. Með sölu skuldabréfa og sérstökum lántökum sem eru ákveðnar í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisins ár hvert þegar ráðstöfunarfé sjóðsins samkvæmt liðum 1–4 nægir ekki til þess að standa undir þeim útlánum sem sjóðurinn er skuldbundinn til þess að veita.

Framlag ríkisins skal greitt til sjóðsins í samræmi við fjárþörf hans.

Um rétt til lána.

7. gr.

Í reglugerð fyrir stofnunina skal nánar skilgreint hvernig útlánum skuli háttað og hvers konar húsbyggingar eru lánshæfar.

8. gr.

Á vegum tæknideildar skal fara fram mat á fasteignum og veðhæfni þeirra áður en lánveiting til þeirra getur farið fram. Matsverð fasteignar skal ákveðið á grundvelli fasteigna- og brunabótamats svo og ætlaðs söluverðs. Nánari reglur um ákvörðun matsverðs og veðhæfni fasteigna skal setja í reglugerð.

Við lánveitingar vegna fasteigna á sumum stöðum á landsbyggðinni, þar sem matsverð fasteigna er verulega lægra en meðaltalsmatsverð hliðstæðra fasteigna yfir allt landið, er stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins heimilt að hækka þau mörk sem gilda um veðhæfni skv. 10. gr.

Á vegum tæknideildar skal enn fremur fara fram ítarleg athugun á tæknilegum forsendum og fyrirkomulagi bygginga sem sótt er um lán til, bæði hvað varðar hagkvæmni byggingar, skipulags- og hönnunarforsendur, byggingarkostnað o.fl. Skal jákvæð umsögn tæknideildar liggja fyrir áður en lánveiting er ákveðin.

9. gr.

Úr Byggingarsjóði ríkisins er heimilt að veita lán til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði, til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu húsnæði, til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði og til orkusparandi breytinga á húsnæði sem hér segir:

1. Íbúðir fyrir lágtekjufólk (verkamannabústaðir).
2. Íbúðir fyrir þá sem eru að byggja eða kaupa sína fystu íbúð.
3. Verndaðar íbúðir fyrir fatlaða.
4. Verndaðar íbúðir fyrir aldraða.
5. Leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga.
6. Leiguíbúðir á vegum félagasamtaka.

Úr Byggingarsjóði ríkisins er enn fremur heimilt að veita lán til byggingar eða kaupa á húsnæði fyrir félagslegar stofnanir á vegum opinberra aðila og félagasamtaka, svo sem dagvistarstofnanir fyrir börn og aldraða, hjúkrunarheimili og dvalarheimili.

Félagsmálaráðherra ákveður árlega skiptingu ráðstöfunarfjár Byggingarsjóðs ríkisins milli einstakra lánaflokka samkvæmt þessari grein, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar. Ráðherra er heimilt að flytja ráðstöfunarfé milli lánaflokka á miðju ári, að tillögu húsnæðismálastjórnar, ef sérstakar aðstæður mæla með því.

10. gr.

Lánveitingar til mismunandi húsbygginga skv. 9. gr. skulu ekki nema hærra hlutfalli af matsverði íbúðar en hér segir:

1. Lán til íbúða fyrir lágtekjufólk mega nema allt að 90% af matsverði fasteignar.
2. Lán til þeirra sem eru að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð mega nema allt að 80% af matsverði fasteignar.
3. Lán til verndaðra íbúða fyrir aldraða mega nema allt að 80% af matsverði fasteignar.
4. Lán til verndaðra íbúða fyrir fatlaða mega nema allt að 90% af matsverði fasteignar.
5. Lán til leiguíbúða á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka mega nema allt að 90% af matsverði fasteignar.
6. Lán til félagslegra stofnana mega nema allt að 80% af matsverði fasteignar.

7. Viðbótarlán vegna kaupa á húsnæði, sem er með áhvílandi lánum, mega nema allt að 50% af matsverði fasteignar. Samanlagt mega lánin ekki fara yfir 80% af matsverði fasteignar.
8. Lán til viðhalds, breytinga eða endurbóta á húsnæði, þar með taldar orkusparandi breytingar og endurbætur á heilsuspillandi húsnæði, má veita innan þess ramma sem kemur fram í 1.–7. tölul. Lánið má ekki vera hærra en nemur hinum raunverulega kostnaði vegna breytinganna sem að mati Húsnæðisstofnunar telst vera sanngjarnt. Taka má tillit til eigin vinnu háð samþykki Húsnæðisstofnunar.
9. Lán skv. 1.–8. lið mega ekki vera lægri að raunupphæð en 100 000 kr. Þessi upphæð breytist samkvæmt byggingarvísitölu.
10. Ef eigandi íbúðar eða maki hans er ellilífeyrisþegi eða nýtur örorkubóta er heimilt að víkja frá ákvæðum í 8. og 9. tölul.

11. gr.

Lán, sem eru veitt til íbúðarhúsnæðis skv. 9. gr., eru háð því skilyrði að stærð íbúða verði takmörkuð miðað við fjölskyldustærð og félagslegar aðstæður umsækjanda.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari skilyrði um stærðarmörk íbúða, hagkvæmni þeirra og annað sem getur leitt til lægri byggingarkostnaðar.

Lán, sem eru veitt til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði, skulu háð umsögn læknis eða heilbrigðisfulltrúa í viðkomandi sveitarfélagi. Enn fremur skal tæknideild Húsnæðisstofnunar meta hvort hagkvæmt sé að endurbyggja húsnæðið og gera kostnaðaráætlun um nauðsynlegar endurbætur.

Ef húsnæði er tekið til annarra nota en íbúðar falla lán, sem veitt hafa verið úr Byggingarsjóði ríkisins, í gjalddaga án fyrirvara. Sama gildir ef íbúð, sem lánað hefur verið til, er sameinuð annarri íbúð sem áður hefur hlotið lán úr Byggingarsjóði ríkisins.

Lán, sem eru veitt til stofnana skv. 9. gr., eru háð því skilyrði að stærð og búnaður stofnunar fylgi þeim stöðlum sem opinberir aðilar hafa sett um viðkomandi stofnun. Umsókn fylgi umsögn stjórnvalda sem fara með málefni viðkomandi stofnunar.

Ef notkun byggingar breytist frá því að lán til hennar var veitt samkvæmt skilmálum 9., 10. og 15. gr. laga þessara er allt lánið fallið í gjalddaga. Í veðskuldabréfum lána skal þetta ákvæði skýrt tekið fram ásamt kröfu um að lántakandi tilkynni Húsnæðisstofnun ef notkun byggingar breytist.

Ef notkun byggingar er ekki einhlít, t.d. ef um er að ræða blandaða notkun, er heimilt að ákvarða lánsmörk og lánstíma sérstaklega fyrir hvern hluta byggingar í samræmi við notkun hennar.

12. gr.

Til þeirra bygginga, sem lán er veitt til skv. 9. gr., er heimilt að veita sérstök framkvæmdalán. Skal þá gerður sérstakur framkvæmdalánssamningur milli Húsnæðisstofnunar og framkvæmdaraðila sem verður að leggja fram bankatryggingar eða aðrar jafngildar tryggingar.

Framkvæmdalán mega nema allt að 75% af áætluðu veðláni skv. 9. gr. Strax og matsverð byggingar, sbr. 8. gr., er nægjanlegt til þess að megi veita endanlegt veðlán skal það tekið og notað til þess að greiða framkvæmdalánið upp. Lánstími endanlegra veðlána skv. 15. gr. skal styttur að sama skapi. Hámarkslánstími framkvæmdalána er fimm ár. Að þeim tíma liðnum er allt lánið fallið í gjalddaga.

Lánskjör.

13. gr.

Öll lán úr Byggingarsjóði ríkisins skv. 9. gr. þessara laga skulu að jafnaði tryggð með 1. eða 2. veðrétti í þeirri fasteign sem lánað er til. Ef sérstakar aðstæður mæla með því, t.d. vegna áhvílandi lána, er heimilt að nota aftari veðrétt.

Heimilt er að verðtryggja lán úr Byggingarsjóði ríkisins skv. 9. og 12. gr. laga þessara með því að stjórna vöxtum, afborgunum og höfuðstól lánsins á hverjum tíma miðað við verðlagsþróun. Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um það hvernig megi haga verðtryggingu lána.

Heimilt er að nota vaxtaaðlögunarlán í staðinn fyrir verðtryggð lán þar sem vextir og sölugengi veðskuldabréfs er ákveðið fyrir fram og bundið til fárra ára í senn.

Heimilt er að setja greiðslumark lána með afkomutryggingu þannig að samið sé fyrir fram um hámarksgreiðslubyrði eftir gjaldþoli lántakanda. Greiðslumark fylgir verðlagsþróun. Ef lántakandi vegna tímabundins atvinnuleysis, veikinda, örorku, slysa eða annars, sem skert hefur tekjur hans án þess að við hafi verið ráðið, getur ekki staðið við greiðslumark, þ.e. vexti, afborgun og framlag til reksturs, greiðist mismunur á greiðslumarki og gjaldþoli lántakanda með afkomutryggingarbótum.

Öllum lánveitingum skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um áætlaða raunvexti og greiðslubyrði lántakanda.

14. gr.

Lánveitingar geta verið með eftirfarandi hætti:

1. Jafngreiðslulán (annuitet), þar sem afborganir og grunnvextir ásamt framlagi til rekstrar eru jafnstórar upphæðir allan lánstímann.
2. Raðlán, þar sem um er að ræða jafnar afborganir, en vextir og framlag til rekstrar reiknast af höfuðstól lánsins á hverjum tíma.
3. Blönduð lán, þar sem heildarlánveiting er að hluta til jafngreiðslulán og að hluta til raðlán.

Heimilt er að haga afborgunarröð þannig að lán verði afborgunarlaus fyrstu tvö árin.

Gjalddagar lána skv. 9. gr. skulu eigi vera færri en fjórir á ári.

Gjalddaga lána skv. 12. gr. ákveður húsnæðismálastjórn hverju sinni.

Lántakanda skal heimilt að greiða lán upp á skemmri tíma en segir í 15. gr. laga þessara. Þessa ákvæðis skal getið í skuldabréfi.

Lánstími og skilmálar.

15. gr.

Lánstími veðlána skv. 9. gr. skal vera sem hér segir:

1. 40 ár fyrir lán til byggingar íbúða fyrir lágtekjufólk.
2. 30 ár fyrir lán til kaupa á notaðri íbúð fyrir lágtekjufólk.
3. 30 ár fyrir lán til byggingar eða kaupa á fyrstu íbúð.
4. 40 ár fyrir lán til byggingar verndaðra íbúða fyrir fatlaða eða aldraða.
5. 30 ár fyrir lán til kaupa á íbúð fyrir fatlaða eða aldraða.
6. 40 ár til byggingar leiguíbúða sveitarfélaga og félagasamtaka.
7. 30 ár fyrir lán til viðhalds, breytinga og endurbóta á leiguíbúðum.
8. 30 ár til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði.
9. 20 ár fyrir lán til viðhalds, breytinga og endurbóta á eignaríbúðum.
10. 20 ár fyrir lán til orkusparandi breytinga á húsnæði.

16. gr.

Á vegum Húsnæðisstofnunar skal rekin ráðgjafarþjónusta þar sem umsækjendum lána og lántakendum er veitt alhliða þjónusta varðandi lánin, greiðslubyrði og afkomutryggingarbætur. Enn fremur skulu veittar allar tæknilegar upplýsingar og annað sem að gagni mætti koma varðandi sérstakar þarfir umsækjenda.

IV. KAFLI

Íbúðir fyrir lágtekjufólk og leiguíbúðir sveitarfélaga.

17. gr.

Í hverjum kaupstað, kauptúnahrepp og öðrum sveitarfélögum, sem þess óska, skal starfa nefnd þriggja manna, húsnæðisnefnd, sem er ætlað að hafa frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf íbúa í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Í upphafi kjörtímabils síns skulu sveitarstjórnir skipa tvo menn í nefndina en félagsmálaráðherra einn mann sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Allir nefndarmenn skulu vera búsettir í viðkomandi sveitarfélagi. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Húsnæðisstofnun greiðir einn þriðja hluta af kostnaði við störf nefndarinnar, þar með talin laun nefndarmanna, en sveitarfélag greiðir tvo þriðju hluta.

18. gr.

Húsnæðisnefnd lætur kanna þörf fyrir íbúðarhúsnæði fyrir íbúa í viðkomandi sveitarfélagi og gerir tillögur til sveitarstjórnar um hvernig megi mæta slíkri þörf. Er þá bæði átt við sérstakar íbúðir til kaupa fyrir lágtekjufólk og leiguíbúðir.

Sveitarstjórn tekur endanlega ákvörðun um byggingu eða kaup á íbúðum fyrir lágtekjufólk. Sveitarstjórn tekur á sama hátt endanlega ákvörðun um byggingu eða kaup á leiguíbúðum.

Ef sveitarfélag festir kaup á húsnæði til nota sem leiguíbúð verður fasteignin að fullnægja þeim almennu kröfum sem gerðar eru til íbúðarhúsnæðis og kaupverð má ekki vera hærra en sem nemur byggingarkostnaði sambærilegrar íbúðar.

19. gr.

Kaupendur að íbúðum fyrir lágtekjufólk eru háðir eftirfarandi skilyrðum:

1. Að þeir eigi lögheimili í hlutaðeigandi sveitarfélagi þegar könnun fer fram.
2. Að þeir eigi ekki íbúð eða aðra fasteign fyrir. Heimilt er að víkja frá þessu ákvæði ef húsnæði umsækjanda telst ófullnægjandi eða heilsuspillandi.
3. Að meðaltekjur þeirra þrjú síðustu árin nemi ekki hærri fjárhæð en sem svarar 555 000 kr. fyrir einhleyping og hjón og 51 000 kr. fyrir hvert barn á framfæri umsækjanda innan 16 ára aldurs. Með meðaltekjum er átt við heildartekjur umsækjanda, maka hans og barna sem eru á framfæri innan 16 ára aldurs. Ofangreindar fjárhæðir eru miðaðar við tekjuárin 1984–1986. Húsnæðismálastjórn ákveður við upphaf hvers árs hvaða tekjumörk skuli gilda, að fengnum upplýsingum hjá Þjóðhagsstofnun um breytingar á atvinnutekjum milli ára.
4. Að umsækjandi hafi unnið a.m.k. 1032 stundir árlega síðustu þrjú árin. Fjarvistardaga vegna veikinda, slysa, orlofs, verkfalla eða verkbanna og atvinnuleysis má meta jafngilda átta stunda vinnudegi. Álags- og ákvæðisgreiðslur teljast ekki með þegar vinnutími er ákveðinn. Þeim sem vinna fasta hlutavinnu skal heimilt að kaupa íbúð fyrir lágtekjufólk vinni þeir 516 stundir árlega hið minnsta.

Ef umsækjendur hafa hlotið varanlega örorku er heimilt að víkja frá þessum ákvæðum.

20. gr.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum 2.–4. tölul. 15. gr. ef aðstæður umsækjanda eru sérstaklega slæmar. Hér er átt við að hann hafi orðið fyrir meiri háttar röskun á högum sínum og að vegna t.d. fráfalls maka eða af öðrum orsökum hafi tekjur hans lækkað svo að hann haldi ekki íbúð sinni.

Lánsumsóknum samkvæmt þessari grein skal fylgja umsögn viðkomandi sveitarstjórnar.

21. gr.

Húsnæðisnefnd viðkomandi sveitarfélags auglýsir eftir umsóknum um íbúðir fyrir lágtekjufólk í samráði við sveitarstjórn eftir að Húsnæðisstofnun hefur samþykkt lánveitingu til byggingaráfanga og framkvæmdir eru hafnar. Húsnæðisnefnd gerir tillögu til sveitarstjórnar um ráðstöfun íbúða. Skulu þeir umsækjendur hafa forgang sem búa við lakastar aðstæður.

Húsnæðisnefnd skiptir byggingarkostnaði niður á milli íbúða og ákveður eignarhlut þeirra í byggingaráfanganum. Hún gerir kaupsamninga við þá umsækjendur sem hefur verið úthlutað íbúð í byggingaráfanganum, en miða skal við að kaupandi greiði sinn hlut á byggingartímanum. Ef kaupandi stendur ekki í skilum getur húsnæðisnefndin framselt kaupsamninginn öðrum umsækjanda.

Húsnæðisnefnd auglýsir eftir umsóknum um leiguíbúðir á vegum sveitarfélags og gerir leigusamninga við þá umsækjendur sem hefur verið úthlutað íbúð til leigu. Nefndin annast rekstur leiguíbúðanna í umboði sveitarfélags sem er skráður eigandi þeirra. Nánari reglur um ráðstöfun leiguíbúða og ákvörðun húsaleigu má setja í reglugerð.

22. gr.

Þegar Húsnæðisstofnun hefur látið taka byggingaráfangann út og staðfest að íbúðirnar séu fullgerðar, lætur húsnæðisnefnd kaupendur fá skriflegt afsal fyrir íbúðunum, enda hafi þeir undirritað veðskuldabréf til Byggingarsjóðs ríkisins og staðið í skilum með útborgun og aðrar greiðslur vegna íbúðarkaupanna.

Í afsali skal taka fram að íbúðin sé háð ákvæðum þessara laga eins og þau eru á hverjum tíma. Þar skal enn fremur tekið fram um skyldu íbúðareigenda til þátttöku í húsfélagi í sambýlishúsum vegna sameiginlegra verkefna.

Kaupandi greiðir kostnað vegna þinglýsingar á afsali sem er stimpilgjaldsfrítt.

23. gr.

Ekki er heimilt að leigja eða framselja íbúð fyrir lágtekjufólk án samþykkis húsnæðisnefndar. Húsnæðisnefnd getur bundið samþykki sitt til útleigu skilyrðum um hámarksleigu og leigutíma. Húsnæðisnefnd getur heimilað eignaskipti án sölu þegar um er að ræða hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna, setu í óskiptu búi, arftöku eða önnur áþekk tilfelli.

Ef leiga eða framsal íbúðar fyrir lágtekjufólk hefur farið fram án samþykkis húsnæðisnefndar er heimilt að gjaldfella lán til íbúðarinnar úr Byggingarsjóði ríkisins. Einnig er heimilt að fella niður verðbætur til íbúðareigenda vegna sölu íbúðarinnar, sbr. 25. gr., þann tíma sem hún er leigð eða framseld án heimildar.

24. gr.

Sveitarstjórn hefur forkaupsrétt á íbúðum fyrir lágtekjufólk, byggðum eftir gildistöku laga þessara. Fyrstu 15 árin eftir að afsal fyrir íbúðinni var gefið út er sveitarstjórn skylt að nota forkaupsrétt sinn. Ef sveitarstjórn vill ekki nota forkaupsrétt sinn að 15 árum liðnum er

eiganda íbúðarinnar heimilt að selja hana á frjálsum markaði. Við slíka sölu eru áhvílandi, uppfærðar eftirstöðvar láns úr Byggingarsjóði ríkisins gjaldfallnar. Um leið afléttir sveitarstjórn öllum kvöðum, sem voru á íbúðinni, með yfirlýsingu í afsali til nýs eiganda.

Sveitarstjórn hefur kaupskyldu á öllum íbúðum í verkamannabústöðum byggðum samkvæmt eldri lögum en eftir gildistöku laga nr. 51/1980 og koma til endursölu við verði sem tilgreint er í 25. gr. fyrstu 15 árin frá útgáfu afsals. Eftir þann tíma á sveitarstjórn forkaupsrétt að þeim íbúðum sem boðnar verða til sölu. Hafni sveitarstjórn forkaupsrétti að verkamannabústað eða hafi íbúð í verkamannabústað verið í eigu sama eiganda í 30 ár samfellt er honum heimilt að selja íbúðina á frjálsum markaði, enda greiði hann upp áhvílandi, uppfærðar eftirstöðvar láns úr Byggingarsjóði verkamanna. Sveitarstjórn skal þá gefa út yfirlýsingu um að niður séu fallnar allar kvaðir sem verið hafa á íbúðinni um forkaupsrétt og takmarkanir á ráðstöfunarrétti. Skal yfirlýsingunni þinglýst.

Ef íbúð fyrir lágtekjufólk eða íbúð, sem hefur verið byggð samkvæmt eldri lögum um verkamannabústaði, er seld á nauðungaruppboði innan 15 ára frá útgáfu afsals skal sveitarstjórn neyta forkaupsréttar síns. Fulltrúi sveitarstjórnar getur þá krafist þess á uppboðsþingi að eignin verði lögð henni út til eignar á því verði sem hæst hefur verið boðið í eignina eða innkaupsverði skv. 25. gr. ef það er lægra en hæsta boð. Að fengnu afsali samkvæmt þessu ákvæði skal afmá veðbönd og höft á eigninni í veðmálabókum.

25. gr.

Húsnæðisnefnd sveitarfélags annast kaup og endursölu íbúða fyrir lágtekjufólk ef sveitarfélag notar forkaupsrétt sinn. Seljandi fær endurgreitt það fé sem hann hefur lagt fram við kaup íbúðarinnar og þær afborganir sem hann hefur greitt til Byggingarsjóðs ríkisins. Endurgreiðslurnar skulu verðtryggðar með sömu kjörum og lánið sem hvíldi á íbúðinni.

Seljandi á enn fremur rétt á því að fá greiddar endurbætur, sem hann hefur gert á íbúðinni, samkvæmt mati tæknideildar Húsnæðisstofnunar.

Frá greiðslu til seljanda skal draga fyrningu sem nemur 1% af framreiknuðu verði íbúðarinnar fyrir hvert ár sem seljandi hefur átt íbúðina fyrstu 20 árin eftir að íbúðin var afhent í fyrsta sinn. Eftir þann tíma er heimilt að lækka árlega fyrningu í ½% ef íbúð og sameign er vel við haldið. Vanræksla á viðhaldi íbúðarinnar skal metin til frádráttar á greiðslum til seljanda samkvæmt mati tæknideildar Húsnæðisstofnunar. Til frádráttar á greiðslu til seljanda koma einnig lausaskuldir og vangreidd gjöld vegna íbúðarinnar.

Nú verður framreiknað innkaupsverð íbúðar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar hærra en markaðsverð sambærilegrar íbúðar í sama sveitarfélagi. Skal þá afskrifa verð íbúðarinnar þar til markaðsverði er náð að mati tæknideildar Húsnæðisstofnunar. Eftirstöðvar áhvílandi lána úr Byggingarsjóði ríkisins skulu afskrifaðar í sama hlutfalli.

Endursöluverð íbúðarinnar skal fundið með því að framreikna kostnaðarverð hennar eða síðasta söluverð, þegar hún var afhent, til söludags miðað við þá verðtryggingu sem er á áhvílandi lánum úr Byggingarsjóði ríkisins. Frá því verði skal draga fyrningu skv. 3. mgr. þessarar greinar. Við framreiknað verð má bæta kostnaði vegna endurbóta, sem hafa verið gerðar á íbúðinni, að mati tæknideildar Húsnæðisstofnunar.

Kaupandi íbúðarinnar tekur við eftirstöðvum af láni úr Byggingarsjóði ríkisins uppfærðum til söludags. Ef uppfærðar eftirstöðvar lánsins nema lægri fjárhæð en 85% af endursöluverði íbúðarinnar er heimilt að veita viðbótarlán úr Byggingarsjóði ríkisins að því marki að heildarlán úr sjóðnum nemi allt að 85% af endursöluverðinu.

V. KAFLI

Forkaupsréttur sveitarfélaga á íbúðum byggðum samkvæmt lögum fyrir gildistöku laga nr. 51/1980.

26. gr.

Sveitarfélög eiga forkaupsrétt á eldri íbúðum sem byggðar hafa verið samkvæmt eldri lögum um verkamannabústaði og veitt hefur verið lán til úr Byggingarsjóði verkamanna enda hafi sveitarstjórn ekki áður hafnað forkaupsrétti eða hann fallið niður af öðrum ástæðum, sbr. þó 24. gr.

Þegar eigandi íbúðar í verkamannabústað hyggst selja íbúð sína skal hann tilkynna það húsnæðisnefnd. Húsnæðisnefndin skal tilkynna eiganda hvort sveitarfélagið muni kaupa íbúðina innan 30 daga ella telst forkaupsrétti hafnað. Gilda þá ákvæði 2. mgr. 24. gr. laga þessara.

Um íbúðir, sem byggðar voru af Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar samkvæmt lögum nr. 97/1965, svo og þær íbúðir sem byggðar voru samkvæmt lögum nr. 58/1973 og lögum nr. 38/1976, skulu gilda sömu reglur og um íbúðir í verkamannabústöðum samkvæmt þessum kafla. Húsnæðisnefndir skulu fara með kaup og sölu slíkra íbúða. Við endursölu má veita ný lán samkvæmt ákvæðum 10. og 15. gr.

Sveitarfélög eiga forkaupsrétt á íbúðum sem byggðar voru til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis fyrir gildistöku laga nr. 51/1980, enda hafi ríki og sveitarfélög veitt lán til 40 ára eða lengur til þeirra. Tæknideild Húsnæðisstofnunar metur verð til seljenda þessara íbúða. Ef sveitarstjórn óskar eftir er heimilt að veita ný lán við endursölu samkvæmt ákvæðum 10. og 15. gr. þessara laga. Sveitarstjórn getur samþykkt að gefa út kvaðalaust afsal fyrir þessum íbúðum áður en 30 ára eignarhaldstími er liðinn.

27. gr.

Seljandi skal fá endurgreiddan þann hluta kaupverðs íbúðarinnar, sem hann greiddi þegar hann keypti íbúðina, með 1% vöxtum og verðbótum. Að auki skal hann fá greiddan eftir því sem við á 1/26, 1/33 eða 1/42 hluta upphaflegra lána fyrir hvert ár sem hann hefur átt íbúðina, einnig með vöxtum og verðbótum. Verðbæturnar skulu miðast við byggingarvísitölu. Frá verðinu skal draga ½% fyrningu fyrir hvert ár sem seljandi hefur átt íbúðina.

Seljandi á enn fremur rétt á því að fá greiddar endurbætur, sem hann hefur gert á íbúðinni, samkvæmt mati tæknideildar Húsnæðisstofnunar. Vanræksla á viðhaldi íbúðarinnar skal metin til frádráttar á greiðslum til seljanda samkvæmt mati tæknideildar Húsnæðisstofnunar. Til frádráttar á greiðslu til seljanda koma einnig lausaskuldir og vangreidd gjöld vegna íbúðarinnar.

Heildarkaupverð má þó aldrei vera hærra en sannanlegt markaðsverð sambærilegra íbúða á staðnum, sbr. ákvæði 4. mgr. 25. gr. Skal þá afskrifa verð íbúðarinnar þar til markaðsverði er náð að mati tæknideildar Húsnæðisstofnunar. Eftirstöðvar áhvílandi lána úr Byggingarsjóði ríkisins skulu afskrifaðar í sama hlutfalli.

Seljandi íbúðar á rétt til fullnaðargreiðslu samkvæmt þessari grein, eða úrskurði tæknideildar Húsnæðisstofnunar, innan átta vikna frá afhendingu íbúðar. Afhending skal að jafnaði ekki fara fram fyrr en innkaupsverð íbúðar og greiðsla til seljanda hefur verið ákveðin.

Þegar 30 ár eru liðin frá sölu íbúðar getur eigandi hennar óskað eftir að fá gefið út kvaðalaust afsal. Húsnæðisnefnd er skylt að sjá til þess að orðið verði við þessari ósk, enda hafi eigandi íbúðar eða maki hans átt íbúðina allan þann tíma og hann greiði þá upp eftirstöðvar áhvílandi lána úr Byggingarsjóði ríkisins.

28. gr.

Húsnæðisnefnd sveitarfélags annast kaup og endursölu íbúða í verkamannabústöðum í umboði sveitarstjórnar og ákveður söluverð þeirra, ef sveitarfélag notar forkaupsrétt sinn eða kaupskylda kemur til samkvæmt ákvæðum 24. og 26. gr. Við ákvörðun söluverðs skal m.a. taka tillit til byggingarkostnaðar sambærilegra íbúða á þeim tíma sem sala fer fram, markaðsverðs íbúða í sveitarfélaginu, áhvílandi lána frá Byggingarsjóði ríkisins og ástands íbúðar.

Kaupandi íbúðarinnar tekur við eftirstöðvum af láni úr Byggingarsjóði ríkisins uppfærðum til söludags. Ef uppfærðar eftirstöðvar lánsins nema lægri fjárhæð en 85% af endursöluverði íbúðarinnar er heimilt að veita viðbótarlán úr Byggingarsjóði ríkisins að því marki að heildarlán úr sjóðnum nemi allt að 85% af endursöluverðinu.

Verði hagnaður af sölu eldri íbúðar í verkamannabústöðum skal hann renna til Byggingarsjóðs ríkisins. Er heimilt að nota hluta hans til þess að greiða kostnað við eigendaskiptin. Enn fremur er heimilt að leggja ákveðinn hundraðshluta á söluverð íbúðar til þess að mæta slíkum kostnaði.

Þegar íbúð hefur verið endurseld samkvæmt þessari grein og nýtt lán veitt til kaupanda hennar úr Byggingarsjóði ríkisins gilda reglur 24. og 25. gr. um verðlagningu hennar ef hún er keypt öðru sinni.

29. gr.

Nú innleysir sveitarfélag íbúð sem er þinglýst eign byggingarfélags verkamanna. Skal þá stjórn hlutaðeigandi byggingarfélags eða sveitarfélags, hafi hún tekið við hlutverki þess, leysa íbúðina úr veðböndum, enda verði eftirstöðvar áhvílandi lána úr Byggingarsjóði ríkisins greiddar upp.

Við sölu slíkrar íbúðar er heimilt að veita nýtt lán til kaupanda skv. 28. gr. Skulu félagar í hlutaðeigandi byggingarfélagi að öðru jöfnu ganga fyrir um kaup hennar.

30. gr.

Félagsmönnum í byggingarfélögum verkamanna, sem annast sameiginlegt viðhald á íbúðum þeirra, er heimilt að stofna húsfélög í samræmi við ákvæði laga nr. 59/1976, um fjölbýlishús, þannig að húsfélögin taki sameiginlegt viðhald í sínar hendur. Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

31. gr.

Tæknideild Húsnæðisstofnunar skal vera sveitarstjórnum og húsnæðisnefndum þeirra til ráðuneytis um málefni endursöluíbúða. Tæknideildin skal úrskurða um þann ágreining milli seljenda íbúða og húsnæðisnefnda, sem vísað er til hennar og varðar útreikning á greiðslu til seljanda skv. 25. og 27. gr., svo og ákvarðanir um endursöluverð íbúðar skv. 25 og 28. gr.

VI. KAFLI

Skyldusparnaður ungs fólks til íbúðabygginga.

32. gr.

Öllum einstaklingum á aldrinum 16–25 ára, sem ekki hafa formlega undanþágu skv. 36. gr., skal skylt að leggja til hliðar 15% af tekjum sínum til að mynda sér inneign hjá Byggingarsjóði ríkisins til þess að eignast íbúð. Skyldusparnaður hefst við næstu áramót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur þegar hann verður 26 ára.

Fé það, sem lagt er til hliðar með þessum hætti, er undanþegið tekjuskatti og útsvari. Sem eign er það ásamt vöxtum skattfrjálst en framtalsskylt.

Sá sem hefur sparað fé samkvæmt þessari grein og náð 26 ára aldri skal eiga þess kost á fá skyldusparnaðinn endurgreiddan.

33. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins annast innheimtu á skyldusparnaði samkvæmt þessum lögum.

Launagreiðendum er skylt að halda eftir tilskildum hluta af launagreiðslum við hverja útborgun og skila honum til Húsnæðisstofnunar samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð.

Launagreiðandi er ábyrgur fyrir greiðslum til Húsnæðisstofnunar vegna skyldusparnaðar starfsmanna sinna eins og um eigin skattgreiðslur væri að ræða. Með innheimtu á skuld vegna vanskila á skyldusparnaði skal fara með á sama hátt og innheimtu launaskatts, sbr. lög nr. 14/1965, með síðari breytingum.

34. gr.

Fé, sem safnast vegna skyldusparnaðar ungs fólks í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins, skal notað til að byggja leigu- og eignaríbúðir fyrir ungt fólk sem þess óskar, sbr. 35. gr. Skal húsnæðismálastjórn leita eftir samstarfi við þá aðila sem hafa rétt til lána skv. 9. gr., um byggingu slíkra íbúða. Ungt fólk, sem greiðir til skyldusparnaðar, hefur forgang að þessum íbúðum.

35. gr.

Þeim sem er skylt að greiða skyldusparnað til Byggingarsjóðs ríkisins standa til boða tvær mismunandi ávöxtunarleiðir fyrir sparifé sitt.

1. Með því að gera sérstakan samning við Húsnæðisstofnun getur viðkomandi eignast hlut í íbúð sem hefur verið byggð sem leiguíbúð skv. 34. gr. Skal hann fá afhent afsal fyrir þeim eignarhluta í íbúðinni sem hann hefur sparað saman með skyldusparnaði samkvæmt matsverði íbúðarinnar þegar skyldusparnaðartímabilinu er lokið.

Viðkomandi getur þá keypt íbúðina og fær til þess lán í samræmi við 10. og 15. gr. þessara laga. Hann getur einnig selt Húsnæðisstofnun eignarhlut sinn og er hún skuldbundin til að kaupa hann á því matsverði sem þá er í gildi.

2. Ef viðkomandi óskar þess að sparifé hans sé ávaxtað á venjulegan hátt er Húsnæðisstofnun skylt að ávaxta innstæðu hans með sömu kjörum og gilda um útlán stofnunarinnar.

36. gr.

Eftirfarandi aðilar eru undanþegnir skyldusparnaði:

1. Þeir sem hafa byggt eða keypt íbúð til eigin þarfa.
2. Þeir sem hafa stofnað heimili og hafa barn eða aðra skylduómaga á framfæri.
3. Skólafólk sem stundar nám í skóla sex mánuði eða meira á ári.
4. Þeir sem búa við varanlega örorku samkvæmt vottorði frá Tryggingastofnun ríkisins.
5. Útlendingar sem hafa dvalar- eða atvinnuleyfi um stundarsakir.

37. gr.

Heimilt er að veita þeim undanþágu frá sparnaðarskyldu sem verða fyrir slysum eða veikjast eða hafa miklar fjárhagsbyrðar. Beiðni um slíka undanþágu skal senda til húsnæðismálastjórnar.

b. VIII. kafli, um byggingarsamvinnufélög, verður VII. kafli og IX. kafli, Ýmis ákvæði, verður VIII. kafli. 76.–84. gr. verða 38.–46. gr.

2. Í stað 1.–4. gr. frv. komi svofelld:

Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan samningar milli lífeyrissjóðanna og Húsnæðistofnunar ríkisins um skuldabréfakaup þeirra hjá Byggingarsjóði ríkisins eru í gildi skulu lánveitingar vera samkvæmt lögum nr. 27/1987 með eftirfarandi breytingum á 1. gr. þeirra laga:

A

Á eftir 5. mgr. komi ný málsgrein svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1.–5. mgr. er húsnæðismálastjórn heimilt að skerða eða synja um lán ef umsækjandi á fyrir fleiri en eina íbúð. Einnig er húsnæðismálastjórn heimilt, þrátt fyrir ákvæði 12., 13., 14. og 30. gr. laga þessara, að skerða lán og breyta kjörum á lánum umsækjenda sem eiga fyrir fullnægjandi íbúðarhúsnæði, skuldlaust eða skuldlítið og stærra en 180 m^2 brúttó, að frádregnum bílskúr. Um stærðarútreikning íbúða gilda sömu reglur og samkvæmt c-lið 13. gr. Ef umsækjandi er í hjónabandi eða óvígðri sambúð skal miða við íbúðareign beggja. Ákvörðun húsnæðismálastjórnar um skerðingu eða synjun á láni skal vera rökstudd. Nánari reglur um framangreind atriði skal setja í reglugerð.

B

Í stað 1. málsl. 6. mgr. (verður 7. mgr.) komi þrír nýir málsliðir sem hljóði svo:

Umsækjendur, sem uppfylla skilyrði laga þessara um lánveitingu skv. 13., 14., 18. og 25. gr., skulu innan þriggja mánaða frá því að umsókn var lögð fram fá svar um hvort þeir eigi rétt á láni. Í svari Húsnæðisstofnunar til umsækjanda skal koma fram að lánið sé háð því að lífeyrissjóður eða sjóðir, sem umsækjandi er félagi í, hafi fullnægt samningi við Húsnæðisstofnun um ráðstöfunarfé til Byggingarsjóðs ríkisins. Endanleg svör um afgreiðslutíma láns og lánsupphæð berist eigi síðar en einu ári áður en fyrsti hluti láns kemur til afgreiðslu.

C

7. mgr. (verður 8. mgr.) hljóði svo:

Úthlutun lána til þeirra sem eru að byggja eða kaupa íbúð í fyrsta sinn, svo og lána til meiri háttar viðbygginga, endurbóta eða orkusparnaðar, skal ganga fyrir úthlutun lána til þeirra sem eiga íbúð fyrir og skulu fyrrnefnd lán afgreidd í sömu röð og umsóknir berast eða íbúðir verða veðhæfar. Á sama hátt er húsnæðismálastjórn heimilt að láta úthlutun lána til þeirra ganga fyrir sem eiga fyrir ófullnægjandi íbúð og þurfa að skipta um húsnæði af fjölskylduástæðum. Nánari reglur um framangreind atriði skulu settar í reglugerð. Heimilt er að skipta láni í allt að þrjá hluta eftir nánari reglum sem húsnæðismálastjórn setur enda fylgi lánið eða lánshlutarnir að fullu ársfjórðungslegum breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar.

D

Ákvæði VI. kafla um skyldusparnað ungs fólks taka þegar gildi. Um lán til kaupa á íbúð skv. 35. gr. laganna skal fram að gildistöku laga þessara farið eftir ákvæðum eldri laga.

3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1989. Frá og með gildistöku laga þessara falla niður ákvæði laga nr. 54/1986 og 27/1987, um breytingu á lögum nr. 60/1984.

Sþ. 257. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1988.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur, Danfríði Skarphéðinsdóttur,
Guðrúnu Agnarsdóttur, Kristínu Einarsdóttur,
Kristínu Halldórsdóttur og Málmfríði Sigurðardóttur.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-422 Námsgagnastofnun.	
a. Við 101 Skrifstofa.	
Fyrir „15 106“ kemur	19 106
b. Nýr liður:	
170 Til greiðslu á skuldum	15 000
2. Við 4. gr. 02-563 Tónlistarfræðsla. 120 Aðrir tónlistarskólar.	
Fyrir „105 460“ kemur	158 190
3. Við 4. gr. 02-973 Þjóðleikhús.	
a. Við 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „138 700“ kemur	163 700
b. Við 650 Húseign, stofnkostnaður.	
Fyrir „10 000“ kemur	18 000
4. Við 4. gr. 02-982 Listir, framlög.	
a. Við 111 Launasjóður rithöfunda.	
Fyrir „15 000“ kemur	35 000
b. Við 112 Starfslaun listamanna.	
Fyrir „10 000“ kemur	50 000
c. Við 113 Höfundagreiðslur skv. 21. gr. höfundalaga.	
Fyrir „300“ kemur	500
d. Við 114 Rithöfundasjóður Íslands.	
Fyrir „5 300“ kemur	10 000
e. Við 115 Þýðingarsjóður.	
Fyrir „3 510“ kemur	4 000
f. Nýir liðir:	
116 Bókmenntakynningasjóður	1 300
117 Höfundamiðstöð	500
g. Við 123 Bandalag íslenskra leikfélaga.	
Fyrir „1 000“ kemur	1 700
h. Við 124 Önnur leiklistarstarfsemi.	
Fyrir „3 000“ kemur	25 000
i. Við 126 Alþýðuleikhúsið.	
Fyrir „2 100“ kemur	4 000
j. Við 128 Kynning á íslenskri list erlendis.	
Fyrir „6 000“ kemur	8 000
k. Við 130 Íslenska óperan.	
Fyrir „9 200“ kemur	30 200
l. Við 131 Íslenski dansflokkurinn.	
Fyrir „1 500“ kemur	3 000
m. Við 133 Íslensk tónverkamiðstöð.	
Fyrir „1 200“ kemur	6 000

	Þús. kr.
n. Við 134 Sinfóníuhljómsveit æskunnar.	
Fyrir „1 500“ kemur	2 500
o. Við 137 Tónlistarstarfsemi, styrkir.	
Fyrir „5 000“ kemur	10 000
p. Við 141 Listasöfn, styrkir.	
Fyrir „2 500“ kemur	3 500
q. Við 144 Samband íslenskra myndlistarmanna.	
Fyrir „1 000“ kemur	5 000
r. Við 145 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar.	
Fyrir „1 700“ kemur	2 500
s. Við 174 Listkynning, styrkir.	
Fyrir „400“ kemur	1 000
5. Við 4. gr. 08-327 101 Geislavarnir.	
Fyrir „8 940“ kemur	12 440

Sþ. 258. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 244 [Fjárlög 1988].

Frá Skúla Alexanderssyni, Inga Birni Albertssyni og Danfríði Skarphéðinsdóttur.

Við 27b (Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög.)

	Þús. kr.
15. lið á sérstöku yfirliti, Akranes, sundlaug.	
Fyrir „900“ kemur	4 000

Sþ. 259. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1988.

Frá Kristínu Einarsdóttur, Danfríði Skarphéðinsdóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur, Málmfríði Sigurðardóttur og Þórhildi Þorleifsdóttur.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-233 Rannsóknasjóður.	
Fyrir „70 000“ kemur	100 000
2. Við 4. gr. Við bætist nýr liður:	
02-803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður	220 907
3. Við 4. gr. 02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.	
Fyrir „1 478 000“ kemur	1 678 000
4. Við 4. gr. 02-931 Náttúruverndarráð. 102 Fræðslustarfsemi.	
Fyrir „930“ kemur	1 950

Sþ. 260. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1988.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Öllum er ljós sú staðreynd að frá árinu 1984 höfum við búið við eitthvert mesta góðæri sem þekkst hefur. Það er líka staðreynd að þrátt fyrir hagstæðar ytri aðstæður í þjóðarbúskapnum, aukinn afla, hækkun afurðaverðs á erlendum mörkuðum, lækkun olíuverðs, mikla aukningu landsframleiðslu og hærri þjóðartekjur á mann en áður hafa þekkst þá blasir við að á þessum árum hefur ríkissjóður verið rekinn með gífurlegum halla. T.d. var halli ríkissjóðs árið árið 1986 1876 millj. kr. og allt bendir til að á árinu 1987 verði ríkissjóði skilað með rúmlega 2000 milljóna króna halla (upphæðir á verðlagi hvors árs).

Halli ríkissjóðs þessi ár er ekki tilkominn vegna þess að svo vel hafi verið gert við almenning í landinu á tímum góðæris því að auknar skattaálögur og niðurskurður samfélagslegrar þjónustu einkenna tímabilið og afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Fyrir óráðsíunni stóðu þáverandi stjórnarflokkar, Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur, sem eftir kosningar sl. vor fengu svo Alþýðuflokkinn til liðs við sig sem nú fer með fjármál ríkisins. Þrátt fyrir aðild Alþýðuflokksins að ríkisstjórninni hefur ekki orðið grundvallarstefnubreyting við framlagningu fjárlagafrumvarps önnur en sú að nú á að reka ríkissjóð í jafnvægi sem vissulega er jákvætt og stjórnarandstöðuflokkarnir hljóta að styðja.

Hitt er svo alveg ljóst að til þess að ná jafnvægi í ríkisfjármálum á að afla tekna með auknum sköttum á almenning en eins og áður sleppa þeir sem góðærisins nutu að mestu leyti. Þrátt fyrir þessa auknu skattálagningu á almenning er enn um að ræða niðurskurð til félagslegra framkvæmda. Þannig á t.d. ekki króna að fara úr ríkissjóði í Vegasjóð á næsta ári og felld eru niður bein ríkisframlög til dagvistarstofnana og til tónlistarfræðslu barna.

Nú við 2. umr. fjárlaga hefur ríkisstjórnin birt landsmönnum skattastefnu sína. Frá því að ríkisstjórnin tók við lítur dæmið þannig út:

1. Þegar ríkisstjórnin var mynduð var ákveðið að leggja á nýja skatta sem nema um 3700 millj. kr. á verðlagi fjárlagafrumvarpsins.
2. Þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram var bætt við um 2000 millj. kr. á verðlagi fjárlagafrumvarps.
3. Nú þegar gengið er frá fjárlagafrumvarpinu til 2. umr. er enn bætt um betur. Að sögn fjármálaráðherra er þar samtals um að ræða 2050 millj. kr.

Að auki telur fjármálaráðherra að veltubreytingar færi ríkissjóði um 600 millj. kr. og loks telur hann að betri innheimta söluskatts skili um 400 millj. kr.

Samtals er því hér um að ræða 8750 millj. kr. tekjuaukningu ríkissjóðs á næsta ári samkvæmt tölum fjármálaráðherra sjálfs.

Þetta segir þó ekki alla söguna því að skattastefna ríkisstjórnarinnar eykur mismunun í þjóðfélaginu. Lágtekjufólk ber þyngri byrðar en áður vegna matarskattsins, en alls nemur söluskattur af matvælum um 5750 millj. kr. Jafnframt verður skattabyrði hátekjumanna hlutfallslega minni en áður vegna þess að efstu skattþrep eru afnumin samfara staðgreiðslukerfi skatta.

Hlutfall skatttekna ríkissjóðs af vergri landsframleiðslu verður hærra en verið hefur á síðustu áratugum. Þannig efna ríkisstjórnarflokkarnir fyrirheit sín um lækkun skatta.

Á sama tíma blasir það við að fyrirtækjunum, stóreignamönnum og hátekjufólki er hlíft.

Myndin af stjórnarstefnunni sem blasir við þjóðinni nú eftir áramótin og birtist í fjárlagagerðinni er þessi:

— Matarskattar verða 5750 millj. kr. — maturinn dýrari en nokkru sinni fyrr.
— Skattbyrði tekjuskatts sem hlutfall af launum greiðsluárs hækkar um 25%.
— Fasteignagjöld munu hækka um mörg hundruð milljónir króna þar sem fasteignamat hækkaði um 50 milljarða umfram verðlagshækkanir frá árinu 1986 til ársins 1987.
— Þeir sem notið hafa vaxtaafsláttar — tugir þúsunda skattgreiðenda — fá ekki vaxtaafslátt fyrr en á síðari hluta næsta árs.
— Útsvör hækka að raungildi milli áranna 1987 til 1988, samkvæmt upplýsingum fjármálaráðherra, um 7–9%.
— Félagsleg þjónusta er dregin saman eða felldur út hlutur ríkisins í framlögum, til dæmis til dagvistarmála og tónlistarskóla.
— Útlit er fyrir að viðskiptahallinn á þessu ári verði tvisvar sinnum meiri en spáð hafði verið fyrir fáeinum vikum. Búast má við að viðskiptahallinn verði tvisvar sinnum hærri en ráð var fyrir gert á næsta ári að óbreyttu.
— Reikna má með að kaupmáttur launa fari aftur minnkandi og ráðstöfunartekjur heimilanna munu dragast saman á næsta ári samfara aukinni skattlagningu.
— Vextir eru hærri hér en nokkurs staðar annars staðar í þeim löndum sem við viljum helst miða okkur við í lífskjörum.
— Fastgengisstefna ríkisstjórnarinnar veikist með hverjum deginum, ekki aðeins vegna lækkunar dollarans heldur líka vegna beinna aðgerða ríkisstjórnarinnar í formi skattahækkana og vaxtahækkana. Auk þess eru aðgerðir ríkisstjórnarinnar verðbólguhvetjandi.

Þannig er efnahagskerfið allt í uppnámi nú við gerð fjárlaga fyrir árið 1988.

Auk þess er ljóst að stjórnarflokkarnir eiga erfitt með að koma sér saman um ákvarðanir sem dragast oft vikum saman jafnvel um einföldustu mál. Stjórnarfrumvörp stranda í þinginu hvað eftir annað vegna ósamkomulags stjórnarflokkanna, milli flokka og eins innan flokka. Allt verður þetta til þess að við komandi áramót ræður óvissan ríkjum hvarvetna: á heimilunum, hjá útflutningsatvinnuvegunum, í stjórnmálalífinu og hjá þjóðinni í heild. Niðurstaða óvissunnar mun síðan óhjákvæmilega birtast á vinnumarkaðinum.

Það er því ljóst að ráðstöfunartekjur heimilanna munu skerðast verulega á næsta ári, einkum á fyrri hluta ársins vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar, á sama tíma og ljóst er að samdráttur í þjóðartekjum kemur niður á launafólki ef ekki verður gripið til sérstakra aðgerða til þess að tryggja kjör fólks.

Minni hl. nefndarinnar er samþykkur því markmiði ríkisstjórnarinnar að reka ríkissjóð hallalausan. Minni hl. vill hins vegar aðrar leiðir að markmiðinu bæði hvað varðar öflun tekna og forgangsröð gjaldaliða. Minni hl. vill líka með þessu nefndaráliti vekja athygli á ótryggum verðlagsforsendum frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1988.

Alþingi, 13. des. 1987.

Margrét Frímannsdóttir, frsm. Málmfríður Sigurðardóttir. Óli Þ. Guðbjartsson.

Sþ. 261. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1988.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur, Kristínu Einarsdóttur, Krisínu Halldórsdóttur, Málmfríði Sigurðardóttur og Þórhildi Þorleifsdóttur.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-884 Jöfnun á námskostnaði Fyrir „25 000“ kemur	100 000
2. Við 4. gr. 10-485 Ýmis framlög (samgöngumál). Nýr liður: 124 Ferðamálasamtök	1 400
3. Við 4. gr. 10-651 Ferðamálaráð. 610 Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1986. Fyrir „28 000“ kemur	80 000
Varatillaga: Fyrir „28 000“ kemur	60 000

Sþ. 262. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1988.

Frá Inga Birni Albertssyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. Við bætist nýr liður: **02-986 Íþróttasjóður.**	
a. 110 Rekstrarstyrkir o.fl.	3 000
b. 620 Bygging íþróttamannvirkja	80 000
2. Við 4. gr. 02-988 Æskulýðsmál. 112 Ungmennafélag Íslands. Fyrir „2 300“ kemur	7 000
3. Við 4. gr. 02-989 Ýmis íþróttamál.	
a. Við 110 Íþróttasamband Íslands. Fyrir „14 380“ kemur	26 258
b. Við 113 Íþróttamál fatlaðra. Fyrir „2 300“ kemur	2 800
c. Við 115 Íþróttastarfsemi, almennt. Fyrir „580“ kemur	700

Sþ. 263. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1988 og brtt. á þskj. 244.

Frá Óla Þ. Guðbjartssyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-321 Kennaraháskóli Íslands. 601 Endurbætur og tækjakaup. Fyrir „7 400“ kemur	12 000

	Þús. kr.
2. Við 4. gr. 02-331 Íþróttakennaraháskóli Íslands. 650 Nýbygging og tækjakaup.	
Fyrir „9 800“ kemur	10 000
3. Við 4. gr. 02-610 Héraðsskólar, almennt. 690 Stofnkostnaður.	
Fyrir „17 900“ kemur	37 900
4. Við brtt. á þskj. 244, 27b. (Bygging grunnskóla, íbúða fyrir skólastjóra o.fl.).	
a. Við 1. Reykjavík:	
Ártúnsskóli.	
Fyrir „2 000“ kemur	12 000
b. Við 2. Keflavík:	
Myllubakkaskóli.	
Fyrir „2 300“ kemur	4 300
c. Við 10. Mosfellsbær:	
Íþróttahús 1. áf.	
Fyrir „4 000“ kemur	6 000
d. Við 24. Eyrarsveit, Grundarfjörður. Nýr liður:	
Skólastjórabústaður	1 000
e. Við 25. Stykkishólmur:	
Skóli	
Fyrir „1 000“ kemur	2 000
f. Við 29. Bíldudalur:	
Íþróttahús.	
Fyrir „500“ kemur	1 500
g. Við 35. Patrekshreppur:	
Viðbygging skóla.	
Fyrir „1 000“ kemur	2 000
h. Við 44. Siglufjörður:	
Íþróttahús.	
Fyrir „3 000“ kemur	4 000
i. Við 61. Dalvík:	
Skóli, stækkun	
Fyrir „1 250“ kemur	3 250
j. Við 66. Hrafnagilshreppur:	
Sundlaug 3. áf. og íþróttahús	
Fyrir „2 300“ kemur	3 300
k. Við 93. Breiðdalshreppur:	
Skóli	
Fyrir „3 200“ kemur	5 200
5. Við 4. gr. 02-903 Þjóðskjalasafn. Nýr liður:	
111 Til héraðsskjalasafna	5 000
6. Við 4. gr. 02-984 Norræn samvinna. Nýir liðir:	
131 Vestnorrænn menningarsjóður	1 000
132 Vestnorræna þingmannaráðið	2 000
7. Við 4. gr. 02-999 Ýmislegt (menningarstarfsemi). Nýr liður:	
625 Skóli Ísaks Jónssonar, byggingarstyrkur	5 000

8. Við brtt. á þskj. 244, 71b (Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða).
   a. Við 8. Patreksfjörður, sjúkrahús
      Fyrir „6 500“ kemur 8 500
   b. Við 22. Neskaupstaður, sjúkrahús og H2
      Fyrir „1 500“ kemur 4 500
   c. Við 32. Keflavík, D-álma
      Fyrir „4 000“ kemur 10 000
9. Við 4. gr. 07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi. 171 Sólheimar
   Fyrir „48 728“ kemur 56 728
10. Við 4. gr. 08-481 120 Stórstúka Íslands.
    Fyrir „580“ kemur 1 000

Sþ. 264. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1988 og brtt. á þskj. 244.

Frá Óla Þ. Guðbjartssyni og Margréti Frímannsdóttur.

Þús. kr.

1. Við brtt. á þskj. 244, 27b. (Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög).
   a. Við 102 Vestmannaeyjar:
      Hamarsskóli 1. áf.
      Fyrir „6 000“ kemur 8 000
   b. Við 103 Selfoss. Nýr liður:
      Barnaskóli, nýr áfangi. 3 000
   c. Við 115 Eyrarbakkahreppur:
      Stækkun skóla.
      Fyrir „500“ kemur 1 500
   d. Við 119 Biskupstungnahreppur:
      Skóli.
      Fyrir „2 000“ kemur 3 000
   e. Við 120 Hveragerðishreppur:
      Skóli, viðbygging.
      Fyrir „6 000“ kemur 8 000
2. Við brtt. á þskj. 244, 71b. (Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða).
   a. Við 25 Vestmannaeyjar, sjúkrahús.
      Fyrir „4 000“ kemur 7 000
   b. Nýr liður komi á eftir 26. lið:
      Selfoss, sjúkrahús, 2. áf. 10 000
   c. Við d-lið, 6. tölul., Hjúkrunarheimili aldraðra, Hellu.
      Fyrir „1 500“ kemur 4 500
3. Við 4. gr. 10-651 Ferðamálaráð. Nýir liðir:
   a. 630 Ferðamannaaðstaða við Gullfoss 2 200
   b. 631 Ferðamannaaðstaða við Geysi 500

Sþ. 265. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 244 [Fjárlög 1988].

Frá Júlíusi Sólnes.

Við 71b (Byggingar sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða.) Við bætist nýr liður:	Þús. kr.
Seltjarnarnes	15 000

Sþ. 266. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1988.

Frá Svavari Gestssyni og Guðrúnu Helgadóttur.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 08-372 Borgarspítalinn. Nýr liður:	
602 B-álma, bygging	50 000
2. Við 4. gr. 08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Nýr liður:	
196 Til undirbúnings réttargeðlækningum	10 000

Sþ. 267. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1988.

Frá Kristínu Einarsdóttur, Danfríði Skarphéðinsdóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur, Málmfríði Sigurðardóttur og Þórhildi Þorleifsdóttur.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-931 Náttúruverndarráð. Nýir liðir.	
a. 634 Framkvæmdir í Dimmuborgum	1 000
b. 635 Framkvæmdir í þjóðgörðum og friðlýstum svæðum	3 000
2. Við 4. gr. 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi. 140 Kvennaathvarf í Reykjavík.	
Fyrir „4 500“ kemur	5 528

Sþ. 268. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1988.

Frá Svavari Gestssyni.

Við 4. gr. 07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra.	Þús. kr.
Fyrir „180 000“ kemur	202 000

Sþ. 269. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1988.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur, Danfríði Skarphéðinsdóttur, Kristínu Einarsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur, Málmfríði Sigurðardóttur og Þórhildi Þorleifsdóttur.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík.	
a. Við 101 Sæðisstjórn.	
Fyrir „6 325“ kemur	8 101
b. Við 122 Sambýli, leiguhúsnæði.	
Fyrir „4 880“ kemur	5 880
c. Við 132 Verndaður vinnustaður Sjálfsbjargar.	
Fyrir „880“ kemur	1 816
d. Við 161 Dagvistun Bjarkarási.	
Fyrir „17 190“ kemur	18 690
e. Við 173 Vistheimili við Holtaveg.	
Fyrir „10 536“ kemur	10 917
f. Við 174 Meðferðarheimili fyrir þroskahefta.	
Fyrir „6 376“ kemur	7 876
g. Nýr liður:	
193 Leikfangasafn og ráðgjafarstöð fyrir fötluð börn	3 227
2. Við 08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.	
a. Við 131 Krabbameinsfélag Íslands.	
Fyrir „50 400“ kemur	57 500
b. Við 140 Kostnaður vegna laga nr. 25/1975.	
Fyrir „1 071“ kemur	6 071

Sþ. 270. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1988 og brtt. á þskj. 244.

I. Frá Hjörleifi Guttormssyni.	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-233 Rannsóknasjóður.	
Fyrir „70 000“ kemur	100 000
2. Við brtt. á þskj. 244, 18 (Héraðsskólar, almennt).	
Fyrir „26 200“ kemur	31 200
(Alþýðuskólinn Eiðum.)	
3. Við brtt. á þskj. 244, 27 b (Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra.)	
Við 79 Neskaupstaður:	
Fyrir „1 500“ kemur	3 000
4. Við 4. gr. 04-231 Skógrækt ríkisins. Nýr liður:	
183 Framkvæmdir í Fljótsdal	1 000

	Þús. kr.
5. Við 4. gr. 05-202 Hafrannsóknastofnun. 110 Rannsóknasvið.	
Fyrir „67 963“ kemur	77 963
6. Við 4. gr. Við bætist nýr liður:	
05-211 Fiskimálasjóður.	
101 Til aðstoðar við tækniþróun í fiskvinnslu	30 000
7. Við 4. gr. 07-953 Jafnréttisráð.	
Fyrir „6 981“ kemur	7 481
8. Við 4. gr. 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Við bætist nýr liður:	
133 Jafnréttisráðgjafar	3 000
9. Við 4. gr. 11-301 Orkustofnun. Nýr liður:	
111 Yfirlitsrannsóknir á jarðhita í Austur-Skaftafellssýslu	3 400

II. Frá Hjörleifi Guttormssyni og Steingrími J. Sigfússyni.

1. Við 4. gr. 02-931 Náttúruverndarráð.	
Fyrir „25 501“ kemur	39 505
2. Við 4. gr. 04-299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi. Nýr liður:	
119 Búrekstrarkönnun	5 000
3. Við 4. gr. 10-651 Ferðamálaráð. Nýr liður:	
620 Til umhverfisverndar á ferðamannastöðum	10 000
4. Við 4. gr. 11-399 Ýmis orkumál. 115 Niðurgreiðsla á rafhitun.	
Fyrir „200 000“ kemur	250 000

Sþ. 271. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1988.

Frá Svavari Gestssyni og Steingrími J. Sigfússyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 08-371 Ríkisspítalar. 670 Yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalóð.	
Fyrir „151 200“ kemur	236 200

Sþ. 272. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1988.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-203 Raunvísindastofnun Háskólans. 140 Jarðfræðistofa.	
Fyrir „12 055“ kemur	12 655

Sþ. 273. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1988.

Frá Steingrími J. Sigfússyni, Hjörleifi Guttormssyni og Skúla Alexanderssyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands.	
Fyrir „20 000“ kemur	80 000
2. Við 4. gr. 03-401 141 Atlantshafsbandalagið, NATO.	
Fyrir „13 520“ kemur	1
3. Við 5. gr. 23-118 Ratsjárstöðvar, rekstur.	
Liðurinn falli brott.	

Sþ. 274. Breytingartillögur [1. mál]

við brtt. á þskj. 244 [Fjárlög 1988].

Frá Stefáni Valgeirssyni.

	Þús. kr.
1. Við 76b (Hafnarmannvirki og lendingarbætur).	
Sundurliðun breytist þannig:	
a. 26. Grímsey.	
Fyrir „5 600“ kemur	15 900
b. 29. Kópasker.	
Fyrir „2 800“ kemur	9 600
c. 30. Raufarhöfn.	
Fyrir „10 000“ kemur	16 800
d. 31. Þórshöfn.	
Fyrir „12 000“ kemur	14 600
2. Við 86. (11-301 Orkustofnun. 110 Sérverkefni tengd fiskeldi).	
Fyrir „17 100“ kemur	26 100

Sþ. 275. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1988.

Frá Ragnari Arnalds, Steingrími J. Sigfússyni, Geir Gunnarssyni, Guðrúnu Helgadóttur, Hjörleifi Guttormssyni, Margréti Frímannsdóttur, Skúla Alexanderssyni og Svavari Gestssyni.

	Þús. kr.
1. Við 3. gr. 411 Eignarskattar.	
a. Fyrir „1 547 000“ kemur	2 000 000
b. Við bætist nýr liður:	
Sérstakur stóreignaskattur	500 000
2. Við 3. gr. 412 Tekjuskattar, nettó.	
a. Við 4123 Tekjuskattur, félög.	
Fyrir „1 750 000“ kemur	2 300 000

	Þús. kr.
3. Við 4. gr. 02-563 Tónlistarfræðsla. 120 Aðrir tónlistarskólar.	
Fyrir „105 460“ kemur	160 000
4. Við 4. gr. 02-730 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra o.fl.	
Fyrir „200 000“ kemur	385 000
5. Við 4. gr. Við bætist nýr liður:	
02-803 Dagvistarheimili	100 000
6. Við 4. gr. 02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.	
Fyrir „1 478 000“ kemur	1 678 000
7. Við 4. gr. 02-884 Jöfnun á námskostnaði.	
Fyrir „25 000“ kemur	75 000
8. Við 4. gr. 02-973 Þjóðleikhús. 650 Húseign.	
Fyrir „10 000“ kemur	20 000
9. Við 4. gr. 02-982 Listir.	
a. 112 Starfslaun listamanna.	
Fyrir „10 000“ kemur	20 000
b. 128 Kynning á íslenskri list erlendis.	
Fyrir „6 000“ kemur	10 000
10. Við 4. gr. Við bætist nýr liður:	
02-985 Félagsheimilasjóður	30 000
11. Við 4. gr. Við bætist nýr liður:	
02-986 Íþróttasjóður	60 000
12. Við 4. gr. 02-991 Húsfriðun. Nýr liður:	
670 Byggða- og minjasöfn	9 400
13. Við 4. gr. 08-381 690 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða.	
Fyrir „160 000“ kemur	290 000
14. Við 4. gr. 10-333 630 Hafnarmannvirki og lendingarbætur.	
Fyrir „250 000“ kemur	480 000

Sþ. 276. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1988.

Frá Ragnari Arnalds.

Við 4. gr. 02-356 Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki. Nýir liðir:	Þús. kr.
602 Tæki og búnaður	800
603 Hönnun bóknámshúss	3 000

Ed. 277. Nefndarálit [195. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. nefndarinnar hefur athugað frumvarpið. Hann getur ekki fallist á að leggja sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði fremur en atvinnuhúsnæði almennt og leggur því til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 14. des. 1987.

Júlíus Sólnes.

Sþ. 278. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1988.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur, Danfríði Skarphéðinsdóttur, Kristínu Einarsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur, Málmfríði Sigurðardóttur og Þórhildi Þorleifsdóttur.

Við 4. gr. 02-802 Vernd barna og ungmenna. Nýr liður:	Þús. kr.
140 Kvikmyndaeftirlitið	3 000

Nd. 279. Frumvarp til laga [205. mál]

um lánskjör og ávöxtun sparifjár.

Flm.: Eggert Haukdal.

1. gr.

Seðlabanki Íslands getur að fengnu samþykki ráðherra bundið vaxtaákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum til að tryggja að nafnvextir af útlánum verði eigi hærri en þeir eru í helstu viðskiptalöndum Íslands, svo og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána.

2. gr.

Við gildistöku laga þessara lækka nafnvextir á óverðtryggðum útlánum í áföngum þannig að þeir verði innan 12 mánaða frá gildistöku laganna sambærilegir við hliðstæða vexti í samkeppnislöndum okkar.

3. gr.

Skammtímalán og lán að meðallengd, þar með talin rekstrarlán, afurðalán, persónuleg lán og víxlar, sem um er samið eftir gildistöku laganna, skulu fylgja sömu vaxtaprósentu og um getur í 2. gr.

Fasteignatryggð langtímalán, þar með talin lán til íbúðarhúsabygginga, fylgja einnig sömu vaxtaprósentu og um getur í 2. gr., þó með þeim fyrirvara að vextir af þeim mega að loknu vaxtaaðlögunartímabili vera allt að þremur prósentustigum hærri en vextir af skammtímalánum og lánum að meðallengd.

4. gr.

Af spariinnlánum eftir gildistöku laganna greiðast til jafnaðar vextir einu prósentustigi neðar almennum útlánsvöxtum. Af tékkareikningum greiðast engir vextir.

Jafnframt skal heimilt vera frá gildistöku laganna að gengistryggja spariinnlán sem staðið hafa óhreyfð í eitt ár eða lengur. Sama gildir um spariskírteini ríkissjóðs, enda séu þau ekki til skemmri tíma en eins árs.

5. gr.

Seðlabanki Íslands ákveður í samráði við ríkisstjórn við hvaða gjaldmiðil eða gjaldmiðla skuli miða gengistryggingu skv. 4. gr. og sé hún nánar skilgreind í reglugerð.

Kostnað af gengistryggingu spariinnlána skal greiða að hluta til með gengishagnaði en að öðru leyti af viðkomandi innlánsstofnunum, með aðstoð ríkissjóðs ef þröf krefur. Ríkissjóður beri kostnað af gengistryggingu spariskírteinanna.

6. gr.

Við gildistöku laga þessara hættir verðtrygging samkvæmt lánskjaravísitölu gagnvart öllum nýjum fjárskuldbindingum. Þar með falla úr gildi ákvæði VII. kafla, 34.–47. gr., laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála. Enn fremur ákvæði annarrar mgr. 9. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/1986, svo og önnur lagaákvæði er kunna að stríða gegn lögum þessum.

7. gr.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Landsmönnum er velflestum orðið ljóst að verðtrygging fjárskuldbindinga, sem kveðið var á um í lögum nr. 13/1979, fær ekki staðist lengur. Lánskjaravísitalan hefur sprengt gjaldþol þegnanna, ekki aðeins atvinnufyrirtækja og heimila, heldur einnig opinberra stofnana og ríkissjóðs sjálfs sem rekinn hefur verið með halla. Útflutningsframleiðslan á einkanlega undir högg að sækja, enda þarf hún að borga þrisvar til fjórum sinnum hærri vexti (35–40%) en keppendur hennar á erlendum mörkuðum (8–12%). Þess vegna er þrýst á gengislækkun sem er yfirvofandi ef ekkert er að gert. Hún hækkar hins vegar verð innfluttra vara og eykur skulda- og vaxtabyrði útflutningsfyrirtækjanna sjálfra, einnig ríkissjóðs og þar með skattþungann á þegnunum. Sjálfkrafa vaxtahækkanir samkvæmt vísitölu gera og íbúðarhúsnæði dýrara bæði fyrir þá sem byggja og leigja. Það eykur kaupkröfur launafólks og kaupgjaldshækkanir leiða aftur til vöruverðshækkana. Við höfum vaxta- og verðlagsskrúfu sem ekki er unnt að hemja, nema lánskjaravísitala verði tekin úr sambandi eins og kaupgjaldsvísitalan.

Hér er rétt að geta þess að lög nr. 13/1979 gerðu ráð fyrir verðbótavísitölu á laun, sbr. 48. gr. Hún hefur verið afnumin, en lánskjaravísitala ekki, og orkar tvímælis hvort slíkt stenst lagalega. Í framkvæmd leiddi afnám kaupgjaldsvísitölunnar einnar til þess að hundruð launþega misstu íbúðir sínar. Jafngilti það eignaupptöku.

Greiðsluvandkvæði launþega verða ljósari ef við tökum hlutstætt dæmi. Húsnæðisstofnun lánar nú 70% íbúðarverðs, mest 2 688 000 kr. Segjum að húsbyggjandi eigi fyrir því sem á vantar, 30% byggingarkostnaðar, 1 152 000 kr., sem mun þó harla óvenjulegt. Oftar mun

hitt að sá hlutinn sé fenginn að láni að nokkru leyti eða öllu. Miðað við sömu lánskjaravísitöluhækkun og varð síðustu 12 mánuði, þ.e. hækkun um 22,3%, vex höfuðstóll húsnæðisstjórnarlánsins um 599 424 kr. Þar við bætast 3½% vextir á upprunalegan höfuðstól að viðbættri hækkuninni, þ.e. á 3 287 424, eða 115 060 kr. Ársvextir (án afborgana) nema þannig 599 424 kr. + 115 060 kr. = 714 484 kr.

Slík vaxtastefna er að sjálfsögðu dæmd til að hrynja fyrr eða síðar. Íbúðin kann að vísu að hækka eitthvað í verði á árinu, enda þótt það leysi ekki greiðsluvandann. Það er þó undir hælinn lagt því að fasteiganverð hefur hvergi nærri alltaf fylgt lánskjaravístiölu.

Loks er skylt að geta þess að eigendur fyrirtækja, sem verða að greiða 35–40% vexti af lánum, eiga a.m.k. siðferðilegan rétt á að ávaxta eigið fé í fyrirtækjum sínum með sömu vaxtaprósentu. Má fara nærri um hvaða áhrif það hefði á verðlag ef atvinnurekendur notfærðu sér þennan rétt sinn.

Lánskjaravísitala, sem breytist mánaðarlega eftir duttlungum óhefts verðs á vöru og þjónustu, veldur óstöðugleika á fjármagnsmörkuðum, svo og óvissu sem gerir áætlanir fram í tímann ógerlegar. Því er lagt til að verðtrygging samkvæmt henni verði afnumin á allar fjárskuldbindingar frá og með gildistöku þessara laga en vaxtapólitík okkar samræmd þeirri sem tíðkast í viðskiptalöndum okkar.

Einstakar greinar frumvarpsins verða nú túlkaðar nokkru nánar.

Um 1. gr.

Hún felur í sér breytingu á annarri mgr. 9. gr. laga um Seðlabanka Íslands. Samkvæmt 9. gr. þeirra laga ber bankanum að tryggja að *raunvextir* af útlánum innlánsstofnana verði eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum okkar. Það táknar að vextir af útlánum innlánsstofnana skuli elta verðbólguna, hver svo sem hún verður, og að raunvextir, eins og þeir kunna að vera í viðskiptalöndum okkar, komi þar til viðbótar.

Einmitt þessi skrúfuhækkun vaxta hefur verið helsti verðbólguvaldurinn hérlendis upp á síðkastið. Það er að sjálfsögðu ekkert auðveldara fyrir atvinnureksturinn í landinu að borga hávexti í verðbólgu en í haglægð, nema síður sé, enda fara allir *útgjaldaliðir hækkandi í verðbólgu* og kaupþrýstingur er mikill. Þess vegna er í 1. gr. kveðið á um að nafnvextir komi í stað orðsins raunvextir. Nafnvextir verða að vera svipaðir og í viðskiptalöndum okkar til að jafna samkeppnisstöðu hérlendra atvinnuvega við þá erlendu.

Um 2. gr.

Vextir af útlánum, sem ekki eru í viðjum verðtryggingar, séu lækkaðir þegar frá gildistöku laganna. Þetta er orðið aðkallandi eins og segir í greinargerð hér að framan. Hins vegar er óæskilegt að framkvæma snöggar vaxtabreytingar og því er lagt til að þær komi í áföngum.

Um 3. gr.

Frá sama tíma sé að því stefnt að lágvextir gildi um öll skammtímalán og lán af meðallengd, þar með talin rekstrarlán, afurðalán, persónuleg lán og víxla. Vextir af þessum lánum hafa beinust áhrif á framleiðslukostnað í landinu og á samkeppnisstöðu atvinnuveganna út á við, svo og á verð vöru og þjónustu almennt. Skammtímalán eru lán til skemmri tíma en þriggja ára, en lán af meðallengd lán frá þremur og allt að tíu árum.

Varðandi langtímaíbúða- og fasteignalán, þ.e. lán til tíu ára eða lengur, er settur sá fyrirvari að þau megi vera á vöxtum *allt að þremur prósentustigum* hærri en almennir útlánsvextir. Þetta er í samræmi við hefðir sem gilda í vestrænum ríkjum. Miðað við aðstæður ytra núna væru vextir af þessum langtímalánum mest 15% á ári. Ætti að vera vel mögulegt að halda verðbólgu langt fyrir neðan þau mörk þegar vísitölufarganinu er aflétt.

Um 4. gr.

Gengistrygging hæfir lengri tíma spariinnlánum. Hún sér fyrir því að króna sparifjáreigandans haldi verðgildi sínu þó að gengið sé lækkað af stjórn peningamála. Slík gengistrygging er óþörf á skammtímainnlán, sem bíða aðeins gróðatækifæris í bönkum eða sparisjóðum, enda er fjárvarsla innlánsstofnana mjög kostnaðarsöm, einkum varðandi ávísanareikninga. Kostnaður slíkra stofnana af hlaupareikningum er t.d. talinn nema 10% af meðalinnstæðu á þeim reikningum. Ekki tíðkast í vestrænum ríkjum að greiða innlánsvexti af veltiinnlánum. Það hjálpar bönkunum við að greiða hærri vexti af lengri tíma spariinnlánum.

Spariskírteini ríkissjóðs skulu vera gengistryggð, enda sé gildistími þeirra ekki skemmri en eitt ár. Þau geta gegnt miklu hlutverki við stjórn peningaframboðs og mega því hafa sérstöðu.

Önnur verðbréf og skuldabréf séu hins vegar ekki gengistryggð. Markaðsverð þeirra ákvarðast eftirleiðis af afföllum í stað verðtryggingar. Útgefandi veit þá frá byrjun að hverju hann gengur, en með verðtryggingu samkvæmt vísitölu er hann í stöðugri óvissu.

Um 5. gr.

Gengistrygging spariinnlána, sem staðið hafa óhreyfð í eitt ár eða lengur, skal nánar skilgreind í reglugerð svo sem segir í frumvarpinu. Þannig skal t.d. ákveða við hvaða gjaldmiðil eða gjaldmiðla skuli miða.

Varðandi kostnað af gengistryggingunni skal þetta tekið fram:

1. Með gengishagnaði er átt við verðhækkun á birgðum útflutningsvara sem til eru í landinu þegar gengi er lækkað. Eðlilegt er að ríkissjóður ráðstafi honum. Gengislækkunin sjálf er hins vegar til þess að bæta rekstrarafkomu útflutningsatvinnuveganna. Hér er lagt til að hluta af gengishagnaði verði varið til að rétta hlut sparifjáreigenda þegar verðgildi krónunnar fellur.
2. Það er yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að halda gengi íslensku krónunnar stöðugu. Líklegt má telja að það takist í reynd, enda er skuldastaða bæði útflutningsgreinanna og ríkissjóðs sjálfs með þeim hætti að gengislækkun hjálpar lítt. Ef einhver gengislækkun — og þá væntanlega lítil — er talin óhjákvæmileg ætti hún ekki að hafa í för með sér neinn verulegan kostnað við gengistryggingu langtímaspariinnlána.
3. Þeir sem eiga stórar fjárhæðir í lausu fé ávaxta það gjarnan á verðbréfamarkaði, í viðskiptum eða í fasteignum. Einnig af þessari ástæðu er ekki að vænta mikils kostnaðar við gengistrygginguna. Það er einkum gamla fólkið sem lætur fé liggja lengi inni á sparisjóðsbókum og hag þess verður að tryggja.
4. Vextir af almennum spariinnlánum, svo og af þriggja og sex mánaða spariinnlánum ættu gjarnan að vera hinir sömu og af spariinnlánum til eins árs eða lengur. Það dregur úr hinum síðastnefndu sem ein eru gengistryggð og lækkar því gengistryggingarkostnaðurinn.
5. Sú staðreynd að engir vextir eru greiddir af veltiinnlánum (tékkareikningum) og að spariinnlánin bera til jafnaðar vexti einu prósentustigi neðar almennum útlánsvöxtum gerir allsherjarvaxtamun banka og sparisjóða (svonefndur „spread“) meiri en áður, og það auðveldar innlánsstofnunum að standa straum af gengistryggingunni.
6. Ætla má að fasteignalán banka og sparisjóða muni í framtíð nema, eins og í öðrum löndum, um 20% heildarútlána. Þar sem slík langtímalán mega bera allt að 3% hærri vexti en önnur lán hefur það líka þau áhrif að auka allsherjarvaxtamuninn og arðsemi innlánsstofnananna.

7. Ef gengishagnaður hrekkur ekki til-og innlánsstofnanir hafa ekki heldur bolmagn til að gengistryggja langtímaspariinnlán, hvort tveggja harla ólíklegt, kemur í hlut ríkissjóðs að greiða kostnaðinn af slíkri gengistryggingu, að minnsta kosti að nokkru. Sú fjárhæð yrði aðeins brot þess sem ríkissjóður sparar við afnám verðtryggingar samkvæmt lánskjaravísitölu.

Um 6. gr.

Við gildistöku laga þessara hættir verðtrygging samkvæmt lánskjaravísitölu gagnvart öllum nýjum fjárskuldbindingum. Gildir einu hvort til þeirra er stofnað hjá bönkum, sparisjóðum, fjárfestingarsjóðum, lífeyrissjóðum, verðbréfamörkuðum eða í öðrum viðskiptum.

Ekki er ætlast til þess að lög þessi virki aftur fyrir sig. Á hinn bóginn geta aðilar ýmist sagt upp eða samið að nýju um eldri fjárskuldbindingar sem byggðust á lánskjaravísitölu.

Nd. 280. Nefndarálit [180. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46/1987, um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á fundum sínum og leggur til að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 200.

Alþingi, 14. des. 1987.

Páll Pétursson, form., frsm.	Geir H. Haarde, fundaskr.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.
Matthías Bjarnason.	Guðmundur G. Þórarinsson.	Kristín Halldórsdóttir.

Kjartan Jóhannsson.

Nd. 281. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á fundum sínum. Frumvarpið er að meginhluta byggt á áliti milliþinganefndar er starfaði undir forustu Kjartans Jóhannssonar og fjallaði um staðgreiðslu skatta.

Frumvarpið varðar einkum tæknilega framkvæmd og skipulagningu staðgreiðslunnar.

Á fundi nefndarinnar komu Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri, Indriði Þorláksson og Snorri Olsen úr fjármálaráðuneyti og Magnús E. Guðjónsson og Sigurgeir Sigurðsson frá Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Nefndin varð sammála um afgreiðslu málsins og leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. des. 1987.

Páll Pétursson, form., frsm.	Geir H. Haarde, fundaskr.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.
Matthías Bjarnason.	Guðmundur G. Þórarinsson.	Kristín Halldórsdóttir.
	Kjartan Jóhannsson.	

Nd. 282. Breytingartillögur [125. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 7. gr. Í stað „10%“ í síðustu mgr. komi: 20%.
2. Við 12. gr. Orðið „eingöngu“ í síðasta málslið greinarinnar falli brott.

Nd. 283. Frumvarp til laga [206. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

I. KAFLI

Breytingar á einstökum greinum.

1. gr.

4. tölul. 31. gr. laganna falli niður.

2. gr.

1. tölul. 38. gr. orðist svo:

1. Skip og skipsbúnaður, svo og fólksbifreiðar fyrir færri en níu menn sem ekki eru notaðar í atvinnuskyni, 10%.

3. gr.

Við 52. gr. bætist:

4. Þær greiðslur vegna kaupleigu eða fjármögnunarleigu á einkabifreiðum sem eru umfram fyrningar reiknaðar samkvæmt ákvæðum þessara laga að viðbættum reiknuðum vöxtum af fyrningargrunni þegar frá hafa verið dregnar reiknaðar fyrningar fyrri ára. Ríkisskattstjóri setur reglur um reikning fyrninga og vaxta í þessum tilvikum.

4. gr.

2. málsl. 1. mgr. 54. gr. orðist svo:

Hámark fjárfestingartillags skal vera 30% af þeirri fjárhæð sem eftir stendur þegar frá tekjum hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.–10. tölul. 31. gr.

5. gr.

72. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur lögaðila, sbr. 2. gr., skal vera 45% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 62. gr.

6. gr.

Á 74. gr. verði þessar breytingar:

1. Lokamálsliður 4. tölul. falli niður.
2. 3. málsl. 1. mgr. 5. tölul. orðist svo:
   Skuldabréf og önnur slík verðbréf skal telja til eignar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól sem miðast við vísitölu í janúar á næsta ári eftir lok reikningsárs.
3. 1. málsl. 2. mgr. 5. tölul. orðist svo:
   Útistandandi skuldir skal telja til eignar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól sem miðast við vísitölu í janúar á næsta ári eftir lok reikningsárs nema sannað sé að þær séu minna virði.

7. gr.

2. málsl. 1. mgr. 76. gr. orðist svo:

Með skuldum í þessu sambandi teljast áfallnar verðbætur á höfuðstól þeirra sem miðast við vísitölu í janúar á næsta ári eftir lok reikningsárs.

II. KAFLI

Ákvæði til bráðabirgða.

8. gr.

Við álagningu tekjuskatts á árinu 1988, vegna tekna ársins 1987, er heimilt að færa niður um allt að 5% matsverð vörubirgða í árslok 1987 og færa þá fjárhæð til frádráttar skattskyldum tekjum. Við álagningu eignarskatts á árinu 1988, vegna eigna í árslok 1987, er heimilt að draga allt að 5% frá reiknuðu matsverði samkvæmt nú breyttum 4. tölul. 74. gr. laga nr. 75/1981.

III. KAFLI

Gildistaka.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1988 vegna tekna ársins 1987 og eigna í lok þess árs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í fjárlögum fyrir árið 1988 er gert ráð fyrir að tekjuskattur fyrirtækja á því ári verði um 150 millj. kr. hærri en hann er áætlaður samkvæmt óbreyttum skattalögum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar sem tryggja eiga þá tekjuöflun, auk þess sem þær eru fyrsti liður í að einfalda skattlagningu fyrirtækja með niðurfellingu frádráttarliða.

Frumvarp þetta fjallar um breytingu á ákvæðum er snerta afskriftir birgða í árslok, framlög í fjárfestingarsjóði, bifreiðakostnað og breytt skattahlutfall. Auk þess er þessu tengt að ákveðið er að leggja ekki fram frumvarp um að framlengja heimild til skattfrjáls framlags í varasjóð. Enn fremur eru í frumvarpinu ákvæði er varða meðferð verðbóta á verðtryggðar eignir og skuldir.

Þær fjárhæðir, sem kunnar eru frá álagningu 1987 og frumvarp þetta snerta, eru (í millj. kr.):

Álagður tekjuskattur fyrirtækja	1 590
Framlög í fjárfestingarsjóði	724
Framlög í varasjóði	236

Þá er talið að vörubirgðir í árslok 1986, sem hafa áhrif á skattlagningu 1987, megi áætla um 33 milljarða króna.

Auk þess að breyta frádráttarliðum er talin nauðsyn á að lækka skatthlutfall lögaðila til samræmis við lækkað skatthlutfall einstaklinga. Hluti atvinnurekstrartekna, þ.e. hjá einstaklingum með rekstur, sameignarfélögum o.fl., er skattlagður hjá einstaklingum sem tekjur þeirra. Í þeim tilvikum verður skatthlutfallið 35,2%, þ.e. tekjuskattur og útsvar í staðgreiðslu.

Ekki er heppilegt að rekstrarform hafi mikil áhrif á skattgreiðslur eða öfugt og því talið rétt að samræma hlutföllin sem unnt er. Með tilliti til þess að skattar fyrirtækja eru greiddir eftir á þykir hæfilegt að ætla þeim að greiða 45% af tekjum sínum í skatt. Er þá höfð hliðsjón af verðbólgu og að ekki þurfi að útiloka að nokkur munur í raunverulegu skatthlutfalli verði fyrir hendi.

Áhrif þessa frumvarps á skattheimtu af fyrirtækjum og breytingar varðandi varasjóði hafa verið metin þannig miðað við árið 1987:

1. Brottfall framlags í varasjóð og takmörkun fjárfestingarsjóðsframlaga: Þrátt fyrir takmörkun á framlögum í fjárfestingarsjóði má gera ráð fyrir að hluti þess fjár, sem áður rann í varasjóð, verði lagður í fjárfestingarsjóð. Er hér áætlað að um helmingur skili sér sem skattstofn eða 118 millj. kr. Skattur yrði því 53 millj. kr.
2. Niðurfærsla á verði vörubirgða lækkar um 1 650 millj. kr. Ekki má reikna með að meira en helmingur af þeirri fjárhæð skili sér sem skattstofn þar sem hluti birgða er hjá aðilum sem sýndu rekstrartap og matsreglur vörubirgða þannig að óvissa er um niðurstöðu þessara breytinga. Sé reiknað með að skattstofninn verði um 40% framangreindrar fjárhæðar verður aukinn skattur 297 millj. kr.
3. Lækkun skatthlutfalls úr 51% í 45% lækkar skattgreiðslur um 187 millj. kr. Alls eru tekjuáhrifin sem metin hafa verið þessi (í millj. kr.):

1.	Hækkun vegna varasjóðs	53
2.	Hækkun vegna birgða	297
3.	Lækkun vegna hlutfalls	−187
	Alls	163

Fjárhæð þessi er áætluð álagning. Samkvæmt reynslu má gera ráð fyrir að innheimta af henni á fyrsta ári verði um 122 millj. kr. Miðað við verðbreytingar til 1988 má gera ráð fyrir um 160 millj. kr. á því ári.

Í 31. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt er ákvæði þess efnis að sem rekstrargjöld til frádráttar megi einungis draga frá kostnað sem gengur til að afla tekna, tryggja og viðhalda eignum. Ákvæði þetta er að efni til afdráttarlaust en þarfnast frekari útfærslu í reglugerð, þar sem m.a. verði tekið á skattalegri meðferð risnu og annarrar einkaneyslu svo og einkaafnota bifreiða.

Í frumvarpi þessu er hins vgear gert ráð fyrir ákvæði um skattalega meðferð á kaupleigu og fjármagnsleigu á einkabifreiðum, en slík öflun bifreiða hefur færst mjög í vöxt. Ákvæðið miðar að því að mismunandi fjármögnunarform hafi ekki áhrif á skattgreiðslur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er felld niður heimild til niðurfærslu á matsverði vörubirgða í lok reikningsárs um 10%. Í 8. gr. frumvarpsins eru hins vegar sérákvæði er munu gilda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á gjaldaárinu 1988 er heimila niðurfærslu á matsverði vörubirgða í lok tekjuársins 1987 um 5%.

Um 2. gr.

Fyrning einkabifreiða í eigu fyrirtækja hefur verið 20%. Ljóst er að slík fyrning er ekki í samræmi við raunverulega rýrnun verðgildis og er því lagt til að fyrning bifreiða, sem eru til einkaafnota, verði ákveðin 10%.

Um 3. gr.

Auk þeirra breytinga varðandi einkabifreiðar, sem fjallað er um í 2. gr., er hér gert ráð fyrir að skattaleg meðferð á kostnaði vegna öflunar á einkabifreið verði hin sama hvert sem fjármögnunarformið er. Heimilaður frádráttur af greiðslum vegna kaupleigu og fjármögnunarleigu verði því takmarkaður við fyrningar og vexti eins og um væri að ræða kaup fyrir lánsfé fengið með öðrum hætti.

Um 4. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum er rekstraraðilum heimilt að lækka skattskyldar tekjur sínar með því að draga frá tekjum framlög í fjárfestingarsjóð er nema má allt að 40% skattstofns fyrir þann frádrátt eða framlag í varasjóð, allt að 25% af sama stofni.

Ákvæðið um fjárfestingarsjóðinn er í eðli sínu heimild til frestunar á skattgreiðslum. Þykir rétt að leggja til að lækka heimild þessa í 30% og að síðar verði stigin skref til að fella þessa heimild að fullu niður.

Um 5. gr.

Um þessa grein vísast til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 6. og 7. gr.

Með þessum greinum eru gerðar nauðsynlegar breytingar til samræmis við ákvæði 1. gr. frumvarpsins og enn fremur eru hér breytingar á meðferð verðbóta á verðtryggðar eignir og skuldir. Breytingin felur í sér að í framangreindu efni verði notuð ein vísitala, þ.e. vísitala janúarmánaðar. Um þetta efni hefur verið ágreiningur vegna ófullnægjandi ákvæða í skattalögum sem bætt er úr með breytingum þessum að tillögu embættis ríkisskattstjóra.

Um 8. gr.

Með þessu bráðabirgðaákvæði er stefnt að því að breyting sú, sem ákvæði 1. gr. frumvarpsins kveða á um, gerist í tveimur áföngum, þ.e. við álagningu á tekjur ársins 1987 og síðan við álagningu á tekjur ársins 1988.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Ed. 284. Nefndarálit [137. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 14/1965, um launaskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur meiri hl. til að það verði samþykkt.

Alþingi, 14. des 1987.

Halldór Blöndal, form. frsm. | Ey. Kon. Jónsson, fundaskr. | Valgerður Sverrisdóttir.

Jóhann Einvarðsson. | Eiður Guðnason.

Ed. 285. Nefndarálit [137. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 14/1965, um launaskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. nefndarinnar leggst gegn hækkun skatta á útflutningsatvinnuvegina eins og hér er gert ráð fyrir. Ástæðan er sú að rekstrarstaða útflutningsgreina hefur versnað stórum á sama tíma og raunvextir eru hærri en nokkru sinni fyrr.

Nánar í framsögu.

Guðrún Agnarsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk þessu áliti.

Alþingi, 15. des. 1987.

Svavar Gestsson, frsm. | Júlíus Sólnes.

Ed. 286. Nefndarálit [163. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og farið yfir þær umsóknir sem borist hafa ásamt fylgigögnum. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. des. 1987.

Jóhann Einvarðsson, form., frsm. | Guðmundur Ágústsson, fundaskr. | Salome Þorkelsdóttir.

Eiður Guðnason. | Guðrún Agnarsdóttir. | Ey. Kon. Jónsson.

Stefán Guðmundsson.

Ed. 287. Breytingartillaga [163. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Anamthawat, Kesera, grasafræðingur í Reykjavík, f. 18. nóvember 1951 í Thailandi.
2. Andreasen, Steinunn Ásta, húsmóðir á Selfossi, f. 10. september 1953 á Íslandi.
3. Andreassen, Þorfinnur S., sjómaður í Stykkishólmi, f. 11. febrúar 1964 á Íslandi.
4. Bieltvedt, Arnór Guðmundsson, nemi í Reykjavík, f. 25. maí 1963 á Íslandi.
5. Cela, Hrólfur Karl, nemi í Kópavogi, f. 28. júní 1979 á Íslandi.
6. Cela, Margrét J., nemi í Kópavogi, f. 30. september 1973 á Íslandi.
7. Daníel Andri Daðason, barn í Kópavogi, f. 23. febrúar 1982 á Íslandi.
8. Dokic, Predrag, bifreiðastjóri í Reykjavík, f. 5. febrúar 1942 í Júgóslavíu.
9. Douglas, Audrey, húsmóðir í Reykjavík, f. 5. janúar 1932 í Englandi.
10. Hall, Nicholas James Grogan, kennslustjóri í Reykjavík, f. 11. nóvember 1951 í Englandi.
11. Hansen, Herborg, húsmóðir í Reykjavík, f. 16. janúar 1935 í Færeyjum.
12. Hreinn Skúli Erhardsson, nemi á Grenivík, f. 17. ágúst 1971 á Íslandi.
13. Issa, Sameh Salah Salim, prófessor í Kuwait, f. 14. janúar 1943 í Palestínu.
14. Kaldalóns, Suzanne Mary, einkaritari í Reykjavík, f. 19. nóvember 1954 í Englandi.
15. Lopes, Aitor Yraola, lektor í Reykjavík, f. 9. júní 1953 á Spáni.
16. Madsen, Karen Brúún, verslunarkona í Hafnarfirði, f. 11. nóvember 1946 á Íslandi.
17. Magnus, Robert Jonathan, fræðimaður í Reykjavík, f. 15. desember 1948 í Englandi.
18. Marta Sóley Helgadóttir, barn í Reykjavík, f. 13. nóvember 1983 í Kólombíu.
19. Oliver Hilmarsson, nemi á Laugarvatni, f. 7. september 1974 á Íslandi.
20. Paimani, Esmat, húsmóðir á Sauðárkróki, f. 6. mars 1940 í Íran.
21. Palmero, Diego Valencia, þjónn í Reykjavík, f. 18. júní 1955 á Spáni.
22. Permchit, Vilai, húsmóðir í Frakklandi, f. 1953 í Thailandi.
23. Pomfrey, Karen Elizabeth, kennari í Garði, f. 7. febrúar 1950 í Bandaríkjunum.
24. Quesada, Gines Cano, námsmaður í Reykjavík, f. 30. september 1953 á Spáni.
25. Salmon, Peter Joseph Broome, framkvæmdastjóri í Reykjavík, f. 7. desember 1957 í Hong Kong.
26. Sewell, David John, afgreiðslumaður í Reykjavík, f. 25. maí 1958 í Englandi.
27. Staub, Christian Arthur, fulltrúi í Reykjavík, f. 20. mars 1951 í Sviss.
28. Thompson, Elsa María, nemi í Reykjavík, f. 24. mars 1970 í Bandaríkjunum.
29. Tómas Myung Haraldsson, barn í Svíþjóð, f. 14. maí 1981 í Kóreu.
30. Överby, Ásgeir Guðbjörn, sjómaður á Ísafirði, f. 30. mars 1944 á Íslandi.
31. Özcan, Ibrahim, verkamaður á Húsavík, f. 20. mars 1955 í Tyrklandi.

Nd. 288. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og fengið til fundar Ingimund Sigurpálsson, formann stjórnar Brunamálastofnunar, Bergstein Gizurarson brunamálastjóra, Magnús E. Guðjónsson frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og Húnboga Þorsteinsson og Þórhildi Líndal frá félagsmálaráðuneyti.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með einni breytingartillögu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Steingrímur J. Sigfússon sat fundi nefndarinnar og er sammála áliti þessu.

Alþingi, 15. desember 1987.

Alexander Stefánsson, form., frsm.	Jón Sæmundur Sigurjónsson, fundaskr.	Geir H. Haarde.
Jón Kristjánsson.	Óli Þ. Guðbjartsson.	Eggert Haukdal.
	Kristín Einarsdóttir.	

Nd. 289. Breytingartillaga [188. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál.

Frá félagsmálanefnd.

Í stað „0,04‰“ í 1. gr. frumvarpsins komi: 0,045‰.

Ed. 290. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur haft til meðferðar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 48/1987, um Vísindaráð o.fl., sem eru bráðabirgðalög gefin út 14. apríl 1987.

Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 15. desember 1987.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Danfríður Skarphéðinsdóttir, fundaskr.	Jóhann Einvarðsson.
Guðmundur Ágústsson.	Halldór Blöndal.	Salome Þorkelsdóttir.
	Valgerður Sverrisdóttir.	

Ed. 291. Nefndarálit [141. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33/1983, um bann við ofbeldiskvikmyndum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur haft til meðferðar frumvarp til laga um breytingu á lögum um bann við ofbeldiskvikmyndum. Fram hefur komið að unnið er að endurskoðun laganna, en jafnframt er ljóst að lögin falla úr gildi um áramót verði ekki að gert.

Því leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt með svohljóðandi

BREYTINGU:

1. gr. frumvarpsins hljóði svo:
6. gr. laganna orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1988.

Svavar Gestsson sat fund nefndarinnar og er samþykkur þessari afgreiðslu.

Alþingi, 15. des. 1987.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson.	Danfríður Skarphéðinsdóttir.
Valgerður Sverrisdóttir.	Jóhann Einvarðsson.	Salome Þorkelsdóttir.

Halldór Blöndal.

Nd. 292. Frumvarp til laga [207. mál]

um breyting á barnalögum, nr. 9 15. apríl 1981.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

Í stað „56“ í 4. mgr. 6. gr. komi: 58.

2. gr.

Í stað „feðrað“ í 3. mgr. 8. gr. komi: ófeðrað.

3. gr.

2. mgr. 10. gr. orðist svo:
Ákvæði IX. kafla gilda um mál þessi eftir því sem við getur átt.

4. gr.

Í stað „51“ í 5. mgr. 12. gr. komi: 53.

5. gr.

Við 1. mgr. 15. gr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Framlög þessi verða þó ekki ákvörðuð lengra aftur í tímann en eitt ár frá því að beiðni var sett fram, nema alveg sérstakar ástæður leiði til annars.

6. gr.

Í stað „nafnnúmer“ í 1. mgr. 16. gr. komi: kennitölu.

7. gr.

3. málsl. 1. mgr. 17. gr. orðist svo: Framlag til menntunar eða starfsþjálfunar ungmennis er heimilt að ákveða samkvæmt kröfu þess allt til þess er það nær 20 ára aldri.

8. gr.

Við 22. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:
Ákvæði 2. mgr. 20. gr. á hér við að sínu leyti.

9. gr.

a. Í stað „laga nr. 95/1947“ í 1. mgr. 23. gr. komi: lögræðislaga nr. 68/1984.
b. 2. mgr. 23. gr. orðist svo:

Sá sem stendur straum af útgjöldum vegna framfærslu barns getur krafist þess að framfærslueyrir sé ákveðinn og innheimtur, enda hafi viðkomandi forsjá barns eða hafi haft hana er forsjárskyldu lauk, eða hafi síðar innt af hendi framfærsluframlag vegna ungmennis allt til þess aldurs er greinir í 1. mgr. 17. gr. Hinu sama gegnir um þann sem hefur barn í fóstri samkvæmt lögmætri skipan. Nú hefur verið innt af hendi framfærsluframlag af hendi almannavalds og hefur þá viðkomandi stjórnvald eða stofnun rétt þann sem greinir í þessari málsgrein.

10. gr.

Á eftir „samkv.“ í 2. málsl. 1. mgr. 28. gr. komi: 17.

11. gr.

29. gr. orðist svo:

Tryggingastofnun ríkisins er skylt að greiða foreldri barns sem á framfærslurétt hér á landi, og öðrum þeim aðiljum, er greinir í 31. gr., framfærslueyri (meðlag) með barni, skilgetnu eða óskilgetnu, samkvæmt yfirvaldsúrskurði eða staðfestum samningi, þó innan þeirra marka um fjárhæð og aldur barns er greinir í almannatryggingalögum svo sem þau mæla fyrir um þetta atriði á hverjum tíma.

Kröfu foreldris til Tryggingastofnunar ríkisins skal fylgja meðlagsúrskurður löglega birtur. Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar skal greiða barnalífeyri þegar skilríki liggja fyrir um að barn verði ekki feðrað og á sama hátt getur barnsmóðir fengið meðlag með barni þegar eftir að barnsfaðernismál er höfðað, hvort tveggja svo sem lög um almannatryggingar segja fyrir um.

Hafi foreldrar barns fengið skilnað erlendis og svo háttar til að því foreldri, sem ekki hefur forsjá barns, hefur verið gert að greiða lægra meðlag með því en nemur barnalífeyri almannatrygginga eða hefur ekki verið gert að greiða meðlag með því getur valdsmaður úrskurðað meðlag til forsjárforeldris á hendur Tryggingastofnun ríkisins á grundvelli erlends skilnaðarleyfis, skilnaðardóms eða úrskurðar. Ríkissjóður endurgreiðir þessar fjárhæðir, en Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir þær eftir því sem fært reynist.

Um kröfu skv. 2. mgr. svo og endurgreiðslu hennar gilda að öðru leyti ákvæði laga um almannatryggingar, þar á meðal um endurgreiðslu ríkissjóðs á meðlögum er Tryggingastofnun ríkisins greiðir vegna barnsfeðra sem framfærslurétt eiga erlendis.

12. gr.

30. gr. orðist svo:

Um aðgang barnsmóður að Tryggingastofnun ríkisins vegna framfærslueyris, sbr. 1. mgr. 25. gr., fer svo sem segir í lögum um almannatryggingar.

Foreldri á aðgang að Tryggingastofnun ríkisins um þær greiðslur, sem greinir í 19. gr., og barnsmóðir um greiðslur skv. 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 26. gr. þessara laga. Ungmenni, sem í hlut á, hefur aðgang að Tryggingastofnun ríkisins vegna úrskurðaðra framlaga skv. 17. gr. eftir því sem almannatryggingalög mæla fyrir um, sbr. lög nr. 23/1987.

Með reglugerð, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið setur, má ákveða hámarksgreiðslur sem Tryggingastofnun ríkisins innir af hendi skv. 1. og 2. mgr.

13. gr.

Í stað „24. gr. laga nr. 95/1947“ í 3. mgr. 35. gr. komi: 26. gr. lögræðislaga nr. 68/1984.

14. gr.

Við 2. mgr. 36. gr. bætist: eða í staðfestu samkomulagi þeirra, sbr. 38.–40. gr.

15. gr.

a. Við 1. málsl. 2. mgr. 37. gr. bætist: sbr. og 39. og 40. gr. um samkomulag foreldra um sameiginlega forsjá.
b. Í stað „Umsjá“ í 3. mgr. 37. gr. komi: Um.

16. gr.

38. gr. orðist svo:

Forsjármálum skal ávallt skipa þegar leyfi er veitt til skilnaðar að borði og sæng og til lögskilnaðar svo og við slit óvígðrar sambúðar, sbr. 2. mgr. 8. gr. og 6. mgr. 35. gr. Foreldrar geta samið svo um að forsjá barns þeirra verði hjá þeim báðum (sameiginleg forsjá) eða óskipt í höndum annars hvors. Ákvæði 40. gr. á við um samkomulag samkvæmt þessari málsgrein.

Þegar foreldra greinir á um skipan forsjár skal ráða máli til lykta eftir því sem barni er fyrir bestu með úrlausn dómsmálaráðuneytisins eða dómstóls ef dómur gengur um kröfu til skilnaðar. Dómsmálaráðuneytið leitar umsagnar barnaverndarnefndar og enn fremur er því heimilt að leita umsagnar Barnaverndarráðs Íslands. Ráðuneytið eða dómstóll kveða á um, þegar svona hagar til, hvoru foreldra verði falin forsjá barns óskipt. Nú er hvorugt foreldra talið hæft til að fara með forsjá barns og skal forsjánni þá skipað eftir því sem barni er fyrir bestu.

Í ágreiningsmálum, sbr. 2. mgr., getur dómsmálaráðuneytið eða dómstóll ákveðið til bráðabirgða hvernig fara skuli um forsjá barns. Ákvæði 2. mgr. eiga hér við að sínu leyti. Breyta má þessum ákvörðunum vegna breyttra aðstæðna. Ákvörðun til bráðabirgða bindur ekki hendur úrskurðarvalds þegar skipa skal forsjá barns til frambúðar.

Um ákvörðun framfærslueyris með barni vegna samvistarslita foreldra fer samkvæmt ákvæðum IV. kafla, sbr. m.a. 24. gr.

17. gr.

Ný grein, 39. gr., orðist svo:

Foreldrar geta ávallt samið um breytingu á forsjá barns frá fyrri skipan, sbr. 38. gr., þannig að forsjá flytjist frá öðru foreldri til hins eða að forsjá verði sameiginleg. Foreldrar óskilgetins barns, sem ekki eru í sambúð, geta hvenær sem er samið um sameiginlega forsjá barns þeirra. Ákvæði 40. gr. á við um samning samkvæmt þessari málsgrein.

Foreldrar, er fara sameiginlega með forsjá barns, geta hvort um sig krafist þess að samningur þar um verði felldur niður. Staðfestir valdsmaður þá nýtt samkomulag foreldranna, ef því er að skipta, en ágreiningsmál fara til úrlausnar dómsmálaráðuneytisins eða dómstóls, sbr. 2. og 3. mgr. 38. gr.

18. gr.

Ný grein, 40. gr., orðist svo:

Samningur foreldra um forsjá barns er því aðeins gildur að valdsmaður staðfesti hann og skal samningurinn staðfestur nema telja verði að hann sé barni eigi fyrir bestu. Úrlausn valdsmanns má skjóta til dómsmálaráðuneytisins innan fjögurra vikna frá dagsetningu hennar.

19. gr.

39.–58. gr. verði 41.–60. gr.

20. gr.

1. mgr. 39. gr. (verður 41. gr.) orðist svo:

Dómsmálaráðuneytið getur breytt samningi foreldra um forsjá barns, sbr. 38.–40. gr., ef foreldrar eru sammála um að ráðuneytið leysi úr málinu. Að öðrum kosti heyrir mál undir dómstóla. Breyting skal því aðeins á gerð að slíkt teljist réttmætt vegna breyttra aðstæðna og með tilliti til þess sem barni er fyrir bestu. Um kröfu foreldris um niðurfellingu samkomulags um sameiginlega forsjá fer þó samkvæmt því er segir í 2. mgr. 39. gr.

21. gr.

3. mgr. 40. gr. (verður 42. gr.) orðist svo:

Ef þeim sem umgengnisréttar nýtur við barn samkvæmt úrskurði er tálmaður sá réttur getur dómsmálaráðuneytið að kröfu hans skyldað þann sem með forsjá barnsins fer til að láta af tálmunum, að viðlögðum dagsektum að fjárhæð allt að 2000 kr. Dagsektir skal ákveða með úrskurði, en gefa skal þeim sem með forsjá barnsins fer kost á að tala máli sínu áður en hann er kveðinn upp. Dagsektir skulu ákveðnar til allt að þriggja mánaða í senn fyrir hvern dag, sem líður frá uppkvaðningu úrskurðar, þar til látið er af tálmunum. Dagsektir falla niður þegar barnaverndarnefnd eða sérstaklega tilnefndur tilsjónarmaður tilkynnir dómsmálaráðuneytinu að sá sem með forsjá fer hafi látið af tálmunum. Samkvæmt kröfu dómsmálaráðuneytisins má taka dagsektir lögtaki og renna þær í ríkissjóð. Hámarksfjárhæð dagsekta samkvæmt framansögðu skal taka breytingum í samræmi við lánskjaravísitölu janúarmánaðar 1988. Öðrum lagaúrræðum verður ekki beitt til framdráttar umgengnisrétti.

22. gr.

1. mgr. 41. gr. (verður 43. gr.) orðist svo:

Nú hefur forsjármáli eigi verið ráðið til lykta og getur dómsmálaráðuneytið þá lagt svo fyrir að eigi megi að svo vöxnu fara með barnið úr landi.

23. gr.

1. mgr. 42. gr. (verður 44. gr.) orðist svo:

Foreldrar geta falið öðrum barn sitt til umönnunar og uppeldis (fósturs) að nokkru eða öllu, sbr. og 35. gr. laga nr. 53/1966. Þeir geta þó hvenær sem er fengið barnið til sín að nýju, nema almannavald telji barninu fyrir bestu að ráðstöfunin haldist, sbr. lög nr. 53/1966, 3. mgr. 36. gr. Ákvæði þetta á ekki við um ættleiðingu.

24. gr.

Í stað „44“, „45“, „49“, „51“, „52“, „53“, „54“ og „55“ í 2. mgr. 56. gr. (verður 58. gr.) komi: 46, 47, 51, 53, 54, 55, 56 og 57.

25. gr.

Í stað „54“ á tveimur stöðum í 2. mgr. 58. gr. (verður 60. gr.) komi: 56.

26. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi ákvæði 47., 48. og 53. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60 29. maí 1972.

Eftir gildistöku laga þessara skal fella meginmál þeirra inn í barnalög, nr. 9 15. apríl 1981, og gefa þau út svo breytt.

27. gr.

Nú var afhent umsókn um leyfi til skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar eða mál var höfðað vegna skilnaðar fyrir gildistöku laga þessara, og skal þá vekja athygli aðilja á ákvæðum laganna um sameiginlega forsjá foreldra áður en forsjármáli er ráðið til lykta.

Dómsmálaráðuneytið skal kynna almenningi ákvæði laganna um sameiginlega forsjá fyrir börnum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sifjalaganefnd hefur samið frumvarp það er hér er flutt. Í henni eiga sæti dr. Ármann Snævarr formaður, Auður Auðuns, fyrrverandi dómsmálaráðherra, Baldur Möller, fyrrverandi ráðuneytisstjóri, og Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttardómari. Ritari nefndarinnar er Drífa Pálsdóttir deildarstjóri.

Mikilvægustu þættir þessa frumvarps eru í 16.–18. gr. þar sem lagt er til að fyrirmynd annarra norrænna laga að heimilað sé að foreldrar, er skilið hafa, semji um sameiginlega forsjá barna sinna og enn fremur að foreldrar óskilgetinna barna, sem ekki eru samvistum, geti samið um slíka skipan að því er börn þeirra varðar. Til viðbótar þessu eru svo ýmis ákvæði þar sem lagðar eru til breytingar á barnalögum bæði vegna leiðréttinga á texta og einkum með hliðsjón af könnun sem fram hefur farið á framkvæmd laganna. Sú könnun hefur leitt í ljós að þörf er á breytingum á einstaka atriði. Frekari breytingar á barnalögum hafa verið ræddar í nefndinni, en ákveðið var að fresta tillögugerð um þær uns lokið er endurskoðun laga um réttindi og skyldur hjóna sem nú er unnið að.

Þar sem kjarni frumvarpsins eru reglur 16.–18. gr. um sameiginlega forsjá barna þykir rétt að setja fyrst fram almenna greinargerð um það efni. Síðar fara svo athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um sameiginlega forsjá barna eftir skilnað foreldra eða samvistarslit sambúðarforeldra svo og hjá foreldrum óskilgetinna barna sem ekki eru samvistum.

I.

Núgildandi reglur um forsjá barna.

Meginreglurnar um þetta efni eru í VIII. kafla barnalaga nr. 9/1981, en þær reglur sættu gagngerðri endurskoðun á áttunda áratugnum. Enn fremur eru ákvæði í lögræðislögum, nr. 68/1984, V. kafla, sem mæla fyrir um fyrirsvar fyrir ólögráða börnum í samræmi við barnalög. Í lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60/1972, V. kafla, eru einnig ákvæði um forsjá barna þegar foreldrar skilja.

Íslenskur sifjaréttur hefur verið reistur á því sjónarmiði að heppilegast sé að forsjá barna sé í höndum beggja foreldra ef þeir eru samvistum. Gegnir þessu, hvort sem sambúð foreldra byggist á hjúskap, sbr. 1. mgr. 36. gr. barnalaga, eða óvígðri sambúð, sbr. 1. mgr. 37. gr. Enn fremur á hið sama við ef kynforeldri hefur gengið í hjúskap við annan en föður barns eða móður og fara kynforeldri og stjúpforeldri þá sameiginlega með forsjá barns, sbr. 3. og 4. mgr. 36. gr. og 2. málsl. 2. mgr. 37. gr. Enn á þetta við ef kynforeldri stofnar til

sambúðar, sbr. 6. mgr. 35. gr., og er forsjá barns þá einnig hjá sambúðarforeldri, sbr. 3. mgr. 36. gr. og 2. málsl. 2. mgr. 37. gr.

Um börn, sem eigi eru skilgetin, verður eins og getið var að greina milli þess hvort foreldrar búi saman eða ekki. Hjá sambúðarforeldrum er forsjá sameiginleg svo sem reifað var. Ef foreldrar búa ekki saman er það meginregla að forsjá barns sé hjá móðurinni einni, sbr. 2. mgr. 37. gr. Hægt er þó að fela föður forsjá barns og þá einum, sbr. 2. og 4. mgr. 37. gr.

Geta má þess að hvergi á Norðurlöndum eru jafnvíðtæk forsjárákvæði um börn sambúðarforeldra sem hér á landi.

II.

Þörf á breytingum á forsjárreglum laga.

Á síðustu árum hafa verið lögfest á alls staðar Norðurlöndum ákvæði er veita foreldrum svigrúm til þess að mæla svo fyrir að þau hafi sameiginlega forsjá barna sinna þrátt fyrir skilnað, svo og að um geti verið að ræða slíka forsjá hjá sambúðarforeldrum og foreldrum óskilgetins barns er eigi búa saman. Fyrst voru sett lög um þetta efni í Svíþjóð 1976 með breytingum 1979 og 1983, í Noregi 1981, í Finnlandi 1983 og Danmörku 1985 (með gildistöku 1. janúar 1986).

Lög þessi eru nokkuð mismunandi. Á það ekki síst við um þá meginspurningu hvort stjórnvöld eða dómstólar geti ákvarðað einhliða án óska foreldra eða gegn andstöðu a.m.k. annars þeirra að sameiginleg forsjá skuli við höfð eða hitt sé fremur, að forsenda fyrir slíkri tilhögun sé samkomulag foreldranna. Sá grundvallarmunur er einnig hér á að við skilnað að borði og sæng og lögskilnað er t.d. í norskum rétti byggt á því að forsjá barna sé sameiginleg þrátt fyrir skilnað, nema foreldrar ákveði annað eða önnur skipan sé á gerð af opinberri hálfu, af stjórnvaldi eða dómstól, að kröfu annars (eða beggja), sbr. 34. gr. norsku barnalaganna eins og hún er túlkuð. Dönsku lögin nýju eru hins vegar reist á andstæðri meginreglu. Til grundvallar sameiginlegri forsjá samkvæmt þeim hlýtur ávallt að liggja samkomulag foreldra sem staðfest er af stjórnvaldi eða dómstól. Enn eru ákvæðin mismunandi að því er varðar breytingu og brottfall samkomulags foreldra um sameiginlega forsjá. Samkvæmt dönsku lögunum, er ganga lengst í þessu efni, getur hvort foreldra um sig krafist þess að samkomulag sé fellt úr gildi, en brottfellingin er þó háð staðfestingu stjórnvalds. Í öllum lögunum eru ákvæði um breytingu eða brottfellingu á skipan þessari miðað við hagi barns og þarfir, en þau ákvæði eru nokkuð sitt með hverju mótinu.

Ýmsir hópar foreldra falla undir hin nýju ákvæði um sameiginlega forsjá:

1. Foreldrar sem giftir hafa verið og skilja. Forsjá barns var eingöngu og óskipt í höndum annars þeirra fyrir gildistöku hinna nýju laga og svo er þessu enn farið hér á landi, sbr. 38. gr. barnalaga og 2. mgr. 47. gr. laga nr. 60/1972, um stofnun og slit hjúskapar.
2. Foreldrar er saman búa án þess að vera giftir. Þeir hafa sameiginlega forsjá barna sinna skv. 37. gr. barnalaga, svo sem áður greinir. Þessi hópur var ekki síst hafður í huga á Norðurlöndum þegar heimild var lögfest til að kveða á um sameiginlega forsjá barna samkvæmt framansögðu. Að því leyti hefur verið minni þörf á þessum nýju forsjárreglum hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum.
3. Foreldrar barns, sem ekki er skilgetið, ef þeir búa ekki saman. Samkvæmt norrænu lögunum var reglan hér sú að meginstefnu til að forsjá barns var hjá móðurinni einni. Grunnreglan er enn þessi, en nú heimila lögin foreldrum að semja um sameiginlega forsjá þegar við fæðingu barns eða síðar.

III.

Hvað felst í sameiginlegri forsjá samkvæmt norrænu lögunum nýju?

Leggja ber áherslu á að í samningi um sameiginlega forsjá barns felst ekki í sjálfu sér að barn búi hjá báðum foreldrum og því síður jafnlengi ár hvert hjá hvoru um sig. Þegar slíkur samningur er gerður á Norðurlöndum er það tíðasta tilhögunin að barnið búi hjá öðru foreldri, en dveljist hjá hinu á tilteknum tímum eftir því sem um semst milli foreldranna. Hins vegar veitir samkomulagið (skipanin) svigrúm til þess fyrir foreldra að semja svo um að barnið dveljist (búi) hjá öðru t.d. í þrjá mánuði og í næstu þrjá mánuði hjá hinu. Er slík tilhögun þó miklu fátíðari í reynd, ef miðað er við tiltæk gögn um framkvæmd þessara mála, og er hún tíðust þegar foreldrar búa í grennd hvort við annað og barnið þarf t.d. ekki að skipta um skóla eða barnaheimili. Ef fyrra forsjárformið er valið svipar því til núverandi reglna um umgengnisrétt, en mismunurinn er þó skýr því að ef sameiginleg forsjá er við höfð eru báðir foreldrar forsjármenn barns og lögráðendur þess. Báðir ráða því þá sameiginlega hvernig til skipast um persónuhagi barns, um dvalarstað, vist á dagvistarstofnun, skólagöngu, ýmislegt varðandi uppeldi barnsins, aðild að trúfélagi, sitthvað varðandi þátttöku þess í félagsstarfi, hvort það gangi undir læknisaðgerð, hvort það verði ættleitt og loks eru báðir foreldrar þá lögráðendur barns að því er varðar fjármuni og fjárráðstafanir. Hér er því veigamikill munur þótt þess beri að gæta að foreldri, sem barnið býr hjá, hljóti á eindæmi sitt að ráða fram úr ýmsum vandamálum daglegs lífs er barnið varðar. Munurinn verður að sjálfsögðu enn meiri ef barnið á að búa hjá foreldrum til skiptis um lengri tíma.

Nauðsynlegt er að menn geri sér grein fyrir inntaki og innviðum þess úrræðis sem hér er gert að umræðuefni áður en rök eru virt með og móti því að lögfesta það. Einkum ber að vara við þeim misskilningi að hér sé stefnt að því gagngert að foreldrar „skipti barni á milli sín“ til helminga þannig að barn hljóti að búa til skiptis alls hálft árið hjá hvoru foreldra sinna.

IV.

Röksemdir með og móti sameiginlegri forsjá.

Sameiginleg forsjá barna („joint custody“) hefur verið tíðkuð eftir skilnað foreldra í allmörgum ríkjum Bandaríkjanna um nokkurt árabil. Árið 1984 mun slík löggjöf hafa verið lögfest í 30 ríkjum, þar af tveimur fyrir 1978, en flest lögin hafa verið lögtekin frá 1980 og síðar. Sums staðar er gert ráð fyrir slíkri tilhögun sem meginreglu eftir skilnað foreldra, en annars staðar sem einu úrræði af fleirum er dómstóll velur úr eftir öllum aðstæðum. Lög Kaliforníu frá 1979 hafa verið mjög til fyrirmyndar fyrir bandarískri löggjöf á þessu sviði, en fyrstu lögin í Bandaríkjunum um þetta efni eru frá 1975.

Í Vestur-Þýskalandi hafa farið fram víðtækar umræður um þessi mál á síðustu árum. Í nýlegri löggjöf (1979) þar í landi var því hafnað að lögfesta ákvæði um sameiginlega forsjá eftir skilnað. Athyglisvert er að stjórnlagadómstóllinn í Karlsruhe kvað upp þann dóm 1982 að það væri andstætt ákvæði í stjórnarskránni vestur-þýsku um fjölskyldur og vernd fjölskyldutengsla að meina foreldrum, sem skilið hafa, að semja um framhald sameiginlegrar forsjár barna sinna.

Meðal fræðimanna og í almennri umræðu hafa verið talsvert skiptar skoðanir um þessa forsjártilhögun þegar foreldrar eru ekki samvistum. Hér á eftir verður vikið að fáeinum röksemdum með og móti, en stiklað verður á stóru. Verða hér einkum hafðir í huga foreldrar sem búið hafa saman, giftir eða ógiftir, og slitið hafa samvistir, en að lokum verður þó minnst á foreldra sem ekki hafa búið saman. Vísa má hér til ritgerðar Guðrúnar Erlendsdóttur í Úlfljóti 1982, bls. 122–145, þar sem þessu máli eru gerð rækileg skil.

A. Rök með sameiginlegri forsjá.

1. Þegar hjón skilja verða straumhvörf í lífi barna þeirra undir 16 ára aldri. Annað foreldra fær forsjá barns óskipta, en hitt tíðast umgengnisrétt. Þótt barn eigi rétt á umgengni við foreldri, sbr. 40. gr. barnalaga, verða samskipti þess og foreldris, sem það býr ekki hjá, oft næsta takmörkuð og svo fer alloft að barnið vex frá foreldri sínu og það frá því. Hinar nýju reglur um sameiginlega forsjá höfða til ábyrgðarkenndar foreldra, stefna að því að gera þá báða virka, þrátt fyrir samvistaslitin, um málefni barnsins, umönnun þess og ákvarðanir sem varða undirbúning að ævistarfi. Jafnframt má ætla að þetta fyrirkomulag stuðli að auknum tengslum barns og þess foreldris sem það býr ekki hjá.
2. Alkunna er hve mikil átök og togstreita verða oft milli foreldra, er skilja, út af forsjá barna. Samningur um sameiginlega forsjá getur haft það gildi að lægja öldurnar, foreldri getur betur sætt sig við að barnið búi hjá hinu ef því er tryggður afskiptaréttur af persónuhögum barns og hlutdeild í umsýslu vegna fjármála þess. Getur þetta dregið úr þeirri spennu sem oft ríkir milli foreldranna út af forsjármálum, en hún bitnar oft harkalega beint og óbeint á barninu. Oft mundi þá, ef slík forsjártilhögun yrði lögfest, verða stofnað til þess konar forsjárskipunar þegar við skilnað að borði og sæng eða lögskilnað eða slit óvígðrar sambúðar, sbr. 38. gr. barnalaga. Þótt svo kunni að fara að þessi skipan yrði ekki langlíf getur verið hægara að skipa forsjármáli eftir nokkurn tíma frá skilnaði, enda getur hafa fengist veigamikil reynsla á þessu tímabili, m.a. um tengsl barns við hvort foreldri um sig og um viðhorf þess til þeirra. Tilfinningarót, sem oft er samfara skilnaði, kann þá og að hafa hjaðnað nokkuð.
3. Sameiginleg forsjá hefur einnig þann kost með sér að ef annað foreldra andast eða verður óhæft til þess að gegna forsjánni þá er fyrir að fara skipan sem ræður forsjármáli þegar til lykta án þess að til afskipta stjórnvalda þurfi að koma.
4. Heimild til að semja um sameiginlega forsjá er líkleg til að auka jafnstöðu foreldra, giftra og ógiftra, mæðra og feðra, sem er grunnviðhorf í sifja- og erfðarétti. Ef vel er ætti slíkt fyrirkomulag að auka öryggiskennd barnsins sem oft og einatt á þá ósk heitasta að njóta beggja foreldra sinna eftir því sem fært er, njóta trúnaðar þeirra og hlíta leiðsögn þeirra.

B. Röksemdir gegn sameiginlegri forsjá samkvæmt nýju reglunum.

1. Frá uppeldislegu sjónarmiði getur staða barns orðið örðug ef tveir uppalendur, sem fjarvistum eru hvor frá öðrum og oft eru fjarri því að vera samhuga, fjalla um uppeldið og persónuhagi barnsins. Torvelt getur reynst að komast að sameiginlegum ákvörðunum, en tafir geta valdið erfiðleikum. Norrænu sifjalögin hafa lengi verið reist á því viðhorfi að farsælast sé fyrir uppeldisstarfið að einn uppalandi fjalli sem mest þar um, ef foreldrar eru ekki samvistum, og að forsjá sé óskipt hjá honum. Hafa ýmsir dregið í efa að réttmætt sé að hvika frá þessari lagastefnu. Sé álitlegra að leysa þær þarfir sem eru á auknum tengslum foreldris, er ekki hefur barn hjá sér, við barnið með rýmkuðum reglum um umgengnisrétt og aukinni upplýsingastarfsemi á því sviði. Árétta má að þegar forsjárreglur voru endurskoðaðar í Vestur-Þýskalandi árið 1979 var því hafnað að lögfesta heimild fyrir foreldra til að mæla fyrir um sameiginlega forsjá.
2. Þá er bent á að þótt slíkt samkomulag (skipan) komist á sé ærin hætta á að það verði skammgóður vermir, þ.e. að ágreiningur milli foreldranna haldi áfram og að barnið verði í auknum mæli, ef þessi skipan er á höfð, skotspónn og bitbein þeirra átaka. Barninu sé hins vegar fyrir bestu að ró ríki og að það sé sem mest hjá öðru foreldri sínu. Hljóti t.d. tíð breyting á dvalarstað barns að valda því að það verði hrifið úr hópi félaga sinna og vina og jafnvel frá dagvistarheimili eða skóla og getí slíkt verið barni mikið sálrænt álag.
3. Af hálfu þeirra sem andmælt hafa slíkri skipan hefur því almennt verið haldið fram að foreldrar ýttu á undan sér vandamálum með þessari tilhögun, en leystu þau ekki. Vand-

inn verði oft óútkljáður og verði það óheppilegt fyrir barnið og oft fyrir foreldrana sjálfa.

Um börn ógiftra foreldra, sem ekki hafa búið saman, eiga við ýmis þau rök, sem að framan greinir, bæði með og móti sameiginlegri forsjá. Af hendi þeirra sem vefengja gildi sameiginlegrar forsjár er í þessu sambandi bent á það sérstaklega að tengsl foreldranna innbyrðis séu að jafnaði lítil og þá einnig tengsl barns og þess foreldris sem það hefur ekki búið hjá. Grundvöllur að sameiginlegri forsjá sé því næsta ótraustur.

C. Er æskilegt eða réttmætt að lögfesta reglur um sameiginlega forsjá hér á landi? Ef svo er, hvers efnis ættu reglurnar að vera?

1. Ekki er heiglum hent að virða þessar röksemdir og fleiri, sem tefla má fram, um ágæti hins nýja norræna úrræðis eða vankanta á því. Eftir rækilega athugun málsins hefur niðurstaðan orðið sú að mæla með því að horfið verði að því ráði að lögmæla það ef foreldrar eru samhuga um þessa skipan. Kemur þar m.a. til að slíkt úrræði hefur verið lögfest með öllum öðrum norrænum þjóðum og þörfin á lagasamræmi á þessum vettvangi vegur þungt á vogarskálinni. Þá sýnist það almennt vera eðlilegt og æskilegt að foreldrum sé veitt svigrúm til að kjósa framhald á þeirri skipan um forsjármál sem ríkti í hjúskapnum eða í óvígðri sambúð, þ.e. að forsjáin verði sameiginleg hjá foreldrum. Ef um barn foreldra er að ræða sem ekki hafa búið saman er þess að gæta að vel má vera að allnokkurt samband hafi verið milli foreldranna og svo barnsins og þess foreldris sem það hefur ekki búið hjá. Jafnræðisreglur bjóða að slíkum foreldrum sé ekki mismunað og að reglur um sameiginlega forsjá geti einnig tekið til þeirra.

   Telja verður almennt að sameiginleg forsjá barns hjá foreldrum, sem slitið hafa samvistir, sé líkleg til að stuðla að samábyrgð foreldranna á velferð barnsins, treysta tengsl barnsins við báða foreldra og enn horfir þessi skipan að jafnstöðu foreldranna. Í þessu efni er einnig mikilvægt að líta til reynslunnar af þessari skipan í Svíþjóð og Noregi þar sem reglurnar hafa verið lengst í gildi hér á Norðurlöndum. Af tiltækum tölfræðilegum upplýsingum má ráða að allmargir foreldrar eða ríflega þriðjungur að því er ætla má velji þetta fyrirkomulag eftir skilnað, en tölur eru ekki handbærar um sambúðarforeldra sem slíta samvistir eða ógifta foreldra ella. Ekki er kunnugt um kannanir á því hversu haldbær þessi skipan hefur reynst. Tölfræðileg gögn frá þessum tveimur löndum gefa því til kynna að þetta úrræði sé allmikið tíðkað, þó væntanlega fremur í þéttbýli en strjálbýli. Könnun í Danmörku árið 1981 sýndi að milli 40 og 70% þeirra sem skildu gátu hugsað sér sameiginlega forsjá barna sinna.

   Hér á landi nýtur ekki við kannana á afstöðu foreldra til þeirrar skipunar á forsjármálum sem fjallað er um hér að framan. Grundvöllur er þó fyrir hendi til að álykta að í nokkrum tilvikum, sem komið hafa til úrlausnar í dómsmálaráðuneytinu, hafi hugur foreldra staðið til samkomulags um sameiginlega forsjá.

   Sameiginleg forsjá barns eftir skilnað foreldra eða önnur samvistaslit er úrræði sem vafalaust getur komið að góðu liði og verið barni fyrir bestu, en það greinimark verður ávallt að hafa hér að leiðarljósi. Hitt er jafn hafið yfir vafa að það úrræði leysir ekki alltaf þau erfiðu vandamál sem hér er við að fást. Vegna hagsmuna barnsins og tillitsins til þjóðfélagshagsmuna hefur ekki þótt einhlítt að miða við samkomulag foreldranna, heldur er áskilið hvarvetna í norrænum lögum að samkomulagið sé staðfest af stjórnvaldi eða dómstól.
2. Svo sem fyrr greinir eru norrænu reglurnar mismunandi að efnisinntaki, einkum um það hvort hér eigi aðeins að vera um samkomulagsúrræði að ræða fyrir foreldra eða hvort hitt sé fremur að einnig eigi að heimila stjórnvöldum (dómstólum) að mæla fyrir um sameiginlega forsjá gegn andstöðu annars foreldris.

Ætla verður að forsendan fyrir því að þetta úrræði geti virkað með viðhlítandi hætti sé sú að báðum foreldrum sé umhugað um að barnið hafi sem nánust tengsl við þá báða og að yfirleitt sé slíkt samband milli þeirra að þeir geti auðveldlega rætt málefni barnsins og hafi vilja og getu til að ráða þeim til lykta með hag barnsins og þarfir að leiðarljósi. Langoftast hlýtur grundvöllurinn því að vera sá að foreldrar séu samhuga um að hafa þennan hátt á forsjá að öðrum kosti er hætt við að þessi skipan missi marks. Að svo stöddu virðist ekki ráðlegt að lögmæla heimild fyrir dómsmálaráðuneyti (eða dómstóla) til að kveða á um sameiginlega forsjá gegn andstöðu annars foreldris. Er og heppilegt að fá fyrst reynslu af sameiginlegri forsjá samkvæmt samkomulagi foreldra áður en lengra skref verður stigið í löggjöf. Frumvarp það sem hér hefur verið samið er miðað við þessi viðhorf. Tekur það mjög mið af dönsku lögunum nýju þótt öll norrænu lögin og löggjöf utan þeirra hafi verið að nokkru gaumgæfð við samningu frumvarpsins.

Hér á eftir fara athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins. Þar sem mælt er fyrir um endurútgáfu laganna eru tilvitnanir í ákvæði barnalaga miðaðar við væntanlega endurútgáfu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Töluröð greina í barnalögum breytist, sbr. 19. gr. frumvarpsins, og þarf því að breyta tilvitnun til samræmis.

Um 2. gr.

Leiðrétt prentvilla sem varð í lokatexta barnalaganna.

Um 3. gr.

Þetta ákvæði er orðað hér til að taka af hugsanlegan vafa, en rétt þykir að mál, þar sem reynt er að fella úr gildi viðurkenningu á barnsfaðerni, hlíti í megindráttum sömu reglum og barnfaðernismál, enda eru þessi mál samtengd á ýmsa vegu.

Um 4. gr.

Breytt er tilvitnun til greinatölu í lögunum til samræmis við frumvarpið.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að setja því skorður hversu langt aftur í tímann framlög skv. 1. mgr. 15. gr. barnalaga verði ákvörðuð og er viðmiðunin hin sama sem í 2. mgr. 27. gr. barnalaga. Er mikilvægt að stuðla að því að kröfur um framfærslueyri komi fram hið fyrsta.

Um 6. gr.

Orðinu nafnnúmer er breytt í kennitölu í samræmi við hið nýja kerfi Hagstofunnar um tölugreiningu manna.

Um 7. gr.

Vafi hefur vaknað um það hver eigi aðild að kröfugerð skv. 1. mgr. 17. gr. að því er varðar framlög til menntunar eða starfsþjálfunar. Ætlunin var að það væri ungmenni það sem í hlut ætti er kröfuna gerði og er hér lagt til að þetta verði fest í lögum. Ef unglingurinn er sviptur fjárræði gerir lögráðamaður kröfuna. Kröfu gagnvart Tryggingastofnun getur viðkomandi ungmenni haft uppi, svo sem lagt er til í 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að sömu tímaskorður verði lögmæltar um kröfu skv. 22. gr. laganna sem skv. 2. mgr. 20. gr.

Um 9. gr.

Í a-lið er breytt til um tilvitnun til lögræðislaga, en lög nr. 68/1984 tóku gildi eftir að barnalög voru sett. Í þeim er vitnað til eldri lögræðislaga.

Í sambandi við 2. mgr. 23. gr. barnalaga geta risið vandamál um unglinga 16 og 17 ára gamla þegar svo hagar til að unglingur flyst frá því foreldri er hann dvaldist hjá allt til 16 ára aldurs og til hins foreldrisins. Hið síðarnefnda getur þá krafist þess að skylda þess til greiðslu meðlags sé niður felld. Ef þetta foreldri óskar þess að meðlagsúrskurður sé kveðinn upp á hendur hinu foreldrinu sem unglingurinn dvaldist áður hjá tekur orðalag 2. mgr. 23. gr. ekki beint til þess því að það einskorðar sig við tímabilið fram til þess að forsjárskyldu lauk (þ.e. uns barn verður sjálfráða, 16 ára). Þessi heimild felst að vísu í 1. mgr. 15. gr. barnalaga. Gleggra þykir að geta þess sérstaklega í 2. mgr. 23. gr. Er hér bætt við í frumvarpið á eftir orðunum „er forsjárskyldu lauk“ orðunum „eða hafi síðar innt af hendi framfærsluframlag vegna ungmennis allt til þess aldurs er greinir í 1. mgr. 17. gr.“, þ.e. til 18 ára aldurs. Með þessu orðalagi er ætlandi að vafa sé eytt sem hér kynni að vakna.

Um 10. gr.

Hér er lagt til að úrskurðuð framlög skv. 17. gr. barnalaga verði lögtakskræf svo sem er um ýmis önnur úrskurðuð framlög samkvæmt barnalögum.

Um 11. gr.

Í 29. gr. barnalaga er allvíða vísað til einstakra ákvæða í lögum um almannatryggingar. Vegna tíðra breytinga á þeim lögum verða slíkar tilvitnanir oft úreltar. Hér er lagt til að ekki verði yfirleitt vísað til einstakra ákvæða almannatryggingalaga, heldur laganna í heild sinni.

Ákvæði 3. mgr. 29. gr. var bætt við greinina með lögum nr. 44/1985. Ákvæðið er einskorðað við það tilvik er því foreldri, sem ekki hefur forsjá barns, hefur ekki verið gert að greiða meðlag með því, t.d. vegna fjárhagsörðugleika. Nú ber við að í erlendum meðlagsúrskurðum sé því að vísu ekki hafnað að gera meðlagsskyldum að greiða nokkurt meðlag, en fjárhæð þess er lægri en nemur barnalífeyri almannatrygginga. Í 3. mgr. 11. gr. er lagt til að einnig í því tilviki geti valdsmaður úrskurðað meðlag til forsjárforeldra á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Er þetta nauðsynleg viðbót. Að öðru leyti felst ekki efnisbreyting í þessari málsgrein.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að sams konar breyting verði gerð að því er varðar tilvísun til almannatryggingalaga eins og greinir í athugasemd við 11. gr.

Í 2. mgr. er einnig um hið sama að ræða, en þar er enn fremur ákvæði um aðgang að Tryggingastofnun ríkisins vegna úrskurðaðra framlaga skv. 17. gr. barnalaga, sbr. og 7. gr. frumvarpsins. Um kröfur með stoð í 17. gr. vísast sérstaklega til laga nr. 23/1987.

Í 3. mgr. er lagt til að þar greind reglugerð verði sett af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Um 13. gr.

Í þessari grein er tilvitnun til lögræðislaga færð til samræmis við nýju lögræðislögin, nr. 68/1984.

Um 14. gr.

Hún er til samræmis við reglurnar um forsjá í 16.–18. gr. frumvarpsins er verða 38.–40. gr. laganna.

Um 15. gr.

Í a-lið er tilvísun til reglnanna um forsjá, sérstaklega um sameiginlega forsjá, sbr. athugasemd við 14. gr.

Í b-lið er leiðrétt prentvilla í texta barnalaganna.

Um 16.–18. gr.

Hér eru settar fram reglur um skipan forsjármála fyrst og fremst við skilnað að borði og sæng og lögskilnað og við slit óvígðrar sambúðar, sbr. 1. mgr. 16. gr. Það nýmæli er hér í frumvarpinu að foreldrum er heimilað að semja um sameiginlega forsjá barna sinna. Enn fremur er foreldrum óskilgetins barns, sem ekki eru samvistum, heimilað að semja um slíka forsjá, sbr. 1. mgr. 17. gr. Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. geta foreldrar samið um breytta forsjárskipan síðar og skv. 2. mgr. greinarinnar getur hvort foreldri um sig krafist niðurfellingar á samkomulagi um sameiginlega forsjá. Samningar um forsjá barna, hvort sem samið er um sameiginlega forsjá eða að annað foreldri hafi forsjá óskipt, eru háðir staðfestingu valdsmanns, sbr. 18. gr. Við mat á því, hvort samningur verði staðfestur, ber að hafa það að leiðarljósi hvað barni sé fyrir bestu. Úrlausn valdsmanns má skjóta til dómsmálaráðuneytisins innan fjögurra vikna frá dagsetningu hennar.

Það úrræði að hverfa að sameiginlegri forsjá er við það bundið að foreldrar séu sammála um þá skipan. Vísast um rök í því efni til hinna almennu athugasemda hér að framan. Ef foreldrar geta ekki komið sér saman um sameiginlega forsjá og ekki heldur um að forsjá verði í höndum annars þeirra þá verður dómsmálaráðuneytið eða dómstóll að skera úr, sbr. 2. mgr. 16. gr., dómstóll þó því aðeins að dómur hafi gengið um kröfu annars hjóna til skilnaðar, sbr. 2. og 3. mgr. 43. gr. laga nr. 60/1972. Við þá úrlausn er aðeins hægt að kveða svo á að forsjá verði í höndum annars foreldris óskipt þannig að hvorki ráðuneyti né dómstóll geta mælt fyrir um sameiginlega forsjá. Vísast til hinna almennu athugasemda um röksemdir í því efni. Þess er þó að geta að samkvæmt lokamálslið 2. mgr. 16. gr. er unnt að fela öðrum forsjá barns ef hvorugt foreldra er talið hæft til að hafa hana á hendi. Til þess getur komið að skipa þurfi forsjá til bráðabirgða og eru það sömu aðiljar sem það geta gert og þeir er áður greinir, sbr. 3. mgr. 16. gr.

Þeirri skipan að viðhafa sameiginlega forsjá foreldra getur lokið með ýmsum hætti. Hugsanlegt er að annað foreldra andist og hverfur þá forsjá barns jafnaðarlega til hins, sbr. 4. mgr. 36. gr. barnalaga. Þá er til að foreldrar, sem skildir eru að borði og sæng, taki upp samvistir að nýju. Falla þá niður réttaráhrif skilnaðarins, sbr. 33. gr. laga nr. 60/1972, og verður forsjá þá sameiginleg samkvæmt brýnu ákvæði 1. mgr. 36. gr. barnalaga, en samningurinn sem slíkur fellur niður. Sambúðarforeldrar, er gert hafa slíkan samning, kunna og að taka upp samvistir að nýju og er forsjá barns þá í höndum þeirra beggja samkvæmt fyrirmælum 1. mgr. 37. gr. barnalaga, en samningurinn sjálfur er þá hruninn. Að sínu leyti fer svo með sama hætti er foreldrar óskilgetins barns, sem ekki hafa verið í sambúð, gera slíkan samning, sbr. 1. mgr. 17. gr. Ef þau taka upp óvígða sambúð verður forsjá sameiginleg í þeirra höndum skv. 1. mgr. 37. gr. laganna og samningurinn er þar með úr sögunni. Að lokum er svo það tilvik að annað foreldri (eða bæði) krefjist þess að samningur um sameiginlega forsjá falli niður, sbr. 2. mgr. 17. gr. Samkvæmt þeim grunnhugmyndum, sem búa að baki reglum 16. gr., er þá brostinn grundvöllur fyrir frambúðargildi samningsins. Verður þá að hefjast handa um að skipa forsjármálum. Vera má að foreldrar séu sammála um að annað þeirra fái forsjá barns óskipta og ber þá valdsmanni almennt að staðfesta það samkomulag. Ef ekki er samkomulagi að fagna fer málið til úrlausnar dómsmálaráðuneytisins eða dómstóls, sbr. 2. mgr. 17. gr. Hér verður þess vel að gæta að sú skipan, er á hefur komist með staðfestum samningi foreldra um sameiginlega forsjá, hlýtur að haldast uns ný skipan hefur á komist fyrir úrlausn ráðuneytisins eða dómstóls og er þá hugsanlegt að bráðabirgðaskipan verði upp tekin, sbr. 3. mgr. 16. gr.

Í þessu sambandi er vert að benda á eitt tilvik. Hugsanlegt er að eftir að samningur er gerður um sameiginlega forsjá milli manns og konu vegna lögskilnaðar gangi t.d. konan í hjúskap. Stjúpforeldri er ásamt kynforeldri forsjármaður barns, sbr. 3. mgr. 36. gr.

barnalaga. Hér er því forsjá í höndum þriggja, kynföður og kynmóður samkvæmt staðfestum samningi um sameiginlega forsjá og svo stjúpforeldris. Við þessa mynd má svo bæta því tilviki að maðurinn giftist einnig og geta þá fjórir haft á hendi forsjána. Athugað hefur verið hvort ástæða þyki til að lögfesta ákvæði er lúti að þessu. Hvort kynforeldra um sig getur krafist niðurfellingar samningsins og verður þá forsjármálum skipað að nýju, sbr. 2. mgr. 17. gr., eftir atvikum með bráðabirgðaskipan skv. 3. mgr. 16. gr. Þykir þetta úrræði duga, en frumvarpið er byggt á því að grundvöllur bresti út af fyrir sig ekki undan samningi um sameiginlega forsjá þótt annað kynforeldra (eða bæði) giftist.

Í tengslum við ákvæði barnalaga um valdsmann er rétt að taka fram að eftir aðstæðum getur verið að dómsmálaráðuneytið fari með verkefni er valdsmanni er falið, sbr. hæstaréttardóm 30. mars 1987, þótt það eigi ekki við skv. 16.–18. gr. frumvarpsins.

Ef kynforeldri, sem fer eitt með forsjá barns, andast á ákvæðið í 4. mgr. 36. gr. barnalaga við eins og áður segir, en einnig á hér við meginreglan í 3. málsl. 2. mgr. 37. gr. sem samkvæmt tengslum málsliðanna á þó aðeins við um óskilgetin börn. Ekki þótti ástæða til að breyta því ákvæði að þessu sinni, enda er ljóst að í því ákvæði er meginregla sem einnig á við um foreldri sem skilið hafa. Hafi kynforeldri, sem látist hefur, sameiginlega forsjá barns með hinu kynforeldrinu fer stjúpforeldri barns með forsjána ásamt því kynforeldri sem á lífi er nema önnur skipan hafi verið á gerð.

Um 19. gr.

Vegna nýrra 39. og 40. gr., sbr. 17. og 18. gr. frumvarpsins, breytist greinatala eftirfarandi greina laganna.

Um 20. gr.

Grein þessi er sama efnis og 1. mgr. 39. gr. barnalaga, en hér er hún látin taka til, m.a. samnings um sameiginlega forsjá og að því leyti rýmkuð. Ef foreldri krefst niðurfellingar slíks samnings á með að fara svo sem fyrir er mælt í 2. mgr. 17. gr.

Vafi getur vaknað um hvort samningi sé til að dreifa um forsjármál þegar svo er að í leyfisbréfi er kveðið á um forsjána. Verður þá að kanna hvort ákvæði leyfisbréfs verði rakið til samkomulags foreldra eða feli í sér úrskurðun ráðuneytis (dómstóls) um forsjána. Það eitt að ákvæði er um þetta efni í skilnaðarleyfi sker ekki úr um þetta atriði heldur þarf það rannsóknar við hverju sinni. Æskilegt er að skilnaðarleyfi beri með sér hvort forsjárskipan hvíli á samkomulagi foreldra því að hér eiga við mismunandi reglur ef til breytinga kemur (brottfellingar), sbr. um þetta efni hrd. XLVII (1976), bls. 656, og XLIX (1978), bls. 439.

Um 21. gr.

Greinin varðar breytingu á 3. mgr. 40. gr. barnalaga. Er hér lagt til að hámark dagsekta hækki verulega, enda koma þær ekki að tilætluðum þörfum með þeirri lágu hámarksfjárhæð sem nú gildir. Er jafnframt kveðið á um verðbindingu hámarksfjárhæðar dagsekta í samræmi við breytingar lánskjaravísitölu frá því stigi hennar sem gilda mun í janúar 1988.

Um álagningu dagsekta og ákvörðun fjárhæðar þeirra er hér gert ráð fyrir því að sá sem nýtur umgengnisréttar við barn á grundvelli ákvörðunar dómsmálaráðuneytisins skv. 2. mgr. 40. gr. laganna geti leitað til ráðuneytisins ef sá sem hefur forsjá barnsins tálmar umgengni. Eftir að hafa gefið þeim sem með forsjá fer kost á að tjá sig um málsatvik er gert ráð fyrir að ráðuneytið kveði upp sérstakan úrskurð um áfall dagsekta til allt að þriggja mánaða. Sá sem fer með forsjá barnsins getur hvenær sem er á umræddu þriggja mánaða tímabili stöðvað áfall dagsekta endanlega með því að bjóða fram umgengni í samræmi við

fyrri ákvörðun um tilhögun hennar, en með þeim hætti falla einnig niður þær dagsektir sem þegar hafa fallið til samkvæmt úrskurðinum. Er hér gert ráð fyrir því að ráðuneytið feli barnaverndarnefnd eða sérstökum tilsjónarmanni skv. 2. mgr. 40. gr. laganna eftirlit með framvindu mála eftir uppkvaðningu dagsektaúrskurðar. Kæmi þannig í verkahring þeirra að fylgjast með því hvort umgengni sé boðin fram með þeim hætti að áfall dagsekta stöðvist samkvæmt áður sögðu. Telji þeir svo vera kemur það í þeirra hlut að tilkynna ráðuneytinu um það. Með þessum hætti yrði girt fyrir innheimtu áfallinna dagsekta, en lagt er til að taka megi þær lögtaki samkvæmt kröfu ráðuneytisins.

Eins og fram kemur í lokamálslið ákvæðisins er ekki lögð til breyting frá núverandi stefnu barnalaga að öðrum úrræðum en dagsektum verði ekki beitt til framdráttar umgengnisrétti.

Um 22. gr.

Hér er lagt til að efni 1. mgr. 41. gr. barnalaga verði nokkuð rýmkað. Jafnaðarlega mundi ráðuneytið eigi hefjast handa í þessu efni, nema krafa annars foreldris kæmi fram, en þó getur verið þörf á frumkvæði ráðuneytisins. Er ákvæðið við það miðað.

Um 23. gr.

Rétt þykir að breyta orðalagi ákvæðis 1. mgr. 42. gr. þannig að það sé hlutlaust gagnvart þeirri spurningu hvort foreldrar hafi forsjá barns eftir að þeir hafa ráðstafað því til umönnunar og uppeldis til annarra (oftast fósturforeldra). Í reynd hlýtur forsjá barns að verða að verulegu leyti í höndum þess eða þeirra sem annast uppeldi þess (fósturforeldra). Þetta þarf þó ekki að fela í sér að með slíkri ráðstöfun foreldra séu þeir sviptir hinni lagalegu forsjá barnsins, eins og e.t.v. mætti túlka 1. mgr. 42. gr. Ljóst er að ýmsar lagaheimildir, þar á meðal 2. mgr. 42. gr., standa til þess að svipta foreldra forsjá barnsins.

Um 24. og 25. gr.

Breytt er tilvitnun til greinatölu í lögunum til samræmis við frumvarpið.

Um 26. gr.

Hér er m.a. lagt til að 47., 48. og 53. gr. laga nr. 60/1972 verði felldar úr gildi, en þær varða skipan forsjármála o.fl. við skilnað. Er ekki sýnilegt að þessi ákvæði hafi sjálfstætt lagagildi eftir að barnalög hafa mælt fyrir um þessi efni. Lagaskilin verða skýrari ef ákvæði þessi eru numin úr lögum.

Mælt er fyrir um endurútgáfu barnalaga þar sem ákvæði frumvarps þessa, ef lögleidd verða, verði felld inn í texta barnalaganna. Er texti frumvarpsins miðaður við þetta.

Um 27. gr.

Í 1. mgr. eru ákvæði er standa í tengslum við gildistöku laganna. Er þar tekin afstaða til þess hvernig hin nýju ákvæði um sameiginlega forsjá, ef lögfest verða, komi við úrlausn um skipan forsjármála þegar svo er að krafa hefur verið sett fram um skilnað áður en lögin taka gildi, en forsjármáli hefur ekki verið ráðið til lykta á því tímamarki. Í 1. mgr. felst að ákvæðin um sameiginlega forsjá eiga þá við og er boðið að kynna aðiljum þær reglur áður en forsjármál er til lykta leitt. Fá aðiljar þá færi á að færa sér í nyt hin nýju ákvæði.

Mikilvægt er að reglur frumvarpsins, ef lögfestar verða, verði kynntar almenningi. Víkur 2. mgr. að því.

Sþ. **293. Skýrsla** [208. mál]

iðnaðarráðherra til Alþingis um starfsemi ríkisfyrirtækja árið 1986.

(Lögð fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

ORKUBÚ VESTFJARÐA

Rekstrarliðurinn kostnaður vegna borverkefna er einnig hlutfallslega hár og nam um 22,6 milljónum króna á árinu, sem er um 23,2% af útgjöldum.

Félagið mun greiða skatta til ríkis og sveitafélags að upphæð 6,7 milljónir króna. Helstu liðir skatta eru launatengd gjöld 3,9 milljónir króna, en aðstöðugjald og eignarskattur nema 2,8 milljónum króna.

Í efnahagsreikningi kemur fram að heildareignir félagsins í árslok 1986 námu 338,3 milljónum króna.

Bókfært verðmæti bora félagsins var 109,9 milljónir króna en verðmæti áhalda, tækja og bifreiða samtals 48,6 milljónir króna. Fasteignir félagsins eru bókfærðar á 6,7 milljónir króna.

Skuldir félagsins námu samtals 59,4 milljónum króna og skiptast þannig að skammtímaskuldir nema 12,4 milljónum króna en langtímaskuldir 47 milljónum króna.

Hlutafé félagsins er 136 milljónir króna.

Rekstrar- og efnahagsreikningur

Rekstrartekjur samtals	97.494.827
Rekstrargjöld samtals	(91.843.912)
Rekstrarhagnaður	5.650.915
Fjármunatekjur (og fjármagnsgjöld) samtals	(3.898.455)
Hagnaður ársins	524.460
Eignir samtals	338.379.782
Skuldir samtals	(59.443.561)
Eigið fé samtals	278.936.221

IÐNTÆKNISTOFNUN ÍSLANDS

Iðntæknistofnun Íslands starfar samkvæmt lögum nr. 41 frá 6. maí 1978, en með þeim lögum voru Iðnþróunarstofnun Íslands og Rannsóknastofnun iðnaðarins sameinaðar í Iðntæknistofnun Íslands. Iðntæknistofnun Íslands er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn iðnaðarráðuneytisins.

Hlutverk stofnunarinnar er að vinna að tækniþróun og aukinni framleiðni í íslenskum iðnaði með því að veita iðnaðinum í heild, einstökum greinum hans og iðnfyrirtækjum sérhæfða þjónustu á sviði tækni- og stjórnunarmála og stuðla að hagkvæmri nýtingu íslenskra auðlinda til iðnaðar.

Stofnuninni er heimilt að veita þjónustu öðrum aðilum, sem hafa þörf fyrir þá sérþekkingu, er stofnunin hefur yfir að ráða.

Hlutverki sínu skal stofnunin gegna meðal annars með því að vinna að ráðgjöf og fræðslu, öflun og dreifingu upplýsinga, hagnýtum rannsóknum, tilraunum og prófunum, tæknilegu eftirliti og stöðlun. Stofnunin annast samskipti við hliðstæðar erlendar stofnanir.

Stjórn

Iðnaðarráðherra skipar stjórn stofnunarinnar, 1 fulltrúa án tilnefningar en 4 samkvæmt tilnefningum Félags ísl. iðnrekenda, Landssambands iðnaðarmanna, Landssambands iðnverkafólks og Alþýðusambands Íslands. Stjórn stofnunarinnar skipa:

Gunnar Scheving Thorsteinsson, verkfræðingur, formaður, Ágúst Valfells, framkvæmdastjóri, Guðjón Jónsson, járnsmiður, Sigríður Skarphéðinsdóttir, iðnverkakona, og Steinar Steinsson, tæknifræðingur. Forstjóri er Páll Kr. Pálsson, iðnaðarverkfræðingur.

Starfsemi Iðntæknistofnunar Íslands

Stofnunin skiptist í 11 deildir og er sérhverri stýrt af deildarstjóra sem hefur sér til faglegs ráðuneytis ráðgjafarnefnd skipaða fulltrúum fyrirtækja á viðkomandi sviði.

Á undanförnum árum hefur verið lögð áhersla á uppbyggingu þekkingar og tækjakosts til að stunda ýmiss konar rannsóknir og prófanir fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Þá hefur fræðslustarf, einkum námskeiðahald, verið stór þáttur í starfsemi stofnunarinnar.

Fræðsla og upplýsingamiðlun

Á Iðntæknistofnun eru Verkstjórnarfræðslan, Fræðslumiðstöð iðnaðarins og námskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla staðsett. Árlega eru tugir sérhæfðra námskeiða haldnir fyrir starfsfólk í iðnaði og unnið nýtt námsefni í ýmsum greinum. Ríkari áhersla er nú lögð á miðlun upplýsinga og er í því sambandi gefið út fréttablaðið PÚLSINN.

Iðntækniþjónusta

Efna- og matvælatæknideild hefur með höndum rannsóknir, þróun og gæðaeftirlit á framleiðslu fyrirtækja í efna- og matvælaiðnaði. Vaxandi þáttur í starfsemi deildarinnar er vöruþróun í matvælaiðnaði.

Málmtæknideild sinnir ýmiss konar eftirliti með umfangsmeiri mannvirkjagerð. Deildin sér um þjálfun suðumanna og gefur út hæfnisskírteini. Þá er veitt aðstoð við vöruþróun, framleiðsluskipulagningu og notkun nýrrar tækni. Á sviði efnistækni er unnið að rannsókna- og þróunarverkefnum í samráði við innlend fyrirtæki á sviði málmsteypu og þróun nýrra efnasambanda áls. Auk ofangreindra verkefna er unnið að fjölda smærri verkefna á sviði efnisrannsókna, tæringar- og tjónagreininga.

Sjálfvirknideild, Trefjatæknideild og Trétæknideild hafa með höndum gæðaeftirlit og ýmis þróunarverkefni fyrir fyrirtæki í þessum greinum. Meðal verkefna má nefna sjálfvirknivæðingu í framleiðsluiðnaði á vegum Sjálfvirknideildar í samstarfi við rafeindafyrirtæki, Trefjadeild vinnur að vöruþróunarverkefnum í samráði við fyrirtæki í ullarvörufframleiðslu og Trétæknideild vinnur m.a. að uppbyggingu gæðaeftirlits með framleiðslu húsgagna og innréttinga í samræmi við alþjóðlega staðla. Tvær síðast nefndu deildirnar eiga virkan þátt í því menntunarátaki sem hafið er fyrir ófaglærða.

Rekstrartæknideild og Staðladeild starfa þverfaglega og taka því þátt í ýmsum sérverkefnum annarra deilda. Innan Staðladeildar er í undirbúningi átak á sviði byggingastaðla.

Nýiðnaðardeild

Deildin hefur það markmið að stuðla að stofnun nýrra fyrirtækja eða nýrrar framleiðslu innan starfandi iðnaðar. Meðal verkefna deildarinnar um þessar mundir eru: Þróun aðferða

til framleiðslu oxíðdufts (ceramics), en notkun afurða úr þessu efni vex nú mjög. Samstarfsfyrirtæki í verkefninu er sænska stórfyrirtækið ASEA, en Járnblendiverksmiðjan á Grundartanga hefur sýnt mikinn áhuga á að tengjast því. Þá er unnið að þróun aðferða til framleiðslu kíslar til útflutnings í samvinnu við Hitaveitu Suðurnesja. Á sviði líftækni er unnið að viðamiklu þróunarverkefni um framleiðslu prótínkljúfandi ensíma úr hitaþolnum hveraörverum. Markmið verkefnisins er að byggja upp færni, tækjabúnað og aðstöðu til tilraunaframleiðslu á örveruensímum og vinna að því að stofnað verði hérlendis á næstunni fyrirtæki sem framleiði hitaþolin ensím til útflutnings. Þegar hafa verið lögð drög að stofnun þróunarfyrirtækis til að hagnýta rannsóknirnar.

Niðurstöður rekstrar 1985 (í þús. kr.)

	Yfir-stjórn	Iðntækni-þjónusta	Nýiðnaðar-rannsóknir	Fræðslu-mál, samt.	Framleiðni átak	ITÍ Samtals
Laun og launat. gjöld ...	9.454	24.660	7.163	4.148	816	46.241
Rekstrargjöld	12.827	12.180	4.839	6.008	2.977	38.832
Stofnkostnaður	360	3.479	10.637	2.846	0	17.321
Samtals gjöld	22.641	40.319	22.639	13.002	3.793	102.394
Sértekjur	3.268	26.781	15:880	5.430	918	52.275
Ríkisframlag	18.814	15.780	6.900	7.849	5.000	54.343

Hlutfall sértekna af launum og rekstrarkostnaði er 51,1%.
Heildarfjöldi starfsmanna er um 65.

Framtíð

Til að geta sinnt hlutverki sínu þarf Iðntæknistofnun að hafa á að skipa góðum tækjakosti og hæfasta fólki sem völ er á, þannig að fyrirtæki leiti til stofnunarinnar um lausn þeirra viðfangsefna, sem starfsmenn þeirra ráða ekki við. Stærð stofnunarinnar leyfir ekki að til staðar sé sérfræðiþekking á öllum þeim sviðum sem stofnunin á að sinna. Því verður að velja áherslusvið í samræmi við þarfir iðnaðarins hverju sinni. Jafnframt er mikilvægt að stofnunin sé í nánu samstarfi við innlend og erlend fyrirtæki og stofnanir til að geta leyst vandamál sem upp kunna að koma. Á næstu árum mun stofnunin leggja sérstaka áherslu á vöruþróun og innleiðslu nýrrar tækni með framleiðniaukningu í huga.

Vöruþróun er lykilatriði í þeim umskiptum sem framundan eru, frá framleiðslusinnuðum rekstri til markaðssinnaðs rekstrar. Vöruþróun á sér fyrst og fremst stað innan fyrirtækjanna. Starfsmenn Iðntæknistofnunar einbeita sér að því að kynna aðferðafræði vöruþróunar, aðstoða fyrirtæki við stýringu á vöruþróunarverkefnum og veita aðstoð við hönnun, frumgerðasmíði og tæknilegar útfærslur. Stofnunin stefnir að því að koma upp verkstæðum og rannsóknastofum fyrir vöruþróun á sem flestum sviðum.

Iðntæknistofnun mun einbeita sér að því að aðhæfa nýja tækni þörfum starfandi iðnaðar og þróa iðnað, sem byggist á nýrri tækni. Sjálfvirknideild er í samvinnu við Iðnþróunarsjóð að hefja verkefni um sjálfvirknivæðingu í matvæla-, efna- og málmiðnaði. Tæknibreytingar auka mikilvægi söfnunar, miðlunar og úrvinnslu upplýsinga. Stofnuninni ber að fylgjast með þeim nýjungum, sem fram koma, og miðla þeim til íslenskra fyrirtækja með útgáfustarfsemi, upplýsingaþjónustu, ráðgjöf og námskeiðahaldi.

RANNSÓKNASTOFNUN BYGGINGARIÐNAÐARINS

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins (Rb) starfar samkvæmt lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna frá 1965. Stofnunin er sjálfstæð og heyrir undir iðnaðarráðuneytið. Aðsetur stofnunarinnar er að Keldnaholti.

Stjórn

Samkvæmt ákvæðum 47. gr. laga nr. 64/1965 var stjórnin skipuð til fjögurra ára, frá 21. júní 1984.

Stjórnarmenn eru: Edgar Guðmundsson, verkfræðingur, formaður, Gunnar Björnsson, byggingameistari, og Halldór Jónsson, verkfræðingur.

Almenn starfsemi 1986

Forstjóri, skipaður af iðnaðarráðherra, er Hákon Ólafsson, verkfræðingur.

Við stofnunina eru 36 fastar stöðuheimildir og heimild til verkefnabundinna ráðninga. Á árinu störfuðu þannig 43 starfsmenn við stofnunina.

Starfsemin fer fram á eftirtöldum sviðum: Húsbyggingatækni, vegagerð — jarðtækni, steinsteypa, byggingarkostnaður, fræðsla — útgáfa, hagnýt jarðfræði.

Á öllum sviðum er unnið að rannsóknum, þjónustu og ráðgjöf, sem skilgreina má á eftirfarandi hátt:

Rannsóknir: vinna við verkefni sem oft eru skilgreind í samráði við hagsmunaaðila í atvinnulífinu og að hluta greidd af þeim.

Þjónusta: úttektir og efnisprófanir sem að öllu leyti eru unnar á kostnað verkbeiðanda.

Ráðgjöf: fræðsla og upplýsingagjöf í formi útgáfu rita og tækniblaða, greina, fyrirlestra og símsvörunar. Þessa þjónustu hefur stofnunin veitt endurgjaldslaust, að öðru leyti en því að rit og tækniblöð eru seld.

Skipting í ofantalda flokka miðað við vinnustundafjölda er þessi:

Rannsókn 28%
Þjónusta 37%
Ráðgjöf 35%

Fjöldi þjónusturannsókna stórra og smárra var á árinu u.þ.b. 1400.
Af rannsóknarverkefnum má nefna eftirfarandi:

Steinsteypa: Unnið var að 14 vel skilgreindum rannsóknarverkefnum, flest unnin fyrir og greidd af aðilum sem geta nýtt niðurstöður. Sem dæmi má nefna eftirtalin verkefni: Alkalívirkni í steinsteypu eftir 1979 — ástandskönnun, hitamyndun í steypu við hörðnun, vikursteypur — ný notkunarsvið (framhald), notkun og reynsla af múr-einangrunarkerfum og vatnsfælum á Norðurlöndum — yfirlitsskýrsla, múrblöndur — efniseiginleikar.

Húsbyggingatækni: Unnið var að 10 verkefnum, en þar af má t.d. nefna: Edol-kerfið (ný byggingaraðferð), rannsóknir á einangrunarefnum, gluggar og glerjun, þróun og smíði slagregnsskáps, einingahús — ástandskönnun, loftþéttleiki húsa (framh.), hljóðeinangrun milliveggja.

Vegagerð — jarðtækni: Á þessu sviði eru þjónustuverkefni hvað mest, en þau eru að miklu leyti fólgin í efnisprófunum á vegagerðar- og stífluefnum. Af rannsóknarverkefnum má nefna: Steinefni í bundin slitlög — tilraunakaflar (framh.), könnun á hagkvæmni slitlaga (framh.), jarðtæknilegir eiginleikar grófra fylliefna — mælitækni.

Byggingarkostnaður: Starfsemi á deildinni hefur mest tengst útgáfu vísitalna byggingarkostnaðar fyrir mismunandi gerðir húsa, en þær eru gefnar út ársfjórðungslega sundurliðaðar samkvæmt kostnaðarkerfi Rb. Unnið er að nokkrum fleiri verkefnum auk ýmissa hagkvæmniathugana í tengslum við rannsóknarverkefni annarra deilda.

Hagnýt jarðfræði: Unnið er að eftirtöldum rannsóknum og þjónusturannsóknum: Berggreiningar, gæðaeftirlit, kortlagning vegna efnisleitar, námukannanir, smásjárgreiningar, steypuefni og innri gerð steinsteypu.

Fræðsla — útgáfa: Árlega eru gefin út nokkur rit með niðurstöðum rannsóknarverkefna og eru þau á söluskrá yfir rit Rb. Einnig eru gefin út Rb-tækniblöð, 15—20 á ári, en áskrifendur að þeim eru u.þ.b. 1500.

Stofnunin sér um fjölda námskeiða fyrir byggingariðnaðinn í samvinnu við Fræðslumiðstöð iðnaðarins.

Rekstur	1986 (þús. kr.)		1985 (þús.kr.)	
Tekjur:				
Frá ríkissjóði	25.746	48%	18.824	49%
Eigin tekjur Rb	27.851	52%	19.254	51%
	53.597		38.078	
Aukning á útistandandi kröfum milli ára	2.377			
	51.220			
Útgjöld:				
Laun og launatengd gjöld	32.778		24.574	
Rekstrargjöld	14.746		11.187	
Gjaldfærður stofnkostnaður	3.696		2.317	
	51.220		38.078	

Af þessu sést að eigin tekjur eru yfir 50% af veltu.

Norrænt samtarf

Stofnunin hefur góð tengsl við systurstofnanir á Norðurlöndum og tekur þátt í samstarfi á verkefnagrundvelli aðallega innan NBS og Nordtest, en einnig hefur stofnunin tekið þátt í verkefnum, sem styrkt eru af Norræna iðnaðarsjóðnum.

JARÐVARMAVEITUR RÍKISINS

Uppruna Jarðvarmaveitna ríkisins (JVR) er að rekja til laga um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, nr. 80/1966, en þar segir m.a. að ríkisstjórninni sé heimilt „að nýta jarðhitasvæðið við Námaskarð í þágu hitaveitu er ríkisstjórnin lætur reisa og reka og m.a. skal gegna því hlutverki að selja kísilgúrverksmiðjunni jarðhita til reksturs síns".

Með bréfi, dags. 26. september 1967, fól iðnaðarráðherra Orkustofnun á grundvelli fyrrgreindra laga að annast byggingu og rekstur jarðhitaveitunnar.

Í lögum um Þörungavinnsluna h.f. á Reykhólum nr. 107 frá 27. desember 1973 er að finna hliðstætt ákvæði um að ríkið taki að sér að sjá þeirri verksmiðju fyrir heitu vatni frá jarðhitasvæði í eigu ríkisins á Reykhólum. Þetta hlutverk fól ráðuneytið Orkustofnun einnig að annast.

Sú starfsemi, sem iðnaðarráðuneytið fól Orkustofnun að annast í Bjarnarflagi og á Reykhólum, gengur undir nafninu Jarðvarmaveitur ríkisins, sem eru B-hluta fyrirtæki á fjárlögum. Orkustofnun annast rekstur fyrirtækisins, sem hefur sjálft enga starfsmenn heldur kaupir alla þjónustu af Jarðhitadeild Orkustofnunar og öðrum aðilum.

Starfsemin á Reykhólum var frá upphafi lítil að umfangi, borið saman við þá í Bjarnarflagi, og mun einfaldari á allan hátt (lághitavatn á Reykhólum; háhitagufa í Bjarnarflagi). Jarðvarmaveiturnar hafa því fyrir nokkrum árum gert samkomulag við Þörungavinnsluna um að annast rekstur hitaveitunnar til verksmiðjunnar á eigin kostnað og fær verksmiðjan heita vatnið fyrir verð sem samsvarar þeim kostnaði.

Meginverkefni Jarðvarmaveitna ríkisins er því framkvæmd ákvæðis í samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Kísiliðjunnar h.f. um sölu jarðgufu til kísilgúrvinnslu. Í þessu skyni á fyrirtækið borholur í Bjarnarflagi á Námafjallssvæði og rekur þar gufuveitu. Jarðvarmaveitur ríkisins hafa einnig selt gufu til gufuaflstöðvar Landsvirkjunar í Bjarnarflagi. Auk þess annast Jarðvarmaveitur ríkisins varma- og vatnsöflun fyrir Hitaveitu Reykjahlíðar og Voga í samræmi við samning ríkisins við landeigendur jarðanna Reykjahlíðar og Voga.

Rekstur

Jarðvarmaveiturnar seldu Kísiliðjunni 241 þús. tonn af gufu á árinu. 230 þús. tonn voru seld á meðaleiningarverðinu 44,96 kr/tonn, en afgangurinn með 25% afslætti skv. ákvæðum í sölusamningi, þannig að meðalverðið miðað við heildarsölu var 41,50 kr/tonn.

Heildartekjur af gufusölu til Kísiliðjunnar námu 10,1 M.kr. og nýtanlegur varmi 134 GWh, þannig að meðalverð varmans var 7,5 aurar á KWh á árinu 1986.

Jarðvarmaveitur ríkisins sáu um framkvæmdir á vegum iðnaðarráðuneytisins við endurbyggingu Hitaveitu Reykjahlíðar og Voga við Mývatn. Á árinu 1986 var framkvæmdum að fullu lokið.

Rekstur gufuveitunnar í Bjarnarflagi hefur gengið mjög vel á undanförnum árum. Hallann á rekstri Jarðvarmaveitna ríkisins má einfaldlega rekja til skemmda á mannvirkjum þeirra í Bjarnarflagi af völdum eldsumbrota. Í umbrotum eyðilögðust allar borholur gufuveitunnar og varð að bora tvær nýjar holur. Til þeirra framkvæmda voru tekin lán sem fyrirtækinu hefur verið ókleift að standa skil á þar sem engar tjónabætur hafa komið til.

Fyrirtækið hefur að fullu staðið við lánaskuldbindingar vegna allra annarra framkvæmda frá upphafi og lauk öllum greiðslum af þeim lánum á árinu 1986.

Samið var við Landsvirkjun á árinu 1986 um greiðslur fyrir tengingu við gufuveitu JVR frá þeim tíma er fyrri samningur um gufusölu rann út um mitt ár 1984 til ársloka 1986. Nam sú greiðsla með verðbótum rúmum 12 M.kr. Með lögum nr. 102 frá 31. desember 1985 var samþykkt heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Krófluvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu. Í þeim lögum er ríkisstjórninni ennfremur heimilað „að selja til Landsvirkjunar eignir Jarðvarmaveitna ríkisins við Bjarnarflag og Námaskarð ásamt rétti til virkjunar og hagnýtingar jarðhitaorku á því svæði...". Landsvirkjun keypti eigur Jarðvarmaveitna í Bjarnarflagi á árinu og fór afhending þeirra fram um áramótin 1986/1987. Kaupverðið var 120 M.kr. miðað við lánskjaravísitölu aprílmánaðar 1985 en miðað við vísitölu 1. janúar 1987 var kaupverðið uppfært 169,7 M.kr., en það ásamt rúmum 20 M.kr. í peningum, sem skilað var í ríkissjóð, er nokkru hærra en bókfærðar skuldir Jarðvarmaveitnanna. Jarðvarmaveitur ríkisins voru lagðar niður 31. desember 1986, samkvæmt bréfi iðnaðarráðherra.

Með sölu þessara eigna var meginhlutverki Jarðvarmaveitna ríkisins lokið, en þær hafa annast ýmsar framkvæmdir við byggingu og rekstur jarðhitaveitna, í samræmi við fyrirmæli iðnaðarráðherra. Framkvæmdir þessar voru ákveðnar í lögum og tók ríkið þá á sig ákveðnar skuldbindingar um orkuafhendingu. Á tuttugu ára ferli reistu og ráku Jarðvarmaveitur ríkisins eftirfarandi jarðhitamannvirki.

1. Gufuveitu og gufustöð í Bjarnarflagi fyrir Kísiliðjuna h.f.
2. Gufuveitu fyrir Kröfluvirkjun.
3. Gufuveitu í Ölfusdal fyrir Hitaveitu Hveragerðis.
4. Hitaveitu fyrir Þörungaverksmiðjuna að Reykhólum.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok:

	1986 þús. kr.	1985 þús. kr.	1984 þús. kr.
Rekstrartekjur	22.410	11.124	11.763
Rekstrargjöld	(2.864)	(3.172)	(3.194)
Fjármagnsgjöld	(9.672)	(9.854)	(11.374)
Afskriftir	(20.182)	(15.677)	—
Hagnaður (tap)	(10.308)	(17.597)	(2.805)
Eignir	94.114	78.157	69.199
Skuldir	(169.387)	(159.253)	(134.237)
Eigið fé (neikvætt)	(75.273)	(81.096)	(65.038)

IÐNÞRÓUNARSJÓÐUR

Iðnþróunarsjóður var stofnaður með lögum nr. 9 frá 13. febrúar 1970 á grundvelli sérstaks samnings milli ríkisstjórna Norðurlandanna. Stofnfé sjóðsins nam jafnvirði 14 millj. USD.

Tilgangur sjóðsins hefur verið að stuðla að tækni- og iðnþróun Íslands við aðild landsins að EFTA og auðvelda aðlögun iðnaðarins að breyttum markaðsaðstæðum, stuðla að þróun útflutningsiðnaðar og leggja áherslu á aukið samstarf á sviði iðnaðar og viðskipta milli Íslands og annarra Norðurlanda.

Með lögum frá árinu 1985 er verksvið sjóðsins víkkað. Samkvæmt þeirri breytingu skal tilgangur sjóðsins vera að stuðla að uppbyggingu alhliða og samkeppnishæfs atvinnulífs á Íslandi, með megináherslu á tækni- og iðnþróun. Þá er gert ráð fyrir sveigjanlegri lánskjörum og heimilað að taka lán í öðrum gjaldmiðlum en USD og endurlána þau í sama gjaldmiðli.

Lán, sem eru veitt af eigin fé sjóðsins, má veita í öðrum gjaldmiðlum og er fyrst og fremst miðað við USD, DEM og GBP, en í sérstökum tilvikum, eins og t.d. þegar viðskipti lántaka tengjast öðrum gjaldmiðlum, má miða við aðrar myntir. Loks gera lögin ráð fyrir heimild til kaupa og sölu hlutabréfa með vissum takmörkunum sem bundnar eru í reglugerð. Þessi breyting á lögum sjóðsins tók gildi í maí 1986.

Stjórn og framkvæmdastjórn

Samkvæmt lögum Iðnþróunarsjóðs hefur sjóðurinn sérstaka stjórn og framkvæmdastjórn. Stjórnin er skipuð 5 aðalmönnum og 5 varamönnum, einum frá hverju Norðurlandanna.

Iðnaðarráðherra skipar fulltrúa Íslands í stjórn sjóðsins til þriggja ára svo og einn varamann. Skipaðir til þriggja ára frá 12. mars 1985 að telja eru:

Jóhannes Nordal, seðlabankastjóri, aðalmaður og Friðrik Sophusson, iðnaðarráðherra, varamaður.

Í framkvæmdastjórninni eiga sæti fjórir fulltrúar íslenskra viðskiptabanka, einn fulltrúi Iðnlánasjóðs og framkvæmdastjóri sjóðsins. Formaður framkvæmdastjórnar er Ragnar Önundarson, bankastjóri Iðnaðarbankans h.f.

Lánskjör

Samkvæmt lögum sjóðsins eru lán að fullu gengistryggð og er fyrst og fremst miðað við USD, DEM og GBP. Vextir útlána, sem eru gengistryggð gagnvart USD, lækkuðu á árinu úr 11% í 8,25% í árslok 1986. Vextir lána gengistryggðra gagnvart DEM voru ákveðnir 7% frá 1. september, en höfðu lækkað í 6,5% í lok ársins. Vextir lána gengistryggðra gagnvart GBP voru ákveðnir 12% frá 1. september, en höfðu hækkað í 12,5% í lok ársins.

Starfsemi á árinu 1986

Á árinu 1986 voru til afgreiðslu 78 umsóknir um fjárfestingarlán samtals að fjárhæð 576 M.kr., og voru samþykkt 57 ný lán á árinu að fjárhæð 243 M.kr., en útborguð lán námu um 360 M.kr. Heildarútlán sjóðsins námu um 1.700 M.kr. í árslok 1986.

Í lögum sjóðsins er gert ráð fyrir að ráðstafa megi nokkru fjármagni til lánveitinga með sérstökum kjörum. Lán þessi eru óverðtryggð og voru vextir af þeim 15,5% í lok ársins. Veitt eru lán til vel skilgreindra verkefna, sem stuðla að nýsköpun í iðnaðarframleiðslu og erlendri markaðsöflun. Ef um er að ræða áhættusamt verkefni getur framkvæmdastjórn sjóðsins breytt lánum þessum í óafturkræf framlög leiði verkefnið ekki til arðbærs árangurs.

Á árinu 1986 voru veitt 10 lán til vöruþróunar og markaðsmála að fjárhæð 9,8 M.kr.

Í lögum Iðnþróunarsjóðs er heimilað að ráðstafa nokkru fé til styrkveitinga og er lögð áhersla á að um sé að ræða verkefni sem hafi almenna þýðingu fyrir einstakar atvinnugreinar, sérstaklega í iðnaði.

Á árinu voru samþykktir 8 styrkir að fjárhæð 8 M.kr. Stærstum hluta þessara styrkja var varið til útflutningsmála og má þar helst nefna 1,8 M.kr. styrk vegna verkefnis er hófst 1984 og miðar að því að leiðbeina fyrirtækjum við skipulagningu og starfsaðferðir við sókn á erlenda markaði. Þá voru veittir styrkir að fjárhæð 3,8 M.kr. til þess að standa straum af kostnaði við starf viðskiptafulltrúa á vegum Útflutningsráðs Íslands í New York, veittar voru 1,5 M.kr. til að koma á fót Útflutningsskóla Íslands og 1,7 M.kr. fóru til verkefnis sem nefnist „Ný tækni í iðnaði" og unnið er í samstarfi við Iðntæknistofnun Íslands í þeim tilgangi að auka sjálfvirkni í iðnaði.

Endurgreiðsla stofnfjár

Í stofnsamningi segir að frá 10. ári skuli eftir nánari ákvörðun stjórnar Iðnþróunarsjóðs endurgreiða vaxtalaust í áföngum á næstu 15 árum stofnframlög Svíþjóðar, Noregs, Danmerkur og Finnlands að upphæð 13,5 milljón USD. Endurgreiðsla stofnframlaga á árinu 1986 nam 480 þús. USD og námu heildarendurgreiðslur stofnfjár 1.940 þús. USD í árslok 1986.

Lántökur

Í apríl 1986 var undirritaður samningur við Norræna fjárfestingarbankann (NIB) um lán að fjárhæð 92,8 M.kr. og kom lánið til útborgunar á árinu. Heildarlántökur sjóðsins námu 355 M.kr. í árslok 1986.

Skipting útlána á atvinnugreinar



Starfsaðstaða

Samkvæmt ákvæðum laga um Iðnþróunarsjóð veitir Seðlabanki Íslands sjóðnum nauðsynlega starfsaðstöðu og er aðsetur sjóðsins í húsnæði Seðlabanka Íslands. Bankinn veitir sjóðnum ýmiss konar þjónustu, svo sem við innheimtu lána, lögfræðiaðstoð o.fl. Fastir starfsmenn sjóðsins eru nú, auk framkvæmdastjóra, þrír fulltrúar og einn ritari.

Rekstur og efnahagur

Eftirfarandi yfirlit sýnir niðurstöður rekstrar- og efnahagsreikninga árin 1984, 1985 og 1986 (í þús. kr.):

	1986	1985	1984
Fjármunatekjur	256.963	246.700	531.658
Fjármagnsgjöld	(118.096)	(86.851)	(429.042)
Rekstrarkostnaður	(13.191)	(9.305)	(7.058)
Greiddir styrkir	(11.122)	(9.439)	(4.982)
Lagt á afskr.reikn. útl.	(9.380)	(15.574)	—
Hagnaður	105.174	125.531	90.576
Eignir	1.952.331	1.945.830	1.590.086
Skuldir	(465.633)	(482.148)	(283.957)
Eigið fé	1.486.698	1.463.682	1.306.129
— Stofnframlag	486.018	528.185	525.364
— Óráðstafað eigið fé	1.000.680	935.497	780.765

Horfur árið 1987

Í júlílok voru komnar inn umsóknir að fjárhæð 743 M.kr., en voru til samanburðar 483 M.kr. allt árið 1986.

Búast má við að um sótt lán á árinu 1987 verði yfir 1.000 M.kr. Lántökur á árinu 1987 nema væntanlega 300 til 400 M.kr.

Vextir á útlánum Iðnþróunarsjóðs, sem tóku gildi 1. ágúst 1987, eru eftirfarandi:

USD vextir p.a.	9,25%	breytilegir
DEM vextir p.a.	6,75%	breytilegir
GBP vextir p.a.	11,00%	breytilegir
DKK vextir p.a.	12,00%	breytilegir

Ákveðið hefur verið að veita styrk að upphæð 10 M.kr. á næstu tveim árum til þess að hvetja fyrirtæki til aukinnar sjálfvirknivæðingar. Verkefnið verður undir stjórn Iðntæknistofnunar í samstarfi við Iðnþróunarsjóð.

Þá hefur verið ákveðið að Iðnþróunarsjóður beiti sér fyrir stofnun öflugs fjárfestingarfélags sem hafi m.a. að markmiði að ýta undir tímabæra þróun hlutabréfamarkaðar.

LANDSVIRKJUN

Landsvirkjun var stofnuð 1. júlí 1965 sem sameignarfyrirtæki ríkisins og Reykjavíkur samkvæmt lögum nr. 59 frá 11. maí 1965 og skiptist eignaraðildin til helminga. Við sameiningu Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar hinn 1. júlí 1983 varð Akureyri eigandi Landsvirkjunar ásamt ríkinu og Reykjavík. Síðan hefur eignarhlutur ríkisins í Landsvirkjun verið áfram 50%, Reykjavíkur 44,525% og Akureyrar 5,475%.

Núgildandi lög um Landsvirkjun eru nr. 42 frá 23. mars 1983.

Iðnaðarráðherra staðfesti núgildandi reglugerð fyrir Landsvirkjun, nr. 760/1983, hinn 16. nóvember 1983 og tók hún gildi 30. nóvember 1983.

Yfirlit 1986

Rafmagnsvinnsla Landsvirkjunar nam alls 3.787 GWst á árinu 1986. Þar af nam rafmagnssalan 3.627 GWst og töp og eigin notkun 160 GWst, sem er 4,2% af rafmagnsvinnslunni í heild. Þetta er sama hlutfall og var árið áður. Rafmagnssalan skiptist þannig að í hlut almenningsveitna féllu 1.576 GWst eða 43,5% og í hlut stóriðju 2.051 GWst eða 56,5%. Rafmagnssalan til almenningsveitna jókst á árinu um 28 GWst eða 1,8% og til stóriðju um 133 GWst eða 7,0%. Alls nam aukningin 161 GWst eða 4,6%.

Á árinu yfirtók Landsvirkjun Krófluvirkjun til eignar og reksturs og Hitaveita Suðurnesja varð kaupandi að rafmagni frá Landsvirkjun. Þar með féllu niður kaup Landsvirkjunar á rafmagni frá þessum aðilum.

Meðalrennsli Laxár í Aðaldal, Sogsins og Þjórsár við Búrfell var undir meðallagi áranna 1960—1985. Af þessum ástæðum og vegna aukningar rafmagnsframleiðslu var miðlað meira úr Þórisvatni en dæmi eru til um. Þrátt fyrir þetta reyndist vatnsbúskapur á Þjórsársvæðinu allsæmilegur og má þakka það tilkomu Kvíslaveitu.

Gjaldskrá Landsvirkjunar hækkaði um 14% hinn 1. janúar, en var síðan lækkuð um 10% hinn 1. mars. Var það gert í kjölfar nýrra kjarasamninga og með hliðsjón af þeirri stefnu í efnahagsmálum sem þá var mörkuð og gerði ráð fyrir verulegri hjöðnun verðbólgu og stöðugu gengi. Meðalverð ársins til almenningsveitna hækkaði um 5,5% frá meðalverði fyrra árs, en lækkaði að raungildi um 15,7%. Gjaldskrárverð Landsvirkjunar lækkaði á árinu um 12% að raungildi og hafði þá í árslok lækkað um 40% að raungildi frá því um haustið 1983, er það var í hámarki.

Meðalverð ársins til ÍSALs og Áburðarverksmiðjunnar stóð nokkurn veginn í stað miðað við árið á undan, en hækkaði um 12,6% til Íslenska járnblendifélagsins h.f. Er hér miðað við verð í íslenskum krónum að teknu tilliti til gengisbreytinga.

Framkvæmdum við Blönduvirkjun miðaði samkvæmt áætlun og var að mestu lokið við að grafa jarðgöng virkjunarinnar og stöðvarhússhellinn. Í stöðvarhúsinu voru settir upp stöðvarhússkranar og varaloku komið fyrir í botnrás Blöndustíflu. Í samræmi við gildandi orkuspá er stefnt að því að gangsetja fyrstu vél virkjunarinnar 1991.

Virkjanarannsóknir Landsvirkjunar voru í lágmarki á árinu eins og árið á undan.

Í samræmi við samning Landsvirkjunar og ríkisstjórnar Íslands frá 26. júlí 1985 um kaup Landsvirkjunar á Krófluvirkjun gerðu sömu aðilar samning hinn 17. september 1986 um kaup Landsvirkjunar á eignum Jarðvarmaveitna ríkisins í Bjarnarflagi í Skútustaðahreppi. Með þeim samningi tókst Landsvirkjun á hendur skuldbindingar til afhendingar á gufu og heitu vatni til Kísiliðjunnar h.f. við Mývatn og annarra notenda á svæðinu. Hinn 31. desember 1986 var síðan gerður gufusölusamningur milli Landsvirkjunar og Kísiliðjunnar h.f. og þar með fullnægt skilyrði í fyrrnefndum kaupsamningi fyrir því, að Landsvirkjun yfirtæki framangreindar eignir frá og með 1. janúar 1987. Yfirtöku þeirra fylgir réttur fyrir Landsvirkjun til nýtingar á allt að 50 kg af gufu á sekúndu á jarðhitasvæðinu við Bjarnarflag

og Námafjall. Auk þess er Landsvirkjun veittur réttur til að yfirfæra ónýtt jarðhitaréttindi af Kröflusvæðinu til Bjarnarflags og öfugt.

Með kaupum Landsvirkjunar á Krófluvirkjun og eignum Jarðvarmaveitna ríkisins í Bjarnarflagi hefur sú stefna verið mörkuð að starfsemi fyrirtækisins taki ekki aðeins til virkjunar vatnsaflsins og rekstrar vatnsorkuvera, heldur einnig til nýtingar jarðhitans og rekstrar á jarðhitasvæðinu.

Afkoma Landsvirkjunar 1986

Rekstrartekjur Landsvirkjunar námu alls um 3.026 milljónum króna og rekstrargjöld um 3.018 milljónum króna. Vextir og afskriftir voru sem fyrr stærstu gjaldaliðirnir, alls um 2.371 milljón króna eða 78,6% gjaldanna í heild.

Rekstrarafgangur á árinu 1986 nam því aðeins um 8 milljónum króna samanborið við 253 milljónir árið áður. Er þetta þriðja árið í röð sem rekstrarafkoman reynist jákvæð eftir að hafa verið óhagstæð um 6 ára skeið.

Eigið fé Landsvirkjunar jókst á árinu um 1.220 milljónir króna vegna endurmats eigna og tekjuafgangs og nam í árslok um 12.200 milljónum króna, að jafnvirði um 303 milljónum bandaríkjadala. Er eigið fé fyrirtækisins um 34,3% af heildareign, miðað við árslok 1986.

Yfirstjórn

Samkvæmt lögum um Landsvirkjun er stjórn fyrirtækisins skipuð til fjögurra ára í senn. Frá 1. júlí 1983 til 1. júlí 1987 sátu í stjórninni eftirtaldir menn:

Formaður	Jóhannes Nordal.
Kosnir af Alþingi	Árni Grétar Finnsson
	Baldvin Jónsson
	Böðvar Bragason
	Ólafur Ragnar Grímsson
Kosnir af borgarstjórn Reykjavíkur:	Birgir Ísleifur Gunnarsson
	Davíð Oddsson
	Kristján Benediktsson
Kosinn af bæjarstjórn Akureyrar:	Valur Arnþórsson

Hinn 1. júlí 1987 urðu þær breytingar á skipan stjórnarinnar að úr stjórninni gengu þeir Baldvin Jónsson, Böðvar Bragason og Valur Arnþórsson. Í stað þeirra komu þeir Hafsteinn Kristinsson, Páll Pétursson og Gunnar Ragnars.

Framkvæmdastjórn skipa eftirtaldir menn:
Forstjóri: Halldór Jónatansson
Aðstoðarforstjóri: Jóhann Már Maríusson
Forstöðumenn deilda:
Aðalskrifstofa: Örn Marinósson
Byggingardeild: Páll Ólafsson
Rekstrardeild: Guðmundur Helgason
Svæðisskrifstofa Norður- og Austurlands: Knútur Otterstedt
Tækniþróunardeild: Elías B. Elíasson
Verkfræðideild: Agnar Olsen

Meðfylgjandi eru töflur er sýna rafmagnsöflun og rafmagnssölu árin 1985 og 1986, verðlagningu og yfirlit um starfsmannahald fyrirtækisins á árinu 1986.

GJALDSKRÁ LANDSVIRKJUNAR TIL ALMENNINGSRAFVEITNA 1986

	01.01.-28.02.	01.03.-31.12.
Forgangsrafmagn:		
Aflgjald, krónur á ársk W	3.695,78	3.326,20
+ Orkugjald, aurar á k Wst:		
Fyrir fyrstu notkun allt að 2.500 klst. nýtingartíma á ári	117,8	106,0
Fyrir notkun milli 2.500 og 4.000 klst. nýtingartíma á ári	68,6	61,7
Fyrir notkun umfram 4.000 klst. nýtingartíma á ári	32,3	29,1
Ótryggt rafmagn:		
Orkugjald (eingöngu), aurar á k Wst	24,3	21,9

Fjöldi starfsmanna í föstum störfum

	1986	1985
Yfirstjórn og tæknideildir	68	68
Kerfisstjórn, spennistöðvar og háspennulínur	40	37
Aflstöðvar	103	84
	211	189

Lausráðnir starfsmenn

	1986	1985
Ársverk	68	87
	279	276

Landsvirkjun yfirtók Kröflustöð 1. janúar 1986 og er það meginskýring fjölgunar starfsmanna í föstum störfum. Samdráttur í framkvæmdum á vegum Landsvirkjunar hefur haft í för með sér verulega fækkun ársverka lausráðinna starfsmanna.

RAFMAGNSÖFLUN

	1986		1985	
	GWst	MW	GWst	MW
Rafmagnsvinnsla	3.786,5	592,0	3.452,6	526,0
Vatnsorka	3.635,6	564,0	3.452,6	526,0
Jarðvarmaorka	150,9	28,0	0,0	0,0
Eldsneytisorka	0,0	0,0	0,0	0,0
Rafmagnskaup	0,0	0,0	164,4	35,3
Frá Hitaveitu Suðurnesja	0,0	0,0	31,1	7,5
Frá Kröfluvirkjun	0,0	0,0	133,3	27,8
Heildarrafmagnsöflun	3.786,5	592,0	3.617,0	561,3

RAFMAGNSSALA

	1986				1985			
	Forg. GWst	Afg. eða ótr. orka GWst	Alls GWst	MW	Forg. GWst	Afg. eða ótr. orka GWst	Alls GWst	MW
Til almenningsrafveitna	1.479,4	96,9	1.576,3	-	1.462,2	86,5	1.548,7	-
Rafmagnsveitu Reykjavíkur	531,6	-	531,6	98,5	501,3	-	501,3	93,9
Rafmagnsveitna ríkisins	626,6	36,5	663,1	118,4	750,2	34,7	784,9	138,0
Rafveitu Hafnarfjarðar	46,4	-	46,4	8,6	46,1	-	46,1	8,4
Orkubús Vestfjarða	80,9	49,6	130,5	26,1	69,5	41,3	110,8	24,6
Rafveitu Akureyrar	96,1	10,8	106,9	20,7	95,1	10,5	105,6	20,2
Hitaveitu Suðurnesja	97,8	-	97,8	17,0	-	-	-	-
Til stóriðju	1.676,2	374,3	2.050,5	-	1.624,8	292,4	1.917,2	-
Áburðarverksmiðju ríkisins	144,8	-	144,8	22,1	135,9	-	135,9	22,2
ISAL	1.275,2	25,5	1.300,7	165,0	1.232,2	-	1.232,2	155,0
Íslenska járnblendifélagsins	256,2	348,8	605,0	80,0	256,7	292,4	549,1	79,2
Heildarrafmagnssala	3.155,6	471,2	3.626,8	-	3.087,0	378,9	3.465,9	
Töp og eigin notkun			159,7				151,1	

HITAVEITA SUÐURNESJA

Hitaveita Suðurnesja var stofnuð með lögum nr. 100 frá 31. desember 1974. Á þeim hafa síðan verið gerðar breytingar og viðbætur með lögum nr. 26 frá 9. maí 1980, nr. 91 frá 20. maí 1984 og nr. 101 frá 31. desember 1985.

Rekstur Hitaveitu Suðurnesja 1986

Dreifikerfi Hitaveitu Suðurnesja nær nú til allra sveitarfélaga á Suðurnesjum auk Keflavíkurflugvallar. Einfalt dreifikerfi er í öllum sveitarfélögunum, en á svæði Keflavíkurflugvallar er tvöfalt lokað dreifikerfi, þ.e. vatnið kemur aftur til endurnýtingar.

Heildarvatnsmagn, er selt var í lok ársins, nam 28.634 lítrum á mínútu og keypti Keflavíkurflugvöllur u.þ.b. 53,1%. Búist er við um 2% söluaukningu næstu árin, aðallega vegna fólksfjölgunar á svæðinu. Þá voru seld um mæla 210.139 tonn auk 152.594 tonna til laxeldis.

Helstu fjárfestingar

Í orkuveri — plötuhitari o.fl.		4.5 M.kr.
Stofnæðar, dælustöðvar og geymar hitaveitu		6.3 M.kr.
Dreifikerfi hitaveitu		13.9 M.kr.
Stofnlínur rafmagns		11.5 M.kr.
Aðveitustöðvar rafmagns		10.8 M.kr.
Dreifikerfi rafmagns		20.5 M.kr.
Gatnalýsing		8.0 M.kr.
Samtals		75.5 M.kr.
Húsnæðiskaup og tilh.	20.9 M.kr.	
Rannsóknir Svartsengi o.fl.	5.2 M.kr.	
Baðhús við Bláa lónið	10.5 M.kr.	
Verkfæri, áhöld, innréttingar	8.7 M.kr.	
Bifreiðar, vinnuvélar	3.2 M.kr.	48.5 M.kr.
Samtals		124.0 M.kr.

Á árinu varð, eins og 1985, hagnaður á rekstri fyrirtækisins og rann hann til jöfnunar á tapi fyrri ára, en eigið fé er í árslok, að frádregnum stofnframlögum, neikvætt um 636,9 M.kr. Aðalástæðan fyrir þessari útkomu er, eins og árið áður, hagstæð þróun gengis bandaríkjadals miðað við almennar verðlagsbreytingar innanlands. Vegna þessa mikla misvægis voru því færðar í gengisjöfnunarreikning 254,5 M.kr. og standa þá í árslok, eftir afskriftir og endurmat, 205,7 M.kr. í gengisjöfnunarreikningi. Afskriftir námu á árinu alls um 195 M.kr. og hafa þá alls verið afskrifaðar 1.109 M.kr. eða 30,36% bókfærðs heildarverðs í árslok.

Staða skv. rekstrarreikningi og efnahagsreikningi í árslok:

	1986 (í þús. kr.)	1985 (í þús. kr.)	1984 (í þús. kr.)
Rekstrartekjur	665.041	539.073	279.289
Rekstrargjöld	(463.517)	(308.919)	(142.481)
Fjármagnsgjöld (nettó)	(66.402)	(144.458)	(211.260)
Hagnaður (tap)	135.122	85.696	(74.452)

	1986 (í þús. kr.)	1985 (í þús. kr.)	1984 (í þús. kr.)
Eignir	2.786.075	2.467.691	1.584.191
Skuldir	(1.938.480)	(2.063.497)	(1.834.669)
Gengisjöfnunarreikningur	(205.697)		323.066
Eigið fé	641.898	404.194	72.588

Starfsmenn Hitaveitunnar í árslok 1985 voru 69 og var það fjölgun um 8 á árinu, aðallega í rafmagnsdeild vegna mikilla verkefna.

Rekstrarhorfur fyrir árið 1987

Gert er ráð fyrir svipuðum rekstrarhagnaði á árinu og 1986 en greiðslustaðan er erfið vegna mikilla afborgana af lánum, alls um 240 M.kr. (voru 147 M.kr. 1986). Engar nýjar lántökur verða á árinu. Afborganir verða síðan óbreyttar fram til 1992, stórlækka þá, miðað við núverandi skuldbindingar fyrirtækisins.

Gert er ráð fyrir fjárfestingum að upphæð rúmlega 80 M.kr. sem skiptast þannig:

Rafmagnsdeild — aðveitukerfi, dreifikerfi o.fl.	52,6 M.kr.
Hitaveitudreifikerfi	18,0 M.kr.
Rannsóknir o.fl.	3,5 M.kr.
Áhöld, vélar o.fl.	7,5 M.kr.
	81,6 M.kr.

Á árinu 1988 þarf síðan fjárfestingar í hitaveitu (ný æð að flugstöð o.fl.) fyrir um 100 M.kr. og í rafmagni (lína Grindavík-Fitjar og aðveitustöð auk almennra framkvæmda) 160—180 M.kr. Þá er fyrirhuguð strompgufuvirkjun í Svartsengi á árinu sem kostar um 200—230 M.kr.

Stjórn

Í samræmi við lög nr. 101 frá 31. desember 1985 tók ný stjórn við 1. ágúst 1986 og var hún þannig skipuð:

Formaður: Finnbogi Björnsson, fulltrúi Gerðahrepps.

Varaformaður: Jóhann Einvarðsson, fulltrúi iðnaðarráðuneytis.

Ritari: Ólafur Thordersen, fulltrúi Njarðvíkurbæjar.

Meðstjórnendur: Hannes Einarsson, fulltrúi Keflavíkurbæjar. Jón Gunnar Stefánsson, fulltrúi Grindavíkurbæjar. Ólafur G. Einarsson, fulltrúi fjármálaráðuneytis. Ómar Jónsson, fulltrúi Vatnsleysustrandarhrepps. Stefán Jón Bjarnason, fulltrúi Miðneshrepps. Þórarinn St. Sigurðsson, fulltrúi Hafnahrepps.

Á aðalfundi H.S. 27. mars voru fulltrúar ríkisins í stjórninni tilnefndir áfram til næsta árs og er því stjórnin óbreytt til næsta aðalfundar.

Eftirtaldir menn veita nú fyrirtækinu forstöðu:

Forstjóri: Ingólfur Aðalsteinsson.

Framkvæmdastjóri fjármálasviðs: Júlíus Jónsson.

Framkvæmdastjóri tæknisviðs: Albert Albertsson.

ÞRÓUNARSJÓÐUR LAGMETISIÐNAÐARINS

Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins var stofnaður samkvæmt lögum frá 26. maí 1972 og starfar nú eftir endurnýjuðum lögum nr. 58 frá 1981 og reglugerð nr. 175 frá 1984. Hlutverk hans er að efla lagmetisiðnaðinn, m.a. með því að stuðla að tæknilegri uppbyggingu, þróun vinnsluaðferða og markaðsöflun erlendis með lánum og styrkjum.

Þróunarsjóðurinn hefur sérstaka stjórn undir yfirstjórn iðnaðarráðherra, sem skipar formann án tilnefningar og fjóra samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Sölustofnunar lagmetis, Iðntæknistofnunar Íslands, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og sjávarútvegsráðherra með hliðsjón af ábendingu SÍF. Sölustofnun lagmetis er þjónustuaðili sjóðsins, en hann er varðveittur í Iðnaðarbanka Íslands

Helstu niðurstöður úr rekstri Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins á árinu 1986 eru sem hér segir:

Tekjur voru:

1% af útfluttu lagmeti þ.e. 49% af útflutningstekjum, en var 72% 1986
3% af söltuðum matarhrognum þ.e. 30% af útflutningstekjum, en var 20% 1986
3% af frystum þorskhrognum þ.e. 21% af útflutningstekjum, en var 8% 1986

Heildartekjur sjóðsins voru 23.988 M.kr., og að frádregnum gjöldum ásamt styrkjum og lánum varð rekstrarafgangur 10.617 M.kr.

Á árinu voru veitt lán og styrkir til verksmiðja til tæknilegrar uppbyggingar og þjónustustarfa sem nam 4.664 M.kr. Til Sölustofnunar lagmetis voru veittir styrkir til markaðsmála og umbúðaþróunar að upphæð 11.289 M.kr.

Eigið fé Þróunarsjóðs var í árslok 1986 46.556 M.kr., en var í árslok 1985 35.072 M.kr.

Stjórn Þróunarsjóðs var svo skipuð til maí 1986:

Heimir Hannesson, formaður	Þórður Jónsson, til vara
Ingjaldur Hannibalsson	Rögnvaldur Gíslason, til vara
Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson	Gunnar Flóvenz, til vara
Rögnvaldur Einarsson	Björn Guðjónsson, til vara
Theodór S. Halldórsson	Haraldur Gíslason, til vara

Mannabreytingar urðu í stjórn í maí 1986 og var stjórnin skipuð þessum mönnum til ársloka 1986.

Guðni Jónsson, formaður	Halldór J. Kristjánsson, til vara
Theodór S. Halldórsson	Haraldur Gíslason, til vara
Páll Kr. Pálsson	Rögnvaldur S. Gíslason, til vara
Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson	Gunnar Flóvenz, til vara
Þórarinn Þ. Jónsson	

1. desember 1986 tók gildi samningur milli Þróunarsjóðs og Iðnaðarbanka Íslands h.f. um að bankinn annaðist daglegan rekstur sjóðsins. Gísli Benediktsson tók frá og með þeim degi við framkvæmdastjórn Þróunarsjóðs. Sölustofnun lagmetis annaðist fyrir þann tíma daglegan rekstur sjóðsins.

Í janúar 1987 varð sú breyting að Halldór J. Kristjánsson tók við starfi formanns og Páll Flygenring, ráðuneytisstjóri, við starfi varaformanns.

Yfirlit yfir tekjur og gjöld Þ.L.	1986	1985	1984
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.
Tekjur	23.988	14.872	7.377
Rekstrargjöld	(13.370)	(7.790)	(4.436)
Hagnaður	10.617	10.640	4.545
Eignir	46.559	32.236	23.644
Skuldir	(3)	(499)	(699)
Eigið fé	46.556	31.737	22.945

SEMENTSVERKSMIÐJA RÍKISINS

Sementsverksmiðja ríkisins tók til starfa árið 1958. Starfræksla verksmiðjunnar byggist á lögum nr. 35/1948, sbr. lög nr. 71/1961. Verksmiðjan er að öllu leyti í eigu ríkisins. Hún lýtur fimm manna þingkjörinni stjórn, sem kosin er til fjögurra ára. Iðnaðarráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna.

Rekstur 1986

Gjallframleiðsla verksmiðjunnar varð 112.100 tonn, samanborið við 100.400 tonn árið 1985. Þetta er mesta gjallframleiðsla á einu ári frá því starfræksla verksmiðjunnar hófst, en mesta framleiðsla áður var árið 1982 eða 103.600 tonn. Rekstrardagar ofnsins voru 347 og framleiðslan því 323 tonn á dag að meðaltali, eða 11 tonnum meiri en árið áður.

Framleiðsla sements varð 114.700 tonn, en salan 111.477 tonn.

Framleiðsla og sala sements 1986 (1985) í tonnum

	1986		1985	
	Framl.	Selt	Framl.	Selt
Portlandsement	99.300	96.676	103.300	102.281
Hraðsement	13.300	13.444	11.600	10.059
Blöndusement	2.100	1.357	2.300	1.745
Hvítt sement, innfl.		0		26
Alls tonn	114.700	111.477	117.200	114.111

Skipting milli sölu á lausu og sekkjuðu sementi var sem hér segir:

	Laust	Sekkjað
Portlandsement	72.103	24.573
Hraðsement	12.423	1.021
Blöndusement	1.038	319
Samtals	85.564	25.913
Skipting	76,75%	23,25%

Árið 1985 var hlutur lausa sementsins um 73% og þess sekkjaða um 27%.

Verð á framleiðslu verksmiðjunnar hækkaði einu sinni á árinu um 15% og flutningsjöfnunarsjóðsgjaldið hækkaði einu sinni um 22,4%. Hækkun á sementi frá ársbyrjun til ársloka var um 15,8%.

Rekstur verksmiðjunnar gekk mjög vel á árinu og varð rekstrarhagnaður að upphæð 62,6 M.kr. Afskriftir námu um 56,9 M.kr.

Fastráðnir starfsmenn í árslok 1986 voru 153 og hafði fækkað um 6 frá fyrra ári.

Helstu niðurstöður skv. rekstrar- og efnahagsreikningi í árslok 1986 (1985) (1984):

	1986 þús. kr.	1985 þús. kr.	1984 þús. kr.
Rekstrartekjur	488.700	408.500	383.800
Rekstrargjöld	(390.200)	(396.200)	(350.500)
Nt. fjár.tekjur (gjöld)	(35.900)	(58.800)	(30.000)
Hagnaður (tap)	62.600	(46.500)	3.300
Eignir	716.650	600.300	509.600
Skuldir	(332.300)	(360.300)	(280.300)
Eigið fé	384.350	240.000	229.300

Rekstrarhorfur 1987

Augljóst er að sementssala verður talsvert meiri en undanfarin ár, væntanlega 120.000—125.000 tonn.

Sementsverð hækkaði um 5,5% í byrjun mars og gera má ráð fyrir að verðið hækki óverulega síðari hluta ársins.

Gert er ráð fyrir að rekstur verksmiðjunnar verði í járnum á þessu ári, en í byrjun ársins varð 7 vikna framleiðslustöðvun hjá verksmiðjunni vegna mikilla endurbóta á brennsluofninum.

Stjórn

Á fundi sameinaðs Alþingis í desember 1984 voru eftirtaldir kosnir í stjórn verksmiðjunnar fyrir tímabilið frá 6. febrúar 1985 til 6. febrúar 1989: Ásgeir Pétursson, bæjarfógeti, formaður, Daníel Ágústínusson, fyrrv. aðalbókari, Friðjón Þórðarson, alþingismaður, Sigurjón Hannesson, trésmíðameistari, og Skúli Alexandersson, alþingismaður.

ORKUSTOFNUN

Hlutverk Orkustofnunar er samkvæmt orkulögum nr. 58/1967 annars vegar að vera ráðherra til ráðuneytis um orkumál og hins vegar að rannsaka orkulindir landsins og orkubúskap þjóðarinnar. Þetta tvíþætta hlutverk samtvinnast með þeim hætti að rannsóknirnar eru undirstaða ráðgjafastarfsins. Rannsóknir á orkulindunum, vatnsorku og jarðhita, eru jafnframt undirstaða undir nýtingu þeirra. Á grundvelli rannsókna er valið úr þeim virkjunarkostum, sem til greina koma, og þeir kostir kannaðir ítarlega sem vænlegastir þykja.

Orkustofnun verður mjög að líta til langs tíma í rannsóknum sínum, svo að nægur tími gefist til að kanna allar vænlegar leiðir og valið á þeim, sem til framkvæmda koma, geti farið fram á traustum grundvelli. Fram til þess tíma, að kostur er valinn til virkjunar, ber Orkustofnun sjálf kostnaðinn við rannsóknirnar með fjárveitingum, sem hún fær á fjárlögum, en eftir það ber sá kostnaðinn sem fyrir virkjun stendur, enda þótt Orkustofnun

hafi hluta þeirra framkvæmda oft með höndum. Þær eru þá unnar af stofnuninni sem reikningsverk fyrir virkjunaraðila. Þeir eru einkum Landsvirkjun og Rafmagnsveitur ríkisins á vatnsorkusviðinu, en stærstu hitaveiturnar, svo sem Hitaveita Reykjavíkur, Hitaveita Suðurnesja og Hitaveita Akureyrar, á jarðhitasviðinu.

Þeir rannsóknaþættir, sem Orkustofnun annast sjálf alfarið og eru undanfari vals á virkjunarkostum, nefnast forathuganir og forhönnunarrannsóknir. Þeir eru einnig nefndir eigin verk stofnunarinnar vegna þess að hún kostar þá sjálf af fjárveitingum. Hinir rannsóknarþættirnir, sem fylgja í kjölfar valsins, nefnast verkhönnunarrannsóknir og fara fram til undirbúnings svonefndri verkhönnun orkumannvirkisins, þ.e. lokaákvörðun um gerð einstakra hluta þess, og til undirbúnings verkútboða. Þessi verk eru jafnframt oft nefnd söluverk því að Orkustofnun selur virkjunaraðilum þessar rannsóknir.

Þessir síðartöldu rannsóknarþættir, verkhönnunar- og útboðsrannsóknir, eru dýrasti hluti undirbúningsrannsókna undir virkjun vatnsorku og jarðhita. Kostnaður við þá nemur oft yfir 80% af kostnaðinum við undirbúningsrannsóknirnar í heild, en kostnaður við forathugun og forhönnun, sem Orkustofnun ber sjálf, undir 20%.

Þrátt fyrir þessa aðgreiningu í þætti eru undirbúningsrannsóknir undir virkjanir vatnsorku og jarðhita samfelld heild, þar sem síðari þættirnir eru reistir á hinum fyrri. Þetta eru meira og minna sameiginleg einkenni rannsóknarstarfsemi af hvað tagi sem er. Forathuganir og forhönnunarrannsóknir eru undirstaða verkhönnunarrannsókna. Ljóst er, að miklu máli skiptir að þættirnir haldist í hendur, undirstaða sé fyrir hendi þegar byggja þarf á henni. Að öðrum kosti getur yfirbygging, verkhönnun, útboð og framkvæmd virkjunar, tafist.

Starfsemi 1986:

Vatnsorka

Á sviði vatnsorkurannsókna var 1986 unnið mun minna en áður að rannsóknum vissra virkjunarstaða. Þá var haldið áfram rannsóknum í Jökulsánum í Skagafirði, Þjórsá neðan Búrfells, Hvítá í Árnessýslu Skjálfandafljóti við Íshólsvatn, Jökulsá á Dal, Markarfljóti og Síðuvötnum. Hér er alls staðar um að ræða forathuganir þær og forhönnunarrannsóknir sem vikið er að hér að framan og Orkustofnun kostar af fjárveitingum sínum. Þessu til viðbótar vann stofnunin fyrir eigin fjárveitingar að ýmsum almennum verkefnum vatnsorkurannsókna, svo sem vatnsmælingum og aurburðarmælingum, víðs vegar um land með svipuðum hætti og áður. Vatnshæðarmælingar eru í endurskoðun og er ætlunin að fækka þeim nokkuð en auka á nákvæmni þeirra sem eftir verða í rekstri. Lögð var aukin áhersla á vetrarmælingar á hálendinu.

Auk þess, sem að framan er talið, var lokið við söluverk fyrir Landsvirkjun á sviði vatnsorkurannsókna. Þau teljast með síðari rannsóknarþáttunum sem að framan voru taldir. Þau voru þó miklu minni en á undanförnum árum. Helstu söluverkin tengdust Sultartangavirkjun, Vatnsfellsvirkjun, Blönduvirkjun og jarðfræðikortlagningu á virkjunarsvæðum við Þjórsá og Tungnaá og á Fljótsdalsheiði. Síðasttalda verkið, jarðfræðikortlagningin, er samvinnuverk Orkustofnunar og Landsvirkjunar og er kostnaði við það skipt milli þeirra.

Auk ofangreindra söluverka fyrir Landsvirkjun vann Vatnsorkudeild Orkustofnunar ýmis smá söluverk fyrir Rafmagnsveitur ríkisins, svo og fyrir ýmsa utan orkugeirans. Þar er stærst athuganir á öflun vatns fyrir vatnsveitur og fyrirtæki á sviði fiskeldis, athuganir á mengunarhættu vatns og jarðtæknilegar rannsóknir fyrir ýmsa aðila.

Orkubúskapardeild

Orkubúskapardeild vinnur að margvíslegum athugunum varðandi orkumál og sér um gagnasöfnun á því sviði.

Eins og áður var unnið að gagnasöfnun um orkumál og ýmsum innlendum sem erlendum aðilum veittar ýmsar upplýsingar um orkumál hér á landi.

Deildin sér um vinnu fyrir Orkuspárnefnd, en í henni eiga sæti fulltrúar Orkustofnunar, orkufyrirtækja, stofnana og sambanda sem málinu tengjast. Á árinu var unnin ný húshitunarspá og kom út skýrsla um það verk í lok árs. Allar aðferðir og forsendur voru rækilega endurskoðaðar frá eldri spám og fengust nokkuð breyttar niðurstöður frá síðustu spá, þ.e. að gert er ráð fyrir mun hægari vexti orkunotkunar til húshitunar en áður. Jafnframt er gert ráð fyrir að um 85% notkunarinnar verði fullnægt með jarðhita í stað 83% í eldri spá og 15% með rafmagni í stað 17% í eldri spá.

Starfshópur um endurskoðun á aðferðum við mat á orkuvinnslugetu vatnsorkuvera og rekstri þeirra lauk störfum á árinu og hélt 10 fundi. Í hópnum áttu sæti fulltrúar frá Landsvirkjun, Orkustofnun og Rafmagnsveitum ríkisins. Starfshópurinn gerði tillögur um breytingar á aðferðum við mat á orkugetu vatnsorkuvera og tímasetningu virkjana. Aðstandendur hópsins hafa ákveðið að fara eftir tillögum hópsins. Starfshópurinn sendi frá sér skýrslu í mars 1986: „Tillögur um breytingar á rekstrareftirlíkingum."

Á vegum Framtíðarkönnunar forsætisráðherra var unnið í svokölluðum orkuhóp að gerð skýrslu um orkumál næstu áratuga. Hópurinn lauk störfum á árinu. Ýmis smærri verkefni voru í gangi á árinu.

Jarðhiti

Eigin verkefni, þ.e. forathuganir og forhönnunarverkefni á sviði jarðhitarannsókna, sem unnin voru á árinu 1986, voru helst:

1) Haldið var áfram forathugunum á svæðinu Trölladyngja- Krýsuvík með aukinni áherslu á kortlagningu jarðlagagerðar, sprungna og ummerkja jarðhita á yfirborði. Eins voru gerðar þar landmælingar til athugunar á hugsanlegum jarðskorpuhreyfingum.
2) Á Hengilssvæðinu var haldið áfram heildarkönnun svæðisins, lokið söfnun vatns- og gassýna og úrvinnslu jarðeðlisfræðilegra mælinga. Umfangsmiklum landmælingum, sem gera kleift að fylgjast með hæðarbreytingum, t.d. vegna vatnstöku úr svæðinu, var og lokið.
3) Haldið var áfram tilraunum á ýmsum þáttum, sem tengjast niðurdælingu affallsvatns í Svartsengi (í samvinnu við Hitaveitu Suðurnesja).
4) Ýmis smærri rannsóknarverkefni, eins og til dæmis hagkvæmniathuganir á jarðhitanýtingu fyrir sveitarfélög og einstaklinga; framhaldsrannsóknir á eðli magnesíumsilikatútfellinga við hitun á fersku vatni; framhald athugana á því hvaða jarðhitaþættir hafi einkum áhrif á eðlisviðnám bergs; þróun nýrra, áhrifaríkari og ódýrari aðferða til að auka dýptarskyn jarðeðlisfræðimælinga á jarðhitasvæðum; settur var á fót starfshópur sem ætlað var það hlutverk að efla þekkingu á forðafræði innan stofnunarinnar, aðallega hvað varðar þróun fullkomnari aðferða til hermireikninga fyrir jarðhitasvæði.

Áfram var haldið í samvinnu við Norðmenn setlagakönnun á Jan Mayen-hryggnum, í samræmi við samkomulag þjóðanna þar um.

593	Afskriftir	5 950	
5,8	Gjöld samtals	410 090	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	396 700	
48	Fjármunatekjur	33 050	
4,7	Tekjur samtals	429 750	
	Mismunur		19 660

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	7 400	
26	Afborgun lána	3 210	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	15 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	5 950	
39	Ráðstöfun eigin fjár	19 660	
29–103	**Innkaupastofnun ríkisins**		
51	Laun	29 350	
52–57	Önnur rekstrargjöld	13 310	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	912 420	
51–57	Viðhald	880	
593	Afskriftir	620	
5,8	Gjöld samtals	956 580	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	948 570	
48	Fjármunatekjur	820	
49	Aðrar tekjur	7 070	
4,7	Tekjur samtals	956 460	
	Mismunur		−120
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað	500	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	620	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−120	
29–931	**Arnarhvoll**		
51	Laun	11 240	
52–57	Önnur rekstrargjöld	9 260	
51–57	Viðhald	4 190	
593	Afskriftir	1 380	
5,8	Gjöld samtals	26 070	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	26 070	
4,7	Tekjur samtals	26 070	
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	1 380	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	1 380	

		Þús. kr.	Þús. kr.
29–932	**Borgartún 7**		
51	Laun	7 090	
52–57	Önnur rekstrargjöld	5 540	
51–57	Viðhald	7 270	
5,8	Gjöld samtals	19 900	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	19 350	
48	Fjármunatekjur	550	
4,7	Tekjur samtals	19 900	
29–933	**Borgartún 6, fundasalir**		
51	Laun	9 700	
52–57	Önnur rekstrargjöld	8 040	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	12 130	
5,8	Gjöld samtals	29 870	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	29 870	
4,7	Tekjur samtals	29 870	
29–934	**Tollstöðvarhús**		
51	Laun	10 540	
52–57	Önnur rekstrargjöld	9 860	
51–57	Viðhald	8 990	
5,8	Gjöld samtals	29 390	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	29 390	
4,7	Tekjur samtals	29 390	
29–971	**Ríkisábyrgðasjóður**		
51	Laun	6 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	3 910	
5,8	Gjöld samtals	9 910	
48	Fjármunatekjur	38 260	
4910	Framlög ríkissjóðs	200 000	
4,7	Tekjur samtals	238 260	
	Mismunur		228 350
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	138 000	
32	Annað	198 300	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	107 950	
39	Ráðstöfun eigin fjár	228 350	
29–981	**Fasteignir ríkissjóðs**		
51	Laun	6 960	
52–57	Önnur rekstrargjöld	14 700	
51–57	Viðhald	22 060	
5,8	Gjöld samtals	43 720	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	43 720	
4,7	Tekjur samtals	43 720	

30 Samgönguráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
30–101	**Póst- og símamálastofnunin**		
51	Laun	2 164 670	
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 554 220	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	241 670	
571	Fjármagnskostnaður	89 720	
51–57	Viðhald	71 510	
593	Afskriftir	678 150	
5,8	Gjöld samtals	4 799 940	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	4 501 000	
48	Fjármunatekjur	33 880	
4910	Framlög ríkissjóðs	112 700	
49	Aðrar tekjur	123 480	
4,7	Tekjur samtals	4 771 060	
	Mismunur		−28 880
	Fjármunahreyfingar út:		
18	Fjárfestingar	520 000	
26	Afborgun lána	129 270	
	Fjármunahreyfingar inn:		
19	Afskriftir	678 150	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−28 880	
30–211	**Vegagerð ríkisins, áhaldahús**		
51	Laun	136 060	
52–57	Önnur rekstrargjöld	126 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	413 060	
571	Fjármagnskostnaður	150	
51–57	Viðhald	104 810	
593	Afskriftir	36 990	
5,8	Gjöld samtals	817 070	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	805 600	
4,7	Tekjur samtals	805 600	
	Mismunur		−11 470

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	25 000	
26	Afborgun lána	520	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	36 990	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−11 470	
30–321	**Skipaútgerð ríkisins**		
51	Laun	164 500	
52–57	Önnur rekstrargjöld	126 600	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	26 000	
571	Fjármagnskostnaður	31 200	
51–57	Viðhald	24 800	
593	Afskriftir	45 700	
5,8	Gjöld samtals	418 800	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	291 100	
48	Fjármunatekjur	4 600	
4910	Framlög ríkissjóðs	155 000	
4,7	Tekjur samtals	450 700	
	Mismunur		31 900
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	8 900	
26	Afborgun lána	68 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	45 700	
39	Ráðstöfun eigin fjár	31 900	
30–331	**Vitamálastjórn, áhaldahús og Seljavegur 32**		
51	Laun	15 370	
52–57	Önnur rekstrargjöld	7 560	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 470	
571	Fjármagnskostnaður	1 000	
5,8	Gjöld samtals	26 400	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	26 400	
4,7	Tekjur samtals	26 400	

		Þús. kr.	Þús. kr.
30–332	**Hafnabótasjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 510	
571	Fjármagnskostnaður	5 120	
59	Yfirfærslur	15 000	
5,8	Gjöld samtals	21 630	
48	Fjármunatekjur	9 560	
4910	Framlög ríkissjóðs	20 000	
4,7	Tekjur samtals	29 560	
	Mismunur		7 930
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	18 210	
26	Afborgun lána	7 560	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	17 840	
39	Ráðstöfun eigin fjár	7 930	
30–333	**Landshöfn Þorlákshöfn**		
51	Laun	7 090	
52–57	Önnur rekstrargjöld	4 540	
571	Fjármagnskostnaður	110	
51–57	Viðhald	6 900	
5,8	Gjöld samtals	18 640	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	17 930	
48	Fjármunatekjur	660	
4910	Framlög ríkissjóðs	400	
4,7	Tekjur samtals	18 990	
	Mismunur		350
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	350	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	350	
30–334	**Landshöfn Keflavík-Njarðvík**		
51	Laun	11 050	
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 390	
51–57	Viðhald	6 780	
5,8	Gjöld samtals	19 220	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	19 220	
4,7	Tekjur samtals	19 220	

		Þús. kr.	Þús. kr.
30–335	**Landshöfn Rifi**		
51	Laun	2 390	
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 260	
5,8	Gjöld samtals	3 650	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	3 650	
4910	Framlög ríkissjóðs	4 000	
4,7	Tekjur samtals	7 650	
	Mismunur		4 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	4 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	4 000	
30–673	**Ferðaskrifstofa ríkisins**		
51	Laun	33 610	
52–57	Önnur rekstrargjöld	21 570	
571	Fjármagnskostnaður	2 280	
51–57	Viðhald	1 250	
5,8	Gjöld samtals	58 710	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	56 290	
48	Fjármunatekjur	2 420	
4,7	Tekjur samtals	58 710	

31 Iðnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
31–231	**Sementsverksmiðja ríkisins**		
51	Laun	211 080	
52–57	Önnur rekstrargjöld	94 500	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	61 030	
571	Fjármagnskostnaður	33 370	
51–57	Viðhald	61 650	
593	Afskriftir	70 280	
5,8	Gjöld samtals	531 910	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	528 660	
49	Aðrar tekjur	760	
4,7	Tekjur samtals	529 420	
	Mismunur		−2 490
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	25 000	
26	Afborgun lána	42 790	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	70 280	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−2 490	
31–233	**Ríkisprentsmiðjan Gutenberg**		
51	Laun	78 160	
52–57	Önnur rekstrargjöld	13 860	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	31 440	
571	Fjármagnskostnaður	5 030	
51–57	Viðhald	3 080	
593	Afskriftir	12 330	
5,8	Gjöld samtals	143 900	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	147 630	
48	Fjármunatekjur	1 200	
4,7	Tekjur samtals	148 830	
	Mismunur		4 930

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	9 200	
26	Afborgun lána	4 600	
32	Annað	3 460	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	12 330	
39	Ráðstöfun eigin fjár	4 930	
31–321	**Rafmagnsveitur ríkisins**		
51	Laun	372 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	279 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 096 000	
571	Fjármagnskostnaður	70 000	
593	Afskriftir	380 000	
5,8	Gjöld samtals	2 197 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 742 000	
48	Fjármunatekjur	50 000	
49	Aðrar tekjur	60 000	
4,7	Tekjur samtals	1 852 000	
	Mismunur		−345 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	150 000	
26	Afborgun lána	27 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	380 000	
26	Tekin lán	125 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−345 000	
39	Annað, heimtaugagjöld	17 000	
31–371	**Orkusjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 090	
571	Fjármagnskostnaður	58 050	
59	Yfirfærslur, sveitarafvæðing	25 000	
5,8	Gjöld samtals	84 140	
48	Fjármunatekjur	19 030	
4910	Framlög ríkissjóðs	207 390	
4,7	Tekjur samtals	226 420	
	Mismunur		142 280

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán, jarðhitaleit	11 500	
26	Afborgun lána	130 070	
32	Annað, styrking dreifikerfa í sveitum	40 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	39 290	
39	Ráðstöfun eigin fjár	142 280	

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

1.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldamegin ef lög verða staðfest frá Alþingi 1988 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

1.2 Að ákveða að Landssíminn innheimti ekki stofngjöld síma árið 1988 hjá allt að 50 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindravinafélagsins í Reykjavík. Menn þessir séu fyrirvinnur heimilis eða vinni einir á vinnustað.

1.3 Að ákveða að Landssíminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld síma árið 1988 hjá allt að 50 fötluðum mönnum, eftir tilnefningu Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra.

Fjármálaráðherra er heimilt:

2.1 Að stofna til tímabundins yfirdráttar á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum á árinu 1988 vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins og semja ef með þarf um greiðslu yfirdráttarskuldar og um lánskjör.

Eftirgjöf annarra gjalda en aðflutningsgjalda og sölugjalds

3.1 Að endurgreiða upphæð jafnháa skemmtanaskatti af fé sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land og til byggingar dvalar- og hjúkrunarheimila aldraðra.

3.2 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af skuldabréfum sem skipasmíðastöðvar eða útgerðaraðilar gefa út til viðskiptabanka vegna endurlána bankanna á erlendum lánum sem tekin eru með samþykki Fiskveiðasjóðs til nýsmíði fiskiskipa, endurbóta hvers konar, þar með talin tækjakaup og vélaskipti.

3.3 Að fella niður stimpilgjöld af veðskuldabréfum sem út kunna að vera gefin vegna skipakaupa, enda veiti Fiskveiðasjóður ekki lán vegna kaupanna. Hámarksfjárhæð þeirra skuldabréfa, sem heimilt er að fella niður stimpilgjöld af, skal miðast við sama hlutfall af verði skips og Fiskveiðasjóður lánar út á við kaup á skipum er falla undir almennar útlánareglur hans.

Ráðstöfun eigna

4.1 Að selja fasteignina Skútuvog 7, Reykjavík, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.

4.2 Að selja húseignina Kópavogsbraut 9, Kópavogi.

4.3 Að selja húseignina Hrísholt 8, Selfossi.

4.4 Að selja fasteignina Suðurgötu 8, Hafnarfirði.

4.5 Að selja eignarhluta ríkisins í fasteigninni Laugarásvegi 1, Reykjavík.

4.6 Að selja húseignina Hvanneyrarbraut 27, Siglufirði.

4.7 Að selja húseignina Strandgötu 35, Eskifirði.

4.8 Að selja Andakílsárvirkjun u.þ.b. 2 km langa 66 kV línu milli Vatnshamra og Andakílsárvirkjunar, sem nú er í eigu Rafmagnsveitna ríkisins, og hluta af byggðalínustöðinni á Vatnshömrum í Borgarfjarðarsýslu.

4.9 Að selja húseign Ríkisútvarpsins að Norðurgötu 2b á Akureyri.

4.10 Að selja geymsluhúsnæði Rafmagnsveitna ríkisins að Lyngási á Egilsstöðum.

4.11 Að selja 1. hæð húseignar Póst- og símamálastofnunarinnar í Hafnarhvoli við Tryggvagötu.

4.12 Að selja eignarlóð Rafmagnsveitna ríkisins sem liggur að Gránufélagsgötu og Grímseyjargötu á hafnarsvæði Akureyrar.
4.13 Að selja skrifstofuhúsnæði sýslumanns og bæjarfógeta á Húsavík.
4.14 Að selja fasteignina að Hafnargötu 11, Seyðisfirði.
4.15 Að selja hluta af jörðinni Sölvholti í Hraungerðishreppi.
4.16 Að selja húseignina Laugarbrekku 22, Húsavík.
4.17 Að selja jörðina Rauðamýri í Nauteyrarhreppi.
4.18 Að selja bóknámsdeildarhús Iðnskólans í Hafnarfirði við Reykjavíkurveg.
4.19 Að selja útihús (fjós og hlöðu með áföstum viðbyggingum) á Laugarvatni. Undanþegin sölunni skulu tilheyrandi lóðarleiguréttindi, 5500 m² skv. skipulagi.
4.20 Að selja húseignina Norðurbrún 9 í Seyluhreppi.
4.21 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í húseigninni Ásbyrgi í Bessastaðahreppi.
4.22 Að selja húseignina Aðalgötu 25, Sauðárkróki.
4.23 Að selja gamalt áhaldahús Vegagerðar ríkisins á Ísafirði.
4.24 Að selja húseignina Árholt 5 og Hafnarstræti 6, Ísafirði, og verja andvirðinu til kaupa á húsnæði Fræðsluskrifstofu Vestfjarða.
4.25 Að selja húseignina Þönglabakka 6, Reykjavík.
4.26 Að selja húseign Síldarverksmiðja ríkisins að Suðurgötu 61, Siglufirði.
4.27 Að selja grænfóðurverksmiðjurnar Flatey í A-Skaftafellssýslu, Fóðuriðjuna í Dalasýslu og Fóður og fræ í Rangárvallasýslu.
4.28 Að selja húseignir til nota fyrir varamenn sendiherra þar sem henta þykir og verja andvirðinu til kaupa á minni og ódýrari húseignum.
4.29 Að selja vitaskipið Árvakur.

Fasteignakaup, lántökuheimildir o.fl.

5.1 Að kaupa hluta 5. hæðar hússins að Laugavegi 105, sem er í eigu Bjargráðasjóðs, og taka til þess nauðsynleg lán.
5.2 Að kaupa húsnæði fyrir Skattstofu Norðurlands eystra og taka til þess nauðsynleg lán.
5.3 Að kaupa jörðina Kvíabryggju í Eyrarsveit og þær fasteignir sem Reykjavíkurborg á þar og taka nauðsynleg lán í því sambandi.
5.4 Að kaupa fasteignina Lyngás 7–9, Garðakaupstað, til skólahalds.
5.5 Að kaupa húsnæði til nota sem lögreglustöð á Egilsstöðum og taka til þess nauðsynleg lán.
5.6 Að kaupa húsnæði fyrir Fræðsluskrifstofu Vesturlandsumdæmis, umdæmisskrifstofu Fasteignamats ríkisins og fleiri aðila í Borgarnesi og taka til þess nauðsynleg lán.
5.7 Að kaupa jörðina Gunnólfsvík I og II í Skeggjastaðahreppi í Norður-Múlasýslu og taka til þess nauðsynleg lán.
5.8 Að kaupa hluta húseignar að Álfheimum 72, Reykjavík, (98 m² geymsluhúsnæði) og taka til þess nauðsynleg lán.
5.9 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslustöðvar á Flateyri og Borgarfirði eystra og taka til þess nauðsynleg lán.
5.10 Að kaupa húsnæði til nota fyrir lögreglustöð á Raufarhöfn og taka til þess nauðsynleg lán.
5.11 Að kaupa eða taka á leigu húsnæði fyrir lögreglustöð í Grindavík og taka til þess nauðsynleg lán.
5.12 Að kaupa skrifstofuhúsnæði fyrir sendiráð Íslands í Washington að höfðu samráði við fjárveitinganefnd og verja til þess andvirði íbúðarhúss og eldra skrifstofuhúsnæðis í eigu sendiráðsins.

5.13 Að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum og taka til þess nauðsynleg lán.
5.14 Að kaupa húsnæði til nota fyrir Unglingaheimili ríkisins og taka til þess nauðsynleg lán.
5.15 Að kaupa húsnæði, eða semja um aðild að byggingu stjórnsýsluhúss á Akranesi, til nota sem lögreglustöð og/eða skrifstofuhúsnæði fyrir bæjarfógetaembættið á Akranesi og taka til þess nauðsynleg lán.
5.16 Að kaupa húseignina Hvammshlíð 6, Akureyri, og taka til þess nauðsynleg lán.
5.17 Að kaupa húseignina Engihlíð 9, Reykjavík, og taka til þess nauðsynleg lán.
5.18 Að kaupa húseignina Stigahlíð 52, Reykjavík, og taka til þess nauðsynleg lán.
5.19 Að kaupa húseignina Digranesveg 5, Kópavogi og taka til þess nauðsynleg lán.
5.20 Að kaupa hluta fasteignarinnar við Dugguvog 12, Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
5.21 Að kaupa hluta fasteignarinnar við Eiðistorg 15, Seltjarnarnesi, og taka til þess nauðsynleg lán.

6.1 Að kaupa skrifstofuhúsnæði fyrir Stjórnarráð Íslands og taka til þess nauðsynleg lán.
6.2 Að kaupa húseignir í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
6.3 Að kaupa húsnæði fyrir ríkisstofnanir og taka til þess nauðsynleg lán ef fullreynt þykir að ekki fáist fyrir þær leiguhúsnæði á viðunandi leigukjörum að mati Fjárlaga- og hagsýslustofnunar.

Ýmsar heimildir
7.1 Að heimila Heyrnar- og talmeinastöð Íslands að taka lán hjá Atvinnuleysistryggingasjóði vegna kaupa á búnaði og tækjum til hávaðamælinga á vinnustöðum í samræmi við reglugerð nr. 478/1985.
7.2 Að ábyrgjast lán að fjárhæð allt að 18.000 þús. kr. eða veita veðheimildir að sama marki í fasteignum ríkissjóðs á Bernhöftstorfu í Reykjavík til minjaverndar í því skyni að ljúka byggingarframkvæmdum á Bernhöftstorfu.
7.3 Að ábyrgjast lán með einfaldri ábyrgð sem Akureyrarkaupstaður kann að taka vegna kaupa á röntgentækjum í Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Ríkissjóður mun endurgreiða lánið, án vaxta, í fjárlögum 1989–1991.
7.4 Að semja við sóknarnefnd Barðssóknar í Skagafirði um uppgjör vegna afhendingar kirkjunnar að Barði.
7.5 Að kaupa dagblöð fyrir stofnanir ríkisins allt að 250 eintökum af hverju blaði umfram það sem veitt er til blaðanna í 4. gr. frumvarpsins.

SÉRSTÖK YFIRLIT

1. Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög (02-730 690).

a. Bygging grunnskóla o.fl.

	Þús. kr.
1. Reykjavík:	
Hlíðaskóli, 4. áf. og íþróttahús	300
Hólabrekkuskóli, 2. og 3. áf.	3 400
Hvassaleitisskóli, 3. áf. íþróttahúss	200
Seljaskóli, lóð	7 000
Foldaskóli, 1. og 2. áf., sérsamningur	30 000
Vesturbæjarskóli, 1. áf.	3 000
Ölduselsskóli, 2. áf. og lóð	2 000
Ölduselsskóli, sundlaug	100
Ártúnsskóli	2 000
Selásskóli, 1. áf.	1 100
Suðurselásskóli	100
Grandaskóli	1 000
2. Kópavogur:	
Fastur samningur	8 600
Íþróttahús (Digranesskóli)	1 400
3. Hafnarfjörður:	
Sundlaug	2 200
Víðistaðaskóli, 4. og 5. áf.	5 000
Víðistaðaskóli, viðbygging	300
Öldutúnsskóli, 4. áf.	1 800
4. Seltjarnarnes:	
Sundlaug	300
5. Garðabær:	
Sundlaugarhús	2 000
6. Keflavík:	
Íþróttahús, 1. áf.	200
Sundlaug	2 000
Myllubakkaskóli	2 300
7. Grindavík:	
Íþróttahús, 1. áf.	300
Skóli, viðbygging	2 000
8. Njarðvík:	
Viðbygging skóla	2 000
9. Bessastaðahreppur:	
Skóli, íþróttahús og sundlaug	6 100
10. Mosfellsbær:	
Íþróttahús, 1. áf.	4 000
Varmárskóli, 2. áf.	1 800

		Þús. kr.
11.	Sandgerði:	
	Stækkun skóla, 2. áf.	2 500
	Sundlaug og íþróttahús	100
12.	Gerðahreppur:	
	Sundlaug og búningsklefar	500
	Stækkun skóla	1 000
13.	Vatnsleysustrandarhreppur:	
	Sundlaug og baðklefar	100
14.	Kjalarneshreppur:	
	Skóli, stækkun	4 400
15.	Akranes:	
	Grundaskóli, 1. og 2. áf.	10 000
	Brekkubæjarskóli, viðbygging	4 700
	Sundlaug	900
16.	Leirársveit:	
	Heiðaskóli, búningsklefar	1 200
17.	Ólafsvík:	
	Stækkun skóla	1 000
18.	Andakílshreppur:	
	Grunnskóli Hvanneyri	500
19.	Reykholtsdalshreppur, Kleppjárnsreykir:	
	Sundlaug	300
	Mötuneyti	300
20.	Stafholtstungnahreppur, Varmalandsskóli:	
	Íþróttahús	100
	Viðbygging, 1. áf.	1 600
21.	Borgarneshreppur:	
	Grunnskóli, stækkun og breytingar	2 800
22.	Eyjahreppur, Laugagerðisskóli:	
	Íþróttahús og stækkun skóla	3 500
23.	Neshreppur utan Ennis, Hellissandur:	
	Skóli, stækkun, 1. og 2. áf.	2 200
24.	Eyrarsveit, Grundarfjörður:	
	Íþróttahús	4 000
25.	Stykkishólmshreppur:	
	Íþróttahús	5 500
	Skóli, lausar stofur	1 000
26.	Laxárdalshreppur, Búðardalur:	
	Skóli, 2. áf.	2 000
27.	Hvammshreppur, Laugaskóli:	
	Íþróttahús	3 500
	Uppgjör	1 000
28.	Reykhólahreppur:	
	Endurbygging sundlaugar	500
29.	Bíldudalur:	
	Íþróttahús	500
30.	Ísafjörður:	
	Skólamannvirki	2 500
	Íþróttahús	12 000
31.	Bolungarvík:	
	Íþróttahús, 1. áf.	500

	Þús. kr.
Stækkun skóla og viðbygging, 1. áf.	5 000
32. Súgandafjörður:	
Sundlaug	900
33. Geiradalshreppur:	
Íbúð og viðbygging við félagsheimili	200
34. Barðastrandarhreppur:	
Skóli og jarðborun	100
35. Patrekshreppur:	
Viðbygging skóla	1 000
36. Tálknafjarðarhreppur:	
Íþróttahús og félagsheimili	1 000
37. Flateyrarhreppur:	
Íþróttamannvirki	500
38. Suðureyrarhreppur:	
Íþróttaaðstaða í félagsheimili	1 000
39. Súðavíkurhreppur:	
Skóli, nýbygging	600
40. Árneshreppur, Finnbogastaðir:	
Skólastjóraíbúð, stækkun	1 500
41. Kaldrananeshreppur, Drangsnes, Klúka:	
Stækkun skóla	2 000
42. Hólmavíkurhreppur:	
Skóli, 2. áf.	1 000
Íþróttaaðstaða í félagsheimili	500
43. Fells- og Óspakseyrarhreppur:	
Skóli Broddanesi	100
44. Siglufjörður:	
Íþróttahús	3 000
45. Sauðárkrókur:	
Íþróttahús, 1. áf.	2 000
Barnaskóli, endurbætur	900
46. Ytri-Torfustaðahreppur, Laugabakkaskóli:	
Íþróttahús	500
47. Hvammstangahreppur:	
Sundlaug og búningsklefar	200
Skóli, nýbygging	3 800
48. Þverárhreppur:	
Skólastjóraíbúð	400
49. Torfalækjarhreppur, Húnavallaskóli:	
Endurbætur o.fl.	1 500
Kennaraíbúð	600
50. Skagaströnd:	
Sundlaug	1 800
Skólastjóraíbúð	400
51. Blönduóshreppur:	
Íþróttahús	5 700
52. Seyluhreppur, Varmahlíð:	
Íþróttamannvirki	3 500
Uppgjör skóla	100

	Þús. kr.
53. Lýtingsstaðahreppur:	
Íþróttahús og sundlaug	800
Skólastjórabústaður	800
54. Akrahreppur:	
Skóli, viðbygging	500
55. Hólahreppur:	
Skóli og íbúðir	100
56. Hofsóshreppur:	
Viðbygging skóla og 4. áf. bókasafns	800
57. Haganeshreppur:	
Viðbygging skóla og bókasafn	1 000
58. Akureyri:	
Lundarskóli, 2 áf.	4 500
Síðuskóli, 1. áf.	10 000
Íþróttahús	500
Sundlaug	500
59. Húsavík:	
Íþróttahús, 1. áf.	2 000
Barnaskóli, stækkun	300
60. Ólafsfjörður:	
Íþróttahús	1 500
Barnaskóli	1 500
61. Dalvík:	
Mötuneyti í heimavist	250
Skóli, stækkun	1 250
62. Grímseyjarhreppur:	
Skólastjóraíbúð	100
Sundlaug	1 400
63. Svarfaðardalshreppur:	
Sundskáli, endurbætur	600
64. Árskógsskóli:	
Viðbygging	100
65. Hríseyjarhreppur:	
Íþróttahús og skóli	1 600
66. Hrafnagilshreppur:	
Sundlaug, 3. áf., og íþróttahús	2 300
67. Öngulsstaðahreppur, Laugaland:	
Endurbætur	1 000
68. Svalbarðsstrandarhreppur:	
Íþróttahús o.fl.	1 000
69. Grýtubakkahreppur, Grenivík:	
Skóli, 1. áf., og íþróttahús	2 000
70. Bárðdælahreppur:	
Mötuneyti skóla	300
71. Skútustaðahreppur:	
Skóli	2 000
72. Reykdælahreppur:	
Skólastjóraíbúð	600
73. Aðaldælahreppur, Hafralækjarskóli:	
Íbúð og lóðir	600

	Þús. kr.
74. Öxarfjarðarhreppur, Lundarskóli:	
Skóli, 1. áf., og mötuneyti	1 400
75. Presthólahreppur, Kópasker:	
Skóli, nýbygging	900
76. Raufarhafnarhreppur:	
Sundlaug	1 500
77. Svalbarðshreppur:	
Skóli og íbúð	1 200
78. Seyðisfjörður:	
Nýbygging skóla	700
Íþróttahús	2 300
79. Neskaupstaður:	
Íþróttahús	1 500
80. Eskifjörður:	
Skóli og íþróttahús, endurbætur	3 000
81. Skeggjastaðahreppur:	
Skóli, nýbygging	1 200
82. Vopnafjarðarhreppur:	
Íþróttahús	2 500
83. Hlíðarhreppur:	
Lóðarframkvæmdir	300
84. Jökuldalshreppur:	
Stækkun og endurbætur	1 000
85. Fellahreppur:	
Skóli	3 000
86. Egilsstaðir:	
Íþróttahús, 1. og 2. áf.	2 000
87. Hallormsstaður:	
Íþróttahús, sundlaug og endurbætur skóla	600
88. Eiðahreppur:	
Viðbygging skóla og endurbætur	1 800
89. Mjóafjarðarhreppur:	
Skóli og endurbætur	300
90. Reyðarfjörður:	
Stækkun skóla	2 000
91. Búðahreppur:	
Endurbætur á sundlaug	1 200
Íþróttahús	500
92. Stöðvarhreppur:	
Skóli og sundlaug	3 200
93. Breiðdalshreppur:	
Skóli	3 200
94. Beruneshreppur:	
Endurbætur íbúðar	200
95. Búlandshreppur, Djúpivogur:	
Heimavist	3 200
96. Geithellnahreppur:	
Skóli, nýbygging	200
97. Nesjahreppur:	
Uppgjör	2 000

		Þús. kr.
	Íþróttaaðstaða	500
98.	Hafnarhreppur:	
	Heppuskóli, lóð og viðgerð	800
99.	Mýrahreppur:	
	Uppgjör	200
100.	Borgarhafnarhreppur:	
	Hrollaugsstaðaskóli, uppgjör	1 500
101.	Hofshreppur:	
	Uppgjör	1 000
102.	Vestmannaeyjar:	
	Hamarsskóli, 1. áf.	6 000
	Breyting grunnskóla	100
103.	Selfoss:	
	Gagnfræðaskóli og íþróttahús	1 000
	Barnaskóli, viðgerð og endurbætur	500
104.	Kirkjubæjarhreppur:	
	Stækkun skóla	1 800
105.	Mýrdalshreppur:	
	Skólamannvirki	300
106.	Austur-Eyjafjallahreppur:	
	Íþróttaaðstaða í félagsheimili	1 000
	Endurbætur á skóla	200
107.	Vestur-Eyjafjallahreppur:	
	Íþróttaaðstaða o.fl. í félagsheimili	800
108.	Austur-Landeyjahreppur:	
	Íbúð	800
109.	Vestur-Landeyjahreppur:	
	Stækkun skóla og íbúð	800
110.	Hvolhreppur:	
	Skóli, 2. áf.	2 000
	Sundlaug og búningsklefar	1 500
111.	Rangárvallahreppur:	
	Sundlaug, íþróttaaðstaða og lóðir	100
	Stækkun grunnskóla	3 400
	Endurbætur á skólastjórabústað	100
112.	Holtahreppur, Laugaland:	
	Stækkun skóla, 1. áf.	3 000
113.	Gaulverjabæjarhreppur:	
	Íþróttaaðstaða í félagsheimili	500
114.	Stokkseyrarhreppur:	
	Íþróttaaðstaða og sundlaug	1 000
	Skóli, viðbygging	400
115.	Eyrarbakkahreppur:	
	Stækkun skóla	500
116.	Hraungerðishreppur:	
	Skóli, 2. áf.	1 300
117.	Skeiðahreppur:	
	Viðbót við skóla	1 200
118.	Gnúpverjahreppur:	
	Skóli, nýbygging	2 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
119.	Biskupstungnahreppur:		
	Skóli	2 000	
120.	Hveragerðishreppur:		
	Skóli, viðbygging	6 000	
121.	Ölfushreppur, Þorlákshöfn:		
	Stækkun skóla, 1. áf.	3 000	
	Sundlaug	1 000	
			330 100
b.	Til undirbúnings framkvæmda við skólabyggingar:		
1.	Seltjarnarnes, skóli	5	
2.	Kópavogur, kennslusundlaug	5	
3.	Hafnarfjörður, skóli	5	
4.	Garðakaupstaður, Hofsstaðaskóli	5	
5.	Keflavík, íþróttahús, 2. áf.	5	
6.	Mosfellsbær, gagnfræðaskóli, Brúará, stækkun	5	
7.	Njarðvík, kaup á Þórustíg 1	5	
8.	Ólafsvík, íþróttahús	5	
9.	Ólafsvík, endurbætur á skólastjórabústað	5	
10.	Stykkishólmur, sundlaug	5	
11.	Stafholtstungnahreppur, Varmaland, hitaveita	5	
12.	Grundarfjörður, endurbætur á skólastjóraíbúð	5	
13.	Reykhólar, íbúð	5	
14.	Þingeyri, sundlaug	5	
15.	Flateyrarhreppur, stækkun skóla o.fl.	5	
16.	Bæjarhreppur, íbúð	5	
17.	Siglufjörður, skóli, breytingar	5	
18.	Hvammstangi, íþróttahús	5	
19.	Blönduós, stækkun skóla	5	
20.	Húnavellir, sundlaug	5	
21.	Akureyri, Oddeyrarskóli, stækkun	5	
22.	Húsavík, gagnfræðaskóli, 3. áf.	5	
23.	Ólafsfjörður, endurbætur á sundlaug	5	
24.	Þelamörk, íþróttahús	5	
25.	Grýtubakkahreppur, sundlaug	5	
26.	Raufarhöfn, skóli, endurbætur	5	
27.	Raufarhöfn, hönnun íþróttahúss	5	
28.	Þórshafnarhreppur, íþróttahús	5	
29.	Neskaupstaður, stækkun Nesskóla	5	
30.	Eskifjörður, endurbætur á skólastjóraíbúð	5	
31.	Eskifjörður, endurbætur á íþróttahúsi	5	
32.	Hlíðarhreppur, 2. áf. skóla, íbúð og heimavist	5	
33.	Norðfjarðarhreppur, skóli	5	
34.	Höfn í Hornafirði, stækkun Hafnarskóla	5	
35.	Mýrdalshreppur, íbúð Vík	5	
36.	Mýrdalshreppur, sundlaug Vík	5	
37.	Ketilsstaðaskóli, stækkun	5	

	Þús. kr.	Þús. kr.
38. Vestur-Landeyjahreppur, skólastjóraíbúð	5	
39. Laugaland í Holtum, skóli, 2. áf.	5	
40. Djúpárhr., sundlaug og íþróttahús Þykkvabæ	5	
41. Gaulverjabæjarhreppur, kennaraíbúð	5	
42. Hrunamannahreppur, Flúðir, íþróttahús	5	
43. Ölfushreppur, Þorlákshöfn, íþróttahús	5	
		215
c. Orkusparandi aðgerðir		1 900
d. Stofnbúnaður eldri skóla		2 000
e. Hagræðing		1 000
		335 215

2. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381-690).

a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:		
1. Reykjavík, heilsugæslustöð	10 000	
2. Akranes, H2	5 500	
3. Akranes, sjúkrahús	5 500	
4. Borgarnes, H2	300	
5. Ólafsvík, H2	1 200	
6. Grundarfjörður, H1, hönnun	600	
7. Stykkishólmur, H2	6 000	
8. Patreksfjörður, sjúkrahús	6 500	
9. Ísafjörður, sjúkrahús og H2	26 900	
10. Hvammstangi, H2	400	
11. Blönduós, sjúkrahús og H2	15 200	
12. Sauðárkrókur, sjúkrahús og H2	3 000	
13. Siglufjörður, sjúkrahús	5 500	
14. Dalvík, H2	600	
15. Akureyri, H2	4 500	
16. Húsavík, H2	12 500	
17. Kópasker, H1	2 500	
18. Raufarhöfn, H1	1 500	
19. Þórshöfn, H1	10 100	
20. Bakkafjörður, H	200	
21. Seyðisfjörður, sjúkrahús og H1	4 000	
22. Neskaupstaður, sjúkrahús og H2	1 500	
23. Eskifjörður, H2	1 000	
24. Djúpivogur, H1	3 000	
25. Vestmannaeyjar, sjúkrahús	4 000	
26. Selfoss, sjúkrahús, 1. áfangi	4 000	
27. Eyrarbakki, H	1 000	
28. Þorlákshöfn, H1	5 200	
29. Sandgerði, H	800	
30. Gerðar, H	2 000	
31. Keflavík, sjúkrahús, skuld	10 200	
32. Keflavík, D-álma	4 000	
33. Vogar, H	1 000	
34. Hafnarfjörður, H2	10 200	
		170 400

	Þús. kr.	Þús. kr.
b. Húsaleiga:		
1. Mosfellsbær	400	
2. Akureyri	6 000	
3. Reyðarfjörður	700	
4. Þorlákshöfn	400	
5. Suðurnes	500	
6. Hafnarfjörður	800	
		8 800
c. Læknisbústaðir:		
1. Búðardalur	400	
2. Siglufjörður	500	
3. Hvolsvöllur	5 600	
		6 500
d. Hjúkrunarheimili aldraðra:		
1. Ólafsvík	200	
2. Sauðárkrókur	4 800	
3. Vopnafjörður	3 000	
4. Egilsstaðir	9 900	
5. Höfn	5 000	
6. Hella	1 500	
7. Sólvangur	4 700	
		29 100
		214 800

3. Hafnarmannvirki og lendingarbætur (10-333 630).

1. Akranes	5 400
2. Arnarstapi	500
3. Ólafsvík	26 200
4. Grundarfjörður	8 200
5. Stykkishólmur	6 200
6. Brjánslækur	29 800
7. Patreksfjörður	100
8. Bíldudalur	11 000
9. Flateyri	2 000
10. Suðureyri	1 300
11. Bolungarvík	5 300
12. Ísafjörður	16 700
13. Norðurfjörður	3 700
14. Hólmavík	3 000
15. Hvammstangi	11 500
16. Skagaströnd	3 000
17. Sauðárkrókur	20 000
18. Hofsós	500
19. Haganesvík	2 200
20. Siglufjörður	5 900
21. Ólafsfjörður	6 400
22. Dalvík	500
23. Árskógssandur	9 100
24. Akureyri	12 400

	Þús. kr.	Þús. kr.
25. Svalbarðseyri	800	
26. Grímsey	5 600	
27. Húsavík	19 200	
28. Hallbjarnarstaðakrókur	800	
29. Kópasker	2 800	
30. Raufarhöfn	10 000	
31. Þórshöfn	12 000	
32. Bakkafjörður	6 500	
33. Borgarfjörður eystri	12 800	
34. Seyðisfjörður	1 500	
35. Neskaupstaður	800	
36. Eskifjörður	24 000	
37. Reyðarfjörður	100	
38. Fáskrúðsfjörður	11 400	
39. Stöðvarfjörður	6 600	
40. Breiðdalsvík	100	
41. Höfn, Hornafirði	9 000	
42. Vestmannaeyjar	18 700	
43. Grindavík	12 500	
44. Sandgerði	26 000	
45. Vogar	900	
46. Hafnarfjörður	10 600	
47. Garðakaupstaður	3 400	
		387 000
Óskipt fjárveiting til slysavarna		11 500
		398 500

Ed. 302. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins óbreytts eins og það kemur frá neðri deild.

Alþingi, 16. des. 1987.

Karl Steinar Guðnason, form., frsm.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Stefán Guðmundsson.
Valgerður Sverrisdóttir.	Salome Þorkelsdóttir.	Margrét Frímannsdóttir.

Guðmundur H. Garðarsson.

Sþ. 303. Skýrsla [16. mál]

utanríkisráðherra um útgjöld og kostnað við byggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, skv. beiðni.

Áætlaður kostnaður.

Spurt er hver hafi verið áætlaður kostnaður við byggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og hver sé endanlegur kostnaður. Ekki kemur skýrt fram í fyrirspurninni hvort átt er við áætlaðan kostnað samkvæmt frumáætlun um byggingu flugstöðvar, viðmiðunaráætlun um fyrsta byggingaráfanga flugstöðvar eða áætlanir byggingarnefndar um kostnað. Verður því gerð grein fyrir þeim öllum.

Frumáætlun um byggingarkostnað nýrrar flugstöðvar var 57 M USD sem á verðlagi 1. september 1987 er 2677 mkr. án endurmats og breytinga, en er 3.231 mkr. með endurmati og breytingum.

Í áætlun um byggingarkostnað fyrsta byggingaráfanga var gert ráð fyrir 33,5 M USA eða 936 mkr. í framkvæmdakostnað og 8,5 M USD eða 238 mkr. í verðhækkanir á byggingartímanum. Miðað við verðlag 1. september 1987 er þessi áætlun 2.121 mkr. Þegar þessi áætlun er metin til verðlags 1. september 1987 með þeim breytingum, viðbótum og magnaukningum sem gerðar voru snemma á byggingartímanum er hún 2.909 mkr.

Eðlilegast er hins vegar að miða í samanburði við áætlanir um byggingarkostnað frá 1983 og verðbætur sem þá voru áætlaðar annars vegar og bókfærðan kostnað við byggingu flugstöðvarinnar og áætlanir sem byggingarnefnd lagði fyrir Fjárlaga- og hagsýslustofnun hins vegar.

Áætlaður bókfærður kostnaður við byggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar til verkloka á árinu 1988 er 2.483 mkr. Innifalið í þeirri upphæð eru 150 mkr. vegna framkvæmda á árinu 1988 sem enn eru ósamþykktar en óhjákvæmilegar. Hér er m.a. um að ræða lagningu hitaveitu, aðstöðu starfsmanna og höggmyndir eftir Rúrí og Magnús Tómasson.

Framangreindur kostnaður skiptist sem hér segir:

Grunnkostnaður (byggingarkostnaður) á verðlagi í ágúst 1983 .	kr.	1.321.000.000.-
Verðlagshækkanir frá upphafi framkvæmda til september 1987 .	kr.	1.162.000.000.-
Samtals	kr.	2.483.000.000.-

Viðmiðunaráætlun um byggingarkostnað fyrsta byggingaráfanga var sem hér segir:

	Framkvæmdir	Verðbætur
Áætlun í USA	33,5 M USD	8,5 M USD
Áætlun í ísl.kr.	936 mkr.	238 mkr.

Niðurstaða á samanburði þessara áætlunartalna þar sem ekkert tillit er tekið til þeirra breytinga, viðbóta og magnaukninga sem samþykktar voru á byggingartíma er sem hér segir:

	Framkvæmdir	Verðhækkanir	Samtals
Bókfærður kostnaður	1.321 mkr.	1.162 mkr.	**2.483 mkr.**
Áætlun 1983	936 mkr.	238 mkr.	**1.174 mkr.**
Mismunur	385 mkr.	924 mkr.	**1.309 mkr.**

Áætlun frá 1983 var þannig í raun í tveim köflum. Annars vegar var áætlað fyrir framkvæmdakostnaði og hins vegar fyrir verðhækkunum. Báðir þessir liðir fóru fram úr

viðmiðunaráætlun. Framkvæmdakostnaður um 385 mkr. og verðhækkanir um 924 mkr. Fyrr er greint frá því að í þessum samanburði er sleppt úr áætlun þeim breytingum, viðbótum og magnaukningum sem samþykkt var en þau atriði eru öll inni í bókfærðum kostnaði.

Á framkvæmdatímanum gerði byggingarnefnd ítarlegar kostnaðaráætlanir og voru m.a. samþykktar nokkrar viðbætur og breytingar á frumáætlun um bygginguna sem óhjákvæmilegar voru taldar í ljósi ört vaxandi umferðar um Keflavíkurflugvöll.

Fjöldi farþega um Keflavíkurflugvöll árin 1982–1987.
(Nóvember og desember 1987 áætlað.)

	Lend-ingar	Héðan	Hingað	Áfram (transit)	Samtals
Ár 1982	3580	150.887	152.411	69.489	472.787
Ár 1983	3269	145.557	144.628	165.698	455.883 – 3,7%
Ár 1984	3466	165.276	168.470	170.435	504.181 + 10,6%
Ár 1985	4045	182.393	183.469	201.374	576.236 + 12,5%
Ár 1986	4337	213.056	211.539	179.292	603.887 + 6,5%
Ár 1987	5377	265.254	260.192	228.238	754.254 + 24,9%

Áætlanir byggingarnefndar um byggingarkostnað til ársins 1987 sem hér segir:

1984	254,7 mkr.
1985	301,0 mkr.
1986	1.002,3 mkr.
1987	986,2 mkr.
	2.544,2 mkr.

Byggingarnefnd gerði því ráð fyrir því að byggingarkostnaður yrði 2.544,2 mkr. eða 61 mkr. meiri en bókfærður byggingarkostnaður er áætlaður til verkloka.

Þessar áætlanir byggingarnefndar, sem hún lagði fyrir Fjárlaga- og hagsýslustofnun, gerðu því glögga og raunsæja grein fyrir byggingarkostnaði. Um umframkostnað samanborið við þessar áætlanir er því ekki að ræða. Ekki er heldur um að ræða umframkostnað ef viðmiðunaráætlun frá 1983 ásamt því endurmati sem fram fór á henni er borin saman við bókfærðan byggingarkostnað. En samkvæmt því endurmati er hún 2.909 mkr. á verðlagi 1. september 1987.

Ef byggt hefði verið á grundvelli viðmiðunaráætlunar um fyrsta byggingaráfanga óbreyttri (936 mkr. til framkvæmda og 238 mkr. til verðhækkunar) og verkinu hefði miðað á sama hátt og raun varð á hefðu verðhækkanir á verktíma orðið 823 mkr., þ.e.a.s. 585 mkr. meiri en gert var ráð fyrir í viðmiðunaráætlun frá ágúst 1983.

Á fyrstu mánuðum þessa árs kom í ljós að fjárveitingar ársins mundu ekki verða nægjanlegar til að greiða umsamdar framkvæmdir. Ástæður þessa eru eftirfarandi:

1. Í tillögum byggingarnefndar er framlag Bandaríkjanna til byggingarkostnaðar ofmetið vegna skekkju í áætlun.
2. Kröfur verktaka sem alger óvissa ríkti um í júní 1986 við fjárlagagerð ársins 1987 og magnbreytingar og viðbætur, sem ekki var vitað um þegar fjárlagatillögur fyrir 1987 voru unnar.
3. Verulegt gengistap.
4. Verðhækkanir umfram verðlagsforsendur fjárlaga.
5. Viðbætur sem ákveðnar voru á byggingartíma.

Af þessum sökum var farið fram á heimildir til innlendrar lántöku vegna framkvæmda 1987 að fjárhæð 679 mkr., þar af er ofmat á framlagi Bandaríkjanna 205 mkr. og gengistap 137 mkr. Við fjárlagagerð 1984, 1985 og 1986 voru tillögur byggingarnefndar skornar niður um 15,0 mkr., 30 mkr. og 291 mkr., eða alls um 336 mkr. sem eru 462 mkr. á verðlagi 1. september 1987.

Af öllu framangreindu kemur glögglega fram að heildarniðurstöður þeirra áætlana sem unnið var eftir og voru lagðar fyrir Fjárlaga- og hagsýslustofnun voru tölulega réttar, þ.e. í þeim var kostnaðarmat rétt, enda þótt gerð hafi verið skekkja varðandi mat á inneign hjá Bandaríkjunum. Á byggingartímanum varð mikið misgengi milli gengis bandaríkjadals og byggingarvísitölu. Samkvæmt greinargerð Seðlabanka Íslands námu greiðslur Bandaríkjanna til framkvæmdanna 780 mkr., uppreiknað raunvirði greiðslna þeirra er 1.013 mkr. en ætti að vera 1.249 mkr. ef dollar hefði fylgt byggingarvísitölu. Gengistap nemur því 236 mkr. Þessa upphæð þarf að greiða af framlögum Íslands til framkvæmdarinnar. Þetta gengistap er 90 mkr. á árinu 1986 og 137 mkr. á árinu 1987 eða alls 227 mkr. á þessum tveimur árum.

Byggingarkostnaður.
Samanburður áætlana og raunkostnaðar.

	Upphaflegt verðlag Mkr.	Verðhækkanir á bygg.tíma Mkr.	Verðlag 1. sept. 1987 Mkr.	Endurmetin á verðlagi 1. sept. 1987 Mkr.
Frumáætlun frá nóv. 1980 ..... (50,6 + 6,4 MUSD)	1491	187*	2.677	3.231**
Áætlun frá ágúst 1983 ..... (33,5 + 8,5 MUSD)	936	238*	2.121	2.909**
			Verðlag hvers tíma	
Bókf. kostn. (áætl. að hluta) á breytilegu verðlagi	1.321	1.162	2.483	(2.483)
Áætlun byggingarn. (fjárveit.beiðni) á breytil. verðlagi			2.544	(2.544)

* Áætlaðar verðhækkanir á byggingartíma innifaldar í upphaflegri áætlun.
** Viðbótum og magnaukningu bætt við upphaflega áætlun til samræmis við raunverulegar framkvæmdir.

Sundurliðun kostnaðar.

Spurt er um undirbúningskostnað, verktakakostnað, hönnun, umsjónarkostnað og fjármagnskostnað.

Verktakakostnaður án verðhækkana er 1.003 mkr. eða 76% af heildarframkvæmdakostnaði. Með verðhækkunum er hann 1.883 mkr. Hönnunar- og sérfræðingaþjónusta er 90 mkr. án verðhækkana eða 7% af heildarframkvæmdum en með verðhækkunum er þessi kostnaður 169 mkr. Eftirlits- og yfirstjórnarkostnaður er 69 mkr. án verðhækkana eða 5% af heildarframkvæmdakostnaði eða um 131 mkr. með verðhækkunum. Ýmis kostnaður og framkvæmdakostnaður eftir september 1987 og til verkloka á árinu 1988 er áætlaður 159 mkr. án verðhækkana eða 12% af heildarframkvæmdakostnaði en um 300 mkr. með verðhækkunum. Samanlagður er þessi kostnaður **2.483 mkr.** Verðhækkanir á byggingartíma eru **1.162 mkr.** Fjármagnskostnaður á framkvæmdatíma er 109 mkr.

Undirbúningskostnaður, sem ekki er bókfærður í bókhaldi byggingarnefndar og féll til áður en ráðist var í byggingarframkvæmdir, er fyrst og fremst frumhönnunarkostnaður að fjárhæð USD 1.799.866, sem greiddur var af Bandaríkjunum.

Nefndarlaun byggingarnefndar nema á tímabilinu september 1978 – september 1987 samtals um 3.2 mkr. eru bókfærð á embætti flugvallarstjóra á Keflavíkurflugvelli.

Bókfærður kostnaður (með verðbótum) við einstaka verkþætti er til og með ágúst 1987 1.897 mkr. og skiptist sem hér segir:

Sundurliðun á verkþáttakostnaði	Samtals
FK1 Jarðvinna	13.002.237
FK2 Uppsteypa	360.600.125
FK3 Glervirki	58.061.582
FK4 Veitur	54.686.926
FK5 Innréttingar	1.208.516.570
FK6 Landgöngubrýr	54.891.070
FK12 Lóðarfrágangur	113.545.993
Aðrir verksamningar og ósundurliðaður frkv. kostn.	323.656.228
Samtals	**2.186.960.731**
Söluskattur og aðfl.gjöld	(289.012.936)
Samtals	**1.897.947.795**

Erlendur – innlendur kostnaður.

Samkomulag var gert milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna 1974 og 1983 um þátttöku Bandaríkjanna í byggingarkostnaði nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Grundvöllur þessa samkomulags var eindreginn vilji beggja ríkisstjórna til að skilja starfsemi varnarliðsins frá almennri flugstarfsemi. Samkomulagið gerði ráð fyrir að Bandaríkjamenn legðu fram 20 M USD til framkvæmdarinnar. Svo sem fyrr greinir nemur framlag þetta á breytilegu verðlagi 780 mkr. Innlendur kostnaður, hlutur Íslands, er bókfærður byggingarkostnaður 2.483 mkr. að frádregnum hlut Bandaríkjanna 780 mkr. eða 1.703 mkr. Innifalið í þeim kostnaði er greiðsla 236 mkr. vegna gengistaps á framlagi Bandaríkjanna.

Erfitt er að sundurgreina framkvæmdakostnað í innlenda og erlenda þætti nákvæmlega en í stórum dráttum má segja að nánast öll vinnulaun eru innlendur kostnaður, svo og steinsteypa, holræsi, milliveggir, blágrýtisflísar, gangstéttahellur og hellur á bílastæðum. Annað byggingarefni er nær allt innflutt sem hráefni, eins og venja er, en síðan unnið úr því, ýmist á byggingarstað eða verkstæðum innanlands.

Helsti búnaður sem byggingarnefnd hefur samið um kaup á frá útlöndum er:

Landgöngubrýr	u.þ.b.	68 mkr.
Færibönd og vogir	u.þ.b.	21 mkr.
Rennistigar	u.þ.b.	8 mkr.
Flugupplýsingakerfi	u.þ.b.	16 mkr.
Hljóðkerfi	u.þ.b.	27 mkr.
Sjónvarpsgæslukerfi	u.þ.b.	6 mkr.
Ræsibúnaður flugvéla	u.þ.b.	11 mkr.
Símakerfi	u.þ.b.	7 mkr.
Vopnaleitartæki	u.þ.b.	7 mkr.
Hússtjórnartæki	u.þ.b.	14 mkr.
Frystiklefar	u.þ.b.	3 mkr.
Eldhúsbúnaður	u.þ.b.	18 mkr.

Allar tölur eru á verðlagi í september 1987.

Fjármögnun.

Í lögum um byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli er gert ráð fyrir að hluti Íslands í byggingarkostnaði verði fjármagnaður með erlendum lánum. Hlutur Íslands í bókfærðum framkvæmdakostnaði ásamt verðhækkunum er 2.483 mkr. að frádregnum 780 mkr. eða 1.703 mkr.

Áætluð heildarlántaka nemur nú um 1.800 mkr. Þessi lán verða greidd með leigutekjum og öðrum tekjum af rekstri flugstöðvarinnar.

Samkvæmt áætlunum um leigutekjur og aðrar tekjur flugstöðvarinnar er gert ráð fyrir að tekjur verði 225 mkr. á árinu 1988 og að þær nægi á árinu til greiðslu vaxta, viðhalds og sameiginlegs kostnaðar. Gert er ráð fyrir að tekjur þessar og væntanleg aukning þeirra á næstu árum muni nægja til að greiða lántökur vegna framkvæmdarinnar á næstu 25 árum. (Nánari upplýsingar um fleiri atriði er þetta varðar er að finna í svari utanríkisráðherra við fyrirspurn varðandi leigugjöld o.fl. í flugstöð á Keflavíkurflugvelli, 44. mál 110. löggjafarþings, þskj. 140 – Sþ.)

Þegar áætlanir um byggingu flugstöðvar voru gerðar í upphafi var ráðgert að til þess að greiða hlut Íslands í flugstöðinni yrði varið auk leigutekna tekjum af fríhöfn og tekjum af flugvallaskatti. Þetta kemur fram í áætlun Fjárlaga- og hagsýslustofnunar um „Rekstur nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli“ frá 1981. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi 1988 er gert ráð fyrir að þessar tekjur verði tæpar 400 mkr. Samtals eru því heildartekjur af rekstri flugstöðvarinnar áætlaðar um 625 mkr. á árinu 1988. Það er því ljóst að flugstöðvarframkvæmdinni voru fyrirhugaðar mjög verulegar tekjur við upphaf framkvæmdanna. Alþingi hefur nú á síðustu árum ráðstafað stórum hluta þessara tekna til annarra verkefna þannig að nú eru aðeins leigutekjur og lendingargjöld til ráðstöfunar til greiðslu lána er tekin hafa verið vegna framkvæmdarinnar.

Eins og glöggt má sjá af þessari skýrslu eru ýmsar þær fullyrðingar sem fram hafa komið síðustu daga, vikur og mánuði um byggingarframkvæmd og byggingarkostnað Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar rangar. Meginskýring á krónutöluhækkun byggingarkostnaðar umfram þá tölu sem nefnd er í viðmiðunaráætlun um fyrsta byggingaráfanga 1983 eru verðhækkanir langt umfram það sem gert var ráð fyrir 1983, auk viðbóta.

Skýringar á fjárþörf á árinu 1987 umfram samþykktar heimildir má rekja aðallega til tveggja meginþátta. Annars vegar til skekkju í áætlun um eftirstöðvar á framlagi Bandaríkjanna 1987 og hins vegar til viðbóta og ófyrirséðra magnaukninga, og krafna verktaka ásamt verulegu gengistapi.

Ed. 304. Nefndarálit [198. mál]

um frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55 30. mars 1987.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin fjallaði um fumvarpið á fimm fundum ásamt frv. um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, og frv. um vörugjald, en öll þessi frumvörp eru veigamikill þáttur í þeirri nýsköpun fjáröflunarkerfis ríkissjóðs sem nú stendur yfir. Af hagkvæmnisástæðum og vegna þess hversu samtvinnuð frumvörpin eru var rætt um þau jöfnum höndum, eitt eða öll í senn, af þeim sem fyrir nefndina komu en það voru: Ásmundur Stefánsson frá ASÍ, Kristján Thorlacius og Björn Arnórsson frá BSRB, Páll Bragason, Júlíus S. Ólafsson, Kristinn Björnsson, Árni Reynisson og Vilhjálmur Egilsson frá Samstarfsráði verslunarinnar, Víglundur Þorsteinsson og Ólafur Davíðsson frá Félagi ísl. iðnrekenda, Gunnar Hall og Magnús Pétursson vegna svonefndrar hallanefndar, Þorleifur Jónsson vegna Landssambands iðnaðarmanna ásamt Haraldi Eiríkssyni vegna Félags bakarameistara, Aðalsteinn

Guðjohnsen, Kristján Jónsson, Eiríkur Þorbjörnsson, Örn Marinósson, Þorbergur Halldórsson og Haukur Pálmason frá Sambandi ísl. rafveitna, Jón Gíslason frá Manneldisfélagi Íslands, Kristmann Magnússon vegna raftækjasala, Kjartan Ólafsson og Hannes Kristmundsson frá Sambandi garðyrkjubænda, Georg Ólafsson verðlagsstjóri, Guðmundur Karl Sveinsson, Arnór Valgeirsson, Jóhann Friðþjófsson og Sigurður Gils Björgvinsson frá SÍS, Haukur Halldórsson, Þórarinn Þorvaldsson, Hákon Sigurgrímsson og Gunnlaugur Júlíusson frá Stéttarsambandi bænda, Kristinn Ólafsson frá Tollgæslunni, Sigurgeir Á. Jónsson frá tollstjóranum í Reykjavík, Páll Bragason, Stefán Guðjónsson og Yngvi Yngvason frá Félagi ísl. stórkaupmanna vegna útvarps- og rafmagnstækja sérstaklega, Þórður Friðjónsson Þjóðhagsstofnun, Hallgrímur Tómas Ragnarsson vegna söluskatts á heilsuræktarstarfsemi, Pétur Stefánsson og Sigurbjörn Guðmundsson frá Félagi ráðgjafarverkfræðinga.

Með nefndinni hafa starfað Guðrún Ásta Sigurðardóttir, Bolli Bollason og Lárus Ögmundsson frá fjármálaráðuneytinu sem öll hafa gefið nefndinni mikilsverðar upplýsingar.

Enn fremur bárust nokkrar skriflegar upplýsingar, m.a. frá fjármálaráðuneytinu og Þjóðhagsstofnun.

Meiri hl. mælir með samþykkt frumvarpsins með nokkrum breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Breytingartillögurnar eru í meginatriðum þessar:

Í fyrsta lagi er gengið enn lengra í þá átt að lækka eða fella alveg niður tolla af tilteknum vörum sem kalla mætti „ferðamannavörur". Þetta eru vörur sem Íslendingar kaupa gjarnan á ferðalögum erlendis frekar en hér heima. Af einstökum vöruflokkum má nefna sjónauka, rakvélar, hárþurrkur, ryksugur, hljóðnema o.fl. Jafnframt er horfið frá álagningu vörugjalds á þessa flokka.

Með þessari breytingu er stuðlað að því að verslunin færist í auknum mæli inn í landið. Þannig kæmu auknar söluskattstekjur á móti hugsanlegu tolltekjutapi ríkissjóðs. Það skal áréttað að með þessari breytingu er aðeins stigið fyrsta skrefið í þessa átt en meiri hl. telur ekki ráðlegt að ganga lengra að sinni.

Í öðru lagi eru felldir niður tollar af nokkrum vörum sem flokkast undir öryggisbúnað ökutækja. Hér má nefna öryggishjálma, keðjur, ljósabúnað o.fl. Áður höfðu tollar almennt verið felldir niður af flestum þessara vöruflokka, en með þessu er leitast við að ljúka því verki.

Í þriðja lagi er tollur á innfluttum álpönnum og þess háttar ekki felldur niður heldur ákveðinn 30% til þess að gefa innlendum framleiðendum færi á að laga sig að breyttum samkeppnisaðstæðum.

Í fjórða lagi er gerð tillaga um að flýta gildistöku lokaáfanga tollasamnings við Portúgal og Spán um tvö ár þannig að hann komi til framkvæmda um næstu áramót. Í reynd er þetta léttvæg breyting þar sem langflestar vörur frá þessum löndum eru þegar tollfrjálsar. Hins vegar mundi þetta hafa í för með sér einföldun á tollkerfinu þar sem ella þyrfti að hafa sérstakan tolltaxta vegna þessara samninga.

Í fimmta lagi eru gerðar ýmsar minni háttar lagfæringar á einstökum atriðum. Hér er fyrst og fremst um að ræða leiðréttingar á villum sem slæðst hafa inn í frumvarpið. Þó er rétt að nefna eina breytingu sérstaklega, en það er tillaga um ótvíræða heimild ráðherra til að setja sérstakar reglur um mat á notuðum ökutækjum sem flutt eru til landsins. Hér hefur tollstjóra skort ótvíræða heimild til þess að óska eftir að ökutæki verði metin en nokkur misbrestur er á að innflytjendur komi fullnægjandi upplýsingum á framfæri við tollyfirvöld.

Alþingi, 16. des. 1987.

Halldór Blöndal, form., frsm. — Ey. Kon. Jónsson, fundaskr. — Eiður Guðnason.

Jóhann Einvarðsson. — Valgerður Sverrisdóttir.

Ed. 305. Breytingartillögur [198. mál]

við frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55 30. mars 1987.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (HBl, EKJ, JE, EG, VS).

1. Á eftir 1. gr. komi 10 nýjar greinar er orðist svo:

a. (2. gr.)
2. málsl. 7. tölul. 5. gr. laganna orðist svo: Undanþágu samkvæmt þessum tölulið má að öðru leyti takmarka við notkun, vöruflokka eða hámarksverð og skal þá tekið tillit til dvalartíma erlendis, fjölskyldustærðar og annarra aðstæðna.

b. (3. gr.)
Við 1. tölul. 6. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðist svo: Samningur Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu vegna aðildar Portúgals og Spánar að bandalaginu skal með sama hætti og gildir um önnur aðildarríki þess koma að fullu til framkvæmda hinn 1. janúar 1988.

c. (4. gr.)
2. tölul. 6. gr. laganna orðist svo:
Að ákveða að sameina megi í eitt tollskrárnúmer vörur sem falla í mismunandi tollskrárnúmer og fluttar eru til landsins í smásendingum. Undanþágu samkvæmt þessum tölulið má að öðru leyti takmarka við ákveðna vöruflokka eða hámarksverðmæti og að greidd verði af þeim gjöld miðuð við tolltaxta þess tollskrárnúmers sem verðmætasti hluti sendingarinnar fellur undir, eða ákveða fast gjald fyrir smásendingar, sem sendar eru í pósti, í stað reiknaðra aðflutningsgjalda. Undanþágu þessa má takmarka við sendingar sem fluttar eru inn til eigin nota.

d. (5. gr.)
Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:
Ráðherra er heimilt í reglugerð að setja sérstakar reglur um mat á notuðum ökutækjum og vinnuvélum til tollverðs. Þar má m.a. ákveða að tollverðið miðist við verð þeirra nýrra að frádregnum hundraðshluta fyrir hvert ár eða hluta úr ári af aldri þeirra og má í því skyni krefja innflytjendur um upplýsingar um verð nýrra ökutækja eða vinnuvéla sem þeir hafa umboð fyrir hér á landi.

e. (6. gr.)
20. gr. laganna orðist svo:
Ráðherra getur með reglugerð heimilað að upplýsingar, sem um ræðir í 14.–19. gr., séu veittar með öðrum hætti en skriflega, t.d. með tölvumiðli eða fjarskiptum.

f. (7. gr.)
1. málsl. 100. gr. laganna orðist svo:
Telji innflytjandi tollverð, tollflokkun eða aðflutningsgjöld eigi rétt ákveðin, vara sé tollskyld eða tollfrjáls, skal hann, áður en úrskurðar er leitað skv. 101. gr., senda skriflega kæru, studda nauðsynlegum gögnum, til viðkomandi tollstjóra.

g. (8. gr.)

1. mgr. 101. gr. laganna orðist svo:

Úrskurði tollstjóra, sbr. 100. gr., og ákvörðun ríkistollstjóra skv. 3. mgr. 32. gr. má skjóta til ríkistollanefndar, sbr. 37. gr. Kærufrestur skal vera 30 dagar talið frá póstlagningu úrskurðar tollstjóra.

h. (9. gr.)

Á eftir 1. mgr. 101. gr. laganna komi ný málsgrein er orðist svo:

Ríkistollstjóra er heimilt að skjóta úrskurði tollstjóra til ríkistollanefndar á næstu þremur mánuðum eftir dagsetningu úrskurðar tollstjóra.

i. (10. gr.)

1. mgr. 103. gr. laganna orðist svo:

Aðflutningsgjöld, af öðrum vörum en þeim sem heimild hefur verið veitt til að settar séu í tollvörugeymslu eða fluttar á frísvæði, falla í gjalddaga þegar tollstjóra hefur verið afhent aðflutningsskýrsla yfir vöru ásamt tilskildum gögnum eða leyfi verið veitt til afhendingar vöru enda hafi flutningsfar tekið höfn. Aðflutningsgjöld skulu þó falla í gjalddaga eigi síðar en einu ári talið frá komudegi flutningsfars til landsins.

j. (11. gr.)

Síðari málsgrein 105. gr. laganna orðist svo:

Alþingi, 16. des. 1987.

Páll Pétursson, form., frsm.	Geir H. Haarde, fundaskr.	Matthías Bjarnason.
Kjartan Jóhannsson.		Guðmundur G. Þórarinsson.

Ed. 333. Nefndarálit [196. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. nefndarinnar er andvígur tillögunum um matarskatt. Í samræmi við það eru fluttar breytingartillögur við frumvarp um söluskatt.

Minni hl. telur að matarskattur komi verst við láglaunafólk eins og margoft hefur verið sýnt fram á.

Meiri hl. telur að þrennt vinnist við matarskattinn:
1. Skilvirkni.
2. Réttlæti.
3. Einföldun.

1. Engin ástæða er til að ætla að tryggt sé að söluskattur skili sér betur af þúsundum smáfyrirtækja sem einkum selja þjónustu þó að söluskattur verði lagður á matvæli. Skatturinn á matvæli — 5750 millj. kr. — er að því leyti „skilvirkur“ að fólk neyðist til að borða mat til þess að geta lifað — einnig fátækt fólk.
2. Skatturinn er bersýnilega ranglátur því að hann leggst þyngst á láglaunafólk. Þannig fer skatturinn hlutfallslega hækkandi eftir því sem launin eru lægri. Það getur a.m.k. ekki talist jafnaðarstefna.
3. Það getur verið skynsamlegt markmið að einfalda skattakerfið. En þá átti ekki að byrja á því að leggja á matarskatt. Fremur hefði átt að byrja á því að tryggja betur að fyrirtæki og þeir tekjumeiri í þjóðfélaginu greiddu réttlátan skatt af tekjum sínum.

Guðrún Agnarsdóttir sat fundi nefndarinnar og tók þátt í meðferð málsins og er samþykk nefndaráliti þessu.

Alþingi, 16. des. 1987.

Júlíus Sólnes, frsm. Svavar Gestsson.

Nd. 334. Breytingartillögur [179. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, þar með talin breyting skv. l. nr. 49/1987 sem taka eiga gildi 1. janúar 1988.

Frá Óla Þ. Guðbjartssyni, Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur, Albert Guðmundssyni, Hreggviði Jónssyni og Inga Birni Albertssyni.

1. Við 2. gr. Síðari hluti greinarinnar, frá orðunum „þó ekki yfir 10% af skattstofni gefanda“, falli brott.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   1. og 2. mgr. A-liðar 68. gr. laganna orðist svo:
   Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 158 820 kr.
   Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður tekjuskattur af skattstofni skv. 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða útsvar hans á álagningarárinu. Sá persónuafsláttur, sem þá er enn óráðstafað, fellur niður nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars hjóna sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr. og skal þá sá hluti persónuafsláttar makans, sem enn er óráðstafað, bætast við persónuafslátt hins makans. Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða útsvar hans á álagningarárinu. Sá hluti persónuafsláttar, sem þá verður enn óráðstafað, fellur niður.
3. Við 8. gr.
   a. Í stað orðanna „16 ára“ í 1. málsl. 1. mgr. A-liðar komi: 18 ára.
   b. Í stað orðanna „16 ára“ í 1. málsl. 1. mgr. B-liðar komi: 18 ára.

c. Á eftir C-lið komi nýr liður, **D Starfslok**, og orðist svo:

Maður, sem er að ljúka starfsævi sinni, skal fá endurgreiddan þegar greiddan tekjuskatt síðustu 12 mánaða fyrir starfslok enda hafi hann öðlast rétt til eftirlauna eða ellilífeyris úr lífeyrissjóði.

Verði maður að hætta störfum vegna varanlegrar örorku af völdum veikinda eða slyss skal hann njóta sömu réttinda og um getur í fyrri málsgrein.

4. Við 12. gr. Framan við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Fyrsta málsgrein 121. gr. laganna orðist svo: Fjárhæðir, sem um ræðir í 68. og 69. gr., skulu breytast mánaðarlega í samræmi við lánskjaravísitölu samkvæmt lögum nr. 13/1979.

Sþ. 335. Skýrsla [20. mál]

fjármálaráðherra um kaup og sölu fasteigna á vegum ríkisins, skv. beiðni.

Á þingskjali nr. 20 er svofelld beiðni um skýrslu frá fjármálaráðherra um kaup og sölu fasteigna á vegum ríkisins síðan 26. maí 1983:

„Með vísan til 30. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að fjármálaráðherra gefi Alþingi skýrslu um kaup og sölu fasteigna sem fram hafa farið á vegum ríkisins síðan 26. maí 1983 til þessa dags.

Í skýrslunni verði getið kaup- og söluverðs hverrar fasteignar, fasteigna- og brunabótamats og greiðsluskilmála. Gerð verði grein fyrir stærð húsnæðis, afhendingartíma og kostnaði við breytingar. Einnig komi fram í skýrslunni hvort heimild var fyrir viðskiptunum í fjárlögum þegar viðskiptin fóru fram.

Beiðni þessi var lögð fram á síðasta þingi, en ekki tókst að skila skýrslu fyrir þinglok. Því er beiðnin lögð fram að nýju.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis þegar henni hefur verið dreift meðal þingmanna.“

Beiðnin er dagsett 12. október 1987 og er frá alþingismönnunum Guðrúnu Helgadóttur, Ólafi Ragnari Grímssyni, Hjörleifi Guttormssyni, Margréti Frímannsdóttur, Skúla Alexanderssyni, Steingrími J. Sigfússyni, Ragnari Arnalds, Svavari Gestssyni og Málmfríði Sigurðardóttur.

Þegar beiðni þessi var upphaflega borin fram á 109. löggjafarþingi og send fjármálaráðherra var öllum ráðuneytum skrifað hinn 27. febrúar 1987, en í bréfi fjármálaráðuneytisins segir m.a.:

„Ráðuneytið fer þess hér með á leit að neðangreindar upplýsingar verði ... sendar eignadeild fjármálaráðuneytisins svo fljótt sem auðið er svo að unnt verði að gefa umbeðna skýrslu:

1. Stofnun sem stóð að kaupum eða sölu fasteignar.
2. Heiti fasteignar (húsheiti eða götunafn og númer, staður).
3. Stærð í fermetrum.
4. Afhendingardagur.
5. Hvort heimildar til kaupa eða lántöku/eða sölu sé getið í fjárlögum (6. gr.).
6. Hvort um kaup eða sölu hafi verið að ræða.
7. Matsverð eignar á kaupsamningsdegi.
   a. Brunabótamat.
   b. Fasteignamat.
8. Verð.

9. Greiðsluskilmálar.
   a. Útborgunarfjárhæð.
   b. Fjárhæð greidd með skuldabréfi.
      1. Lánstími (ár).
      2. Vextir.
      3. Vísitala.
10. Kostnaður við breytingu á húsnæðinu (til ársloka 1986).“

Skýrslan nær yfir tímabilið 26. maí 1983 til 15. október 1987. Á þessu skeiði voru keyptar 77 fasteignir og lóðir en seldar 28. Makaskiptasamningar eru taldir með sem kaup og sala.

Sundurliðun eftir árum er þessi:

	Tala keyptra eigna	Tala seldra eigna	Fasteigna-mat í þús. kr.	Brunabóta-mat í þús. kr.	Andvirði keyptra eigna	Andvirði seldra eigna
1983	10	3	25.063	23.370	16.548	1.766
1984	9	2	37.291	21.762	16.824	4.024
1985	23	8	197.483	370.806	244.932	18.646
1986	14	12	251.712	478.679	226.794	57.697
1987	20	2	277.209	374.636	584.300	3.800
Ótímasett	1	1	5.521	15.820	—	—

Hér á eftir fer skrá yfir fasteignakaup og fasteignasölu yfir fyrrgreint tímabil. Skráin er unnin upp úr gögnum fjármálaráðuneytisins en þar eð ekki bárust svör frá öllum ráðuneytum er ekki full vissa fyrir því að allar fasteignir, sem keyptar eða seldar voru á umræddum tíma, séu í skránni. Til skýringar á skránni skal eftirfarandi getið:

1. Í öllum tilvikum er getið um notanda fasteignar, nema þar sem engin starfsemi er.
2. Staðsetningar er alls staðar getið.
3. Flatarmáls eigna er getið, nema þar sem það er ekki tiltækt, hvorki í samningum eða vinnugögnum með samningum né hjá Fasteignamati ríkisins.
4. Kaup- og söludagsetninga er alls staðar getið þegar tiltækar eru.
5. Afhendingardagsetninga er alls staðar getið, þegar tiltækar eru.
6. Heimildir til kaupa eða sölu er að finna í fjárlögum, annaðhvort í 6. gr. þeirra eða sem fjárfestingarlið viðkomandi stofnunar. Ef eign er keypt eða seld án heimildar er um það fyrirvari í samningi að slík heimild fáist.
7. Fasteignamat er skráð þar sem það liggur fyrir.
8. Brunabótamat er skráð þar sem það liggur fyrir.
9. Kaupverð/söluverð er skráð. Í makaskiptasamningum er þó aðeins skráð fjárhæð milligjafar. Þó eru undantekningar frá því.
10. Greiðsluskilmála er getið í flestum tilvikum og skiptingar verðs í útborgun og greiðslu með skuldabréfum eða yfirtöku skulda. Lánstíma er getið nema þegar um yfirtöku á veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands er að ræða (húsnæðismálastjórnarlán). Vaxtafótur skuldabréfa er skráður og þegar „L“ er skráð í dálk um verðtryggingar táknar það verðtryggingu samkvæmt lánskjaravísitölu.
11. Skráður er kostnaður við byggingu eða breytingu húsnæðis þar sem við á.
12. Á fáeinum stöðum eru skýringar í aftasta dálki, svo sem ef fasteign var keypt á byggingarstigi. Þá er og vísað til skýringa í aftasta dálki ef eitthvert atriði er merkt stjörnu (*).

Þess skal getið að þegar ákveðið er að kaupa eða selja fasteign er það auglýst í fjölmiðlum.

Fjárhæðir í þús.króna.

Stofnun	Staður	m²	Kaup/ sala	Kaup/sala dagsetning	Afh.dagur samkvæmt samningi	Heimild í fjárl.	Fasteigna-mat þ.kr.	Brunabóta-mat þ.kr.	Kaupverð/ söluverð	Greiðsluskilmálar gr. með Útborgun	skuldabr.	Lánst.	Vextir	Verð-tryggg.	Kostn.við breyt.til árs1.'86.
Vinnueftirlit rík.	Bíldshöfði 16, R.	1.058	kaup	27.09.1985	01.11.1985	1987	2.046		16.000	8.000	8.000	4 ár	5%	L	177
Ríkisspítalar	Ármúli 1A, R.	3.948	kaup	14.02.1986	01.04.1986-05 08.1986	1986	64.500	148.032	70.000	70.000	0				32.740
Ríkisspítalar	Dalbraut 12-14 R.	1.543	kaup	20.11.1985	01.01.1986	1985	24.554	65.388							
Ríkisspítalar	Úlfarsá, Mos,Kjós.		sala	20.11.1985	01.01.1986	1985	1.248	5.393							
Kaup Dalbrautar 12-14 og sala Úlfarsár er skv. makaskiptasamningi við Reykjavíkurborg. Ríkið greiddi með skuldabréfi sem milligjöf				20.11.1985							12.000	10 ár	3%	L	
Menntaskólinn í Rvk.	Bókhlöðust. 7 R.	188	kaup	02.05.1985	01.08.1985	1985	2.291	2.590	4.000	4.000	0				
St. Jósefsspítali	Hafnarbúðir Tr.R.	1.344	kaup	07.10.1985	01.01.1986		14.735	59.286	55.000	5.000	50.000	10 ár	hæstu	L	
Háskóli Íslands	Grensásv. 12 R.		kaup	06.01.1986	01.01.1986	1986	25.770	15.373	32.724	18.699	14.024	4 ár	hæstu	L	
Flugmálastjórn	Hús/Reykjav.flugv.	176	kaup	27.03.1987	27.03.1987	1987	884		1.000	0	1.000	6 ár	0	L	
Kvikmyndasjóður	Laugavegur 24 R.	320	kaup	17.11.1986	01.12.1986	1986	4.250	8.390	8.000	0	8.000	2 mán.og 14 mán.	0		
Veiðimálastofnun	Laugavegur 105 R.	317	kaup	28.09.1983	01.10.1983	1983	1.558	3.336	2.800	250	2.550	10 ár	hæstu	L	
Verðlagsst.o.fl.	Laugav. 118 D R.	1.800	kaup	20.01.1987	20.07.1987	1987	-		36.700	26.200	10.500	8 ár	hæstu	L	Í byggingu
Fasteignir ríkissj.	Laugav. 118 C R.	54	kaup	08.06.1983	15.06.1983	1980			785	785	0				
Þjóðskjalasafn	Laugavegur 162 R.	7.414	kaup	11.12. 985	jún-okt 86	1986	102.382	179.930	110.000	0	110.000	9½ ár og 6½ ár	3,5%	L	649
Ríkissjóður	Lar isp.Selásl.R.	um 2,6h	sala	04.08 1983	04.08.1983	1983		0	Skv.afsali fór fram uppgjör milli ríkissj.og borgarstj.1983						
Grænmetisv.landb.	Síðumúla 34 R.	5.628	kaup	29.07.1986	01.07.1986	1987	77.437	152.349	62.500	8.452.	54.048	22 ár	3%	L	
Grænmetisv.landb.	Jarðhús/Árt.br.R.	1.200	kaup	29.07.1986	01.07.1986	1987	1.267								
Unglingaheimili ríkisins	Sólheimar 7 R.	282	kaup	20.05.1985	01.07.1985	1986	3.991	4.349	5.200 og yfirtekur lán Byggingarsj.	3.500	1.638 62	4 ár	20%		1.625
Námsgagnastofnun	Tjarnargata 10 R.	316	sala	15.10.1985	01.05.1986	1985	4.133	8.163	7.810	2.000	5.810	15 ár	2%	L	
Samgönguráðuneyti	Vatnsmýrav. 10 R.	1.520	sala	27.05.1986	01.06.1986	1987	26.895	58.674	34.000	3.400	30.600	15 ár	3,5%	L	
Alþingi	Vonarstræti 10 R.	252	kaup	26.11.1984	31.01.1985	1985	21.215	0	Makaskiptasamningur við Borgarsjóð dags. 26.11.1984 - lóðir.						
Alþingi	Kirkjust.10B R.		kaup	26.11.1984	31.01.1985	1985	1.896	0							
	Kotmúli,Fljóts.Ra.		kaup	14.10.1983	14.10.1983		1.106								
Skóli Ásu Jónsd.	Völvufell 11 R.	233	sala	14.10.1983	14.10.1983	1984	1.761	3.592	1.000	100	900	15 ár	hæstu	L	

Fjárhæðir í þús.króna.

Stofnun	Staður	m^2	Kaup/ sala	Kaup/sala dagsetning	Afh.dagur samkvæmt samningi	Heimild í fjárl.	Fasteigna-mat þ.kr.	Brunabóta-mat þ.kr.	Kaupverð/ söluverð	Útborgun	Greiðsluskilmálar gr. með skuldabr.	Lánst.	Vextir	Verð-trygg.	Kostn.við breyt.til árs.'86.
Háskóli Íslands	Þingholtsst.37 R.	907	kaup	01.07.1986	01.04.1986	1987	16.777	35.430	20.500	20.500	0				
Lyfjanefnd o.fl.	Eiðistorg 15, S.	343	kaup	09.04.1987	09.04.1987	1988 frv.	1.571		8.800	1.600	7.200	6 ár	5%	L	
Greiningarstöð	Sæbraut 2 S.	235	kaup	02.06.1983	02.06.1983	1983	2.146		5.100	3.900	1.200	3 ár	20%		
Greiningastöð ríkisins o.fl.	Digranesv.5 K.	2.459	kaup	25.03.1987	25.03.1987	1988 frv.	82.783	91.203	76.000	0	76.000	10 ár	Meðalt.	L	
Svæðisstöð fatlaðra sambýli	Vallargerði 26 K.	249	kaup	03.07.1984	03.07.1984	1984	3.023	2.737	4.600	3.400	1.200	4 ár	20%		
Svæðisst.Reykjaness málefni fatlaðra	Markaflöt 1 G.	245	kaup	29.05.1986	01.07.1986	1986	5.350	7.051	5.000	5.000	0				
Dómsmálaráðuneyti	Brekkugata 13 H.		sala	25.09.1986	25.09.1986	1986	4.625		5.500	3.200	2.300	4 ár	20%		
Svæðisst.fatlaðra	Klettahraun 17 H.		kaup	13.06.1985	15.08.1985	1985	3.539		5.400	5.400	0				
Prestsbústaður	Hlíðarvegur 15 N.		sala	03.10.1985	01.10.1985	1986	1.752	2.684	2.500	1.783	717	4 ár	20%		
Prestsbústaður	Skólavegur 28 K.	154	sala	1984	01.07.1984	1985	1.322	154*	1.727	1.122	605	4 ár	20%		* Féll úr tr. 15/10 ?
	Krísuvíkurskóli		sala	31.01.1986	31.01.1986	1986	-	-	7.200	100	7.100	30 ár	2,5%	B í byggingu	
	Viðey á Kollaf. 11,5 ha.		sala	12.08.1986	17.08.1986		241	Gjafaafsal skv. lögum nr. 47/1986							
Íbúðarhús	Pétursborg í landi Grafarholts	40	kaup	22.01.1985	22.01.1985	1985	2.435	495	440	440	0				
ÁTVR	Þjóðbraut 13 Ak.	271	kaup	20.03 1985	01.08.1985	1985	1.544	7.692	3.910	2.710	1.200	4 ár	5%	L	5.751
Prestsíbúð	Bær III,Andakílsh. Borgarfj.	269	kaup	15.12.1986	06.01.1987	1987	2.236		4.300	3.928	372	Yfirtaka 5 skbr.			
Kennarabústaður	A-gata 6,Hvanneyri Andakílshr.Borg.	159	kaup	25.02.1986	20.02.1986	1987	1.126	3.501	3.150	2.864	286	Yfirtaka 3 skbr.veðd.			
Kennarabústaður	B-gata 5 Hvanneyri Andakílshr. Borg.	222	kaup	10.06.1984	20.09.1984	1984	1.563	3.049			263				
Læknisbústaður	Dílah.3 Borgarnes 85% ríkissjóður meðalverð 4.300	180	kaup	06.11.1985	01.02.1986	1986	2.599		3.655	3.655	0				
Heilsugæslulæknir	Sandh 28 Ólafsvík 85% ríkissj.heildarverð 3.400	224	kaup	28.07.1986	01.09.1986	1986	2.114	5.156	2.890	2.890	0				
Embættisbústaður sýslumanns	Búðarbraut 12 Búðardal	280	kaup	08.01.1986	01.06.1986	1986	2.218	5.943	4.200	2.750	286 og 1.164	yfirtaka veðd.láns 4 ár	20%		

Fjárhæðir í þús.króna.

Stofnun	Staður	m^2	Kaup/ sala	Kaup/sala dagsetning	Afh.dagur samkvæmt samningi	Heimild í fjárl.	Fasteigna- mat þ.kr.	Brunabóta- mat þ.kr.	Kaupverð/ söluverð	Greiðsluskilmálar Útborgun	gr. með skuldabr.	Lánst. Vextir trygg.	Verð-	Kostn.við breyt.til árslok '86.
Dýralæknisbústaður	Borgarbraut 13 Hólmavík	263	kaup	22.11.1985	29.11.1985-15.01.1986	1985	1.342	1.844	2.150	2.150	0			
Prestsíbúð	Túngata 6 Suðureyri	314	kaup	29.08.1984	15.10.1984	1984	1.656	3.237	2.500	1.750	750	4 ár 20%		
Íbúð-fræðslustjóri	Árholt 5, Ísaf.	197	kaup	28.08.1984	10.09.1984	1984	1.677	2.483	2.600	2.423	177	yfirtekin veðskuldalán		
ÁTVR	Aðalstræti 20, Ísafirði	257	kaup	22.05.1984	20.11.1984	1984	-	954	3.924	verk- og kaupsamningur				5.369
V/héraðsskólans að Núpi	Leiti, Mýrarhr. V-Ísafj.sýslu		sala	04.06.1986	01.06.1986	1986	1.382	2.701	807	520	280	4 ár hæstu		
Bifreiðaeftirlit ríkisins	Verkstæðisbygging v/Djúpveg,Ísaf.	234	kaup	11.07.1985	01.06.1985	1985	1.620	4.580	1.450	500	950	7 ár 5% L		
Íbúð sýslumanns	Urðarvegur 47 Ísafirði	298	kaup	14.06.1983	01.07.1983	1984	1.471	1,957	2.400	1.800	600	Yfirtaka veðdeildarlána. Byggingarsj.ríkisins og Byggingarlánasj.Ísafj. og skuldabréf 3 ár 20% 4 ár 20%		
Heilsugæsla	Ísafjarðarvegur 2, Ísafirði	112	sala	04.12.1985	01.12.1984	1985	3.699	2.467	1.200	1.140	60	4 mán. 20%		
Svæðisstjórn fatlaðra	Norðurbrún 9 Varmahl.Skagaf.	251	kaup	01.10.1985	01.10.1985	1985	1.300	5.110	2.000	2.000	0			
Einangrunarstöð holdanauta	Austurvegur 8 Hrísey, Eyjafj.	200	kaup	08.08.1983	08.08.1985	1985	604	1.874	750	750	0	Makaskiptasamningur		
Einangrunarstöð holdanauta	Lambhagavegur 19, Hrísey, Eyjafj.	749	sala	08.08.1985	08.08.1985	1985	3.356	-	100	100	0			
Kristnesspítali	Geislagata 12, Akureyri		sala	21.10.1986	21.10.1986	1987	2.194	6.871	2.300	2.300	0			
Dýralæknis-bústaður	Kirkjugata 13, Hofsósi, Skag.	245	kaup	28,06,1983	01.07.1983	1984	685	1.368	1.500	1.000	109 391	Veðdeildarbréf yfirtekið 4 ár 20%		
Prestsíbúð	Baldursbrekku 11 Húsavík	218	kaup	31.10.1986	01.12.1986	1987	2.576	5.166	4.000	4.000	0			203.729
Sýslumaður Þingeyjarsýslu	Laugarholt 3A Húsavík	263	kaup	11.03.1986	11.03.1986	1987	2.860	4.288	3.600	2.314	1.286	Yfirt.lán skv.6 skbr.1.146.244		
Kennaraíbúðir	Hálsvegur 9 - 11 Þórshöfn	195	kaup	22.08.1985	25.08.1985	1985	1.239		3.600	400	3.200	2½ ár 3,5% L		

Þetta er 75% verðsins. Þórshafnar-, Sauðanes- og Svalbarðshr. kaupa 25%

Fjárhæðir í þús.króna. Stofnun	Staður	m²	Kaup/ sala	Kaup/sala dagsetning	Afh.dagur samkvæmt samningi	Heimild í fjárl.	Fasteigna-mat þ.kr.	Brunabóta-mat þ.kr.	Kaupverð/ söluverð	Greiðsluskilmálar Útborgun	gr. með skuldabr.	Lánst.	Vextir	Verð-trygg.	Kostn.við breyt.til árs.l.'86.	
Prestsetur	Sunnuvegur 6 Þórshöfn	139	kaup	10.01.1985	03.02.1987	1985	1.137		1.980							
Embættisbústaður sýslumanns	Hörðuvellir 6 Selfossi	135	sala	19.11.1986	15.11.1986	1986	1.637	3.650	1.650	1.650	0					
Stjórnsýsluhús	Heiðarvegur 15 Vestmannaeyjum	3.645	kaup	09.11.1983	01.10.1983	1983	4.678	9.415	2.000	2.000	0				2.607	
Þjóðminjasafn	Íbúðarhús,Keldum Rangárvallahr.Rang.		kaup	21.08.1985	21.08.1985	1985	293	2.183	663	663	0					
Embættisbústaður skattstjóra	Freyvangur 24 Hellu, Rang.	265	kaup	17.07.1984	01.08.1984	1984	1.845	2.887	3.200	2.853	347	Yfirt.veðdeildarlán.			079	
Flugmálastjórn	Land við Hellu-flugvöll, Rang.	19,6 ha.	sala	07.11.1985	07.11.1985	1985	0	0	275	Greitt með áburðargjöf í 10 ár.						
Íbúðarhús v/grasköggla-verksmiðju	Flatey, Mýrahr. A-Skaftafellss.	210	kaup	16.09.1985	01.11.1985	1986	793	3.094	1.800	1.598	202	Yfirtekin veðdeildarlán.			Heimildinni breytt í söluheimild, þar sem ákveðið var að selja húsið strax aftur.	
Skólahús	Tunguholt Fáskrúðsfirði		sala	08.12.1986	06.12.1986	1986	900	4.302	800	800	0					
Læknisbústaður	Miðtún 7, Seyðisf. 85% eignarhl.ríkissj.		kaup	01.07.1985	01.09.1985	1986	1.638	5.276	1.844	1.844	0					
Skattstofa Austurlands	Lagarás 4, Egilsst. S-Múlasýslu	225	sala	13.10.1986	16.10.1986	1986	2.960	6.674	4.300	4.300	1.630					
Skattstofa Austurlands	Selás 8, Egilsst.hr. S-Múlasýslu	358	kaup	27.08.1985	24.06.1985	1985	3.206	5.532	4.000	4.000	0					
Þjóðminjasafn	Dugguvogur 12, R.	143	kaup	31.03.1987	01.05.1987	1988 frv.	4.178		15.800	0	15.800	6 ár	Meðaltal L			
Ríkisspítalar	Engihlíð 9, R	327	kaup	29.05.1987	29.05.1987	1988 frv.	7.446	8.084	9.000	9.000	0					
Fasteignir ríkissj.	Laug. 118 C, R.*	15	kaup	15.06.1987	15.08.1987	1987			750	750	0				* Gangur út í port.	
Menntamálaráðun.	Skipholt 37, R.	276	kaup	15.12.1983	15.12.1983	1983	6.473									
Þjálfunarskóli rík.	Stigahlíð 52, R.	296	kaup	09.06.1987	09.06.1987	1988 frv.	4.672	-	7.250	7.250	0				Í byggingu	
St. Jósefsspítali	Suðurgata 41, Hf.		kaup	03.06.1987	01.01.1988	1987	48.165									
"	Suðurgata 44, Hf.		kaup	03.06.1987	01.01.1988	1987	14.003		130.000	13.000	112.100	10 ár	Meðaltal L			
"	Hlíðarbraut 10, Hf.	242	kaup	03.06.1987	01.01.1988	1987	5.880									
"	Hlíðarbraut 12, Hf.		kaup	03.06.1987	01.01.1988	1987	655				4.900	yfirtekið lán.				
Læknisbústaður	Fossahlíð 3,Gr.fj.	174	kaup	29.05.1987	29.05.1987	1987	2.083	5.198	3.500	3.500	0					
Íbúð heilsug.læknis	Urðarvegur 80, Ís.	94	kaup	04.12.1985	01.12.1985	1985	-		2.040	2.040	0				Í byggingu	

Fjárhæðir í þús.króna.

Stofnun	Staður	m²	Kaup/ sala	Kaup/sala dagsetning	Afh.dagur samkvæmt samningi	Heimild í fjárl.	Fasteigna-mat þ.kr.	Brunabóta-mat þ.kr.	Kaupverð/ söluverð	Greiðsluskilmálar Útborgun	gr. með skuldabr.	Lánst.	Vextir	Verð-trygg.	Kostn.við breyt.til árs.'86.
Lögreglustöð	Vesturgata 17,b Ólafsfirði	72	kaup	05.06.1986	05.06.1986	1986	876		530	530	0				
Skóli fyrir þroskaheft börn	Hvammshlíð 6 Akureyri	258	kaup	30.04.1987	21.05.1987	1988 frv.	4.444	8.718	7.500	0	7.500	3.ár og 7 -	Meðaltal L		
Prestsíbúð	Hamarsstígur 24 Akureyri	279	sala	27.09.1983	27.09.1987	1983	4.377	1.828	1.766	1.236	530	4 ár	25%		
Embætti sýslumanns	Hvanneyrarbraut 41 Siglufirði bifreiðageymsla	34	kaup	26.05.1983	26.05.1983	1983	204		213	213	0				Í byggingu.
ÁTVR	Vallholt 19 Selfossi	285	kaup	17.09.1984	03.01.1984	1984	1.015	3.968							1.826
Læknisbústaður	Hrísbraut 11,Höfn Ríkissjóður á 85% af eigninni.		kaup	29.07.1985	07.09.1987	1987	2.388	4.750	5.200	3.640	1.560	4 ár	Meðaltal L		
Ferðamálasjóður	Landspilda í landi Fitjakots	15 ha.	sala	19.09.1985	19.09.1985	1985	131	0	600	600	0				
Flugmálastjórn	Flugskýli Akureyrarflugvelli		sala	11.1985	30.11.1985	1986	6.161	*	6.161	0	6.161	15 ár	15%	* Síðast tr.flugskýli flugmálastj. til 15/10.84 kr. 20.254.000 trygging felld þá.	
Vitavarðarbústaður	Horn, Nesjahreppi A-Skaftafellssýslu		sala	13.01.1986	01.01.1986	1986	-	667	70	70	0				
Skólamál	Skólahús, Borðeyri	653	sala				5.521	15.820*						* 15/10 85	
Embættisíbúð sýslumanns	Ægisbraut 7 Búðardal		sala	01.07.1986	01.07.1986	1986	970	3.459	470	470	0				
Heilsugæslustöð	Vogagerði 10, Vogum	173	kaup	01.06.1985	01.06.1985	1985	924		1.000	432	568	Veðd. L.Í.og líf.sj.			Á bygg-ingar-stigi
Heilsugæslustöð	Helluhraun 17 Skútustaðahr.	137	kaup	22.03.1985	15.05.1985	1985	1.007		1.600	1.404	196	Veðd. L.Í. Líf.sj. Björg Eftir-launa-sj.			

Fjárhæðir í þús.króna.

Stofnun	Staður	m²	Kaup/ sala	Kaup/sala dagsetning	Afh.dagur samkvæmt samningi	Heimild í fjárl.	Fasteigna-mat þ.kr.	Brunabóta-mat þ.kr.	Kaupverð/ söluverð	Greiðsluskilmálar Útborgun	gr. með skuldabr.	Lánst.	Vextir	Verð-trygg.	Kostn.við breyt.til árslok '86.
Vegagerð ríkisins	Þjóðbraut 1														
Áhaldahús	Akranesi		sala	06.06.1984	06.06.1984	1986	2.079	2.447	2.297	1.500	797	4 ár	Hæstu	L	
Meðferðarheimili	Njörvasund 2,														
fyrir þroskahefta	Reykjavík	348	kaup	05.06.1987	01.09.1987	1987	6.677		8.000	8.000	0				
Kennaraíbúð	Ásbyrgi														
	Bessastaðahreppi	122	sala	26.08.1987	01.06.1987	1988	2.236	3.885	3.800	2.200	1.600	10 ár	Meðaltal	L	
	Eignarhluti ríkisins er 57,5%														
	Geislagata 12														
Kristnesspítali	Akureyri		sala	30.10.1986	30.10.1986	1987	551	1.002	600	600	0				
Stjórnarráðið	Sölvhólsgata 4	3.813	kaup	09.10.1987	09.10.1988	1987	91.532	257.548	280.000	100.000	180.000	þar af samkv. samningi			
	Lindargata 9 a	1.856	"	"	"	"									
	Sölvh.g.12 (lóð)	301	"	"	"	"					50.000	1 ár	Meðalv.	L	
	Sölvh.6 lóðarrétt.	629	"	"	"	"					50.000	1½ ár	Meðalv.	L	og skuldabr.
	Sölvh.8 lóðarrétt.	390	"	"	"	"					80.000	4½ ár	Meðalv.	L	
Íbúð sendiráðs	1710 Flora Lane		sala	1987		1987									
	Washington DC														
Íbúð sendiráðs	Tostrupsgatan 21 c		kaup	11.07.1986	31.07.1986	1986			NOK 1.800	NOK 1.800	0				
	Oslo	241													835

Ed. 336. Breytingartillaga [198. mál]

við frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55 30. mars 1987.

Frá Halldóri Blöndal.

Við 2. gr., Tollskrá.
Við 6. kafla bætist nýtt tollskrárnúmer: 0601.2002 – – Pottaplöntur 30.

Ed. 337. Breytingartillaga [47. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. l. nr. 54/1986 og 27/1987.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur og Svavari Gestssyni.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Í stað 1. málsl. 6. mgr. (verður 7. mgr.) 12. gr. laganna komi tveir nýir málsliðir er orðist svo:
Umsækjendur, sem ekki uppfylla skilyrði laga þessara um lánveitingu skv. 13., 14., 18. og 25. gr., skulu innan þriggja mánaða frá því að umsókn er lögð inn fá svar ef um synjun er að ræða. Endanleg svör um afgreiðslutíma láns og lánsfjárhæð berist eigi síðar en ári áður en fyrsti hluti láns kemur til afgreiðslu.

Ed. 338. Frumvarp til laga [198. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 55 30. mars 1987.

(Eftir 2. umr. í Ed., 17. des.)

Samhljóða þskj. 228 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:
2. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:
Tollur skal lagður á tollverð vöru eða sendingar eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum 8.–10. gr. og vera eins og fyrir er mælt í tollskrá í viðauka I með lögum þessum sem hefur lagagildi.

2. gr. hljóðar svo:
2. málsl. 7. tölul. 5. gr. laganna orðist svo: Undanþágu samkvæmt þessum tölulið má að öðru leyti takmarka við notkun, vöruflokka eða hámarksverð og skal þá tekið tillit til dvalartíma erlendis, fjölskyldustærðar og annarra aðstæðna.

3. gr. hljóðar svo:
Við 1. tölul. 6. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðist svo: Samningur Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu vegna aðildar Portúgals og Spánar að bandalaginu skal með sama hætti og gildir um önnur aðildarríki þess koma að fullu til framkvæmda 1. janúar 1988.

4. gr. hljóðar svo:

2. tölul. 6. gr. laganna orðist svo:

Að ákveða að sameina megi í eitt tollskrárnúmer vörur sem falla í mismunandi tollskrárnúmer og fluttar eru til landsins í smásendingum. Undanþágu samkvæmt þessum tölulið má að öðru leyti takmarka við ákveðna vöruflokka eða hámarksverðmæti og að greidd verði af þeim gjöld miðuð við tolltaxta þess tollskrárnúmers sem verðmætasti hluti sendingarinnar fellur undir, eða ákveða fast gjald fyrir smásendingar sem sendar eru í pósti í stað reiknaðra aðflutningsgjalda. Undanþágu þessa má takmarka við sendingar sem fluttar eru inn til eigin nota.

5. gr. hljóðar svo:

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:

Ráðherra er heimilt í reglugerð að setja sérstakar reglur um mat á notuðum ökutækjum og vinnuvélum til tollverðs. Þar má m.a. ákveða að tollverðið miðist við verð þeirra nýrra að frádregnum hundraðshluta fyrir hvert ár eða hluta úr ári af aldri þeirra og má í því skyni krefja innflytjendur um upplýsingar um verð nýrra ökutækja eða vinnuvéla sem þeir hafa umboð fyrir hér á landi.

6. gr. hljóðar svo:

20. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur með reglugerð heimilað að upplýsingar, sem um ræðir í 14.–19. gr., séu veittar með öðrum hætti en skriflega, t.d. með tölvumiðli eða fjarskiptum.

7. gr. hljóðar svo:

1. málsl. 100. gr. laganna orðist svo:

Telji innflytjandi tollverð, tollflokkun eða aðflutningsgjöld eigi rétt ákveðin, vara sé tollskyld eða tollfrjáls, skal hann, áður en úrskurðar er leitað skv. 101. gr., senda skriflega kæru, studda nauðsynlegum gögnum, til viðkomandi tollstjóra.

8. gr. hljóðar svo:

1. mgr. 101. gr. laganna orðist svo:

Úrskurði tollstjóra, sbr. 100. gr., og ákvörðun ríkistollstjóra skv. 3. mgr. 32. gr. má skjóta til ríkistollanefndar, sbr. 37. gr. Kærufrestur skal vera 30 dagar talið frá póstlagningu úrskurðar tollstjóra.

9. gr. hljóðar svo:

Á eftir 1. mgr. 101. gr. laganna komi ný málsgrein er orðist svo:

Ríkistollstjóra er heimilt að skjóta úrskurði tollstjóra til ríkistollanefndar á næstu þremur mánuðum eftir dagsetningu úrskurðar tollstjóra.

10. gr. hljóðar svo:

1. mgr. 103. gr. laganna orðist svo:

Aðflutningsgjöld, af öðrum vörum en þeim sem heimild hefur verið veitt til að settar séu í tollvörugeymslu eða fluttar á frísvæði, falla í gjalddaga þegar tollstjóra hefur verið afhent aðflutningsskýrsla yfir vöru ásamt tilskildum gögnum eða leyfi verið veitt til afhendingar vöru enda hafi flutningsfar tekið höfn. Aðflutningsgjöld skulu þó falla í gjalddaga eigi síðar en einu ári talið frá komudegi flutningsfars til landsins.

11. gr. hljóðar svo:
Síðari málsgrein 105. gr. laganna orðist svo:
Þegar atvik eru eins og um ræðir í 1. mgr. skulu aðflutningsgjöld af viðkomandi vöru reiknuð út samkvæmt þeim aðflutningsgjöldum og tollafgreiðslugengi sem í gildi var á komudegi flutningsfars til landsins hafi vara verið í vörslu farmflytjanda eða innflytjanda, en hafi hún verið sett í tollvörugeymslu eða flutt á frísvæði skulu aðflutningsgjöld reiknuð út samkvæmt þeim aðflutningsgjöldum og tollafgreiðslugengi sem í gildi var þegar tollstjóri veitti leyfi til flutnings vöru þangað, nema sannað sé á fullnægjandi hátt að mati tollstjóra að nefnd atvik séu síðar til komin. Reikna skal frá sama tíma dráttarvexti af aðflutningsgjöldum þannig útreiknuðum. Dráttarvextir skulu vera hinir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt lögum nr. 36/1986. Að öðru leyti skal farið með mál þessi samkvæmt ákvæðum XIV. kafla.

12. gr. hljóðar svo:
Á eftir 150. gr. laganna komi viðauki I, sem er tollskrá, er orðist svo:

Viðauki I.

Tollskrá.

Dálkar merktir A gilda fyrir allar innfluttar vörur, nema sérstaklega sé á annan hátt ákveðið í dálkum merktum E. Dálkar merktir E gilda fyrir vörur innfluttar til landsins samkvæmt ákvæðum um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samkvæmt ákvæðum samnings Íslands við Evrópubandalagið (EB). Dálkar merktir E gilda þó ekki um vörur í eftirfarandi tollskrárnúmerum sem fluttar eru til landsins frá Evrópubandalaginu (þ.e. Belgíu, Bretlandi, Danmörku, Frakklandi, Grikklandi, Hollandi, Írlandi, Ítalíu, Lúxemborg, Portúgal, Spáni og Vestur-Þýskalandi):

1704.1000,	1704.9001,	1704.9003,	1704.9004,	1704.9005,
1704.9009,	1806.1000,	1806.2009,	1806.3100,	1806.3201,
1806.3209,	1806.9009,	1905.1000,	1905.2000,	1905.3000,
1905.4000,	1905.9001,	1905.9009,	2009.1109,	2009.1909,
2009.2009,	2009.3009,	2009.4009,	2009.5009,	2009.6009,
2009.7009,	2009.8009,	2009.9009,	2101.1001,	2101.1009,
2101.2001,	2101.2009,	2101.3000,	2105.0001,	2105.0009,
2106.9019,	2106.9022,	2106.9029,	2106.9031,	2201.1000,
2202.1001,	2202.1009,	2202.9001,	2202.9009,	2203.0001,
2203.0009.				

Almennar reglur um túlkun tollskrárinnar.

Við flokkun vara samkvæmt tollskránni skal fylgja eftirfarandi reglum:

1. Fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum eru einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla og brjóti það eigi í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgt eftirfarandi reglum:
2. a. Þegar talað er um tilteknar vörur í vörulið tekur það einnig til ófullgerðra vara eða vara sem eitthvað vantar á, ef þær við framvísun að öllu verulegu leyti líta út eins og hinar fullgerðu vörur. Enn fremur tekur það til þessara vara fullgerðra eða heilla (eða vara sem flokkast þannig samkvæmt þessum lið) þegar þeim er framvísað ósamsettum eða sundurteknum.

b. Þegar talað er um tiltekið efni í vörulið tekur það eigi einungis til efnisins óblandaðs, heldur einnig til þess í blöndum eða samböndum við önnur efni. Sérhver tilvísun til vara úr tilteknu efni tekur til vara sem að öllu eða nokkru leyti eru úr því efni. Um tollflokkun blandaðra og samsettra vara fer eftir reglum 3. töluliðar hér á eftir.

3. Nú kemur til álita samkvæmt reglu 2. tölul., eða af öðrum ástæðum, að telja vörur til tveggja eða fleiri vöruliða og skal þá tollflokkunin fara eftir því sem hér segir:
   a. Vöruliður sem felur í sér nákvæmasta vörulýsingu skal tekinn fram yfir vörulið með almennri vörulýsingu. Þegar tveir eða fleiri vöruliðir hver um sig taka aðeins til hluta þeirra efna eða efnavara, sem eru í blöndum eða samsettum vörum, eða aðeins til hluta vara í vörusamstæðu í smásöluumbúðum, skulu þeir vöruliðir taldir koma að jöfnu til álita með tilliti til þessara vara, þótt einn þeirra gefi fyllri eða nákvæmari lýsingu á vörunum.
   b. Blöndur, samsettar vörur úr ýmsum efnum eða hlutum svo og vörusamstæður, sem eigi verður flokkað eftir reglu a-liðar 3. tölul., skal flokka eftir því efni eða þeim hluta sem helst einkennir vörurnar, enda verði slíku mati komið við.
   c. Ef eigi er unnt að flokka vörur eftir reglum a- eða b-liðar 3. tölul. hér á undan skal telja þær til þess vöruliðar sem síðastur er þeirra vöruliða sem að jöfnu koma til álita.
4. Vörur sem ekki verða flokkaðar samkvæmt undanfarandi reglum skulu taldar til sama vöruliðar og þær vörur sem þeim eru líkastar.
5. Auk undanfarandi ákvæða skulu eftirfarandi reglur gilda um þær vörur sem hér greinir:
   a. Myndavélahylki, hljóðfæratöskur, byssuhulstur, pennastokkar, skartgripaskrín og áþekk ílát, sem sérstaklega eru löguð eða smíðuð undir ákveðnar vörur eða vörusamstæður, eru ætluð til langvarandi nota og framvísað með þeim vörum sem þær eru ætlaðar undir, skal flokka með þessum hlutum. Ákvæði þetta tekur þó ekki til íláta sem eru einkennandi fyrir vöruna í heild.
   b. Leiði ekki annað af reglu a-liðar 5. tölul. skal umbúðaefni og ílát til pökkunar, sem framvísað er með vörunum í, flokkað með vörunum, enda sé það venjulega notað til pökkunar á slíkum vörum.
6. Í lagalegu tilliti skal flokkun vara í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemda við undirliði og, að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirliðir verða bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gilda einnig með tilliti til reglunnar, nema annað leiði af orðalagi.

Einstakir kaflar tollskrárinnar breytast svo:

6. kafli. Við bætist nýtt tollskrárnúmer: 0601.2002 – – Pottaplöntur 30.

10. kafli. Í stað orðanna „annað hvort“ í a-lið 1. athugasemdar kemur: einnig.

20. kafli. Tnr. 2005.5100 orðast svo:

		A %
	– Belgaldin (Vigna spp., Phaseolus spp.):	
5100	– – Belgaldin, afhýdd	30

25. kafli. Tolltaxti tnr. 2517.4901 verður: 0.

33. kafli. Tnr. 3307.4001 verður: 3307.4100.

37. kafli.
1. Orðið „ekki“ í tnr. 3702.9200 fellur brott.
2. Í stað orðsins „Ljóssetningarfilmur“ í tnr. 3703.9001 kemur: Ljóssetningarpappír.

39. kafli.
1. Tolltaxti tnr. 3917.3300 verður: 0.
2. Tnr. 3926.9022 fellur brott.
3. Tnr. 3926.9023 verður: 3926.9022.

40. kafli.
1. Í stað orðanna:
„– Annað:
– – Úr balata, guttaperka og áþekkum náttúrlegum gúmkvoðum, óvúlkaníseruðum:“, ásamt tnr. 4006.9011 til og með tnr. 4006.9090 kemur:
9000 – Annað 0
2. Tolltaxti í dálki A við tnr. 4008.1101 verður: 5.
3. Tolltaxti í dálki E við tnr. 4008.2101 verður: 0.
42. kafli. Tolltaxti í dálki A við tnr. 4202.9100 verður: 10.
43. kafli. Tolltaxti í dálki E við tnr. 4301.5000 verður: 0.
44. kafli.
1. Tolltaxti í tnr. 4401.3000 verður: 0.
2. Fyrir framan orðið „ – Annað“ í tnr. 4408 kemur: 9000.
3. Fyrir aftan orðið „klæðningarefni“ í tnr. 4410–4413 koma orðin: listar hvers konar.
4. Tolltaxti í dálki E við tnr. 4414.0000 verður: 0.
48. kafli.
1. Í stað orðsins „servíettur“ í tnr. 4818.3000 kemur: pentudúkar.
2. Tolltaxti í dálki E við tnr. 4819.1009 verður: 0.
3. Tnr. 4819.4039 verður: tnr. 4819.4009.
49. kafli. Tnr. 4911.1011 verður: 4911.1001.
51. kafli. Á eftir tnr. 5112.9001 kemur:

	A %
9009 – – Annars	0

56. kafli. Tnr. 5607.4904 og 5607.5004 falli brott.
59. kafli. Á undan orðunum „ – Úr pólyesterum“ í tnr. 5902 og „ – Með pólyúretani“ í tnr. 5903 kemur: 2000.
60. kafli. Tnr. 6002.9101 verður: tnr. 6002.9100.
61. kafli. Orðin „Prjónaðar og heklaðar“ í tnr. 6117.9001 falli brott, jafnframt því sem tolltaxti í dálki A verður: 5, en 0 í dálki E.
63. kafli. Tolltaxti í tnr. 6305.1000 og 6305.2000 verður: 0.
64. kafli.
1. Tolltaxti í tnr. 6402.1100 og 6403.1100 verður: 15 í dálki A, en 0 í dálki E.
2. Tnr. 6403.1902 verður: tnr. 6403.1901.
65. kafli. Tolltaxti í tnr. 6506.1000 verður: 0.
69. kafli. Tolltaxti í tnr. 6909.1900 verður: 0.
73. kafli.
1. Í stað tnr. 7307.1190 kemur: tnr. 7307.1900.
2. Tolltaxti í tnr. 7315.2000 verður: 0.
76. kafli.
1. Tolltaxti í tnr. 7601.1000–2000 verður: 0.
2. Í stað tnr. 7615.1000 koma tvö númer er orðist svo:

	A %	E %
– Borðbúnaður, eldhúsbúnaður eða önnur búsáhöld og hlutar til þeirra; pottahreinsarar og hreinsi- eða fægileppar, -hanskar og þess háttar:		
1001 – – Pönnur	30	
1009 – – Annað	10	0

3. Tolltaxti í tnr. 7616.9009 verður: 10 í A-dálki, en 0 í E-dálki.

82. kafli.
1. Tolltaxti í tnr. 8210.0000 verður: 0.
2. Tolltaxti í tnr. 8212.1000–8214.9000 verður: 0.

84. kafli.
1. Tnr. 8404.1002 verður: 8404.1009.
2. Tnr. 8404.9001 orðast svo: Hlutar til vöru í nr. 8404.1001.
3. Tolltaxti í tnr. 8421.1100 verður: 0.
4. Tnr. 8425.1000 verður: 8425.1100.
5. Á eftir tnr. 8441.8000 kemur:
   9000 – Hlutar 0
   en orðið „ – Hlutar:“ og eftirfarandi tnr. 9000 fellur brott.

85. kafli.
1. Tolltaxti í tnr. 8506.1100–8506.9000, 8509.1000, 8509.4001–8509.4009, 8510.1000, 8512.1000–8512.9000, 8516.3100–8516.3200, 8516.7100–8516.7200, 8518.1000 og 8526.9201 verður: 0.
2. Tolltaxti í tnr. 8516.5000 verður: 10 í A-dálki og 0 í E-dálki.
3. Tnr. 8527.0001 verður: 8527.9001 og tolltaxti 0.
4. Tnr. 8527.009 verður: 8527.9009.

87. kafli.
1. Tolltaxti í dálki E í tnr. 8702.1002 og 8702.9002 fellur brott.
2. Tolltaxti í dálki E í tnr. 8702.1009 og 8702.9009 verður: 0.
3. Í stað „1300 cm^2“ í tnr. 8703.3119 kemur: 1300 cm^3.
4. Á eftir tnr. 8703.3139 kemur:
   – – – Önnur:
   3141 – – – – Sjúkrabifreiðar eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins 0
5. Tolltaxti í dálki E við tnr. 8708.1000, 8708.2900–8708.8000 og 8708.9400–8708.9900 fellur brott; tolltaxti í dálki A við tnr. 8708.2100 verður: 0, og tolltaxti við tnr. 8708.9300 verður: 10.
6. Tolltaxti í tnr. 8716.1000 verður: 10.

90. kafli. Tolltaxti í tnr. 9005 – tnr. 9013 verður: 0.

13. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988. Frá sama tíma falla úr gildi 1. og 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o.fl., ásamt lögum um breyting á greinum þessum svo og reglugerðir, auglýsingar og öll önnur fyrirmæli sem sett hafa verið samkvæmt greinum þessum. Tilvísanir í lög nr. 120/1976, um tollskrá o.fl., lög nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit, og lög nr. 47/1960, um tollvörugeymslur o.fl., með síðari breytingum, í lögum nr. 78 23. desember 1980, um jöfnunargjald, breytast í tollalög, nr. 55/1987, með breytingum eftir því sem við á. Á eftir orðunum „þessarar greinar“ í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 78/1980 komi: eða eru hliðstæðar eða koma í stað þeirra.

Við gildistöku laga þessara falla jafnframt úr gildi ákvæði í öllum öðrum lögum um lækkun eða niðurfellingu tolla eða aðflutningsgjalda, nema slíkar undanþágur styðjist jafnframt við milliríkjasamninga eða samninga ríkisins við erlenda aðila.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

I

Af öllum vörum, sem ótollafgreiddar eru 1. janúar 1988, skal greiða toll samkvæmt tollskrá í viðauka I við tollalög, sbr. 12. gr. þessara laga.

Hafi leyfi til afhendingar á vöru verið veitt fyrir gildistöku laga þessara skal tollmeðferð hennar þó miðuð við þá tolla og önnur gjöld sem í gildi voru við leyfisveitinguna.

II

Tollur á vörum í tollskrárnúmerum 8429.1100–8430.6200, 8430.6909 og 8431.4109 skal lækka í 20% 1. janúar 1989, 15% 1. janúar 1990, 10% 1. janúar 1991, 5% 1. janúar 1992 og falla niður 1. janúar 1993.

III

Tollur á vörum í tollskrárnúmerum 2001.1000–2005.9000, 4818.2000–4818.3000, 7617.1001, 8537.1000–8537.2000 og 8708.9200 skal lækka í 20% 1. janúar 1989, 10% 1. janúar 1990 og falla niður 1. janúar 1991.

Sþ. 339. Tillaga til þingsályktunar [210. mál]

um staðfestingu samkomulags um loðnuveiðar Norðmanna.

Frá utanríkismálanefnd.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samkomulag milli Íslands og Noregs um loðnuveiðar norskra veiðiskipa innan íslenskrar lögsögu á árinu 1988.

Greinargerð.

Fyrir árin 1986 og 1987 var gert samkomulag við Norðmenn um heimildir til loðnuveiða innan íslenskrar efnahagslögsögu. Tillaga sú, sem nú er flutt, er um sambærilegar veiðiheimildir á árinu 1988 og hníga sömu rök og áður að því að veita slíkar heimildir.

Aðdragandinn nú er sá að í byrjun loðnuvertíðar 1987–1988 var leyfilegt heildaraflamagn ákveðið 500 000 lestir en að loknum frekari rannsóknum var í þessum mánuði ákveðin 550 000 lesta aukning heildaraflamagnsins.

Norðmenn eiga skv. 2. mgr. 4. gr. samkomulags Íslands og Noregs um fiskveiði- og landgrunnsmál frá 28. maí 1980 rétt á hlutdeild í viðbótarmagninu. Þykir hagkvæmt að hluti jöfnunarmagnsins verði veiddur nú á vetrarvertíðinni fremur en að það leggist við veiðiheimildir Norðmanna á næstu sumarvertíð. Samkvæmt ákvæðum samkomulagsins frá 1980 eiga Norðmenn rétt á 15% viðbótarmagnsins, eða 82 000 lestum, auk 1035 lesta sem þeir veiddu ekki á sumarvertíð. Norðmenn hafa óskað eftir að veiða 60 000 lestir á tímabilinu 1. janúar til 15. febrúar 1988.

Miðar samkomulagið að því að heimila þetta, en ekki þótti rétt að leyfa veiðar vestan 13°00′V sunnan 64°30′N.

Fylgiskjal I.

Orðsending sendiherra Noregs til utanríkisráðherra.
(15. desember 1987.)

Herr Utenriksminister.

Jeg har den ære aa vise til dröftelser som har funnet sted de siste uker mellom representanter for vaare to regjeringer om norsk interesse for aa fiske lodde innenfor Islands fiskerigrense i januar/februar 1988. Dröftelsene har funnet sted paa grunnlag av overenskomsten av 28. mai 1980 om fiskeri- og kontinentalsokkelspörsmaal, især med henblikk paa den endring av Norges loddekvote for sesongen 1987–1988 som, ifölge artikkel 4 i overenskomsten, skal gjöres som följe av ökningen i den totalt tillatte fangst.

Jeg kan bekrefte at man under de nevnte dröftelser er blitt enig om följende:

1. Norske fiskefartöyer gis tillatelse til aa fiske inntil 60 000 tonn lodde innenfor Islands 200 n. mils fiskerigrense i tiden 1. januar til 15. februar 1988 med den begrensning at loddefiske i omraadet sör for 64°30'N, vest for 13°00'V er forbudt.
2. Slik tillatelse gis til fartöyer som det islandske fiskeridepartement godkjenner.
3. Det islandske fiskeridepartement skal fastsette regler om de norske fiskefartöyers meldeplikt innenfor Islands sone, herunder om daglig melding om fartöyenes posisjon og fangster.

Dersom Deres regjering er enig i ovenstaaende, har jeg den ære aa foreslaa at dette brev og Deres svarbrev skal utgjöre en avtale mellom vaare to regjeringer, som trer midlertidig i kraft ved datoen for Deres svarbrev og trer endelig i kraft naar de to regjeringer har meddelt hverandre at deres konstitusjonelle krav er oppfylt.

Motta, Herr Utenriksminister, forsikringen om min mest utmerkede höyaktelse.

Niels L. Dahl,
ambassadör.

Fylgiskjal II.

Svarorðsending utanríkisráðherra.
(16. desember 1987.)

Herra sendiherra.

Ég leyfi mér að viðurkenna móttöku orðsendingar yðar, dags. 15. þ.m., sem hljóðar svo:

„Ég leyfi mér að vísa til viðræðna, sem fram hafa farið undanfarnar vikur milli fulltrúa ríkisstjórna okkar, um áhuga Norðmanna á því að veiða loðnu innan fiskveiðimarka Íslands í janúar–febrúar 1988. Viðræður fóru fram á grundvelli samkomulags frá 28. maí 1980 um

fiskveiði- og landgrunnsmál, einkum með tilliti til þeirra breytinga sem skv. 4. gr. samkomulagsins þarf að gera á hlutdeild Noregs í loðnuafla 1987–1988 vegna aukningar á leyfilegu aflamagni.

Ég get staðfest hér með eftirfarandi samkomulag sem náðist í viðræðunum:

1. Norskum veiðiskipum verður heimilað að veiða allt að 60 000 lestir af loðnu innan 200 sjómílna fiskveiðimarka Íslands á tímabilinu 1. janúar til 15. febrúar 1988, þó með þeirri takmörkun að loðnuveiðar eru bannaðar á svæði sunnan 64°30'N vestan 13°00'V.
2. Heimild þessi er bundin við skip sem íslenska sjávarútvegsráðuneytið samþykkir.
3. Íslenska sjávarútvegsráðuneytið mun setja reglur um tilkynningaskyldu norskra veiðiskipa innan íslenskrar lögsögu, þar á meðal um daglega staðsetningu skipa og afla þeirra.

Ef ríkisstjórn yðar lýsir sig samþykka framangreindu leyfi ég mér að leggja til að orðsending þessi og svar yðar myndi samning milli ríkisstjórna landanna sem taki gildi til bráðabirgða þann dag er svarbréf yðar er dagsett og endanlega þegar ríkisstjórnirnar báðar hafa tilkynnt að stjórnskipunarákvæðum þeirra hafi verið fullnægt.

Ég votta yður, herra utanríkisráðherra, sérstaka virðingu mína."

Ég leyfi mér að staðfesta að ríkisstjórn Íslands er sammála ofangreindu og fellst á að orðsending yðar og svar þetta skoðist sem samningur milli ríkisstjórnanna er tekur gildi til bráðabirgða í dag og endanlega þegar ríkisstjórnirnar báðar hafa tilkynnt að stjórnskipunarákvæðum þeirra hafi verið fullnægt.

Ég votta yður, herra sendiherra, sérstaka virðingu mína.

Steingrímur Hermannsson,
utanríkisráðherra.

Ed. 340. Nefndarálit [63. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1988.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp til lánsfjárlaga fyrir árið 1988 var lagt fram í októbermánuði sl. Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og henni borist margháttuð gögn og erindi. Jafnframt hefur nefndin kallað fyrir ýmsa aðila sem málið varðar.

Í frumvarpinu er heildarfjáröflun til opinberra aðila, fjárfestingarlánasjóða og atvinnufyrirtækja áætluð 20 250 millj. kr. Þar af er ráðgert að afla 12 250 millj. kr. innan lands og 8000 millj. kr. erlendis.

Í meðförum nefndarinnar eru á þessu stigi boðaðar nokkrar breytingar frá upphaflegu frumvarpi. Heildarlánsfjárráðstöfun hækkar um 369 millj. kr., erlendar lántökur um 469 millj. kr. en innlendar lántökur lækka um 100 millj. kr. Skal nú gerð stutt grein fyrir þeim breytingum sem meiri hl. leggur til.

Í frumvarpinu voru lántökuheimildir sveitarfélaga áætlaðar alls 350 millj. kr., þar af var 212 millj. kr. ekki skipt á einstakar hitaveitur vegna ónógra upplýsinga. Miðað var við að afla 100 millj. kr. innan lands og 112 millj. kr. erlendis. Hér er gert ráð fyrir að þessum liðum verði ráðstafað þannig:

1. Hitaveita Suðurnesja 150 millj. kr.
2. Hitaveita Siglufjarðar 20 millj. kr.

3. Hitaveita Rangæinga 10,5 millj. kr.
4. Fjarhitun Vestmannaeyja 45 millj. kr.
5. Aðrar framkvæmdir eða skuldbreytingar 30 millj. kr.

Lántökur sveitarfélaganna nema samkvæmt þessu alls 394 millj. kr., og er allt það fé tekið að láni erlendis.

Byggðastofnun er veitt viðbótarheimild til erlendrar lántöku að fjárhæð 200 millj. kr. vegna lánveitinga til viðgerða og endurbóta á skipum innan lands eins og verið hefur. Er þetta gert til að jafna þann aðstöðumun sem innlendar skipasmíðastöðvar búa við samanborið við erlenda aðila.

Tekin er inn 100 millj. kr. heimild vegna Breiðafjarðarferju en smíði hennar er í fullum gangi og var gengið frá smíðasamningi við Þorgeir og Ellert hf. á Akranesi fyrr á þessu ári. Ráðgert er að ferjan verði afhent seinni hluta árs 1988 eða snemma á árinu þar á eftir.

Þá eru gerðar margvíslegar breytingar á II. kafla frumvarpsins vegna breytinga í meðförum Alþingis og ríkisstjórnar á frumvarpi til fjárlaga. Framlag til Iðnlánasjóðs verður 25 millj. kr., framlag til jarðræktar hækkar úr 100 millj. kr. í 141 millj. kr., vegna búfjárræktarlaga 9 millj. kr. og skil á tekjum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækka úr 1485 millj. kr. í 1585 millj. kr. Þá er fellt út skerðingarákvæði um framlag til vegamála. Að lokum er tekin inn ný grein sem heimilar landbúnaðarráðherra að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af kjötmati leiðir.

Bætt er inn í frumvarpið heimildargreinum sem gera Landsvirkjun og Framkvæmdasjóði Íslands kleift að nýta sér hagstæð lánskjör á erlendum lánamörkuðum. Er þetta nauðsynleg heimild fyrir þá sem skulda stórar upphæðir erlendis enda þarf ávallt að hafa vakandi auga með markaðnum og bregðast skjótt við og eftir aðstæðum.

Bætt er inn heimild fyrir ríkissjóð til að hafa milligöngu um 160 millj. kr. erlent lán fyrir Rafmagnsveitur ríkisins, en fyrirtækið þurfti að taka bráðabirgðalán í Landsbankanum fyrr á þessu ári til að greiða vanskil frá fyrri árum.

Að lokum er tekin inn heimild fyrir fjármálaráðherra til að semja við Hitaveitu Suðureyrar, Hitaveitu Rangæinga og Hitaveitu Siglufjarðar um nauðsynlegar ráðstafanir til að bæta fjárhag veitnanna í framtíðinni.

Alþingi, 17. des. 1987.

Halldór Blöndal, form., frsm. | Ey. Kon. Jónsson, fundaskr. | Jóhann Einvarðsson.

Eiður Guðnason. | Valgerður Sverrisdóttir.

Fylgiskjal I.

Heildaryfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1988.

	Sala spari-skírteina	Verðbréfa-kaup bankakerfis	Verðbréfa-kaup líf.sjóða	Önnur innlend lántaka	Innlend lántaka alls	Erlend lán	Heildar-lántökur
I. Opinberir aðilar	3 000	1 200	—	—	4 200	1 044	5 244
Ríkissjóður, A-hluti	3 000	1 200	—	—	4 200	—	4 200
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	—	—	—	—	—	650	650
Sveitarfélög	—	—	—	—	—	394	394
II. Opinberar lánastofnanir	—	280	6 110	300	6 690	550	7 240
Byggingarsjóður ríkisins	—	—	4 750	50	4 800	—	4 800
Byggingarsjóður verkamanna	—	—	1 360	—	1 360	—	1 360
Byggðastofnun, almennar lánveitingar	—	—	—	250	250	350	600
Byggðastofnun, innlend skipasmíði	—	—	—	—	—	200	200
Framkvæmdasjóður	—	280	—	—	280	—	280
III. Atvinnufyrirtæki og sjóðir	—	—	60	1 200	1 260	6 875	8 135
Atvinnufyrirtæki	—	—	—	—	—	4 800	4 800
Herjólfur hf. Vestmannaeyjum	—	—	—	—	—	125*)	125
Flóabáturinn Baldur hf.	—	—	—	—	—	100	100
Fiskveiðasjóður, greiðsluhalli	—	—	—	150	150	150	300
Fiskveiðasjóður, : tlán	—	—	—	250	250	350	600
Iðnlánasjóður	—	—	—	300	300	400	700
Iðnþróunarsjóður	—	—	—	50	50	100	150
Stofnlánadeild landbúnaðarins	—	—	60	—	60	—	60
Útflutningslánasjóður	—	—	—	50	50	50	100
Fjármögnunarleigur	—	—	—	400	400	800	1 200
Heildarlántökur (I+II+III)	3 000	1 480	6 170	1 500	12 150	8 469	20 619

*) Þar af 25 m.kr. ónotuð heimild í ár sem verður nýtt á árinu 1988.
Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Fylgiskjal II.

Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila 1987 og 1988.

	Endurskoðuð áætlun 1987	Frumvarp til lánsfjárl. 1988	Till. meiri hl. 1988
1. Ríkissjóður, A-hluti	**6 960**	**4 200**	**4 200**
Þar af endurlánað til B-hluta	1 620	1 635	1 635
Lánasjóður íslenskra námsmanna	800	690	690
RARIK, almennar framkvæmdir	300	125	125
Flugstöð á Keflavíkurflugvelli	520	820	820
Þar af endurlánað til atvinnufyrirtækja	215	—	—
Togarinn Merkúr	180	—	—
Baldur hf. Stykkishólmi	35	—	—
2. Ríkissjóður, B-hluti	**955**	**—**	**—**
Póst- og símamálastofnunin	170	—	—
Síldarverksmiðjur ríkisins	105	—	—
Flugstöð Keflavík	680	—	—
3. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	**570**	**650**	**650**
Landsvirkjun	470	600	600
Þróunarfélag Íslands	100	50	50
4. Sveitarfélög	**520**	**350**	**394**
Hitaveita Akureyrar	373*)	120	120
Hitaveita Egilsstaða og Fella	9	8	8
Hitaveita Siglufjarðar	12	—	20
Hitaveita Hveragerðis	45	—	—
Hitaveita Eyrar	3	10	10
Hitaveita Rangæinga	—	—	11
Hitaveita Suðurnesja	—	—	150
Fjarhitun Vestmannaeyja	—	—	45
Annað	78	212	30
5. Ráðstöfun (1+...+4) = fjáröflun (6+7)	**9 005**	**5 200**	**5 244**
6. Innlend fjáröflun	**5 560**	**4 300**	**4 200**
Útgáfa spariskírteina	1 500	3 000	3 000
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	800	—	—
Verðbréfakaup bankakerfis	1 716	1 200	1 200
Seðlabanki Íslands, vegna Útvegsbanka	864	—	—
Bankakerfið, flugstöð í Keflavík	680	—	—
Önnur innlend fjáröflun	—	100	—
7. Erlendar lántökur	**3 445**	**900**	**1 044**
Ríkissjóður, A-hluti	2 080	—	—
Ríkissjóður, B-hluti	275	—	—
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	570	650	650
Sveitarfélög	520*)	250	394

*) Skuldbreyting erlendra skammtímalána Hitaveitu Akureyrar 373 m.kr.
Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Ed. 341. Breytingartillögur [63. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1988.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (HBl, EKJ, JE, VS, EG).

1. 5. gr. orðist svo:
   Heimilt er að taka lán til framkvæmda og skuldbreytingar sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra sem hér segir:
   1. Hitaveita Akureyrar, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 120 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
   2. Hitaveita Egilsstaða og Fella, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 8 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
   3. Hitaveita Eyrar, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 10 000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
   4. Hitaveita Siglufjarðar, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 20 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
   5. Hitaveita Rangæinga, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 10 500 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
   6. Fjarhitun Vestmannaeyja, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 45 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
   7. Hitaveita Suðurnesja, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 150 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
   8. Aðrar framkvæmdir eða skuldbreytingar, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 30 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Við 6. gr. Í stað „350 000“ komi: 550 000.
3. Á eftir 7. gr. komi ný grein sem verður 8. gr. og orðist svo:
   Flóabátnum Baldri hf., Stykkishólmi, er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð 100 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til smíði ferju.
4. Við 8. gr., sem verður 9. gr. Í stað „3.–7. gr.“ komi: 3.–8. gr.
5. 15. gr., sem verður 16. gr., orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 3. tölul. 9. gr. laga nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, skal framlag ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 25 000 þús. kr. á árinu 1988.
6. Við 22. gr. sem verður 23. gr. Greinin orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. laga nr. 56/1987, jarðræktarlaga, skal greiðsla ríkissjóðs á framlagi til jarðabóta vegna framkvæmda á árinu 1987 ekki fara fram úr 141 000 þús. kr. á árinu 1988, en lokagreiðsla komi árið 1989.
7. 23. gr. sem verður 24. gr. orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 31/1973, um framlög til búfjárræktar, skal framlag ríkissjóðs til búfjárræktarstyrkja eigi nema hærri fjárhæð en 9 000 þús. kr. á árinu 1988.
8. 25. gr. falli niður.
9. Við bætist ný grein sem verður 26. gr. og orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 5. tölul. 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, laga nr. 21/1976, um flokkun og mat ullar, og laga nr. 22/1976, um flokkun og mat á gærum, er landbúnaðarráðherra heimilt að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af yfirmati samkvæmt lögunum leiðir.
10. Við 27. gr. sem verður 28. gr. Í stað „1 485 000“ komi: 1 585 000.
11. Við 30. gr., sem verður 31. gr., bætist ný málsgrein er orðist svo:
    Jafnframt er Landsvirkjun heimilt að stofna til svokallaðra skulda- og/eða vaxtaskipta vegna erlendra lána sinna sem hún hefur tekið með viðeigandi heimildum og samþykki eignaraðila.

12. Við bætist ný grein sem verður 32. gr. og orðist svo:
Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.
Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta þar sem mótaðili ríkissjóðs í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánum sem Framkvæmdasjóður tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Framkvæmdasjóður tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.
Nýti Framkvæmdasjóður lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku skammtímalána og/eða veltiláns er honum heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.
13. Við 31. gr., sem verður 33. gr., bætist ný málsgrein sem orðist svo:
Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán allt að 160 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt á árinu 1987 og endurlána Rafmagnsveitum ríkisins.
14. Við bætist ný grein sem verður 34. gr. og orðist svo:
Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs og að fengnu samþykki fjárveitinganefndar, er heimilt að semja við Hitaveitu Rangæinga, Hitaveitu Suðureyrar og Hitaveitu Siglufjarðar um ráðstafanir til að bæta fjárhag veitnanna í framtíðinni.

Nd. 342. Breytingartillögur [206. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
3. tölul. 31. gr. laganna orðist svo:
Tap á útistandandi viðskiptaskuldum á því tekjuári sem skuld er sannanlega töpuð. Útistandandi viðskiptaskuldir, sbr. 2. mgr. 5. tölul. 74. gr., er heimilt að færa niður um allt að 4% á árinu 1988, um allt að 3% á árinu 1989 og um allt að 1% á árinu 1990, en þá falli heimildir samkvæmt þessum tölulið niður.
2. Við 3. gr. Við greinina bætist tveir nýir liðir:
5. Persónulega eyðslu forráðamanna fyrirtækis eða starfsmanna þess. Ríkisskattstjóri skal gefa út reglur árlega um takmörk samkvæmt þessum tölulið.
6. Risnu nema hún sé sannanlega í þágu fyrirtækisins. Ríkisskattstjóri setur reglur um risnukostnað fyrirtækja eftir stærð þeirra og veltu og með hliðsjón af markaðsstöðu fyrirtækjanna. Við ákvörðun sína skal ríkisskattstjóri gæta þess sérstaklega að persónuleg eyðsla forráðamanna fyrirtækis eða starfsmanna þess færist aldrei á kostnað fyrirtækisins.
3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
72. gr. laganna orðist svo:
Tekjuskattur lögaðila, sbr. 2. gr., skal vera 52% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 62. gr.

4. Við 6. gr. 3. tölul. greinarinnar orðist svo:
   Síðari mgr. 5. tölul. orðist svo:
   Útistandandi skuldir skal telja til eignar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól í lok reikningsárs nema sannað sé að þær séu minna virði. Frá þannig töldu verði útistandandi skulda er þó heimilt að draga allt að 4% 1988, 3% 1989 en 1% 1990 og mynda með því mótreikning fyrir skuldum sem kunna að tapast. Útistandandi viðskiptaskuldir í þessu sambandi teljast kröfur sem stofnast vegna sölu á vörum og þjónustu og falla í gjalddaga innan eins árs frá því að til þeirra var stofnað.
5. Við bætist ný grein er verði 8. gr. og hljóði svo:
   Á eftir 2. mgr. 102. gr. laganna komi ný málsgrein sem orðist svo:
   Skattrannsóknarstjóri skal á hverju ári láta fara fram rannsókn á bókhaldi og skattskilum a.m.k. 100 fyrirtækja sem ákveðin verða samkvæmt útdrætti á nöfnum þeirra. Stuðlað skal að því að fyrirtækin og einstaklingar með rekstur geti gengið að því vísu að skattskil þeirra verði rannsökuð reglulega.

Sþ. 343. Viðauki við skýrslu [16. mál]

utanríkisráðherra um útgjöld og kostnað við byggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, skv. beiðni.

Til nánari skýringar við spurningu um framkvæmdir og ábyrgð skal tekið fram:

1. Hækkun framkvæmdakostnaðar í 1321 m.kr. er m.a. vegna viðbóta sem ákveðnar voru á byggingartíma.

2. Verðhækkanir, sem nema 1162 m.kr. í stað 238 m.kr. og sem áætlaðar voru, stafa m.a. af meiri verðhækkunum á tímabilinu en reiknað var með, enda var verðbólga á fjögurra ára byggingartíma 88% í stað 25% eins og gert hafði verið ráð fyrir. Af þessari hækkun eru 339 m.kr. verðhækkanir á þem viðbótum sem ákveðnar voru.

3. Mikil aukning farþega umfram áætlun er meginástæða fyrir því að byggingarnefnd gerði tillögur um stækkun umfram upphaflega niðurskorna kostnaðaráætlun. Þær tillögur samþykkti utanríkisráðherra.

Nd. 344. Breytingartillaga [195. mál]

við frv. til l. um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði.

Frá Steingrími J. Sigfússyni og Kristínu Halldórsdóttur.

Við 6. gr. Í stað „1,1%“ komi: 2,2%.

Nd. 345. Nefndarálit [137. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 14/1965, um launaskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. er andvígur þessu frumvarpi og leggur til að það verði fellt.

Á fund nefndarinnar komu fulltrúar útvegsmanna og forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar og kom fram í máli þeirra að staða sjávarútvegsins er slæm og horfur ekki góðar. Sömuleiðis eru ýmsar greinar útflutningsiðnaðar illa staddar.

Á næsta ári er boðaður 10% samdráttur í þorskveiðum sem kostað gæti útgerðina 1200–1400 milljónir króna brúttó tekjumissi. Óvissa ríkir í gengismálum og vaxtakostnaður er nú hærri en nokkru sinni.

Allar aðstæður nú mæla því gegn nýjum álögum á útflutningsgreinarnar.

Ingi Björn Albertsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 18. des. 1987.

Steingrímur J. Sigfússon, frsm. Kristín Halldórsdóttir.

Ed. 346. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt. Svavar Gestsson skrifar undir nefndarálitið með þeim fyrirvara að tryggt verði með ákvæði í lögum að vasapeningar aldraðra og öryrkja á stofnunum verði undir engum kringumstæðum skertir með sköttum.

Júlíus Sólnes og Guðrún Agnarsdóttir, sem sat fundi nefndarinnar, mæla með samþykkt frumvarpsins og taka undir fyrirvara Svavars Gestssonar.

Alþingi, 18. des. 1987.

Halldór Blöndal, form., frsm. Ey. Kon. Jónsson, fundaskr. Eiður Guðnason.

Júlíus Sólnes, með fyrirvara. Svavar Gestsson, með fyrirvara. Jóhann Einvarðsson.

Valgerður Sverrisdóttir.

Ed. 347. Nefndarálit [180. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46/1987, um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á fundum sínum og leggur til að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 200.

Guðrún Agnarsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk þessu áliti með fyrirvara.

Alþingi, 18. des. 1987.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Svavar Gestsson, með fyrirvara.
Eiður Guðnason.	Jóhann Einvarðsson.	Júlíus Sólnes.
	Valgerður Sverrisdóttir.	

Ed. 348. Frumvarp til laga [197. mál]

um vörugjald.

(Eftir 2. umr. í Ed., 18. des.)

Upphafsákvæði.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð vörugjald af innfluttum vörum og vörum sem framleiddar eru eða fá einhverja vinnslumeðferð innan lands eins og nánar er ákveðið í lögum þessum.

Gjaldskyldar vörur og framleiðsla.

2. gr.

Gjaldskyldan nær til allra vara, nýrra sem notaðra, sem fluttar eru til landsins eða eru framleiddar, unnið er að eða er pakkað hér á landi og flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í 3. gr. Vara, sem seld er úr landi, er þó ekki gjaldskyld.

Við flokkun til gjaldskyldu samkvæmt lögum þessum skal fylgt flokkunarreglum tollalaga, nr. 55/1987, og gilda ákvæði þeirra jafnframt um úrskurðarvald í ágreiningsmálum um tollflokkun vara.

3. gr.

Vörugjald skal vera 14% og leggst á vörur í eftirgreindum tollskrárnúmerum:

1704.1000	2009.1101	2106.9011	2208.9009	7213.3101
1704.9001	2009.1109	2106.9019		7213.3901
1704.9002	2009.1901	2106.9021	2209.0000	7213.4101
1704.9003	2009.1909	2106.9022		7213.4901
1704.9004	2009.2001	2106.9029	3003.9004	7213.5001
1704.9005	2009.2009	2106.9031		
1704.9009	2009.3001		3004.5004	7214.2001
	2009.3009	2201.1000	3004.9004	7214.3001
1805.0001	2009.4001			7214.4001
1805.0009	2009.4009	2202.1001	3302.1002	7214.5001
	2009.5001	2202.1009		7214.6001
1806.1000	2009.5009	2202.9001	3922.1000	
1806.2001	2009.6001	2202.9009	3922.2000	7217.1100
1806.2009	2009.6009		3922.9001	7217.1900
1806.3100	2009.7001	2203.0001	3922.9009	7217.2100
1806.3201	2009.7009	2203.0009		7217.2900
1806.3209	2009.8001	2204.2101	6910.1000	7217.3100
1806.9009	2009.8009	2204.2901	6910.9000	7217.3900
	2009.9001	2204.3000		
1905.2000	2009.9009		7213.1001	7313.0000
1905.3000		2206.0000	7213.2001	

7314.2000
7314.3000
7314.4100
7314.4200
7314.4900
7314.5000

7324.1000
7324.2100
7324.2900
7324.9000

7418.2000

7615.2000

8414.5101
8414.5901
8414.6001
8414.8001

8418.1001
8418.2100
8418.2200
8418.2900
8418.3001
8418.4001
8418.6101
8418.6901

8421.1201
8421.3901

8422.1100

8450.1100
8450.1200
8450.1900
8450.2000
8450.9000

8451.1000
8451.2100
8451.2900
8451.3001

8452.1000

8479.8901

8481.1000
8481.2000
8481.3000
8481.4000
8481.8000
8481.9000

8509.2000
8509.3000
8509.8000
8509.9000

8516.4009

8516.5000
8516.6001
8516.6002
8516.6009
8516.7901
8516.7909

8518.2100
8518.2200
8518.2900
8518.3000

8518.4000
8518.5000
8518.9000

8519.1000
8519.2100
8519.2900
8519.3100
8519.3900
8519.4000
8519.9100
8519.9901
8519.9909

8520.1000
8520.2000
8520.3100
8520.3900
8520.9001
8520.9009

8521.1009
8521.9009

8522.1000
8522.9000

8527.1100
8527.1900
8527.2100
8527.2900
8527.3100
8527.3200
8527.3900
8527.9009

8528.1009
8528.2009

8529.1009
8529.9009

8535.1000
8535.2100
8535.2900
8535.3000
8535.4000
8535.9001
8535.9009

8536.1000
8536.2000
8536.3000
8536.4100
8536.4900
8536.5000
8536.6100
8536.6900
8536.9000

8537.1000
8537.2000

8538.1000
8538.9000

8543.8001
8543.9001

8544.1100
8544.1900
8544.2000
8544.3000
8544.4100
8544.4900
8544.5100
8544.5900
8544.6000
8544.7000

9007.1000
9007.1900
9007.2100
9007.2900
9007.9100
9007.9200

Gjaldskyldir aðilar.

4. gr.

Skylda til að greiða vörugjald hvílir á þessum aðilum:

1. Öllum þeim sem flytja til landsins vörugjaldsskyldar vörur hvort sem er til eigin nota eða endursölu.
2. Öllum þeim sem framleiða, vinna að eða pakka vörugjaldsskyldum vörum innan lands. Sama á við um þá sem annast heildsöludreifingu vöru sem um ræðir í þessum tölulið, sbr. 3. mgr. 6. gr.

Hver sá, sem skattskyldur er skv. 2. tölul. 1. mgr., skal ótilkvaddur og eigi síðar en 15 dögum áður en vörugjaldsskyld starfsemi hefst tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá skattstjóra þar sem hann er heimilisfastur. Breytingar, sem verða á starfsemi eftir að skráning hefur farið fram, skal tilkynna eigi síðar en 15 dögum eftir að breyting átti sér stað.

Gjaldstofn.

5. gr.

Gjaldstofn vörugjalds af innfluttum vörum er tollverð þeirra eins og það er ákveðið skv. 8.–10. gr. tollalaga, að viðbættum tollum eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt þeim lögum, auk 25% áætlaðrar heildsöluálagningar.

6. gr.

Gjaldstofn vörugjalds af gjaldskyldum vörum sem eru framleiddar, unnið að á einhvern hátt eða pakkað hér á landi er heildsöluverð þeirra, þ.e. það verð sem greitt er eða greiða ber við sölu vörunnar til smásala.

Annist innlendur framleiðandi gjaldskyldrar vöru ekki jafnframt heildsölu hennar heldur selur hana heildsala skal hann reikna vörugjald af verksmiðjuverði vörunnar. Verksmiðjuverð vöru er söluverð framleiðanda hennar án vörugjalds.

Heildsali, sem kaupir gjaldskyldar vörur af innlendum framleiðanda á verksmiðjuverði, skal reikna vörugjald af heildsöluverði sínu, sbr. 1. mgr., að frádregnu innkaupsverði vörunnar, sbr. 2. mgr.

Samsvari söluverð frá verksmiðju ekki heildarandvirði framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi, t.d. vegna þess að kaupandi eða annar framleiðandi leggur til hráefni, efnisvörur eða annað til framleiðslu, vinnslu eða pökkunar á vöru, skal heildarandvirði hennar teljast gjaldstofn til vörugjalds.

Innheimta, uppgjörstímabil, gjalddagar o.fl.

7. gr.

Vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skal innheimt ásamt tollum við tollafgreiðslu.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um gjaldskyldu, gjaldfrelsi, álagningu, innheimtu, stöðvun tollafgreiðslu, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði tollalaga, nr. 55/1987, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

8. gr.

Vörugjald af innlendum framleiðsluvörum reiknast við sölu eða afhendingu gjaldskyldrar vöru frá framleiðanda eða heildsala og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram.

Hvert uppgjörstímabil vegna gjaldskyldrar innlendrar framleiðslu, aðvinnslu eða pökkunar er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Gjaldskyldir aðilar skulu eftir lok hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs það vörugjald sem þeim ber að standa skil á samkvæmt lögum þessum.

Vörugjaldi, ásamt vörugjaldsskýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður, skal skila innan mánaðar frá því að hverju uppgjörstímabili lýkur.

9. gr.

Aðilum, sem keypt hafa hráefni eða efnivöru til gjaldskyldrar framleiðslu sinnar og greitt af því vörugjald, er heimilt að draga innkaupsverð vörunnar frá gjaldstofni, sbr. 6. gr., og reikna vörugjald af þannig fengnum mismun. Sama á við um heildsala sem keypt hefur vörugjaldsskylda vöru af innlendum framleiðanda til endursölu, sbr. 6. gr.

10. gr.

Að því leyti sem ekki eru ákvæði í lögum þessum um álagningu, kærur og úrskurði um vörugjaldsákvörðun, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, stöðvun atvinnurekstrar, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innlendri framleiðsluvöru eða vöru sem unnið er að eða er pakkað hér á landi skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

11. gr.

Fjármálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um tilkynningarskyldu, gjaldstofn, gjaldskyldu, uppgjörstímabil, gjalddaga og aðra framkvæmd laga þessara. Ráðherra er heimilt að undanþiggja einstaka vöruflokka gjaldskyldu skv. 3. gr. eða bæta við upptalningu í 3. gr. einstökum vörum eða tollskrárnúmerum til þess að samræmis gæti í skattlagningu sams konar eða hliðstæðra vara.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, og lög nr. 33 29. maí 1980, lög nr. 80 28. desember 1980, lög nr. 82 28. desember 1981, 7. gr. laga nr. 2 28. febrúar 1983, lög nr. 75 28. desember 1983 og lög nr. 126 31. desember 1984, um breyting á þeim lögum, lög nr. 77 23. desember 1980, um vörugjald, og 3. gr. laga nr. 12 30. apríl 1981, um breyting á þeim lögum, 54. gr. laga nr. 64 21. maí 1965 og 1. og 2. gr. laga nr. 5 27. febrúar 1982, með síðari breytingum. Reglugerðir, auglýsingar og önnur fyrirmæli, sem sett hafa verið samkvæmt nefndum lögum, falla úr gildi frá sama tíma.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Allir þeir, sem stunda starfsemi sem skattskyld er samkvæmt lögum þessum og eru ekki skráðir á vörugjaldsskrá við gildistöku laga þessara, skulu tilkynna fyrir 15. janúar 1988 um rekstur sinn og starfsemi til skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir.

II

Af birgðum innfluttra gjaldskyldra vara samkvæmt lögum þessum sem hlotið hafa fullnaðartollafgreiðslu fyrir 1. janúar 1988 og vörugjald verið greitt af samkvæmt ákvæðum laga nr. 107/1978 og 77/1980, með síðari breytingum, skal eigi innheimta gjald samkvæmt lögum þessum. Frá og með 1. janúar 1988 skal hins vegar innheimta gjald samkvæmt ákvæðum þessara laga af vörum sem þá eru ótollafgreiddar.

Af vörum, sem afhentar hafa verið innflytjendum fyrir gildistöku laga þessara, með leyfi tollyfirvalda gegn eða án tryggingar fyrir greiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt heimild í tollalögum eða heimildum í öðrum lögum, skal greiða vörugjald samkvæmt ákvæðum laga nr. 107/1978 og 77/1980, með síðari breytingum.

Við sölu eða afhendingu af birgðum, sem innlendir framleiðendur gjaldskyldrar vöru eiga 1. janúar 1988, skal greiða gjald samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Gjaldi vegna sölu eða afhendingar frá framleiðanda á árinu 1988 á gjaldskyldum vörum samkvæmt ákvæðum laga nr. 107/1978 og 77/1980, með síðari breytingum, skal skilað á reglulegum gjalddögum samkvæmt þeim lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Ed. 349. Frumvarp til laga [196. mál]

um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 18. des.)

1. gr.

2. og 3. mgr. 1. gr. falli niður.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 124/1984, orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og af innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 25% — tuttugu og fimm af hundraði — söluskatt, sbr. þó III. kafla laga þessara.

3. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Sala eftirtalinna vara, verðmæta, starfsemi eða þjónustu er undanþegin söluskatti:

A. Vörur og verðmæti:

1. Vörur sem seldar eru úr landi.
2. Fullunnar umbúðir um söluvörur.
3. Veiðarfæri, svo og efni til veiðarfæragerðar og viðgerðar veiðarfæra. Ákvæði þetta tekur þó ekki til sporttækja og efnis í þau.
4. Salt, annað en í smásöluumbúðum.
5. Beita ætluð til veiða í atvinnuskyni.
6. Tilbúinn áburður annar en í smásöluumbúðum.
7. Grasfræ og trjáfræ.
8. Fóðurmjöl og hey svo og annað dýrafóður, þó ekki ef vörur þessar eru seldar í smásöluumbúðum.
9. Fasteignir, skip og flugvélar. Undanþágan tekur aðeins til báta sem eru gerðir út í atvinnuskyni og flugvéla sem notaðar eru í flugrekstri.
10. Eldsneyti fyrir loftför sem rekin eru í atvinnuskyni af aðilum sem eru handhafar flugrekstrarleyfa.
11. Varahlutir, vélar og tæki fyrir flugvélar, eftir ákvörðun fjármálaráðherra og með þeim takmörkunum og skilyrðum sem hann setur.
12. Svartolía og gasolía.
13. Kol og koks til iðnaðarframleiðslu, húshitunar og hitunar laugarvatns.
14. Rekaviður.
15. Kvikmyndir sem keyptar eru eða leigðar til sýninga í kvikmyndahúsum eða sjónvarpsstöðvum sem leyfi hafa til útvarpsrekstrar.
16. Vélar, tæki og búnaður til notkunar í fiskvinnslu sem falla undir tollskrárnúmer 3923.1001, 8413.7000, 8413.9100, 8414.3000, 8414.9000, 8418.6109, 8418.6909, 8418.9900, 8422.1900, 8438.8000 og 8438.9000.
17. Eftirtaldar vélar og tæki til notkunar í landbúnaði: Mjaltavélar, mjólkurkælar, fjárvogir, fjárklippur, sláttuvélar aðrar en garðsláttuvélar, rakstrar- og snúningsvélar, múgavélar, rúllubindivélar, heybindivélar, heyblásarar, ámoksturstæki fyrir almennar hjóladráttarvélar, vagnar búnir tækjum til losunar eða lestunar á heyi, áburðardreifingar eða heyvinnslu, plógar, herfi, valtarar og flagjafnarar, áburðar- og mykjudreifarar, kartöfluniðursetningarvélar, upptökuvélar fyrir kartöflur og aðra garðávexti og flokkunarvélar.

18. Vörur sem um ræðir í 5. gr. tollalaga, nr. 55/1987.
19. Lausafé sem seljandi hefur notað í eigin þágu eða við starfsemi sína enda geti salan ekki talist til atvinnurekstrar.
20. Heimilisnotkun bónda á eigin framleiðsluvörum.
21. Innlend dagblöð og hliðstæð blöð svo og tímarit sem ekki eru gefin út í ágóðaskyni.
22. Auglýsingar í dagblöðum, bókum, tímaritum og ritlingum sem skattskyldar eru til sérstaks söluskatts skv. III. kafla laga þessara.

B. Undanþegin starfsemi og þjónusta:

1. Vinna manna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð svo og við endurbætur og viðhald slíkra mannvirkja. Á þetta við um hvers konar mannvirki og skiptir ekki máli hver lætur vinnuna í té. Undanþágan tekur einvörðungu til vinnu á byggingarstað en ekki til vinnu við framleiðslu eða aðvinnslu byggingarvara í verksmiðju, verkstæði eða starfsstöð. Þó er fjármálaráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að frá heildarsöluverði verksmiðjuframleidds íbúðar- eða atvinnuhúsnæðis megi framleiðandi þess draga við söluskattsuppgjör tiltekinn hundraðshluta verðsins. Skal frádráttarhlutfallið ákveðið sérstaklega fyrir hvert afhendingarstig húsnæðisins og taka mið af því að sú verksmiðjuvinna verði undanþegin söluskatti er unnin hefði verið söluskattsfrjáls á byggingarstað við smíði húss á hefðbundinn hátt.
2. Vinna við skipa- og flugvélaviðgerðir.
3. Vinna við viðgerðir veiðarfæra, þó ekki sporttækja.
4. Vöru- og fólksflutningar.
5. Upp- og útskipunargjöld svo og geymsla vara í vörugeymslum.
6. Húsaleiga, þar með talin leiga gistiherbergja, önnur en leiga veitinga- og samkomuhúsnæðis.
7. Prestþjónusta og útfararþjónusta.
8. Rekstur sjúkrahúsa, sjúkrastofnana, fæðingarstofnana, heilsuhæla, elliheimila, vöggustofa, barnaheimila og þvílíkra stofnana.
9. Lækningar, þar með talið ljós- og nuddlækningar, störf ljósmæðra, hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga og uppeldisfræðinga, dýralækningar, tannlækningar, tannsmíði svo og framleiðsla gervilima og umbúnaðar fyrir lamað fólk.
10. Sala fasteigna, skipa, flugvéla svo og verðbréfa, hlutabréfa, einkaleyfa og annarra þvílíkra verðmæta þegar ekki er um að ræða sölu þeirra sem vöru, þ.e. prentvarnings eða söfnunargripa.
11. Sala listamanna á eigin verkum. Enn fremur sala á einkarétti eða höfundarétti að uppfinningu eða hugverki. Undanþágan tekur einungis til sölu höfundar á frumverkinu.
12. Sala á vatni frá vatns- og hitaveitum ásamt mælaleigu svo og íssala til fiskiskipa. Sama á við um rafmagn til hitunar húsa og laugarvatns.
13. Þjónusta banka, sparisjóða og annarra lánastofnana svo og verðbréfamiðlun.
14. Aðgangseyrir að íþróttasýningum, íþróttamótum, sundstöðum og skíðalyftum.
15. Fæðissala mötuneyta skólafólks. Undanþágan tekur aðeins til fæðissölu þessara mötuneyta en ekki til sölu á hráefni til starfseminnar.
16. Skipa- og loftfaraleiga til aðila sem stunda skipaútgerð eða flugrekstur.
17. Prentun blaða og tímarita sem um ræðir í 21. tölul. A-liðar þessarar greinar svo og prentun bæklinga og rita, sem dreift er erlendis til vöru- eða landkynningar, vörumiða og umbúða um söluvöru.
18. Hafnar-, vita- og lendingargjöld.

19. Iðgjöld af seldum líftryggingum, farmtryggingum vegna flutnings milli Íslands og annarra landa, skipa- og loftfaratryggingum, slysa- og starfshæfnistryggingum flugáhafna svo og slysatryggingum sem atvinnurekendur eru skuldbundnir samkvæmt kjarasamningum til að kaupa fyrir starfsmenn sína.
20. Aðgangseyrir að leiksýningum og tónleikum eftir nánari reglum og skilyrðum sem ráðherra setur.
21. Vinnsla á rekavið sem eigandi eða rétthafi rekans stundar.
22. Þjónusta og starfsemi sem skattskyld er til sérstaks söluskatts skv. III. kafla laga þessara.

Ráðherra kveður nánar á um það sem fellur undir undanþáguákvæði þessarar greinar svo og um framkvæmd.

4. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðherra er heimilt að fella niður eða endurgreiða söluskatt af:

1. Efni, vinnu, vélum og tækjum í skip og báta sem smíðaðir eru innan lands. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á rúmlest.
2. Kostnaði sveitarfélaga við snjómokstur.
3. Vélum og tækjum, vélahlutum og varahlutum til samkeppnisiðnaðar. Með samkeppnisiðnaði er í þessu sambandi átt við iðngreinar sem framleiða iðnaðarvörur sem falla undir tollalækkunarákvæði fríverslunarsamninga Íslands við EFTA og EB við innflutning til Íslands.
4. Efni, vélum og tækjum í raforkuver, hitaveitur og vatnsveitur. Sama á við um eldsneytisstöðvar (varaaflsstöðvar) opinberra orkuveitufyrirtækja.
5. Sjúkrabifreiðum, ásamt sérútbúnaði og tækjum í þær, leitarbifreiðum björgunarsveita svo og sérhönnuðum snjósleðum og snjóbifreiðum sem notaðar eru til sjúkraflutninga og eru í eigu björgunarsveita, slökkvi- og stigabifreiðum slökkviliða, brunaslöngum og tengistykkjum fyrir þær, reykköfunarbúnaði og hlífðarbúnaði fyrir slökkviliðsmenn ásamt öðrum sérbúnaði sem sannanlega er einungis notaður til brunavarna og slökkvistarfa. Sama á við um sérbúnar bifreiðar sem sveitarfélög kaupa til notkunar við flutning á fötluðu fólki.
6. Fjarskiptatækjum leitar- og björgunarsveita fyrir metra-, desimetra- og millibylgjur (VHF, UHF og SSB).
7. Hljóð- og sjónvarpstökubúnaði, senditækjum, viðtækjum og öðrum slíkum tækjum sem sérstaklega eru framleidd fyrir sjónvarps- og útvarpsstarfsemi svo og filmum, myndböndum og hljóðböndum sem keypt eru af aðilum sem leyfi hafa til útvarpsrekstrar. Heimildin tekur einnig til búnaðar sem nauðsynlegur er til móttöku á truflaðri útvarpssendingu útvarpsstöðva sem leyfi hafa til útvarpsrekstrar.
8. Dráttarvélum sem bændur á lögbýlum kaupa til notkunar við búrekstur.
9. Neyðar- og kallkerfum sem sett eru upp í vernduðum þjónustuíbúðum fyrir aldraða og fatlaða og byggðar eru í samræmi við ákvæði laga nr. 91/1982, um málefni aldraðra, og laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra.
10. Eftirtöldum búnaði til notkunar við leitar- og björgunarstörf úr sjávarháska:
    a. Línubyssum, merkjabyssum og merkjaskotum.
    b. Björgunar- og öryggisnetum til notkunar um borð í skipum eða höfnum.
    c. Sérhönnuðum björgunarbátum og utanborðsvélum í slöngubáta leitar- og björgunarsveita.
    d. Flot- og björgunarbúningum, sem viðurkenndir eru af Siglingamálastofnun, til notkunar um borð í skipum.
    e. Sérhönnuðum neyðarleifturljósum (strobe-lights) á björgunarvesti og björgunarbúninga.

11. Skíðalyftum og snjótroðurum til notkunar á skíðasvæðum sem opin eru almenningi.
12. Orgelum til notkunar í kirkjum.
13. Fjárfestingarvörum til nota við loðdýrarækt, loðkanínurækt, fiskeldi, hafbeit og fiskrækt, þar með talið byggingarefni og jarðvinnu. Heimildin tekur þó ekki til ökutækja.
14. Flugleiðsögutækjum, aðflugsbúnaði, lýsingarbúnaði flugvalla, snjóhreinsi- og ísvarnarbúnaði og öðrum sérhæfðum öryggistækjum og fylgihlutum þeirra sem eingöngu eru ætluð til notkunar vegna þjónustu ríkisins við flugstarfsemi.
15. Vélum og tækjum til orkurannsóknaborana og borana til vinnslu jarðvarma.
16. Tækjum og búnaði sem keypt eru fyrir fé úr Vísindasjóði eða Rannsóknasjóði, sbr. II. og IV. kafla laga nr. 48/1987.
17. Vörum sem um ræðir í 3.–7., 9.–13. og 15.–21. tölul. 6. gr. tollalaga.
18. Búnaði og efni til mengunarvarna í sjó.
19. Gjöfum til björgunarsveita svo og til mannúðar- eða líknarstarfsemi.
20. Vogum og rafeindabúnaði í flokkunarvélar, enda séu tæki þessi eingöngu ætluð til notkunar í fiskiðnaði.
21. Greiðslum samkvæmt samningum um fjármögnunar- eða kaupleigu véla, tækja og búnaðar til atvinnurekstrar.
22. Vörum sem erlendir ferðamenn hafa með sér er þeir hverfa úr landi.

Ráðherra setur nánari reglur um það sem fellur undir undanþáguheimildir þessarar greinar svo og um framkvæmd. Honum er í því sambandi heimilt að setja nánari skilyrði sem uppfylla þarf fyrir undanþágu eða endurgreiðslu samkvæmt greininni.

5. gr.

4. mgr. 8. gr. orðist svo:

Nú hefur söluskattsskyldur aðili, sbr. 5. gr., keypt vöru, vinnu eða þjónustu með söluskatti, sem hann síðan endurselur í atvinnuskyni, og er honum þá heimilt að draga innkaupsverðið frá söluskattsskyldri veltu sinni. Hafi hann hins vegar enga söluskattsskylda veltu fram að telja eða söluskattsskyld velta hans nemur lægri fjárhæð en nefnd innkaup er heimilt að endurgreiða honum þann söluskatt sem hann hefur þannig ofgreitt. Endurgreiðsla kemur þó eigi til greina nema hinn ofgreiddi söluskattur sé minnst 50 000 kr. á mánuði.

6. gr.

Í stað „10 000 kr.“ í 5. mgr. 12. gr. komi: 100 000 kr.

7. gr.

Við lögin bætist svohljóðandi kafli:

III. KAFLI

Sérstakur söluskattur.

18. gr.

Greiða skal í ríkissjóð 12% — tólf af hundraði — sérstakan söluskatt af endurgjaldi fyrir eftirtalda þjónustu, starfsemi eða verðmæti:

1. Lögfræðiþjónustu, verkfræðiþjónustu, tæknifræðiþjónustu, hagfræðiþjónustu, viðskiptafræðiþjónustu, arkitektaþjónustu, náttúrufræðiþjónustu, landafræðiþjónustu, endurskoðendaþjónustu og hliðstæða þjónustu svo og þjónustu skjalaþýðenda, dómtúlka og hliðstæðra aðila.

2. Bókhaldsþjónustu, framtalsaðstoð, tollskýrslugerð, álits- og matsgerðir, tölvuþjónustu og tölvuvinnslu, þar með talda þjónustu kerfisfræðinga og hvers konar ráðgjöf, svo sem viðskipta-, rekstrar- eða tækniráðgjöf og hliðstæða sérfræðiþjónustu. Sama á við um ráðningarþjónustu, útleigu vinnuafls, vaktþjónustu, sbr. þó 2. mgr., þjónustu rannsóknastofnana, útgáfu- og auglýsingaþjónustu, svo sem gerð, miðlun og ráðgjöf varðandi auglýsingar svo og hönnun umbúða, ársreikninga, eyðublaða, dreifirita, bæklinga og aðra hliðstæða þjónustu.
3. Þjónustu fasteignasala og seljenda notaðra bifreiða.

Til skattskyldrar þjónustu eða starfsemi samkvæmt þessum kafla telst ekki þjónusta lækna, tannlækna og önnur eiginleg heilbrigðisþjónusta, svo sem ljós- og nuddlækningar, störf ljósmæðra og hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga, uppeldisfræðinga, tannsmíði og tannviðgerðir, svo og dýralækningar og framleiðsla gervilima og þess háttar umbúnaður fyrir lamaða. Sama á við um vaktþjónustu presta og útfararþjónustu.

19. gr.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að setja fyllri ákvæði um skattskyldu samkvæmt þessum kafla, svo og um önnur atriði er lúta að framkvæmd. Þá er honum heimilt að undanþiggja tiltekna þjónustu eða starfsemi sérstökum söluskatti umfram það sem gert er í 2. mgr. 18. gr. teljist slíkt nauðsynlegt til þess að samræmis gæti í skattlagningu á sambærilegri eða hliðstæðri þjónustu. Að öðru leyti skulu ákvæði II. og IV. kafla laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim, þar á meðal um refsingar, gilda eftir því sem við á um sérstakan söluskatt samkvæmt þessum kafla.

8. gr.

1. mgr. 20. gr. falli niður.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 12/1980, um orkujöfnunargjald, 21. gr. laga nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð, 1. málsl. 4. gr. laga nr. 107/1985, um Jarðboranir hf., 6. gr. laga nr. 121/1978, um kjaramál, og 35. gr. laga nr. 11/1975, um ráðstafanir í efnahagsmálum, svo og II. kafli bráðabirgðalaga nr. 68/1987, um ráðstafanir í fjármálum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Ákvæði 114. gr. tollalaga, nr. 55/1987, skulu eftir því sem við getur átt, eiga við um innheimtu söluskatts við tollafgreiðslu á vörum sem teknar hafa verið til tollmeðferðar við gildistöku laga þessara.

II

Hafi fyrir gildistöku laga þessara verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu sem undanþegin hefur verið söluskatti fram að þeim tíma, en afhending hins selda fer fram eftir gildistöku þeirra, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna er svarar söluskatti, að frádregnum sérstökum söluskatti hafi hann verið innheimtur af hinu selda, nema sannað sé að söluskatturinn hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

III

Hafi verið gerður samningur fyrir gildistöku laga þessara um afhendingu vinnu eða þjónustu sem skattskyld er til sérstaks söluskatts, en afhending hins selda fer fram eftir gildistöku þeirra, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna er svarar mismun á sérstökum söluskatti skv. 7. gr. laga þessara og sérstökum söluskatti skv. II. kafla bráðabirgðalaga, nr. 68/1987, nema sannað sé að mismunurinn hafi verið talinn með í kaupverðinu eða þóknuninni við ákvörðun hennar.

Ed. 350. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1991.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið en þó haft til þess takmarkaðan tíma.

Fyrst voru haldnir margir sameiginlegir fundir sjávarútvegsnefnda beggja deilda og rætt við nokkra aðila. Síðan var haldið áfram að ræða frumvarpið ítarlega og leiðir kannaðar í þá átt að ná samstöðu um nauðsynlegar breytingar á frumvarpinu.

Það kom svo í ljós að sumir sjávarútvegsnefndarmenn stjórnarflokkanna höfðu ekki áhuga á að leiða málið í þann farveg að sæmilegur friður yrði um afgreiðslu frumvarpsins í deildinni. Þeir hinir sömu hafa hafnað þeim tilmælum um breytingar á frumvarpinu sem formenn sjávarútvegsnefndanna, þeir Karvel Pálmason og Matthías Bjarnason, lögðu til að gerðar yrðu og líklegar voru til að stuðla að sæmilegri samstöðu um afgreiðslu og meðferð frumvarpsins.

Það þurfti ekki að koma á óvart að komið yrði í veg fyrir lagfæringar á frumvarpinu. Allur undirbúningur að þessu frumvarpi er með þeim eindæmum að slíkt var aðeins framhald af því sem hefur verið að gerast allt frá því að núverandi ríkisstjórn settist í stólana 8. júlí sl.

Þá var því lofað í stjórnarsáttmála að fiskveiðistefnan skyldi endurskoðuð og hafinn skyldi undirbúningur að mótun fiskveiðistefnu er tæki gildi í upphafi árs 1988.

Ekkert var gert fyrr en í september, en 16. sama mánaðar kom svokölluð ráðgjafarnefnd saman til síns fyrsta fundar. Fljótt kom í ljós að sumum í ríkisstjórnarliðinu fannst að ráðgjafarnefndin mundi ekki skila því verkefni sem ætlast var til að gera þyrfti samkvæmt starfsáætlun ríkisstjórnarinnar. Þann 2. nóvember var gripið til þess ráðs að skipa þingmannanefnd.

Staðreyndin er sú að hvorug þessara nefnda, sem báðum var stjórnað og leiddar af sjávarútvegsráðuneytinu, ráðherra eða ráðuneytisstjóra, kom neinu til leiðar. Og eftir á að sjá virðast þær ekki hafa þjónað öðru en því að halda uppi spjalli til þess að láta tímann líða þar til komið væri að því að tími væri svo naumur fyrir Alþingi til að afgreiða málið að um annað væri ekki að gera en samþykkja tillögur sjávarútvegsráðherra. Frumvarpið var lagt fram í efri deild 4. desember. Sagan endurtók sig í sjávarútvegsnefndunum — þar var spjallað á mörgum fundum og meira að segja látið líklega um nokkrar breytingar — en svo var allt stoppað, enda komin upp óskastaða hjá stuðningsliði sjávarútvegsráðherra þar sem því er borið við að nú sé tími þrotinn til eðlilegrar umræðu.

Við 1. umr. benti undirritaður á ýmsa þætti í gildandi fiskveiðistefnu sem hefðu farið á annan veg en boðað hafði verið, samkvæmt upplýsingum Jakobs Jakobssonar forstjóra Hafrannsóknastofnunar færi meðalþyngd þess þorsks, sem veiddur er, mjög minnkandi. Einnig að öll kvótaárin 1984–1987 hefði verið farið fram úr viðmiðunarafla bæði samkvæmt tillögu Hafrannsóknastofnunar og sjávarútvegsráðuneytis. Þá var jafnframt gerð grein fyrir því hver áhrif fiskveiðistefnan hefði haft á verð fiskiskipa og hver þau áhrif væru á rekstur útgerðar. Frekari útskýring á þessum þremur þáttum fylgja með nefndaráliti þessu sem fylgiskjöl.

Þingmenn Alþýðubandalagsins í efri deild, Skúli Alexandersson, Margrét Frímannsdóttir og Svavar Gestsson, hafa lagt fram breytingartillögur á þingskjali 205 við frumvarpið.

Þær tillögur byggjast á nýsamþykktum tillögum þingflokks og miðstjórnar Alþýðubandalagsins um breytta fiskveiðistefnu flokksins. Samþykktirnar fylgja hér með á fylgiskjali V.

Fiskveiðistefna Alþýðubandalagsins byggist á því að auðlindirnar innan fiskveiðilandhelgi Íslands eru þjóðareign, sameign allra Íslendinga. Veiðiheimildum verði úthlutað til byggðarlaga, veiðirétturinn verði þó eftir sem áður tengdur skipum.

Við leggjum til að ⅔ hlutum veiðiheimildanna verði úthlutað til byggðarlaga samkvæmt sérstakri reiknireglu. Í fyrsta lagi felur hún í sér að fjórðungur þessa nýja byggðakvóta yrði reiknaður út frá úthlutuðu afla- og sóknarmarki skipa í byggðarlögum eins og sú úthlutun var að meðaltali árin 1984–1986. Þrír fjórðu hlutar yrðu hins vegar reiknaðir út frá úthlutuðu afla- og sóknarmarki skipa í byggðarlögum í árslok 1987.

Í öðru lagi yrði ⅓ hluta veiðiheimilda úthlutað til útgerðar á skip og skal sá hluti reiknaður með sama hætti og ákveðið var í reglugerð fyrir árið 1987. Eftir að byggðakvóti hefur verið reiknaður skal honum deilt á milli þeirra skipa sem fá kvóta úthlutað í viðkomandi byggðarlagi í hlutfalli við veiðiheimildir þeirra.

Við sölu skipa úr byggðarlaginu fylgir þeim einungis sá þriðjungur aflakvótans sem fór til útgerðarinnar. Tveir þriðju hlutar verða hins vegar áfram í byggðarlaginu og þeim endurúthlutað þar í samræmi við ákveðnar reglur. Hagur byggðarlaganna er þannig gerður að forgangsatriði.

Með því að binda veiðiheimildir við byggðarlög er verið að tryggja hag sjómanna og starfsfólksins í fiskiðnaði og allra íbúa þeirra byggðarlaga sem byggja afkomu sína á öruggri og skipulagðri nýtingu sjávarafla.

Þær reiknireglur sem Alþýðubandalagið leggur til að notaðar verði hafa einnig í för með sér að komið yrði nokkuð til móts við þau byggðarlög sem tapað hafa mestum aflakvóta á undanförnum árum vegna ranglætisins í kerfi ríkisstjórnarinnar.

Byggðakvótinn kemur auk þess í veg fyrir brask í tengslum við skipa- og kvótasölu sem þróast hefur í skjóli ríkjandi fiskveiðistefnu. Óeðlilegt verð á fiskiskipum mundi hverfa að mestu. Keppni milli byggðarlaga um kaup á skipum til að komast yfir afla mundi hætta og þannig yrði stuðlað að aukinni hagkvæmni í útgerð. Raunhæfara arðsemismat mundi gilda í viðhorfum til skipakaupa.

Fiskveiðistefna Alþýðubandalagsins opnar nýjar leiðir til þróunar og nýsköpunar og hvetur til bættrar meðferðar á afla og afurðum og til aukinnar framleiðni innan sjávarútvegsins svo og að því að fiskistofnanir verði nýttir með það fyrir augum að hámarksafrakstur fáist miðað við ákveðin tímabil.

Frumvarp ríkisstjórnarflokkanna beinist til annarra átta. Þar er verið að festa í sessi ranglátt miðstýrt kerfi sem á undanförnum árum hefur ekki skilað þeim markmiðum sem því var ætlað að ná. Það er því meira en vafasöm aðgerð að ætla að framlengja slíkt kerfi til eins árs, hvað þá til fjögurra ára.

Alþingi, 19. des. 1987.

Skúli Alexandersson.

Fylgiskjal I.

130 MILLJÓNIR ÞORSKA GEFA 380 000 TONN
Sami fjöldi þorska gaf af sér 538 000 tonn árið 1955.
(Grein í Mbl. 5. nóv. 1987.)

Hafrannsóknastofnun áætlar að í ár verði veidd 380 000 tonn af þorski, samtals 130 milljónir fiska. Stjórnendur stofnunarinnar hafa af því verulegar áhyggjur hvernig þorskstofninn er nýttur, en uppistaða þorskaflans er þriggja, fjögurra og fimm ára þorskur, að mestu ókynþroska og smár, tæplega þrjú kíló að þyngd að meðaltali. Árið 1955 veiddust 130 milljónir þorska, en þá varð heildaraflinn 538 000 tonn. Þá voru um 25 milljónir þorska 10 ára og eldri en nú aðeins tvær til þrjár milljónir.

Þessar upplýsingar komu fram í ræðu Jakobs Jakobssonar, forstjóra Hafrannsóknastofnunarinnar, á aðalfundi LÍÚ. Þar sagði hann meðal annars: „Í skýrslu okkar er gert ráð fyrir því að meðalþyngd þorksins á þessu ári sé tæp þrjú kíló. Það þýðir að við þurfum að veiða um 130 milljónir þorska til að ná 380 000 tonna afla. Á undanförnum árum hef ég oft rætt við ykkur um nauðsyn þess að nýta þorskstofninn á annan hátt en gert hefur verið til þessa. Hingað til finnst mér ég ekki hafa haft erindi sem erfiði.

Hafi útskýringar mínar á nauðsyn þess að breyta nýtingu þorskstofnsins verið of flóknar skulu nú tekin nokkur einfaldari dæmi þessu til skýringar. Ég nefndi hér áðan að í ár þyrftum við að veiða um 130 milljónir þorska til að ná 380 000 tonna afla. Árið 1980 voru veiddar 118 milljónir þorska og árið 1981 124 milljónir. Hver var svo aflinn þessi tvö ár? Var hann 380 000 tonn hvort ár? Nei, ekki aldeilis, góðir fundarmenn. Árið 1980 varð þorskaflinn á Íslandsmiðum yfir 430 000 tonn og árið 1981 varð hann 465 000 tonn. Við verðum að fara aftur til daga svörtu skýrslunnar, til ársins 1976, til að finna álíka nýtingu þorskstofnsins og við stefnum nú að. Það ár veiddum við um 120 milljónir þorska sem gaf okkur 346 000 tonna afla. Það er að segja á verstu dögum smáfiskadráps Breta fór meðalþyngdin aðeins niður fyrir það sem við stöndum frammi fyrir nú. Sé þetta hins vegar athugað lengra aftur í tímann komum við að árinu 1955. Þá veiddust um 130 milljónir þorska, það er að segja nákvæmlega jafnmargir og gert er ráð fyrir að veiðist í ár. Var aflinn þá 380 000 tonn eins og hann verður væntanlega í ár? Nei, góðir fundarmenn, hann var 538 000 tonn.

Fyrir rúmum áratug eyddum við ekki svo litlu púðri í að sannfæra umheiminn um rányrkju Breta á Íslandsmiðum. Við á Hafrannsókn skrifuðum ófáar greinar og skýrslur um smáfiskadráp Bretans. Og þegar maður stendur frammi fyrir hlut eins og nýtingu þorskstofnsins í dag kemst maður ekki hjá því að spyrja sjálfan sig: Til hvers var allt okkar erfiði, til hvers eyddum við öllu þessu púðri á Bretann? Hver er árangur af okkar starfi í þessum málum? Eða hvað er til bóta?“

Fylgiskjal II.

Ádrepa Jakobs Jakobssonar.
(Úr Fiskifréttum 13. nóv. 1987.)

Það voru sláandi upplýsingar sem Jakob Jakobsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, kom fram með í ræðu sinni á aðalfundi LÍÚ á dögunum. Jakob benti mönnum á að nýting þorskstofnsins nú jafnaðist næstum á við versta smáfiskadráp breska flotans á Íslandsmiðum á sínum tíma. Sagðist Jakob efast um að þorskastríðið hefði unnist ef Íslendingar hefðu sagst ætla að nýta þorskstofninn á þann hátt sem gert er í dag.

Í máli Jakobs kom fram að gert er ráð fyrir því að meðalþyngd þorsksins í ár sé rétt um 3 kíló. Það þýði að veiða verði 131 milljón þorska til þess að ná 380 þúsund tonna afla á árinu. Benti Jakob á að aflinn árið 1980 hefði verið 118 milljónir þorska og 124 milljónir árið eftir. Aflinn á þessum árum hafi hins vegar ekki verið 380 þúsund tonn, heldur 430 þúsund tonn 1980 og 465 þúsund tonn árið 1981.

„Haldi menn að há meðalþyngd í afla þessi tvö ár hafi verið vegna markvissrar fiskveiðistjórnar hafa þeir á röngu að standa. Ástæðan var einfaldlega sú að mikill hluti 1973-árgangsins ólst upp við Grænland svo að við náðum ekki að veiða hann fyrr en 1980 og 1981. Við verðum að fara aftur til daga fyrstu svörtu skýrslunnar, til ársins 1976, til að finna álíka nýtingu þorskstofnsins og við stefnum nú að. Það ár veiddum við 120 milljónir þorska. Aflinn þá varð 346 þúsund tonn. Það er að segja að á verstu dögum smáfiskadráps Breta fór meðalþyngdin aðeins niður fyrir það sem við stöndum frammi fyrir nú. Sé þetta hins vegar





athugað lengra aftur í tímann komum við að árinu 1955. Þá veiddust um 131 milljón fiskar, þ.e. nákvæmlega jafnmargir þorskar og nú er gert ráð fyrir að veiðist í ár. Var aflinn þá 380 þúsund tonn eins og hann verður væntanlega í ár? Nei, góðir fundarmenn, hann var 538 þúsund tonn," sagði Jakob Jakobsson.

Fylgiskjal III.

Aflaskýrslur frá Fiskifélagi Íslands.
(Allar tölur í þús. tonna.)

1986	*Tillaga fiskifræðinga*	*Ákvörðun stjórnvalda*	*Veiði*
Þorskur	300	300	366
Ýsa	50	60	47
Ufsi	60	70	64
Karfi	85	100	86
Steinbítur	12		12
Grálúða	25	30	31
Skarkoli	10		13

1987	*Tillaga fiskifræðinga*	*Ákvörðun stjórnvalda*	*Veiði*
Þorskur	300	330	Áætlað 395
1985			
Þorskur	200	250	323
Ýsa	45	60	50
Ufsi	60	70	55
Karfi	90	110	95
Steinbítur	12	15	10
Grálúða	25	30	29
Skarkoli	10	17	14
1984			
Þorskur	200	220	282
Ýsa	55	60	47
Ufsi	65	70	60
Karfi	90	110	108
Steinbítur	12	15	10
Grálúða	25	30	30
Skarkoli	10	17	11
1983			
Skrapdagakerfi.			
Þorskur	350		293
Ýsa	70		64
Ufsi	65		56
Karfi	80		123
Steinbítur	8		12
Grálúða	17		29
Skarkoli	10		9
Afli umfram tillögur:	*Stjórnvöld*	*Fiskifr.*	
1984	62	82	
1985	73	123	
1986	66	66	
1987	65	95	
	266	366	

Heildarafli 1978–1985.
(Óslægður fiskur, í þús. tonna.)
1981–1983 eru viðmiðunarár.

	1978	*1979*	*1980*	*1981*	*1982*	*1983*	*1984*	*1985*	*1986*
Heildarafli	1562	1641	1508	1435	786	835	1527	1673	1651
Botnfiskur alls	478	582	659	516	690	603	565	581	632
Þorskur	320	360	428	461	382	294	281	323	366
Ýsa	41	62	48	61	67	64	47	50	47
Ufsi	44	57	52	55	65	56	60	55	64
Karfi	33	62	70	93	115	123	108	91	86
Steinbítur	10	10	9	8	8	12	10	10	12
Grálúða	11	17	28	15	28	28	30	29	31
Skarkoli	4	4	5	4	6	9	11	14	13
Annar botnfiskur	15	20	19	19	19	17	18	9	13
Humar, rækja og hörpudiskur	18	18	21	21	24	31	42	44	58
Síld	37	45	53	40	57	59	50	49	66
Loðna	967	964	760	641	13	133	865	993	894
Annað	62	32	15	17	2	9	5	6	1

Fylgiskjal IV.

Útreikningar Þjóðhagsstofnunar um afkomu útgerðar.
(4. desember 1987.)

Hr. Skúli Alexandersson alþingismaður.

Samkvæmt beiðni yðar hefur Þjóðhagsstofnun reiknað út dæmi um afkomu í botnfiskveiðum miðað við rekstrarskilyrði í nóvember 1987 og þá miðað við að verðmæti skipa sé tvöfalt vátryggingarverðmæti þeirra og full arðsemiskrafa sé gerð á það verðmæti miðað við 6% ávöxtun fjármagns.

Ástæðan fyrir þessari beiðni yðar mun vera sú að þér teljið verðmæti fiskiskipa í dag langt umfram vátryggingarverðmæti þeirra og tekjur skipanna þurfi að samsvara því að verðmæti þeirra ávaxti sig, en í áætlun Þjóðhagsstofnunar um afkomu í botnfiskveiðum sé stuðst við vátryggingarverðmæti.

Þessu til stuðnings hafið þér bent á tvö dæmi um sölur skipa á árinu 1987 þar sem söluverð er í öðru tilvikinu 92% hærra en vátryggingarverðmæti en í hinu 120% hærra.

Eins og dæmið í meðfylgjandi töflu ber með sér versnar afkoma í botnfiskveiðum um 12,8% eða úr 3,5% hagnaði í 9,3% rekstrarhalla sem hlutfall af tekjum við það að reikna ársgreiðslu út frá tvöföldu vátryggingarverðmæti en þá hefur verið reiknað með afskriftum og 6% vöxtum af verðmætisaukanum til gjalda.

Þjóðhagsstofnun vill í þessu sambandi meðal annars benda á að ef stór hluti botnfiskveiðiflotans yrði til sölu yrði söluverð sennilega mun lægra en tvöfalt vátryggingarverðmæti hans. Jafnframt væri ekki til of mikils mælst að útgerðaraðilar sem gerðu kröfur til slíkrar ávöxtunar litu til þess arðs sem þeir hafa orðið aðnjótandi við það að skip þeirra hækkuðu í verði. Það eru því mörg atriði sem taka þarf tillit til áður en einhlítar ályktanir eru dregnar af þessu dæmi.

Hvað varðar einstök dæmi um skipakaup þá hljóta viðkomandi aðilar að hafa reiknað út arðsemi af þeim viðskiptum og verið ánægðir með, því varla hefðu þeir gert kaupin annars.

Hitt er alvarlegra mál ef aðilar í sjávarútvegi selja eignir sínar á slíku verði og hætta í sjávarútvegi en í staðinn kæmu aðilar skuldum vafnir vegna slíkra kaupa og væru því vanbúnari til að takast á við hugsanleg áföll í atvinnugreininni.

Eyjólfur Sverrisson.

Dæmi um afkomu í botnfiskveiðum.
Rekstrarskilyrði í nóvember 1987.[1)]
(Í millj. kr.)

	1. Miðað við vátryggingarverðmæti	*2. Miðað við tvöfalt vátryggingarverðmæti*
Tekjur alls	17 347	17 347
Gjöld án árgreiðslu	14 268	14 268
Verg hlutdeild fjármagns	3 079	3 079
Árgreiðsla	2 467	4 686
Hagnaður	612	−1 607
Hagnaður sem hlutfall af tekjum	3.5	−9.3

[1)] Marga fyrirvara þarf að hafa á dæmi 2 og er í því sambandi vísað til bréfs sem fylgir hér með dagsett 4. des. 1987 til Skúla Alexanderssonar alþingismanns.

Fylgiskjal V.

FISKVEIÐISTEFNA ALÞÝÐUBANDALAGSINS
(Samþykkt á fundi miðstjórnar 5. des. 1987.)

1. Sjávarauðlindir eru sameign þjóðarinnar.

Fiskistofnarnir og aðrar sjávarauðlindir eru ævarandi sameign allra Íslendinga. Grundvallaratriði fiskveiðistjórnunar verður að vera hinn sameiginlegi eignarréttur þjóðarinnar á auðlindum hafsins.

2. Skipuleg stjórnun veiða.

Sótt verði í fiskistofnana á skipulegan hátt í samræmi við sérfræðilegt mat á stærð þeirra og undir eftirliti óháðrar stofnunar. Markmið veiðistjórnunar verði:

a. að auka gæði afla og afurða,
RÍKISSTJÓRNIN TAKI AF SKARIÐ
(Dagblaðið Tíminn, 19. des. 1987.)

Steingrímur Hermannsson utanríkisráðherra segir að frjálshyggjan á sviði peningamála muni sigla hér öllu í strand, ef ekki verði gripið í taumana strax. Ekki sé rétt að bíða og sjá til hvort verið geti að einhver heilög hagfræðilögmál kunni að virka eins og viðskiptaráðherra segist vilja. Slík lögmál geti ekki virkað hér á landi miðað við verðbólguástandið og því megi ekki bíða með aðgerðir þar til annað hvert fyrirtæki í landinu verði komið í þrot.

Raunvaxtaokrið sé slíkt á Íslandi núna að engu tali taki og það hafi sýnt sig að alls ekki sé verjandi að láta „gráa“ peningamarkaðinn leika lausum hala öllu lengur. Allir helstu aðilar í bankakerfinu verði að skila strax inn tillögum til ríkisstjórnarinnar svo að hún geti bundið enda á þetta hrikalega ástand.

Fylgjast þarf betur með.

„Ég minni á það að í umræðunni um stefnuræðu forsætisráðherra, þá gagnrýndi ég nokkuð hart skort á harðri stjórn í peningamálum. Ég tiltók þá sérstaklega mikinn vaxtamun og háa raunvexti. Þessu var nú mótmælt strax næsta dag af seðlabankastjóra og fullyrti hann að háir raunvextir hefðu lítil áhrif á verðbólgu. Mér sýnist allt annað komið í ljós núna og vek ekki síst athygli á ágætri ræðu Tryggva Pálssonar hjá Landsbankanum, um skort á eftirliti með mjög mikilvægum þáttum í peningamálum landsins,“ sagði Steingrímur Hermannsson, utanríkisráðherra og ráðherra utanríkisviðskipta, í viðtali í Tímanum í gær.

„Það þarf að fylgjast betur með mjög mikilvægum þáttum í peningamálum landsins, eins og t.d. með kaupleigufyrirtækjunum, verðbréfamarkaðnum o.fl. Það er alveg rétt sem Tryggvi segir að það er ekki nóg að binda fjármagn bankanna ef hitt leikur lausum hala og menn taki til dæmis erlend lán eins og þeim sýnist. Þá má færa rök að því að slík binding bankanna leiði til vaxtahækkunar hjá bönkum, því að það dregur úr því fjármagni sem þeir hafa til ráðstöfunar. Með þessu lenda þeir í meiri samkeppni við þennan „gráa“ markað.

Verðbólga og raunvaxtaokur.

„Ég vil því segja að núna þegar það virðist vera orðið almennt viðurkennt að raunvextir hér á landi séu allt upp í þriðjung til tvöfalt hærri en gerist í nágrannalöndum okkar, eins og kom glöggt fram í yfirlitinu í Tímanum, þá held ég að menn hljóti nú að fara að viðurkenna að svona getur ekki gengið. Þetta mun ríða fjölmörgum fyrirtækjum að fullu og getur ekki gert annað en að blása mjög í glóðir verðbólgunnar.

Ég er því ósammála því sem kom fram hjá viðskiptaráðherra, Jóni Sigurðssyni, að menn ættu nú að bíða og sjá til hvort þetta markaðslögmál virki. Ég er ansi hræddur um að menn bíði of lengi og skaðinn verði orðinn of mikill. Ég legg á það áherslu að þeir sem með peningamálin fara geri strax tillögur til ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til þess að draga úr vaxtamun bankanna og draga úr þessu raunvaxtaokri sem er að drepa hér annað hvert fyrirtæki.

Heilög lögmál hagfræðinnar.

„Ég vek einnig athygli á því að við erum fyrir löngu búin að fá reynslu af því að í þessu litla efnahagsþjóðfélagi okkar, sem er langt frá því að vera í jafnvægi, þar gilda alls ekki þessi heilögu lögmál hagfræðinnar.“

Benti hann á að erlendis væru menn að hækka eða lækka vexti um hálfan af hundraði með verulegum árangri. Hér tækju menn lánin án þess að spyrja um hverjir vextirnir eru. Það þyrfti ekki að spyrja marga bankastjóra að því til að sannreyna að ekki nema örfáir lántakendur spyrji út í vexti þegar þeir sækja um lán. Það eina sem menn spyrja um er hvort þeir geti fengið lán eða ekki.

Þetta hljóta þeir viðskiptaráðherra og seðlabankastjóri að vita ef þeir bara vilja. Það getur vel verið að þegar verðbólgan er orðin svona 3–4% og jafnvægi komið á efnahagsmálin, þá fari svona lögmál að gilda. Það er bara svo langt frá því að það geti gerst í dag. Frjálshyggjan á sviði peningamála fer með allt hér til andskotans ef ekki verður fljótlega gripið í taumana,“ sagði Steingrímur Hermannsson utanríkisráðherra að lyktum.

SPÁ SEÐLABANKA ER ÚRELT

(Dagblaðið Tíminn, 19. des. 1987.)

Eins og Tíminn greindi frá í gær áætlar Seðlabankinn, í nýrri spá um þróun framfærsluvísitölunnar á næsta ári, að verulega dragi úr verðbólgu á næsta ári og að um mitt ár kunni hún að nema um 10 prósentum.

Tíminn leitaði í gær eftir áliti Þórðar Friðjónssonar, forstjóra Þjóðhagsstofnunar, á verðbólguspá Seðlabankans.

Þórður segir þessa spá byggða á forsendum Þjóðhagsáætlunar og því sé hún í raun úrelt þar sem orðið hafi miklar breytingar á efnahagshorfum frá því að þjóðhagsáætlun var sett fram. Hann sagði að þar væru fjórir þættir sem mestu máli skiptu.

Í fyrsta lagi hefðu viðskiptakjör versnað vegna gengisfalls dollars, og sömuleiðis vegna hruns á verðbréfamörkuðum erlendis.

Í öðru lagi væru líkur á minni sjávarafla á næsta ári en gert var ráð fyrir.

Í þriðja lagi væri fyrirsjáanlegt að halli á viðskiptum við útlönd yrði meiri á þessu ári en áætlað var.

Í fjórða lagi væri afkoma útflutningsfyrirtækja orðin mjög slæm við núverandi skilyrði.

Þórður sagði að þegar búið væri að taka saman þessi atriði og önnur sem ekki væru eins veigamikil, þá væru forsendur verðbólguspár Seðlabankans brostnar og spáin þar með úrelt. Hann sagði að þar að auki kæmi, eins og Seðlabankinn talar um, væntanleg kjarasamningagerð á fyrstu mánuðum næsta árs.

Þórður sagði að menn hlytu á næstu dögum að taka afstöðu til breyttra efnahagsaðstæðna og í kjölfarið að marka efnahagsmálunum þann farveg sem menn vildu stefna í á næsta ári. „Á Þjóðhagsstofnun er nú verið að vinna nýja þjóðhagsspá þar sem verðbólguspá verður auðvitað innifalin. En við reiknum ekki með því að ljúka þeirri vinnu fyrr en í byrjun ársins en höfum bent á að menn verði að taka sem fyrst afstöðu til versnandi efnahagshorfa. Verðbólguspá fyrir næsta ár hlýtur að vera háð því hvernig menn ákveða að leysa aðkallandi vandamál."

Þórður sagði að með flestum mælikvörðum væri hægt að rökstyðja að verðbólgan væri um 30% nú.

Það kom einnig fram hjá Þórði að ljóst væri að fastgengisstefnan gæti ekki staðist til lengdar miðað við óbreyttar aðstæður. „Útflutningsgreinarnar þola ekki þessa gengisskráningu til lengdar þannig að annaðhvort verður að fella gengið eða gera ráðstafanir til að draga úr tilkostnaði þessara greina. Þetta tvennt kemur til greina. Það er alveg ljóst að ekki er hægt að bíða langt fram á næsta ár með aðgerðir," sagði Þórður Friðjónsson.

Nd. 381. Breytingartillaga [194. mál]

við frv. til l. um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Við 29. gr. Í stað „1. janúar 1988" komi: 1. janúar 1989.

Nd. 382. Nefndarálit [194. mál]

um frv. til l. um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Fyrirliggjandi frumvarp er illa undirbúið og sú stefna, sem birtist í einstökum köflum þess, orkar mjög tvímælis. Minni hl. leggur því til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** með það að markmiði að málið verði endurskoðað í heild í samvinnu við sveitarstjórnir og þingflokka.

Verði tillögu þessari hafnað áskilur minni hl. sér rétt til að flytja breytingartillögur við einstakar greinar frumvarpsins.

Meginástæður fyrir þessari afstöðu minni hl. eru eftirfarandi:

1. Með frumvarpinu er verið að flytja til sveitarfélaga verkefni sem hafa munu í för með sér meiri útgjöld af hálfu sveitarfélaganna en ríkið tekur að sér á móti.

2. Frumvarpið fjallar aðeins um hluta af þeim mörgu viðfangsefnum sem tillögur hafa komið fram um að breyta í núverandi verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Hér liggur því ekki fyrir nein heildarstefnumörkun í þessum málum.

3. Fjármögnunarþáttur þeirrar verkaskiptingar, sem frumvarpið tekur til, er í lausu lofti. Þannig hafa enn engin drög verið gerð að uppgjöri við einstök sveitarfélög vegna þeirra framkvæmda sem ríkissjóður hefur tekið þátt í til þessa.

4. Ekki hafa verið kynntar reglur eða drög að reglugerð varðandi fjárframlög til jöfnunar milli sveitarfélaga vegna aukins og mismunandi kostnaðar í kjölfar breyttrar verkaskiptingar.

5. Fjárframlög vegna þessara fyrirhuguðu breytinga á að taka úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, en framlag til sjóðsins hefur verið skert mikið um árabil og svo er enn samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1988.

6. Einstakir kaflar frumvarpsins, svo sem um byggðasöfn, tónlistarfræðslu og íþróttastarfsemi, snerta verkefni sem ekki hafa eingöngu verið bundin við einstök sveitarfélög eða verið á þeirra vegum.

7. Frumvarpið hefur ekki verið sent til kynningar eða umsagnar sveitarstjórna eða annarra aðila og álit þeirra liggja því ekki fyrir.

8. Í ljós hefur komið að við samningu frumvarpsins var ekkert samráð haft við fólk sem starfar á ýmsum þeim sviðum sem frumvarpið nær til, þar á meðal ekki við aðila sem unnið hafa að viðkomandi málum um áratugi.

9. Af þeim takmarkaða hópi, sem nefndin kvaddi á sinn fund, voru flestir andvígir þeim breytingum sem í frumvarpinu felast eða töldu að vinna þyrfti málið betur áður en ákvarðanir yrðu teknar af hálfu löggjafans.

10. Frumvarpið var undirbúið af fámennum hópi manna sem allir eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Aðeins einn maður utan Suður- og Vesturlands kom á fund félagsmálanefndar til viðræðna um frumvarpið.

Að hluta til er frumvarpið byggt á tillögum tveggja nefnda, verkaskiptanefndar og fjárhagsnefndar, sem skipaðar voru af stjórnvöldum í september 1986. Nefndirnar skiluðu áliti í apríl 1987 um verkaskiptingu og fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Í nefndum þessum áttu sæti sjö menn, þar af tveir í báðum nefndum og skiptu með sér formennsku. Allir þessir menn voru af þéttbýlissvæðinu suðvestanlands og þeim til aðstoðar sérfræðingar af sama svæði. Af þeim sökum m.a. telur minni hl. nauðsynlegt að fá umsögn sveitarstjórna um efni frumvarpsins, ekki síst frá sveitarfélögum í strjálbýli og frá fámennari þéttbýlissveitarfélögum.

Því hefur verið haldið fram, m.a. í félagsmálanefnd neðri deildar, að álit ofangreindra nefnda hafi verið sent sveitarstjórnarmönnum um land allt og óskað hafi verið umsagnar þeirra. Engar slíkar umsagnir lágu fyrir eða voru kynntar í nefndinni, enda aldrei verið eftir þeim leitað. Yfirborðsleg kynning nefndarálitanna á vettvangi einstakra landshlutasamtaka sveitarfélaga kemur ekki í staðinn fyrir kynningu þessa frumvarps sem engin hefur verið gagnvart landshlutasamtökum sveitarfélaga eða hjá einstökum sveitarfélögum.

Frumvarp þetta var lagt fyrir Alþingi 9. des. 1987 og hefur því gefist mjög skammur tími fyrir nefndina að kynna sér málið. Í nefndinni var óskað eftir því að hún fengi drög að þeim fjölmörgu reglugerðum sem gert er ráð fyrir að setja um efni frumvarpsins. Lögð var á það

áhersla að fá fram drög að reglum varðandi sérdeild og uppgjörsdeild Jöfnunarsjóðs, en þær deildir eiga að sjá um fjármálaleg samskipti við sveitarfélögin vegna tilfærslna á þeim verkefnum sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Fjárhagslegt mat á tillögum samkvæmt álitum verkaskiptanefndar og fjármálanefndar byggist á óljósum og í sumum tilvikum a.m.k. veikum forsendum. Einnig er það úrtak þrettán sveitarfélaga, sem nefndirnar byggðu á sundurliðun á fjárstuðningi ríkisins til sveitarfélaga, mjög lítið þegar haft er í huga að sveitarfélög í landinu eru um 220 talsins og aðstæður þeirra afar ólíkar.

Ástæða er til að vekja athygli á að val á þeim verkefnaþáttum, þar sem breyta á verkefnaskiptingu „í fyrsta áfanga", er næsta sérkennilegt og víst er að í því endurspeglast ekki áherslur sveitarfélaga á verkefnatilflutningi né heldur annarra aðila er starfa að þeim málum. Í því sambandi má benda á viðfangsefni eins og tónlistarskóla, íþróttamálefni og byggðasöfn.

Víðtæk andstaða og mótmæli hafa komið fram um fyrirætlanir skv. VI. kafla frumvarpsins um tónlistarskóla. Fulltrúar Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands sem komu á fund nefndarinnar lýstu þungum áhyggjum af ákvæðum II. kafla um breytingu á íþróttalögum. Þjóðminjavörður og talsmenn byggðasafna eru örvæntingarfullir vegna áformaðra breytinga skv. VII. kafla frumvarpsins um stuðning ríkisins við byggðasöfn. Þar er vegið að menningarstarfsemi sem snertir alla landsmenn og engan veginn er bundin við einstök sveitarfélög. Deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, sem fjallar um dagvistarheimili, lýsti þungum áhyggjum vegna þess að veikja ætti faglega umsjón stjórnvalda með dagvistarheimilum skv. V. kafla frumvarpsins.

Benda verður á að þrátt fyrir hátíðlegt tal um að gera sveitarfélögin óháðari ríkisvaldinu en nú er er víða í frumvarpinu að finna óljós skil og skörun varðandi valdsvið og fjárhagsleg samskipti. Má í því sambandi benda á kaflana um íþróttamálefni og dagvistarheimili.

Ámælisvert er að með frumvarpi þessu er gripið inn í sérlög um einstaka málaflokka án þess að ráðrúm hafi gefist til heildarendurskoðunar á þeim lögum. Í nefndinni gafst ekki ráðrúm til að bera saman umrædda lagabálka og þær breytingar, sem lagðar eru til samkvæmt frumvarpinu. Þetta eru vinnubrögð sem einkenna málsmeðferð varðandi frumvarpið.

Minni hl. telur að með frumvarpinu sé byrjað á öfugum enda. Í stað þess að tryggja fyrst fjárhagslega stöðu sveitarfélaganna gagnvart ríkinu er ráðist í „áfanga" í verkefnatilfærslu og valdir úr þættir sem orka tvímælis að því er verkskiptingu áhrærir og gagnast sveitarfélögum lítið fjárhagslega. Reynt er að láta líta svo út af talsmönnum frumvarpsins að í því endurspeglist vilji sveitarfélaga í landinu, en þau hafa í raun ekki fengið að segja orð um efni þess.

Með vísan til ofangreindra atriða ítrekar minni hl. það álit sitt að vinna beri þetta mál í heild frá grunni áður en lögfest verði breytt verkaskipting ríkis og sveitarfélaga. Það er því tillaga minni hl. að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Steingrímur J.Sigfússon sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 19. des. 1987.

Kristín Einarsdóttir, frsm. Óli Þ. Guðbjartsson.

Ed. 383. Breytingartillaga [181. mál]

við frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1991.

Frá Skúla Alexanderssyni og Danfríði Skarphéðinsdóttur.

Við 7. gr. Við greinina bætist: Við ákvörðun aflahámarks fyrir stærðarflokka 8 og 9, togara, skal landinu þó skipt í tvö svæði þannig:
Svæði 1: Frá Eystra-Horni vestur og norður um að Öndverðarnesi.
Svæði 2: Frá Öndverðarnesi norður og austur um að Eystra-Horni.

Nd. 384. Lög [47. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986 og lög nr. 27/1987.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.)

Samhljóða þskj. 370.

Ed. 385. Breytingartillaga [196. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá Halldóri Blöndal.

Við 12. tölul. B-liðar 3. gr. Fyrir „til hitunar húsa og laugarvatns“ kemur: til hitunar húsa, laugarvatns, varmadælna og dælingar hitaveitna.

Ed. 386. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið sem flutt er til staðfestingar á bráðabirgðalögum sem gefin voru út 10. júlí 1987.

Nefndin klofnaði við afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Með nefndaráliti þessu er fylgiskjal til skýringar á breytingartillögunni.

Alþingi, 19. des. 1987.

Egill Jónsson, form., frsm. Valgerður Sverrisdóttir. Karvel Pálmason.

Þorv. Garðar Kristjánsson. Stefán Guðmundsson.

Fylgiskjal.

Niðurstöður um niðurgreiðslur og endurgreiðslur kjarnfóðurgjalds.
(16. des. 1987.)

Niðurgreiðslur hækki um 1289 millj. kr. Áætluð skipting þessa fjár er eftirfarandi:

	Kr./kg	*Kostnaður. millj. kr.*	*Áætluð verðbr.*
Dilkakjöt	71.00	535.3	0%
Mjólk	10.89	496.6	0%
Undanrenna	8.00	16.0	0%
Skyr	19.11	29.6	0%
Smjör	64.57	82.0	0%
Ostur 45%	49.54	67.4	12%
Ostur 30%	41.34	23.2	12%
Kindakjöt 3.–6. fl.	27.11	39.6	12%
	Samtals	1289.7	

Kjarnfóðurgjöld verði hækkuð í 4500 kr. (50%-gjaldið) og 4400 kr./tonn (sérstakt gjald). Teknar verði upp endurgreiðslur út á afuðrir svína, alifugla og nauta sem nægja til þess að halda verðbreytingum við um 10%.

	Kr./kg	*Kostnaður millj. kr.*	*Áætluð verðbr.*
Svínakjöt	41.00	77.9	10%
Egg	20.00	50.0	10%
Kjúklingar	41.00	73.8	10%
Nautakjöt	35.77	93.0	10%
		294.7	
	Samtals	**1584.4**	

Vegna hækkunar kjarnfóðurgjalda verða tekjur um 462.8 millj. kr. eða 112.8 millj. kr. umfram fjárlagafrumvarp.

Vegna breyttra verðhlutfalla má reikna með að þörf fyrir útflutningsbætur verði minni en verið hefði að óbreyttum verðhlutföllum. Á þessum forsendum er lagt til að útflutningsbætur lækki um 21,6 millj. kr.

Til niðurgreiðslna og endurgreiðslu fóðurgjalda var áformað að verja 1250 + 200 eða 1450 millj. kr. Nettóniðurstaða er á þeim mörkum:

Niðurgreiðslur	1289.7
Endurgreiðslur	294.7
Kjarnfóðurskattur	−112.8
Útflutningsbætur	−21.6
Samtals	1450.0

Ed. 387. Breytingartillaga [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar (EgJ, VS, KP, ÞK, StG).

Við bætist ákvæði til bráðabirgða er hljóði svo:

Á árinu 1988 skal allt að 202 milljónum króna af tekjum ríkissjóðs af grunngjaldi og sérstöku grunngjaldi skv. 1. og 3. tölul. d-liðar 1. mgr. 30. gr. laga, sbr. 4. gr. laga þessara, varið til að draga úr röskun sem söluskattsskylda þessara afurða frá 1. janúar 1988 veldur á verðhlutföllum milli þeirra og dilkakjöts. Í þessu skyni er heimilt að endurgreiða framleiðendum afurða alifugla og svína að hluta eða öllu leyti þau grunngjöld sem þeir hafa greitt við fóðurkaup. Landbúnaðarráðherra setur í reglugerð, að höfðu samráði við fjármálaráðherra, nánari ákvæði um framkvæmd endurgreiðslna þessara.

Jafnframt er heimilt að greiða framleiðendum nautakjöts allt að 93 milljónum króna á árinu 1988 í sama skyni.

Endurgreiðslur á grunngjaldi og hinu sérstaka grunngjaldi samkvæmt þessu ákvæði skulu leiða til lækkunar á búvöruverði.

Ed. 388. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1991.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum og kvatt til viðtals eftirtalda menn: Vilhjálm Egilsson frá Verslunarráði Íslands, Árna Benediktsson frá félagi Sambandsfiskframleiðenda, Bjarna Lúðvíksson frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Dagbjart Einarsson frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, Jakob Jakobsson frá Hafrannsóknastofnun, Magnús E. Guðjónsson frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, Kristján Ragnarsson frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, Guðjón A. Kristjánsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Óskar Vigfússon og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Arthur Bogason, Sævar Einarsson, Harald Jóhannesson og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda, Guðmund Stefán Maríasson frá Félagi rækju- og hörpudiskframleiðenda og Gunnlaug Claessen ríkislögmann. Þá hafa fulltrúar sjávarútvegsráðuneytisins komið á fund nefndarinnar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem fram koma á þingskjali 389.

Lagt er til að gildistími laganna verði þrjú ár í stað fjögurra.

Þá er gert ráð fyrir að úr 5. gr. frumvarpsins verði felld ákvæði um sérstakt 10% álag á afla sem fluttur er óunninn á erlendan markað hafi hann ekki verið veginn hér á landi.

Varðandi smábáta er lagt til að bátar undir 10 brl., sem stunda línu- og handfæraveiðar, þurfi eingöngu að sæta tímabundnum veiðibönnum eins og verið hefur. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að allir bátar 6 brl. og stærri fái sérstök veiðileyfi með aflahámarki. Þessi breyting er í samræmi við samþykktir 46. fiskiþings.

Meiri hl. telur að sem mestur jöfnuður eigi að ríkja varðandi meðalaflahámörk sóknarmarksskipa. Ráðgert er að setja í fyrsta skipti meðalaflahámark á karfaafla togara. Er

í því sambandi nauðsynlegt að tillit sé tekið til þess að útgerðarkostnaður í hlutfalli við aflaverðmæti er meiri við karfaveiðar en við þorskveiðar. Er því eðlilegt að karfaaflahámörk verði hækkuð nokkuð frá því sem lagt er til í drögum að reglugerð um stjórn botnfiskveiða árið 1988. Meðalaflahámörk togara verði sem hér segir (í smálestum):

	Svæði I	*Svæði II*
39 metrar og styttri: Þorskaflahámark	660	1000
Lengri en 39 metrar: Þorskaflahámark	1160	1650
39 metrar og styttri: Karfaaflahámark	850	100
Lengri en 39 metrar: Karfaaflahámark	1700	600

Þeim togurum, sem velja sóknarmark með meðalaflamarki, verði heimilt að veiða karfa í stað þorsks innan samanlagðra aflahámarka beggja tegundanna.

Minni hl. nefndarinnar skilar séráliti.

Alþingi, 19. des. 1987.

Stefán Guðmundsson, fundaskr. Guðmundur H. Garðarsson, frsm. Halldór Blöndal.

Jóhann Einvarðsson.

Ed. 389. Breytingartillögur [181. mál]

við frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1991.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar (StG, GHG, HBl, JE).

1. 3. og 4. málsl. 4. mgr. 5. gr. falli brott.
2. Við 10. gr. Greinin orðist svo:

Botnfiskveiðar báta minni en 10 brl. skulu háðar sérstökum takmörkunum:

A. Allar botnfiskveiðar báta 6 brl. og stærri skulu háðar sérstökum veiðileyfum, enn fremur þorskfisknetaveiðar báta undir 6 brl.

B. Bátum, sem eingöngu stunda veiðar með línu- og handfærum, eru bannaðar allar botnfiskveiðar í tíu daga um páskahelgi og verslunarmannahelgi og í júní- og októbermánuði samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Enn fremur frá og með 1. desember til og með 15. janúar.

C. Bátum 6 brl. og stærri, sem netaveiðar stunda, skal úthlutað sérstöku veiðileyfi með aflahámarki samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra og eru þeir bátar þá undanþegnir veiðibönnum samkvæmt B-lið. Jafnframt getur ráðherra ákveðið í reglugerð mismunandi aflahámark með hliðsjón af stærðum báta í þessum flokki og fyrri veiðireynslu.

D. Bátum undir 6 brl. eru bannaðar allar þorskfisknetaveiðar. Þó er heimilt að veita þeim aðilum, sem leyfi fengu til þorskfisknetaveiða á bátum undir 6 brl. á árunum 1986 eða 1987, leyfi til þorskfisknetaveiða og eru þeir bátar þá undanþegnir veiðibönnum samkvæmt B-lið og gilda þá um botnfiskveiðar þeirra ákvæði C-liðar þessarar greinar samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

E. Aflahámark samkvæmt C- og D-liðum er óframseljanlegt.

F. Heimilt er að setja sérstakar reglur um botnfiskveiðar báta undir 10 brl. sem leyfi fá til skel- eða rækjuveiða.

G. Einungis er heimilt að úthluta bátum veiðileyfi, sbr. A-lið, sem skráðir eru á skipaskrá hjá Siglingamálastofnun ríkisins 31. desember 1987. Þó er heimilt að úthluta nýjum og nýkeyptum bátum veiðileyfi með aflamarki komi þeir í stað sambærilegra báta sem slík veiðileyfi hafa fengið og horfnir eru varanlega úr rekstri. Bátar, sem smíði er sannanlega hafin á fyrir gildistöku laga þessara, eiga kost á veiðileyfi með aflamarki samkvæmt reglum hér að ofan enda hafi verið gerður bindandi samningur um sölu þeirra fyrir sömu tímamörk.

3. Við 21. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988 og gilda til 31. desember 1990. Jafnframt eru á gildistíma þessara laga felldar úr gildi 10. og 14. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.
4. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1990.

Nd. 390. Frumvarp til laga [196. mál]

um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 3. umr. í Ed., 19. des.)

1. gr.

2. og 3. mgr. 1. gr. falli niður.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 124/1984, orðist svo:
Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og af innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 25% — tuttugu og fimm af hundraði — söluskatt, sbr. þó III. kafla laga þessara.

3. gr.

6. gr. laganna orðist svo:
Sala eftirtalinna vara, verðmæta, starfsemi eða þjónustu er undanþegin söluskatti:

A. Vörur og verðmæti:

1. Vörur sem seldar eru úr landi.
2. Fullunnar umbúðir um söluvörur.
3. Veiðarfæri, svo og efni til veiðarfæragerðar og viðgerðar veiðarfæra. Ákvæði þetta tekur þó ekki til sporttækja og efnis í þau.
4. Salt, annað en í smásöluumbúðum.
5. Beita ætluð til veiða í atvinnuskyni.
6. Tilbúinn áburður annar en í smásöluumbúðum.
7. Grasfræ og trjáfræ.
8. Fóðurmjöl og hey svo og annað dýrafóður, þó ekki ef vörur þessar eru seldar í smásöluumbúðum.
9. Fasteignir, skip og flugvélar. Undanþágan tekur aðeins til báta sem eru gerðir út í atvinnuskyni og flugvéla sem notaðar eru í flugrekstri.
10. Eldsneyti fyrir loftför sem rekin eru í atvinnuskyni af aðilum sem eru handhafar flugrekstrarleyfa.

11. Varahlutir, vélar og tæki fyrir flugvélar, eftir ákvörðun fjármálaráðherra og með þeim takmörkunum og skilyrðum sem hann setur.
12. Svartolía og gasolía.
13. Kol og koks til iðnaðarframleiðslu, húshitunar og hitunar laugarvatns.
14. Rekaviður.
15. Kvikmyndir sem keyptar eru eða leigðar til sýninga í kvikmyndahúsum eða sjónvarpsstöðvum sem leyfi hafa til útvarpsrekstrar.
16. Vélar, tæki og búnaður til notkunar í fiskvinnslu sem falla undir tollskrárnúmer 3923.1001, 8413.7000, 8413.9100, 8414.3000, 8414.9000, 8418.6109, 8418.6909, 8418.9900, 8422.1900, 8438.8000 og 8438.9000.
17. Eftirtaldar vélar og tæki til notkunar í landbúnaði: Mjaltavélar, mjólkurkælar, fjárvogir, fjárklippur, sláttuvélar aðrar en garðsláttuvélar, rakstrar- og snúningsvélar, múgavélar, rúllubindivélar, heybindivélar, heyblásarar, ámoksturstæki fyrir almennar hjóladráttarvélar, vagnar búnir tækjum til losunar eða lestunar á heyi, áburðardreifingar eða heyvinnslu, plógar, herfi, valtarar og flagjafnarar, áburðar- og mykjudreifarar, kartöfluniðursetningarvélar, upptökuvélar fyrir kartöflur og aðra garðávexti og flokkunarvélar.
18. Vörur sem um ræðir í 5. gr. tollalaga, nr. 55/1987.
19. Lausafé sem seljandi hefur notað í eigin þágu eða við starfsemi sína enda geti salan ekki talist til atvinnurekstrar.
20. Heimilisnotkun bónda á eigin framleiðsluvörum.
21. Innlend dagblöð og hliðstæð blöð svo og tímarit sem ekki eru gefin út í ágóðaskyni.
22. Auglýsingar í dagblöðum, bókum, tímaritum og ritlingum sem skattskyldar eru til sérstaks söluskatts skv. III. kafla laga þessara.

B. Undanþegin starfsemi og þjónusta:

1. Vinna manna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð svo og við endurbætur og viðhald slíkra mannvirkja. Á þetta við um hvers konar mannvirki og skiptir ekki máli hver lætur vinnuna í té. Undanþágan tekur einvörðungu til vinnu á byggingarstað en ekki til vinnu við framleiðslu eða aðvinnslu byggingarvara í verksmiðju, verkstæði eða starfsstöð. Þó er fjármálaráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að frá heildarsöluverði verksmiðjuframleidds íbúðar- eða atvinnuhúsnæðis megi framleiðandi þess draga við söluskattsuppgjör tiltekinn hundraðshluta verðsins. Skal frádráttarhlutfallið ákveðið sérstaklega fyrir hvert afhendingarstig húsnæðisins og taka mið af því að sú verksmiðjuvinna verði undanþegin söluskatti er unnin hefði verið söluskattsfrjáls á byggingarstað við smíði húss á hefðbundinn hátt.
2. Vinna við skipa- og flugvélaviðgerðir.
3. Vinna við viðgerðir veiðarfæra, þó ekki sporttækja.
4. Vöru- og fólksflutningar.
5. Upp- og útskipunargjöld svo og geymsla vara í vörugeymslum.
6. Húsaleiga, þar með talin leiga gistiherbergja, önnur en leiga veitinga- og samkomuhúsnæðis.
7. Prestþjónusta og útfararþjónusta.
8. Rekstur sjúkrahúsa, sjúkrastofnana, fæðingarstofnana, heilsuhæla, elliheimila, vöggustofa, barnaheimila og þvílíkra stofnana.
9. Lækningar, þar með talið ljós- og nuddlækningar, störf ljósmæðra, hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga og uppeldisfræðinga, dýralækningar, tannlækningar, tannsmíði svo og framleiðsla gervilima og umbúnaðar fyrir lamað fólk.

10. Sala fasteigna, skipa, flugvéla svo og verðbréfa, hlutabréfa, einkaleyfa og annarra þvílíkra verðmæta þegar ekki er um að ræða sölu þeirra sem vöru, þ.e. prentvarnings eða söfnunargripa.
11. Sala listamanna á eigin verkum. Enn fremur sala á einkarétti eða höfundarétti að uppfinningu eða hugverki. Undanþágan tekur einungis til sölu höfundar á frumverkinu.
12. Sala á vatni frá vatns- og hitaveitum ásamt mælaleigu svo og íssala til fiskiskipa. Sama á við um rafmagn til hitunar húsa, laugarvatns, varmadælna og dælingar hitaveitna.
13. Þjónusta banka, sparisjóða og annarra lánastofnana svo og verðbréfamiðlun.
14. Aðgangseyrir að íþróttasýningum, íþróttamótum, sundstöðum og skíðalyftum.
15. Fæðissala mötuneyta skólafólks. Undanþágan tekur aðeins til fæðissölu þessara mötuneyta en ekki til sölu á hráefni til starfseminnar.
16. Skipa- og loftfaraleiga til aðila sem stunda skipaútgerð eða flugrekstur.
17. Prentun blaða og tímarita sem um ræðir í 21. tölul. A-liðar þessarar greinar svo og prentun bæklinga og rita, sem dreift er erlendis til vöru- eða landkynningar, vörumiða og umbúða um söluvöru.
18. Hafnar-, vita- og lendingargjöld.
19. Iðgjöld af seldum líftryggingum, farmtryggingum vegna flutnings milli Íslands og annarra landa, skipa- og loftfaratryggingum, slysa- og starfshæfnistryggingum flugáhafna svo og slysatryggingum sem atvinnurekendur eru skuldbundnir samkvæmt kjarasamningum til að kaupa fyrir starfsmenn sína.
20. Aðgangseyrir að leiksýningum og tónleikum eftir nánari reglum og skilyrðum sem ráðherra setur.
21. Vinnsla á rekavið sem eigandi eða rétthafi rekans stundar.
22. Þjónusta og starfsemi sem skattskyld er til sérstaks söluskatts skv. III. kafla laga þessara.

Ráðherra kveður nánar á um það sem fellur undir undanþáguákvæði þessarar greinar svo og um framkvæmd.

4. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðherra er heimilt að fella niður eða endurgreiða söluskatt af:

1. Efni, vinnu, vélum og tækjum í skip og báta sem smíðaðir eru innan lands. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á rúmlest.
2. Kostnaði sveitarfélaga við snjómokstur.
3. Vélum og tækjum, vélahlutum og varahlutum til samkeppnisiðnaðar. Með samkeppnisiðnaði er í þessu sambandi átt við iðngreinar sem framleiða iðnaðarvörur sem falla undir tollalækkunarákvæði fríverslunarsamninga Íslands við EFTA og EB við innflutning til Íslands.
4. Efni, vélum og tækjum í raforkuveitur, hitaveitur og vatnsveitur. Sama á við um eldsneytisstöðvar (varaaflsstöðvar) opinberra orkuveitufyrirtækja.
5. Sjúkrabifreiðum, ásamt sérútbúnaði og tækjum í þær, leitarbifreiðum björgunarsveita svo og sérhönnuðum snjósleðum og snjóbifreiðum sem notaðar eru til sjúkraflutninga og eru í eigu björgunarsveita, slökkvi- og stigabifreiðum slökkviliða, brunaslöngum og tengistykkjum fyrir þær, reykköfunarbúnaði og hlífðarbúnaði fyrir slökkviliðsmenn ásamt öðrum sérbúnaði sem sannanlega er einungis notaður til brunavarna og slökkvistarfa. Sama á við um sérbúnar bifreiðar til notkunar við flutning á fötluðu fólki.
6. Fjarskiptatækjum leitar- og björgunarsveita fyrir metra-, desimetra- og millibylgjur (VHF, UHF og SSB).

7. Hljóð- og sjónvarpstökubúnaði, senditækjum, viðtækjum og öðrum slíkum tækjum sem sérstaklega eru framleidd fyrir sjónvarps- og útvarpsstarfsemi svo og filmum, myndböndum og hljóðböndum sem keypt eru af aðilum sem leyfi hafa til útvarpsrekstrar. Heimildin tekur einnig til búnaðar sem nauðsynlegur er til móttöku á truflaðri útvarpssendingu útvarpsstöðva sem leyfi hafa til útvarpsrekstrar.
8. Dráttarvélum sem bændur á lögbýlum kaupa til notkunar við búrekstur.
9. Neyðar- og kallkerfum sem sett eru upp í vernduðum þjónustuíbúðum fyrir aldraða og fatlaða og byggðar eru í samræmi við ákvæði laga nr. 91/1982, um málefni aldraðra, og laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra.
10. Eftirtöldum búnaði til notkunar við leitar- og björgunarstörf úr sjávarháska:
    a. Línubyssum, merkjabyssum og merkjaskotum.
    b. Björgunar- og öryggisnetum til notkunar um borð í skipum eða höfnum.
    c. Sérhönnuðum björgunarbátum og utanborðsvélum í slöngubáta leitar- og björgunarsveita.
    d. Flot- og björgunarbúningum, sem viðurkenndir eru af Siglingamálastofnun, til notkunar um borð í skipum.
    e. Sérhönnuðum neyðarleifturljósum (strobe-lights) á björgunarvesti og björgunarbúninga.
11. Skíðalyftum og snjótroðurum til notkunar á skíðasvæðum sem opin eru almenningi.
12. Orgelum til notkunar í kirkjum.
13. Fjárfestingarvörum til nota við loðdýrarækt, loðkanínurækt, fiskeldi, hafbeit og fiskrækt, þar með talið byggingarefni og jarðvinnu. Heimildin tekur þó ekki til ökutækja.
14. Flugleiðsögutækjum, aðflugsbúnaði, lýsingarbúnaði flugvalla, snjóhreinsi- og ísvarnarbúnaði og öðrum sérhæfðum öryggistækjum og fylgihlutum þeirra sem eingöngu eru ætluð til notkunar vegna þjónustu ríkisins við flugstarfsemi.
15. Vélum og tækjum til orkurannsóknaborana og borana til vinnslu jarðvarma.
16. Tækjum og búnaði sem keypt eru fyrir fé úr Vísindasjóði eða Rannsóknasjóði, sbr. II. og IV. kafla laga nr. 48/1987.
17. Vörum sem um ræðir í 3.–7., 9.–13. og 15.–21. tölul. 6. gr. tollalaga.
18. Búnaði og efni til mengunarvarna í sjó.
19. Gjöfum til björgunarsveita svo og til mannúðar- eða líknarstarfsemi.
20. Vogum og rafeindabúnaði í flokkunarvélar, enda séu tæki þessi eingöngu ætluð til notkunar í fiskiðnaði.
21. Greiðslum samkvæmt samningum um fjármögnunar- eða kaupleigu véla, tækja og búnaðar til atvinnurekstrar.
22. Vörum sem erlendir ferðamenn hafa með sér er þeir hverfa úr landi.

Ráðherra setur nánari reglur um það sem fellur undir undanþáguheimildir þessarar greinar svo og um framkvæmd. Honum er í því sambandi heimilt að setja nánari skilyrði sem uppfylla þarf fyrir undanþágu eða endurgreiðslu samkvæmt greininni.

5. gr.

4. mgr. 8. gr. orðist svo:

Nú hefur söluskattsskyldur aðili, sbr. 5. gr., keypt vöru, vinnu eða þjónustu með söluskatti, sem hann síðan endurselur í atvinnuskyni, og er honum þá heimilt að draga innkaupsverðið frá söluskattsskyldri veltu sinni. Hafi hann hins vegar enga söluskattsskylda veltu fram að telja eða söluskattsskyld velta hans nemur lægri fjárhæð en nefnd innkaup er heimilt að endurgreiða honum þann söluskatt sem hann hefur þannig ofgreitt. Endurgreiðsla kemur þó eigi til greina nema hinn ofgreiddi söluskattur sé minnst 50 000 kr. á mánuði.

6. gr.

Í stað „10 000 kr.“ í 5. mgr. 12. gr. komi: 100 000 kr.

7. gr.

Við lögin bætist svohljóðandi kafli:

III. KAFLI

Sérstakur söluskattur.

18. gr.

Greiða skal í ríkissjóð 12% — tólf af hundraði — sérstakan söluskatt af endurgjaldi fyrir eftirtalda þjónustu, starfsemi eða verðmæti:

1. Lögfræðiþjónustu, verkfræðiþjónustu, tæknifræðiþjónustu, hagfræðiþjónustu, viðskiptafræðiþjónustu, arkitektaþjónustu, náttúrufræðiþjónustu, landafræðiþjónustu, endurskoðendaþjónustu og hliðstæða þjónustu svo og þjónustu skjalaþýðenda, dómtúlka og hliðstæðra aðila.
2. Bókhaldsþjónustu, framtalsaðstoð, tollskýrslugerð, álits- og matsgerðir, tölvuþjónustu og tölvuvinnslu, þar með talda þjónustu kerfisfræðinga og hvers konar ráðgjöf, svo sem viðskipta-, rekstrar- eða tækniráðgjöf og hliðstæða sérfræðiþjónustu. Sama á við um ráðningarþjónustu, útleigu vinnuafls, vaktþjónustu, sbr. þó 2. mgr., þjónustu rannsóknastofnana, útgáfu- og auglýsingaþjónustu, svo sem gerð, miðlun og ráðgjöf varðandi auglýsingar svo og hönnun umbúða, ársreikninga, eyðublaða, dreifirita, bæklinga og aðra hliðstæða þjónustu.
3. Þjónustu fasteignasala og seljenda notaðra bifreiða.

Til skattskyldrar þjónustu eða starfsemi samkvæmt þessum kafla telst ekki þjónusta lækna, tannlækna og önnur eiginleg heilbrigðisþjónusta, svo sem ljós- og nuddlækningar, störf ljósmæðra og hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga, uppeldisfræðinga, tannsmíði og tannviðgerðir, svo og dýralækningar og framleiðsla gervilima og þess háttar umbúnaður fyrir lamaða. Sama á við um vaktþjónustu presta og útfararþjónustu.

19. gr.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að setja fyllri ákvæði um skattskyldu samkvæmt þessum kafla, svo og um önnur atriði er lúta að framkvæmd. Þá er honum heimilt að undanþiggja tiltekna þjónustu eða starfsemi sérstökum söluskatti umfram það sem gert er í 2. mgr. 18. gr. teljist slíkt nauðsynlegt til þess að samræmis gæti í skattlagningu á sambærilegri eða hliðstæðri þjónustu. Að öðru leyti skulu ákvæði II. og IV. kafla laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim, þar á meðal um refsingar, gilda eftir því sem við á um sérstakan söluskatt samkvæmt þessum kafla.

8. gr.

1. mgr. 20. gr. falli niður.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 12/1980, um orkujöfnunargjald, 21. gr. laga nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð, 1. málsl. 4. gr. laga nr. 107/1985, um Jarðboranir hf., 6. gr. laga nr. 121/1978, um kjaramál, og 35. gr. laga nr. 11/1975, um ráðstafanir í efnahagsmálum, svo og II. kafli bráðabirgðalaga nr. 68/1987, um ráðstafanir í fjármálum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Ákvæði 114. gr. tollalaga, nr. 55/1987, skulu eftir því sem við getur átt, eiga við um innheimtu söluskatts við tollafgreiðslu á vörum sem teknar hafa verið til tollmeðferðar við gildistöku laga þessara.

II

Hafi fyrir gildistöku laga þessara verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu sem undanþegin hefur verið söluskatti fram að þeim tíma, en afhending hins selda fer fram eftir gildistöku þeirra, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna er svarar söluskatti, að frádregnum sérstökum söluskatti hafi hann verið innheimtur af hinu selda, nema sannað sé að söluskatturinn hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

III

Hafi verið gerður samningur fyrir gildistöku laga þessara um afhendingu vinnu eða þjónustu sem skattskyld er til sérstaks söluskatts, en afhending hins selda fer fram eftir gildistöku þeirra, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna er svarar mismun á sérstökum söluskatti skv. 7. gr. laga þessara og sérstökum söluskatti skv. II. kafla bráðabirgðalaga, nr. 68/1987, nema sannað sé að mismunurinn hafi verið talinn með í kaupverðinu eða þóknuninni við ákvörðun hennar.

Ed. 391. Breytingartillaga [181. mál]

við frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1991.

Frá Skúla Alexanderssyni, Guðmundi Ágústssyni og Danfríði Skarphéðinsdóttur.

Við 14. gr. Síðari málsliður 2. mgr. orðist svo:

Þó fylgir fiskiskipi aldrei við sölu hærra aflamark en nemur meðalaflamarki skipa í sama flokki, sbr. 7. gr., og á því svæði þaðan sem skipið er selt að mati samráðsnefndar, sbr. 15. gr., mælt í þorskígildum.

Ed. 392. Breytingartillögur [181. mál]

við frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1991.

Frá Karvel Pálmasyni.

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Við veitingu veiðileyfa skv. 3. gr. koma til greina þau skip sem leyfi fengu til botnfiskveiða á árinu 1985 og ekki hafa horfið varanlega úr rekstri, einnig ný og nýkeypt sambærileg skip sem koma í stað skipa sem leyfi fengu 1985. Svo og ný og nýkeypt skip sem fjármögnuð hafa verið með erlendum lánum með heimild stjórnvalda á árunum 1986–1987. Þá skulu þau skip, sem koma í stað skipa er fórust á árunum 1983–1984 og ekki hafa verið endurnýjuð, eiga rétt á veiðileyfi sem sé meðaltal aflamarks skipa í sama stærðarflokki. Enn fremur skip þau sem sérstök veiðileyfi hafa fengið samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 97 20. desember 1985, um stjórn botnfiskveiða 1986–1987.

2. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Botnfiskveiðar báta minni en 10 brl. eru háðar eftirgreindum takmörkunum:
   1. Veiðar eru ekki heimilar á eftirgreindum tímabilum:
      A. Í tíu daga um páskahelgi 1988 og 1989. Enn fremur í tíu daga í ágúst og sjö daga í júní og október, hvorn mánuð, hvort ár.
         Fari mánaðarlegt aflamagn báta undir 10 brl. í einhverjum landsfjórðungi niður fyrir tvo þriðju af meðalafla þess mánaðar síðustu þrjú árin vegna ógæfta er ráðherra heimilt að aflétta næstu veiðistöðvun á eftir samkvæmt þessum staflið.
      B. Frá og með 15. desember 1988 til og með 15. janúar 1989 og frá og með 15. desember 1989 til og með 31. desember 1989.
   2. Netaveiðar báta undir 10 brl. skulu á tímabilinu frá og með 10. febrúar til og með 15. maí hvort ár vera háðar botnfiskveiðileyfum með sóknarmarki, þannig að heimilt sé að stunda veiðar í ákveðinn dagafjölda á ofangreindu tímabili með þorskaflahámarki.
      Ákvæði B-liðar taka einnig til netaveiða báta undir 10 brl.
      Ráðuneytið skal með auglýsingu tilkynna hvenær veiðar eru ekki heimilar skv. B-lið 1. tölul. og um sóknardagafjölda og þorskaflahámark, sbr. 2. tölul.
      Við ákvörðun sóknardagafjölda og þorskaflahámarks skal hafa hliðsjón af veiðiheimildum 10 brl. báta og skal þorskaflahámark vera tveir þriðju af árlegu þorskaflahámarki 10 brl. báta sem ekki hafa aflatekjur af sérveiðum.
3. Við 12. gr. bætist ný málsgrein er verði 3. mgr. og orðist svo:
   Ráðherra skal með reglugerð skipta aflahámarki úthafsrækju hvers árs að jöfnu milli skipa og vinnslustöðva í landi. Við úthlutun leyfa til vinnslustöðva skal að hluta til tekið tillit til framleiðslu þeirra árin 1984–1987 og að hluta til framleiðslugetu.
4. Við 13. gr. bætist tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:
   Sé skip með veiðiheimild selt úr byggðarlagi, sem að mestu byggir á fiskveiðum og fiskvinnslu, skal ráðherra heimilt að bæta viðkomandi byggðarlagi aflatapið þannig að veiðiheimildir þeirra skipa sem eftir eru verði auknar. Heimild þessari má þó því aðeins beita að sala skips valdi straumhvörfum í atvinnulífi og hætta sé á byggðaröskun af þeirri ástæðu.
5. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
   Sérstök samráðsnefnd skal fjalla um álita- og ágreiningsmál varðandi veiðileyfi, aflamark og sóknarmark samkvæmt lögum þessum og reglugerð settri samkvæmt þeim. Í nefndinni eiga sæti fimm menn. Þrír skulu kosnir af Alþingi, einn tilnefndur sameiginlega af samtökum sjómanna og einn tilnefndur af samtökum útvegsmanna. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Samráðsnefnd skal kappkosta að leysa öll ágreiningsefni sem til hennar er vísað. Verði nefndarmenn ekki á eitt sáttir skal deiluefnið borið undir ráðherra til úrskurðar.
6. Fyrri málsl. 21. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988 og gilda til 31. desember 1989.
7. Ákvæði til bráðabirgða I orðist svo:
   Alþingi kýs hlutfallskosningu nefnd níu manna til að undirbúa tillögur um fyrirkomulag fiskveiðistjórnar og nýtingu fiskstofna að loknum gildistíma laga þessara.
   Að ári liðnu skal nefndin leggja fyrir Alþingi bráðabirgðaálit á fiskveiðistefnunni ásamt tillögum um breytingar á lögum þessum telji hún það nauðsynlegt. Nefndin skal kanna eftirfarandi:
   1. Áhrif laga þessara á afkomu einstakra byggðarlaga, byggðaþróun í landinu og sjávarútveg.
   2. Áhrif gildandi stjórnar á fiskstofnana, afrakstur þeirra og hagkvæmni veiða.

Í starfi sínu skal nefndin kynna sér rækilega hvaða áhrif fiskveiðistefna undanfarinna ára hefur haft á byggðarlög, fiskstofna og sjávarútveg.

Nefndin skal kynna sér eftir því sem föng eru reynslu annarra þjóða af fiskveiðistjórn þeirra.

Hún skal leita álits og ráðgjafar hjá þeim sérfræðingum, stofnunum og hagsmunaaðilum, innan lands sem utan sem hún telur þörf á þannig að starf hennar skili sem bestum árangri við mótun sveigjanlegrar fiskveiðistefnu til framtíðar.

8. Ákvæði til bráðabirgða II orðist svo:

Skip sem koma í stað eftirtalinna skipa, er fórust á árunum 1983–1984, skulu eiga rétt á veiðileyfi sem sé meðaltal aflamarks skipa í sama stærðarflokki: Brimnes SH-257, Haförn SH-122, Hafrún ÍS-400, Bakkavík ÁR-100, Ragnar Ben ÍS-210, Kári VE-95, Þórunn ÞH-255, Hellisey VE-503, Sæbjörg VE-56 og Sóley SK-8.

9. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, III, er orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. skal Sigga Sveins, ÍS-29, skipaskrárnúmer 1846, úthlutað veiðileyfi er miðist við veiði á úthafsrækju.

Ed. 393. Frumvarp til lánsfjárlaga [63. mál]

fyrir árið 1988.

(Eftir 2. umr. í Ed., 19. des.)

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka allt að 4 200 000 þús. kr. lán innan lands á árinu 1988.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1988 og þessara laga.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 600 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum fyrirtækisins. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán, sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þeirri grein án samþykkis eignaraðila, hluti af ofangreindri fjárhæð.

4. gr.

Þróunarfélagi Íslands hf. er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 50 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að efla nýjungar í atvinnulífi.

5. gr.

Heimilt er að taka lán til framkvæmda og skuldbreytingar sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra sem hér segir:

1. Hitaveita Akureyrar, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 120 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Egilsstaða og Fella, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 8 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

3. Hitaveita Eyrar, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 10 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Hitaveita Siglufjarðar, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 20 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
5. Hitaveita Rangæinga, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 10 500 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
6. Fjarhitun Vestmannaeyja, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 45 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
7. Hitaveita Suðurnesja, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 150 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
8. Aðrar framkvæmdir eða skuldbreytingar, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 30 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

6. gr.

Byggðastofnun er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 550 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

7. gr.

Herjólfi hf., Vestmannaeyjum, er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð 100 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til hönnunar og smíði ferju.

8. gr.

Flóabátnum Baldri hf., Stykkishólmi, er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð 100 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til smíði ferju.

9. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar og endurlána þeim aðilum, sem nefndir eru í 3.–8. gr., með þeim kjörum sem og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

II. KAFLI

10. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, skal framlag ríkssjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins eigi nema hærri fjárhæð en 34 600 þús. kr. á árinu 1988 og er framlagið vegna Lífeyrissjóðs bænda.

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs falla niður á árinu 1988.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tölul. 35. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra að meðtöldum tekjum af erfðafjárskatti eigi fara fram úr 180 000 þús. kr. á árinu 1988.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 2. gr. laga nr. 34/1979, um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands falla niður á árinu 1988.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 31. gr. laga nr. 69/1984, hafnalaga, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 20 000 þús. kr. á árinu 1988.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs falla niður á árinu 1988.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. tölul. 9. gr. laga nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, skal framlag ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 25 000 þús. kr. á árinu 1988.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum eigi nema hærri fjárhæð en 28 000 þús. kr. á árinu 1988.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 40 000 þús. kr. á árinu 1988.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 50/1957, um menningarsjóð, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi fara fram úr 9 090 þús. kr. á árinu 1988.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laga nr. 32/1979, um framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, falla þær greiðslur niður á árinu 1988 og skulu þess í stað greiðast af tekjum Stofnlánadeildar landbúnaðarins skv. 2. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 64/1981, sbr. lög nr. 10/1985 og lög nr. 55/1986, um atvinnuleysistryggingar, skal heildarframlag ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs skv. 4. gr. fjárlaga eigi fara fram úr 500 000 þús. kr. á árinu 1988.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1988 vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. laga nr. 56/1987, jarðræktarlaga, skal greiðsla ríkissjóðs á framlagi til jarðabóta vegna framkvæmda á árinu 1987 ekki fara fram úr 141 000 þús. kr. á árinu 1988, en lokagreiðsla komi árið 1989.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 31/1973, um framlög til búfjárræktar, skal framlag ríkissjóðs til búfjárræktarstyrkja eigi nema hærri fjárhæð en 9 000 þús. kr. á árinu 1988.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka, skal framlag ríkissjóðs vegna bóta fyrir eyðingu refa og minka falla niður á árinu 1988.

26. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. tölul. 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, laga nr. 21/1976, um flokkun og mat ullar, og laga nr. 22/1976, um flokkun og mat á gærum, er landbúnaðarráðherra heimilt að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af yfirmati samkvæmt lögunum leiðir.

27. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs falla niður á árinu 1988.

28. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 1988 eigi nema hærri fjárhæð en 1 585 000 þús. kr.

III. KAFLI

29. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku skammtímalána og/eða veltilána er honum heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að selja skuldabréf að því marki sem þarf til að standa undir endurgreiðslu spariskírteina með óhagstæðum kjörum og endurgreidd eru vegna uppsagnar fyrir eindaga.

30. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta, þar sem mótaðili ríkissjóðs í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánum sem ríkissjóður tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Ríkissjóður tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.

Enn fremur er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að samþykkja slík skulda- og/eða vaxtaskipti lána sem tryggð eru með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs, enda séu að mati fjármálaráðherra nægar tryggingar fyrir ábyrgð ríkissjóðs þegar til slíkra samninga er stofnað.

31. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán þegar lánstími er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftatíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42 1983, þannig að fari samanlögð fjárhæð lána samkvæmt þessari grein og 3. gr. laga þessara fram úr 5% af höfuðstóli skal leitað samþykkis eignaraðila.

Jafnframt er Landsvirkjun heimilt að stofna til svokallaðra skulda- og/eða vaxtaskipta vegna erlendra lána sinna sem hún hefur tekið með viðeigandi heimildum og samþykki eignaraðila.

32. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta þar sem mótaðili ríkissjóðs í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánum sem Framkvæmdasjóður tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Framkvæmdasjóður tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.

Nýti Framkvæmdasjóður lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku skammtímalána og/eða veltilána er honum heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

33. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán hjá Seðlabanka Íslands að fjárhæð allt að 100 000 þús. kr. á árinu 1987.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán allt að 160 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt á árinu 1987 og endurlána Rafmagnsveitum ríkisins.

34. gr.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs og að fengnu samþykki fjárveitinganefndar, er heimilt að semja við Hitaveitu Rangæinga, Hitaveitu Suðureyrar og Hitaveitu Siglufjarðar um ráðstafanir til að bæta fjárhag veitnanna í framtíðinni.

35. gr.

Lántökuheimildir skv. I. kafla gilda á árinu 1988. Heimildir samkvæmt lögum þessum verða þó nýttar til 1. júlí 1989 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra komi til.

36. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 394. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1988.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Árið 1988 er ætlast til að innheimtar tekjur verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi samkvæmt þessari grein.

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
41	**Beinir skattar**		
411	**Eignarskattar**		**1 735 000**
4110	Eignarskattur, einstaklingar	760 000	
41101	Eignarskattsauki, einstaklingar	75 000	
4111	Eignarskattur, félög	480 000	
41111	Eignarskattsauki, félög	125 000	
4116–7	Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði	210 000	
4118	Erfðafjárskattur	85 000	
412	**Tekjuskattar, nettó**		**6 520 000**
4120–2	Tekjuskattur, einstaklingar, nettó	4 630 000	
4123	Tekjuskattur, félög	1 890 000	
42–43	**Óbeinir skattar**		
420	**Gjöld af innflutningi, aðflutningsgjöld, almenn**		**2 270 000**
4200	Aðflutningsgjöld alls	2 270 000	
421	**Gjöld af innflutningi**		**3 759 000**
4210	Gjald af bifreiðum og bifhjólum	810 000	
4211	Innflutningsgjald af bensíni	2 000 000	
4212	Jöfnunargjald	410 000	
4213	Jöfnunarálag á hús og húshluti	16 000	
42153	Fóðurgjald, grunngjald, lög nr. 46/1985	234 000	
42154	Kartöflugjald	30 000	
42155	Sérstakt kjarnfóðurgjald	229 000	
4216	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	30 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
422	**Tekjur af sölu erlends gjaldeyris**		**602 000**
4220	Gjald af umboðsþóknun og gengismun innlánsstofnana	240 000	
4221	Leyfisgjald	132 000	
4225	Lántökugjald af erlendum lánum	230 000	
423	**Skattar af framleiðslu og innflutningi**		**1 642 000**
4235	Vörugjald	1 600 000	
4239	Framleiðslugjald af áli	42 000	
424	**Sölugjald**		**30 327 000**
4240–2	Sölugjald, alls	31 860 000	
4244	Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	1 533 000	
426	**Skattar af orku**		**53 000**
4261	Rafmagnseftirlitsgjald	53 000	
427	**Skattar af einkasöluvörum**		**4 276 500**
4271	Hluti af rekstrarhagnaði ÁTVR	4 275 000	
4273	Gjald af einkasöluvörum	1 500	
428	**Sérstakir skattar af þjónustu**		**62 000**
4280	Skemmtanaskattar:		
42801	Skemmtanaskattur	53 000	
42802	Miðagjald	9 000	
429	**Aðrir skattar af veittri þjónustu**		**369 020**
4290	Aukatekjur, almennar	212 000	
4291	Prófgjöld	4 000	
4293	Skráningargjald ökutækja	150 000	
4294	Skattar af þjónustu, ýmsir:		
42942	Samúðarskeyti Landssímans	3 000	
42943	Gjald af eyðublöðum heillaskeyta	20	
430	**Skattar af launagreiðslum**		**4 673 000**
4301	Launaskattur	2 600 000	
4302	Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	1 600 000	
4303	Slysatryggingagjald	273 000	
4305	Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs	200 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
431	**Aðrir óbeinir skattar**		**3 432 600**
4310	Þinglýsingar	25 000	
4311	Stimpilgjald	1 400 000	
43121	Þungaskattur af dísilbifreiðum, skv. ökumælum	700 000	
43122	Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	200 000	
43123	Bifreiðagjald	650 000	
4313	Ýmsir skattar af skipum:		
43131	Lestagjald	100	
43132	Vitagjald	23 200	
43133	Skipaskoðunargjald	35 000	
4316	Áhættugjald ríkisábyrgða	155 000	
4317	Einkaleyfisgjald Happdrættis HÍ	43 500	
4318	ICAO-tekjur	150 800	
43192	Gjald af sérstakri verktakastarfsemi	50 000	
48	**Fjármunatekjur**		
481	**Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur**		**2 800 000**
4811	Dráttarvextir og vextir af skammtímalánum	1 100 000	
4812	Vaxtatekjur af langtímalánum	1 700 000	
482	**Arðgreiðslur**		**374 500**
4820	Frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta:		
48201	Afgjöld ríkisjarða	4 500	
48202	Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	190 000	
48203	Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	20 000	
48205	Lyfjaverslun ríkisins	15 000	
4821	Sameignir ríkisins	15 000	
4822	Arður af hlutabréfum	5 000	
4823	Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	25 000	
4829	Aðrar arðgreiðslur ríkisfyrirtækja	100 000	
49	**Aðrar tekjur**		
499	**Ýmsar tekjur**		**65 000**
4990	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	55 000	
4999	Óvissar tekjur	10 000	
	Tekjur samtals		62 960 620

2. Við 5. gr. Liðurinn 22-970 orðist svo:

		Þús. kr.	Þús. kr.
22–970	**Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður**		
49	Aðrar tekjur	141 000	
4,7	Tekjur samtals	141 000	
	Mismunur		141 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	130 000	
32	Annað	11 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	141 000	

3. Við 5. gr. Liðurinn 22-971 orðist svo:

22–971	**Ríkisútvarpið, hljóðvarp**	
51	Laun	318 000
52–57	Önnur rekstrargjöld	170 000
571	Fjármagnskostnaður	13 000
593	Afskriftir	60 000
59	Yfirfærslur	61 000
5,8	Gjöld samtals	622 000
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	607 000
48	Fjármunatekjur	12 000
49	Aðrar tekjur	3 000
4,7	Tekjur samtals	622 000
Fjármunahreyfingar út:		
18	Fjárfestingar	30 000
32	Annað	30 000
Fjármunahreyfingar inn:		
19	Afskriftir	60 000

4. Við 5. gr. Liðurinn 22-972 orðist svo:

22–972	**Ríkisútvarpið, sjónvarp**	
51	Laun	345 000
52–57	Önnur rekstrargjöld	300 000
571	Fjármagnskostnaður	30 000
593	Afskriftir	60 000
59	Yfirfærslur	80 000
5,8	Gjöld samtals	815 000
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	800 000
48	Fjármunatekjur	10 000
49	Aðrar tekjur	5 000
4,7	Tekjur samtals	815 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	35 000	
26	Afborgun lána	12 000	
32	Annað	13 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	60 000	

5. Við 5. gr. Liðurinn 24-221 orðist svo:

24–221	**Áburðarverksmiðja ríkisins**		
51	Laun	238 060	
52–57	Önnur rekstrargjöld	223 790	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	268 270	
571	Fjármagnskostnaður	61 930	
51–57	Viðhald	30 000	
593	Afskriftir	160 000	
5,8	Gjöld samtals	982 050	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	900 560	
48	Fjármunatekjur	28 320	
4910	Framlög ríkissjóðs	20 000	
4,7	Tekjur samtals	948 880	
	Mismunur		−33 170
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	40 000	
26	Afborgun lána	66 830	
32	Annað	20 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	160 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−33 170	

6. Við 5. gr. Liðurinn 24-246 orðist svo:

		Þús. kr.	Þús. kr.
24–246	**Laxeldisstöðin Kollafirði**		
51	Laun	5 870	
52–57	Önnur rekstrargjöld	8 770	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 130	
571	Fjármagnskostnaður	1 060	
593	Afskriftir	3 820	
5,8	Gjöld samtals	21 650	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	8 360	
48	Fjármunatekjur	50	
4910	Framlög ríkissjóðs	11 240	
4,7	Tekjur samtals	19 650	
	Mismunur		−2 000
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	1 820	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	3 820	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−2 000	

7. Við 5. gr. Liðurinn 24-272 orðist svo:

24–272	**Einangrunarstöð holdanauta Hrísey**		
51	Laun	3 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	2 270	
51–57	Viðhald	370	
5,8	Gjöld samtals	5 640	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	4 490	
4910	Framlög ríkissjóðs	2 150	
4,7	Tekjur samtals	6 640	
	Mismunur		1 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	1 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 000	

8. Við 5. gr. Liðurinn 26-373 orðist svo:		Þús. kr.	Þús. kr.
26–373	**Kristnisjóður**		
571	Fjármagnskostnaður	500	
59	Yfirfærslur	12 200	
5,8	Gjöld samtals	12 700	
4910	Framlög ríkissjóðs	14 280	
4,7	Tekjur samtals	14 280	
	Mismunur		1 580
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	1 580	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 580	

9. Við 5. gr. Liðurinn 29-101 orðist svo:			
29–101	**Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins**		
51	Laun	166 040	
52–57	Önnur rekstrargjöld	249 510	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 239 420	
571	Fjármagnskostnaður	690	
51–57	Viðhald	29 350	
593	Afskriftir	29 350	
5,8	Gjöld samtals	1 714 360	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	5 985 800	
48	Fjármunatekjur	3 930	
49	Aðrar tekjur	2 620	
4,7	Tekjur samtals	5 992 350	
	Mismunur		4 277 990
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	30 800	
26	Afborgun lána	1 540	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	4 275 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	29 350	
39	Ráðstöfun eigin fjár	4 277 990	

		Þús. kr.	Þús. kr.
10. Við 5. gr. Liðurinn 30-101 orðist svo:			
30–101	**Póst- og símamálastofnunin**		
51	Laun	2 222 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 747 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	250 000	
51–57	Viðhald	76 000	
593	Afskriftir	630 000	
5,8	Gjöld samtals	4 925 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	4 588 000	
48	Fjármunatekjur	37 000	
4910	Framlög ríkissjóðs, skil ICAO-tekna	127 000	
49	Aðrar tekjur	120 000	
4,7	Tekjur samtals	4 872 000	
	Mismunur		−53 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	577 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	630 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−53 000	
11. Við 5. gr. Liðurinn 31-321 orðist svo:			
31–321	**Rafmagnsveitur ríkisins**		
51	Laun	412 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	338 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 200 000	
571	Fjármagnskostnaður	80 000	
593	Afskriftir	440 000	
5,8	Gjöld samtals	2 470 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 978 000	
48	Fjármunatekjur	40 000	
49	Aðrar tekjur	60 000	
4,7	Tekjur samtals	2 078 000	
	Mismunur		−392 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	210 000	
26	Afborgun lána	40 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	440 000	
26	Tekin lán	185 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−392 000	
32	Annað	17 000	

12. Við 5. gr. Liðurinn 31-371 orðist svo:

		Þús. kr.	Þús. kr.
31–371	**Orkusjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 090	
571	Fjármagnskostnaður	58 050	
59	Yfirfærslur	40 000	
5,8	Gjöld samtals	99 140	
48	Fjármunatekjur	19 030	
4910	Framlög ríkissjóðs	222 390	
4,7	Tekjur samtals	241 420	
	Mismunur		142 280
	Fjármunahreyfingar út:		
16	Veitt lán, jarðhitaleit	11 500	
26	Afborgun lána	130 070	
32	Annað, styrking dreifikerfa í sveitum	40 000	
	Fjármunahreyfingar inn:		
16	Innheimtar afborganir	39 290	
39	Ráðstöfun eigin fjár	142 280	

Sþ. 395. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1988.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 4. gr. 00-201 Alþingi.

		Þús. kr.
a.	Við 101 Þingfararkaup alþingismanna. Fyrir „120 597“ kemur	122 597
b.	Við 104 Skrifstofu- og alþingiskostnaður. Fyrir „94 733“ kemur	112 733
c.	Nýr liður: 110 Umboðsmaður Alþingis	6 000
d.	Við 120 Rekstrarkostnaður fasteigna. Fyrir „8 000“ kemur	9 000
e.	Við 121 Hús Jóns Sigurðssonar. Fyrir „2 878“ kemur	4 878
f.	Nýr liður: 135 Vestnorræna þingmannaráðið	1 000
g.	Við 520 Fasteignir. Fyrir „3 700“ kemur	5 700
h.	Nýr liður: 610 Umboðsmaður Alþingis, tæki og húsbúnaður	1 000
i.	Við 690 Ýmis stofnkostnaður. Fyrir „5 500“ kemur	18 500
j.	Nýr liður: 691 Hönnunarkostnaður	6 000

	Þús. kr.
2. Við 4. gr. 00-202 Ríkisendurskoðun.	
a. Við 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „59 218“ kemur	70 218
b. Við 601 Tölvu- og húsbúnaður.	
Fyrir „600“ kemur	2 100
3. Við 4. gr. 02-203 Raunvísindastofnun Háskólans 140 Jarðfræðistofa.	
Fyrir „12 055“ kemur	12 655
4. Við 4. gr. 02-210 Háskóli á Akureyri.	
a. Við 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „17 711“ kemur	30 761
b. Við 601 Stofnkostnaður.	
Fyrir „7 400“ kemur	9 500
5. Við 4. gr. 02-321 101 Kennaraháskóli Íslands.	
Fyrir „146 496“ kemur	147 696
6. Við 4. gr. 02-563 Tónlistarfræðsla 120 Aðrir tónlistarskólar.	
Fyrir „105 460“ kemur	157 460
7. Við 4. gr. 02-881 Náms- og fræðimenn, framlög. Nýr liður:	
121 Upplýsingaþjónusta stúdenta	800
8. Við 4. gr. 02-902 Þjóðminjasafn Íslands.	
a. Við 501 Fasteign. Liðurinn orðist svo:	
501 Húseign við Suðurgötu	8 400
b. Nýr liður:	
590 Verndun gamalla húsa	6 200
9. Við 4. gr. 02-907 Listasafn Íslands 620 Nýbygging, Fríkirkjuvegi 7.	
Fyrir „24 700“ kemur	27 700
10. Við 4. gr. 02-931 Náttúruverndarráð.	
a. Við 131 Rannsóknastörf við Mývatn.	
Fyrir „4 520“ kemur	2 520
b. Við 132 Þjóðgarðurinn í Skaftafelli.	
Fyrir „4 222“ kemur	4 822
c. Nýr liður:	
150 Sérfræðirannsóknir við Mývatn	7 000
d. Við 532 Fasteignir.	
Fyrir „700“ kemur	1 000
11. Við 4. gr. 02-981 Kvikmyndasjóður.	
Fyrir „40 000“ kemur	60 000
12. Við 4. gr. 02-988 Æskulýðsmál.	
a. Við 112 Ungmennafélag Íslands.	
Fyrir „2 300“ kemur	7 300
b. Við 117 Starfsemi KFUM og KFUK.	
Fyrir „580“ kemur	1 250
13. Við 4. gr. 02-989 Ýmis íþróttamál 110 Íþróttasamband Íslands.	
Fyrir „14 380“ kemur	19 380
14. Við 4. gr. 02-999 Ýmislegt (menningarstarfsemi). Nýir liðir:	
130 Dimmuborgir í Mývatnssveit	400
172 Skóli Ísaks Jónssonar	4 500
15. Við 4. gr. 03-101 Utanríkisráðuneyti 150 Viðskiptaskrifstofa.	
Fyrir „16 203“ kemur	19 703

16. Við 4. gr. 03-399 160 Háskóli Sameinuðu þjóðanna. Þús. kr.
Fyrir „9 054“ kemur 9 574
17. Við 4. gr. 04-201 Búnaðarfélag Íslands.
a. Við 150 Landþurrkun.
Fyrir „620“ kemur 700
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirlit á þessa leið:

Landþurrkun (04-201 150).	Þús. kr.	
1. Araós	25	
2. Út-Hjaltastaðaþinghá	20	
3. Leiðvallahreppur	50	
4. Dyrhólaós	280	
5. Holtsós	75	
6. Austur-Landeyjahreppur	60	
7. Vestur-Landeyjahreppur	60	
8. Rangárvallahreppur	30	
9. Djúpárhreppur	100	
		700

18. Við 4. gr. Við bætist nýr liður:
04-221 Áburðarverksmiðja ríkisins.
101 Almennur rekstur 20 000
19. Við 4. gr. 04-231 Skógrækt ríkisins.
a. Nýr liður:
150 Framkvæmdir í Fljótsdal og Vallahreppi 850
b. Við 181 Nytjaskógar.
Fyrir „2 880“ kemur 5 880
20. Við 4. gr. Við bætist nýr liður:
04-242 Mat á landbúnaðarvörum.
101 Almennur rekstur 4 737
4 Sértekjur 4 737
21. Við 4. gr. 04-270 Landgræðslu- og landverndaráætlun.
a. Við 620 Landgræðsluáætlun RALA.
Fyrir „4 100“ kemur 4 749
b. Við 630 Landgræðsluáætlun, Skógrækt ríkisins.
Fyrir „7 300“ kemur 10 952
c. Við 640 Landgræðsluáætlun, Landgræðsla ríkisins.
Fyrir „31 900“ kemur 48 008
d. Við 650 Landgræðsluáætlun, ýmis starfsemi.
Fyrir „1 900“ kemur 2 736
22. Við 4. gr. Nýr liður:
a. 04-270 690 Fyrirhleðslur 14 576
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirlit á þessa leið:

	Þús. kr.	Þús. kr.
Fyrirhleðslur (04-270 690).		
a. Til fyrirhleðslna:		
1. Norðurá	150	
2. Héraðsvötn	450	
3. Svarfaðardalsá	800	
4. Jökulsá á Dal	1 000	
5. Hoffellsá	1 500	
6. Hornafjarðarfljót	1 993	
7. Skaftá	350	
8. Kúðafljót	450	
9. Markarfljót	1 000	
10. Þjórsá	500	
		8 193
b. Til fyrirhleðslna og viðhalds gegn ⅛ kostnaðar annars staðar frá:		
1. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla	100	
2. Snæfellsnessýsla	100	
3. Dalasýsla	100	
4. Múlasýslur	1 300	
5. Austur-Skaftafellssýsla	700	
6. Vestur-Skaftafellssýsla	800	
7. Rangárvallasýsla	250	
8. Árnessýsla	900	
		4 250
c. Til fyrirhleðslna og viðhalds gegn ⅛ kostnaðar annars staðar frá:		
1. Reykjaneskjördæmi	100	
2. Vesturlandskjördæmi	100	
3. Vestfjarðakjördæmi	100	
4. Norðurlandskjördæmi vestra	600	
5. Norðurlandskjördæmi eystra	400	
6. Austurlandskjördæmi	200	
7. Suðurlandskjördæmi	633	
		2 133
		14 576
23. Við 4. gr. Nýr liður:		
a. 04-270 691 Sjóvarnargarðar		2 600
b. Sjá sundurliðun í sérstöku yfirlit við 48b.		
24. Við 4. gr. Við bætist nýr liður:		
04-289 Jöfnunargjald.		
110 Endurgreiðsla kjarnfóðursgjalds		295 000
25. Við 4. gr. 04-290 101 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir.		
Fyrir „549 000“ kemur		527 000
26. Við 4. gr. 04-299 Landbúnaðarmál 122 Ýmis verkefni.		
Fyrir „4 880“ kemur		5 330
27. Við 4. gr. 04-501 Bændaskólinn Hvanneyri.		
a. Við 501 Fasteignir.		
Fyrir „3 600“ kemur		3 800
b. Við 631 Rannsóknahús.		
Fyrir „1 900“ kemur		3 200

	Þús. kr.
28. Við 4. gr. 04-502 Bændaskólinn á Hólum 601 Fasteignir og lóðir.	
Fyrir „4 500“ kemur	6 300
29. Við 4. gr. 05-280 Söluskattur í sjávarútvegi.	
a. Við 101 Endurgreiðsla.	
Fyrir „350 000“ kemur	320 000
b. Nýr liður:	
110 Útflutningsráð Íslands	30 000
30. Við 4. gr. 06-242 Vinnuhælið Litla-Hrauni 501 Endurnýjun innanhúss.	
Fyrir „2 500“ kemur	3 000
31. Við 4. gr. 07-301 Skipulagsstjóri 4 Sértekjur.	
Fyrir „48 729“ kemur	36 729
32. Við 4. gr. 07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra.	
a. Við 120 Sambýli Byggðavegi 91.	
Fyrir „4 994“ kemur	5 278
b. Við 121 Sambýli Borgarhlíð 3.	
Fyrir „4 065“ kemur	4 296
c. Við 122 Sambýli Vanabyggð 4c.	
Fyrir „4 156“ kemur	4 392
d. Við 123 Sambýli Húsavík.	
Fyrir „5 069“ kemur	5 356
e. Við 130 Iðjulundur, verndaður vinnustaður.	
Fyrir „20 770“ kemur	20 913
f. Við 131 Verndaður vinnustaður Bjargi.	
Fyrir „6 620“ kemur	6 995
g. Við 160 Skammtímavistun.	
Fyrir „2 101“ kemur	2 233
h. Við 170 Vistheimilið Sólborg.	
Fyrir „90 280“ kemur	93 222
i. Við 171 Sumarbúðir í Botni.	
Fyrir „3 137“ kemur	3 207
33. Við 4. gr. 07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi 171 Sólheimar.	
Fyrir „48 728“ kemur	49 678
34. Við 4. gr. 08-271 Tryggingastofnun ríkisins.	
a. Við 110 Lífeyristryggingar.	
Fyrir „8 668 670“ kemur	8 948 670
b. Við 130 Slysatryggingar.	
Fyrir „222 580“ kemur	272 580
35. Við 4. gr. 08-301 Landlæknir 101 Yfirstjórn.	
Fyrir „15 661“ kemur	16 261
36. Við 4. gr. 08-340 120 Sjálfsbjörg Akureyri.	
Fyrir „4 450“ kemur	7 450
37. Við 4. gr. 08-371 670 Yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalóð.	
Fyrir „151 200“ kemur	171 200
38. Við 4. gr. 08-391 101 Heilsugæslustöðvar.	
Fyrir „346 128“ kemur	346 928
39. Við 4. gr. 08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfssemi. Nýr liður:	
197 Réttargeðlækningar	250
40. Við 4. gr. 08-471 Gæsluvistarsjóður, framlag. Nýr liður:	
640 Samhjálp	700
41. Við 4. gr. 08-481 120 Stórstúka Íslands.	
Fyrir „580“ kemur	800

		Þús. kr.
42.	Við 4. gr. Í stað liðarins „09-261 Tollstjórinn í Reykjavík“ komi nýr liður:	
	09-261 Ríkistollstjóri.	
	101 Almennur rekstur	140 861
	601 Eignakaup	2 500
	620 Tölvukaup	7 400
	4 Sértekjur	6 000
43.	Við 4. gr. Við bætist nýr liður:	
	09-262 Tollstjórinn í Reykjavík.	
	101 Almennur rekstur	92 152
	601 Húsgögn og búnaður	5 000
44.	Við 4. gr. 09-263 Tollgæsla. Liðurinn fellur brott.	
45.	Við 4. gr. 09-282 Tollamál. Liðurinn fellur brott.	
46.	Við 4. gr. 10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa 101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „33 560“ kemur	33 800
47.	Við 4. gr. 10-102 Póst- og símamálastofnunin 101 Almennur rekstur.	
	Fyrir „112 700“ kemur	127 000
48.	Við 4. gr. 10-333 640 Sjóvarnargarðar.	
	a. Fyrir „17 300“ kemur	22 400
	b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirlit á þessa leið:	

Sjóvarnargarðar (04-270 691 og 10-333 640).

		Þús. kr.	
a.	Landgræðslu- og landverndaráætlun, stofnkostnaður:		
	1. Húsavík	2 000	
	2. Selvogur	600	
			2 600
b.	Hafnamál, stofnkostnaður:		
	1. Akranes	1 800	
	2. Ólafsvík	500	
	3. Búðardalur	400	
	4. Patreksfjörður	500	
	5. Flateyri	1 000	
	6. Suðureyri	1 500	
	7. Bolungarvík	900	
	8. Ísafjörður	1 000	
	9. Blönduós	2 000	
	10. Sauðárkrókur	700	
	11. Siglufjörður	400	
	12. Hjalteyri	400	
	13. Fáskrúðsfjörður	400	
	14. Stokkseyri	2 500	
	15. Eyrarbakki	2 500	
	16. Grindavík	1 000	
	17. Miðneshreppur	1 000	
	18. Gerðahreppur	1 000	
	19. Hafnahreppur	600	
	20. Vatnsleysustrandarhreppur	800	
	21. Bessastaðahreppur	1 000	
	22. Seltjarnarnes	500	
			22 400
			25 000

		Þús. kr.
49.	Við 4. gr. 10-471 Flugmálastjórn.	
	a. Við 101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „36 887“ kemur	37 277
	b. Við 130 Reykjavíkurflugvöllur.	
	Fyrir „57 805“ kemur	58 295
	c. Við 150 Flugleiðsöguþjónusta.	
	Fyrir „59 182“ kemur	60 122
	d. Við 160 Flugumferðarþjónusta.	
	Fyrir „97 682“ kemur	103 962
	e. Við 170 Alþjóðaflugþjónusta.	
	Fyrir „112 060“ kemur	120 060
50.	Við 4. gr. 10-651 Ferðamálaráð. Nýr liður:	
	620 Hótel, framlög	15 000
51.	Við 4. gr. 10-656 Landmælingar 4 Sértekjur.	
	Fyrir „38 860“ kemur	33 860
52.	Við 4. gr. 11-301 Orkustofnun 4 Sértekjur.	
	Fyrir „94 840“ kemur	85 340
53.	Við 4. gr. 11-371 Orkusjóður 620 Sveitarafvæðing.	
	Fyrir „25 000“ kemur	40 000
54.	Við 4. gr. 12-201 101 Niðurgreiðslur á vöruverði.	
	Fyrir „1 365 000“ kemur	2 655 000

55. Við 6. gr. 1.2. Í stað orðsins „Blindravinafélagsins“ komi: Blindrafélagsins.
56. Við 6. gr.
    a. Við 4.15. Liðurinn fellur brott.
    b. Við 4.20. Liðurinn fellur brott.
    c. Við 4.28. Liðurinn fellur brott.
    d. Við 5.18. Liðurinn fellur brott.
57. Við 6. gr. 5.9. Liðurinn orðist svo:
    Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslustöð á Flateyri og taka til þess nauðsynleg lán.
58. Við 6. gr. Við bætist nýir liðir sem orðist svo:

3.4 Að fella niður vörugjaldsskuld ásamt kostnaði að fjárhæð 995 þús. kr. vegna vörugjalds af framleiðslu gjaldmæla fyrir Tæknivinnustofu Öryrkjabandalagsins.

4.30 Að selja verksmiðjuhúsnæði, ásamt vélbúnaði og tækjum, í eigu Síldarverksmiðju ríkisins á Húsavík.
4.31 Að selja íbúðarhús og útihús á jörðinni Lauftúni í Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu.
4.32 Að selja íbúðarhúsið að Sigtúni, Grímsey, Eyjafjarðarsýslu.
4.33 Að selja gamla skólastjórabústaðinn á Bíldudal.
4.34 Að selja gamalt áhaldahús Vegagerðar ríkisins á Ísafirði.
4.35 Að selja íbúð ríkisins í húseigninni nr. 5 við Bröttuhlíð, Hveragerði.
4.36 Að selja húseignina Bæ III, Andakílshreppi, Borgarfjarðarsýslu.
4.37 Að selja fasteignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins að Síðumúla 34 í Reykjavík og jarðhús í Ártúnsbrekku við Suðurlandsbraut í Reykjavík. Söluandvirðið skal lagt í sjóð er stofnaður var með 4. mgr. 52. gr. laga nr. 46/1985.

5.22 Að kaupa húsnæði fyrir Norrænu eldfjallastöðina í samræmi við gildandi samning og taka til þess nauðsynleg lán.
5.23 Að kaupa húsnæði fyrir Þjálfunarskóla ríkisins og taka til þess nauðsynleg lán.

5.24 Að kaupa jörðina Litla-Skarð í Stafholtstungnahreppi, Mýrasýslu, fyrir Skógrækt ríkisins og taka til þess nauðsynleg lán.
5.25 Að kaupa húsnæði fyrir héraðsdýralækni á Húsavík og taka til þess nauðsynleg lán.
5.26 Að kaupa húseignina Svarfaðarbraut 20, Dalvík, fyrir læknisbústað og taka til þess nauðsynleg lán.
5.27 Að kaupa húsnæði fyrir lögreglustöðina á Neskaupsstað og taka til þess nauðsynleg lán.
5.28 Að kaupa lóð og útihús við Nesstofu á Seltjarnarnesi og taka til þess nauðsynleg lán.
5.29 Að kaupa íbúðarhúsnæði fyrir framhaldsskóla í Austur-Skaftafellssýslu og taka til þess nauðsynleg lán. Íbúðarkaup þessi eru háð því að aðrir rekstraraðilar framhaldsskólans en ríkissjóður greiði sinn hluta kaupverðsins.
5.30 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslulækni í Ólafsvík og taka til þess nauðsynleg lán.
5.31 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslustöð í Grindavík að höfðu samráði við fjárveitinganefnd.

6.4 Að afhenda hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum eignir landshafnanna á Rifi, í Þorlákshöfn og í Keflavík-Njarðvík.
6.5 Að afsala landsspildu á Egilsstaðanesi við uppgjör og samninga við Egilsstaðabændur vegna flugvallargerðar á Egilsstöðum.
6.6 Að hafa makaskipti á hluta ríkissjóðs í heilsugæslustöðinni í Vogum og sambærilegri eign.
6.7 Að afhenda Kvenfélagasambandi Suður-Þingeyjarsýslu að gjöf eignarhlut ríkisins í eldri hluta húsnæðis fyrrverandi húsmæðraskóla að Laugum í Suður-Þingeyjarsýslu.

7.6 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af sjálfvirkum símstöðvum, fjölsímum, jarðsímum og radíótækjum sem flutt eru til landsins á vegum Póst- og símamálastofnunarinnar. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
7.7 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af línuhraðli og nauðsynlegum fylgibúnaði sem keyptur verður vegna K-byggingar á lóð Landspítalans.
7.8 Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af sérhæfðum hjarta- og gjörgæslubúnaði fyrir Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.
7.9 Að fella niður allt að 10 m.kr. af vanskilaskuld Grindavíkurhafnar að lokinni frekari athugun á fjármálum hennar og að fengnu samþykki fjárveitinganefndar Alþingis.
7.10 Að ábyrgjast með einfaldri ábyrgð lán sem kann að verða tekið á árinu 1988 vegna byggingar sjúkrahússins á Ísafirði til búnaðar- og tækjakaupa í þeim tilgangi að flýta fyrir því að legudeild spítalans verði tekin í notkun og starfsemi hætt í gamla sjúkrahúsinu. Ríkissjóður mun endurgreiða lánið á fjárlögum 1989–1991.
7.11 Að ábyrgjast með einfaldri ábyrgð lán er Seyðisfjarðarkaupstaður kann að taka að upphæð allt að 24 m.kr. til byggingar dráttarbrautar.
7.12 Að greiða bætur til þeirra sem sýkst hafa af alnæmi við blóðgjöf hér á landi fyrir 1986. Bæturnar ákveðast af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.
7.13 Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af sprengjueyðingartækjum fyrir Landhelgisgæslu Íslands.
7.14 Að taka lán til að innrétta húsnæði fyrir Tækniskóla Íslands við Höfðabakka í Reykjavík.
7.15 Að kaupa sneiðmyndatæki fyrir Borgarspítalann í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán, enda samþykki borgarsjóður Reykjavíkur kaupin og ábyrgist sinn hlut í heildarkostnaði.

7.16 Að greiða mismun á tryggingarverði áburðarflugvélar og kaupverði annarrar áburðarflugvélar.
7.17 Að semja við sóknarnefnd Nauteyrarkirkju um uppgjör vegna afhendingar kirkjunnar.
7.18 Að semja við Grýtubakkahrepp um uppgjör skuldar vegna yfirtöku ríkisins á eignarhluta hreppsins í Stórutjarnaskóla.

Ed. 396. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frumvarp þetta miðar annars vegar að því að draga úr innflutningi á niðurgreiddu kjarnfóðri og að efla notkun íslensks kjarnfóðurs og hins vegar að afla tekna í ríkissjóð.

Minni hl. getur ekki fallist á skattlagningu dýrafóðurs í tekjuöflunarskyni fyrir ríkissjóð. Breytingartillagan, sem meiri hl. ber fram, kemur í framhaldi af þeirri umdeildu ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leggja 25% söluskatt á matvæli. Hún felur í sér tímabundnar mildandi aðgerðir vegna 25% skattlagningar á brýnustu nauðsynjar fólks þannig að verðhækkanir á afurðum svína, nauta og fugla verði um 10%.

Minni hl. hefur frá upphafi lýst sig andvígan matarskattinum og getur því ekki fallist á þá hugmynd, sem fram kemur í breytingartillögunni, að greiða að hluta til ofantaldar afurðir niður í aðeins eitt ár.

Alþingi, 21. des. 1987.

Danfríður Skarphéðinsdóttir, fundaskr., frsm. Skúli Alexandersson.

Nd. 397. Nefndarálit [141. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33/1983, um bann við ofbeldiskvikmyndum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og það kom frá efri deild.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Óli Þ. Guðbjartsson og Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi, 21. des. 1987.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm. Guðni Ágústsson. Geir Gunnarsson.

Jón Kristjánsson. Friðjón Þórðarson.

Sþ. 398. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1988.

Frá Guðmundi G. Þórarinssyni, Eiði Guðnasyni, Sverri Hermannssyni, Halldóri Blöndal, Ragnari Arnalds, Guðmundi Ágústssyni, Valgerði Sverrisdóttur, Árna Gunnarssyni, Þórhildi Þorleifsdóttur, Salome Þorkelsdóttur, Ragnhildi Helgadóttur, Danfríði Skarphéðinsdóttur, Ólafi Þ. Þórðarsyni og Jóhanni Einvarðssyni.

Við 4. gr. 02-982 170 Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis. Þús. kr.

a. Fyrir „6 900“ kemur 7 500

b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis (02-982 170):

1. Árni Kristjánsson	500	
2. Finnur Jónsson	500	
3. Guðmundur Daníelsson	500	
4. Halldór Laxness	500	
5. Hannes Pétursson	500	
6. Indriði G. Þorsteinsson	500	
7. Jóhann Briem	500	
8. Jón Nordal	500	
9. Jón úr Vör	500	
10. María Markan	500	
11. Matthías Johannessen	500	
12. Ólafur Jóhann Sigurðsson	500	
13. Stefán Íslandi	500	
14. Svavar Guðnason	500	
15. Valur Gíslason	500	
		7 500

Sþ. 399. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1988.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Við 4. gr. 10-333 630 Hafnarmannvirki og lendingarbætur.
   Sundurliðun í sérstöku yfirliti 3 breytist þannig:
   a. 26. Grímsey. Þús. kr.
      Fyrir „5 600“ kemur 15 900
   b. 29. Kópasker.
      Fyrir „2 800“ kemur 9 600
   c. 30. Raufarhöfn.
      Fyrir „10 000“ kemur 16 800
   d. 31. Þórshöfn.
      Fyrir „12 000“ kemur 14 600
2. Við 4. gr. 11-301 Orkustofnun 110 Sérverkefni tengd fiskeldi.
   Fyrir „17 100“ kemur 26 100

Nd. 400. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, þar með talin breyting skv. l. nr. 49/1987 sem taka eiga gildi 1. janúar 1988.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á mörgum fundum. Hún kvaddi til ráðuneytis Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóra, Indriða Þorláksson, Snorra Olsen og Lárus Ögmundsson úr fjármálaráðuneyti. Þá komu á fund nefndarinnar Magnús E. Guðjónsson og Sigurgeir Sigurðsson frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og Björn Ólafsson og Sturla Þorgilsson frá „Sigtúnshópnum".

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 21. des. 1987.

Páll Pétursson, form., frsm. Geir H. Haarde, fundaskr. Kjartan Jóhannsson.

Matthías Bjarnason. Guðmundur G. Þórarinsson.

Nd. 401. Breytingartillögur [179. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, þar með talin breyting skv. lögum nr. 49/1987 sem taka eiga gildi 1. janúar 1988.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, GHH, KJóh, MB, GGÞ).

1. Á eftir 1. gr. komi ný gr. er orðist svo:
   1. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna orðist svo:
   Útgjöld að hámarki móttekin fjárhæð ökutækjastyrka, dagpeninga eða hliðstæðra endurgreiðslna á kostnaði sem sannað er að séu ferða- og dvalarkostnaður vegna atvinnurekanda og eru í samræmi við matsreglur ríkisskattstjóra.
2. Við 2. gr. Í stað 1. málsl. komi tveir nýir málsl. er orðist svo: Frá tekjum má enn fremur draga einstakar gjafir til menningarmála, vísindalegra rannsóknarstarfa, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga, þó ekki yfir 0,5% af aðstöðugjaldsstofni gefanda á því ári þegar gjöf er afhent, sbr. 37. gr. laga nr. 73/1980. Með aðstöðugjaldsstofni í þessu sambandi er átt við stofninn eins og hann er áður en verðmæti gjafarinnar er bætt við hann.
3. Við 3. gr.
   Á eftir orðinu „málsl." komi: 3. mgr.
4. Við 8. gr.
   a. Í 1. og 2. mgr. A-liðar komi 16 000 í stað „14 650", 24 000 í stað „21 975" og 48 000 í stað „43 950".
   b. Í stað „34 940" í 2. mgr. B-liðar komi: 38 000.
   c. 3. mgr. B-liðar orðist svo:
   Barnabótaauki skv. 2. mgr. skerðist í jöfnu hlutfalli við tekjuskattsstofn umfram 600 000 kr. hjá hjónum og umfram 400 000 kr. hjá einstæðu foreldri. Skerðingarhlutfallið skal vera 7% fyrir 1. barn, 6% fyrir 2. barn, 5% fyrir 3. barn og 4% fyrir börn umfram það.
   d. Í stað „10. kafla laga nr. 75/1981" í 1. málsl. 8. mgr. B-liðar komi: X. kafla.

5. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   2. og 3. tölul. 1. mgr. 71. gr. laganna orðist svo:

2. Tekjuskattur aðila, sem um ræðir í 2., 3. og 7. tölul. 3. gr., skal nema 20% af tekjuskattsstofni þeirra. Þessi hundraðshluti reiknast m.a. af launum eða þóknunum til listamanna og annarra þeirra sem fram koma í atvinnuskyni til skemmtunar eða í hvers konar keppni, en með launum og þóknunum teljast hvers konar hlunnindi, þar með talinn flutningur að og frá landinu hafi móttakandi ekki greitt hann sjálfur. Eigi skiptir máli hvort aðili kemur fram á eigin vegum eða í nafni annars aðila eða hvort greiðsla er frá innlendum eða erlendum aðila. Sérreglur gilda um eftirlaunaþega og lífeyrisþega skv. 3. mgr. þessa töluliðar.

   Sá aðili, sem kemur fram í atvinnuskyni til skemmtunar eða keppni, sbr. 1. mgr. þessa töluliðar, án ákveðinna launa eða þóknunar en nýtur í þess stað afraksturs af slíkri starfsemi, skal greiða 13% tekjuskatt af heildartekjum af slíku starfi án nokkurs frádráttar.

   Tekjuskattur eftirlaunaþega og lífeyrisþega, sem um ræðir í 2. tölul. 3. gr., skal reiknast af tekjuskattsstofni skv. 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. að teknu tilliti til persónuafsláttar skv. A-lið 68. gr. Persónuafsláttur skal í þessum tilvikum einungis dreginn frá tekjuskatti af eftirlaunum og lífeyri viðkomandi aðila og skal ónýttum hluta hans einungis ráðstafað til greiðslu á útsvari af sömu tekjum. Sá hluti persónuafsláttar sem þá er enn óráðstafað fellur niður og er hann ekki millifæranlegur milli hjóna nema þau séu bæði eftirlaunaþegar eða lífeyrisþegar og falli að öðru leyti bæði undir ákvæði þessarar málsgreinar.

3. Tekjuskattur aðila, sem um ræðir í 4., 5., 6. og 8. tölul. 3. gr., skal, ef um mann er að ræða, reiknast af tekjuskattsstofni með skatthlutfalli skv. 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. án persónuafsláttar skv. A-lið 68. gr. Tekjuskatt lögaðila, sbr. 3. gr., skal reikna skv. 72. gr.

   Tekjuskattsstofn erlendra vátryggingafélaga, sem starfa hér á landi, telst sá hluti heildarágóðans sem svarar til hlutfallsins milli iðgjaldatekna hér á landi og iðgjaldstekna af allri starfsemi þeirra.

6. Við 13. gr. Ákvæði 4. mgr. bráðabirgðaákvæðis I orðist svo:
   Á árinu 1988 skal vaxtaafsláttur greiðast út.
7. Við 13. gr., bráðabirgðaákvæði II. Í stað „1985“ í 1. málsl. komi: 1984 og í stað orðanna „B-liðar“ í sama málslið komi: C-liðar.
8. Við 13. gr., bráðabirgðaákvæði IV. Í stað „6 ár“ í niðurlagi fyrri mgr. komi: 10 ár.
9. Við 14. gr. Í stað „5. gr.“ komi: 8. gr.
10. Við 15. gr. Í stað „5. gr.“ komi: 8. gr.

Nd. 402. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, þar með talin breyting skv. l. nr. 49/1987 sem taka eiga gildi 1. janúar 1988.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í frumvarpi þessu felast ýmsar lagfæringar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem tengjast gildistöku staðgreiðslu skatta um næstkomandi áramót. Eru þar í flestum tilfellum á ferðinni breytingar sem milliþinganefndin lagði til að gerðar yrðu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og staðgreiðslu skatta og eru til bóta.

Skattkerfisbreyting sú, sem í frumvarpi þessu felst og fylgifrumvörpum þess, felur í sér verulega einföldun álagningar og staðgreiðslu skatta. Þessum meginmarkmiðum er þingflokkur Alþýðubandalagsins samþykkur og hefur áður lagt slíkt til með flutningi frumvarpa og tillagna. Þar skilur þó á milli stefnu Alþýðubandalagsins og ríkisstjórnarinnar að Alþýðubandalagið vill láta eitt yfir alla ganga og hefur lagt til hliðstæðar breytingar á skattlagningarreglum fyrirtækja.

Því miður er ljóst að þær breytingar, sem nú verða á staðgreiðslum einstaklinga, leiða ekki til skattalækkana hjá launafólki í heild. Þvert á móti munu þær álagningarprósentur, sem ríkisstjórnarmeirihlutinn leggur til, leiða til verulega þyngri skattbyrði einstaklinga í heild miðað við tekjur á greiðsluári. Kemur hún til með að nema allt að 25% milli áranna 1987 og 1988. Þar með er einnig ljóst að það markmið að lækka eða afnema tekjuskatt af almennum launatekjum er enn jafnfjarri sem fyrr.

Tillögur þær, sem þingflokkur Alþýðubandalagsins hefur lagt fram á Alþingi í skattamálum, bæði í formi frumvarpa og breytingartillagna við einstök skattafrumvörp og fjárlög, fela í meginatriðum í sér eftirfarandi:

— Skattbyrði er færð af fólki með meðaltekjur og lægri yfir á fólk með hátekjur og eignamenn og fyrirtæki.
— Skattbyrði einstaklinga í heild er lækkuð um nálægt 1500 milljónir króna með hækkun persónufrádráttar og breytingum á skattstiganum. Sú hækkun er borin uppi af auknum skattgreiðslum eignamanna, fjármagnseigenda og fyrirtækja.
— Frádráttarheimildir fyrirtækja eru afnumdar, komið í veg fyrir að einkaeyðsla og risna sé færð á kostnað fyrirtækja og tekjuskattsprósenta fyrirtækjanna hækkuð til samræmis við hátekjuskattþrep einstaklinga.
— Skattfrelsismörk einstaklinga hækka og skattbyrði léttist miðað við tillögur ríkisstjórnarinnar á tekjum upp að rúmlega 100 þúsund krónum á mánuði. Útgjöld vísitölufjölskyldunnar eru nú áætluð nálægt 110 þúsund krónum á mánuði.
— Skattar á tekjum yfir 110 þúsund krónum á mánuði hækka með sérstöku hátekjuskattþrepi, en samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar mundu skattar lækka á hæstu tekjur frá því sem verið hefur.

Auk þess felast í tillögum Alþýðubandalagsins fjölmargar leiðréttingar og úrbætur í skattamálum, svo sem ákvæði um virkara eftirlit, ákvæði sem tryggja eiga hagsmuni leigjenda, sem ríkisstjórnin ætlar að setja út á klakann, og síðast en ekki síst má nefna frumvarp um sérstakan skattadómstól.

Á sérstöku þingskjali flytur 1. minni hl. breytingartillögur um nokkrar helstu lagfæringar sem hann telur óhjákvæmilegt að gera á frumvarpi ríkisstjórnarinnar og lögum um tekjuskatt og eignarskatt, þ.e. þau ákvæði sem snerta skattlagningu einstaklinga. Um rökstuðning fyrir þeim tillögum vísast til þess sem að framan er rakið, til sérálits Ragnars Árnasonar í skýrslu milliþinganefndar um staðgreiðslu skatta sem birt er sem fylgiskjal með nefndarálitinu og að lokum í útreikninga Þjóðhagsstofnunar á tillögu undirritaðs fyrir hönd Alþýðubandalagsins sem birt er sem fylgiskjal II.

Tekið skal fram að athugun Þjóðhagsstofnunar nær einungis til þess mismunar sem er á tillögum undirritaðs og ríkisstjórnarinnar hvað varðar persónufrádrátt og breyttan skattstiga.

Alþingi, 21. des. 1987.

Steingrímur J. Sigfússon.

Fylgiskjal I.

Sérálit Ragnars Árnasonar:

Milliþinganefnd um staðgreiðslu skatta.
(15. nóvember 1987.)

1. Inngangur.

Á Alþingi síðla vetrar 1987 gafst þingflokkum lítið ráðrúm til að athuga frumvörp þáverandi ríkisstjórnar um staðgreiðslu opinberra gjalda og tekjuskatt og eignarskatt. Af þeim sökum óskaði þingmaður Alþýðubandalagsins, Svavar Gestsson, eftir því að skipuð yrði sérstök milliþinganefnd til að fjalla áfram um þessi skattamál ásamt ríkisstjórninni fram á haustið. Þáverandi fjármálaráðherra, Þorsteinn Pálsson, tók undir þessa ósk og lýsti því yfir að hann hefði ákveðið að skipa slíka nefnd. Þetta gerðist á þingfundi neðri deildar 10. mars sl.

Nefndin var hins vegar ekki skipuð fyrr en í september 1987 og hélt sinn fyrsta fund 7. september, næstum hálfu ári eftir að fjármálaráðherra gaf fyrirheit sitt. Afleiðing þessa seinlætis hefur orðið sú að nefndinni hefur gefist allt of lítill tími til að vinna starf sitt. Hefur það sett mark sitt á nefndarstarfið með ýmsum hætti. Í fyrsta lagi hefur nefndin neyðst til að taka afstöðu til ýmissa atriða án fullnægjandi skoðunar að mínu áliti. Í öðru lagi hafa ýmsar af hugmyndum nefndarinnar um framkvæmdaatriði reynst tæknilega óframkvæmanlegar vegna þess hvað skammur tími hefur verið til stefnu. Í þriðja lagi hefur talsvert skort á að unnt hafi reynst að sjá nefndinni fyrir öllu því gagnaefni og útreikningum sem hún óskaði eftir. Allt hefur þetta haft óheillavænleg áhrif á starf nendarinnar og dregið úr gildi hennar miðað við það sem upphaflega var til ætlast.

Rétt er og skylt að taka fram að þessari gagnrýni er síður en svo beint að formanni nefndarinnar sem hefur stjórnað starfi hennar af einstakri atorku og því síður að þeim sérfræðingum frá embætti ríkisskattstjóra og Þjóðhagsstofnun sem hafa aðstoðað nefndina og unnið prýðilegt starf.

2. Efnisatriði.

Ég styð flest meginatriðin í áliti nefndarinnar. Álitið felur að mínu mati í sér margar mikilsverðar tillögur um endurbætur á núverandi lögum um beina skatta og staðgreiðslu þeirra. Jafnframt er í nefndarálitinu að finna gagnlegar upplýsingar um sennileg áhrif kerfisbreytingarinnar á hag ýmissa þjóðfélagshópa og skatttekjur hins opinbera. Á hinn bóginn verð ég að hafa fyrirvara um og gera athugasemdir við ýmis atriði í nefndarálitinu, þar sem skoðanir mínar hafa ekki hlotið nægilegan hljómgrunn. Þeirra á meðal eru eftirfarandi:

1. Skattstigi.

Í nefndarálitinu er gert ráð fyrir föstu skatthlutfalli, 28,5%. Þetta þýðir að tekjuskattur á allra hæstu tekjur mun að öllum líkindum lækka frá því sem nú er. Ástæðan er sú að þorri tekna hinna allra tekjuhæstu er nú í hæsta skattþrepi, 38,5%. Þar sem hæsta skattþrep verður nú 28,5% munu tekjuskattar hinna allra tekjuhæstu verða lægri í hinu nýja staðgreiðslukerfi en í núverandi kerfi. Hins vegar mun skattbyrði miðlungstekjufólks yfirleitt hækka.

Þetta tel ég í hæsta máta óeðlilegt og óréttlátt og legg til að úr verði bætt með því að hafa hærra skattþrep, t.d. 35%, fyrir hæstu tekjur. Því miður reyndist ekki unnt að fá nauðsynleg gögn og útreikninga um þetta efni lögð fyrir nefndina áður en hún lauk störfum og er því ekki unnt að tilgreina nú við hvaða tekjur hæfilegt er að þetta hærra skattþrep hefjist.

2. *Húsnæðisbætur.*

Tillögur nefndarinnar um fyrirkomulag húsnæðisbóta eru ekki fullnægjandi að mínu áliti. Þyngst vegur eftirfarandi:

a. Samkvæmt tillögum nefndarinnar eiga húsnæðisbætur að takmarkast við eignarhald á íbúð. Engin skynsamleg rök hafa fengist fyrir því að útiloka leigjendur íbúðarhúsnæðis með þessum hætti. Það virðist jafnframt óréttlátt þar sem leigjendur eru að jafnaði fátækari en húsnæðiseigendur. Þá eru sterk hagfræðileg rök fyrir því að fjárhagsleg mismunun húsnæðisforma með þessum hætti séu skaðleg fyrir þróun húsnæðismarkaðarins og því kostnaðarsöm fyrir þjóðina í heild.
b. Samkvæmt tillögum nefndarinnar eiga húsnæðisbætur að ákvarðast við framtal, hugsanlega allt að 1½ ári eftir að viðkomandi eignast húsnæðið. Á meðan greiðir hann hins vegar fulla skatta samkvæmt staðgreiðslu. Ég tel þennan biðtíma, sem getur verið viðkomandi ærið þungbær, tæknilega óþarfan. Að mínu áliti á að greiða húsnæðisbætur eftir umsókn jafnskjótt og eignarhald hefur myndast.
c. Hugmyndir nefndarinnar um framkvæmd og útgreiðslu húsnæðisbóta eru óþarflega þunglamalegar að mínu áliti. Auðveldast og eðlilegast sýnist mér vera að greiða hverjum einstaklingi húsnæðisbætur árlega frá þeim tíma er skilyrðunum er fyrst fullnægt. Þar með sparast veruleg og kostnaðarsöm fyrirhöfn á báða bóga. Sérlega einföldum möguleika að útfærslu af þessu tagi er nánar lýst í einu af fylgiskjölum nefndarálitsins.

3. *Vaxtaafsláttur.*

Ég tel að hugmyndir meiri hluta nefndarinnar um áframhaldandi vaxtaafslátt til þeirra sem keyptu eða byggðu íbúðarhúsnæði 1987 eða fyrr séu afar gagnrýnisverðar.

Hugmynd meiri hlutans er sú að framhald þessa vaxtaafsláttar sé takmarkað við vissan árafjölda (sex eða tíu ár). Jafnframt er upphæð vaxtaafsláttarins takmörkuð á árinu 1988. Þetta þýðir í stuttu máli að ýmsir þeirra sem keyptu eða byggðu 1987 eða fyrr kunna að njóta verulega minni lækkunar skatta vegna vaxtakostnaðar í hinu nýja skattkerfi en í núverandi kerfi.

Þar sem húsnæðislán eftir 1980 bera yfirleitt allháa vexti auk verðtryggingar og eru til lengri tíma en áður eru þau nú greidd niður á mun lengri tíma en áður var. Því er umtalsverður vaxtakostnaður vegna íbúðarhúsnæðis nú langvinnari en áður. Því má ætla að allmargir verði fyrir skakkaföllum miðað við það sem þeir máttu búast við þegar þeir festu kaup á íbúðarhúsnæði ef hugmyndir nefndarinnar verða að veruleika. Með tilliti til þess að ýmsir í þessum hópi hafa þegar orðið fyrir ósmáum áföllum vegna fyrri stjórnvaldsaðgerða álít ég hugmyndir nefndarinnar um þetta efni einstaklega óheppilegar svo að ekki sé meira sagt.

Eðlilegast sýnist mér að vaxtafrádráttur verði ótímabundinn með öllu fyrir þann hóp sem hans á að njóta.

4. „Misgengishópur“.

Ég er andvígur þeirri afstöðu meiri hluta nefndarinnar að hafna því að mæta hluta af vanda þess fólks, sem hvað harðast varð úti vegna lána til íbúðarhúsnæðis á árunum 1982–1984, með sérstökum skattaafslætti. Ég tel að slíkt sé framkvæmanlegt innan ramma staðgreiðslulaganna og næsta hæpið hjá meiri hluta nefndarinnar að vísa vandamálinu annað.

5. Störf hafin að loknu tekjuleysistímabili.

Ljóst er að fjárhagsleg staða þeirra sem hefja störf að loknu tekjuleysistímabili er talsvert erfiðari í staðgreiðslukerfi en í kerfi eftirágreiddra skatta. Á meðal slíkra aðila má nefna (i) námsmenn, (ii) þá sem verið hafa frá störfum vegna félagslegra aðstæðna, atvinnuleysis, sjúkleika eða slysa og (iii) þá sem hafa af ýmsum ástæðum dvalist erlendis. Það ætti því að koma til alvarlegra álita að setja sérstök undanþáguákvæði í skattalög vegna þessara aðila.

Á hinn bóginn virðist fráleitt að veita einungis einum hópi af þessu tagi, þeim sem hafa haft tekjur erlendis, sérstaka ívilnun eins og gerð er tillaga um í kafla 3.5. í nefndarálitinu. Þetta er sérstaklega undarlegt með tilliti til þess að þessi hópur er tvímælalaust betur stæður en hinir sem að ofan voru nefndir og nefndin hafnaði að taka tillit til.

6. Gjafir til menningarmála o.s.frv.

Meiri hl. gerir tillögu um að fyrirtækjum sé heimilt að draga gjafir til menningarmála, vísindalegra rannsóknarstarfa, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga frá tekjum. Meiri hl. hafnaði því á hinn bóginn að veita einstaklingum sama rétt.

Þetta tel ég með öllu fráleitt. Mismunun á milli einstaklinga og fyrirtækja að þessu leyti er til þess fallin að styrkja hag þeirra sem eiga og stjórna fyrirtækjum á kostnað þeirra sem ekki eru í slíkri aðstöðu. Þar að auki er enginn vafi á því að neytendur munu verða að greiða þessi framlög í hærra vöruverði. Sú skattalækkun fyrirtækja, sem af þessu hlýst, mun einnig verða lögð á herðar einstaklinganna því að einhver verður að greiða þessa skatta.

Eðlilegra væri að einstaklingar og fyrirtæki sætu við sama borð að þessu leyti. Eðlilegast væri þó að einstaklingar hefðu þennan rétt en fyrirtæki ekki.

7. Áfrýjunarnefnd; Neyðarsjóður.

Fyrirhugaðar breytingar á skattareglum eru viðamiklar og margbrotnar. Fullvíst má telja að þær komi að nokkru leyti niður með hætti sem ekki er fyrirséður og harðar á vissum skattþegnum en til er ætlast. Það virðist því sjálfsagt mál að búast við þessu með formlegri stofnsetningu nokkurs konar áfrýjunarnefndar sem mundi starfa þar til mestu agnúarnir hefðu verið sniðnir af hinu nýja skattkerfi. Áfrýjunarnefndin mundi fjalla um mál þeirra einstaklinga sem yrðu sérstaklega hart úti vegna kerfisbreytingarinnar og bæta áföll þeirra með framlögum úr sérstökum sjóði, nokkurs konar neyðarsjóði, eftir því sem við ætti.

Fylgiskjal II.

Þjóðhagsstofnun:

Athugun á tillögu Alþýðubandalags um tekjuskatta.
(16. desember 1987.)

Að beiðni fjármálaráðuneytis hefur Þjóðhagsstofnun gert athugun á tillögu Steingríms J. Sigfússonar, alþingismanns fyrir Alþýðubandalag, um breytingar á tekjusköttum. Greinargerð um þessa athugun og samanburður á henni og frumvarpi ríkisstjórnarinnar fylgir hér á eftir.

Forsendur.

Samanburðurinn er gerður á meðalverðlagi ársins 1987 og er framreikningurinn eins og í lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Í þessu felst að fjárhæðir miðast við lánskjaravísitölu í desember 1986 (1542 stig), með gildistíma janúar til júní, og í júní 1987 (1687 stig), með gildistíma júlí–desember. Allar fjárhæðir í frumvarpi ríkisstjórnarinnar eru á verðlagi 1. júní 1987 og er gert ráð fyrir að fjárhæðir í tillögu Alþýðubandalags séu á sama verðlagi. Athugunin er gerð á grundvelli framtala 1987 vegna tekna ársins 1986 og hækkun tekna milli ára er metin 37,5%.

Tillaga Alþýðubandalags og frumvarp ríkisstjórnarinnar.

Í tillögu Alþýðubandalagsins er gert ráð fyrir tveimur skattstigum og hækkun persónuafsláttar. Barnabætur og aðrir afsláttarliðir eru hins vegar eins og í frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Til glöggvunar er þessum tillögum stillt hér upp saman.

	Frv. ríkisstjórnar	Till. Alþýðubandalags	
		Fjárhæðir 1. júní 1987	Fjárhæðir Meðalverðlag
Í 1. málsl. 1. mgr. er nýmæli um að heimilt sé að halda fanga einangruðum frá öðrum ef það er nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Um 26. gr.

Grein þessi kemur í staðinn fyrir 47. gr. almennra hegningarlaga. Í greininni eru fyllri ákvæði sérstaklega um hvernig staðið skuli að ákvörðun um beitingu agaviðurlaga.

Í 1. mgr. er fjallað um hvaða agaviðurlögum er heimilt að beita:

1. Áminningu.
2. Sviptingu réttinda sem fangar almennt njóta samkvæmt lögum þessum og reglugerðum.
3. Sviptingu vinnulauna.
4. Einangrun í allt að 60 daga.

1. tölul. er nýmæli. Þykir ástæða til að taka upp áminningu fyrir t.d. fyrsta minni háttar brot fanga á reglum fangelsis.

2. og 3. tölul. eru óbreyttir frá 1. og 2. tölul. 1. mgr. 47. gr. almennra hegningarlaga.

Í 4. tölul. 1. mgr. er heimild til að einangra fanga í allt að 60 daga fyrir agabrot. Í 3. tölul. 1. mgr. 47. gr. almennra hegningarlaga er heimild til að einangra varðhaldsfanga í allt að 60 daga og þá sem afplána fangelsisvist í allt að 90 daga fyrir agabrot. Í frumvarpi þessu er ekki gerður munur á varðhaldsföngum og þeim sem afplána fangelsisdóma. Í samræmi við það þykir ekki rétt að hafa mismunandi heimildir til einangrunar vegna agabrota þessara fanga. Þá þykir rétt að hámarkstímalengd í einangrun vegna agabrota verði 60 dagar.

Í 4. mgr. 27. gr. reglugerðar um fangavist, nr. 206/1957, segir að innilokun í einangrunarklefa megi ekki vera lengri en 30 dagar nema með samþykki dómsmálaráðuneytisins. Með gildistöku laga þessara þykir rétt að þetta ákvæði falli brott þar sem ákvörðun forstöðumanns um beitingu agaviðurlaga sæti stjórnsýslulegri kæru til dómsmálaráðuneytisins og þykir ekki eðlilegt að ráðuneytið hafi í alvarlegustu tilfellunum fyrir fram tekið þátt í afgreiðslu málsins ef ákvörðun kann að verða kærð.

Í 2. mgr. er heimild til að beita fleiri en einni tegund viðurlaga samtímis. Er það óbreytt ákvæði frá 47. gr. almennra hegningarlaga. Hins vegar er það nýmæli í 2. mgr. að heimilt er að skilorðsbinda ákvarðanir um agaviðurlög.

Ákvæði 3. mgr. eru efnislega samhljóða 2. mgr. 46. gr. almennra hegningarlaga.

Í 4. mgr. eru ákvæði um að forstöðumaður skuli sjálfstætt kanna hvernig broti er háttað áður en hann tekur ákvörðun um beitingu agaviðurlaga. Þetta ákvæði er nýmæli í lögum en er efnislega samhljóða 3. mgr. 27. gr. reglugerðar um fangavist, nr. 206/1957. Þykir ástæða til að lögfesta þetta ákvæði.

Í 5. mgr. eru ákvæði um að ákvarðanir um agaviðurlög skulu bókaðar og birtar fanga í viðurvist vitnis. Er þetta nýmæli í lögum en í áðurnefndri 27. gr. reglugerðar um fangavist er ákvæði um að bóka skuli ákvarðanir um refsiviðurlög. Nauðsynlegt þykir að lögfesta ákvæði um að fanga sé með formlegum hætti tilkynnt ákvörðun um beitingu agaviðurlaga.

6. mgr. er efnislega samhljóða 3. mgr. 47. gr. almennra hegningarlaga.

Um V. kafla.

Um 27. gr.

Efni greinar þessarar er efnislega samhljóða 4. málsl. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 38/1973, um fangelsi og vinnuhæli, svo sem henni var breytt með 2. gr. laga nr. 26/1983, en hún hefur verið aðlöguð að staðgreiðslukerfi skatta.

Þrátt fyrir það að óeðlilegt þyki að taka sérákvæði um innheimtu opinberra gjalda í lög um fangelsi og fangavist þar sem sá málaflokkur heyrir undir annað ráðuneyti en fangelsismál þykir ekki verða hjá því komist af lagatæknilegum ástæðum.

Um 28. gr.

Grein þessi er samhljóða 2. mgr. 33. gr. almennra hegningarlaga, eins og hún var lögfest með 2. gr. laga nr. 42/1985.

Um 29. gr.

Í 3. málsl. 2. mgr. 32. gr. almennra hegningarlaga segir að láta skuli fanga lausan um sama leyti dags og hann er settur inn.

Í 1. mgr. þessarar greinar er ákvæði um að þeir sem afplána varðhalds- og fangelsisdóma skulu látnir lausir kl. 8 að morgni þess dags sem afplánun lýkur og er það í samræmi við núverandi framkvæmd. Þessi framkvæmd byggist m.a. á því að fangar þurfa að hafa möguleika á að komast frá fangelsi til síns heima m.a. með áætlunarferðum.

Ekki þykir ástæða til að breyta núverandi framkvæmd á afplánun vararefsinga vegna sekta sem miðast við að fangi sé látinn laus á sama tíma dags og hann hóf afplánun.

Um 30. gr.

Í 1. mgr. eru ákvæði um hvaða þætti skuli setja reglugerðir.

Auk þess er heimilt að setja reglugerð um önnur atriði varðandi fangavist þótt ekki sé það skylt.

Rétt þykir að hafa eina grein um reglugerðarsetningu í stað þess að taka það fram varðandi hverja einstaka grein.

Um 31. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Sþ. 416. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1988.

I. Frá Hjörleifi Guttormssyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-610 Héraðsskólar, almennt 690 Stofnkostnaður.	
Fyrir „26 200“ kemur	31 200
(Alþýðuskólinn Eiðum.)	
2. Við 4. gr. 11-301 Orkustofnun. Nýr liður:	
111 Yfirlitsrannsóknir á jarðhita í Austur-Skaftafellssýslu	1 000

II. Frá Hjörleifi Guttormssyni og Steingrími J. Sigfússyni.

1. Við 4. gr. 02-931 Náttúruverndarráð.	
Fyrir „25 501“ kemur	36 505
2. Við 4. gr. 04-299 Landbúnaðarmál. Nýr liður:	
119 Búrekstrarkönnun	5 000
3. Við 4. gr. 10-651 Ferðamálaráð. Nýr liður:	
620 Til umhverfisverndar á ferðamannastöðum	10 000
4. Við 4. gr. 11-399 Ýmis orkumál 115 Niðurgreiðsla á rafhitun.	
Fyrir „200 000“ kemur	230 000

Sþ. 417. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1988.

Frá Ragnari Arnalds, Steingrími J. Sigfússyni, Geir Gunnarssyni, Guðrúnu Helgadóttur, Hjörleifi Guttormssyni, Margréti Frímannsdóttur, Skúla Alexanderssyni og Svavari Gestssyni.

	Þús. kr.
1. Við 3. gr. 411 Eignarskattar.	
a. Fyrir „1 547 000“ kemur	2 000 000
b. Við bætist nýr liður:	
Sérstakur stóreignaskattur	500 000
2. Við 3. gr. 4123 Tekjuskattur, félög.	
Fyrir „1 750 000“ kemur	2 300 000
3. Við 4. gr. 02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.	
Fyrir „1 478 000“ kemur	1 678 000
4. Við 4. gr. 02-884 Jöfnun á námskostnaði.	
Fyrir „25 000“ kemur	75 000
5. Við 4. gr. 02-973 Þjóðleikhús 650 Húseign.	
Fyrir „10 000“ kemur	20 000

Sþ. 418. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1988.

Frá Svavari Gestssyni og Guðrúnu Helgadóttur.

Við 4. gr. 08-372 Borgarspítalinn 602 B-álma, bygging	Þús. kr.
Fyrir „9 000“ kemur	40 000

Ed. 419. Frumvarp til laga [213. mál]

um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74 21. ágúst 1974.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

179. gr. breytist sem hér segir:
Í stað „dómsmálaráðuneytinu“ í 2. og 3. málsl. 2. mgr. komi: fangelsismálastofnun.

2. gr.

189. gr. breytist sem hér segir:
Í stað „dómsmálaráðuneytisins“ komi: fangelsismálastofnunar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1989.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um fangelsi og fangavist. Í 2. gr. þess frumvarps er gert ráð fyrir að fangelsismálastofnun annist fullnustu refsidóma og er því eðlilegt að dómar berist beint til þeirrar stofnunar í stað dómsmálaráðuneytisins eins og nú er gert ráð fyrir í 179. og 189. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974.

Ed. 420. Frumvarp til laga [214. mál]

um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

Í 5. gr. komi ný mgr. er verði 5. mgr. og orðist svo:

Meðlög, sem falla á þann tíma, reiknaðan í heilum mánuðum, sem maður afplánar refsingu, vinnur af sér meðlag eða barnalífeyri, skulu ekki innheimt hjá honum fyrir þann tíma sem afplánun stendur fyrr en tveimur árum eftir að afplánun lýkur og skal þá greiðslum jafnað á eitt til þrjú ár. Dráttarvextir skulu ekki innheimtir af slíkum skuldum fyrir þann tíma sem innheimta skal liggja niðri samkvæmt þessu. Eigi að síður skal Innheimtustofnun sveitarfélaga standa skil á meðlagsgreiðslum fyrir slíkan tíma til Tryggingastofnunar ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1989.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt sem fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um fangelsi og fangavist. Efnisatriði frumvarpsins eru samhljóða 2. mgr. 7. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli, nr. 38/1973, svo sem henni var breytt með 1. gr. laga nr. 26/1983.

Þykir eðlilegast að efnisatriði þessi séu í lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga frekar en í lögum um fangelsi og fangavist.

Sþ. 421. Nefndarálit [1. mál]

um framlög til flóabáta, fólks- og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur að venju fjallað um erindi þau sem Alþingi hafa borist um framlög á fjárlögum til stuðnings við rekstur flóabáta vegna vöru- og fólksflutninga á einstökum svæðum. Farsvæði þessara báta eru á Faxaflóa, á Breiðafirði, á Ísafjarðardjúpi og á leiðinni frá Þorlákshöfn til Vestmannaeyja. Enn fremur eru flutningar styrktir á Eyjafirði og milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar.

Jafnframt hefur nefndin tekið fyrir og rætt erindi sem borist hafa um flutninga á landi, svo sem um rekstur snjóbifreiða eða um mikinn snjómokstur, þar sem erfitt reynist fyrir

byggðarlög að standa straum af þeim kostnaði sem þau verða að bera samkvæmt snjómokstursreglum Vegagerðar ríkisins. Enda þótt reglurnar hafi verið rýmkaðar á síðustu árum verða íbúar í snjóþungum héruðum fyrir verulegum kostnaði umfram aðra þegna þjóðfélagsins við að halda uppi nauðsynlegum samgöngum. Til að minnka eitthvað þennan aðstöðumun hafa verið veitt á fjárlögum hvers árs framlög til þeirra aðila sem að dómi nefndarinnar eru verst settir að þessu leyti.

Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóri samgönguráðuneytisins, og Guðmundur Einarsson, forstjóri Skipaútgerðar ríkisins, mættu á fundum nefndarinnar og veittu henni margvíslegar upplýsingar sem komu að verulegu gagni. Færir nefndin þeim sérstakar þakkir fyrir störf þeirra.

Skal nú gerð grein fyrir einstökum þáttum tillagnanna, sérstaklega varðandi hin stærri verkefni, þ.e. flutninga á sjó og í lofti. Hvort tveggja er að til þeirra gengur mestur hluti þess fjármagns sem nefndin úthlutar og um allt það er lýtur að sjóflutningum hefur nefndin fyllri upplýsingar þó að þeir aðilar, sem styrks til landflutninga njóta, hafi einnig sent nefndinni greinargóðar upplýsingar um rekstur og annað er umsóknina snertir. Þó er í nokkrum tilvikum misbrestur á því að reikningar fylgi umsókn og voru nefndarmenn sammála um að styrkur yrði ekki greiddur á næsta ári fyrr en reikningar bærust samgönguráðuneytinu fyrir yfirstandandi ár.

Akraborg.

Rekstraraðili Akraborgar, Skallagrímur hf., sækir um 16.0 millj. kr. rekstrarstyrk á næsta ári. Í ár er styrkurinn 11.5 millj. kr. og rann hann að fullu til greiðslu á lánum hjá Ríkisábyrgðasjóði samkvæmt sérstöku samkomulagi við hann.

Á árinu 1986 var halli á rekstri Akraborgar fimmta árið í röð og nam hann 12.2 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok er eigið fé fyrirtækisins neikvætt um 73.4 millj. kr. og hafði þá versnað um 22.4 millj. kr. á árinu. Skammtímaskuldir námu 69.1 millj. kr. í lok síðasta árs og höfðu þær þá aukist um rúmar 20 millj. kr. á árinu. Veltufjárhlutfallið er mjög lágt, eða aðeins 0.12. Skýring á þessu er sú að inn í skammtímaskuldum eru vanskil við Ríkisábyrgðasjóð að fjárhæð 49.1 millj. kr.

Í lok september sl. var hagnaður af rekstri Akraborgar 3.1 millj. kr. eftir að búið var að taka tillit til fjármunatekna og fjármagnsgjalda. Vegna niðurfellingar á vanskilaskuldum við Ríkisábyrgðasjóð og skuldbreytingu lána hjá sjóðnum samkvæmt heimild í 6. gr. fjárlaga þessa árs batnaði veltufjárstaða fyrirtækisins verulega eða um 51.6 millj. kr. frá áramótum.

Með bréfi fjármálaráðuneytisins til Ríkisábyrgðasjóðs, dags. 22. júní sl., ákvað ráðuneytið að nýta sér framangreinda heimild og felldi niður vanskil að fjárhæð 45.5 millj. kr.

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisábyrgðasjóði eru skuldir fyrirtækisins við hann sem hér segir:

Áætluð heildarskuld um næstu áramót	64.8 millj. kr.
Vanskil nú	10.1 millj. kr.
Áætlaðar afborganir og vextir á næsta ári .	13.0 millj. kr.

Baldur.

Eigandi Baldurs, Flóabáturinn Baldur hf., sækir um 17 millj. kr. styrk á næsta ári. Í ár er styrkurinn 11.7 millj. kr.

Í greinargerð rekstraraðila bátsins um starfrækslu hans fyrstu tíu mánuði þessa árs segir m.a. að áætlunarferðir Baldurs milli Stykkishólms og Brjánslækjar með viðkomu í Flatey hafi samtals orðið 151. Báturinn flutti í þessum ferðum 6273 farþega og 1393 bifreiðar. Til

samanburðar má geta þess að í 134 ferðum bátsins fyrstu tíu mánuði ársins 1986 flutti hann 5473 farþega og 1071 bifreið.

Auk viðkomu í Flatey var sem áður komið við í Skáleyjum, Hvallátrum og Svefneyjum. Yfir sumartímann fór báturinn 6 ferðir í viku yfir Breiðafjörðinn þegar þær urðu flestar, en á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl voru að jafnaði farnar tvær ferðir í viku hverri.

Eins og undanfarin ár voru engar fastar áætlunarferðir farnar milli Reykjavíkur og Breiðafjarðarhafna, en hins vegar voru farnar leiguferðir, m.a. með áburð og salt, svo og aðrar ferðir sem arðbærar þóttu.

Um þessa flutninga segir m.a. í greinargerð fyrirtækisins:

„Það sem af er árinu hafa vöruflutningar aukist verulega, einkum á salti vegna góðrar vertíðar í vetur. Samt sem áður er ekki ráðlegt að reikna með því sem vísu. Áætlunarflutningar drógust saman í ár eins og reiknað var með í fyrrahaust. Búast má við frekara samdrætti á komandi ári. Aukin umræða og ákvörðun um nýsmíði á ferju yfir Breiðafjörð hefur valdið því að vöruflutningar yfir fjörðinn hafa tekið stakkaskiptum. Flutningsaðilar til sunnanverðra Vestfjarða hafa notað þessa þjónustu í ríkum mæli og halda þeir nú uppi ferðum á ófærðartímum ársins."

Í bráðabirgðauppgjöri um rekstur bátsins til októberloka í ár og áætlun til loka ársins er gert ráð fyrir að heildargjöld Baldurs verði 21.1 millj. kr. og tekjur 8.8 millj. kr. Styrkir til reksturs og endurbóta nema 11.7 millj. kr. þannig að samkvæmt þessu kemur reksturinn til með að sýna halla upp á 0.6 millj. kr.

Af einstökum rekstrarliðum hækka laun mest milli áranna 1986 og 1987, úr 7.4 millj. kr. í 12.9 millj. kr., eða yfir 70%. Í áætlun bátsins fyrir þetta ár var gert ráð fyrir að laun yrðu 8.4 millj. kr. eða 4.5 millj. kr. lægri en stefnir í að þau verði í ár. Skýringar útgerðaraðila eru þær að launasamningar áhafna hafi gefið 30% hækkun almennra taxta frá desemberlaunum 1986, en auk þess hafi falist í samningunum kvaðir um aukagreiðslur sem útgerðin hefur fram að þessu komist hjá að borga en þær eru nú hluti fastra launa. Vegna þessa hafa laun sumra stétta hækkað um a.m.k. 40%. Jafnframt hefur útgerðin þurft að greiða óvenjumarga uppsafnaða frídaga til starfsmanna sem hættu störfum eftir margra ára þjónustu.

Varðandi rekstraráætlun bátsins á næsta ári gefur útgerðaraðili sér þá forsendu að laun hækki um 15% frá árinu í ár en aðrir gjaldaliðir hækki á bilinu 20–30%. Þannig er gert ráð fyrir að heildargjöld bátsins verði 25.4 millj. kr. eða um 20% hærri en í ár. Tekjur eru taldar aukast um 17% milli ára og að þær verði 10.3 millj. kr.

Með bréfi dags. 8. maí sl. veitti fyrrverandi samgönguráðherra, Matthías Bjarnason, samþykki sitt til að hafin yrði smíði Breiðafjarðarferju og í kjölfar þess var undirritaður smíðasamningur við Þorgeir & Ellert hf., Akranesi. Umsamið verð er 156.8 millj. kr. og afhendingartími er í ágúst 1988.

Fagranes.

Eins og mörg undanfarin ár fylgir umsókn rekstraraðila bátsins, Djúpbátsins hf., greinargott yfirlit um rekstur hans út þetta ár.

Í bréfi framkvæmdastjóra fyrirtækisins til samvinnunefndar samgöngumála, dags. 19. nóvember 1987, er tekið fram að við gerð rekstraráætlunar fyrir árið 1987 var farið eftir upplýsingum er fram komu í forsendum fjárlagafrumvarpsins fyrir sama ár en þar var gert ráð fyrir 10–12% hækkun gjaldaliða milli ára og á þeim forsendum var farið fram á 9.0 millj. kr. styrk. Síðan segir í bréfi framkvæmdastjórans að við umfjöllun nefndarinnar þremur vikum síðar varð ljóst að framansagðar forsendur fjárlaga stæðust ekki sem forsenda gjaldaliða útgerðarinnar og var styrkurinn því hækkaður í 10.2 millj. kr.

Samkvæmt uppgjöri til októberloka þessa árs og áætlun mánuðina nóvember og desember hækkuðu gjaldaliðir að meðaltali um tæp 17% sem er svipuð hækkun og orðin er á byggingarvísitölu frá nóvember 1986. Af einstökum gjaldaliðum hækkuðu laun langmest, eða um 37.5%.

Í tekjuáætlun bátsins fyrir yfirstandandi ár var gert ráð fyrir 25% hækkun flutningstekna, en í reynd hækkuðu þær um rúm 33%.

Áætlun fyrirtækisins fyrir næsta ár er í hefðbundnum stíl. Útgerðaraðili gefur sér þá forsendu að gjöld hækki frá 5–22% frá árinu í ár, að meðaltali um tæp 17%, og að þau verði 16.4 millj. kr. á næsta ári. Tekjur eru taldar aukast um 20% milli ára og að þær verði um 5.1 millj. kr.

Hríseyjarferja.

Með bréfi sveitarstjóra Hríseyjarhrepps til samvinnunefndar samgöngumála fylgir greinargott yfirlit um rekstur ferjunnar fyrstu tíu mánuði þessa árs. Þar kemur fram að tekjur ferjunnar námu 6.8 millj. kr. sem eru 2.2 millj. kr. hærri fjárhæð en á sama tíma 1986. Rekstraraðili áætlar að tekjur verði orðnar 7.5 millj. kr. í árslok og gjöldin 7.7 millj. kr. Samkvæmt þessu hefur útgerð ferjunnar getað lagt til hliðar meginhluta af greiddum styrk á þessu ári, eða 1.7 millj. kr. af 1.9 millj. kr. rekstrarstyrk. Það hefur verið venjan að yfirliti sveitarstjóra fylgdi rekstraráætlun fyrir næsta ár en að þessu sinni fylgir hún ekki og er skýring hans þessi:

„Flutningar ferjunnar eru orðnir svo miklir að eitthvað verður að gera til að mæta því. Að vera með ofhlaðið skip af farþegum eða vörum og jafnvel hvort tveggja í senn er engum útgerðaraðila stætt á að gera, enda bárust nokkrar alvarlegar kvartanir af þessum sökum á árinu. Vart er um nema tvennt að ræða til að mæta þessu. Annað hvort verður að takmarka flutninga eða auka mannahald til að reyna að nýta ferjuna lengri tíma sólarhringsins, en hvort tveggja snertir verulega rekstrarafkomuna. Seinni möguleikinn, að auka mannahald, kemur þó að litlu gagni þar sem ferjan hefur nú þegar verið meiri eða mestan hluta sólarhringsins í gangi á annatímum. Þar við bætist að reynsla síðustu fjögurra ára sýnir 12–16% aukningu í farþegaflutningum á ári. Þar sem ákvörðun hefur ekki verið tekin um hvaða leið verður farin, er útilokað að gera rekstraráætlun fyrir næsta ár eins og verið hefur."

Til rekstrar á næsta ári sækir Hríseyjarhreppur um 1.5 millj. kr. Hreppurinn sækir enn fremur um 3.0 millj. kr. stofnstyrk til þess að undirbúa smíði nýrrar ferju.

Mjóafjarðarbátur.

Sótt er um styrk til áætlunarferða milli Mjóafjarðar, Dalatanga og Neskaupstaðar. Fyrirkomulag ferða er með sama sniði og áður. Farnar eru tvær ferðir í viku frá Mjóafirði til Neskaupstaðar með viðdvöl þar og fara 10–12 klst. í hverja ferð. Þá er farið að Dalatanga jafnoft. Farið er á milli Dalatanga og Mjóafjarðar á landi á sumrin og þegar því verður við komið á veturna.

Vegna áætlunarferðanna til Dalatanga hefur reynst nauðsynlegt að hafa yfir að ráða snjósleða og Subaru-bifreið og einnig gúmmíbát því að þegar landleiðin er ófær er farið á bátnum næsta dag og tekið land í gúmmíbátnum. Eru þær ferðir tímafrekar og bindandi þar sem oft þarf að bíða færis vegna erfiðra lendingarskilyrða á Dalatanga. Hefur það í för með sér allmikinn aukakostnað og tímatap.

Þessi bátur er að sögn heimamanna eini möguleikinn til þess að hafa samband við Neskaupstað þar sem öll verslunarviðskipti fyrir þennan hrepp fara fram.

Herjólfur.

Á árinu 1986 var halli á rekstri Herjólfs 10.3 millj. kr. og nemur þetta tap um 10% af gjöldum fyrirtækisins á því ári. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok er eigið fé fyrirtækisins jákvætt um 30 millj. kr. og hafði það þá aukist um 10 millj. kr. á árinu. Hér munar mest um hækkun á endurmatsreikningi en hann hækkar úr 10.6 millj. kr. í 30.8 millj. kr. á árinu. Skammtímaskuldir námu 11.4 millj. kr.í lok síðasta árs og höfðu þær þá aukist lítillega frá árinu áður. Veltufjárhlutfallið er 0.96 sem er ögn skárra en það var í lok ársins 1985.

Í lok október sl. var tap af rekstri Herjólfs 7.1 millj. kr. og er þá ekki tekið tillit til ríkisframlags og afskrifta. Gjöld án afskrifta og tekjur án ríkisframlags eru fyrstu 10 mánuði þessa árs nánast jafnhá að krónutölu og allt síðasta ár. Í lok þessa árs er reiknað með að gjöld án afskrifta verði 103.4 millj. kr. og tekjur 85.5 millj. kr. Samkvæmt því áætlar rekstraraðili að tap á rekstri Herjólfs verði tæpar 18 millj. kr. í lok þessa árs.

Samkvæmt bréfi fyrirtækisins til nefndarinnar er áætlun þess um gjöld og tekjur á næsta ári sett fram á meðalverðlagi ársins 1988 með framreikningi á niðurstöðutölum ársins 1987. Gjöld hækka um 38% og tekjur um 36%. Hallinn á rekstrinum hækkar samkvæmt því úr 18 millj. kr. 1987 í 26.9 millj. kr. 1988.

Flutningar til Grímseyjar.

Fyrir tveimur árum hætti Drangur ferðum sínum um Eyjafjörð og til Grímseyjar. Til þess að sinna þeim flutningaverkefnum, sem flóabáturinn annaðist, var samið við Flugfélag Norðurlands hf. um að flytja vörur til Grímseyjar og jafnframt hefur Skipaútgerð ríkisins séð um flutning á þungavöru til eyjarinnar og fisk frá henni.

Áætlað er að þessir flutningar muni kosta um 7 millj. kr. á næsta ári.

Málefni annarra báta verða ekki rakin hér enda er þar um smáar upphæðir að ræða.

Ekki verða heldur tilgreindar sérstakar umsóknir um fjárveitingar til vetrarsamgangna hér á landi. Ítarlega var fjallað um hverja umsókn og var samstaða í nefndinni um hverja fjárveitingu.

Um 56. lið í breytingartillögu nefndarinnar um flutninga á landi, óráðstafað, er það að segja að hann er fyrst og fremst hugsaður sem sjóður sem hægt yrði að grípa til í neyðartilvikum þegar samgöngur teppast og grípa þarf til dýrari flutningstækja. Slíkir flutningar yrðu síðan greiddir samkvæmt reikningi og hefur verið farið fram á það við Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóra í samgönguráðuneytinu, að hann annaðist greiðslu slíkra reikninga í samráði við formenn samgöngunefnda Alþingis. Í nefndinni hefur verið rætt um að þar sem ákveðið hefur verið að fella úr 6. gr. fjárlaga heimildir til endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum og söluskatti af kaupum á snjóbílum og tækjum til þeirra kæmi til álita að nota þetta fjármagn að einhverju leyti til að greiða slíkan kostnað.

Samvinnunefnd samgöngumála leggur til á sérstöku þskj. að á fjárlögum 1988 verði veittar samtals 92 719 000 kr. til flóabáta og vöruflutninga í staðinn fyrir 74 010 000 kr. á þessu ári.

Alþingi, 22. des. 1987.

Karvel Pálmason, form. Ed.-nefndar, frsm.	Ólafur Þ. Þórðarson, form. Nd.-nefndar.	Júlíus Sólnes, fundaskr. Ed.-nefndar.
Málmfríður Sigurðardóttir, fundaskr. Nd.-nefndar.	Egill Jónsson.	Skúli Alexandersson.
Valgerður Sverrisdóttir.	Ey. Kon. Jónsson.	Stefán Guðmundsson.
Friðjón Þórðarson.	Árni Gunnarsson.	Ingi Björn Albertsson.
Eggert Haukdal.		Guðni Ágústsson.

Sþ. **422. Breytingartillaga** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1988.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

	Þús. kr.	Þús. kr.
Við 4. gr. 10-321 120 Flóabátar og vöruflutningar.		
a. Fyrir „74 010“ kemur		92 719
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		
Flóabátar og vöruflutningar (10-321 120).		
a. Flutningar á landi:		
1. Til vetrarflutninga í Breiðavíkurhreppi og Neshreppi utan Ennis	100	
2. Til vetrarflutninga á norðanverðu Snæfellsnesi	80	
3. Til vetrarflutninga í Dalahéraði	240	
4. Snjóbifreið í Reykhólahreppi	60	
5. Til mjólkurflutninga í V-Barðastrandarsýslu	200	
6. Til vetrarsamgangna í Rauðasandshreppi	90	
7. Til vetrarsamgangna í Bíldudalshreppi	160	
8. Til vetrarsamgangna í Auðkúluhreppi í V-Ísafjarðarsýslu	100	
9. Til vetrarsamgangna við Ingjaldssand	150	
Stofnstyrkur	500	
10. Snjóbifreið í Önundarfirði	130	
11. Snjóbifreið um Botnsheiði	110	
Stofnstyrkur	700	
12. Til mjólkurflutninga í Önundarfirði, Dýrafirði, Súgandafirði og Djúpi (Mjólkursamlag Ísfirðinga)	490	
13. Til vetrarflutninga í Álftafirði, N-Ísafjarðarsýslu	100	
14. Til vetrarflutninga í Ögurhreppi	60	
15. Til vetrarflutninga í Reykjafjarðarhreppi	60	
16. Til vetrarflutninga í Nauteyrarhreppi	60	
17. Til vetrarsamgangna í Snæfjallahreppi	60	
18. Til vetrarflutninga í Árneshreppi	330	
19. Til vetrarsamgangna í Árneshreppi	170	
Stofnstyrkur	500	
20. Til vetrarsamgangna í Kaldrananeshreppi	60	
21. Snjóbifreið á Hólmavík	70	
22. Fellshreppur	60	
23. Óspakseyrarhreppur	60	
24. Skefilsstaðahreppur	100	
25. Snjóbifreið í Skagafirði	110	
26. Til vetrarflutninga í Haganes- og Holtshreppum	100	
Stofnstyrkur	500	

		Þús. kr.	Þús. kr.
27.	Til vetrarsamgangna Siglufjörður–Sauðárkrókur	290	
28.	Snjóbifreið á Ólafsfirði, stofnstyrkur	500	
29.	Til vetrarsamgangna Ólafsfjörður–Akureyri	400	
30.	Snjóbifreið í Dalvíkurlæknishéraði	40	
31.	Til vetrarsamgangna í Svarfaðardal	90	
32.	Snjóbifreið á Akureyri	80	
33.	Snjóbifreið í Grýtubakkahreppi	60	
34.	Til vetrarsamgangna Akureyri–Grýtubakkahreppur	100	
35.	Snjóbifreið í Hálshreppi S-Þingeyjarsýslu	60	
36.	Norðausturleið Vopnafjörður–Húsavík	720	
37.	Til vetrarsamgangna í Fjallahreppi	260	
38.	Snjóbifreið Öxarfjörður–Kópasker	100	
39.	Snjóbifreið á Þórshöfn	90	
40.	Til vetrarflutninga á Bakkafirði	150	
41.	Til vetrarflutninga á Vopnafirði	150	
42.	Til vetrarsamgangna í Borgarfirði eystra	170	
43.	Til vetrarsamgangna í Hjaltastaðahreppi	60	
44.	Til póst- og vöruflutninga á Jökuldal	60	
45.	Til vetrarsamgangna á Jökuldal	100	
46.	Til vetrarflutninga í Möðrudal	110	
	Stofnstyrkur	104	
47.	Snjóbifreið á Fljótsdalshéraði	50	
48.	Snjóbifreið á Fjarðarheiði	580	
49.	Snjóbifreið í Oddsskarði og Fagradal	700	
	Stofnstyrkur	575	
50.	Snjóbifreið Stöðvarfjörður–Egilsstaðaflugvöllur	100	
51.	Til vetrarflutninga á Breiðdalsvík	150	
52.	Til vetrarflutninga Djúpivogur–Hornafjörður	350	
53.	Svínafell í Nesjum	60	
54.	Til vöruflutninga á Suðurlandi	520	
55.	Snjóbifreið í V-Skaftafellssýslu, stofnstyrkur	400	
56.	Óráðstafað	1 600	
			14 289
b.	*Flóabátar:*		
1.	Akraborg	14 400	
2.	Baldur	14 700	
3.	Mýrabátur	50	
4.	Fagranes	12 700	
5.	Dýrafjarðarbátur	130	
	Stofnstyrkur	50	
6.	Hríseyjarferja, stofnstyrkur	3 000	
7.	Mjóafjarðarbátur	2 200	
8.	Herjólfur	24 200	
9.	Eyjafjörður, Grímsey	7 000	
			78 430
			92 719

Ed. 423. Frumvarp til laga [215. mál]

um breytingu á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. l. nr. 38/1987.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir.

1. gr.

1. mgr. 25. gr. laganna orðist svo:

Útsvar skal vera ákveðinn hundraðshluti af tekjum hvers almanaksárs, en má þó eigi vera hærra en 7,5% af tekjum manna með allt að 2 500 000 kr. á ári og allt að 9% af tekjum manna með yfir 2 500 000 kr. á ári.

2. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1988.

Greinargerð.

Samkvæmt núgildandi lögum er innheimt útsvar ákveðinn hundraðshluti af tekjum og gildir þá einu hvort um háar tekjur eða lágar er að ræða. Sama er um tekjuskattinn; núgildandi lög kveða á um eina og sömu skattprósentu á háar tekjur sem lágar.

Kvennalistinn telur eðlilegt að beita skattalögum til tekjujöfnunar í þjóðfélaginu og leggur því til að skattþrepin verði tvö bæði við álagningu útsvars og tekjuskatts. Kvennalistinn flytur breytingartillögu við 179. mál, frumvarp um breytingu á tekjuskattslögunum. Tillagan felur það í sér að greiddur verði 33% skattur af hæstu tekjum, þ.e. af tekjuskattsstofni yfir 2 500 000 kr. á ári. Frumvarpið, sem hér er fram borið, gerir svo ráð fyrir að útsvar af hæstu tekjum geti orðið allt að 9%. Samtals gæti því álagning á hæstu tekjur orðið 42%, en samanlagður tekjuskattur og útsvar á tekjur þar fyrir neðan getur numið allt að 36% samkvæmt ákvæðum núgildandi laga.

Ed. 424. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, þar með talin breyting skv. l. nr. 49/1987 sem taka eiga gildi 1. janúar 1988.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og kvatt til ráðuneytis Ævar Ísberg vararíkisskattstjóra, Indriða H. Þorlákssson skrifstofustjóra og Snorra Olsen, deildarstjóra í fjármálaráðuneyti.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins óbreytts.

Guðrún Agnarsdóttir sat fund nefndarinnar.

Alþingi, 22. des. 1987.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Júlíus Sólnes, með fyrirvara.
Eiður Guðnason.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jóhann Einvarðsson.

Ed. 425. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, þar með talin breyting skv. l. nr. 49/1987 sem taka eiga gildi 1. janúar 1988.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í frumvarpi þessu felast ýmsar lagfæringar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem tengjast gildistöku staðgreiðslu skatta um næstkomandi áramót. Eru þar í flestum tilfellum á ferðinni breytingar sem milliþinganefndin lagði til að gerðar yrðu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og staðgreiðslu skatta og eru til bóta.

Skattkerfisbreyting sú, sem í frumvarpi þessu felst og fylgifrumvörpum þess, felur í sér verulega einföldun álagningar og staðgreiðslu skatta. Þessum meginmarkmiðum er þingflokkur Alþýðubandalagsins samþykkur og hefur áður lagt slíkt til með flutningi frumvarpa og tillagna. Þar skilur þó á milli stefnu Alþýðubandalagsins og ríkisstjórnarinnar að Alþýðubandalagið vill láta eitt yfir alla ganga og hefur lagt til hliðstæðar breytingar á skattlagningarreglum fyrirtækja.

Því miður er ljóst að þær breytingar, sem nú verða á staðgreiðslu einstaklinga, leiða ekki til skattalækkana hjá launafólki í heild. Þvert á móti munu þær álagningarprósentur, sem ríkisstjórnarmeirihlutinn leggur til, leiða til verulega þyngri skattbyrði einstaklinga í heild miðað við tekjur á greiðsluári. Kemur hún til með að nema allt að 25% milli áranna 1987 og 1988. Þar með er einnig ljóst að það markmið að lækka eða afnema tekjuskatt af almennum launatekjum er enn jafnfjarri sem fyrr.

Tillögur þær, sem þingflokkur Alþýðubandalagsins hefur lagt fram á Alþingi í skattamálum, bæði í formi frumvarpa og breytingartillagna við einstök skattafrumvörp og fjárlög, fela í meginatriðum í sér eftirfarandi:

— Skattbyrði er færð af fólki með meðaltekjur og lægri yfir á fólk með hátekjur og eignamenn og fyrirtæki.
— Skattbyrði einstaklinga í heild er lækkuð um nálægt 1500 milljónir króna með hækkun persónufrádráttar og breytingum á skattstiganum. Sú hækkun er borin uppi af auknum skattgreiðslum eignamanna, fjármagnseigenda og fyrirtækja.
— Frádráttarheimildir fyrirtækja eru afnumdar, komið í veg fyrir að einkaeyðsla og risna sé færð á kostnað fyrirtækja og tekjuskattsprósenta fyrirtækjanna hækkuð til samræmis við hátekjuskattþrep einstaklinga.
— Skattfrelsismörk einstaklinga hækka og skattbyrði léttist miðað við tillögur ríkisstjórnarinnar á tekjum upp að rúmlega 100 þúsund krónum á mánuði. Útgjöld vísitölufjölskyldunnar er nú áætluð nálægt 110 þúsund krónum á mánuði.
— Skattar á tekjum yfir 110 þúsund krónum á mánuði hækka með sérstöku hátekjuskattþrepi, en samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar mundu skattar lækka á hæstu tekjur frá því sem verið hefur.

Auk þess felast í tillögum Alþýðubandalagsins fjölmargar leiðréttingar og úrbætur í skattamálum, svo sem ákvæði um virkara eftirlit, ákvæði sem tryggja eiga hagsmuni leigjenda, sem ríkisstjórnin ætlar að setja út á klakann, og síðast en ekki síst má nefna frumvarp um sérstakan skattadómstól.

Á sérstöku þingskjali flytur undirritaður breytingartillögur um nokkrar helstu lagfæringar sem hann telur óhjákvæmilegt að gera á frumvarpi ríkisstjórnarinnar og lögum um tekjuskatt og eignarskatt, þ.e. þau ákvæði sem snerta skattlagningu einstaklinga. Að öðru leyti leggur minni hl. til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 22. des. 1987.

Svavar Gestsson.

Ed. 426. Breytingartillögur [179. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, þar með talin breyting skv. l. nr. 49/1987 sem taka eiga gildi 1. janúar 1988.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Á eftir 5. gr. komi ný grein sem orðist svo:
   1. tölul. 67. gr. laganna orðist svo:
   Af tekjuskattsstofni reiknast 26,75% á mánaðartekjur upp að 62 þús. kr. en 38% á það sem er umfram 62 þús. kr.
2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   1. mgr. A-liðar 68. gr. laganna orðist svo:
   Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 188 þús. kr.
3. Við 9. gr.
   a. 2. mgr. C-liðar orðist svo:
   Húsnæðisbætur skulu vera 50 000 kr. á ári fyrir einstakling sem kaupir eða byggir íbúðarhúsnæði skv. 1. mgr.
   b. Við C-lið bætist ný mgr. sem verði 10. mgr. og orðist svo:
   Rétt til húsnæðisbóta eiga og þeir sem sannanlega greiða húsaleigu vegna leigu á íbúðarhúsnæði til eigin nota.
4. Við 14. gr., bráðabirgðaákvæði I.
   a. Í 1. mgr. falli brott orðin „í allt að sex ár talið frá og með álagningarárinu 1988".
   b. Á eftir 4. mgr. komi ný mgr. sem orðist svo:
   Skattstjóri skal áætla vaxtaafslátt samkvæmt framtali skattgreiðanda strax og umsókn berst, en þó eigi síðar en í ágúst ár hvert.

Sþ. 427. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1988.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur, Danfríði Skarphéðinsdóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur, Kristínu Einarsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur og Málmfríði Sigurðardóttur.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-422 Námsgagnastofnun.	
a. Við 101 Skrifstofa.	
Fyrir „15 106" kemur	19 106
b. Nýr liður:	
170 Til greiðslu á skuldum	15 000
2. Við 4. gr. 02-802 Vernd barna og ungmenna. Nýr liður:	
140 Kvikmyndaeftirlitið	3 000
3. Við 4. gr. 02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.	
Fyrir „1 478 000" kemur	1 678 000
4. Við 4. gr. 02-884 Jöfnun á námskostnaði	
Fyrir „25 000" kemur	100 000
5. Við 4. gr. 02-931 Náttúruverndarráð.	
a. Við 102 Fræðslustarfsemi.	
Fyrir „950" kemur	1 950
b. Nýr liður:	
635 Framkvæmdir í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum	3 000

6. Við 4. gr. 02-973 Þjóðleikhús.
   a. Við 101 Almennur rekstur. Þús. kr.
      Fyrir „138 700“ kemur 163 700
   b. Við 650 Húseign, stofnkostnaður.
      Fyrir „10 000“ kemur 18 000
7. Við 4. gr. 02-982 Listir, framlög.
   a. Við 111 Launasjóður rithöfunda.
      Fyrir „15 000“ kemur 35 000
   b. Við 112 Starfslaun listamanna.
      Fyrir „10 000“ kemur 50 000
   c. Við 113 Höfundagreiðslur skv. 21. gr. höfundalaga.
      Fyrir „300“ kemur 500
   d. Við 114 Rithöfundasjóður Íslands.
      Fyrir „5 300“ kemur 10 000
   e. Við 115 Þýðingarsjóður.
      Fyrir „3 810“ kemur 4 000
   f. Nýir liðir:
      116 Bókmenntakynningasjóður 1 300
      117 Höfundamiðstöð 500
   g. Við 123 Bandalag íslenskra leikfélaga.
      Fyrir „1 200“ kemur 1 700
   h. Við 124 Önnur leiklistarstarfsemi.
      Fyrir „3 000“ kemur 25 000
   i. Við 126 Alþýðuleikhúsið.
      Fyrir „2 700“ kemur 4 000
   j. Við 128 Kynning á íslenskri list erlendis.
      Fyrir „6 000“ kemur 8 000
   k. Við 130 Íslenska óperan.
      Fyrir „9 200“ kemur 30 200
   l. Við 131 Íslenski dansflokkurinn.
      Fyrir „1 500“ kemur 3 000
   m. Við 133 Íslensk tónverkamiðstöð.
      Fyrir „1 400“ kemur 6 000
   n. Við 134 Sinfóníuhljómsveit æskunnar.
      Fyrir „1 500“ kemur 2 500
   o. Við 137 Tónlistarstarfsemi, styrkir.
      Fyrir „5 000“ kemur 10 000
   p. Við 141 Listasöfn, styrkir.
      Fyrir „2 500“ kemur 3 500
   q. Við 144 Samband íslenskra myndlistarmanna.
      Fyrir „1 000“ kemur 5 000
   r. Við 174 Listkynning, styrkir.
      Fyrir „400“ kemur 1 000
8. Við 4. gr. 07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík.
   a. Við 101 Svæðisstjórn.
      Fyrir „6 325“ kemur 8 101
   b. Við 122 Sambýli, leiguhúsnæði.
      Fyrir „4 880“ kemur 5 880

c. Við 132 Verndaður vinnustaður Sjálfsbjargar. Þús. kr.
Fyrir „880“ kemur 1 816
d. Við 161 Dagvistun Bjarkarási.
Fyrir „17 190“ kemur 18 690
e. Við 173 Vistheimili við Holtaveg.
Fyrir „10 536“ kemur 10 917
f. Við 174 Meðferðarheimili fyrir þroskahefta.
Fyrir „6 376“ kemur 7 876
g. Nýr liður:
193 Leikfangasafn og ráðgjafarstöð fyrir fötluð börn 3 227

9. Við 4. gr. 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi 140 Kvennaathvarf í Reykjavík.
Fyrir „4 500“ kemur 5 528
10. Við 08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.
a. Við 131 Krabbameinsfélag Íslands.
Fyrir „50 400“ kemur 57 500
b. Við 140 Kostnaður vegna laga nr. 25/1975.
Fyrir „1 071“ kemur 6 071
11. Við 4. gr. 10-485 Ýmis framlög (samgöngumál). Nýr liður:
124 Ferðamálasamtök 1 400
12. Við 4. gr. 10-651 Ferðamálaráð 610 Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985.
Fyrir „28 000“ kemur 60 000

Sþ. 428. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1988.

I. Frá Kristínu Einarsdóttur og Hjörleifi Guttormssyni.

Við 4. gr. 02-233 Rannsóknasjóður. Þús. kr.
Fyrir „70 000“ kemur 85 000

II. Frá Hjörleifi Guttormssyni og Guðrúnu Agnarsdóttur.

Við 4. gr. Við bætist nýr liður:
05-211 Fiskimálasjóður.
101 Til aðstoðar við tækniþróun í fiskvinnslu 15 000

Sþ. 429. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1988.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Á eftir 6. gr. komi ný grein er verði 7. gr. og orðist svo:
Skattvísitala árið 1988 er 131 stig miðað við 100 stig árið 1987.

Sþ. 430. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1988 og brtt. á þskj. 394.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við brtt. á þskj. 394, 1 (3. gr.) 4235 Vörugjald. Þús. kr.
   Fyrir „1 600 000“ kemur 1 730 000
2. Við 4. gr. 02-581 Verslunarskóli Íslands 101 Almennur rekstur.
   Fyrir „107 567“ kemur 113 805
3. Við 4. gr. 08-399 131 Krabbameinsfélag Íslands.
   Fyrir „50 400“ kemur 53 400
4. Við 4. gr. Við bætist nýr liður:
   09-997 Niðurgreiðslur á fiski 160 000
5. Við brtt. á þskj. 394, 10 (30-101 Póst- og símamálastofnunin).
   Liðurinn orðist svo:

30–101	**Póst- og símamálastofnunin**	Þús. kr.	
51	Laun	2 222 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 747 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	250 000	
571	Fjármagnskostnaður	103 000	
51–57	Viðhald	76 000	
593	Afskriftir	630 000	
5,8	Gjöld samtals	5 028 000	
43–46,7	Seldar vörur og þjónusta	5 050 000	
48	Fjármunatekjur	37 000	
4910	Framlög ríkissjóðs, skil ICAO-tekna	127 000	
49	Aðrar tekjur	120 000	
4,7	Tekjur samtals	5 334 000	
	Mismunur		306 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	577 000	
26	Afborgun lána	146 000	
	Annað	213 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	630 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	306 000	

6. Við 6. gr. Við bætist nýir liðir:
   7.19 Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af rafeindasmásjá er Iðntæknistofnun áformar að kaupa á árinu 1988.
   7.20 Að ábyrgjast lán með einfaldri ábyrgð, að höfðu samráði við heilbrigðisráðherra, sem sveitarfélög óska að taka til þess að ljúka brýnum verkþáttum á sviði heilbrigðismála, enda liggi fyrir samþykki fjárveitinganefndar.
   7.21 Að semja um greiðslu á ógreiddum hlut ríkisins vegna framkvæmda við heilsugæslustöðvar fyrir Reykvíkinga að tilskildu samþykki fjárveitinganefndar.

Ed. 431. Lög [179. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, þar með talin breyting samkvæmt lögum nr. 49/1987 sem taka eiga gildi 1. janúar 1988.

(Afgreidd frá Ed. 22. des.)

Samhljóða þskj. 408.

Sþ. 432. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1988.

Frá Ragnari Arnalds, Hreggviði Jónssyni, Albert Guðmundssyni, Hjörleifi Guttormssyni, Málmfríði Sigurðardóttur og Danfríði Skarphéðinsdóttur.

Við 4. gr. 04-299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi. Nýr liður:	Þús. kr.
125 Sérstakt þróunarverkefni til endurheimtu birkiskóga	3 000

Sþ. 433. Svar [178. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Óla Þ. Guðbjartssonar og Hreggviðs Jónssonar um Framkvæmdasjóð fatlaðra.

Úthlutanir úr Framkvæmdasjóði fatlaðra árið 1984.

Reykjavík	Þús. kr.
Heimili fyrir fjölfötluð börn	2 219
Sambýli og skammtímavistun, Styrktarfélag vangefinna	8 877
Endurhæfingarstöð blindra og sjónskertra	3 329
Öryrkjabandalagið	5 548
Sjálfsbjörg, landssamband	6 658
Geðverndarfélag Íslands	3 329
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	901
Endurhæfingarstöð heyrnarskertra	1 110
Meðferðarheimilið Trönuhólum 1	444
Öskjuhlíðarskóli	25 523
Safamýrarskóli	2 219
Skóli barnageðdeildar Dalbraut	444
Reykjanes	
Sambýli Reykjanessvæði	6 658
Verndaður vinnustaður Kópavogi	2 219
Skammtímavistun Keflavík (Þroskahjálp á Suðurnesjum)	4 438
Skálatún	1 332
Reykjalundur	8 877
Tjaldanes	1 775
Sæbraut 2, viðbygging við Kjarvalshús	2 219
Skóladagheimili Lindarflöt Garðakaupstað	444
Þjálfunarskóli við Kópavogshæli	1 554

Vesturland	Þús. kr.
Sambýli Akranesi	9 987
Verndaður vinnustaður Akranesi	1 110
Leikfangasafn Borgarnesi	222
Vestfirðir	
Bræðratunga, þjónustumiðstöð Ísafirði	8 877
Norðurland vestra	
Sambýli, þjónustumiðstöð Siglufirði	7 768
Egilsá Skagafirði	111
Leikfangasafn Blönduósi	111
Norðurland eystra	
Verndaður vinnustaður Hrísalundi Akureyri	3 329
Sólborg Akureyri	380
Endurhæfingarstöð Sjálfsbjargar Akureyri	3 329
Austurland	
Vonarland Egilsstöðum	666
Sambýli Egilsstöðum	2 219
Sjálfsbjörg Neskaupstað	555
Suðurland	
Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum	1 775
Verndaður vinnustaður Selfossi	1 775
Þjónustumiðstöð Lambhaga Selfossi	888
Sólheimar Grímsnesi	888
Sumarbúðir fatlaðra Úlfljótsvatni	1 110
Skólavellir Selfossi	1 110
Samtals	136 327

Úthlutanir úr Framkvæmdasjóði fatlaðra árið 1985.

Reykjavík	Þús. kr.
Heimili fjölfatlaðra Hrísateig	7 427
Styrktarfélag vangefinna, tvö sambýli Víðihlíð	3 714
Styrktarfélag vangefinna, verndaður vinnustaður Brautarholti 6	928
Endurhæfingarstöð blindra og sjónskertra	1 857
Öryrkjabandalagið	13 926
Sjálfsbjörg, landssamband	3 714
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	557
Endurhæfingarstöð heyrnarskertra	928
Meðferðarheimilið Trönuhólum 1	279
Öskjuhlíðarskóli	21 354
Safamýrarskóli	3 714
Gigtarfélag Íslands	928

Reykjanes	Þús. kr.
Sambýli Hafnarfirði	6 499
Verndaði vinnustaðurinn Örvi Kópavogi	1 857
Þroskahjálp á Suðurnesjum	928
Skálatún	928
Reykjalundur	6 685
Tjaldanes	928
Skóladagheimili Lindarflöt Garðakaupstað	1 857
Kópavogshæli	5 106
Skammtímavistun Kópavogi	928
Leikfangasafn	464
Vesturland	
Sambýli Akranesi	2 785
Verndaður vinnustaður Akranesi	2 785
Þjónustumiðstöð Borgarnesi	3 714
Vestfirðir	
Bræðratunga, þjónustumiðstöð Ísafirði	7 427
Sjálfsbjörg Ísafirði	650
Sérdeild grunnskólans Ísafirði	371
Norðurland vestra	
Sambýli, þjónustumiðstöð Siglufirði	5 013
Skólaheimili Egilsá Skagafirði	371
Þjónustumiðstöð Sauðárkróki	928
Sjúkraþjálfun Blönduósi, endurhæfing	928
Norðurland eystra	
Verndaður vinnustaður Hrísalundi Akureyri	1 857
Sólborg Akureyri, lyfta	1 485
Endurhæfingarstöð Sjálfsbjargar Akureyri	1 671
Sumardvalarheimilið Botn	557
Sjálfsbjörg Húsavík	279
Síðuskóli Akureyri	1 857
Sambýli Húsavík	743
Austurland	
Vonarland Egilsstöðum, viðbygging	1 114
Sambýli Egilsstöðum	3 714
Sjálfsbjörg Neskaupstað	371
Verndaður vinnustaður Egilsstöðum	928
Vonarland Egilsstöðum, lóð	743
Leikfangasafn	93
Suðurland	
Leikfangasafn Vestmannaeyjum	93
Verndaður vinnustaður Selfossi	928
Þjónustumiðstöð Lambhaga Selfossi	1 857
Sólheimar Grímsnesi	1 857
Sumarbúðir fatlaðra Úlfljótsvatni	928

	Þús. kr.
Sérkennsludeild Selfossi	928
Leikfangasafn Selfossi	93
Sambýli Árvegi Selfossi, breytingar á húsnæði	585
Sambýli Selfossi, nýtt verkefni	1 857
Vegna 19. gr. laga um málefni fatlaðra	1 857
Sveðisstjórnir	1 857
Samtals	138 730

Úthlutanir úr Framkvæmdasjóði fatlaðra árið 1986.

Reykjavík	Þús. kr.
Bygging heimilis fyrir fjölfötluð börn við Holtaveg	9 647
Styrktarfélag vangefinna, afborgun af láni vegna byggingar sambýlis Víðihlíð 7	2 412
Styrktarfélag vangefinna, lokaframkvæmdir við sambýli Víðihlíð 5	2 756
Styrktarfélag vangefinna, afborgun af láni vegna vinnustaðarins Ás Brautarholti 6	551
Öryrkjabandalagið, frágangur á húsum og lóð	3 859
Öryrkjabandalagið, vinnustofa, tækjakaup	689
Sjálfsbjörg, landssamband, frágangur á húsi og lóð	3 445
Öskjuhlíðarskóli, byggingarframkvæmdir	20 672
Safamýrarskóli, stofnbúnaður	689
Gigtarfélag Íslands, endurgreiðsla á láni	1 034
Sambýli við Sóleyjargötu, kaup á innbúi	689
Blindrafélag Íslands, lokaframkvæmdir við húsnæði Sjónstöðvar Íslands	1 034
Skóli við Stjörnugróf	1 378
MS-félagið Álandi 13, húsbúnaður fyrir göngudeild	689
Reykjanes	
Sambýli Kópavogi, kaup á húsi	7 580
Sambýli Klettahrauni, eftirstöðvar af kaupverði	3 445
Reykjalundur, bygging endurhæfingarstöðvar	5 513
Tjaldanes, endurbætur á húsnæði	689
Kópavogshæli, til breytinga og endurbóta á deild 2	4 134
Skammtímavistun Kópavogi, stofnbúnaður	276
Foreldrafélag barna með sérþarfir, greiðsla lána vegna byggingar sumarbúða að Fossá í Hvalfirði	276
Vesturland	
Sambýli Akranesi, lokagreiðsla af láni	965
Verndaður vinnustaður Akranesi, byggingarframkvæmdir	2 756
Þjónustumiðstöð Borgarnesi, eftirstöðvar af kaupverði húss	551
Dagvistun Akranesi, tæki og búnaður	276
Þroskahjálp á Vesturlandi, bygging sumarbúða og skammtímaheimilis að Holti í Borgarfirði	276

Vestfirðir	Þús. kr.
Bræðratunga, þjónustumiðstöð Ísafirði, lokaframkv. við B-hús	4 134
Sjálfsbjörg Ísafirði, endurbætur á húsi félagsins Vinnuvers Ísafirði	207
Norðurland vestra	
Sambýli, þjónustumiðstöð Siglufirði, til greiðslu skulda og lokaframkvæmda	2 067
Þjónustumiðstöð Varmahlíð, kaupverð húss (eftirstöðvar, keypt 1985)	2 756
Sjúkraþjálfun Blönduósi, breytingar á húsnæði	345
Norðurland eystra	
Verndaður vinnustaður Hrísalundi Akureyri, eftirstöðvar af láni	2 067
Sólborg Akureyri, endurbygging og breytingar á húsnæði fyrir dagvistun	689
Endurhæfingarstöð Sjálfsbjargar Akureyri og Spoex, breyting á húsnæði	965
Sumardvalarheimilið Botn	276
Sjálfsbjörg Húsavík, endurbætur á húsnæði	138
Bröttuhlíðarskóli Akureyri, endurbætur á húsnæði	1 378
Austurland	
Sambýli Egilsstöðum, eftirstöðvar af kaupverði	689
Sjálfsbjörg Neskaupstað, endurbætur á húsnæði	207
Verndaður vinnustaður Egilsstöðum, innrétting á húsnæði og tækjakaup	2 756
Verndaður vinnustaður Breiðdal, kaup á húsbúnaði	276
Grunnskólinn á Egilsstöðum, lagfæring á húsnæði sérdeildar	137
Suðurland	
Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum	4 410
Þjónustumiðstöð Lambhaga Selfossi, endurbætur, greiðsla skuldar	827
Úlfljótsvatn, framkvæmdir við byggingu sumarbúða	689
Sambýli Selfossi, framkvæmdir við byggingu	4 134
Vegna 19. gr. laga um málefni fatlaðra	689
Húsnæði svæðisstjórna	1 378
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	2 067
Leikfangasöfn	689
Samtals	110 251

Úthlutanir úr Framkvæmdasjóði fatlaðra árið 1987.

	Þús. kr.
Reykjavík	
Vistheimili fyrir fjölfötluð börn Holtavegi, verksamningur, verklok	6 058
Vistheimili fyrir fjölfötluð börn Holtavegi, kaup á búnaði	3 527
Styrktarfélag vangefinna, styrkur til kaupa á þremur íbúðum fyrir sambýli	1 176
Styrktarfélag vangefinna, lyftukaup og breyting á anddyri vinnustaðar Brautarholti 6	470
Styrktarfélag vangefinna, lok breytinga og framkvæmdir við Lyngás	588
Sjálfsbjörg, landssamband, frágangur á húsi, verklok	2 939
Sjálfsbjörg Reykjavík og nágrenni, verndaður vinnustaður, stofnkostnaður	4 703
Öskjuhlíðarskóli, byggingarframkvæmdir	14 108
Safamýrarskóli, breytingar og stofnbúnaður	2 351
Gigtarfélag Íslands, endurgreiðsla á láni	882
Sambýli Drekavogi 16, breytingar á bílskúr	111
Blindrafélag Íslands, innréttingar á Sjónstöð Íslands	588
Sjónstöð Íslands, tækjakaup	588
Þjálfunarskólinn við Stjörnugróf, kaup á húsnæði	5 879
Heyrnar- og talmeinastöð, tækjakaup og búnaður til mælinga á börnum	588
Meðferðarheimilið Trönuhólum 1, frágangur lóðar	189
Skóli Geðdeildar við Dalbraut, tækjakaup	470
Sambýli fyrir þroskahefta með geðræn vandamál, kaup á húsi	6 114
Sambýli, kaup á húsi	4 115
Borgarspítali Grensásdeild, undirbúningur dvalar- og endurhæfingar-deildar fyrir heilaskaddaða af völdum slysa og sjúkdóma	1 176
Reykjanes	
Sambýli, kaup á húsi og innbúi	9 994
Sambýli, kaup á húsi og innbúi	9 406
Reykjalundur, bygging endurhæfingarstöðvar, eftirstöðvar byggingarkostnaðar	5 291
Tjaldanes, lokaframkvæmdir við viðbyggingu	1 528
Kópavogshæli, endurbætur á eldri deildum hælisins	9 406
Verndaði vinnustaðurinn Örvi Kópavogi, kaup á innréttingum og vélum	2 057
Þrjú sambýli svæðisstjórnar, eftirstöðvar af stofnkostnaði	705
Þroskahjálp á Suðurnesjum, stofnbúnaður Suðurvöllum 7–9 Keflavík	588
Sólvangur Hafnarfirði, endurhæfingaraðstaða	1 176
Vesturland	
Sambýli Akranesi, búnaður	353
Verndaður vinnustaður við dagvistun Akranesi, byggingar-framkvæmdir	9 406
Þroskahjálp á Vesturlandi, bygging sumardvalarheimilis að Holti Borgarfirði	588

Vestfirðir	Þús. kr.
Bræðratunga, þjónustumiðstöð Ísafirði, greiðsla af láni	2 939
Sjálfsbjörg Ísafirði, endurbætur á húsnæði	588
Grunnskóli Ísafirði, breytingar á húsnæði til sérkennslu	2 351
Norðurland vestra	
Sambýli, þjónustumiðstöð Siglufirði, eftirstöðvar af láni og stofnkostnaður	1 176
Sjúkraþjálfun Blönduósi, afborganir af lokaframkvæmdum	1 764
Sambýli fyrir þroskahefta Sauðárkróki, kaup á húsi	4 703
Sjálfsbjörg Sauðárkróki, endurbætur á húsnæði félagsins	294
Sérkennsla Blönduósi, til breytinga á húsnæði	235
Sjúkraþjálfun í Heilsugæslustöð Hvammstanga, tækjakaup	588
Norðurland eystra	
Sambýli Húsavík, kaup á húsi og búnaði	5 307
Sjálfsbjörg Akureyri, Plastiðjan Bjarg, verndaður vinnustaður	2 351
Sólborg Akureyri, kaup og uppsetning á eldvarnakerfi	1 552
Sólborg Akureyri, breytingar á húsnæði, skammtímavistun	941
Sumardvalarheimilið Botn	529
Geðverndarfélag Akureyrar, kaup á húsi fyrir sambýli	1 764
Þjálfunarskóli ríkisins Akureyri, undirbúningur fyrir húsnæði Þjálfunarskólans	1 764
Austurland	
Sambýli Egilsstöðum, geymsla fyrir verkfæri	235
Sjálfsbjörg Neskaupstað, endurbætur á húsnæði	176
Verndaður vinnustaður Egilsstöðum, tækjakaup	1 470
Vonarland Egilsstöðum, frágangur á innkeyrslu og lóð	1 881
Grunnskólinn á Egilsstöðum, breytingar á húsnæði til sérkennslu	411
Sjúkrahús Egilsstöðum, endurhæfing, innréttingar og búnaður	882
Suðurland	
Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum	2 351
Þjónustumiðstöð Lambhaga Selfossi, breyting húsnæðis	353
Úlfljótsvatn, byggingarframkvæmdir	588
Sambýli Selfossi, lokaframkvæmdir samkvæmt verksamningi	7 995
Þjónustumiðstöð Vestmannaeyjum, hluti húsverðs	2 351
Skaftholt í Gnúpverjahreppi (sambýli), endurbætur á húsnæði	588
Vegna 19. gr. laga um málefni fatlaðra	1 176
Húsnæði svæðisstjórna	1 176
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, kaup á húsnæði	5 879
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, innréttingar og búnaður	10 581
Leikfangasöfn	588
Meðferðarheimili fyrir einhverf börn, Sæbraut 2	7 995
Samtals	182 640

Heildarúthlutun úr Framkvæmdasjóðnum 1987 var 182 640 þús. kr.
Fjáröflun var sem hér segir (í þús. kr.):

	Þús. kr.
Á fjárlögum 1987	152 842
Geymd fjárveiting frá 1986 [1]	17 545
Sæbraut 2 (inn og út úr sjóðnum)	7 995
Eftirstöðvar inneignar í Erfðafjársjóði	4 258
Samtals	182 640

Heimilt er að leggja sérstakt gjald, útflutningsgjald, á fisk sem fluttur er út óunninn og komi gjaldið þá að einhverju eða öllu leyti í stað þess álagsákvæðis sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar. Útflutningsgjaldið verði sérstaklega ákvarðað með hliðsjón af stefnu helstu viðskiptalanda okkar í tollamálum. Öllum tekjum af gjaldi þessu skal varið til aukinnar rannsókna- og þróunarstarfsemi á vegum rannsóknastofnana, fyrirtækja og samtaka innan sjávarútvegsins. Gjald þetta má mest nema 5% af söluandvirði ísfisks sem fluttur er út óunninn og verði lagt á, innheimt og ráðstafað samkvæmt sérstökum lögum þar um.

4. Við 10. gr. (sem verður 12. gr.). Greinin orðist svo:

Botnfiskveiðar báta minni en 10 brl. eru háðar eftirgreindum takmörkunum:

1. Veiðar eru ekki heimilar á eftirtöldum tímabilum:
   A. Í tíu daga um páskahelgi. Enn fremur í tíu daga í ágúst og sjö daga í júní og október, hvorn mánuð, ár hvert. Fari mánaðarlegt aflamagn báta undir 10 brl. í einhverjum landsfjórðungi niður fyrir ⅔ af meðalafla þess mánaðar síðustu þrjú árin vegna ógæfta er ráðherra heimilt að aflétta næstu veiðistöðvun á eftir samkvæmt þessum staflið.
   B. Frá og með 15. desember til og með 15. janúar ár hvert.

2. Netaveiðar báta undir 10 brl. skulu á tímabilinu frá og með 10. febrúar til og með 15. maí ár hvert vera háðar botnfiskveiðileyfum með sóknarmarki þannig að heimilt sé að stunda veiðar í ákveðinn dagafjölda á fyrrgreindu tímabili með þorskaflahámarki.

Ákvæði B-liðar 1. tölul. taka einnig til netaveiða báta undir 10 brl.

Ráðuneytið skal með auglýsingu tilkynna hvenær veiðar eru ekki heimilar skv. B-lið 1. tölul. og um sóknardagafjölda og þorskaflahámark, sbr. 2. tölul. 1. mgr.

Við ákvörðun sóknardagafjölda og þorskaflahámarks samkvæmt þessari grein skal hafa hliðsjón af veiðiheimildum 10 brl. báta og skal þorskaflahámark vera ⅔ af árlegu þorskaflahámarki 10 brl. báta sem ekki hafa aflatekjur af sérveiðum.

Ráðherra skal setja sérstakar reglur um endurnýjun fiskibáta undir 10 brl. að stærð. Þær reglur skulu grundvallaðar á því að nýir fiskibátar bætist ekki í flotann nema sambærilegir bátar hverfi úr rekstri.

5. Á eftir 14. gr. (sem verður 16. gr.) komi ný grein svohljóðandi:

Þau skip, sem frysta afla sinn um borð, skulu svo fljótt sem við verður komið koma fyrir nauðsynlegum búnaði til að fullnýta allan þann afla sem þau fá um borð með því að færa hann að landi, vinna hann í meltu, mjöl, með frystingu beina eða með öðrum fullnægjandi hætti.

6. Við 21. gr. (sem verður 24. gr.). Úr fyrri málslið falli brott orðin „og gilda til 31. des. 1990".

7. Úr fyrirsögn frumvarpsins falli brott „1988–1990".

Nd. 436. Breytingartillögur [181. mál]

við frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1990.

Frá Hreggviði Jónssyni, Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur, Albert Guðmundssyni, Inga Birni Albertssyni og Óla Þ. Guðbjartssyni.

1. 1. gr. orðist svo:

Auðlindir innan fiskveiðilandhelgi Íslands eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og að tryggja byggð og trausta atvinnu um allt land. Óheimilt er að skipta landinu í veiðisvæði og stuðla að misrétti milli landshluta.

2. Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar svohljóðandi:

a. (2. gr.)

Sérstök framkvæmdanefnd fer með stjórn fiskveiða samkvæmt lögum þessum. Nefndin skal skipuð níu mönnum kosnum hlutfallskosningu til eins árs í sameinuðu Alþingi eftir gildistöku laga þessara. Kosnir skulu jafnmargir varamenn. Formaður nefndarinnar boðar hana til fundar í samráði við sjávarútvegsráðherra. Á fundum nefndarinnar ræður afl atkvæða. Ríkisstjórnin ákveður þóknun til nefndarmanna.

b. (3. gr.)

Verkefni framkvæmdanefndar um stjórn fiskveiða eru:

1. Að gera tillögur til sjávarútvegsráðherra um reglugerðir um framkvæmd laga þessara.
2. Að fjalla um leyfi, heimildir og undanþágur samkvæmt lögum þessum og reglugerðum og gera tillögur í þeim efnum til ráðherra.

3. Að fjalla um álita- og ágreiningsmál, sem ekki falla undir fiskveiðidóm, varðandi veiðileyfi, aflamark og sóknarmark samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, og gera tillögur til ráðherra um úrlausn þeirra.

3. 2. gr. (verður 4. gr.) orðist svo:

Fyrir 15. nóvember ár hvert skal framkvæmdanefnd um stjórn fiskveiða, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, gera tillögur til sjávarútvegsráðherra um afla sem veiða má úr helstu botnfisktegundum við Ísland á komandi ári og skulu heimildir til botnfiskveiða samkvæmt lögum þessum miðast við það magn. Ráðherra skal síðan fyrir 1. desember gefa út reglugerð þar að lútandi. Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum framkvæmdanefndar um stjórn fiskveiða, að hækka eða lækka aflamark innan árs sem ákveðið er samkvæmt þessari málsgrein enda sé sú ákvörðun tekin fyrir 15. apríl.

Ráðherra er og heimilt, að fengnum tillögum framkvæmdanefndarinnar, að ákveða í reglugerð og veiðileyfum þann afla sem veiða má úr öðrum einstökum stofnum sjávardýra við Ísland á ákveðnu tímabili eða vertíð og skulu veiðileyfi, sem veitt eru skv. 14. gr., miðast við það magn.

4. 10. gr. (verður 12. gr.) orðist svo:

Botnfiskveiðar báta minni en 10 brl. eru háðar eftirgreindum takmörkunum:

1. Veiðar eru ekki heimilar á eftirgreindum tímabilum:
   A. Í tíu daga um páskahelgi í mars og í apríl 1988. Enn fremur í tíu daga í ágúst og sjö daga í júní og október, hvorn mánuð.

      Fari mánaðarlegt aflamagn báta undir 10 brl. í einhverjum landsfjórðungi niður fyrir tvo þriðju af meðalafla þess mánaðar síðustu þrjú árin vegna ógæfta er ráðherra heimilt að aflétta næstu veiðistöðvun á eftir samkvæmt þessum staflið.
   B. Frá og með 15. desember 1988 til og með 31. desember 1988.
2. Netaveiðar báta undir 10 brl. skulu á tímabilinu frá og með 10. febrúar til og með 15. maí ár hvert vera háðar botnfiskveiðileyfum með sóknarmarki, þannig að heimilt sé að stunda veiðar í ákveðinn dagafjölda á ofangreindu tímabili með þorskaflahámarki.

Ákvæði B-liðar taka einnig til netaveiða báta undir 10 brl.

Ráðuneytið skal með auglýsingu tilkynna hvenær veiðar eru ekki heimilar skv. B-lið 1. tölul. og um sóknardagafjölda og þorskaflahámark, sbr. 2. tölul. 1. mgr.

Við ákvörðun sóknardagafjölda og þorskaflahámarks skal hafa hliðsjón af veiðiheimildum 10 brl. báta og skal þorskaflahámark vera tveir þriðju af árlegu þorskaflahámarki 10 brl. báta sem ekki hafa aflatekjur af sérveiðum.

5. Við 15. gr. Greinin falli brott.

6. Við 16. gr. (verður 17. gr.). Greinin orðist svo:

Ráðherra skal setja nánari reglur varðandi framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum framkvæmdanefndar um stjórn fiskveiða, sbr. 2. og 3. gr.

7. Við 18. gr. (verður 19. gr.). 3. mgr. falli brott.

8. Á eftir 18. gr. (er verður 19. gr.) komi þrjár nýjar greinar svohljóðandi:

a. (20. gr.)

Í Reykjavík skal setja á stofn dómstól fyrir allt landið. Nefnist hann fiskveiðidómur. Dómurinn hefur það verksvið sem kveðið er á um í lögum þessum.

b. (21. gr.)

Í fiskveiðidómi eiga sæti þrír menn skipaðir af dómsmálaráðherra til fjögurra ára. Forseti dómsins og varamaður hans skulu fullnægja sömu skilyrðum og hæstaréttardómarar. Annar meðdómandi skal vera, eða hafa verið, starfandi skipstjóri á fiskiskipi en hinn skal vera sérfróður um fiskifræði. Varamenn þeirra

skulu uppfylla sömu skilyrði. Dómendur fiskveiðidóms skulu auk framangreindra skilyrða fullnægja kröfum þeim sem gerðar eru um almenn og sérstök dómaraskilyrði samkvæmt lögum.

c. (22. gr.)

Fiskveiðidómur starfar að öðru leyti eftir almennum ákvæðum um meðferð opinberra mála, sbr. l. nr. 74/1974.

9. Við 21. gr. (verður 25. gr.). Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988 og gilda til 31. desember 1988. Jafnframt eru á gildistíma þessara laga felldar úr gildi 10. og 14. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

10. Fyrirsögn frv. verði: Frv. til l. um stjórn fiskveiða.

Nd. 437. Breytingartillaga [181. mál]

við frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1990.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

Við 8. gr. Í stað „10% álagi“ í B-lið 1. mgr. komi: 20% álagi.

Nd. 438. Breytingartillögur [181. mál]

við frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1990.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Kristínu Einarsdóttur, Málmfríði Sigurðardóttur og Þórhildi Þorleifsdóttur.

1. Í stað 4.–14. gr. komi þrjár nýjar greinar svohljóðandi:

a. (4. gr.)

Heimildir til botnfiskveiða skulu vera tvenns konar:

a. 80% þess heildarafla, sem ákveðinn er skv. 2. gr., skal skipt milli byggðarlaga (útgerðarstaða) með hliðsjón af lönduðum afla síðustu fimm ára.

b. 20% heildaraflans skulu renna í sérstakan sameiginlegan sjóð, veiðileyfasjóð, og vera til sölu, leigu eða til sérstakrar ráðstöfunar til byggðarlaga, sbr. 6. gr.

b. (5. gr.)

Sveitarstjórnir skulu selja, leigja eða ráðstafa veiðiheimildum, sem þeim er úthlutað skv. a-lið 4. gr., til útgerða, fiskvinnslustöðva eða einstaklinga eftir þeim reglum sem þær setja sér.

Sveitarstjórnum er heimilt að ákveða gjald fyrir framsal veiðileyfa, sem þær fá skv. b-lið 4. gr., og skal gjaldið eigi vera lægra en það sem þær greiða fyrir þau í veiðileyfasjóð.

Sveitarstjórnum er heimilt:

a. að úthluta tilteknu aflamarki til útgerða, fiskvinnslustöðva eða einstaklinga,

b. að ákveða sérstök álög á þann fisk sem er landað erlendis,

c. að leyfa færslu veiðiheimilda, allt að 5%, milli ára,

d. að setja reglur um veiði smábáta,
e. að setja reglur um nýjar veiðiheimildir,
f. að framleigja veiðiheimildir til annarra byggðarlaga enda verði aflanum að einhverju leyti landað í því byggðarlagi, sem framleigir veiðiheimild, ef viðkomandi sveitarstjórn óskar; tekjum af leigunni verði varið í þágu sjávarútvegsins.

c. (6. gr.)

Gjald fyrir veiðiheimildir frá veiðileyfasjóði, sbr. b-lið 4. gr., skal miðast við ákveðið meðalverð á afla upp úr sjó.

Tekjum af sölu eða leigu veiðiheimilda skal varið til eftirfarandi verkefna:

a. fræðslu sem nýtist sjávarútvegi, fiskvinnsluskóla, símenntunar fiskvinnslufólks, sjómannaskóla og öryggisfræðslu sjómanna,
b. rannsókna tengdum sjávarútvegi, grunnrannsókna á lífríki sjávar, rannsókna á ónýttum og vannýttum tegundum, vöruþróunar í sjávarútvegi, markaðsöflunar og markaðshönnunar fyrir sjávarafurðir,
c. verðlauna til þeirra sem veiðiheimildir hafa fyrir sérstaka frammistöðu við nýtingu og meðferð aflans eða fyrir lofsverðan aðbúnað starfsfólks.

2. Við 15. gr. (verður 7. gr.).
a. Á eftir orðunum „og einum tilnefndum af samtökum útvegsmanna“ komi: einum tilnefndum af Sambandi ísl. sveitarfélaga og einum tilnefndum af Verkamannasambandi Íslands.
b. Í stað orðanna „varðandi veiðileyfi, aflamark og sóknarmark“ komi: varðandi veiðileyfi og aflamark.
3. Við 17. gr. (verður 9. gr.). Á eftir orðunum „útflytjendum er skylt að láta“ komi: viðkomandi sveitarstjórn og.
4. Við 18. gr. (verður 10. gr.). 2. mgr. orðist svo:
Reynist afli fara yfir úthlutað aflamark, sbr. þó c-lið 5. gr., skal með slík brot fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976.
5. Við 21. gr. (verður 13. gr.). 1. málsl. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988 og gilda til 31. desember 1992.

Ed. 439. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um breyt. á iðnaðarlögum, nr. 42 18. maí 1978.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Meiri hl. hennar leggur til að það verði samþykkt. Svavar Gestsson mun skila séráliti.

Á fund nefndarinnar komu Halldór J. Kristjánsson, yfirlögfræðingur iðnaðarráðuneytisins, og Baldur Guðlaugsson hrl., formaður nefndar sem forsætisráðherra hefur skipað til að annast heildarendurskoðun á lögum og reglum um fjárfestingar erlendra aðila hér á landi. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Landssambandi iðnaðarmanna og Alþýðusambandi Íslands.

Ríkisstjórnin hefur markað þá stefnu í starfsáætlun sinni að lög um erlent fjármagn í íslensku atvinnulífi verði endurskoðuð og samræmd. Samkvæmt því er stefnt að því að erlent áhættufé geti komið í staðinn fyrir erlent lánsfé við fjármögnun atvinnufyrirtækja hér á landi.

Ástæða þess að frumvarp þetta er flutt áður en heildarendurskoðuninni er lokið er sú að á síðustu mánuðum hafa leitað til iðanðarráðuneytisins nokkur innlend fyrirtæki sem hyggja á samstarf við erlend fyrirtæki um iðnrekstur hér á landi þar sem sammæli er um að erlendu aðilarnir eigi jafnan hlut eða meiri hluta. Í einu tilviki hefur jafnvel komið til tals milli aðila að verði ekki heimilt að stofna hér á landi iðnfyrirtæki í jafnri eign aðila verði fyrirtæki stofnað í heimaríki hins erlenda aðila. Því hefur iðnaðarráðherra talið brýnt að málið verði afgreitt sem fyrst þannig að ekki þurfi til þess að koma að mikilvæg nýsköpun í iðnaði verði flutt úr landi í tilviki sem þessu.

Við afgreiðslu frumvarpsins leggur meiri hl. áherslu á eftirfarandi sjónarmið:

1. Heildarákvæði sambærilegt því sem lagt er til í frumvarpi þessu var í iðnaðarlögum frá 1927 til 1978 þegar ákvæðið féll úr lögum. Nefndin áréttar það sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að orðalagið „enda standi sérstaklega á“ skuli skýra þröngt og gildi fyrst og fremst um samstarfsfélög innlendra og erlendra aðila er vinna að nýsköpun.
2. Heimildarákvæði þetta nær fyrst og fremst til smærri eða meðalstórra fyrirtækja. Varðandi samninga um stóriðju er gert ráð fyrir að sérstök lagasetning þurfi til að koma auk lánsfjárheimildar.
3. Samstarf innlendra og erlendra aðila í iðnfyrirtækjum getur aukið verulega fjölbreytni í útflutningi, flutt inn í landið nýja þekkingu, t.d. á sviði tæknimála, markaðsfærslu og stjórnunar. Enn fremur er það mikils virði að hinn erlendi samstarfsaðili beri hluta af fjárhagslegri áhættu sem atvinnurekstrinum fylgir.
4. Það er eðlilegt og æskilegt að stuðla að því að innlendir og erlendir aðilar taki upp samstarf í nýjum iðngreinum og við endurskipulagningu á starfsemi sem þegar er fyrir hendi. *Jafnframt verði tryggt að erlendir aðilar nái ekki tökum á náttúruauðlindum lands og sjávar eins og skýrt er tekið fram í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar.*

Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 22. des. 1987.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Júlíus Sólnes, fundaskr.	Þorv. Garðar Kristjánsson.
Egill Jónsson.	Karl Steinar Guðnason.	Jóhann Einvarðsson.

Ed. 440. Nefndarálit [203. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 84/1986, um breyt. á l. nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Frumvarp þetta fjallar um frest fyrir Reykjavíkurlæknishérað og heilsugæsluumdæmi Garðakaupstaðar til að koma á heilsugæslukerfi svo sem lög nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, kveða á um. Frestur þessi skal veittur í eitt ár í mesta lagi.

Í umræðum um frumvarpið í deildinni kom fram að þegar eru hafnar viðræður um fyrrgreinda kerfisbreytingu við bæjarstjórn Garðakaupstaðar og líkur taldar á að hún komi til framkvæmda fljótlega upp úr áramótum. Jafnframt lýsti heilbrigðisráðherra þeirri ætlan sinni að hefja viðræður við Reykjavíkurborg svo fljótt sem verða má um að koma þar á um

eða upp úr miðju næsta ári samræmdu heilsugæslukerfi sem beri sömu skyldur gagnvart öllum íbúum svæðisins samkvæmt lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og með tilliti til framanritaðs leggur hún til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. des. 1987.

Karl Steinar Guðnason, form.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir, frsm.
Valgerður Sverrisdóttir.	Margrét Frímannsdóttir.	Stefán Guðmundsson.
	Guðmundur H. Garðarsson.	

Ed. 441. Frumvarp til laga [127. mál]

um breyting á lögum nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 29. des.)

1. gr.

Við d-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður er verði 3. tölul., svohljóðandi:

Sérstakt grunngjald sem má nema allt að fjórum krónum af hverju kg hinnar innfluttu vöru.

2. gr.

Við 30. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sérstakt grunngjald skv. 3. tölul. d-liðar 1. mgr. er grunntaxti. Ráðherra er heimilt að hækka hið sérstaka grunngjald allt að því að það hækki í réttu hlutfalli við hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 42/1987. Grunntaxtinn er miðaður við vísitölu 1. júlí 1987, þ.e. 100 stig.

3. gr.

32. gr. orðist svo:

Sé ákveðið að lækka fóðurgjöld sem lögð hafa verið á samkvæmt heimild í d-lið 30. gr. eða fella þau niður skal endurgreiða hlutfallslega það sem innheimt kann að hafa verið af birgðum sem til eru þegar lækkun eða niðurfelling er ákveðin.

Séu heimildir til álagningar fóðurgjalda samkvæmt d-lið 1. mgr. 30. gr. nýttar skal á sama hátt heimilt að láta hækkun ná til fóðurbirgða sem eru í vörslu innflutnings- og dreifingaraðila er hækkun tekur gildi. Þessir aðilar skulu veita nauðsynlega aðstoð við talningu á birgðum, en tollstjórar skulu staðreyna birgðauppgjör og annast innheimtu og skil gjaldanna, sbr. 33. gr.

4. gr.

1. mgr. 34. gr. orðist svo:

Tekjur af grunngjaldi og sérstöku grunngjaldi skv. 1. og 3. tölul. d-liðar 30. gr. renna í ríkissjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1988 skal allt að 202 milljónum króna af tekjum ríkissjóðs af grunngjaldi og sérstöku grunngjaldi skv. 1. og 3. tölul. d-liðar 1. mgr. 30. gr. laga, sbr. 4. gr. laga þessara, varið til að draga úr röskun sem söluskattsskylda þessara afurða frá 1. janúar 1988 veldur á verðhlutföllum milli þeirra og dilkakjöts. Í þessu skyni er heimilt að endurgreiða framleiðendum afurða alifugla og svína að hluta eða öllu leyti þau grunngjöld sem þeir hafa greitt við fóðurkaup. Landbúnaðarráðherra setur í reglugerð, að höfðu samráði við fjármálaráðherra, nánari ákvæði um framkvæmd endurgreiðslna þessara.

Jafnframt er heimilt að greiða framleiðendum nautakjöts allt að 93 milljónum króna á árinu 1988 í sama skyni.

Endurgreiðslur á grunngjaldi og hinu sérstaka grunngjaldi samkvæmt þessu ákvæði skulu leiða til lækkunar á búvöruverði.

Ed. 442. Lög [203. mál]

um breyting á lögum nr. 84/1986, um breyting á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

(Afgreidd frá Ed. 29. des.)

Samhljóða þskj. 238.

Ed. 443. Lög [206. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 29. des.)

Samhljóða þskj. 364.

Nd. 444. Nefndarálit [197. mál]

um frv. til l. um vörugjald.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Á fund hennar komu Lárus Ögmundsson úr fjármálaráðuneyti, Árni Reynisson frá Félagi ísl. stórkaupmanna, Vilhjálmur Egilsson frá Verslunarráði Íslands, Guðmundur Karl Jónsson, forstjóri Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli, Jóhannes Gunnarsson frá Neytendasamtökunum, Ásmundur Stefánsson, forseti ASÍ, Kristján Thorlacius, formaður BSRB, Björn Arnórsson, hagfræðingur BSRB, Aðalsteinn Guðjohnsen frá Sambandi ísl. rafveitna, Hafberg Þórisson garðyrkjubóndi og Jón Gíslason frá Manneldisfélagi Íslands.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 29. des. 1987.

Páll Pétursson, form., frsm. Geir H. Haarde, fundaskr. Matthías Bjarnason.

Kjartan Jóhannsson. Guðmundur G. Þórarinsson.

Nd. 445. Breytingartillaga [197. mál]

við frv. til l. um vörugjald.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, GHH, GGÞ, MB, KJóh).

Í 3. gr. bætist eftirtalin tollskrárnúmer: 3303.0001, 3303.0002, 3304.1000, 3304.2000, 3304.3000, 3304.9100, 3304.9900, 3305.1001, 3305.1009, 3305.2000, 3305.3000, 3305.9000, 3307.1000, 3307.2000, 3307.3000, 3307.4100, 3307.4900, 3307.9002 og 3307.9009.

Nd. 446. Nefndarálit [198. mál]

um frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55 30. mars 1987.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Á fund hennar komu Björn Hermannsson tollstjóri, Sigurgeir A. Jónsson og Lárus Ögmundsson úr fjármálaráðuneyti, Árni Reynisson frá Félagi ísl. stórkaupmanna, Vilhjálmur Egilsson frá Verslunarráði Íslands, Guðmundur Karl Jónsson, forstjóri Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli, Jóhannes Gunnarsson frá Neytendasamtökunum, Ásmundur Stefánsson, forseti ASÍ, Kristján Thorlacius, formaður BSRB, Björn Arnórsson, hagfræðingur BSRB, Aðalsteinn Guðjohnsen frá Sambandi ísl. rafveitna og Hafberg Þórisson garðyrkjubóndi. Þá komu á fund nefndarinnar Hannes Hafstein ráðuneytisstjóri, Jón Gíslason frá Manneldisfélagi Íslands og Þórður Friðjónsson frá Þjóðhagsstofnun.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 29. des. 1987.

Páll Pétursson, form., frsm. | Geir H. Haarde, fundaskr. | Matthías Bjarnason.

Kjartan Jóhannsson. | Guðmundur G. Þórarinsson.

Nd. 447. Breytingartillögur [198. mál]

við frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55 30. mars 1987.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, GHH, GGÞ, MB, KJóh).

1. Við 12. gr.
   a. Við 1. mgr. tollskrárinnar bætast tnr. 1604.1101 – 1605.9090
   b. Við 16. kafla. Tolltaxti í dálki A við tnr. 1604.1101 – 1605.9090 verði 20%, en 0% í dálki E.
   c. Við 19. kafla. Tolltaxti tnr. 1904.1000 og 1904.9000 verði 20%.

d. Við 40. kafla bætist nýtt tnr. er orðist svo:

	A %
4016.9922 – – – Mottur	30

Jafnframt falli orðið „mottur“ í tnr 4016.9919 niður.

e. Við 48. kafla bætist nýtt tnr. er orðist svo:

	A %
4823.7002 – – Eggjabakkar	10

f. Við 76. kafla. Tnr. 7616.9009 verði 7616.9019 jafnframt því sem nýtt tnr. bætist við er orðist svo:

	A %
7616.9009 – – Stigar	10

g. Við 85. kafla.
1. Tolltaxti tnr. 8519.2100 og 8521.1009 verði: 15.
2. Tolltaxti tnr. 8537.1000 og 8537.2000 verði: 0.

2. Ákvæði til bráðabirgða III orðist svo:
Tollur á vörum í tollskrárnúmerum 2001.1000–2005.9000 skal lækka í 20% 1. janúar 1989, 10% 1. janúar 1990 og falla niður 1. janúar 1991.

Nd. 448. Nefndarálit [197. mál]

um frv. til l. um vörugjald.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. leggur til að ríkisstjórninni verði falið að vinna þetta frumvarp betur. Fari svo að meiri hl. neðri deildar haldi fast við að afgreiða málið, án frekari umfjöllunar, áskilur minni hl. sér rétt til þess að flytja breytingartillögur við einstakar greinar frumvarpsins.

Neðri deild hefur haft allt of skamman tíma til þess að fjalla um þetta frumvarp, svo og nátengt frumvarp um tollamál, og inni í þeim tíma eru hátíðisdagar jólanna. Fráleitt er að ætla svo nauman tíma, annasaman og sundurslitinn, til þess að fjalla um svo stór mál af vandvirkni.

Það sýnir best hve mál þessi eru illa undirbúin að ný álitamál koma upp á hverjum einasta fundi í nefndinni enda þótt meiri hl. efri deildar hafi þegar breytt frumvörpunum í fjölmörgum atriðum.

Þá er ljóst að ríkisstjórnin hefur gert sig seka um stórfellda mismunun gagnvart aðilum utan þings við undirbúning þessara mála. Félag íslenskra stórkaupmanna, Kaupmannasamtökin, Verslunarráð Íslands og Félag íslenskra iðnrekenda virðast hafa haft málin til meðferðar í þrjár vikur áður en Alþingi fékk að sjá þau. Aðrir augljósir hagsmunaaðilar eins og Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Stéttarsamband bænda og Samband íslenskra samvinnufélaga fengu ekki tækifæri til þess að fylgjast með gangi mála fyrr en stjórnarandstaðan krafðist þess að fulltrúar þeirra kæmu á fund fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar. Neytendasamtökin komu hvergi nærri þessum málum fyrr en stjórnarandstaðan lét boða fulltrúa þeirra á fund í nefnd neðri deildarinnar. Heilsufars- og manneldissjónarmið hafa algjörlega verið fyrir borð borin við undirbúning málanna þrátt fyrir gefin fyrirheit í stjórnarsáttmála um forvarnarstarf. Fulltrúi Manneldisfélags Íslands var ekki kallaður til samráðs fyrr en að kröfu stjórnarandstöðunnar á Alþingi.

Meðal þess sem átti að lækka í verði við tollabreytingar voru ilmvötn og snyrtivörur af ýmsu tagi. Við umfjöllun í nefndinni kom hins vegar fram sú skoðun að erlendir ilmvatns- og snyrtivöruframleiðendur mundu sjá leið til þess að hagnast meira á þessum breytingum en

íslenskir neytendur. Varð því að ráði að leggja vörugjald á þessar vörur og nýta þær tekjur, sem væntanlega munu nema um 130–140 millj. kr., til þess að greiða niður hluta af neyslufiski til almennings. Þetta dæmi sýnir glöggt að þær leynast víða matarholurnar. Minni hl. lýsir sig reiðubúinn til þess að vinna með meiri hl. að því að finna þessar matarholur í frumvörpunum um tollamál og vörugjald og afla þannig tekna sem komið geta í staðinn fyrir þær tekjur sem ríkisstjórnin vill afla með söluskatti á matvæli. Matarskattinn mun stjórnarandstaðan hins vegar aldrei samþykkja.

Þar sem ekki fékkst frekari umfjöllun um þetta mál í nefndinni leggur minni hl. til að því verði **vísað** aftur **til ríkisstjórnarinnar** og henni falið að vinna það betur í samhengi við breytingar á vörugjöldum og söluskatti.

Ingi Björn Albertsson hefur tekið þátt í störfum nefndarinnar og stendur að þessu áliti minni hl.

Alþingi, 30. des. 1987.

Kristín Halldórsdóttir, frsm. Steingrímur J. Sigfússon.

Nd. 449. Breytingartillaga [197. mál]

við frv. til l. um vörugjald.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Kristínu Einarsdóttur, Málmfríði Sigurðardóttur og Þórhildi Þorleifsdóttur.

Við 3. gr. Í greinina bætast eftirtalin tollskrárnúmer:

1701.1100,	1701.9107,	1701.9907,	1702.4001,	1702.9003,
1701.1200,	1701.9109,	1701.9909,	1702.4002,	1702.9004,
1701.9101,	1701.9901,	1702.1000,	1702.4009,	1702.9009,
1701.9102,	1701.9902,	1702.2000,	1702.5000,	1703.1001,
1701.9103,	1701.9903,	1702.3001,	1702.6000,	1703.1002,
1701.9105,	1701.9905,	1702.3002,	1702.9001,	1703.1009.
1701.9106,	1701.9906,	1702.3009,	1702.9002,	

Ed. 450. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 5. maí 1986, um Útflutningsráð Íslands.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Á fundi hennar komu Friðrik Pálsson frá SH, Benedikt Sveinsson frá SÍS, enn fremur Þórhallur Ásgeirsson ráðuneytisstjóri og Einar Benediktsson frá Síldarútvegsnefnd.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. des. 1987.

Halldór Blöndal, form., frsm. Ey. Kon. Jónsson, fundaskr. Valgerður Sverrisdóttir.

Jóhann Einvarðsson. Eiður Guðnason.

Ed. 451. Nefndarálit [54. mál]

um frv. til l. um útflutningsleyfi o.fl.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Á fundi hennar komu Friðrik Pálsson frá SH, Benedikt Sveinsson frá SÍS, enn fremur Þórhallur Ásgeirsson ráðuneytisstjóri og Einar Benediktsson frá Síldarútvegsnefnd.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. des. 1987.

Halldór Blöndal, form., frsm. | Ey. Kon. Jónsson, fundaskr. | Valgerður Sverrisdóttir.

Jóhann Einvarðsson. | Eiður Guðnason.

Nd. 452. Breytingartillögur [197. mál]

við frv. til laga um vörugjald.

Frá Inga Birni Albertssyni, Albert Guðmundssyni, Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur, Óla Þ. Guðbjartssyni og Hreggviði Jónssyni.

1. Við 3. gr. Brott falli númerin 3922.1000, 3922.2000, 3922.9001, 3922.9009, 6910.1000, 6910.9000, 7324.1000, 7324.2100, 7324.2900, 7324.9000, 7418.2000, 7615.2000, 8450.9000, 8509.9000, 8516.4009, 8518.3000, 8518.9000, 8519.2100, 8519.2900, 8520.2000, 8520.3100.
2. Við 5. gr. Orðin „auk 25% áætlaðrar heildsöluálagningar“ falli brott.

Nd. 453. Nefndarálit [198. mál]

um frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55 30. mars 1987.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. leggur til að ríkisstjórninni verði falið að vinna þetta frumvarp betur. Fari svo að meiri hl. neðri deildar haldi fast við að afgreiða málið, án frekari umfjöllunar, áskilur minni hl. sér rétt til þess að flytja breytingartillögur við einstakar greinar frumvarpsins.

Neðri deild hefur haft allt of skamman tíma til þess að fjalla um þetta frumvarp, svo og nátengt frumvarp um vörugjald, og inni í þeim tíma eru hátíðisdagar jólanna. Fráleitt er að ætla svo nauman tíma, annasaman og sundurslitinn, til þess að fjalla um svo stór mál af vandvirkni.

Það sýnir best hve mál þessi eru illa undirbúin að ný álitamál koma upp á hverjum einasta fundi í nefndinni enda þótt meiri hl. efri deildar hafi þegar breytt frumvörpunum í fjölmörgum atriðum.

Þá er ljóst að ríkisstjórnin hefur gert sig seka um stórfellda mismunun gagnvart aðilum utan þings við undirbúning þessara mála. Félag íslenskra stórkaupmanna, Kaupmannasamtökin, Verslunarráð Íslands og Félag íslenskra iðnrekenda virðast hafa haft málin til

meðferðar í þrjár vikur áður en Alþingi fékk að sjá þau. Aðrir augljósir hagsmunaaðilar eins og Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Stéttarsamband bænda og Samband íslenskra samvinnufélaga fengu ekki tækifæri til þess að fylgjast með gangi mála fyrr en stjórnarandstaðan krafðist þess að fulltrúar þeirra kæmu á fund fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar. Neytendasamtökin komu hvergi nærri þessum málum fyrr en stjórnarandstaðan lét boða fulltrúa þeirra á fund í nefnd neðri deildarinnar. Heilsufars- og manneldissjónarmið hafa algjörlega verið fyrir borð borin við undirbúning málanna þrátt fyrir gefin fyrirheit í stjórnarsáttmála um forvarnarstarf. Fulltrúi Manneldisfélags Íslands var ekki kallaður til samráðs fyrr en að kröfu stjórnarandstöðunnar á Alþingi.

Meðal þess sem átti að lækka í verði við tolla- og vörugjaldsbreytingar voru ilmvötn og snyrtivörur af ýmsu tagi. Við umfjöllun í nefndinni kom hins vegar fram sú skoðun að erlendir ilmvatns- og snyrtivöruframleiðendur mundu sjá leið til þess að hagnast meira á þessum breytingum en íslenskir neytendur. Varð því að ráði að leggja vörugjald á þessar vörur og nýta þær tekjur, sem væntanlega munu nema um 130–140 millj. kr., til þess að greiða niður hluta af neyslufiski til almennings. Þetta dæmi sýnir glöggt að þær leynast víða matarholurnar. Minni hl. lýsir sig reiðubúinn til þess að vinna með meiri hl. að því að finna þessar matarholur í frumvörpunum um tollamál og vörugjald og afla þannig tekna sem komið geta í staðinn fyrir þær tekjur sem ríkisstjórnin vill afla með söluskatti á matvæli. Matarskattinn mun stjórnarandstaðan hins vegar aldrei samþykkja.

Við þá takmörkuðu yfirferð, sem tollafrumvarpið fékk í nefndinni, komu þegar í ljós fjöldamörg atriði sem snerta samkeppnisstöðu íslensks iðnaðar og möguleika okkar til að standa við bakið á innlendri framleiðslu með markvissri stefnu í tolla-, vörugjalda- og skattamálum. Breytingartillögur meiri hl. nefndarinnar snerta fáein þau atriði sem til álita koma í þessu sambandi, en lítill vafi er á því að þau álitamál, sem þurft hefði að skoða, eru fjöldamörg.

Þar sem ekki fékkst frekari umfjöllun um þetta mál í nefndinni leggur minni hl. til að því verði **vísað** aftur **til ríkisstjórnarinnar** og henni falið að vinna það betur í samhengi við breytingar á vörugjöldum og söluskatti.

Ingi Björn Albertsson hefur tekið þátt í störfum nefndarinnar og stendur að þessu áliti minni hl.

Alþingi, 30. des. 1987.

Steingrímur J. Sigfússon, frsm. Kristín Halldórsdóttir.

Nd. 454. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frumvarp þetta miðar annars vegar að því að draga úr innflutningi á niðurgreiddu kjarnfóðri og að efla notkun íslensks kjarnfóðurs og hins vegar að afla tekna í ríkissjóð.

Minni hl. getur ekki fallist á skattlagningu dýrafóðurs í tekjuöflunarskyni fyrir ríkissjóð. Breytingartillagan, sem meiri hl. landbúnaðarnefndar efri deildar bar fram, kom í framhaldi af þeirri umdeildu ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leggja 25% söluskatt á matvæli. Hún fól í sér tímabundnar mildandi aðgerðir vegna 25% skattlagningar á brýnustu nauðsynjar fólks þannig að verðhækkanir á afurðum svína, nauta og fugla verði um 10%.

Minni hl. hefur frá upphafi lýst sig andvígan matarskattinum og getur því ekki fallist á frumvarpið eins og það kemur frá efri deild, þ.e. að greiða að hluta til ofantaldar afurðir niður í aðeins eitt ár.

Alþingi, 30. des. 1987.

Ragnar Arnalds, frsm. Ingi Björn Albertsson.

Nd. 455. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið sem flutt er til staðfestingar á bráðabirgðalögum sem gefin voru út 10. júlí 1987.

Nefndin klofnaði við afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu sem gerð var á því í efri deild.

Vísað er til fylgiskjals með nefndaráliti meiri hl. landbúnaðarnefndar efri deildar á þskj. 386.

Alþingi, 30. des. 1987.

Árni Gunnarsson, form., frsm. Alexander Stefánsson, fundaskr. Pálmi Jónsson.

Páll Pétursson. Eggert Haukdal.

Ed. 456. Nefndarálit [54. mál]

um frv. til l. um útflutningsleyfi o.fl.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fyrsti minni hl. leggur til að frumvarpi þessu verði hafnað. Til að undirstrika þá afstöðu leggur 1. minni hl. til að frumvarpinu verði breytt á þann veg að reglugerð um breytta verkaskiptingu ráðherra frá 8. júlí sl. verði afnumin og að í frumvarpinu verði kveðið á um að viðskiptaráðuneyti fari með útflutningsmálin, svo sem verið hefur, í staðinn fyrir utanríkisráðuneyti.

Fyrsti minni hl. mun gera nánari grein fyrir afstöðu sinni í framsöguræðu, en meginrök hans eru þessi:

1. Ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að meðferð útflutningsmála verði *einfaldari* í meðferð utanríkisráðuneytis en í meðferð viðskiptaráðuneytis.
2. Bent hefur verið á að frumvarpið og reglugerð forsætisráðherra frá 8. júlí sl. *brjóti í bága við anda stjórnarráðslaganna* í grundvallaratriðum.
3. Bent hefur verið á að flutningur utanríkisviðskipta í utanríkisráðuneytið hafi það í för með sér að útflutningsverslun og innflutningsverslun verði ekki lengur í sama ráðuneyti, en í lögunum um Stjórnarráð Íslands er byggt á þeirri meginforsendu að *skyldum málum sé skipað saman í Stjórnarráðinu.*

4. Ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að útflutningsverslun verði *skilvirkari* undir utanríkisráðuneytinu en viðskiptaráðuneytinu.

Í rauninni liggja engin rök fyrir breytingunni önnur en pólitísk „rök“, þau að nauðsynlegt hafi verið fyrir stjórnarflokkana að láta Steingrím Hermannsson hafa utanríkisverslunina til þess að hann sætti sig við að vera ekki forsætisráðherra áfram. Þau „rök“ telur 1. minni hl. svo léttvæg að hann telur enga ástæðu til að fallast á frumvarpið.

Alþingi, 30. des. 1987.

Svavar Gestsson.

Ed. 457. Breytingartillögur [54. mál]

við frv. til l. um útflutningsleyfi o.fl.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Reglugerð nr. 64/1987, um breyting á reglugerð nr. 96 31. desember 1969, um Stjórnarráð Íslands, er numin úr gildi.
2. Í stað orðsins „utanríkisráðuneyti“ í 1. gr. sem verður 2. gr. komi: viðskiptaráðuneyti.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 458. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 5. maí 1986, um Útflutningsráð Íslands.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fyrsti minni hl. leggur til að frumvarpinu verði hafnað. Röksemdir 1. minni hl. koma fram í nefndaráliti með frv. til l. um útflutningsleyfi o.fl.

Alþingi, 30. des. 1987.

Svavar Gestsson.

Nd. 459. Breytingartillaga [198. mál]

við frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55 30. mars 1987.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Þórhildi Þorleifsdóttur, Málmfríði Sigurðardóttur og Kristínu Einarsdóttur.

Við 12. gr., Tollskrá.

a. Tollur á vörum í tnr. 0701.1000–0714.9000 verði: 0.
b. Tollur á vörum í tnr. 1701.1100–1703.9009 verði: 30.
c. Tollur á vörum í tnr. 2001.1000–2005.9000 verði: 0.

Nd. 460. Nefndarálit [196. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 390. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að fylgja eða flytja breytingartillögur.

Alþingi, 30. des. 1987.

Páll Pétursson, form. | Geir H. Haarde, fundaskr. | Guðmundur G. Þórarinsson, frsm.

Kjartan Jóhannsson. | Matthías Bjarnason.

Ed. 461. Nefndarálit [54. mál]

um frv. til l. um útflutningsleyfi o.fl.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Við myndun ríkisstjórnar Framsóknarflokks, Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks var gert samkomulag milli stjórnarflokkanna þess efnis að málefni utanríkisviðskipta skyldu færast yfir til utanríkisráðuneytisins, en þau hafa fram til þessa verið undir stjórn viðskiptaráðuneytisins.

Þessi breyting hefur að hluta til þegar átt sér stað. Þáverandi forsætisráðherra, Steingrímur Hermannsson, breytti reglugerð um Stjórnarráð Íslands á síðasta starfsdegi fráfarandi ríkisstjórnar, 7. júlí sl., í þá veru að verkefni á sviði utanríkisviðskipta skyldu flytjast frá viðskiptaráðuneytinu yfir til utanríkisráðuneytisins. Einungis er eftir að breyta lögum um útflutningsleyfi og Útflutningsráð til þess að þessi nýja verkaskipting hafi náð fram að ganga.

Þessi ráðstöfun hefur þótt orka mjög tvímælis. Hefur einkum verið gagnrýnt að slíka breytingu á starfsemi Stjórnarráðs Íslands bæri að með þessum hætti. Eðlilegra væri að slík breyting ætti sér stað samfara heildarendurskoðun á Stjórnarráðinu og þá á grundvelli þingræðislegrar meðferðar á Alþingi, en ekki í tengslum við pólitísk hrossakaup. Þá hefur ekki verið bent á nein efnisleg rök fyrir því að þessi breyting væri skynsamleg, svo ekki sé talað um nauðsynleg.

Á fund nefndarinnar komu nokkrir fulltrúar útflutningsgreina og fulltrúi frá viðskiptaráðuneytinu. Af viðbrögðum og svörum þessara aðila má ráða að þeir ýmist sjá ekki ástæðu til þess að gera þessa breytingu eða telja að það megi reyna þetta í tilraunaskyni án þess að brýna nauðsyn beri til. Öllum aðilum ber saman um það að útflutningsmálin hafi verið í góðum höndum hjá viðskiptaráðuneytinu og að ekkert sé upp á starfsemi þess á þeim vettvangi að klaga.

Þá kom það m.a. fram að viðskiptaráðuneytið hefur um langan tíma haft beint samband við öll sendiráð Íslands erlendis og sendiráðin að sama skapi beint samband við viðskiptaráðuneytið. Því er þessi breyting ónauðsynleg hvað það varðar að betur þurfi að tengja saman starfsemi sendiráðanna og stjórn utanríkisviðskipta á Íslandi. Hins vegar kom það sjónarmið fram að verið gæti að með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, væri hætta á því að verslunarhagsmunir og pólitískir hagsmunir gætu stangast á þegar hvort tveggja verður undir

stjórn utanríkisráðuneytisins. Enn fremur var bent á að innflutningsverslunin verður eftir sem áður undir stjórn viðskiptaráðuneytisins. Þar með er komin upp sú sérkennilega staða að fulltrúar viðskiptaráðuneytisins munu t.d. semja um olíukaup af Rússum en fulltrúar utanríkisráðuneytisins stjórna samningagerð varðandi sölu á útflutningsafurðum. Verður að telja að þetta fyrirkomulag sé óheppilegt. Eðlilegra væri að eitt og sama ráðuneytið sjái um útflutnings- og innflutningsverslunina.

Af framansögðu er ljóst að engin efnisleg rök mæla með þeirri breytingu á skipan mála sem frumvarpið gerir ráð fyrir, þ.e. að færa utanríkisviðskiptin yfir til utanríkisráðuneytisins. Því er 2. minni hl. andvígur þessari breytingu.

Alþingi, 30. des. 1987.

Júlíus Sólnes.

Ed. 462. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 5. maí 1986, um Útflutningsráð Íslands.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Undirritaður telur ótímabært að gera breytingu á stöðu Útflutningsráðs Íslands miðað við það hve skammur tími er liðinn frá stofnun þess. Þá mæla engin rök með því að starfsemi ráðsins sé betur komin undir verndarvæng utanríkisráðuneytisins. Undirritaður er því andvígur þeirri breytingu sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Um frekari rökstuðning fyrir þessari afstöðu vísast til nefndarálits 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um útflutningsleyfi o.fl. á þskj. 461.

Alþingi, 30. des. 1987.

Júlíus Sólnes.

Nd. 463. Nefndarálit [196. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. er andvígur matarskatti og telur að hann komi verst við láglaunafólkið eins og margoft hefur verið sýnt fram á.

Forseti Alþýðusambands Íslands sagði á fundi með nefndinni að ef skoðað væri hver áhrif matarskattarnir hafa á framfærslukostnað þess þriðjungs launafólks sem lægst hefur launin sé líklegt að þar sé um að ræða nálægt 3% hækkun. Kemur þar til að fólk með lægri laun eyðir hlutfallslega meira í matarkaup og kaupir jafnvel til viðbótar hlutfallslega minna af þeim vörum sem ekki eiga að hækka vegna niðurgreiðslna.

Forseti Alþýðusambandsins upplýsti einnig að líklega yrði kaupmáttur lágmarkslauna í desember nálægt 4–5% lægri en að meðaltali á árinu. Þannig leggst það nú saman að kaupmáttur þess fólks, sem lægst hefur launin, fer lækkandi vegna dýrtíðarinnar og framfærslukostnaður þess á að hækka.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar hljóta því að hafa mikil áhrif í komandi kjarasamningum, ekki síst á kröfur um kauphækkanir hjá þeim hluta launafólks sem lægst hefur launin.

Óhjákvæmilegt er að vekja athygli á þeirri staðreynd að verði frumvarp þetta að lögum er verið að festa í sessi einhverja hæstu söluskattsprósentu sem þekkist í okkar heimshluta. Þegar sú skattheimta á svo að leggjast á alla matvöru er málið í raun orðið enn alvarlegra.

Ein helsta röksemd meiri hl. fyrir því að leggja söluskatt einnig á matvörur er sú að það sé nauðsynlegt einföldunar- og samræmingaratriði og undirbúningur undir virðisaukaskatt sem taka eigi við á ári. Einnig hefur verið gefið í skyn að með þessu séum við að breyta til samræmis við þróun mála í nágrannalöndum. *Það er rangt.* Innan Evrópubandalagsins er nú stefnt að samræmingu skatta þannig að í virðisaukaskatti verði tvö þrep, annað, lægra þrepið, á bilinu 4–9% og þar undir falli einmitt matvörur og aðrar helstu nauðsynjar. Annars staðar á Norðurlöndum eru að vísu skattar á matvælum, en nú eru Danir, vegna aðildar sinnar að EB, og a.m.k. Svíar að ræða mögulega aðlögun í átt til þess sem verða mun á hinum stóra sameiginlega evrópska markaði. Í þessu sambandi má heldur ekki gleyma að í flestum nálægum löndum eru matvæli mun ódýrari en hér og kaupmáttur launa hærri.

Það er því nánast sama hvernig litið er á þessa fyrirhuguðu matarskatta, þeir eiga sér enga raunverulega réttlætingu sem stenst skoðun.

Einna hættulegust er þó sú blekking að matarskattarnir og skattsúpa ríkisstjórnarinnar í heild muni ekki raska högum fólks í framtíðinni vegna þeirra hliðarráðstafana sem gera á. Því miður eru þó yfirgnæfandi líkur á að aðeins sé um tímabundnar aðgerðir að ræða og innan tíðar verði niðurgreiðslum og öðrum slíkum ráðstöfunum hætt, en eftir sitji almenningur með mattarskatta.

Meiri hl. telur að þrennt vinnist við matarskattinn, skilvirkni, réttlæti og einföldun.

1. Engin ástæða er til að ætla að tryggt sé að söluskattur skili sér betur af þúsundum smáfyrirtækja sem einkum selja þjónustu þó að söluskattur verði lagður á matvæli. Skatturinn á matvæli — 5750 millj. kr. — er að því leyti „skilvirkur“ að fólk neyðist til að borða mat til þess að geta lifað — einnig fátækt fólk.
2. Skatturinn er bersýnilega ranglátur því hann leggst þyngst á láglaunafólkið. Þannig fer skatturinn hlutfallslega hækkandi eftir því sem launin eru lægri. Það getur a.m.k. ekki talist jafnaðarstefna.
3. Það getur verið skynsamlegt markmið að einfalda skattakerfið, en þá átti ekki að byrja á því að leggja á matarskatt. Fremur hefði átt að byrja á því að tryggja betur að fyrirtæki og þeir tekjumeiri í þjóðfélaginu greiði réttlátan skatt af tekjum sínum.

Ingi Björn Albertsson sat fundi nefndarinnar og tók þátt í meðferð málsins og er samþykkur nefndaráliti þessu.

Alþingi, 30. des. 1987.

Steingrímur J. Sigfússon, frsm. Kristín Halldórsdóttir.

Sþ. 464. Svar [166. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Júlíusar Sólnes um innlendar skipasmíðar.

1. Skip í smíðum erlendis.

Samkvæmt upplýsingum Skipaskoðunar ríkisins er nú 21 þilfarsskip í smíðum á vegum íslenskra aðila erlendis, frá 70 tonnum upp í 900 tonn að stærð (sjö í Póllandi, sex í Svíþjóð og átta í Noregi).

2. Fjármögnun úr íslenskum fjárfestingar- og lánasjóðum.

Fiskveiðasjóður hefur veitt eftirtalin lán til skipa sem eru í smíðum erlendis (upphæðir í þús. kr.):

Skipsgerð	Smíðaland	Verð	Lán
1986			
1. Fiskiskip yfir 100 rúmlestum	Noregur	80 400	48 240
2. Fiskiskip undir 100 rúmlestum	Noregur	54 700	32 821
3. Fiskiskip undir 100 rúmlestum	Pólland	59 000	35 400
1987			
4. Loðnuskip	Noregur	325 000	195 000
5. Fiskiskip yfir 100 rúmlestum	Svíþjóð	155 000	93 000
6. Fiskiskip undir 100 rúmlestum	Pólland	35 400	21 195
7. Skuttogari	Noregur	261 000	147 600
8. Skuttogari	Noregur	312 000	187 198
9. Fiskiskip yfir 100 rúmlestum	Pólland	122 000	72 000
10. Fiskiskip undir 100 rúmlestum	Pólland	30 000	19 000
11. Loðnuskip	Noregur	359 000	215 000
12. Skuttogari	Noregur	265 000	150 000
13. Fiskiskip yfir 100 rúmlestum	Pólland	111 000	66 600
14. Fiskiskip yfir 100 rúmlestum	Pólland	31 000	19 650
15. Fiskiskip yfir 100 rúmlestum	Noregur	106 800	65 100
16. Fiskiskip yfir 100 rúmlestum	Pólland	44 000	24 400
17. Fiskiskip yfir 100 rúmlestum	Svíþjóð	152 200	91 291
18. Fiskiskip undir 100 rúmlestum	Svíþjóð	42 000	25 163
19. Fiskiskip yfir 100 rúmlestum	Pólland	128 500	77 103
20. Fiskiskip yfir 100 rúmlestum	Pólland	145 500	87 300
21. Fiskiskip yfir 100 rúmlestum	Svíþjóð	169 000	93 890
22. Fiskiskip yfir 100 rúmlestum	Svíþjóð	85 000	45 435
23. Fiskiskip undir 100 rúmlestum	Noregur	8 300	4 980
	Samtals	3 081 000	1 816 766

Að auki hefur Byggðastofnun lánað 25 millj. kr. til skips nr. 12 og 2 millj. kr. til skips nr. 18.

Ósamræmi það, sem er milli svara við 1. og 2. spurningu, er vegna þess annars vegar að samið hefur verið um smíði á fleiri skipum og fyrirgreiðsla tryggð til fleiri skipa en smíði er hafin á, hins vegar er eitt skip í smíðum erlendis sem ekki hefur fengið lán frá Fiskveiðasjóði.

3. Skip í smíðum í íslenskum skipasmíðastöðvum.

Skipaskoðun ríkisins upplýsir að nú séu 16 þilfarsskip í smíðum í íslenskum skipasmíðastöðvum, þar af eitt 250 tonn hjá Stálvík hf. og annað 80 tonn hjá Mánavör, Skagaströnd. Hin eru 10 tonn og minni. Auk þess eru 63 opnir bátar í smíðum innan lands, 10 tonn og minni. Hafa verður fyrirvara á fjölda opinna báta þar sem þessir bátar eru allir smíðaðir í raðsmíði og eftirlit með smíði þeirra fer fram með skyndiskoðunum. Sökum þess hve smíðatími þessara skipa er stuttur getur fjöldi þeirra, sem eru í smíði, breyst frá degi til dags. Til viðbótar þessu má greina frá því að fljótlega eftir áramótin mun Slippstöðin hf. á Akureyri hefja smíði á tveimur 220 tonna fiskiskipum.

4. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að innlendur skipasmíðaiðnaður líði ekki undir lok?

Svar: Já.

5. Viðhald og nýbyggingar skipa innan lands.

Hér verða stuttlega rakin helstu atriði sem iðnaðarráðherra hefur staðið að og varða íslenskan skipasmíðaiðnað.

Hinn 6. ágúst 1987 skrifaði iðnaðarráðherra bréf til sjávarútvegsráðherra þar sem hann lýsti óskum Félags dráttarbrauta og skipasmiðja um „að athugað verði hvort úthlutun veiðiheimilda og ákvörðun á stærðarmörkum skipa við endurnýjun vegna úreldingar megi haga svo að mörkin verði rýmri fyrir þau skip sem smíðuð eru innan lands en þau sem smíðuð eru erlendis".

Í bréfinu segir enn fremur:

„Þar sem hér er um mál að ræða er varðar stjórn fiskveiða fer ég þess á leit að sjávarútvegsráðherra hlutist til um að nefnd sú, er falin verður endurskoðun fiskveiðistefnunnar, hafi samráð við hagsmunaaðila skipaiðnaðar og fjalli sérstaklega um þessi mál."

Fulltrúar skipasmíðaiðnaðar fengu tækifæri til að lýsa sjónarmiðum sínum á fundi þeirrar nefndar sem vann að gerð frumvarps um stjórn fiskveiða.

Enn fremur hefur iðnaðarráðherra beitt sér fyrir því að nýjar mælingareglur skipa verði ekki til þess að íslenskar skipasmíðastöðvar missi áður fengin verkefni. Hér er um að ræða að skip, sem áður mældust undir 10 brl., mælast samkvæmt hinum nýju reglum yfir 10 tonnum og hafa þar af leiðandi ekki veiðiheimildir samkvæmt núgildandi lögum um fiskveiðistjórn. Hinn 6. október sl. skrifaði iðnaðarráðherra bréf til sjávarútvegsráðherra og samgönguráðherra þar sem segir:

„Félag dráttarbrauta og skipasmiðja hefur leitað til iðnaðarráðuneytisins vegna vandamála sem upp hafa komið í kjölfar nýrra mælingareglna skipa sem tóku gildi 1. júlí sl. Samkvæmt þeim mun stærð skipa breytast, m.a. þannig að bátar, sem hingað til hafa mælst rétt um eða undir 10 brl., munu mælast yfir 10 tonnum.

Þegar hinar nýju mælingareglur tóku gildi höfðu nokkrar skipasmíðastöðvar samið um smíði allmargra báta af þessari stærð. Breyttar reglur hafa áhrif á veiðiheimildir þessara báta samkvæmt núgildandi lögum um stjórn fiskveiða. Þess vegna skiptir miklu máli fyrir samningsaðila hvernig nýjur reglur um veiðiheimildir verða og frá hvaða tíma þær munu taka gildi fyrir þessa báta.

Iðnaðarráðuneytið álítur að eðlilegt sé að viss aðlögun verði gefin í þessu efni þannig að sömu reglur verði látnar gilda um báta sem samið var um smíði á fyrir 1. júlí sl. og báta sem tilkynnt hafði verið um til Siglingamálastofnunar ríkisins fyrir þann tíma. Það er ljóst að undirbúningur undir smíði þeirra var hafinn fyrir umrædda dagsetningu eins og meðfylgjandi gögn bera með sér.

Ráðuneytið óskar hér með eftir samstarfi við sjávarútvegsráðuneytið og samgönguráðuneytið til þess að finna lausn á þessu máli og skilgreina eðlilega aðlögun að hinum nýju reglum fyrir framleiðendur og kaupendur þessara báta."

Í frumvarpi því um stjórn fiskveiða, sem nú er til umræðu á Alþingi, er miðað við gömlu mælingareglurnar. Hins vegar hafa viðhorf breyst þar sem nú er gert ráð fyrir aflatakmörkunum til báta 6–10 brl. og má því búast við að eftirspurn eftir þessum bátum minnki. Í frumvarpinu er að finna ákvæði þar sem að nokkru er komið til móts við sjónarmið þau sem lýst er í bréfinu, þ.e. að bátar, sem smíði er sannanlega hafin á fyrir gildistöku laganna, eigi kost á sambærilegu veiðileyfi og eldri bátar enda hafi verið gerður bindandi samningur um sölu þeirra fyrir sömu tímamörk (f-liður 10. gr.).

Iðnaðarráðherra kynnti í ríkisstjórninni hinn 28. október sl. óskir Slippstöðvarinnar hf. um smíði tveggja fiskiskipa á lager. Landsbankinn og Byggðastofnun hafa ákveðið að aðstoða við lánsfjárútvegun enda verða eldri skip tekin úr umferð þegar nýju skipin halda til veiða. Smíði þessara skipa mun hefjast strax eftir áramót.

Samkvæmt tillögu iðnaðarráðherra samþykkti ríkisstjórnin að inn í frumvarp til lánsfjárlaga kæmi heimild til erlendrar lántöku að upphæð 200 millj. kr. sem áætlaðar eru til viðgerðar og endurbóta á fiskiskipum í skipasmíðastöðvum hér á landi. Byggðastofnun mun hafa milligöngu um lánin eins og undanfarin ár.

Í frumvarpi til lánsfjárlaga er heimild til Baldurs hf. Stykkishólmi til að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð 100 millj. kr. til smíði á ferju. Ferja þessi verður smíðuð hjá Skipasmíðastöð Þorgeirs og Ellerts hf. Akranesi.

Iðnaðarráðherra telur enn fremur nauðsynlegt að bregðast við óréttmætum undirboðum erlendis frá. Það verður best gert með því að beita sér fyrir fríverslun á alþjóðavettvangi og styðja alþjóðlega viðleitni til að draga úr ríkisstyrkjum og öðrum aðgerðum sem mismuna atvinnugreinum. Mun iðnaðarráðherra fylgja þessu máli eftir bæði á vettvangi iðnaðarráðherra Norðurlanda og iðnaðarráðherra OECD-landa. Þá er þess að geta að iðnaðarráðherra ræddi á fundi með Karl-Heinz Narjes, framkvæmdastjóra iðnaðarmála hjá Evrópubandalaginu, styrktaraðgerðir við einstakar iðngreinar og lagði áherslu á að slíkar aðgerðir af hálfu aðildarríkja Evrópubandalagsins spilltu samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja sem ekki njóta opinberra styrkja. Þetta á ekki síst við um skipasmíðar.

Áfram verður unnið með íslenskum hagsmunaaðilum að því að styrkja samkeppnisstöðu íslensks skipasmíðaiðnaðar gagnvart erlendum skipasmíðastöðvum og hefur ráðherra óskað eftir tilögum frá Félagi dráttarbrauta og skipasmiðja um það efni.

Nd. 465. Breytingartillögur [196. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Málmfríði Sigurðardóttur,
Þórhildi Þorleifsdóttur og Kristínu Einarsdóttur.

1. Við 3. gr.
   a. Við A-lið bætist nýr töluliður er hljóði svo:
      Vörur sem um ræðir í I. til IV. flokki viðauka I í tollalögum (tollskrá) og ætlaðar eru til manneldis. Undanþága samkvæmt þessum tölulið tekur þó ekki til hreinna eða blandaðra grænmetis- og ávaxtasafa eða tilreiddra efna til slíkrar drykkjarvörugerðar, sælgætis, öls, gosdrykkja eða annarra vara sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum um vörugjald, sbr. reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim lögum. Undanþágan nær ekki heldur til tóbaks, drykkjarvara sem í er áfengi, tilbúinna efna til öl- eða víngerðar, poppkorns eða annars sælgætis þótt það sé ekki gjaldskylt samkvæmt lögum um vörugjald. Undanþága þessi nær ekki til sölu veitingahúsa, greiðasölustaða eða annarra á tilbúnum mat.
   b. 14. tölul. B-liðar orðist svo:
      Aðgangseyrir að íþróttasýningum, íþróttamótum, sundstöðum, heilsuræktarstöðvum og skíðalyftum.
2. Við 4. gr. Á undan orðinu „loðdýrarækt“ í 13. tölul. komi: garðyrkju.

Nd. 466. Breytingartillögur [196. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá Inga Birni Albertssyni, Albert Guðmundssyni,
Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur, Óla Þ. Guðbjartssyni
og Hreggviði Jónssyni.

1. Við 3. gr.
   a. Á eftir 22. tölul. A-liðar komi nýr liður sem orðist svo:
      Fiskur og fiskmeti, kjöt og unnar kjötvörur, mjólk og mjólkurafurðir, egg, brauð, grænmeti og ávextir.
   b. Við 14. tölul. B-liðar bætist: gufubaðstofum, nuddstofum, ljósastofum, heilsuræktarstofum, útisamkomum og að sýningum á íslenskum kvikmyndum.
2. Við 4. gr.
   a. Í 7. tölul. falli síðasti málsliður brott.
   b. 19. tölul. orðist svo: Gjöfum til björgunarsveita, svo og til mannúðar- eða líknarstarfsemi og menningarmála.

Nd. 467. Breytingartillögur [196. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Við 2. gr. Við greinina bætist: þó ekki af matvörum.

   Varatillaga:
   Við greinina bætist: Fjármálaráðherra skal endurgreiða innheimtan söluskatt af: 1. mjólk og mjólkurafurðum, 2. kjötvörum, 3. grænmeti sem framleitt er innan lands.
2. Við 4. gr.
   a. Á eftir orðinu „loðkanínurækt“ í 13. tölul. komi: garðyrkju.
   b. Við bætast fjórir nýir liðir er orðist svo:
      23. Aðgangseyri að gufubaðstofum, nuddstofum og ljósastofum.
      24. Aðgangseyri að heilsuræktarstofum.
      25. Aðgangseyri að útisamkomum.
      26. Aðgangseyri að íslenskum kvikmyndum.

   Varatillaga (26. liður):
   Við 4. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Fjármálaráðherra skal endurgreiða í Kvikmyndasjóð þann söluskatt sem lagður er á aðgangseyri að íslenskum kvikmyndum.

Nd. 468. Frumvarp til laga [197. mál]

um vörugjald.

(Eftir 2. umr. í Nd., 31. des.)

Upphafsákvæði.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð vörugjald af innfluttum vörum og vörum sem framleiddar eru eða fá einhverja vinnslumeðferð innan lands eins og nánar er ákveðið í lögum þessum.

Gjaldskyldar vörur og framleiðsla.

2. gr.

Gjaldskyldan nær til allra vara, nýrra sem notaðra, sem fluttar eru til landsins eða eru framleiddar, unnið er að eða er pakkað hér á landi og flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í 3. gr. Vara, sem seld er úr landi, er þó ekki gjaldskyld.

Við flokkun til gjaldskyldu samkvæmt lögum þessum skal fylgt flokkunarreglum tollalaga, nr. 55/1987, og gilda ákvæði þeirra jafnframt um úrskurðarvald í ágreiningsmálum um tollflokkun vara.

3. gr.

Vörugjald skal vera 14% og leggst á vörur í eftirgreindum tollskrárnúmerum:

1704.1000	2009.1101	2106.9011	2206.0000	3305.1001
1704.9001	2009.1109	2106.9019		3305.1009
1704.9002	2009.1901	2106.9021	2208.9009	3305.2000
1704.9003	2009.1909	2106.9022		3305.3000
1704.9004	2009.2001	2106.9029	2209.0000	3305.9000
1704.9005	2009.2009	2106.9031		
1704.9009	2009.3001		3003.9004	3307.1000
	2009.3009	2201.1000		3307.2000
1805.0001	2009.4001		3004.5004	3307.3000
1805.0009	2009.4009	2202.1001	3004.9004	3307.4100
	2009.5001	2202.1009		3307.4900
1806.1000	2009.5009	2202.9001	3302.1002	3307.9002
1806.2001	2009.6001	2202.9009		3307.9009
1806.2009	2009.6009		3303.0001	
1806.3100	2009.7001	2203.0001	3303.0002	3922.1000
1806.3201	2009.7009	2203.0009		3922.2000
1806.3209	2009.8001		3304.1000	3922.9001
1806.9009	2009.8009	2204.2101	3304.2000	3922.9009
	2009.9001	2204.2901	3304.3000	
1905.2000	2009.9009	2204.3000	3304.9100	6806.1000
1905.3000			3304.9900	6806.2000
				6806.9001
				6806.9009

6910.1000
6910.9000

7019.3101
7019.3901
7019.9009

7213.1001
7213.2001
7213.3101
7213.3901
7213.4101
7213.4901
7213.5001

7214.2001
7214.3001
7214.4001
7214.5001
7214.6001

7217.1100
7217.1900
7217.2100
7217.2900
7217.3100
7217.3900

7313.0000

7314.2000
7314.3000
7314.4100
7314.4200
7314.4900
7314.5000

7324.1000
7324.2100
7324.2900
7324.9000

7418.2000

7615.2000

8414.5101
8414.5901
8414.6001
8414.8001

8418.1001
8418.2100
8418.2200
8418.2900
8418.3001
8418.4001
8418.6101
8418.6901

8421.1201
8421.3901

8422.1100

8450.1100
8450.1200
8450.1900
8450.2000
8450.9000

8451.1000
8451.2100
8451.2900
8451.3001

8452.1000

8479.8901

8481.1000
8481.2000
8481.3000
8481.4000
8481.8000
8481.9000

8509.2000
8509.3000
8509.8000
8509.9000

8516.4009
8516.5000
8516.6001
8516.6002
8516.6009
8516.7901
8516.7909

8518.2100
8518.2200
8518.2900
8518.3000
8518.4000
8518.5000
8518.9000

8519.1000
8519.2100
8519.2900
8519.3100
8519.3900
8519.4000
8519.9100
8519.9901
8519.9909

8520.1000
8520.2000
8520.3100
8520.3900
8520.9001
8520.9009

8521.1009
8521.9009

8522.1000
8522.9000

8527.1100
8527.1900
8527.2100
8527.2900
8527.3100
8527.3200
8527.3900
8527.9009

8528.1009
8528.2009

8529.1009
8529.9009

8535.1000
8535.2100
8535.2900
8535.3000
8535.4000
8535.9001
8535.9009

8536.1000
8536.2000
8536.3000
8536.4100
8536.4900
8536.5000
8536.6100
8536.6900
8536.9000

8537.1000
8537.2000

8538.1000
8538.9000

8543.8001
8543.9001

8544.1100
8544.1900
8544.2000
8544.3000
8544.4100
8544.4900
8544.5100
8544.5900
8544.6000
8544.7000

9007.1000
9007.1900
9007.2100
9007.2900
9007.9100
9007.9200

Gjaldskyldir aðilar.

4. gr.

Skylda til að greiða vörugjald hvílir á þessum aðilum:

1. Öllum þeim sem flytja til landsins vörugjaldsskyldar vörur hvort sem er til eigin nota eða endursölu.
2. Öllum þeim sem framleiða, vinna að eða pakka vörugjaldsskyldum vörum innan lands. Sama á við um þá sem annast heildsöludreifingu vöru sem um ræðir í þessum tölulið, sbr. 3. mgr. 6. gr.

Hver sá, sem skattskyldur er skv. 2. tölul. 1. mgr., skal ótilkvaddur og eigi síðar en 15 dögum áður en vörugjaldsskyld starfsemi hefst tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá skattstjóra þar sem hann er heimilisfastur. Breytingar, sem verða á starfsemi eftir að skráning hefur farið fram, skal tilkynna eigi síðar en 15 dögum eftir að breyting átti sér stað.

Gjaldstofn.

5. gr.

Gjaldstofn vörugjalds af innfluttum vörum er tollverð þeirra eins og það er ákveðið skv. 8.–10. gr. tollalaga, að viðbættum tollum eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt þeim lögum, auk 25% áætlaðrar heildsöluálagningar.

6. gr.

Gjaldstofn vörugjalds af gjaldskyldum vörum sem eru framleiddar, unnið að á einhvern hátt eða pakkað hér á landi er heildsöluverð þeirra, þ.e. það verð sem greitt er eða greiða ber við sölu vörunnar til smásala.

Annist innlendur framleiðandi gjaldskyldrar vöru ekki jafnframt heildsölu hennar heldur selur hana heildsala skal hann reikna vörugjald af verksmiðjuverði vörunnar. Verksmiðjuverð vöru er söluverð framleiðanda hennar án vörugjalds.

Heildsali, sem kaupir gjaldskyldar vörur af innlendum framleiðanda á verksmiðjuverði, skal reikna vörugjald af heildsöluverði sínu, sbr. 1. mgr., að frádregnu innkaupsverði vörunnar, sbr. 2. mgr.

Samsvari söluverð frá verksmiðju ekki heildarandvirði framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi, t.d. vegna þess að kaupandi eða annar framleiðandi leggur til hráefni, efnisvörur eða annað til framleiðslu, vinnslu eða pökkunar á vöru, skal heildarandvirði hennar teljast gjaldstofn til vörugjalds.

Innheimta, uppgjörstímabil, gjalddagar o.fl.

7. gr.

Vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skal innheimt ásamt tollum við tollafgreiðslu.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um gjaldskyldu, gjaldfrelsi, álagningu, innheimtu, stöðvun tollafgreiðslu, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði tollalaga, nr. 55/1987, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

8. gr.

Vörugjald af innlendum framleiðsluvörum reiknast við sölu eða afhendingu gjaldskyldrar vöru frá framleiðanda eða heildsala og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram.

Hvert uppgjörstímabil vegna gjaldskyldrar innlendrar framleiðslu, aðvinnslu eða pökkunar er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Gjaldskyldir aðilar skulu eftir lok hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs það vörugjald sem þeim ber að standa skil á samkvæmt lögum þessum.

Vörugjaldi, ásamt vörugjaldsskýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður, skal skila innan mánaðar frá því að hverju uppgjörstímabili lýkur.

9. gr.

Aðilum, sem keypt hafa hráefni eða efnivöru til gjaldskyldrar framleiðslu sinnar og greitt af því vörugjald, er heimilt að draga innkaupsverð vörunnar frá gjaldstofni, sbr. 6. gr., og reikna vörugjald af þannig fengnum mismun. Sama á við um heildsala sem keypt hefur vörugjaldsskylda vöru af innlendum framleiðanda til endursölu, sbr. 6. gr.

10. gr.

Að því leyti sem ekki eru ákvæði í lögum þessum um álagningu, kærur og úrskurði um vörugjaldsákvörðun, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, stöðvun atvinnurekstrar, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innlendri framleiðsluvöru eða vöru sem unnið er að eða er pakkað hér á landi skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

11. gr.

Fjármálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um tilkynningarskyldu, gjaldstofn, gjaldskyldu, uppgjörstímabil, gjalddaga og aðra framkvæmd laga þessara. Ráðherra er heimilt að undanþiggja einstaka vöruflokka gjaldskyldu skv. 3. gr. eða bæta við upptalningu í 3. gr. einstökum vörum eða tollskrárnúmerum til þess að samræmis gæti í skattlagningu sams konar eða hliðstæðra vara.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, og lög nr. 33 29. maí 1980, lög nr. 80 28. desember 1980, lög nr. 82 28. desember 1981, 7. gr. laga nr. 2 28. febrúar 1983, lög nr. 75 28. desember 1983 og lög nr. 126 31. desember 1984, um breyting á þeim lögum, lög nr. 77 23. desember 1980, um vörugjald, og 3. gr. laga nr. 12 30. apríl 1981, um breyting á þeim lögum, 54. gr. laga nr. 64 21. maí 1965 og 1. og 2. gr. laga nr. 5 27. febrúar 1982, með síðari breytingum. Reglugerðir, auglýsingar og önnur fyrirmæli, sem sett hafa verið samkvæmt nefndum lögum, falla úr gildi frá sama tíma.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Allir þeir, sem stunda starfsemi sem skattskyld er samkvæmt lögum þessum og eru ekki skráðir á vörugjaldsskrá við gildistöku laga þessara, skulu tilkynna fyrir 15. janúar 1988 um rekstur sinn og starfsemi til skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir.

II

Af birgðum innfluttra gjaldskyldra vara samkvæmt lögum þessum sem hlotið hafa fullnaðartollafgreiðslu fyrir 1. janúar 1988 og vörugjald verið greitt af samkvæmt ákvæðum laga nr. 107/1978 og 77/1980, með síðari breytingum, skal eigi innheimta gjald samkvæmt lögum þessum. Frá og með 1. janúar 1988 skal hins vegar innheimta gjald samkvæmt ákvæðum þessara laga af vörum sem þá eru ótollafgreiddar.

Af vörum, sem afhentar hafa verið innflytjendum fyrir gildistöku laga þessara, með leyfi tollyfirvalda gegn eða án tryggingar fyrir greiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt heimild í tollalögum eða heimildum í öðrum lögum, skal greiða vörugjald samkvæmt ákvæðum laga nr. 107/1978 og 77/1980, með síðari breytingum.

Við sölu eða afhendingu af birgðum, sem innlendir framleiðendur gjaldskyldrar vöru eiga 1. janúar 1988, skal greiða gjald samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Gjaldi vegna sölu eða afhendingar frá framleiðanda á árinu 1988 á gjaldskyldum vörum samkvæmt ákvæðum laga nr. 107/1978 og 77/1980, með síðari breytingum, skal skilað á reglulegum gjalddögum samkvæmt þeim lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Nd. 469. Frumvarp til laga [198. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 55 30. mars 1987.

(Eftir 2. umr. í Nd., 31. des.)

Samhljóða þskj. 228 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:
2. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:
Tollur skal lagður á tollverð vöru eða sendingar eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum 8.–10. gr. og vera eins og fyrir er mælt í tollskrá í viðauka I með lögum þessum sem hefur lagagildi.

2. gr. hljóðar svo:
2. málsl. 7. tölul. 5. gr. laganna orðist svo: Undanþágu samkvæmt þessum tölulið má að öðru leyti takmarka við notkun, vöruflokka eða hámarksverð og skal þá tekið tillit til dvalartíma erlendis, fjölskyldustærðar og annarra aðstæðna.

3. gr. hljóðar svo:
Við 1. tölul. 6. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðist svo: Samningur Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu vegna aðildar Portúgals og Spánar að bandalaginu skal með sama hætti og gildir um önnur aðildarríki þess koma að fullu til framkvæmda 1. janúar 1988.

4. gr. hljóðar svo:
2. tölul. 6. gr. laganna orðist svo:
Að ákveða að sameina megi í eitt tollskrárnúmer vörur sem falla í mismunandi tollskrárnúmer og fluttar eru til landsins í smásendingum. Undanþágu samkvæmt þessum tölulið má að öðru leyti takmarka við ákveðna vöruflokka eða hámarksverðmæti og að greidd verði af þeim gjöld miðuð við tolltaxta þess tollskrárnúmers sem verðmætasti hluti sendingarinnar fellur undir eða ákveða fast gjald fyrir smásendingar sem sendar eru í pósti í stað reiknaðra aðflutningsgjalda. Undanþágu þessa má takmarka við sendingar sem fluttar eru inn til eigin nota.

5. gr. hljóðar svo:
Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:
Ráðherra er heimilt í reglugerð að setja sérstakar reglur um mat á notuðum ökutækjum og vinnuvélum til tollverðs. Þar má m.a. ákveða að tollverðið miðist við verð þeirra nýrra að frádregnum hundraðshluta fyrir hvert ár eða hluta úr ári af aldri þeirra og má í því skyni krefja innflytjendur um upplýsingar um verð nýrra ökutækja eða vinnuvéla sem þeir hafa umboð fyrir hér á landi.

6. gr. hljóðar svo:
20. gr. laganna orðist svo:
Ráðherra getur með reglugerð heimilað að upplýsingar, sem um ræðir í 14.–19. gr., séu veittar með öðrum hætti en skriflega, t.d. með tölvumiðli eða fjarskiptum.

7. gr. hljóðar svo:
1. málsl. 100. gr. laganna orðist svo:
Telji innflytjandi tollverð, tollflokkun eða aðflutningsgjöld eigi rétt ákveðin, vara sé tollskyld eða tollfrjáls, skal hann, áður en úrskurðar er leitað skv. 101. gr., senda skriflega kæru, studda nauðsynlegum gögnum, til viðkomandi tollstjóra.

8. gr. hljóðar svo:

1. mgr. 101. gr. laganna orðist svo:

Úrskurði tollstjóra, sbr. 100. gr., og ákvörðun ríkistollstjóra skv. 3. mgr. 32. gr. má skjóta til ríkistollanefndar, sbr. 37. gr. Kærufrestur skal vera 30 dagar talið frá póstlagningu úrskurðar tollstjóra.

9. gr. hljóðar svo:

Á eftir 1. mgr. 101. gr. laganna komi ný málsgrein er orðist svo:

Ríkistollstjóra er heimilt að skjóta úrskurði tollstjóra til ríkistollanefndar á næstu þremur mánuðum eftir dagsetningu úrskurðar tollstjóra.

10. gr. hljóðar svo:

1. mgr. 103. gr. laganna orðist svo:

Aðflutningsgjöld, af öðrum vörum en þeim sem heimild hefur verið veitt til að settar séu í tollvörugeymslu eða fluttar á frísvæði, falla í gjalddaga þegar tollstjóra hefur verið afhent aðflutningsskýrsla yfir vöru ásamt tilskildum gögnum eða leyfi verið veitt til afhendingar vöru enda hafi flutningsfar tekið höfn. Aðflutningsgjöld skulu þó falla í gjalddaga eigi síðar en einu ári talið frá komudegi flutningsfars til landsins.

11. gr. hljóðar svo:

Síðari málsgrein 105. gr. laganna orðist svo:

Þegar atvik eru eins og um ræðir í 1. mgr. skulu aðflutningsgjöld af viðkomandi vöru reiknuð út samkvæmt þeim aðflutningsgjöldum og tollafgreiðslugengi sem í gildi var á komudegi flutningsfars til landsins hafi vara verið í vörslu farmflytjanda eða innflytjanda, en hafi hún verið sett í tollvörugeymslu eða flutt á frísvæði skulu aðflutningsgjöld reiknuð út samkvæmt þeim aðflutningsgjöldum og tollafgreiðslugengi sem í gildi var þegar tollstjóri veitti leyfi til flutnings vöru þangað, nema sannað sé á fullnægjandi hátt að mati tollstjóra að nefnd atvik séu síðar til komin. Reikna skal frá sama tíma dráttarvexti af aðflutningsgjöldum þannig útreiknuðum. Dráttarvextir skulu vera hinir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt lögum nr. 36/1986. Að öðru leyti skal farið með mál þessi samkvæmt ákvæðum XIV. kafla.

12. gr. hljóðar svo:

Á eftir 150. gr. laganna komi viðauki I, sem er tollskrá, er orðist svo:

Viðauki I.

Tollskrá.

Dálkar merktir A gilda fyrir allar innfluttar vörur, nema sérstaklega sé á annan hátt ákveðið í dálkum merktum E. Dálkar merktir E gilda fyrir vörur innfluttar til landsins samkvæmt ákvæðum um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samkvæmt ákvæðum samnings Íslands við Evrópubandalagið (EB). Dálkar merktir E gilda þó ekki um vörur í eftirfarandi tollskrárnúmerum sem fluttar eru til landsins frá

Evrópubandalaginu (þ.e. Belgíu, Bretlandi, Danmörku, Frakklandi, Grikklandi, Hollandi, Írlandi, Ítalíu, Lúxemborg, Portúgal, Spáni og Vestur-Þýskalandi):

1604.1101,	1604.1109,	1604.1211,	1604.1212,	1604.1213,
1604.1214,	1604.1215,	1604.1216,	1604,1217,	1604.1219,
1604.1221,	1604.1222,	1604.1229,	1604.1231,	1604.1239,
1604.1301,	1604.1309,	1604.1401,	1604.1409,	1604.1501,
1604.1509,	1604.1601,	1604.1609,	1604.1901,	1604.1902,
1604.1903,	1604.1904,	1604.1905,	1604.1906,	1604.1907,
1604.1909,	1604.2001,	1604.2002,	1604.2003,	1604.2004,
1604.2005,	1604.2006,	1604.2007,	1604.2008,	1604.2009,
1604.3001,	1604.3002,	1604.3003,	1604.3004,	1604.3009,
1605.1001,	1605.1009,	1605.2011,	1605.2012,	1605.2019,
1605.2021,	1605.2029,	1605.3001,	1605.3009,	1605.4011,
1605.4019,	1605.4021,	1605.4029,	1605.9011,	1605.9019,
1605.9090,	1704.1000,	1704.9001,	1704.9003,	1704.9004,
1704.9005,	1704.9009,	1806.1000,	1806.2009,	1806.3100,
1806.3201,	1806.3209,	1806.9009,	1905.1000,	1905.2000,
1905.3000,	1905.4000,	1905.9001,	1905.9009,	2009.1109,
2009.1909,	2009.2009,	2009.3009,	2009.4009,	2009.5009,
2009.6009,	2009.7009,	2009.8009,	2009.9009,	2101.1001,
2101.1009,	2101.2001,	2101.2009,	2101.3000,	2105.0001,
2105.0009,	2106.9019,	2106.9022,	2106.9029,	2106.9031,
2201.1000,	2202.1001,	2202.1009,	2202.9001,	2202.9009,
2203.0001,	2203.0009.			

Almennar reglur um túlkun tollskrárinnar.

Við flokkun vara samkvæmt tollskránni skal fylgja eftirfarandi reglum:

1. Fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum eru einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla og brjóti það eigi í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgt eftirfarandi reglum:
2. a. Þegar talað er um tilteknar vörur í vörulið tekur það einnig til ófullgerðra vara eða vara sem eitthvað vantar á, ef þær við framvísun að öllu verulegu leyti líta út eins og hinar fullgerðu vörur. Enn fremur tekur það til þessara vara fullgerðra eða heilla (eða vara sem flokkast þannig samkvæmt þessum lið) þegar þeim er framvísað ósamsettum eða sundurteknum.
   b. Þegar talað er um tiltekið efni í vörulið tekur það eigi einungis til efnisins óblandaðs, heldur einnig til þess í blöndum eða samböndum við önnur efni. Sérhver tilvísun til vara úr tilteknu efni tekur til vara sem að öllu eða nokkru leyti eru úr því efni. Um tollflokkun blandaðra og samsettra vara fer eftir reglum 3. tölul. hér á eftir.
3. Nú kemur til álita samkvæmt reglu 2. tölul., eða af öðrum ástæðum, að telja vörur til tveggja eða fleiri vöruliða og skal þá tollflokkunin fara eftir því sem hér segir:
   a. Vöruliður sem felur í sér nákvæmasta vörulýsingu skal tekinn fram yfir vörulið með almennri vörulýsingu. Þegar tveir eða fleiri vöruliðir hver um sig taka aðeins til hluta þeirra efna eða efnavara, sem eru í blöndum eða samsettum vörum, eða aðeins til hluta vara í vörusamstæðu í smásöluumbúðum, skulu þeir vöruliðir taldir koma að jöfnu til álita með tilliti til þessara vara, þótt einn þeirra gefi fyllri eða nákvæmari lýsingu á vörunum.

b. Blöndur, samsettar vörur úr ýmsum efnum eða hlutum svo og vörusamstæður, sem eigi verður flokkað eftir reglu a-liðar 3. tölul., skal flokka eftir því efni eða þeim hluta sem helst einkennir vörurnar, enda verði slíku mati komið við.
c. Ef eigi er unnt að flokka vörur eftir reglum a- eða b-liðar 3. tölul. hér á undan skal telja þær til þess vöruliðar sem síðastur er þeirra vöruliða sem að jöfnu koma til álita.

4. Vörur sem ekki verða flokkaðar samkvæmt undanfarandi reglum skulu taldar til sama vöruliðar og þær vörur sem þeim eru líkastar.
5. Auk undanfarandi ákvæða skulu eftirfarandi reglur gilda um þær vörur sem hér greinir:
a. Myndavélahylki, hljóðfæratöskur, byssuhulstur, pennastokkar, skartgripaskrín og áþekk ílát, sem sérstaklega eru löguð eða smíðuð undir ákveðnar vörur eða vörusamstæður, eru ætluð til langvarandi nota og framvísað með þeim vörum sem þær eru ætlaðar undir, skal flokka með þessum hlutum. Ákvæði þetta tekur þó ekki til íláta sem eru einkennandi fyrir vöruna í heild.
b. Leiði ekki annað af reglu a-liðar 5. tölul. skal umbúðaefni og ílát til pökkunar, sem framvísað er með vörunum í, flokkað með vörunum, enda sé það venjulega notað til pökkunar á slíkum vörum.
6. Í lagalegu tilliti skal flokkun vara í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemda við undirliði og, að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirliðir verða bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gilda einnig með tilliti til reglunnar, nema annað leiði af orðalagi.

Einstakir kaflar tollskrárinnar breytast svo:

6. kafli. Við bætist nýtt tollskrárnúmer: 0601.2002 – – Pottaplöntur 30.
10. kafli. Í stað orðanna „annað hvort“ í a-lið 1. athugasemdar kemur: einnig.
16. kafli. Tolltaxti í dálki A við tnr. 1604.1101 – 1605.9090 verður 20%, en 0% í dálki E.
19. kafli. Tolltaxti tnr. 1904.1000 og 1904.9000 verður 20%.
20. kafli. Tnr. 2005.5100 orðast svo:

		A %
	– Belgaldin (Vigna spp., Phaseolus spp.):	
5100	– – Belgaldin, afhýdd	30

25. kafli. Tolltaxti tnr. 2517.4901 verður: 0.
33. kafli. Tnr. 3307.4001 verður: 3307.4100.
37. kafli.
1. Orðið „ekki“ í tnr. 3702.9200 fellur brott.
2. Í stað orðsins „Ljóssetningarfilmur“ í tnr. 3703.9001 kemur: Ljóssetningarpappír.

39. kafli.
1. Tolltaxti tnr. 3917.3300 verður: 0.
2. Tnr. 3926.9022 fellur brott.
3. Tnr. 3926.9023 verður: 3926.9022.

40. kafli.
1. Í stað orðanna:

		A %
	„– Annað:	
	– – Úr balata, guttaperka og áþekkum náttúrlegum gúmkvoðum, óvúlkaníseruðum:“, ásamt tnr. 4006.9011 til og með tnr. 4006.9090 kemur:	
9000	– Annað	0

2. Tolltaxti í dálki A við tnr. 4008.1101 verður: 5.
3. Tolltaxti í dálki E við tnr. 4008.2101 verður: 0.

4. Við bætist nýtt tnr. er orðist svo:

	A %
4016.9922 – – – Mottur	30

Jafnframt falli orðið „mottur“ í tnr 4016.9919 niður.

42. kafli. Tolltaxti í dálki A við tnr. 4202.9100 verður: 10.

43. kafli. Tolltaxti í dálki E við tnr. 4301.5000 verður: 0.

44. kafli.

1. Tolltaxti í tnr. 4401.3000 verður: 0.
2. Fyrir framan orðið „ – Annað“ í tnr. 4408 kemur: 9000.
3. Fyrir aftan orðið „klæðningarefni“ í tnr. 4410–4413 koma orðin: listar hvers konar.
4. Tolltaxti í dálki E við tnr. 4414.0000 verður: 0.

48. kafli.

1. Í stað orðsins „serviettur“ í tnr. 4818.3000 kemur: pentudúkar.
2. Tolltaxti í dálki E við tnr. 4819.1009 verður: 0.
3. Tnr. 4819.4039 verður: tnr. 4819.4009.

48. kafli. Við bætist nýtt tnr. er orðast svo:

	A %
4823.7002 – – Eggjabakkar	10

49. kafli. Tnr. 4911.1011 verður: 4911.1001.

51. kafli. Á eftir tnr. 5112.9001 kemur:

	A %
9009 – – Annars	0

56. kafli. Tnr. 5607.4904 og 5607.5004 falli brott.

59. kafli. Á undan orðunum „ – Úr pólyesterum“ í tnr. 5902 og „ – Með pólyúretani“ í tnr. 5903 kemur: 2000.

60. kafli. Tnr. 6002.9101 verður: tnr. 6002.9100.

61. kafli. Orðin „Prjónaðar og heklaðar“ í tnr. 6117.9001 falli brott, jafnframt því sem tolltaxti í dálki A verður: 5, en 0 í dálki E.

63. kafli. Tolltaxti í tnr. 6305.1000 og 6305.2000 verður: 0.

64. kafli.

1. Tolltaxti í tnr. 6402.1100 og 6403.1100 verður: 15 í dálki A, en 0 í dálki E.
2. Tnr. 6403.1902 verður: tnr. 6403.1901.

65. kafli. Tolltaxti í tnr. 6506.1000 verður: 0.

69. kafli. Tolltaxti í tnr. 6909.1900 verður: 0.

73. kafli.

1. Í stað tnr. 7307.1190 kemur: tnr. 7307.1900.
2. Tolltaxti í tnr. 7315.2000 verður: 0.

76. kafli.

1. Tolltaxti í tnr. 7601.1000–2000 verður: 0.
2. Í stað tnr. 7615.1000 koma tvö númer er orðist svo:

	A %	E %
– Borðbúnaður, eldhúsbúnaður eða önnur búsáhöld og hlutar til þeirra; pottahreinsarar og hreinsi- eða fægileppar, -hanskar og þess háttar:		
1001 – – Pönnur	30	
1009 – – Annað	10	0

3. Við bætist nýtt tnr. sem orðast svo:

	A %
7616.9009 – – Stigar	10

4. Tolltaxti í tnr. 7616.9019 (var áður 7616.9009) verður: 10 í A-dálki, en 0 í E-dálki.

82. kafli.
1. Tolltaxti í tnr. 8210.0000 verður: 0.
2. Tolltaxti í tnr. 8212.1000–8214.9000 verður: 0.

84. kafli.
1. Tnr. 8404.1002 verður: 8404.1009.
2. Tnr. 8404.9001 orðast svo: Hlutar til vöru í nr. 8404.1001.
3. Tolltaxti í tnr. 8421.1100 verður: 0.
4. Tnr. 8425.1000 verður: 8425.1100.
5. Á eftir tnr. 8441.8000 kemur:

9000 – Hlutar 0

en orðið „ – Hlutar:“ og eftirfarandi tnr. 9000 fellur brott.

85. kafli.
1. Tolltaxti í tnr. 8506.1100–8506.9000, 8509.1000, 8509.4001–8509.4009, 8510.1000, 8512.1000–8512.9000, 8516.3100–8516.3200, 8516.7100–8516.7200, 8518.1000 og 8526.9201 verður: 0.
2. Tolltaxti í tnr. 8516.5000 verður: 10 í A-dálki og 0 í E-dálki.
3. Tolltaxti tnr. 8519.2100 og 8521.1009 verður: 15.
4. Tnr. 8527.0001 verður: 8527.9001 og tolltaxti 0.
5. Tnr. 8527.009 verður: 8527.9009.
6. Tolltaxti tnr. 8537.1000 og 8537.2000 verður: 0.

87. kafli.
1. Tolltaxti í dálki E í tnr. 8702.1002 og 8702.9002 fellur brott.
2. Tolltaxti í dálki E í tnr. 8702.1009 og 8702.9009 verður: 0.
3. Í stað „1300 cm^2“ í tnr. 8703.3119 kemur: 1300 cm^3.
4. Á eftir tnr. 8703.3139 kemur:

– – – Önnur:
3141 – – – – Sjúkrabifreiðar eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins 0

5. Tolltaxti í dálki E við tnr. 8708.1000, 8708.2900–8708.8000 og 8708.9400–8708.9900 fellur brott; tolltaxti í dálki A við tnr. 8708.2100 verður: 0, og tolltaxti við tnr. 8708.9300 verður: 10.
6. Tolltaxti í tnr. 8716.1000 verður: 10.

90. kafli. Tolltaxti í tnr. 9005 – tnr. 9013 verður: 0.

13. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988. Frá sama tíma falla úr gildi 1. og 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o.fl., ásamt lögum um breyting á greinum þessum, svo og reglugerðir, auglýsingar og öll önnur fyrirmæli sem sett hafa verið samkvæmt greinum þessum. Tilvísanir í lög nr. 120/1976, um tollskrá o.fl., lög nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit, og lög nr. 47/1960, um tollvörugeymslur o.fl., með síðari breytingum, í lögum nr. 78 23. desember 1980, um jöfnunargjald, breytast í tollalög, nr. 55/1987, með breytingum eftir því sem við á. Á eftir orðunum „þessarar greinar“ í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 78/1980 komi: eða eru hliðstæðar eða koma í stað þeirra.

Við gildistöku laga þessara falla jafnframt úr gildi ákvæði í öllum öðrum lögum um lækkun eða niðurfellingu tolla eða aðflutningsgjalda, nema slíkar undanþágur styðjist jafnframt við milliríkjasamninga eða samninga ríkisins við erlenda aðila.

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

I

Af öllum vörum, sem ótollafgreiddar eru 1. janúar 1988, skal greiða toll samkvæmt tollskrá í viðauka I við tollalög, sbr. 12. gr. þessara laga.

Hafi leyfi til afhendingar á vöru verið veitt fyrir gildistöku laga þessara skal tollmeðferð hennar þó miðuð við þá tolla og önnur gjöld sem í gildi voru við leyfisveitinguna.

II

Tollur á vörum í tollskrárnúmerum 8429.1100–8430.6200, 8430.6909 og 8431.4109 skal lækka í 20% 1. janúar 1989, 15% 1. janúar 1990, 10% 1. janúar 1991, 5% 1. janúar 1992 og falla niður 1. janúar 1993.

III

Tollur á vörum í tollskrárnúmerum 2001.1000–2005.9000 skal lækka í 20% 1. janúar 1989, 10% 1. janúar 1990 og falla niður 1. janúar 1991.

Nd. 470. Lög [127. mál]

um breyting á lögum nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

(Afgreidd frá Nd. 31. des.)

Samhljóða þskj. 441.

Ed. 471. Lög [197. mál]

um vörugjald.

(Afgreidd frá Ed. 31. des.)

Samhljóða þskj. 468.

Ed. 472. Lög [198. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 55 30. mars 1987.

(Afgreidd frá Ed. 31. des.)

Samhljóða þskj. 469 (sbr. 228).

Nd. 473. Breytingartillaga [196. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá Hreggviði Jónssyni.

Við 3. gr. 11. tölul. A-liðar orðist svo:

Varahlutir, vélar og tæki fyrir skip og flugvélar, eftir ákvörðun fjármálaráðherra og með takmörkunum og skilyrðum sem hann setur.

Sþ. 474. Þingsályktun [210. mál]

um staðfestingu samkomulags um loðnuveiðar Norðmanna.

(Afgreidd frá Sþ. 4. jan.)

Samhljóða þskj. 339.

Nd. 475. Breytingartillaga [196. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá Páli Péturssyni.

Upphaf 9. gr. orðist svo: Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi o.s.frv.

Nd. 476. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1990.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarpinu var vísað til nefndarinnar 29. des. sl. Nefndin tók frumvarpið fyrir strax sama dag og hélt tvo fundi. Alls hafa verið haldnir sex fundir í nefndinni. Árni Kolbeinsson, ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, sat nokkra fundi nefndarinnar. Forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, Jakob Jakobsson, kom einnig á hennar fund. Þá óskaði formaður Landssambands smábátaeigenda, Arthur Bogason, eftir að koma á fund nefndarinnar og skýrði hann viðhorf samtakanna til frumvarpsins eins og það lá fyrir eftir afgreiðslu þess í efri deild. Formaður kynnti tillögur þær sem hann og formaður sjávarútvegsnefndar efri deildar sömdu þegar málið var til umræðu á sameiginlegum fundum nefndanna og reyndi að ná samstöðu um þessar tillögur eða um breytingu á þeim. Því var líklega tekið af sumum nefndarmönnum stjórnarflokkanna í byrjun en þegar komið var að afgreiðslu málsins náðist ekki samstaða um neina þeirra tillagna sem kynntar höfðu verið.

Fyrsti minni hl. er fjarri því að vera talsmaður eða fylgjandi almenns kvótakerfis í fiskveiðum. Hins vegar hafði hann áhuga á að allt yrði gert til að skapa sem víðtækast samstarf um afgreiðslu þessa mikilvæga máls á Alþingi. Því var undirritaður tilleiðanlegur til

að ljá samþykki sitt við þetta frumvarp en þó að því tilskildu að komið væri til móts við skoðanir hans og fjölmargra annarra varðandi gildistíma laganna, skýr ákvæði um endurskoðun, veiðar smábáta, veiðar á úthafsrækju, samráðsnefnd, aðstoð við byggðarlag þegar hætta er á byggðaröskun við sölu fiskiskipa úr byggðarlaginu o.fl. Þar sem meiri hl. féllst ekki á þessi sjónarmið gat undirritaður ekki átt samleið með honum við afgreiðslu málsins.

Fyrsti minni hl. flytur því breytingartillögur við frumvarpið á sérstöku þingskjali og ræður afdrif þeirra tillagna afstöðu hans til frumvarpsins í heild.

Það er skoðun undirritaðs að miðstýringu og skömmtunarkerfi, sem verið hafa í gildi síðustu tvö árin, hefði þurft að minnka en ekki bæta við þau býsn eins og gert er með frumvarpinu eftir afgreiðslu þess frá efri deild.

Alþingi, 4. jan. 1988.

Matthías Bjarnason,
form.

Nd. 477. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1990.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið ítarlega á sex fundum og kvatt til Jakob Jakobsson, forstjóra Hafrannsóknastofnunar, og Arthur Bogason, formann Landssambands smábátaeigenda. Áður hafði verið fjallað um málið á átta sameiginlegum fundum með sjávarútvegsnefnd efri deildar og var fjöldi aðila þá kvaddur til viðtals.

Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem fram koma á sérstöku þingskjali.

Í 1. tölul. breytingartillagnanna er lagt til að heimild ráðherra til að undanþiggja undirmálsfisk frá kvóta verði þrengd. Hingað til hefur undirmálsfiskur alfarið fallið utan kvóta en í breytingartillögunni felst að framvegis verður einungis heimilt að undanþiggja hann að hluta. Telur nefndin að stefna beri að því að undirmálsfiskur teljist að fullu til kvóta en telur að það þurfi nokkurn aðlögunartíma.

Ákvæði 10. gr. frumvarpsins um smábáta var breytt í efri deild og heimildir þessara báta rýmkaðar nokkuð. Á fundum nefndarinnar voru af hálfu sjávarútvegsráðuneytisins kynnt drög að reglugerð um veiðar smábáta í samræmi við breyttan texta 10. gr. Í þessum reglugerðardrögum eru ákvæði um aflahámark þeirra báta, sem netaveiðar stunda, allmiklu rýmri en hliðstæð ákvæði í eldri reglugerðardrögum voru varðandi þá báta sem aflahámarki skyldu sæta samkvæmt upphaflegum texta 10. gr. Telur nefndin að með þessum fyrirhuguðu reglugerðarákvæðum sé verulega komið til móts við hagsmuni smábátaútgerðar. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að útgerðir smábáta, sem aflahámarki sæta, geti valið milli aflahámarks er byggist á eigin reynslu og meðalaflahámarks fyrir báta í tilteknum stærðarflokki. Í fyrri reglugerðardrögum var við það miðað að aflahámark byggt á eigin reynslu yrði 90% af meðalafla þriggja viðmiðunarára, 1985–1987, þó aldrei hærra en 135 lestir. Nú er miðað við að aflahámark byggt á eigin reynslu verði 90% af meðalafla tveggja bestu áranna á viðmiðunartímabilinu, þó aldrei hærra en 200 lestir. Er augljóst hagræði í að miða við tvö bestu árin á viðmiðunartímabilinu enda sveiflast afli smábáta oft nokkuð milli ára. Þá er hámarkið hærra en var í fyrri hugmyndum og er því hagstæðara afkastamestu smábátunum. Hafi útgerðaraðilar ekki reynslu til að byggja á gera reglugerðardrögin ráð fyrir því að

meðalaflahámark báta undir 6 brl. verði 55 lestir, báta milli 6 og 8 brl. 75 lestir, báta yfir 8 brl. verði 100 lestir og loks verði búinn til nýr flokkur fyrir allra stærstu bátana með 125 lesta meðalaflahámarki.

Þá leggur meiri hl. til að texta 10. gr. verði breytt eins og fram kemur í 2. tölul. breytingartillagnanna á þskj. 478. Í þessum tillögum felast eftirtaldar efnisbreytingar. Í fyrsta lagi er banndögum línu- og handfærabáta fækkað á sumar- og haustmánuðum þannig að banndagar verði sjö í júní og október eins og verið hefur sl. tvö ár. Í öðru lagi er lagt til að þeim bátum, sem færa- og línuveiðar stunda, verði gefinn kostur á að sæta veiðitakmörkunum með aflahámarki í stað banndaga óski þeir þess sjálfir. Aflahámark þeirra sem það kysu mundi í þessum tilvikum alfarið byggjast á eigin reynslu. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að allar þær útgerðir sem þorskfisknetaveiðar hafa stundað á árunum 1986 og 1987 á bátum undir 6 lestum eigi kost á leyfi til slíkra veiða áfram í stað þess að miðað sé einungis við þá er leyfi fengu til netaveiða á árunum 1986 og 1987. Þorskfisknetaveiði smábáta var leyfisbundin frá 10. febrúar til 15. maí á sl. tveimur árum. Mun eitthvað um það að menn hafi eingöngu stundað netaveiðar utan þess tímabils og því ekki þurft leyfi. Þykir eðlilegt að þessir aðilar sitji við sama borð og hinir sem leyfi hafa þurft.

Vegna þess að umfjöllun um frumvarp þetta var ekki lokið fyrir áramót er æskilegt að skýrt verði kveðið á um hvaða áhrif veiðar eftir áramót, en fyrir gildistöku frumvarpsins, hafi á veiðiheimildir ársins 1988. Leggur meiri hl. til að breytingar verði gerðar á 21. gr. í þessu skyni og koma þær fram í 3. tölul. breytingartillagnanna.

Í reglugerðardrögum sem sjávarútvegsráðuneytið hefur kynnt nefndinni er við það miðað að þorskaflahámark báta, sem sóknarmark velja og ekki byggja á eigin reynslu, verði mishátt eftir útgerðarflokkum og eftir stærðarflokkum innan útgerðarflokka með svipuðum hætti og verið hefur. Meiri hl. telur að bátum 10–50 brl. í útgerðarflokki 2 sé ekki skipt niður í nægilega marga stærðarflokka og því geti lítill stærðarmunur valdið allt of miklum mun í þorskaflahámarki. Þannig hefur bátur sem er 49 lestir 200 tonna þorskaflahámark samkvæmt reglugerðardrögunum en bátur sem er stærri en 50 lestir 335 tonna þorskaflahámark. Meiri hl. telur rétt að bæta úr þessu með því að fjölga stærðarflokkum innan þessa útgerðarflokks og verði þeir sem hér segir:

	Stærð	*Þorskaflahámark*
Frá	10 brl. til og með 15 brl.	115 lestir
Stærri en	15 brl. til og með 20 brl.	145 lestir
Stærri en	20 brl. til og með 25 brl.	200 lestir
Stærri en	25 brl. til og með 30 brl.	220 lestir
Stærri en	30 brl. til og með 40 brl.	240 lestir
Stærri en	40 brl. til og með 50 brl.	280 lestir
Stærri en	50 brl. til og með 90 brl.	335 lestir
Stærri en	90 brl. til og með 110 brl.	350 lestir
Stærri en	110 brl. til og með 200 brl.	440 lestir
Stærri en	200 brl.	495 lestir

Þá telur meiri hl. að stórauka beri eftirlit með veiðum og vinnslu afla um borð í frystiskipum og að stefna beri að fullnýtingu afla. Ber að gera kröfur til þess að fiskiskip, og þá fyrst frystitogarar, komi með allan afla að landi jafnskjótt og forsendur eru til slíks.

Við skipun fulltrúa þingflokka í endurskoðunarnefnd samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I er rétt að fullt tillit sé tekið til þingstyrks og að þeir fulltrúar sem tilnefndir eru af þingflokkunum, starfi sjálfstætt innan nefndarinnar. Nefndin hefji störf þegar í stað og skili áfangaáliti sem allra fyrst, helst innan árs. Nefndin fjalli sérstaklega um með hvaða hætti

unnt sé að taka tillit til byggðasjónarmiða við stjórn fiskveiða og úthlutun veiðiheimilda. Loks telur meiri hl. eðlilegt að sjávarútvegsráðherra skili árlega skýrslu til sjávarútvegsnefnda Alþingis um störf samráðsnefndar skv. 15. gr. frumvarpsins.

Alþingi, 4. jan. 1988.

Kjartan Jóhannsson, frsm. Ólafur G. Einarsson. Alexander Stefánsson.

Guðni Ágústsson.

Nd. 478. Breytingartillögur [181. mál]

við frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1990.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar (KJóh, ÓE, AS, GuðnÁ).

1. Við 5. gr. 1. málsl. 4. mgr. orðist svo:
   Ráðherra getur ákveðið að fiskur, sem veiðist á línu, skuli ekki eða aðeins að hluta talinn með í aflamarki eða sóknarmarki fiskiskips, sömuleiðis að fiskur undir tiltekinni stærð teljist aðeins að hluta í slíku afla- eða sóknarmarki.
2. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Botnfiskveiðar báta minni en 10 brl. skulu háðar eftirgreindum takmörkunum:
   A. Allar botnfiskveiðar báta 6 brl. og stærri skulu háðar sérstökum veiðileyfum, enn fremur botnfiskveiðar þeirra báta undir 6 brl. sem heimild fá til netaveiða skv. C-lið þessarar greinar.
   B. Bátum, sem eingöngu stunda veiðar með línu- og handfærum, eru ekki heimilar veiðar í tíu daga um páskahelgi og tíu daga um verslunarmannahelgi og í sjö daga í hvorum mánaðanna júní og október samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Enn fremur frá og með 1. janúar til og með 15. janúar og frá og með 1. desember til og með 31. desember.
      Heimilt er að veita þessum bátum veiðileyfi með aflahámarki sé þess óskað sérstaklega. Skal aflahámarkið miðast við fyrri veiðireynslu samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Bátar, sem slík veiðileyfi fá, eru undanþegnir veiðibönnum samkvæmt þessum staflið.
   C. Bátum 6 brl. og stærri, sem netaveiðar stunda, skal úthlutað sérstöku veiðileyfi með aflahámarki samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Skulu þeir bátar fylgja almennum reglum um netaveiðar en eru undanþegnir veiðbönnum skv. B-lið. Jafnframt getur ráðherra ákveðið í reglugerð mismunandi aflahámark með hliðsjón af stærðum báta í þessum flokki og fyrri veiðireynslu.
   D. Bátum undir 6 brl. eru bannaðar allar þorskfisknetaveiðar. Þó er heimilt að veita þeim, sem þorskfisknetaveiðar hafa stundað á bátum undir 6 brl. á árunum 1986 eða 1987, leyfi til þorskfisknetaveiða og eru þeir bátar þá undanþegnir veiðibönnum skv. B-lið og gilda um botnfiskveiðar þeirra ákvæði C-liðar þessarar greinar samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.
   E. Aflahámark skv. 2. mgr. B-liðar svo og skv. C- og D-liðum er óframseljanlegt.
   F. Heimilt er að setja sérstakar reglur um botnfiskveiðar báta undir 10 brl. sem leyfi fá til skel- eða rækjuveiða.
   G. Einungis er heimilt að úthluta bátum veiðileyfi, sbr. A-lið, sem skráðir eru á skipaskrá hjá Siglingamálstofnun ríkisins 31. desember 1987. Þó er heimilt að

úthluta nýjum og nýkeyptum bátum veiðileyfi, þar á meðal sérstöku veiðileyfi skv. 2. mgr. B-liðar og C- og D-lið þessarar greinar, komi þeir í stað sambærilegra báta sem slík veiðileyfi hafa fengið og horfnir eru varanlega úr rekstri. Bátar, sem smíði er sannanlega hafin á fyrir gildistöku laga þessara, eiga kost á veiðileyfi samkvæmt reglum hér að framan enda hafi verið gerður bindandi samningur um sölu þeirra fyrir sömu tímamörk.

3. Við 21. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1990. Jafnframt eru á gildistíma þessara laga felldar úr gildi 10. og 14. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Við úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum fyrir árið 1988 skal afli frá 1. janúar 1988 til gildistöku laganna koma til frádráttar heildaraflaheimildum á árinu. Við mat á því aflamagni skulu gilda ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Hjá þeim skipum er sóknarmark velja skulu sóknardagar frá 1. janúar 1988 til gildistöku laganna koma til frádráttar heildarsóknardagafjölda á 1. tímabili ársins 1988.

Nd. 479. Breytingartillögur [181. mál]

við frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1990.

Frá Matthíasi Bjarnasyni.

1. Við 12. gr. bætast tvær nýjar mgr. er verða 3. og 4. mgr. og orðast svo:

Ráðherra getur ákveðið að rækjuafli, sem fluttur er óunninn til pillunar erlendis, skuli reiknaður með allt að 15% álagi þegar metið er hversu miklu af aflamarki eða aflahámarki skips er náð hverju sinni.

Ráðherra skal setja ákvæði í reglugerð um skiptingu á leyfðum úthafsrækjuafla á milli vinnslustöðva að höfðu samráði við Félag rækju- og hörpudiskframleiðenda.

2. Við 13. gr. 4. mgr. orðist svo:

Heimilt er að flytja aflahámark sóknarmarksskipa milli skipa.

3. Við 13. gr. bætist ný mgr. er orðist svo:

Sé skip með veiðiheimild selt úr byggðarlagi, sem að mestu byggir á fiskveiðum og fiskvinnslu, skal ráðherra heimilt að bæta viðkomandi byggðarlagi aflatapið þannig að veiðiheimildir þeirra skipa sem eftir eru verði auknar. Heimild þessari má þó því aðeins beita að sala skips valdi straumhvörfum í atvinnulífi og hætta sé á byggðaröskun af þeirri ástæðu.

4. 15. gr. orðist svo:

Sérstök samráðsnefnd skal fjalla um álita- og ágreiningsmál varðandi veiðileyfi, aflamark og sóknarmark samkvæmt lögum þessum og reglugerð settri samkvæmt þeim. Í nefndinni eiga sæti fimm menn. Þrír skulu kosnir af Alþingi, einn tilnefndur sameiginlega af samtökum sjómanna og einn tilnefndur af samtökum útvegsmanna. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Samráðsnefnd skal kappkosta að leysa öll ágreiningsefni sem til hennar er vísað. Verði nefndarmenn ekki á eitt sáttir skal deiluefnið borið undir ráðherra til úrskurðar.

5. Við 21. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1989. Jafnframt eru á gildistíma þessara laga felldar úr gildi 10. og 14. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Við úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum fyrir árið 1988 skal afli frá 1. janúar 1988 til gildistöku laganna koma til frádráttar heildaraflaheimildum á árinu. Við mat á því aflamagni skulu gilda ákvæði laga þessara og reglugerðra settra samkvæmt þeim. Hjá þeim skipum er sóknarmark velja skulu sóknardagar frá 1. janúar 1988 til gildistöku laganna koma til frádráttar heildarsóknardagafjölda á 1. tímabili ársins 1988.

6. Ákvæði til bráðabirgða I orðist svo:

Alþingi kýs hlutfallskosningu nefnd níu manna til að undirbúa tillögur um fyrirkomulag fiskveiðistjórnar og nýtingu fiskstofna að loknum gildistíma laga þessara. Sjávarútvegsráðherra skipar formann nefndarinnar.

Að ári liðnu skal nefndin leggja fyrir Alþingi bráðabirgðaálit á fiskveiðistefnunni ásamt tillögum um breytingar á lögum þessum telji hún það nauðsynlegt. Nefndin skal kanna eftirfarandi:

1. Áhrif laga þessara á afkomu einstakra byggðarlaga, byggðaþróun í landinu og sjávarútveg.
2. Áhrif gildandi stjórnar á fiskstofnana, afrakstur þeirra og hagkvæmni veiða.

Í starfi sínu skal nefndin kynna sér rækilega hvaða áhrif fiskveiðistefna undanfarinna ára hefur haft á byggðarlög, fiskstofna og sjávarútveg.

Nefndin skal kynna sér eftir því sem föng eru reynslu annarra þjóða af þeirra eigin fiskveiðistjórn.

Hún skal leita álits og ráðgjafar hjá þeim sérfræðingum, stofnunum og hagsmunaaðilum, innan lands sem utan, sem hún telur þörf á þannig að starf hennar skili sem bestum árangri við mótun sveigjanlegrar fiskveiðistefnu til framtíðar.

7. Á eftir ákvæði til bráðabirgða I komi nýtt ákvæði er orðist svo:

Skip sem koma í stað eftirtalinna skipa, er fórust á árunum 1983–1984, skulu eiga rétt á veiðileyfi sem sé meðaltal aflamarks skipa í sama stærðarflokki: Brimnes SH-257, Haförn SH-122, Hafrún ÍS-400, Bakkavík ÁR-100, Ragnar Ben ÍS-210, Kári VE-95, Þórunn ÞH-255, Hellisey VE-503, Sæbjörg VE-56 og Sóley SK-8.

8. Fyrirsögn frv. orðist svo: Frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1989.

Ed. 480. Framhaldsnefndarálit [54. mál]

um frv. til l. um útflutningsleyfi o.fl.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur komið saman eftir 2. umr. en hún snerist mjög um lög um Stjórnarráð Íslands. Af því tilefni fékk nefndin á sinn fund Gunnlaug Claessen ríkislögmann og lagði hann m.a. fram „minnisblað“, dags. 3. júlí 1987, sem birtist með þessu framhaldsnefndaráliti.

Nefndarmenn voru sammála um að túlka bæri þröngt ákvæði 4., 5. og 8. gr. laga um Stjórnarráð Íslands varðandi skipan verkefna milli ráðuneyta og ráðherra.

Upplýst hefur verið að lög um Stjórnarráð Íslands eru í endurskoðun og því mun umræða þessi halda áfram, enda telur nefndin mjög mikilsvert að Alþingi sé á hverjum tíma á verði um skil milli framkvæmdar- og löggjafarvalds.

Guðrún Agnarsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk nefndarálitinu með fyrirvara.

Halldór Blöndal var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. jan 1988.

Jóhann Einvarðsson, varaform., frsm.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Júlíus Sólnes, með fyrirvara.
Svavar Gestsson, með fyrirvara.	Eiður Guðnason.	Valgerður Sverrisdóttir.

Fylgiskjal.

Frá ríkislögmanni:

Um breytingar á reglugerð um Stjórnarráð Íslands.
Minnisblað sent Geir H. Haarde, Halldóri Ásgrímssyni og Jóni Sigurðssyni, 3. júlí 1987.

Til mín hefur verið beint eftirgreindri spurningu:

Standa ákvæði laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, því í vegi að heimilt sé með reglugerð að færa verkefni frá viðskiptaráðuneytinu, sbr. síðar?

Samkvæmt 8. gr. laga um Stjórnarráð Íslands ber stjórnarmálefni undir einstök ráðuneyti eftir ákvæðum reglugerðar er forseti Íslands setur samkvæmt tillögum forsætisráðherra. Þau mál, sem samkvæmt reglugerð nr. 96/1969 eru lögð undir viðskiptaráðuneyti, sbr. 14. gr. reglugerðarinnar, varða:

1. Verslun og viðskipti, þar á meðal útflutningsverslun og innflutningsverslun.
2. Undirbúning og framkvæmd viðskiptasamninga.
3. Skipti Íslands við alþjóðleg efnahags- og viðskiptasamtök og fjármálastofnanir.
4. Gjaldeyri.
5. Seðlabanka Íslands, aðra banka og sparisjóði sem eigi ber undir annað ráðuneyti.
6. Gjaldmiðil og myntsláttu.
7. Verðskráningu og verðlag, nema lögð séu til annars ráðuneytis.
8. Hlutafélög, samvinnufélög og önnur félög um verslun eða annan atvinnurekstur.
9. Verslunarskrár og firmu.
10. Vörusýningar erlendis.

Þær breytingar, sem fyrirhugaðar eru, varða 1., 2., 3. og 10. tölul. í framangreindri upptalningu. Úr 1. tölul. fellur útflutningsverslun sem ætlunin mun að færa undir utanríkisráðuneyti. Önnur viðfangsefni, er þar greinir, þar með talin innflutningsverslun, heyri eftir sem áður undir viðskiptaráðuneyti. Verkefni skv. 2., 3. og 10. tölul. mun ætlunin að fella alfarið undir önnur ráðuneyti, einkum utanríkisráðuneyti, en einnig fjármálaráðuneyti að litlu leyti. Verkefni viðskiptaráðuneytis felast eftir það í því sem greinir í 4.–9. tölul. og að hluta í því sem tilgreint er í 1. tölul.

Við umfjöllun þessa álitaefnis koma einkum til skoðunar eftirtaldar greinar stjórnarráðslaga:

„4. gr. Stjórnarráð Íslands greinist í ráðuneyti, og skulu þau vera þessi: Forsætisráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, Hagstofa Íslands, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, menntamálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti, utanríkisráðuneyti og viðskiptaráðuneyti.

Ráðuneyti má eigi á stofn setja né af leggja nema með lögum.

5. gr. Þegar skipt er störfum með ráðherrum, skal hvert ráðuneyti óskipt lagt til eins og sama ráðherra.

...

8. gr. Stjórnarmálefni ber undir ráðuneyti eftir ákvæðum reglugerðar, er forseti Íslands setur samkvæmt tillögum forsætisráðherra, enda sé þess jafnan gætt, að ráðuneyti lúti málefni, sem eðli sínu samkvæmt eiga þar heima, sbr. 4. gr.

Nú þykir vafi á leika, undir hvert ráðuneyti málefni heyri, og sker forsætisráðherra þá úr."

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. skal viðskiptaráðuneyti vera til innan Stjórnarráðs Íslands. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar verður ráðuneyti eigi aflagt nema með lögum. Hér mun ekki vera ætlunin að leggja viðskiptaráðuneytið niður, heldur flytja til annarra ráðuneyta hluta þeirra verkefna sem viðskiptaráðuneytið nú fer með. Skoðunarefnið hér er það hversu langt er unnt að ganga í því að svipta ráðuneyti verkefnum án þess að í bága fari við nefnda lagagrein. Ráðuneyti er augljóslega unnt að leggja niður að öðru leyti en nafninu einu með því að svipta það nógu miklu af þeim verkefnum sem það fer með. Með slíku yrði gengið í berhögg við fyrirmæli laganna.

Löggjafinn hefur valið þá aðferð að veita framkvæmdarvaldshöfum heimild til að ákveða verkaskiptingu ráðuneyta með reglugerð. Í athugasemdum með frumvarpi til nefndra laga kemur fram að hentara þyki að skipa málum með þessum hætti en með lagasetningu sem þyngri er í vöfum. Ljóst er því að heimilt er að færa verkefni til milli ráðuneyta og auka þannig eða draga úr verkefnum einstakra ráðuneyta eftir því sem henta þykir á hverjum tíma að gættum skilyrðum 8. gr. Engin þörf er á að viðhalda sama jafnvægi milli ráðuneyta og ákveðið var með setningu núgildandi reglugerðar. Því er heimilt að raska, sbr. þó það sem áður sagði um 2. mgr. 4. gr.

Hversu langt er unnt að ganga í þessum efnum verður að meta í hverju tilviki. Ekkert eitt almennt svar er til við þeirri spurningu. Hér mætti hugsa sér ýmsar aðferðir til að meta umsvif ráðuneytis fyrir og eftir breytingu. Benda má á að meiri hluti þeirra verkefna, sem talin eru upp í 14. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands og varða viðskiptaráðuneyti, haldast áfram í því ráðuneyti. Á hinn bóginn má einnig benda á að mikill hluti af starfstíma flestra starfsmanna ráðuneytisins fer í að sinna verkefnum sem ætlunin er að flytja annað. Slíkar viðmiðanir eru þó auðvitað fjarri því að vera einhlítar og ályktanir verða ekki af þeim dregnar einum sér. Til dæmis getur hið síðarnefnda ráðist af mismunandi áherslum á einstök verkefni innan ráðuneytis frá einum tíma til annars. Hvað viðskiptaráðuneytið áhrærir hafa verulegar sveiflur orðið að þessu leyti ef t.d. er litið til síðustu fimm ára.

Sú staðreynd stendur eftir að mjög veigamiklir málaflokkar eru áfram í viðskiptaráðuneyti. Nægir í því sambandi að nefna bankamál, verðlagsmál, viðskiptamál og stjórn málefna hlutafélaga. Hvert þessara málasviða er verulega umfangsmikið, auk annarra sem hér eru ekki sérstaklega nefnd og verða áfram í viðskiptaráðuneyti. Þegar litið er til þessa heildstætt sýnist mér ókleift að komast að þeirri niðurstöðu að ráðuneytið sé svo svipt verkefnum að í bága fari við 2. mgr. 4. gr. Sá tilflutningur verkefna frá viðskiptaráðuneyti, sem að framan er lýst, verður ekki lagður að jöfnu við það að verið sé að leggja ráðuneytið af með stjórnvaldsfyrirmælum.

Sú spurning er einnig uppi hvort 5. og 8. gr. stjórnarráðslaga standi fyrirhugaðri breytingu í vegi.

Um 5. gr. þarf í sjálfu sér ekki að hafa mörg orð. Í henni felst að til dæmis dóms- og kirkjumálaráðuneyti verður ekki fellt hvort undir sinn ráðherrann með þeim hætti að dómsmál heyri undir einn en kirkjumál undir annan. Hið sama má segja um heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Hér skal haft í huga að með þessari lagagrein var horfið frá því fyrirkomulagi sem áður gilti að eitt ráðuneyti, það er fyrst og fremst fyrrum atvinnumálaráðuneyti, heyrði undir fleiri en einn ráðherra eftir málaflokkum. Þessi grein kemur hér að öðru leyti ekki til skoðunar.

Varðandi fyrirmæli 8. gr. skal vakin athygli á að ráðgert er að innflutningsverslun heyri undir eitt ráðuneyti en útflutningsverslun undir annað. Spyrja má hvort efnisrök séu fyrir slíkri tilhögun.

Málefni skulu vistuð í ráðuneyti þar sem þau eðli sínu samkvæmt eiga heima, sbr. 8. gr. margnefndra laga. Varðandi útflutningsviðskipti skal vakin athygli á að þau eru á margan hátt miklum mun háðari viðskiptasamningum við aðrar þjóðir en innflutningsverslun. Þarna er eðlismunur á. Augljós rök eru fyrir því að gerð viðskiptasamninga við aðrar þjóðir heyri undir utanríkisráðuneyti. Þótt ekki sé annað nefnt sýnist mér rök vera fyrir því að útflutningsviðskipti geti eðli sínu samkvæmt átt heima í utanríkisráðuneyti þótt innflutningsverslun geri það ekki. Eru þá ónefnd þau praktísku sjónarmið að nýta sendiráð Íslands erlendis til aukinna athafna í þágu útflutningsverslunar frá því sem nú er.

Vakin skal athygli á að ákvæði er að finna í lögum um aðild viðskiptaráðuneytis að málefnum er varða útflutningsverslun á tilteknum sviðum. Sú staðreynd snertir þó ekki þá spurningu sem hér er uppi.

Með vísun til alls framanritaðs verður svar mitt neikvætt við þeirri spurningu sem fram kemur hér í upphafi.

Nd. 481. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1990.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Undirritaður skilar minnihlutaáliti og flytur veigamiklar breytingartillögur við frumvarpið á þskj. 435 ásamt öðrum þingmönnum Alþýðubandalagsins í neðri deild. Með frumvarpinu eru ekki sniðnir augljósir og alvarlegir agnúar af því stjórnkerfi sem í gildi hefur verið undanfarin ár. Jafnframt er gripið til ástæðulausrar ofstjórnar varðandi veiðar smábáta. Minni hlutinn áskilur sér rétt til að fylgja breytingartillögum sem horft geta til bóta á frumvarpinu. Verði ekki sniðnir af frumvarpinu helstu agnúar getur minni hlutinn ekki stuðlað að lögfestingu þess.

Ótæk málsmeðferð.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 97/1985 um stjórn botnfiskveiða 1986–1987 var sjávarútvegsráðuneytinu falið að láta endurskoða lögin fyrir 1. nóvember 1986 í samráði við sjávarútvegsnefndir Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Sú endurskoðun fór ekki fram. Vinna að endurskoðun laganna hófst ekki fyrr en um miðjan september 1987, þremur og hálfum mánuði áður en lögin féllu úr gildi. Þá var skipuð fjölmenn ráðgjafanefnd undir forustu sjávarútvegsráðuneytis og þann 2. nóvember var sett á fót þingmannanefnd ráðuneytinu til fulltingis.

Afraksturinn af starfi þessara nefnda var óverulegur.

Fyrirliggjandi frumvarp var lagt fyrir Alþingi í efri deild 4. desember 1987, röskum hálfum mánuði fyrir heföbundið jólahlé á þingstörfum. Þetta eru ótæk vinnubrögð sem gátu ekki leitt til eðlilegrar þinglegrar meðferðar á slíku stórmáli. Það á enn frekar við þar sem

álíka var ástatt með fjölmörg stjórnarfrumvörp sem lögð voru fram í fyrstu viku desembermánaðar. Flestir fulltrúar í sjávarútvegsnefndum þingsins voru jafnframt ásetnir af störfum í öðrum þingnefndum og á löngum þingfundum.

Annmarkar kvótakerfisins og tillögur Alþýðubandalagsins.

Íslendingar hafa nú fjögurra ára reynslu af svonefndu kvótakerfi við stjórn fiskveiða sem tók við af skrapdagakerfinu svokallaða í ársbyrjun 1984. Lög hafa þrívegis verið sett um stjórnun veiðanna 1984–1987, fyrst frá ári til árs, síðan til tveggja ára.

Við endurskoðun laganna á þessu tímabili náðust fram ýmsar lagfæringar. Þannig voru sett mun fyllri ákvæði í lögin við endurskoðun þeirra haustið 1985 og um leið dregið úr óútfylltum heimildum til sjávarútvegsráðherra sem þó eru enn margar í fyrirliggjandi frumvarpi. Þá voru líka endurskoðuð ákvæði um veiðar smábáta og tekið upp sóknarkerfi með banndögum í stað óskipts heildaraflamagns á báta undir 10 brl. á öllu landinu. Að öðru leyti voru veiðar smábáta óheftar.

Margháttaðir annmarkar hafa komið í ljós sem nú hefði þurft að sníða af kvótakerfinu, ekki síst þegar lögunum er ætlað að gilda til þriggja ára. Það hefur hins vegar engan veginn verið gert sem skyldi, hvorki samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar né meiri hluta sjávarútvegsnefnda þingsins. Hér verða nefnd nokkur dæmi um þessa annmarka:

1. Fiskveiðistjórnunin hefur ekki náð settum markmiðum um veiðar úr helstu nytjastofnum. Á fjögurra ára tímabili, 1984–1987, hafa verið veidd 266 þúsund tonn af þorski umfram hámarksafla samkvæmt reglugerðum sjávarútvegsráðuneytisins og 366 þúsund tonn umfram tillögur Hafrannsóknastofnunar (fylgiskjal II).

2. Einhliða úthlutun kvóta til fiskiskipa hefur reynst miklum annmörkum háð. Verð á fiskiskipum hefur hækkað um nálægt 100% umfram vátryggingarverðmæti, og er sú verðhækkun að verulegu leyti til komin vegna þess að menn eru að komast yfir aflakvóta. Þannig er augljóst að útgerðaraðilar eru farnir að hagnast á kerfinu og veiðirétturinn er orðinn mjög arðbær „eign". Þetta stangast augljóslega á við ákvæði 1. gr. frumvarpsins um að „fiskistofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar." Þetta kerfi gerir aðilum í sjávarútvegi m.a. kleift að selja eignir sínar með óheyrilegum ágóða (fylgiskjal III) og teflir jafnframt í tvísýnu rekstrarstöðu þeirra sem við þeim eignum taka.

3. Engar virkar hömlur eru gegn sölu fiskiskipa burt úr heimahöfn og hefur slík sala þegar leitt til alvarlegrar stöðu varðandi hráefnisöflun til vinnslu í einstökum byggðarlögum. Með þessu eru rofin æskileg tengsl veiða og vinnslu og atvinnuöryggi fiskvinnslufólks stefnt í hættu. Hagur viðkomandi byggða, einkum minni útgerðarstaða, hangir um leið á bláþræði.

Til að rjúfa þennan vítahring hefur Alþýðubandalagið markað stefnu um byggðakvóta og er 2. tölul. breytingartillögu á þingskjali 435 útfærsla á þeirri stefnumörkun. Með samþykkt hennar yrði tryggt að ekki færi nema ⅓ hluti veiðiheimildar burt úr byggðarlagi við sölu á fiskiskipi.

4. Kvótakerfið í núverandi formi hefur ekki orðið til að bæta gæði þess afla sem berst að landi og ástandið sjaldan verið verra í þeim efnum en sl. sumar. Eitt þýðingarmesta markmið við stjórnun fiskveiða ætti að vera að tryggja gæði og jöfnun í löndun aflans. Á því er ekki tekið með fyrirliggjandi frumvarpi.

5. Sívaxandi útflutningur á óunnum fiski getur valdið hráefnisskorti og raskað atvinnu í landi. Ekki er síður alvarleg sú hætta að aukinn ferskfiskútflutningur leiði til þess að fiskvinnsla flytjist úr landi og keppinautar Íslendinga erlendis nái yfirtökum á markaði. Með slíkri þróun væri verið að hleypa útlendingum bakdyramegin inn í landhelgina.

Í 5.gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir „að afli á ákveðnum fisktegundum, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, skuli reiknaður með allt að 15% álagi þegar metið er hversu miklu af aflamarki eða aflahámarki skips er náð hverju sinni". — Auk þess er gert ráð fyrir

aukaálagi samkvæmt frumvarpinu, en það ákvæði var fellt út við meðferð málsins í efri deild.

Vafasamt er að heimildir frumvarpsins séu fullnægjandi til að hafa stjórn á útflutningi á óunnum fiski. Alþýðubandalagið hefur lagt til annað fyrirkomulag í þessu skyni þar sem lagt verði sérstakt útflutningsgjald á fisk sem fluttur er út óunninn, allt að 5% af söluandvirði ísfisks, sbr. tölul. 3 í breytingartillögu á þingskjali 435. Útflutningsgjaldið verði ákvarðað með hliðsjón af stefnu helstu viðskiptalanda okkar í tollamálum og tekjur af gjaldinu rynnu til rannsókna- og þróunarstarfsemi.

6. Núverandi stjórnkerfi og það sem ráð er fyrir gert samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar er mjög lokað og ber flest einkenni miðstýringar. Erfitt er fyrir nýja aðila að koma inn í veiðarnar og kerfið dregur úr æskilegum tilraunum til breytinga í útgerð og fiskvinnslu.

Til að ráða bót á þessu gerir Alþýðubandalagið ráð fyrir því í sinni fiskveiðistefnu að frá árinu 1989 að telja verði heimilt að halda eftir allt að 5% af afla helstu botnfisktegunda, sbr. tölul. 2b í breytingartillögu á þingskjali 435.

7. Veiðar smábáta undir 10 brl. hafa verið mjög umdeildar við lagasetningu um stjórnun fiskveiða undanfarin ár. Þó hafa smábátaeigendur sætt sig sæmilega við ákvæði skv. 9. gr. laganna sem giltu fyrir árin 1986 og 1987 þótt banndagakerfið hafi gert mörgum erfitt um vik.

Með fyrirliggjandi frumvarpi ríkisstjórnarinnar er hins vegar þrengt með grófum hætti að smábátaútgerð umfram það sem gert er gagnvart öðrum útgerðaraðilum miðað við fyrri lagaákvæði. Engin frambærileg rök hafa komið frá sjávarútvegsráðherra eða öðrum talsmönnum frumvarpsins um nauðsyn þeirra breytinga gagnvart veiðum smábáta sem meiri hlutinn gerir tillögur um. Ástæða er til að vekja athygli á því að hlutur smábáta í auknum þorskafla á árinu 1987 nemur innan við 2% og alls er afli þeirra um 8% af heildarþorskveiðinni.

Vegna málefnalegrar vinnu smábátaeigenda í tengslum við meðferð frumvarpsins Alþingi (sjá fylgiskjal V) og harðra viðbragða stjórnarandstöðunnar hefur tekist að knýja fram nokkrar lagfæringar á 10. gr. þess og á reglugerðardrögum frá sjávarútvegsráðuneytinu. Engin viðunandi lausn liggur þó fyrir í tillögum meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Þingmenn Alþýðubandalagsins flytja tillögu um grundvallarbreytingu á 10. gr. frumvarpsins um smábáta, sbr. tölul. 4 á þingskjali 435. Þar er gert ráð fyrir nánast óbreyttum ákvæðum um smábátaveiðar og verið hafa í gildi undanfarin tvö ár. Jafnframt er ráðherra samkvæmt breytingartillögunni veitt heimild til að setja reglur um endurnýjun smábáta með það að markmiði að nýir fiskibátar bætist ekki í flotann nema í tengslum við úreldingu.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á að samkvæmt tillögum sjávarútvegsráðherra og meiri hl. sjávarútvegsnefndar eru engar skorður reistar við fjölgun smábáta undir 6 brl., nema þeirra sem heimild fá til netaveiða.

Hér hefur verið gerð grein fyrir nokkrum af augljósum annmörkum núverandi stjórnkerfis sem skylt ætti að vera að taka á með nýrri lagasetningu. Því miður hefur ríkisstjórnin og sjávarútvegsráðherra ekki haft neina burði til að undirbúa það verk. Þeim mun mikilvægari er sú stefnumörkun sem þingflokkur Alþýðubandalagsins hafði forgöngu um á árinu 1987 og samþykkt var af miðstjórn flokksins 5. desember sl. (sjá fylgiskjal VII).

Staða hafrannsókna og stjórnun fiskveiða.

Þótt þekkingu á lífríki hafsins og umhverfisskilyrðum hafi fleytt mikið fram síðustu áratugi skortir mikið á að viðhlítandi vitneskja liggi fyrir um ástand nytjastofna og vistfræðilegt samhengi í hafinu. Þetta kemur m.a. fram í nýlegum ritum Hafrannsóknastofnunar (fylgiskjöl I og VI) og í ádrepu frá forstjóra hennar, Jakob Jakobssyni, á síðastliðnu hausti (fylgiskjal II).

Eitt mikilvægasta atriði í skilvirkri fiskveiðistjórnun á að vera að efla hafrannsóknir og gera viðkomandi stofnunum og vísindamönnum kleift að sinna aðkallandi verkefnum.

Árlega er varið til haf- og fiskirannsókna hérlendis aðeins því sem svarar hálfu prósenti af verðmæti útfluttra sjávarafurða. Þetta er miklu lægra hlutfall en meðal nágrannaþjóða sem þó eiga langtum minna undir sjávarútvegi en Íslendingar.

Brýn þörf er á grundvallarrannsóknum á vistkerfi íslenskra hafsvæða til þess m.a. að leiða í ljós flókin tengsl milli nýliðunar og afrakstursgetu nytjastofnanna, svo og breytingar í neðstu hlekkjum fæðukeðjunnar.

Verulegir möguleikar geta verið fólgnir í veiðum á ýmsum tegundum á grunnslóð sem nú eru lítið eða ekki veiddar, en fjármagn þarf til rannsókna á þeim og til að leiðbeina sjómönnum og vinnsluaðilum um hagkvæma og hóflega nýtingu þeirra.

Efla þarf til muna rannsóknir er varða hagkvæma fiskveiðistefnu og samhengi allra þeirra þátta er hana snerta. Þannig þarf að tengja saman tæknilegar, hagrænar, félagslegar og fiskifræðilegar rannsóknir.

Skilningur núverandi stjórnvalda á rannsóknaþörf og ráðgjöf í sjávarútvegi er hörmulega lítill og bitnar jafnt á veiðum og vinnslu. Þetta skilningsleysi var m.a. staðfest við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1988 þar sem breytingartillögur frá stjórnarandstöðu um þessi efni voru allar felldar.

Gildistími laganna.

Eftir breytingu efri deildar á frumvarpi ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir þriggja ára gildistíma laganna. Alþýðubandalagið telur hins vegar rétt að hafa gildistímann ótiltekinn eins og algengast er um lög í landinu. Veldur því bæði sú réttarfarslega óvissa sem tengist „sólarlagsákvæðum“ af þessu tagi gagnvart fjölþættum og miklum hagsmunum í aðalatvinnuvegi landsmanna og þeir mörgu annmarkar sem eru a frumvarpinu samkvæmt tillögum meiri hlutans.

Eftir fjögurra ára tilraunir með nýtt stjórnkerfi í fiskveiðum hefur ekki tekist að skapa sæmilegan frið um þetta þýðingarmikla mál. Á því er þó mikil nauðsyn, m.a. af hagrænum og félagslegum ástæðum. Hatrammar deilur um tilhögun veiðistjórnunar draga úr og seinka því átaki sem nauðsynlegt er að gera varðandi fiskiðnað í landinu og stórbætt kjör og vinnuaðstæður fiskvinnslufólks.

Um þetta mál hefði þurft að skapa víðtæka samstöðu, en málsmeðferð ríkisstjórnarinnar hefur gert vonir um það að engu. Því eru horfur á að landsmenn búi áfram við meingallað stjórnkerfi í fiskveiðum næstu þrjú árin.

Alþingi, 5. jan. 1988.

Hjörleifur Guttormsson.

Yfirlit um fylgiskjöl:

1. Nytjastofnar sjávar og umhverfisþættir 1987. Aflahorfur 1988. Úr skýrslu Hafrannsóknastofnunar.
2. Ádrepa Jakobs Jakobssonar.
3. Aflaskýrslur frá Fiskifélagi Íslands.
4. Útreikningar Þjóðhagsstofnunar um afkomu útgerðar.
5. Veiðar smábáta:
   a. Greinargerð Landssambands smábátaeigenda.
   b. Athugasemd Landssambands smábátaeigenda.
   c. Fjöldi báta undir 10 brl. og veiðar þeirra 1982–86.
   d. Smábátar og fiskibátar utan kvótakerfis 1987.
6. Haf- og fiskirannsóknir 1988–1992. Úr skýrslu Hafrannsóknastofnunar.
7. Fiskveiðistefna Alþýðubandalagsins.

Fylgiskjal I.

Hafrannsóknastofnun:

Nytjastofnar sjávar og umhverfisþættir 1987.
Aflahorfur 1988.
(Fjölrit, nr. 11.)

II. Ástand nytjastofna

1. Þorskur

1.1. Afli, sókn, og árgangaskipan í veiðinni 1987

Þrátt fyrir betri gæftir á nýliðinni vetrarvertíð, reyndist þorskafli tímabilið janúar-maí 1987 svipaður og sömu mánuði 1986. Þorskafli bátaflotans var hinn sami bæði árin eða 118 þús. tonn en togaraafli sömu mánuði 1987 var 63 þús. tonn miðað við 64 þús. tonn árið 1986 (8. mynd a).



8. mynd. ÞORSKUR. a. Heildarafli árin 1960-1987 og meðalveiðidánartala 7-11 ára þorsks sama tímabil. b. Stærð veiðistofns (fjögurra ára og eldri) og hrygningarstofns árin 1960-1987 í þúsundum tonna.

Fig. 8. COD a. Total landings 1960-1987 (upper line) and F_{7-11} *during the same period. b. Fishable stock* (4^+) *and spawning stock biomass during the period 1960-1987 (thousand tonnes).*

Á vetrarvertíð suðvestanlands var afli víðast tregur nema á Breiðafirði. Þar aflaðist vel og í maí fékkst góður netaafli í Jökuldjúpi. Aflinn dreifðist á 4-8 ára þorsk. Mest var hlutdeild 7 ára þorsks (árgangur 1980), 28% af fjölda, en 32% af þyngd. Næst algengastur í vertíðaraflanum var fjögurra ára þorskur (árgangur 1983) 22% miðað við fjölda en um 9% miðað við í þyngd vertíðaraflans. Miðað við fjölda var 6 ára fiskur (1981 árgangur) þriðji í röðinni með 17% hlutdeild. Hlutdeild 5 og 8 ára þorsks var 11% og 12% miðað við fjölda. Hlutdeild 9 ára og eldri fisks var sáralítil eða innan við 10% af fjölda.

Á uppvaxtarsvæðum þorksins á norðvestur- norður- og austurmiðum byggðist veiðin fyrstu fimm mánuði ársins að hálfu á árgangi 1983 í fjölda, en hlutdeild árgangs 1982 var 16%. Framan af vetri var mikið af smáþorski í afla togara á Austfjarðamiðum og var oft gripið til skyndilokana af þeim sökum. Nokkuð var um 7 ára fisk í aflanum (1980 árgangur), sérstaklega í net. Í heild var hlutdeild 7 ára fisks 13% af fjölda.

Undanfarin 10 ár hefur verið samband milli þorskafla fyrstu 5 mánuði ársins og heildarafla sama árs. Þetta samband var notað til að áætla heildarveiðina 1987 svo og afla eftir aldri. Þessi aðferð var einnig notuð á s.l. ári og gafst þá vel. Samkvæmt þessum reikningum er gert ráð fyrir að þorskaflinn verði um 360 þús. tonn og aflinn eftir aldri (miðað við fjölda) skiptist eins og sýnt er á 8. mynd. Þar kemur fram að langmest veiðist af 4 ára fiski (árgangur 1983).

Gert er ráð fyrir að annar hver fiskur sem veiðist 1987 verði annað hvort þriggja eða fjögurra ára þorskur (árgangar 1984 og 1983, meðalþyngd eitt og hálft til tvö kíló) Fari afli fram úr 360 þús. tonnum á árinu 1987 mun það fyrst og fremst verða til þess að hlutfall smáfisks í afla eykst enn frá því sem gert er ráð fyrir. Þetta er í góðu samræmi við spána sem gerð var í september 1986. Þó virðist veiði smáfisks verða enn meiri en þá var gert ráð fyrir (9. mynd). Þetta er vegna þess að 1983 árgangurinn er að hluta til vaxinn upp fyrir viðmiðunarmörkin.



9. mynd. ÞORSKUR. Áætlaður landaður afli af fjölda (milljónir) á árið 1987.

Fig. 9. COD. Estimated numbers landed (in millions) in 1987.

1.2. Vöxtur og kynþroski

Á árunum 1981 til 1983 var meðalþyngd þorsks eftir aldri lítil en fór aftur vaxandi á árunum 1984 til 1985. Meðalþyngd á síðasta ári var mjög svipuð og árið 1985 og tölur um meðalþyngd fyrstu fimm mánuði þessa árs eru svipaðar og sömu mánuði árið 1986.

Kynþroski eftir aldri hefur breyst á sama hátt og meðalþyngd eftir aldri. Hlutfall kynþroska eftir aldri var svipað 1986 og árið 1985. Tímabilið janúar til maí 1987 er hlutfall kynþroska líkt og það var á sama tímabili árið 1986.

1.3. Nýliðun

Nýliðun í þorskstofninn er metin með þremur mismunandi aðferðum. VP-greining (aldurs-afla aðferð) gefur upplýsingar um árgangastærð fjögurra ára fisks en litlar sem engar upplýsingar um stærð yngri árganga. Þá hafa gögn úr aflaskýrslum togara í mars 1977-1987 einnig verið notuð til að meta árgangastærð fjögurra ára fisks. Stofnmæling botnfiska á Íslandsmiðum og fyrri nýliðunarrannsóknir gefa vísbendingu um fjölda eins til fjögurra ára fisks. Niðurstöður ofangreindra rannsókna varðandi þorskárgangana frá 1983 til 1986 eru þessar:

Árgangurinn frá 1983 er talinn allsterkur eða um 280 millj. þriggja ára nýliða (10. mynd b). Það er heldur minna en gert var ráð fyrir í síðustu skýrslu um ástand nytjastofna á Íslandsmiðum (Hafrannsóknir 36. hefti). Árgangurinn mældist minni í stofnmælingu botnfiska í mars 1987 en fyrri niðurstöður þeirra rannsókna sýndu. Á hinn bóginn hefur hann verið mjög áberandi í afla togara síðan um mitt ár 1986. Þetta stangast á og verður því að telja að enn ríki nokkur óvissa um stærð þessa árgangs.



10. mynd. ÞORSKUR. a. Afrakstur á 3 ára nýliða miðað við mismunandi sókn (veiðidánartölu). b. Stærð þorskárganganna 1960-1986. Fjöldi við 3 ára aldur (í milljónum).

Fig. 10. COD. a. Yield per 3 year old recruit. b. Year classes 1960-1986 at age 3 (in millions).

Nýjustu rannsóknir á stærð árgangsins frá 1984 benda til að hann sé um 300 millj. þriggja ára nýliða. Þetta er örlitið hærra en reiknað var með við síðustu úttekt á ástandi þorskstofnsins.

Árgangur 1985 er talinn vera í meðallagi. Þetta byggist eingöngu á mælingum á stærð hans þegar hann var eins og tveggja ára í stofnmælingu botnfiska 1986 og 1987. Það skal tekið fram að stærð þessa árgangs er enn háð mikilli óvissu.

Árgangur 1986 er talinn vera mjög slakur eða um 140 millj. þriggja ára nýliða. Mæling á stærð þessa árgangs þegar hann var ársgamall í mars 1987 bendir til þess að styrkur hans sé sambærilegur við 1982 árganginn, en hann er talinn einhver sá lakasti sem fram hefur komið síðustu áratugina. Í síðustu ástandsskýrslu var hins vegar gert ráð fyrir að þessi árgangur væri af meðalstærð.

1.4. Ástand stofnsins

Samkvæmt nýrri úttekt, er veiðistofninn (fjögurra ára þorskur og eldri) talinn hafa verið ein millj. tonn við upphaf ársins 1987 (8. mynd b). Þetta er áþekk niðurstaða og í september 1986 (1.050 þús. tonn, Hafrannsóknir 36. hefti). Nú er gert ráð fyrir að hrygningarstofninn hafi verið 350 þús. tonn í ársbyrjun 1987 í stað 410 þús. tonna í síðustu skýrslu.

Við núverandi stofnmat var eins og undanfarið stuðst við aflaskýrslur togara. Fundinn var meðalafli á togtíma fyrir Norðurlandi í marsmánuði og sá afli greindur eftir aldursflokkum samkvæmt sýnum úr afla. Samband á milli þess afla á togtíma og stofnstærðar skv. aldurs-aflaaðferð var ásamt tölfræðilegu stofnmati (sjávarútvegslíkani) og niðurstöðum úr stofnmælingu botnfiska frá mars 1987 notað til þess að meta stærð stofnsins 1987.

Þótt árlega endurheimtist hér fáeinir þorskar sem merktir hafa verið við Grænland, er ekki gert ráð fyrir neinum göngum þaðan, enda hafa þorskstofnar þar og þorskveiðar verið í algjöru lágmarki nokkur undanfarin ár. Við Grænland er mikið af þriggja ára

þorski (árgangur 1984), en hann er að mestu kominn þangað frá Íslandi. Gangna af þeim árgangi er þó ekki að vænta á Íslandsmið fyrr eftir 1990.

1.5. Horfur og tillögur um hámarksafla 1988

Gert er ráð fyrir að veiðistofn þorsks í ársbyrjun 1987 (fjögurra ára fiskur og eldri) hafi verið ein milljón tonn og afli ársins 1987 verði 360 þús. tonn. Veiðistofn í ársbyrjun 1988 verður þá 1.160 þús. tonn og hrygningarstofn 360 þús. tonn (tafla 1). Veiðistofninn stækkar því um nærri 12% vegna þess að hinn sterki árgangur frá 1984 verður fjögurra ára og bætist því í veiðistofninn 1988. Meðalþyngd eftir aldri hefur ekki aukist í ár miðað við árið 1986 og því er gert ráð fyrir að meðalþyngd eftir aldri árið 1988 verði sú sama og árið 1986, en 5% minni árin 1989 og 1990. Er þá gert ráð fyrir að aftur dragi úr vexti eftir undangengið góðæri.

TAFLA 1

Þorskur. Áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð þorskstofnsins (þús. tonn) árin 1988-1990.

Cod. Projection of stock and spawning stock biomass (thousand tonnes) for different management strategies in 1988-1990.

1987					1988			1989			1990	
Stofn 4+ *Stock* 4+	Hrygn.-stofn *Spawning stock*	F[1]	Afli *Catch*	Veiðiráðgjöf 1988 Aflahám. 1989 *TAC*	Stofn 4+ *Stock* 4+	Hrygn.-stofn *Spawning stock*	F[1]	Stofn 4+ *Stock* 4+	Hrygn.-stofn *Spawning stock*	F[1]	Stofn 4+ *Stock* 4+	Hrygn.-stofn *Spawning stock*
1000	360	0,86	360	400	1160	360	0,86	1100	360	0,85	950	360
				350			0,73	1160	390	0,66	1060	430
				300			0,60	1210	420	0,51	1180	500

F= Veiðidánartala (7-11 ára þorsks).
Fishing mortality of age groups 7-11.

Eins og fram kemur í kaflanum um nýliðun í þorskstofninn er í framreikningum gert ráð fyrir að árgangarnir frá 1983 og 1984 séu báðir sterkir (280 og 300 millj. þriggja ára nýliða).

Miðað við ofangreindar forsendur eru áhrif mismunandi afla á áætlaða stærð þorskstofnsins 1988 til 1990 eins og fram kemur í töflu 1.

Ef veidd verða 400 þús. tonn árin 1988 og 1989 mun hrygningarstofninn standa í stað og verða álika og veturinn 1987 og veiðistofninn minnka úr 1.160 þús. tonnum í ársbyrjun 1988 í 950 þús. tonn árið 1990. Veiðidánarstuðlar munu haldast háir og árgangar endast illa enda afli 35-40% af stofnstærð. Verði aflinn árin 1988 og 1989 takmarkaður við 350 þús. tonn, sem er örlitilð minna en gert er ráð fyrir að veiðist á yfirstandandi ári, mun veiðistofn haldast óbreyttur 1988 og 1989 en minnka um 10% árið 1990. Hrygningarstofn mun árið 1990 vaxa lítið eitt, sem þýðir að þær vertíðir sem framundan eru verða lélegar eins og að undanförnu. Með þessari fiskveiðistefnu mun veiðidánarstuðull lækka örlitið á árunum 1988 og 1989. Þriðji kosturinn, 300 þús. tonna

afli á ári, yrði til þess að veiðistofn vex lítið eitt á næstu árum. Hrygningarstofn mun hins vegar vaxa örar og verða um 500 þús. tonn árið 1990 og fiskgengd væntanlega aukast á vertíðarsvæðinu suðvestanlands. Þá munu veiðidánarstuðlar lækka verulega á næstu árum. Til að ná þessu marki þarf sóknin í þorskstofninn að minnka um 20% á ári næstu tvö árin.

Á síðustu árum hefur þorskstofninn búið við hagstæð lífsskilyrði. Á þessu ári og því næsta (1987 og 1988) munu tveir stórir árgangar bætast í veiðistofninn. Þrátt fyrir þetta verður að draga verulega úr sókn í þorsk ef stefnt skal að því að stofninn stækki. Þess vegna telur Hafrannsóknastofnunin æskilegt að afli verði takmarkaður við 300 þús. tonn árin 1988 og 1989.

Nýting þorskstofnsins undanfarin ár hefur verið með þeim hætti að ársaflinn hefur verið 35-40% veiðistofns (fjögurra ára fiskur og eldri). Svo hörð sókn leiðir óhjákvæmilega til þess að árgangar eru fá ár í veiðinni og aflinn byggist fyrst og fremst á 3-6 ára fiski en mjög lítið er um fisk sem er eldri en 8 ára. Í síðustu skýrslu (Hafrannsóknir 36. hefti) var á það bent að nú væri lag til að breyta nýtingu þorskstofnsins á þann hátt að fiskgengd ykist á vertíðarsvæðinu þar sem elsti og þyngsti þorskurinn veiðist. Nú verður ekki betur séð en það tækifæri sem við eygðum í fyrra sé að ganga okkur úr greipum ef fram verður haldið sem hingað til.

TAFLA 16.1

Þorskur. Fjöldi þorska í þúsundum landaðra í aldursflokkum árabilið 1972-1986.

Cod. Numbers of cod (1000) landed per age group during 1972-1986.

Aldur *Age*	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979
3	8.973	36.538	14.846	29.301	23.578	2.614	5.999	7.186
4	29.574	25.542	61.826	29.489	39.790	42.659	16.287	28.427
5	30.918	27.391	21.824	44.138	21.092	32.465	43.931	13.772
6	22.855	17.045	14.413	12.088	24.395	12.162	17.626	34.443
7	11.097	12.721	8.974	9.628	5.803	13.017	8.729	14.130
8	9.784	3.685	6.216	3.691	5.343	2.809	4.119	4.426
9	10.538	4.718	1.647	2.051	1.297	1.773	978	1.432
10+	5.331	7.233	4.719	2.165	1.087	539	577	589

Aldur *Age*	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986
3	4.348	2.118	3.285	3.554	6.750	6.457	20.642
4	28.530	13.297	20.812	10.910	31.553	24.552	20.330
5	32.500	39.195	24.462	24.305	19.420	35.392	26.644
6	15.119	23.247	28.351	18.944	15.326	18.267	30.839
7	27.090	12.710	14.012	17.382	8.082	8.711	11.413
8	7.847	26.455	7.666	8.381	7.336	4.201	4.441
9	2.228	4.804	11.517	2.054	2.680	2.264	1.771
10+	1.020	2.608	2.387	3.563	1.371	1.653	1.420

TAFLA 16.2

Meðalþyngd þorsks eftir aldri árabilið 1972-1986 (kg).
Cod. Mean weight at age during 1972-1986 (kg).

Aldur *Age*	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979
3	0.96	1.03	1.05	1.10	1.35	1.26	1.29	1.41
4	1.46	1.42	1.71	1.77	1.78	1.91	1.83	1.96
5	2.22	2.47	2.43	2.78	2.65	2.86	2.93	2.64
6	3.23	3.60	3.82	3.76	4.10	4.07	3.96	4.00
7	4.30	4.90	5.24	5.45	5.07	5.78	5.73	5.55
8	5.51	6.11	6.66	6.69	6.73	6.64	6.81	6.75
9	5.99	6.67	7.15	7.57	8.25	7.69	9.04	8.30
10	6.20	6.75	7.76	8.58	9.61	7.73	10.90	9.31

Aldur *Age*	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986
3	1.39	1.18	1.01	1.10	1.29	1.41	1.45
4	1.86	1.65	1.56	1.60	1.73	1.97	2.00
5	2.73	2.26	2.25	2.28	2.60	2.58	2.83
6	3.77	3.29	3.10	3.02	3.58	3.65	3.59
7	5.26	4.48	4.26	4.10	4.37	4.98	4.72
8	6.98	5.82	5.39	5.48	5.80	6.37	6.41
9	8.04	7.74	6.68	7.05	7.46	8.21	7.63
10	10.73	9.42	9.14	8.13	9.95	10.32	9.33

TAFLA 16.3

Hlutfall kynþroska (%) þorsks eftir aldri 1972-1986 (kg).
Percentage of mature cod by age group 1972-1986 (kg).

Aldur *Age*	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979
4	10	7	11	9	11	4	8	5
5	33	26	27	30	37	19	21	20
6	53	51	61	51	56	55	47	49
7	83	78	80	83	67	84	86	74
8	92	94	93	95	93	96	96	90
9	98	98	97	99	99	99	98	98
10	98	99	99	100	100	100	100	93
11	100	100	100	100	100	100	100	100

Aldur *Age*	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986[1)]
4	5	2	6	4	6	11	7
5	17	9	17	16	21	23	27
6	46	26	26	33	41	55	49
7	74	57	53	51	62	79	72
8	85	81	81	71	75	92	82
9	97	91	93	86	85	95	99
10	98	95	95	98	94	100	92
11	100	100	100	100	100	100	100

1) Bráðabirgðatölur.
Provisional figures.

Fylgiskjal II.

Ádrepa Jakobs Jakobssonar.
(Úr Fiskifréttum 13. nóv. 1987.)

Það voru sláandi upplýsingar sem Jakob Jakobsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, kom fram með í ræðu sinni á aðalfundi LÍÚ á dögunum. Jakob benti mönnum á að nýting þorskstofnsins nú jafnaðist næstum á við versta smáfiskadráp breska flotans á Íslandsmiðum á sínum tíma. Sagðist Jakob efast um að þorskastríðið hefði unnist ef Íslendingar hefðu sagst ætla að nýta þorskstofninn á þann hátt sem gert er í dag.

Í máli Jakobs kom fram að gert er ráð fyrir því að meðalþyngd þorksins í ár sé rétt um 3 kg. Það þýði að veiða verði 131 milljón þorska til þess að ná 380 þúsund tonna afla á árinu. Benti Jakob á að aflinn árið 1980 hefði verið 118 milljónir þorska og 124 milljónir árið eftir. Aflinn á þessum árum hafi hins vegar ekki verið 380 þúsund tonn, heldur 430 þúsund tonn 1980 og 465 þúsund tonn árið 1981.

„Haldi menn að há meðalþyngd í afla þessi tvö ár hafi verið vegna markvissrar fiskveiðistjórnar hafa þeir á röngu að standa. Ástæðan var einfaldlega sú að mikill hluti 1973-árgangsins ólst upp við Grænland svo að við náðum ekki að veiða hann fyrr en 1980 og 1981. Við verðum að fara aftur til daga fyrstu svörtu skýrslunnar, til ársins 1976, til að finna álíka nýtingu þorskstofnsins og við stefnum nú að. Það ár veiddum við 120 milljónir þorska. Aflinn þá varð 346 þúsund tonn. Það er að segja að á verstu dögum smáfiskadráps Breta fór





meðalþyngdin aðeins niður fyrir það sem við stöndum frammi fyrir nú. Sé þetta hins vegar athugað lengra aftur í tímann komum við að árinu 1955. Þá veiddust um 131 milljón fiska, þ.e. nákvæmlega jafnmargir þorskar og nú er gert ráð fyrir að veiðist í ár. Var aflinn þá 380 þúsund tonn eins og hann verður væntanlga í ár? Nei, góðir fundarmenn, hann var 538 þúsund tonn," sagði Jakob Jakobsson.

Fylgiskjal III.

Aflaskýrslur frá Fiskifélagi Íslands.
(Allar tölur í þús. tonna.)

1986	*Tillaga fiskifræðinga*	*Ákvörðun stjórnvalda*	*Veiði*
Þorskur	300	300	366
Ýsa	50	60	47
Ufsi	60	70	64
Karfi	85	100	86
Steinbítur	12		12
Grálúða	25	30	31
Skarkoli	10		13

1987	*Tillaga fiskifræðinga*	*Ákvörðun stjórnvalda*	*Veiði*
Þorskur	300	330	Áætlað 395
1985			
Þorskur	200	250	323
Ýsa	45	60	50
Ufsi	60	70	55
Karfi	90	110	95
Steinbítur	12	15	10
Grálúða	25	30	29
Skarkoli	10	17	14
1984			
Þorskur	200	220	282
Ýsa	55	60	47
Ufsi	65	70	60
Karfi	90	110	108
Steinbítur	12	15	10
Grálúða	25	30	30
Skarkoli	10	17	11
1983			
Skrapdagakerfi.			
Þorskur	350		293
Ýsa	70		64
Ufsi	65		56
Karfi	80		123
Steinbítur	8		12
Grálúða	17		29
Skarkoli	10		9
Afli umfram tillögur:	*Stjórnvöld*	*Fiskifr.*	
1984	62	82	
1985	73	123	
1986	66	66	
1987	65	95	
	266	366	

Heildarafli 1978–1985.
(Óslægður fiskur, í þús. tonna.)
1981–1983 eru viðmiðunarár.

	1978	*1979*	*1980*	*1981*	*1982*	*1983*	*1984*	*1985*	*1986*
Heildarafli	1562	1641	1508	1435	786	835	1527	1673	1651
Botnfiskur alls	478	582	659	516	690	603	565	581	632
Þorskur	320	360	428	461	382	294	281	323	366
Ýsa	41	62	48	61	67	64	47	50	47
Ufsi	44	57	52	55	65	56	60	55	64
Karfi	33	62	70	93	115	123	108	91	86
Steinbítur	10	10	9	8	8	12	10	10	12
Grálúða	11	17	28	15	28	28	30	29	31
Skarkoli	4	4	5	4	6	9	11	14	13
Annar botnfiskur	15	20	19	19	19	17	18	9	13
Humar, rækja og hörpudiskur	18	18	21	21	24	31	42	44	58
Síld	37	45	53	40	57	59	50	49	66
Loðna	967	964	760	641	13	133	865	993	894
Annað	62	32	15	17	2	9	5	6	1

Fylgiskjal IV.

Útreikningar Þjóðhagsstofnunar um afkomu útgerðar.
(4. desember 1987.)

Hr. Skúli Alexandersson alþingismaður.

Samkvæmt beiðni yðar hefur Þjóðhagsstofnun reiknað út dæmi um afkomu í botnfiskveiðum miðað við rekstrarskilyrði í nóvember 1987 og þá miðað við að verðmæti skipa sé tvöfalt vátryggingarverðmæti þeirra og full arðsemiskrafa sé gerð á það verðmæti miðað við 6% ávöxtun fjármagns.

Ástæðan fyrir þessari beiðni yðar mun vera sú að þér teljið verðmæti fiskiskipa í dag langt umfram vátryggingarverðmæti þeirra og tekjur skipanna þurfi að samsvara því að verðmæti þeirra ávaxti sig, en í áætlun Þjóðhagsstofnunar um afkomu í botnfiskveiðum sé stuðst við vátryggingarverðmæti.

Þessu til stuðnings hafið þér bent á tvö dæmi um sölur skipa á árinu 1987 þar sem söluverð er í öðru tilvikinu 92% hærra en vátryggingarverðmæti en í hinu 120% hærra.

Eins og dæmið í meðfylgjandi töflu ber með sér versnar afkoma í botnfiskveiðum um 12,8% eða úr 3,5% hagnaði í 9,3% rekstrarhalla sem hlutfall af tekjum við það að reikna ársgreiðslu út frá tvöföldu vátryggingarverðmæti en þá hefur verið reiknað með afskriftum og 6% vöxtum af verðmætisaukanum til gjalda.

Þjóðhagsstofnun vill í þessu sambandi meðal annars benda á að ef stór hluti botnfiskveiðiflotans yrði til sölu yrði söluverð sennilega mun lægra en tvöfalt vátryggingarverðmæti hans. Jafnframt væri ekki til of mikils mælst að útgerðaraðilar sem gerðu kröfur til slíkrar ávöxtunar litu til þess arðs sem þeir hafa orðið aðnjótandi við það að skip þeirra hækkuðu í verði. Það eru því mörg atriði sem taka þarf tillit til áður en einhlítar ályktanir eru dregnar af þessu dæmi.

Hvað varðar einstök dæmi um skipakaup þá hljóta viðkomandi aðilar að hafa reiknað út arðsemi af þeim viðskiptum og verið ánægðir með, því varla hefðu þeir gert kaupin annars.

Hitt er alvarlegra mál ef aðilar í sjávarútvegi selja eignir sínar á slíku verði og hætta í sjávarútvegi en í staðinn kæmu aðilar skuldum vafnir vegna slíkra kaupa og væru því vanbúnari til að takast á við hugsanleg áföll í atvinnugreininni.

Eyjólfur Sverrisson.

Dæmi um afkomu í botnfiskveiðum.
Rekstrarskilyrði í nóvember 1987.[1)]
(Í millj. kr.)

	1. Miðað við vátryggingarverðmæti	*2. Miðað við tvöfalt vátryggingarverðmæti*
Tekjur alls	17 347	17 347
Gjöld án árgreiðslu	14 268	14 268
Verg hlutdeild fjármagns	3 079	3 079
Árgreiðsla	2 467	4 686
Hagnaður	612	–1 607
Hagnaður sem hlutfall af tekjum	3.5	–9.3

[1)] Marga fyrirvara þarf að hafa á dæmi 2 og er í því sambandi vísað til bréfs sem fylgir hér með, dagsett 4. des. 1987 til Skúla Alexanderssonar alþingismanns.

Fylgiskjal V.

VEIÐAR SMÁBÁTA

A.
Greinargerð Landssambands smábátaeigenda um 10. gr. frumvarps sjávarútvegsráðherra til laga um stjórn fiskveiða.

Með framsetningu 10. gr. á í þriðja sinn á fjórum árum að skipta nær algerlega um veiðifyrirkomulag smábáta, raunar í fjórða skipti vegna þess að fyrir daga kvótans voru þessir menn látnir afskiptalausir. Það hlýtur að vera hverjum manni ljóst að það er ekki heiglum hent að skipuleggja rekstur fram í tímann undir slíkum kringumstæðum. Engum

hópi útgerðarmanna hefur verið boðið upp á aðrar eins uppákomur og með öllu óskiljanlegt hvers vegna smábátaeigendum er ætlað slíkt.

Þá er einnig gerbreytt því fyrirkomulagi að þessar veiðar skuli alfarið bundnar með lögum, en fyrir árið 1986 lagði ráðherra mikla áherslu á að veiðarnar skyldu vera með þeim hætti. Árin 1984 og 1985 var fyrirkomulagið svo til alfarið í höndum ráðherrans og sjálfur lýsti hann því margsinnis yfir að það væri ekki það form sem hann óskaði eftir. Þessu voru smábátaeigendur algerlega sammála og eru enn.

Þar sem 10. gr. fjallar að stofni til um heimildir til handa ráðherra er nauðsynlegt að hafa til hliðsjónar þær hugmyndir sem ráðuneytið hefur gefið frá sér um útfærslu 10. gr.

Í þeim hugmyndum er fjallað um báta milli 6 og 10 tonn. Þar er gert ráð fyrir því að skipta hópnum í tvennt og gefa þeim kost á meðalaflamarki sem fengið er með þeirri aðferð að þeir aðilar sem hafa undanfarin ár gert það mjög gott eru látnir mynda meðalkvóta handa þeim er lakar hafa staðið sig og þeim sem eru nýhafnir útgerð. Í sárabætur er þessum mönnum gefinn kostur á því að taka mið af eigin reynslu, fá 90% af henni, en þó aldrei meira en 135 tonn. Þá er einnig heimilt að hafa helming línuafla utan kvóta í nóvember, desember, janúar og febrúar. Það er mjög ámælisvert að hvetja smábátasjómenn beinlínis til að róa á þeim árstíma þegar vályndust eru veður og birta af skornum skammti. Þetta þýðir ekkert annað en að þeir aðilar sem best hafa staðið sig eru verst settir eftir á. Á það skal bent að flestir þessara aðila eru í byggðarlögum sem mikið eða alfarið byggja á þessari útgerð. Þá er sú úthlutun sem talað er um mjög hvetjandi til að menn fari að róa einir á báti, þar sem áður voru tveir og jafnvel þrír í áhöfn.

B- og C-liðir frumvarpsins fjalla um báta undir 6 tonnum. Þar er einnig gert ráð fyrir því að skipta hópnum í tvennt, annars vegar þeir sem geta fengið netaveiðileyfi og þeir sem ekki geta fengið þau. Þeir síðarnefndu eru settir í banndagakerfi með svipuðu sniði og verið hefur síðastliðin tvö ár. Þó er talað um að fjölga banndögum um 30% á sama tíma og talað er um að draga 10% úr þorskafla. Þá er talað um að þeir sem stunduðu netaveiðar á árunum 1986 og 1987 geti fengið netaveiðileyfi. Hér er um stórkostlega eignaupptöku hjá fjölda manna sem annaðhvort hafa ekki stundað þennan veiðiskap þessi ár og þeim sem hafa fjárfest í útbúnaði til slíkra veiða en ekki hafið þær. Netaveiðibann á minnstu bátana hefur verið rökstutt með því að af þeim stafi mikil slysahætta og skili lélegu hráefni. Engar skýrslur hafa verið lagðar fram þessu til stuðnings enda ekki hægt, þær sýna þveröfuga útkomu. Þess skal getið að í Grímsey hefur ekki farist maður við fiskveiðar á þessari öld og ætti ekki að þurfa að taka það fram að þar eru einhverjar erfiðustu aðstæður til sjósóknar sem þekkjast.

Um D-lið er fátt eitt að segja. Hann kemur smábátaeigendum ekkert á óvart, þeir eru orðnir vanir því hvað telst réttlæti þeim til handa.

E-liður er ekki nánar útfærður þannig að ekki er unnt að fjalla um hann.

Um F-lið er það að segja að hann er tilkominn út af því að ráðuneytið hefur talið fjölgun smábáta keyra úr hófi fram. Þó er aðeins gert ráð fyrir því að færa úreldingarregluna niður að 6 tonnum. Það er þó vitað mál að langmesta fjölgunin hefur átt sér stað fyrir neðan 6 tonn. Sé þessi fjölgun svo mikið vandamál, þá er það síður en svo leyst með þessum hætti og í raun bein hvatning til manna að hefjast handa við smíði minnstu bátanna. Er það í hrópandi ósamræmi við allar umræður um öryggismál sjómanna.

Í öllum stafliðum 10. gr. er vísað til ákvörðunar ráðherra og er greinin ein samfelld heimild honum til handa. Veiðum smábáta gæti hann stjórnað að vild og er það í raun það sem farið er fram á með 10. gr. Af ráðherraheimildum hafa trillukarlar afar slæma reynslu undanfarin ár og engin ástæða til að ætla að það mundi taka stakkaskiptum.

Í starfsáætlun núverandi ríkisstjórnar er tekið fram um sjávarútvegsmál að sérstakt tillit skuli tekið til byggðasjónarmiða og athafnafrelsis manna í sjávarútvegi. Sú 10. gr. sem hér er fjallað um gengur í þveröfuga átt. Þegar athafnafrelsi manna er skert með jafnveigamiklum

hætti og hér um ræðir hljóta að þurfa að liggja fyrir því ærnar ástæður. Í upphafi kvótakerfisins var þorskstofninn talinn í mikilli hættu og því nauðsyn á harkalegum aðgerðum. Í skriflegum svörum frá Hafrannsóknastofnun við nokkrum spurningum sem Landssamband smábátaeigenda lagði fyrir stofnunina er það staðfest að þorskstofninn sé ekki í hættu. Í ljósi þess er það undarlegt að vega eigi að þeim þætti útgerðarinnar sem er viðurkennd hagkvæmust. Hagkvæmni hennar sést best á því að 15% íslenskra sjómanna komast bærilega af með sig og sína útgerð með 5–6% heildarafla flat- og botnfisks.

Vonandi taka alþingismenn á þessum málum af þeim skilningi að trillukarlar þurfi ekki nær árvisst að berjast fyrir tilverurétti sínum. Öllum ætti að vera ljóst að því minni höft sem lögð eru á smábátana, því hagstæðara verður það fyrir atvinnu- og lífsafkomu smæstu sjávarþorpanna.

B.

Landssamband smábátaeigenda.

(Reykjavík, 6. des. 1987.)

Við viljum vekja athygli á eftirfarandi:

Í athugasemd um 10. gr. segir: „Þrátt fyrir takmarkanir laga 97/1985 hafa smábátar haldið áfram að auka hlutdeild sína í heildarafla jafnframt því sem þessum bátum fjölgar jafnt og þétt. Er því nauðsynlegt að grípa til annarra aðferða til að halda fjölgun og aflaaukningu hvers flokks báta í skefjum."

Eftirtaldar aflatölur hafa verið unnar á skrifstofu Landssambands smábátaeigenda. Heimildir eru rit Fiskifélags Íslands, ÚTVEGUR og uppgefnar aflatölur fyrir 1987 frá Fiskifélagi Íslands. Í meðfylgjandi töflu er allur afli mældur í tonnum:

Ártal	*Heildar botn- og flatfiskafli*	*Afli smábáta*	*Hluti smábáta*	*Aukning minnkun*
1985	585 051	28 085	4.80%	+ 0.93%
1986	632 283	36 648	5.80%	+ 1.00%
1987	677 301	37 410	5.52%	- 0.28%

Milli áranna 1986 og 1987 eykst botn- og flatfiskafli landsmanna úr 632 283 lestum í um 677 000 lestir. *Af þessari aflaaukningu eiga trillurnar um 770 lestir eða 1.70%.*

Varðandi aflatölur ársins í ár er stuðst við fyrstu 10 mánuði ársins og þær framreiknaðar til áramóta. Aflaaukningin á botn- og flatfiskaflanum umrædda 10 mánuði varð *7.12%* eða úr 544 931 lest í 583 727 lestir. Aflaaukning smábátanna fyrir sama tíma varð 2.08%, úr 33 919 lestum í 34 624 lestir.

Þá ber að taka það fram að áætluð fjölgun smábáta á milli áranna 1986 og 1987 er um 250 bátar eða um 21%. Þannig að þrátt fyrir fjölgun smábáta *eykst ekki* hlutdeild þeirra í heildaraflaaukningu á botn- og flatfiski. Enda mála sannast að fjölgun smábátaflotans er yfirgnæfandi í svokölluðum *„sunnudagsbátum"* og kemur fiskveiðum afar lítið við.

HLUTDEILD SMÁBÁTA Í HEILDARAFLA OG AFLAAUKNINGU BOTN- OG FLATFISKS 1986–1987.



Í athugasemdum með kvótafrumvarpi hæstvirts sjávarútvegsráðherra segir orðrétt: „Þrátt fyrir takmarkanir laga 97/1985 hafa smábátar haldið áfram að auka hlutdeild sína í heildarafla.“ Með súluriti hér að ofan er sýnt fram á að athugasemd þessi með frumvarpi ráðherra er röng því hlutdeild smábáta í heildarafla hefur minnkað.

Skýringar við súlurit:

1. Súla sýnir skiptingu 365 859 tonna þorskafla 1986 og hlut smábáta.
2. Súla sýnir skiptingu 395 000 tonna þorskafla 1987 og hlut smábáta.
3. Súla sýnir skiptingu 677 300 tonna botn- og flatfiskafla 1987 og hlut smábáta.
4. Súla sýnir 44 717 tonna heildaraflaaukningu á botn- flatfiski 1986–1987 og hlut smábáta í henni.

C.

Sjávarútvegsráðuneytið:

Upplýsingar um fjölda og veiðar báta undir 10 brl. á árunum 1982–1986.

(15. des. 1987.)

	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988
Heildarþorskafli (þús. tonn)	382.3	293.9	281.5	322.8	365.8	382.0	345.0
Þorskafli báta undir 10 brl.	13.0	12.6	16.0	22.7	29.1	30.5	
Hlutdeild %	3.4	4.3	5.7	7.0	8.0	8.0	

	1982		1983		1984		1985		1986	
Stærð (brl.)	Fj. báta	Meðal-þorskafli	Fj. báta	Meðal-þorskafli	Fj. báta	Meðal-þorskafli	Fj. báta	Meðal-þorskafli	Fj. báta	Meðal-þorskafli
0-6	668	12.1	693	11.6	829	13.0	986	15.0	1041	17.5
6-8	56	35.6	57	32.1	74	28.3	82	35.9	124	37.2
8-10	68	39.5	65	40.7	67	44.3	78	61.8	89	68.7
Samtals	792		815		970		1146		1254	

Heimild: Unnið úr gögnum frá Fiskifélagi Íslands.

D.

Smábátar og fiskibátar utan kvótakerfis 1987.

(Skipaskrá 1. jan. 1987.)

Stærð brl.	*Opnir bátar*	*Dekkbátar*	*Samtals*
1–2	65		65
2–3	509	3	512
3–4	323	8	331
4–5	221	39	260
5–6	245	29	274
6–7	35	19	54
7–8	24	26	50
8–9	8	28	36
9–10	4	15	19
Samtals	1 434	167	1 601

Nýskráðir opnir bátar frá 1. jan. 1987 – 10. sept. 1987.
Fjöldi 109 Meðalstærð 5.35 brl.

Nýskráðir dekkbátar frá 1. jan. 1987 – 10 sept. 1987.
Fjöldi 49 Meðalstærð 7.08 brl.

Samningar um nýsmíði dekkbáta gerðir fyrir 1. júlí 1987.
Fjöldi 55 Stærð 9–10 brl.

Fylgiskjal VI.

Hafrannsóknastofnun:

Haf- og fiskirannsóknir 1988–1992.

1. ÞRÓUNARHORFUR Í SJÁVARÚTVEGI

1.1 Stærð nytjastofna og aflahorfur

Í síðustu langtímaáætlun var ekki talið líklegt að umtalsverð aukning yrði á afla af Íslandsmiðum á næstu árum. Þetta hefur gengið eftir að undanteknum rækjuveiðunum sem hafa aukist mjög á seinustu árum. Flest bendir þó til þess að hámarki sé náð og rækjuafli muni ekki halda áfram að aukast úr þessu. Að því er best verður séð eru allir stærstu nytjastofnar nýttir til hins ýtrasta og vaxtarmöguleikar felast því nær eingöngu í nýtingu tegunda eins og gulllax, spærlings og kolmunna, úthafskarfa, langlúru skrápflúru og tindaskötu auk hryggleysingja svo sem krabba- og skelfisktegunda svo og ígulkerja. Hugsanlegt er að vísu að norska vorgotsíldin hefji ætisgöngur á Íslandsmið aftur, en um það er ekki hægt að fullyrða. Enda þótt ólíklegt virðist að framlag þessara tegunda vegi þungt í samanburði við þá stofna sem nú eru burðarásar sjávarútvegsins ætti ekki að gera lítið úr þeim möguleikum sem felast í nýtingu sjódýrastofna sem nú eru lítið sem ekki veiddir. Þar felast áreiðanlega tækifæri til að auka enn fjölbreytni framleiðslunnar.

Ástand nytjastofna á Íslandsmiðum ræðst að meira eða minna leyti af umhverfisaðstæðum á hverjum tíma. Ekki er fullljóst með hvaða hætti en afleiðingarnar birtast í breytingum á ýmsum líffræðilegum eiginleikum stofnanna svo sem nýliðun, vexti og kynþroska. Þá er algengt að umhverfisþættir hafi áhrif á göngur og veiðanleika. Vegna óvissu um breytingar á umhverfisaðstæðum á næstu árum er eðlilegast að gera ráð fyrir að hið sveiflukennda ástand, sem verið hefur á Íslandsmiðum frá 1965 haldist áfram.

Eins og að framan segir er hörð sókn í margar af hinum langlífari tegundum og segja má að sumargotssíldin sé nánast eina undantekningin. Sérstaklega á þetta við um þorskinn þar sem aflinn er mjög háður sífelldum breytingum í nýliðun. Þessu verður ekki breytt nema dregið verði verulega úr sókn frá því sem nú er. Í annan stað byggjast veiðarnar að umtalsverðum hluta á loðnunni, sem er skammlíf tegund. Því verður, eðli málins samkvæmt að gera ráð fyrir miklum sveiflum í aflamagni. Aflabrögð munu því væntanlega verða jafn sveiflukennd eins og verið hefur að undanförnu.

1.2 Stærð veiðiflotans og afköst - stjórn fiskveiða

Eins og margoft hefur komið fram er íslenski fiskiskipaflotinn talinn of stór. Í áliti nefndar þeirrar sem Rannsóknaráð ríkisins skipaði 1985 til þess að fjalla um þróun sjávarútvegsins er áætlað að

fiskiskipaflotinn sé um þriðjungi of stór miðað við afrakstursgetu fiskistofnanna og hagkvæmni veiðanna frá sjónarmiði þjóðarheildar. Sívaxandi tækni á sviði fiskleitar- og staðsetningartækja ásamt stærri og afkastameiri veiðarfærum hefur valdið byltingu í veiðihæfni og sóknarmætti skipa. Ekki sér fyrir endann á þessari þróun enn og gera verður ráð fyrir að bilið milli afkastagetu veiðiflotans og afrakstursgetu nytjastofna sem hann getur nýtt eigi enn eftir að vaxa. Enda þótt lengi megi um það deila hver sé heppilegasta stærð fiskiflotans er næsta ljóst að hann er alltof stór. Í framtíðinni mun því þurfa að stjórna veiðum úr flestum nytjastofnum á Íslandsmiðum.

Til þess að unnt sé að áætla afrakstursgetu nytjastofna í sjó og haga sókn í þá eftir því sem við á þarf öfluga og markvissa rannsóknastarfsemi. Á þetta bæði við um nytjastofnana sjálfa og lífsskilyrði þeirra. Stjórnvöld hafa tekið upp kvótakerfi í einhverri mynd fyrir veiðar flestra fisktegunda og virðist það vænlegasti kosturinn í fyrirsjáanlegri framtíð. Nauðsynlegt er þó að endurskoða forsendur og fyrirkomulag kvótakerfisins reglulega.

Að öðru leyti er langsamlega áhrifaríkasta leiðin til þess að bæta og tryggja afkomu sjávarútvegsins sú að fækka veiðiskipum frá því sem nú er og draga þannig úr veiðiálagi. Með því móti yrði tilkostnaður minni og afkoma útgerða jafnari og betri. Þar að auki myndu slíkar aðgerðir gera stjórn fiskveiða margfalt auðveldari og áhrifameiri en nú er mögulegt, ekki síst með tilliti til friðunar ungfisks.

Líklegt er að hér eftir sem hingað til verði leitað nýrra og enn betri aðferða við stjórnun fiskveiða. Mjög erfitt hefur þó reynst að hafa stjórn á framvindunni í þessum efnum ekki síst þar sem byggðasjónarmið og sérhagsmunir eru annars vegar.

1.3 Eldi sjávardýra

Eldi sjávar- og vatnadýra hefur aukist hröðum skrefum á síðastliðnum árum bæði hérlendis og í nágrannalöndunum. Margir sérfræðingar telja að hafin sé ræktunarbylting í vatni og sjó hliðstæð þeirri sem átti sér stað á landi þegar jarðræktin tók við af hjarðbúskap og veiðimennsku. Forsenda þessarar byltingar er öflug rannsókna- og þróunarstarfsemi þar sem virkjuð verður háþróuð þekking á sviði lífvísinda, verkfræði, stjórnunar- og markaðskunnáttu og verkþekking úr hefðbundnum fiskveiðum og landbúnaði.

Meðal nágrannaþjóða hefur Noregur ótvíræða forystu bæði hvað varðar rannsókna- og framleiðslugetu í fiskeldi og framleiddu árið 1986 um 44000 tonn af eldislaxi. Eldi sjávarlífvera er sérstakt áherslusvið í norskri atvinnumálastefnu og er miklu fé varið til rannsókna, menntunar og fjárfestingar á þessu sviði. Íslendingar eru mörgum árum á eftir Norðmönnum og nam framleiðsla á eldisfiski einungis 340 tonnum hér á landi árið 1986 þrátt fyrir mikla fjárfestingu í íslensku fiskeldi á allra síðustu árum.

Til skamms tíma hafa rannsóknir varðandi eldi sjávardýra verið í lágmarki. Má nefna sem dæmi að einungis einn starfsmaður Hafrannsóknastofnunar hefur fengist við eldisrannsóknir en á hafrannsóknastofnuninni í Bergen voru unnin um eitt hundrað ársverk við fiskeldisdeild þeirrar stofnunar 1985. Á þessu er þó að verða mikil breyting til batnaðar með tilkomu húsnæðis til tilrauna í eldi sjávardýra á stað við Grindavík, sem gert er ráð fyrir að taka í notkun snemma á árinu 1988. Í menntunarmálum eru Íslendingar einnig langt á eftir Norðmönnum.

Íslendingar standa nú á tímamótum í nýtingu hafsins. Nytjastofnar eru flestir fullnýttir en margt bendir hins vegar til þess að auka megi sjávarafurðir með eldi ýmissa sjávarlífvera, bæði fiska og hryggleysingja. Eins og er vitum við ekki hvaða lífverur og hvaða eldisaðferðir henta best við íslenskar aðstæður og þeirri spurningu verður ekki svarað nema með mikilli rannsókna- og þróunarstarfsemi. Hin síðari ár hefur árlega verið fjárfest fyrir hundruð milljóna króna í fiskeldi á Íslandi. Því er brýnt að efla rannsóknir til að koma í veg fyrir stórfelld mistök við uppbyggingu þessarar nýju atvinnugreinar.

2. STARFSMARKMIÐ HAFRANNSÓKNASTOFNUNAR

2.2 Staða haf- og fiskirannsókna á Íslandi

Af þeim markmiðum sem Alþingi hefur sett Hafrannsóknastofnun, og talin eru hér að ofan, má ljóst vera að haf- og fiskirannsóknir eru taldar gegna mikilvægu hlutverki. Og miðað við mikilvægi sjávarútvegs í íslenskum þjóðarbúskap er þetta ekkert undarlegt. Í hnotskurn er stofnuninni sem sé ætlað að haga starfsemi sinni þannig að ráðleggingar hennar leiði til hámarksafraksturs lifandi auðlinda sjávar í framtíðinni.

Það eru almenn sannindi að árangur af hvers konar rannsóknastarfsemi er mjög háður því hvernig að henni er búið. Á þetta bæði við um menntun, fjölda og aðbúnað starfsmanna svo og fjármagn, tæknibúnað og tækninýjungar hvers konar. Hérlendis er árlega varið til haf- og fiskirannsókna um þessar mundir sem svarar um eða rúmlega hálfu prósenti af verðmæti útfluttra sjávarafurða. Þetta er miklu lægra hlutfall en gerist meðal nágrannaþjóða, sem við miðum okkur gjarnan við, þótt þær séu þó hvergi nærri jafn háðar þessum atvinnuvegi. Núverandi fjárveitingar til haf- og fiskirannsókna nægja ekki til þess að hægt sé að halda uppi þeirri starfsemi sem þjóðfélagið ætlast til og íslenskur sjávarútvegur á skilið. Með tilliti til starfsmarkmiða er Hafrannsóknastofnunin rekin af vanefnum. Það er verðugt umhugsunarefni að miðað við verðmætasköpun sjávarútvegsins þarf í rauninni tiltölulega litlu við að bæta til þess að á Íslandi sé hægt að stunda haf- og fiskirannsóknir af myndarskap.

2.5 Verkefnaval Hafrannsóknastofnunarinnar

2.5.1 Almennt

Á hverjum tíma miðast val verkefna að sjálfsögðu við það að fullnægja þeim markmiðum sem stofnuninni eru sett. Fjármagn hefur þó ævinlega verið takmarkandi þáttur og stofnunin orðið að sníða sér stakk eftir vexti. Á síðari árum hefur áhersla verið lögð á að sinna verkefnum sem tengjast veiðiráðgjöf beint eða óbeint og mun svo verða framvegis. Hér er um að ræða stofnmælingar, nýliðunarrannsóknir, veiðitilraunir og rannsókir á umhverfisaðstæðum. Í framtíðinni verður, eins og síðar mun að vikið, að gera ráð fyrir stóraukinni starfsemi, einkum á sviði umhverfisrannsókna og að því er varðar hin ýmsu vistkerfi íslenska hafsvæðisins svo og eldi sjávarlífvera.

2.5.2 Stærð og afrakstursgeta nytjastofna

Á síðari árum hefur starfsemin beinst mjög að því að þróa aðferðir til þess að meta stærð og afrakstursgetu nytjastofnanna. Hér er bæði um að ræða aðferðir sem byggjast á aldursgreiningu afla og nota má við langlífari tegundir og stofnmælingar sem eru óháðar veiðum. Stærð síldar- og loðnustofnanna er nú t.d. mæld með svokallaðri bergmálsaðferð og ráðgjöf um nýtingu þeirra er nær alfarið byggð á þessum mælingum. Nýliðunarrannsóknir á aldursflokkum 0-3 ára hafa verið stundaðar á ýmsum nytjastofnum um allmörg ár og stofnmæling botnlægra fisktegunda á Íslandsmiðum hefur verið gerð árlega á 5 togurum frá 1985. Þá eru tillögur um aflamark af humri, hörpudiski og rækju að miklu leyti gerðar í samræmi við niðurstöður stofnmælinga.

Ofangreindum rannsóknum verður að halda áfram í fyrirsjáanlegri framtíð ef stofnunin á að geta gegnt hlutverki sínu varðandi nýtingu dýrastofna í hafinu við landið. Leitast verður við að bæta enn þær aðferðir sem nú er beitt til að meta stærð hinna ýmsu nytjastofna. Nefna má mælingar á endurvarpsstuðlum og áhrifum mismunandi atferlis þeirra tegunda sem mældar eru með bergmálsaðferð á niðurstöður um stofnstærð, frekari þróun og endurbætur varðandi framkvæmd og úrvinnslu stofnmælinga með botnvörpu og öðrum veiðarfærum sem notuð eru við botnlægar tegundir svo og rannsóknir á viðbrögðum fisktegunda við þeim, m.a. með myndatöku neðansjávar. Þá eru nákvæmar veiðiskýrslur mikilvæg grunngögn við mat á stærð og afrakstursgetu fiskstofna og enn eru aflaskýrslur ófullnægjandi þrátt fyrir góðan vilja og lipurð margra fiskimanna. Brýnt er að úr þessu verði bætt og unnið er að því.

2.5.3 Vannýttar tegundir

Á næstu árum er gert ráð fyrir að sinna rannsóknum á ýmsum tegundum á grunnslóð sem nú eru lítið eða ekki nýttar. Þetta eru einkum krabbadýr og skeldýr ýmis konar auk kolategunda sem nýlega er

farið að veiða. Þá má einnig nefna gulllax, langhala og djúpkarfa, sem finnast á djúpslóð hér sunnan- og vestanlands og margir binda vonir við. Eins og fram hefur komið er ekki talið að hugsanlegur afrakstur þessara tegunda muni vega þungt í heild, en hann gæti þó orðið sjávarútveginum umtalsverð búbót.

2.5.7 Vistkerfi og afrakstursgeta Íslandsmiða

Um nokkurra ára skeið hafa Hafrannsóknastofnun, Háskóli Íslands og fleiri aðilar unnið að því að þróa líkan af innbyrðis fæðutengslum ýmissa dýrategunda á íslenska hafsvæðinu í því skyni að meta afrakstursgetu nytjastofna. Þetta er mjög áhugavert verkefni sem verður áfram á verkefnaskrá. Aðstöðu til tilrauna varðandi meltingar- og vaxtarhraða, t.d. miðað við tiltekinn sjávarhita og fæðuframboð, verður væntanlega komið upp í hinu nýja eldishúsi, en tilraunir af því tagi eru nauðsynlegur liður í þeirri viðleitni að öðlast fyllri skilning á innbyrðis áhrifum dýrastofna með sérstöku tilliti til fiskveiða.

Þegar gerðar hafa verið áætlanir um afrakstur nytjastofna hefur hingað til aðallega verið byggt á beinum eða óbeinum mælingum á stofnstærð, upplýsingum um nýliðun og meðalvaxtarferlum viðkomandi tegunda. Með vaxandi þekkingu hefur komið sífellt betur í ljós hversu náin og flókin tengsl eru milli nýliðunar og afrakstursgetu nytjastofnanna á hverjum tíma annars vegar og breytinga á svifdýra- og plöntusamfélögum hafsins svo og ástandi sjávar hins vegar. Enda þótt mikið verk hafi þegar verið unnið varðandi einstaka þætti vistkerfisins er mikilvægt að hefja sem fyrst samhliða rannsóknir á ofangreindum þáttum með það fyrir augum að tengja betur en nú er hægt, upplýsingar um neðstu hlekki fæðukeðjunnar, ólífræna umhverfisþætti og fiskifræðileg gögn. Hér er raunar um að ræða nánari útfærslu á líkani af vistkerfum íslenskra hafsvæða og afrakstursgetu þeirra sem þegar er hafin vinna við og greint er frá í fyrri málsgrein. Þetta mun einkum kalla á mjög aukna starfsemi á sviðum plöntu- og dýrasvifsrannsókna.

2.5.9 Myndun og nýting lífrænna efna

Margir telja að sívaxandi styrkur koltvísýrings í andrúmslofti muni leiða til loftslagsbreytinga á jörðinni. Hafrannsóknastofnun hefur átt samvinnu við erlendar stofnanir um rannsóknir á flutningi koltvísýrings milli lofts og sjávar. Koltvísýringur er, ásamt öðrum ólífrænum næringarefnum, í aðalhlutverki við myndun lífrænna efna í yfirborðslögum sjávar. Líklegt er að samstarf við erlendar stofnanir aukist um rannsóknir á þeim atburðum sem eiga sér stað í hafinu og stýra myndun og nýtingu lífrænna efna.

2.5.10 Jarðfræði hafsbotnsins

Áformað er að rannsóknir, sem lúta að nýtingu og jarðfræði hafsbotnsins, fari vaxandi. Starfsemi þessi hefur á undanförnum árum beinst að ýmsum þjónustuverkefnum, svo sem byggingarefnaleit og verkefnum tengdum mannvirkjagerð í og við sjó. Auk þess hafa verið gerðar ýmsar grundvallarrannsóknir í fjörðum og flóum svo og úti á landgrunninu. Við þessar ransóknir hefur stofnunin átt gott samstarf við erlenda vísindamenn og er fyrirhugað framhald á því.

Áhersla verður lögð á það á næstu árum að auka þekkingu á sögu og jarðlagaskipan í íslenskum fjörðum og flóum. Í því skyni verður m.a. beitt seismiskum endurvarpsmælingum og sýnatöku, setkjarnar rannsakaðir og aldursgreindir út frá steingervingum. Auk þessa verður leitast við að fá yfirlit yfir ytri og innri gerð íslenska landgrunnsins með seismiskum mælingum víðs vegar við landið. Þær upplýsingar yrðu síðan notaðar við skipulagningu frekari rannsókna.

2.6 Mannafli og aðstaða - forgangsröðun

2.6.5 Fjármögnun

Eins og sýnt er á 1. mynd hafa fjárframlög til haf- og fiskirannsókna ekki aukist að raungildi seinustu 10 árin. Á föstu verðlagi ársins 1986 hefur verðmæti útfluttra sjávarafurða á hinn bóginn meira en tvöfaldast á ofangreindu tímabili.

MYND 1: Hafrannsóknastofnun



Mynd 2 sýnir fjármagn til haf- og fiskirannsókna sem prósentuhlutfall af verðmæti útfluttra sjávarafurða á verðlagi hvers árs á tímabilinu 1971-1987, þ.e. eftir að stofnunin fór að gera út 3-4 rannsóknaskip.

MYND 2:

Hafrannsóknastofnun
Hlutfall heildarveltu af útflutningsverðmæti



Eins og sjá má hefur hlutfallið lækkað mikið á tímabilinu eða úr um 0.9% ef miðað er við meðaltal áranna 1971-1977 í um 0.5% síðustu tvö árin. Að miðað sé við að verja ákveðnu hlutfalli af útflutningstekjum atvinnuvegarins er í sjálfu sé ekki keppikefli. Hins vegar er alveg ljóst að á seinustu árum hefur þjóðfélagið ekki varið fé til haf- og fiskirannsókna í neinu samræmi við stórauknar tekjur af sjávarfangi, þrátt fyrir það að á sama tíma hafi verið gerðar sívaxandi kröfur til rannsókna og ráðgjafar varðandi nýtingu sífellt fleiri dýrastofna. Við svo búið má ekki standa því eins og þegar hefur komið fram má næsta lítið út af bera til þess að Hafrannsóknastofnunin valdi ekki lengur grundvallarhlutverkum sínum hvað þá meiru. Það er raunar fyrst og fremst bættri úrvinnslutækni og miklu vinnuframlagi starfsmanna að þakka að tekist hefur að halda nokkurn veginn í horfinu enn þá.

Til þess að rannsóknastarfsemin geti þróast með eðlilegum hætti og uppfyllt þær kröfur sem til hennar verður að gera og þjóðfélagið setur þarf aukið fjármagn. Í samræmi við þær starfsáætlanir sem að framan greinir, og með hliðsjón af brýnni nauðsyn þess að skipakostur Hafrannsóknastofnunar verði endurnýjaður á næstu 5-10 árum, er fyrirsjáanlegt að auka þarf árlegt fjármagn til haf- og fiskirannsókna um a.m.k. 50% frá því sem nú er. Verði það ekki gert mun starfseminni sniðinn of þröngur stakkur þegar til lengri tíma er litið, til þess að vænta megi viðunandi úrlausna þeirra verkefna sem Hafrannsóknastofnunin glímir við.

Hingað til hafa íslenskar haf- og fiskirannsóknir svo til alfarið verið fjármagnaðar með ríkisframlögum. Á síðari árum hefur orðið mikil umræða um vaxandi þátt atvinnufyrirtækja í fjármögnun hvers konar rannsóknastarfsemi og er það vel. Ef frá eru taldar rannsóknir og ráðgjöf varðandi eldismál, þróun veiðarfæra og tæknibúnaðar, mannvirkjagerð og hugsanlega leit að nýjum fiskimiðum er á hinn bóginn erfitt að koma auga á fyrirtæki sem væru líklegir viðskiptavinir Hafrannsóknastofnunar. Starfsemi stofnunarinnar er og verður fyrst og fremst miðuð við þarfir sjávarútvegsins í heild. Það er þess vegna nauðsynlegt að samtök hans styðji rannsóknastarfsemina með beinum fjárframlögum. Sennilega yrði þetta best gert með því að sjávarútvegurinn stofnaði öflugan sjóð sem samtök hans stjórnuðu. Með því móti gætu þau stutt eða kostað að meira eða minna leyti þau verkefni hafrannsókna sem sjávarútvegurinn teldi nauðsynleg og áhugaverð. Að öðru leyti er líklegt að fjárveitingar samkvæmt fjárlögum verði í náinni framtíð helstu tekjustofnar Hafrannsóknastofnunar.

Fylgiskjal VII.

Fiskveiðistefna Alþýðubandalagsins.

(Samþykkt á fundi miðstjórnar 5. des. 1987.)

1. Sjávarauðlindir eru sameign þjóðarinnar.

Fiskistofnarnir og aðrar sjávarauðlindir eru ævarandi sameign allra Íslendinga. Grundvallaratriði fiskveiðistjórnunar verður að vera hinn sameiginlegi eignarréttur þjóðarinnar á auðlindum hafsins.

2. Skipuleg stjórnun veiða.

Sótt verði í fiskistofnana á skipulegan hátt í samræmi við sérfræðilegt mat á stærð þeirra og undir eftirliti óháðrar stofnunar. Markmið veiðistjórnunar verði:

a. að auka gæði afla og afurða,
b. að hámarksafrakstur fáist miðað við ákveðin tímabil,
c. að ofveiði eigi sér aldrei stað.

3. Byggðakvóti í stað rígbindingar við skip.

Það eru öðrum fremur sjómenn og fiskvinnslufólk sem skapa verðmæti úr fiskistofnunum við landið. Því skulu sameiginlegir hagsmunir sjómanna og fiskvinnslufólks hafðir í fyrirrúmi við stjórnun fiskveiða. Óháð reglum um hvernig heildaraflamagn landsmanna verður ákvarðað eða hvernig heildarsókn fiskiskipa verður takmörkuð verði veiðiheimildum úthlutað til byggðarlaga. Við ákvörðun aflamagns sérhvers byggðarlags verði tekið mið af veiðum skipa í viðkomandi byggðarlagi.

Í stað þess að binda kvóta alfarið við skip eins og gert hefur verið á undanförnum árum verði nú tekið upp nýtt kerfi þar sem veiðiheimildum á bolfiski verði skipt í tvo flokka:

Í fyrsta lagi skal ⅔ hlutum veiðiheimildanna úthlutað til byggðarlaga og skal fjórðungur þessa nýja byggðakvóta reiknaður út frá úthlutuðu afla- og sóknarmarki skipa í byggðarlögunum eins og sú úthlutun var að meðaltali árin 1984–1986 og ¾ hlutar reiknaðir frá úthlutuðu afla- og sóknarmarki skipa í byggðarlögum í árslok 1987.

Í öðru lagi skal ⅓ hluta veiðiheimilda úthlutað til útgerðar á skip og skal sá hluti reiknaður með sama hætti og ákveðið var í reglugerð fyrir árið 1987.

Eftir að byggðakvóti hefur verið reiknaður út skal honum deilt á milli þeirra skipa sem fá kvóta úthlutað í viðkomandi byggðarlagi í hlutfalli við veiðiheimildir þeirra.

Við sölu skipa úr byggðarlaginu fylgir þeim einungis sá hluti af aflakvóta sem úthlutað var til útgerðar, ekki sá hluti sem fór til byggðarlagsins. Þeim hluta aflakvótans sem eftir verður í byggðarlaginu verði ráðstafað á nýjan leik í samræmi við ákveðnar reglur.

Með því að binda veiðiheimildir að verulegu leyti við byggðarlög er verið að tryggja hag starfsfólks í fiskiðnaði, fiskvinnslustöðva og allra íbúa þeirra byggðarlaga sem byggja afkomu sína á öruggri og skipulagðri nýtingu sjávarafla. Óeðlilegt verð á fiskiskipum og brask í tengslum við skipa- og kvótasölu ætti að mestu að hverfa úr sögunni. Einnig er leitast við með útreikningsaðferð á byggðakvótanum að koma nokkuð til móts við þau byggðarlög sem tapað hafa mestum aflakvóta á undanförnum árum.

4. Opið og sveigjanlegt kerfi í stað hinnar lokuðu miðstýringar.

Nauðsynlegt er að skipulag fiskveiðistjórnunar hafi til að bera hæfilegan sveigjanleika til að það loki ekki á nýjungar og eðlilegar breytingar í útgerð og fiskvinnslu. Nýir rekstraraðilar verða að geta haslað sér völl við útgerð og fiskvinnslu. Það er hættulegt að rígbinda kerfið við þá sem gerðu út skip fyrir hálfum áratug.

Jafnframt þarf kerfið að taka mið af breyttum aðstæðum í hinum ýmsu byggðarlögum og búa yfir getu til að leiðrétta hlut þeirra byggðarlaga sem sérstaklega eiga undir högg að sækja í atvinnumálum.

Einnig er nauðsynlegt að opna á næstu árum fyrir tilraunir með nýjar aðferðir til að ákveða veiðiheimildir og stýra sókninni í fiskstofnana.

Endurskoðunin og nýsköpunin þarf að vera byggð inn í kerfið, en á undanförnum árum hefur allt verið læst í fastar og óbreytanlegar skorður.

Til að tryggja nauðsynlegan sveigjanleika og opnun kerfisins verði undirbúið að heimila í framtíðinni úthlutun á allt að 10% heildaraflans í því skyni:

— að tryggja aðgang nýrra rekstraraðila,
— að leiðrétta hag einstakra byggðarlaga,
— að gera tilraunir með nýjar stjórnunaraðferðir.

5. Veiðar smábáta.

Veiðiheimildir smábáta verði með svipuðu sniði og verið hefur. Jafnframt verði fjölgun smábáta stöðvuð.

6. Útflutningsgjald í þágu rannsóknarstarfsemi.

Ákveðið verði útflutningsgjald á fisk sem fluttur er út óunninn og komi það að einhverju eða öllu leyti í stað þeirra skerðingarákvæða sem í gildi hafa verið. Útflutningsgjaldið verði ákvarðað með hliðsjón af tollastefnu Evrópubandalagsins og annarra viðskiptalanda og verði því ráðstafað til rannsókna og þróunarstarfsemi á vegum Rannsóknastofnunar og fyrirtækja og samtaka innan sjávarútvegsins.

7. Veiðar á einstökum fiskistofnum.

Stefnt verði að því að innan fárra ára verði hægt að veiða 400–450 þúsund tonn af *þorski* á ári. Fiskifræðingar telja að með réttri sókn í þorskstofninn á næstu árum sé slík veiði raunhæf miðað við jafna veiði og að ekki verði sótt um of í ungfisk.

Veiði *ýsu, karfa, ufsa og grálúðu* verði stjórnað í tengslum við veiðistjórn á þorski.

Skipulag veiða á *síld og loðnu* verði áfram með svipuðu sniði og á undanförnum árum. Lögð verði áhersla á markaðsleit og stóraukna kynningu á síldarafurðum til að tryggja að sem stærstur hluti aflans úr vaxandi síldarstofni verði nýttur í góðar og verðmiklar manneldisvörur.

Rækjumið og skelfiskmið innan fjarða og flóa verði nytjuð af íbúum viðkomandi strandsvæða.

Aukin verði veiði á ýmsum sjávardýrum og fiskum sem lítið hafa verið nýtt til þessa.

8. Kjör og starfsaðstaða fiskvinnslufólks og sjómanna.

Launakjör fiskvinnslufólks verði jafnan með þeim betri í þjóðfélaginu og leiðrétt verði þegar í stað það misrétti og ranglæti sem skapast hefur í launamálum fiskvinnslufólks í samanburði við fólk í öðrum starfsgreinum.

Starfsaðstaða fiskvinnslufólks og sjómanna verði til jafns við aðrar stéttir.

9. Aukin gæði afla og afurða.

Til að tryggja aukin gæði sjávarafla og fiskafurða verði komið á nýrri skipan sem feli í sér:

— að allur fiskur sé settur í kassa og kör um borð í veiðiskipum,
— að sem stærstur hluti af afla verði slægður um borð í veiðiskipum,
— að allur afli verði nýttur: lifur, hrogn o.fl.,
— að fiskmóttökur séu kældar,
— að umhverfi og ytra útlit fiskvinnslustöðva þoli samanburð við útlit og umhverfi banka, verslana og mjólkurvinnslustöðva,
— að vinnuaðstaða fiskvinnslufólks samræmist matvælaframleiðslu í besta gæðaflokki.

10. Eðlileg byggðaþróun.

Til að tryggja búsetu um allt land og eðlilega byggðaþróun verði þess gætt við stjórnun fiskveiða:

— að hvert svæði njóti aðstöðu vegna nálægðar við fiskimið,
— að núverandi útgerð og fiskvinnslu verði tryggður réttur á heimaslóð.

Nd. 482. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1990.

Frá 3. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Með lögum um stjórn fiskveiða er verið að fjalla um og ákveða skipan í þeim málaflokki sem skiptir mestu fyrir afkomu þjóðarinnar.

Frumvarp það sem nú liggur fyrir Alþingi er fyrir margra hluta sakir mjög sérstætt. Borgaraflokkurinn hefur lagt áherslu á að sjávarfang það, sem lög um stjórn fiskveiða eiga að ná yfir, sé sameign þjóðarinnar allrar. Í því felst að leitað sé leiða til að ná aflanum úr

greipum sjávar með sem arðbærustum hætti. Þingmenn Borgaraflokksins eru einhuga um að hafa stjórn á sókninni í auðlindir sjávar og það með sem minnstum höftum.

Við erum því í meginefni ósammála skipan mála eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Á hitt er að líta að við gerum okkur grein fyrir að meiri hluti alþingismanna er á öndverðum meiði og því aðeins raunhæft að reyna að fá lagfærða verstu gallana á frumvarpinu eins og það liggur fyrir.

Það að berja frumvarpið í gegnum báðar deildir Alþingis með forgangshraða og helst án vinnu í nefndum er víti til varnaðar þegar svo viðamikið og viðkvæmt mál er til umræðu og afgreiðslu á hinu háa Alþingi. Í meðferð nefnda hafa verið gerðar lítils háttar breytingar sem eru til bóta en langt frá því að vera fullnægjandi.

Í öllum málflutningi Borgaraflokksins á Alþingi hefur verið lögð sérstök áhersla á málstað smábátaeigenda og nægir í því sambandi að minna á afkomumöguleika á stað eins og Grímsey. Það ber að harma að meiri hl. skuli ekki samþykkur þessari stefnu.

Þingmenn Borgaraflokksins hafa lagt fram breytingartillögur við frumvarpið sem fela í sér:

1. að landið sé eitt veiðisvæði,
2. að sérstök framkvæmdanefnd fari með stjórn fiskveiða ásamt sjávarútvegsráðherra,
3. að botnfiskveiðar báta minni en 10 brl. séu óbreyttar frá eldri lögum,
4. að sérstakur dómstóll, fiskveiðidómur, fjalli um þau atriði laganna sem dæma þarf um,
5. að gildistíminn sé eitt ár.

Alþingismönnum hefur verið skammtaður naumur tími til að ráða ráðum sínum um takmörkun á veiðum og til að tryggja sem arðbærasta og hagkvæmasta nýtingu mestu auðlindar okkar. Það er miður að ekki hefur náðst samstaða um leiðir til verulegra bóta á núverandi lögum á Alþingi. Þvergirðingsháttur og hagsmunagæsla við vinnu og gerð laga um stjórn fiskveiða er ekki sú leið sem þingmenn Borgaraflokksins vilja fara.

Alþingi, 5. jan. 1988.
Hreggviður Jónsson,
fundaskr.

Ed. 483. Lög [40. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 5. maí 1986, um Útflutningsráð Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 5. jan.)

Samhljóða þskj. 40.

Ed. 484. Lög [54. mál]

um útflutningsleyfi o.fl.

(Afgreidd frá Ed. 5. jan.)

Samhljóða þskj. 56.

Ed. 485. Frumvarp til laga [196. mál]

um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 3. umr. í Nd., 5. jan.)

Samhljóða þskj. 390 með þessari breytingu:

9. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 12/1980, um orkujöfnunargjald, 21. gr. laga nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð, 1. málsl. 4. gr. laga nr. 107/1985, um Jarðboranir hf., 6. gr. laga nr. 121/1978, um kjaramál, og 35. gr. laga nr. 11/1975, um ráðstafanir í efnahagsmálum, svo og II. kafli bráðabirgðalaga nr. 68/1987, um ráðstafanir í fjármálum.

Sþ. 486. Fyrirspurn [216. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um heilbrigðiseftirlit á innfluttri matvöru.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

Hvernig er heilbrigðiseftirliti hagað á innfluttri matvöru, t.d. á grænmeti og ávöxtum?

Ed. 487. Lög [196. mál]

um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 5. jan.)

Samhljóða þskj. 485 (sbr. 390).

Nd. 488. Breytingartillögur [181. mál]

við brtt. á þskj. 478 [Stjórn fiskveiða].

Frá Kjartani Jóhannssyni, Alexander Stefánssyni, Guðna Ágústssyni, Ólafi G. Einarssyni, Matthíasi Bjarnasyni, Guðmundi G. Þórarinssyni, Ólafi Þ. Þórðarsyni, Árna Gunnarssyni, Jóni Sæmundi Sigurjónssyni og Kristni Péturssyni.

Við 2 (10. gr.).

a. Síðari málsl. 1. mgr. B-liðar orðist svo:
   Enn fremur frá og með 1. janúar til og með 15. janúar og frá og með 10. desember til og með 31. desember.

b. 3. málsl. G-liðar orðist svo:
   Bátar, sem bindandi samningur hefur verið gerður um smíði á fyrir gildistöku laga þessara, eiga kost á veiðileyfi samkvæmt reglum hér að framan enda sé smíði þeirra sannanlega hafin fyrir sömu tímamörk eða a.m.k. þriðjungur umsamins kaupverðs sannanlega greiddur fyrir 31. desember 1987 og afhending fari fram fyrir 1. júlí 1988.

Sþ. 489. Fyrirspurn [217. mál]

til fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra um innflutning á fatnaði með fölsuðum upprunaskírteinum.

Frá Inga Birni Albertssyni.

1. Hefur farið fram könnun á því hvort stundaður sé innflutningur á fatnaði og öðrum varningi með fölsuðum upprunaskírteinum?
2. Ef svo er, hvað leiddi hún í ljós?
3. Hafi slík könnun ekki farið fram, hyggjast ráðherrar þá beita sér fyrir því að svo verði?

Sþ. 490. Fyrirspurn [218. mál]

til iðnaðarráðherra um stöðu ullariðnaðarins.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hverjar eru horfur í ullariðnaði á nýbyrjuðu ári og til hvaða aðgerða hyggjast stjórnvöld grípa til að bæta rekstrarstöðu hans?

Sþ. 491. Fyrirspurn [219. mál]

til iðnaðarráðherra um byggingu rafskautaverksmiðju við álverið í Straumsvík.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Með hvaða hætti hefur Alusuisse staðið við ákvæði bráðabirgðasamnings við ríkisstjórn Íslands frá 23. september 1983 um að „gera hagkvæmnisathuganir á því að koma upp rafskautaverksmiðju á bræðslulóðinni og á stækkun steypuskála“, sbr. einnig „bréf um samkomulag“ milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse frá 5. nóvember 1984?

Sþ. 492. Fyrirspurn [220. mál]

til dómsmálaráðherra um nauðungaruppboð.

Frá Svavari Gestssyni.

Hve mörg nauðungaruppboð hafa farið fram á ári hverju frá 1982 til og með 1987:

a. alls,
b. eftir lögsagnarumdæmum?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 493. Fyrirspurn [221. mál]

til dómsmálaráðherra um gjaldþrotamál.

Frá Svavari Gestssyni.

Hve margir úrskurðir um gjaldþrot hafa verið kveðnir upp á ári hverju frá 1982 til og með 1987:

a. alls,
b. eftir lögsagnarumdæmum?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 494. Frumvarp til laga [181. mál]

um stjórn fiskveiða 1988–1990.

(Eftir 2. umr. í Nd., 7. jan.)

1. gr.

Fiskistofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.

2. gr.

Fyrir 15. nóvember ár hvert skal sjávarútvegsráðherra, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveða með reglugerð þann afla sem veiða má úr helstu botnfisktegundum við Ísland á komandi ári og skulu heimildir til botnfiskveiða samkvæmt lögum þessum miðast við það magn. Ráðherra er heimilt innan ársins að hækka eða lækka aflamark sem ákveðið er samkvæmt þessari málsgrein enda sé sú ákvörðun tekin fyrir 15. apríl.

Ráðherra er og heimilt að ákveða í reglugerð og veiðileyfum þann afla sem veiða má úr öðrum einstökum stofnum sjávardýra við Ísland á ákveðnu tímabili eða vertíð og skulu veiðileyfi, sem veitt eru skv. 12. gr., miðast við það magn.

3. gr.

Enginn má stunda eftirtaldar veiðar nema að fengnum sérstökum leyfum: botnfiskveiðar, rækjuveiðar, humarveiðar, skelfiskveiðar, síldveiðar og loðnuveiðar. Í reglugerð má ákveða að aðrar veiðar en framangreindar eða veiðar í ákveðin veiðarfæri skuli leyfisbundnar. Binda má úthlutun leyfa og leyfin sjálf skilyrðum m.a. um að aðeins hljóti leyfi ákveðinn fjöldi skipa, skip af ákveðinni gerð eða stærð eða skip er hafa áður stundað tilteknar veiðar; enn fremur má setja skilyrði um útbúnað veiðarfæra, veiðisvæði, veiðitíma og meðferð afla.

4. gr.

Við veitingu veiðileyfa skv. 3. gr. koma til greina þau skip sem leyfi fengu til botnfiskveiða á árinu 1985 og ekki hafa horfið varanlega úr rekstri, einnig ný og nýkeypt sambærileg skip sem koma í stað skipa sem leyfi fengu 1985. Enn fremur skip þau sem sérstök veiðileyfi hafa fengið samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 97 20. desember 1985, um stjórn botnfiskveiða 1986–1987.

5. gr.

Leyfi til botnfiskveiða fiskiskipa 10 brl. og stærri eru tvenns konar:

A. Botnfiskleyfi með aflamarki, þ.e. heimild til að veiða tilgreint magn af ákveðnum botnfisktegundum.

B. Botnfiskleyfi með sóknarmarki, þ.e. heimild til að stunda botnfiskveiðar í ákveðinn dagafjölda, þó með takmörkunum á þorskafla. Ráðherra getur ákveðið sérstakar takmarkanir á afla annarra fisktegunda hjá ákveðnum flokkum fiskiskipa.

Þeir sem gera út veiðiskip 10 brl. og stærri skulu árlega, fyrir þau tímamörk sem ráðherra auglýsir, velja milli botnfiskleyfis með aflamarki og botnfiskleyfis með sóknarmarki. Hafi útgerðaraðili ekki valið á milli fyrir auglýst tímamörk skal skipi úthlutað botnfiskleyfi með aflamarki. Skip, sem loðnuveiðar stunda, skulu aðeins eiga kost á botnfiskveiðileyfi með aflamarki, sbr. 12. gr.

Geti skip, sem fengið hefur leyfi með sóknarmarki, vegna óviðráðanlegra atvika ekki nýtt sóknardaga í fjóra mánuði samfellt eða lengur er heimilt að úthluta því botnfiskleyfi með því aflamarki sem það hefði fengið í upphafi árs hefði það valið þann kost.

Ráðherra getur ákveðið að fiskur, sem veiðist á línu, skuli ekki eða aðeins að hluta talinn með í aflamarki eða sóknarmarki fiskiskips, sömuleiðis að fiskur undir tiltekinni stærð teljist aðeins að hluta í slíku afla- eða sóknarmarki. Þá getur ráðherra ákveðið að afli á ákveðnum fisktegundum, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, skuli reiknaður með allt að 15% álagi þegar metið er hversu miklu af aflamarki eða aflahámarki skips er náð hverju sinni.

Missi skip veiðileyfi skv. 12. eða 20. gr. eða fái skip slíkt leyfi má endurskoða afla- eða sóknarmark þess með hliðsjón af væntanlegum tekjumissi eða tekjuauka vegna afla þess af sérveiðunum. Sama gildir séu fyrirsjáanlegar verulegar breytingar í aflatekjum af sérveiðum milli ára.

6. gr.

Við úthlutun aflamarks skv. 5. gr. skal leggja til grundvallar úthlutun fyrir árið 1987 eins og hún var ákveðin samkvæmt reglugerð nr. 518 22. desember 1986, um stjórn botnfiskveiða 1987, þó með hlutfallslegum breytingum sem leiðir af breyttu heildaraflamarki milli ára, sbr. 2. gr., og að teknu tilliti til ákvæða 11. gr.

Skip, sem eigendaskipti urðu að á árinu 1986 eða 1987, eiga kost á botnfiskleyfi með aflamarki skv. 1. mgr. með þeirri takmörkun sem leiðir af 2. mgr. 14. gr.

7. gr.

Ráðherra skal með reglugerð setja reglur varðandi sóknardagafjölda, skiptingu þeirra í tímabil, flokka skipa, aflahámark, veiðisvæði o.fl. fyrir skip þau sem hljóta botnfiskleyfi með sóknarmarki.

8. gr.

Við ákvörðun aflamarks og þorskaflahámarks 1988 fyrir fiskiskip þau, sem stunduðu botnfiskveiðar með sóknarmarki 1987, gilda eftirfarandi reglur:

A. Aflamark þeirra af einstökum fisktegundum skal ákveðið sem reiknað aflamark þeirra fyrir árið 1987 með þeim breytingum sem leiða af breyttu heildaraflamarki milli ára og teknu tilliti til 11. gr.

B. Sóknaraflahámark skal ákveðið þannig að það sé annaðhvort meðalaflamark fiskiskipa í hverjum flokki, stærð og veiðisvæði samkvæmt reglugerð settri skv. 7. gr. eða reiknað aflamark viðkomandi skips skv. A-lið með 10% álagi.

Við ákvörðun aflamarks í upphafi árs eftir árið 1988 skal endurmeta aflamark þeirra skipa sem stunduðu botnfiskveiðar samkvæmt sóknarmarki árið á undan. Skal afli þeirra

það ár vega helming við ákvörðun aflamarks á móti reiknuðu aflamarki fyrra árs. Endurmat á aflaheimildum sóknarmarksskipa skal þó ekki valda því að heildarhlutdeild þeirra skipa, sem sóknarmark völdu, breytist miðað við heildarhlut þeirra skipa sem aflamark völdu sama ár. Skal endurreiknuðu aflamarki sóknarmarksskipa því breytt til hækkunar eða lækkunar með því hlutfalli sem þarf til að jöfnuður náist milli þessara flokka skipa. Sóknaraflahámark skal ákveðið samkvæmt reglu B-liðar 1. mgr. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar málsgreinar.

Til afla samkvæmt ofansögðu telst hvorki afli umfram leyfileg aflamörk, afli fluttur milli skipa, sbr. 13. gr., né afli sem ekki telst til aflamarks eða sóknarmarks skv. 4. mgr. 5. gr. Afli, sem fluttur er milli ára skv. 9. gr., telst í þessu sambandi til afla síðara ársins.

9. gr.

Heimilt er að veiða umfram úthlutað aflamark af tiltekinni fisktegund allt að 5% af heildarverðmæti aflaúthlutunar, enda skerðist aflamark á öðrum tegundum hlutfallslega miðað við verðmæti samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins í upphafi árs. Engin takmörkun er þó á heimild til þess að breyta þorskaflamarki yfir í aðrar tegundir.

Hafi aflamark eða hluti þess verið flutt milli skipa skv. 13. gr. flyst heimild til breytinga skv. 1. mgr. frá skipi, sem flutt er af, til þess skips sem flutt er til.

Heimilt er að flytja allt að 10% af aflamarki hverrar botnfisktegundar og 10% af aflahámarki frá einu ári yfir á næsta ár á eftir en heimild þessi fellur niður nýtist hún ekki á því ári.

Þá er og heimilt að veiða allt að 5% umfram aflamark hverrar fisktegundar og 5% umfram þorskaflahámark miðað við úthlutað botnfiskleyfi það ár, enda dregst sá umframafli frá við úthlutun afla- og sóknarmarks næsta árs á eftir.

Heimild skv. 3. mgr. tekur ekki til aflamarksskipa fyrr en nýttar eru heimildir skv. 1. mgr.

Heimild skv. 4. mgr. rýmkar ekki heimildir til breytinga milli fisktegunda skv. 1. mgr.

Heimild til flutnings milli ára gildir einungis um flutning milli ára innan gildistíma laganna.

10. gr.

Botnfiskveiðar báta minni en 10 brl. skulu háðar eftirgreindum takmörkunum:

A. Allar botnfiskveiðar báta 6 brl. og stærri skulu háðar sérstökum veiðileyfum, enn fremur botnfiskveiðar þeirra báta undir 6 brl. sem heimild fá til netaveiða skv. C-lið þessarar greinar.

B. Bátum, sem eingöngu stunda veiðar með línu- og handfærum, eru ekki heimilar veiðar í tíu daga um páskahelgi og tíu daga um verslunarmannahelgi og í sjö daga í hvorum mánaðanna júní og október samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Enn fremur frá og með 1. janúar til og með 15. janúar og frá og með 10. desember til og með 31. desember.

   Heimilt er að veita þessum bátum veiðileyfi með aflahámarki sé þess óskað sérstaklega. Skal aflahámarkið miðast við fyrri veiðireynslu samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Bátar, sem slík veiðileyfi fá, eru undanþegnir veiðibönnum samkvæmt þessum staflið.

C. Bátum 6 brl. og stærri, sem netaveiðar stunda, skal úthlutað sérstöku veiðileyfi með aflahámarki samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Skulu þeir bátar fylgja almennum reglum um netaveiðar en eru undanþegnir veiðbönnum skv. B-lið. Jafnframt getur ráðherra ákveðið í reglugerð mismunandi aflahámark með hliðsjón af stærðum báta í þessum flokki og fyrri veiðireynslu.

D. Bátum undir 6 brl. eru bannaðar allar þorskfisknetaveiðar. Þó er heimilt að veita þeim, sem þorskfisknetaveiðar hafa stundað á bátum undir 6 brl. á árunum 1986 eða 1987, leyfi til þorskfisknetaveiða og eru þeir bátar þá undanþegnir veiðibönnum skv. B-lið og gilda um botnfiskveiðar þeirra ákvæði C-liðar þessarar greinar samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

E. Aflahámark skv. 2. mgr. B-liðar svo og skv. C- og D-liðum er óframseljanlegt.

F. Heimilt er að setja sérstakar reglur um botnfiskveiðar báta undir 10 brl. sem leyfi fá til skel- eða rækjuveiða.

G. Einungis er heimilt að úthluta bátum veiðileyfi, sbr. A-lið, sem skráðir eru á skipaskrá hjá Siglingamálstofnun ríkisins 31. desember 1987. Þó er heimilt að úthluta nýjum og nýkeyptum bátum veiðileyfi, þar á meðal sérstöku veiðileyfi skv. 2. mgr. B-liðar og C- og D-lið þessarar greinar, komi þeir í stað sambærilegra báta sem slík veiðileyfi hafa fengið og horfnir eru varanlega úr rekstri. Bátar sem bindandi samningur hefur verið gerður um smíði á fyrir gildistöku laga þessara eiga kost á veiðileyfi samkvæmt reglum hér að framan enda sé smíði þeirra sannanlega hafin fyrir sömu tímamörk eða a.m.k. þriðjungur umsamins kaupverðs sannanlega greiddur fyrir 31. desember 1987 og afhending fari fram fyrir 1. júlí 1988.

11. gr.

Þegar meta skal, við úthlutun botnfiskveiðileyfa, heildarafla þeirra skipa sem velja sóknarmark skal miða við að þau hefðu fengið veiðileyfi með aflamarki, sbr. 6. og 8. gr., og áætlaðan afla báta skv. 10. gr.

12. gr.

Við úthlutun annarra leyfa en til botnfiskveiða skv. 5. gr., sbr. 3. gr., getur ráðherra ákveðið skiptingu hámarksafla úr einstökum stofnum sjávardýra milli ákveðinna gerða veiðarfæra, gerða fiskiskipa og einstakra skipa. Getur ráðherra ákveðið skiptingu hámarksafla milli skipa, m.a. með hliðsjón af fyrri veiðum þeirra, stærð eða gerð.

Við úthlutun leyfa til veiða á úthafsrækju samkvæmt skilgreiningu Hafrannsóknastofnunar getur ráðherra flokkað veiðiskip í sérstaka flokka með hliðsjón af öðrum veiðiheimildum þeirra og fyrri veiðum samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Ráðherra getur í reglugerð ákveðið reglur um veiðiheimildir einstakra skipaflokka skv. 2. mgr. Getur hann ákveðið skiptingu aflamarks skipa innan hvers skipaflokks, m.a. með hliðsjón af botnfiskheimildum þeirra og fyrri rækjuveiðum, eða úthlutað þeim veiðiheimildum ákveðið tímabil með aflahámarki á rækju. Jafnframt getur ráðherra gefið kost á vali milli aflamarks í rækju eða sóknarmarks með aflahámarki innan hvers skipaflokks. Heimilt er að veita skipum sérstakar veiðiheimildir til úthafsrækjuveiða, enda afsali þau sér rétti til botnfiskveiða að hluta eða öllu leyti.

13. gr.

Heimilt er að færa aflamark milli skipa sömu útgerðar eða skipa sem gerð eru út frá sömu verstöð, eftir því sem hlutaðeigandi útgerðaraðilar koma sér saman um. Sama gildir um skipti á aflamarki milli skipa sem ekki eru gerð út frá sömu verstöð, enda sé um jöfn skipti að ræða að mati ráðuneytisins.

Tilkynna skal sjávarútvegsráðuneytinu fyrir fram um flutning aflamarks milli skipa og öðlast hann ekki gildi fyrr en ráðuneytið hefur staðfest móttöku tilkynningar um flutninginn frá þeim sem hlut eiga að máli.

Annar flutningur á aflamarki milli skipa er óheimill nema með samþykki ráðuneytisins og að fenginni umsögn sveitarstjórnar og stjórnar sjómannafélags í viðkomandi verstöð.

Óheimilt er að flytja aflahámark sóknarmarksskipa milli skipa.

Heimilt er að takmarka framsalsheimild þeirra skipa er sérleyfisveiðar stunda. Enn fremur er ráðherra heimilt að setja sérstakar reglur um flutning sérveiðiheimilda milli skipa.

14. gr.

Sé rekstri skips hætt, sbr. 4. gr., er heimilt að úthluta nýju skipi í eigu sama aðila botnfiskleyfi með því afla- eða sóknarmarki sem hið eldra skip hefði fengið, enda sé um sambærileg skip að ræða. Þá er og heimilt með samþykki ráðuneytisins að sameina aflamark skips, sem hætt er rekstri á, aflamarki annarra skipa.

Við eigendaskipti að fiskiskipi fylgir því botnfiskveiðileyfi, nema aðilar geri sín á milli skriflegt samkomulag um annað sem ráðuneytið staðfestir. Þó fylgir fiskiskipi aldrei við sölu hærra aflamark en nemur meðalaflamarki skipa í sama flokki, sbr. 7. gr., og á sama svæði að mati samráðsnefndar, sbr. 15. gr., mælt í þorskígildum.

Heimilt er að breyta aflamarki einstakra fisktegunda ef sýnt þykir, vegna breytinga í rekstri skips, að það geti ekki nýtt sér ákveðnar fisktegundir, enda breytist ekki heildarverðmæti úthlutaðs aflamarks að mati ráðuneytisins.

15. gr.

Sérstök samráðsnefnd, skipuð einum fulltrúa tilnefndum sameiginlega af samtökum sjómanna og einum tilnefndum af samtökum útvegsmanna auk formanns sem skipaður er af ráðherra án tilnefningar, skal fjalla um álita- og ágreiningsmál varðandi veiðileyfi, aflamark og sóknarmark samkvæmt lögum þessum og reglugerð settri samkvæmt þeim og gera tillögur til ráðherra um úrlausn þeirra.

16. gr.

Ráðherra skal setja nánari reglur varðandi framkvæmd laga þessara.

17. gr.

Útgerðarmönnum, skipstjórnarmönnum og kaupendum afla, svo og umboðsmönnum og útflytjendum, er skylt að láta ráðuneytinu ókeypis í té og í því formi, sem óskað er eftir, allar þær upplýsingar sem unnt er að láta í té og nauðsynlegar eru taldar vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara.

18. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum að upphæð 2000–14 000 gullkrónur, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, og upptöku afla samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

Reynist afli fara yfir úthlutað aflamark eða þorskaflahámark, sbr. þó 9. gr., skal með slík brot fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976. Stundi skip veiðar fram yfir leyfilegan sóknardagafjölda skal það auk viðurlaga skv. 1. mgr. varða upptöku afla samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976. Fari veiðiferð að hluta fram yfir leyfilegan sóknardagafjölda skal ráðuneytið meta að hve miklu leyti afli þeirrar veiðiferðar skuli gerður upptækur.

Ráðuneytinu er enn fremur heimilt vegna brota gegn ákvæðum laga þessara, reglna settra samkvæmt þeim og leyfisbréfa að svipta skip heimild til veiða í tiltekinn tíma og varða veiðar eftir leyfissviptingu viðurlögum skv. 1. mgr. Sama gildir verði um að ræða vanskil á greiðslu andvirðis ólöglegs sjávarafla sem sætt hefur upptöku.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, með áorðnum breytingum, skulu veiðar með vörpu heimilaðar á vannýttum fisktegundum á ákveðnum svæðum samkvæmt reglum er ráðherra setur.

20. gr.

13. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, með áorðnum breytingum, orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu dragnótaveiðar heimilaðar samkvæmt sérstökum leyfum ráðherra. Ráðherra getur bundið leyfi þessi og úthlutun þeirra þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1990. Jafnframt eru á gildistíma þessara laga felldar úr gildi 10. og 14. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Við úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum fyrir árið 1988 skal afli frá 1. janúar 1988 til gildistöku laganna koma til frádráttar heildaraflaheimildum á árinu. Við mat á því aflamagni skulu gilda ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Hjá þeim skipum er sóknarmark velja skulu sóknardagar frá 1. janúar 1988 til gildistöku laganna koma til frádráttar heildarsóknardagafjölda á 1. tímabili ársins 1988.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Sjávarútvegsráðherra skal skipa nefnd samkvæmt tilnefningu þingflokka og helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi til að undirbúa tillögur um fyrirkomulag fiskveiðistjórnar að loknum gildistíma laga þessara. Jafnframt skal nefndin móta tillögur um breytingar á lögum þessum á gildistíma þeirra eftir því sem tilefni verður til. Nefndin skal meðal annars kanna áhrif laganna á afkomu og hagkvæmni í sjávarútvegi og skynsamlega nýtingu fiskistofna. Einnig skal hún athuga tilhögun veiðiheimilda, m.a. heimilda sem ekki séu bundnar við skip. Nefndin skal hefja störf hið allra fyrsta og starfa á gildistíma laganna. Skal hún skila fyrsta áliti eigi síðar en haustið 1989.

II

Sjávarútvegsráðherra skal í lok hvers árs setja reglugerð um meginþætti stjórnar botnfiskveiða á komandi ári og hafa við það samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi.

Nd. 495. Breytingartillögur [181. mál]

við frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1990.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

1. Við 13. gr. Aftan við 1. mgr. komi nýr málsl. sem hljóðar svo: Einnig er heimilt að flytja aflamark skips yfir á skip með sóknarmarki enda sé um að ræða skip sömu útgerðar eða skip sem gerð eru út frá sömu verstöð.
2. Við 14. gr. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr. sem orðist svo:

   Sé fyrirsjáanlegur afkomubrestur í byggðarlagi vegna fyrirhugaðrar skipasölu þaðan er ráðherra heimilt að undanþiggja allt að 20% þess aflamarks, sem sölunni á að

fylgja samkvæmt ákvæðum 2. mgr., og ráðstafa þeim til annarra útgerðaraðila í byggðarlaginu að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

3. Ákvæði til bráðabirgða I orðist svo:

Alþingi skal kjósa níu manna nefnd til þess að endurskoða fyrirkomulag fiskveiðistjórnar að loknum gildistíma laga þessara. Nefndin skal hafa samráð við helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi og fiskiðnaði, svo sem fulltrúa útgerðar, fiskvinnslu, sjómanna og fiskvinnslufólks og sérfræðinga Hafrannsóknastofnunarinnar. Nefndin skal m.a. taka afstöðu til eftirfarandi atriða:

* Hvernig og hverjum veiðiheimildir skuli veittar. Meðal annars verði athugað hvort veiðiheimildir verði einvörðungu bundnar við skip.
* Hvernig taka megi meira tillit til byggðasjónarmiða við mótun fiskveiðistefnu, auka athafnafrelsi og svigrúm til endurnýjunar í sjávarútvegi.
* Hvers konar reglur skuli setja um færslu veiðiheimilda milli aðila.
* Hve lengi meginreglur um stjórn fiskveiða skuli gilda.

Nefndin skal einnig kanna áhrif laganna á afkomu og hagkvæmni í sjávarútvegi og skynsamlega nýtingu fiskstofna. Nefndin skal hefja störf hið allra fyrsta og starfa á gildistíma laganna. Skal hún skila fyrsta áliti eigi síðar en haustið 1989.

4. Á eftir ákvæði til bráðabirgða I komi nýtt ákvæði sem orðist svo:

Á gildistíma laganna skal veita árlega a.m.k. þremur skipum, er komi í stað skipa er fórust á árunum 1983–1984, veiðileyfi sem sé meðaltal aflamarks skipa í sama stærðarflokki. Við val þeirra skipa, sem fá veiðileyfi samkvæmt þessu ákvæði, skal við það miðað að þau verði gerð út frá byggðarlögum þar sem sjávarútvegur er undirstaða atvinnulífs en afli hefur dregist saman vegna fækkunar skipa.

Nd. 496. Breytingartillaga [181. mál]

við frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1990.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Við 17. gr. Orðið „ókeypis“ falli brott.

Varatillaga:

Við 17. gr. Í stað orðanna „að láta ráðuneytinu ókeypis í té“ komi: að láta ráðuneytinu í té án endurgjalds, nema sérstakar ástæður mæli með öðru.

Sþ. 497. Fyrirspurn [222. mál]

til ráðherra Hagstofu Íslands um vísitölu framfærslukostnaðar.

Frá Svavari Gestssyni.

Hvað líður verðupptöku vegna nýs grundvallar vísitölu framfærslukostnaðar?

Ed. 498. Lög [181. mál]

um stjórn fiskveiða 1988–1990.

(Afgreidd frá Ed. 8. jan.)

Samhljóða þskj. 494.

Nd. 499. Nefndarálit [63. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1988.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. getur ekki staðið að afgreiðslu þessa frumvarps á þann hátt sem meiri hl. leggur til. Ástæðurnar eru eftirfarandi:

Með tilliti til fyrri reynslu og allra aðstæðna eru litlar líkur til að þessi áætlun um fjármagnsþörf og lántökur standist. Mikil óvissa er um þróun efnahagsmála á næstu mánuðum, en horfur eru allar heldur á verri veg. Gert er ráð fyrir samdrætti í sjávarafla og framleiðslu sjávarafurða. Afkoma útflutningsfyrirtækja hefur farið versnandi og spáð er tvöfalt meiri viðskiptahalla við útlönd á þessu ári en hinu síðasta. Gengismálin eru í uppnámi, verðlagshorfur eru óljósar og óraunhæft er að reikna með aðeins 10% verðbólgu frá upphafi til loka árs þar sem verðbólgan er nú um 30% og engin teikn á lofti um að hún fari lækkandi á næstunni. Samningar um kaup og kjör eru fram undan þar sem óhjákvæmilegt verður að rétta verulega hlut hinna tekjulægstu, en auknar álögur á almenning, m.a. í formi matarskatts, auka stórlega á þungann í réttmætri kröfugerð alls launafólks.

Með frumvarpinu er stefnt að því að afla lánsfjár að stærri hluta innan lands en verið hefur. Það var raunar einnig ætlunin á síðasta ári, en þá fóru erlendar lántökur rúmlega 50% fram úr því sem áætlað var og ekkert bendir til þess að nú sé traustlegar um hnútana búið.

Flestir eru þó sammála um að draga beri úr erlendum lántökum svo sem frekast er unnt, en innlendar lántökur hafa einnig sína skuggahlið sem er sú að of mikil samkeppni á innanlandsmarkaði leiðir óhjákvæmilega til hækkunar vaxta. Þeirri skoðun samsinntu allir aðspurðir gestir nefndarinnar, en hvorki ráðherrar né seðlabankastjórar virðast hafa áhyggjur af vaxtahækkunum né eiga ráð til að hamla gegn þeim.

Sívaxandi hluti íslenska peningamarkaðarins er óháður reglum og eftirliti og engar vísbendingar eru um það hvort og þá hvernig stjórnvöld hyggjast setja starfsemi ávöxtunarsjóða og fjármögnunarleigna skorður á borð við banka- og sparisjóðakerfið. Á sama tíma stefnir ríkissjóður að hörkusamkeppni við þessa aðila um sparifé landsmanna.

Sú mynd, sem þannig blasir við, gefur sannarlega tilefni til víðtækra breytinga á frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1988. Það er þó ekki ætlun meiri hl. og verður hann þá að bera ábyrgð á því.

Minni hl. flytur sameiginlega breytingartillögur á þskj. 500. Sá útgjaldaauki, sem þær þýða fyrir ríkissjóð, rúmast að okkar mati fyllilega innan ramma fjárlaga eins og skýrt verður í framsögu. Tekið skal fram að þetta eru ekki einu atriðin sem minni hl. vildi leiðrétta en samstaða varð um að leggja áherslu á þessa þrjá liði.

Ingi Björn Albertsson hefur tekið þátt í störfum nefndarinnar og stendur að þessu áliti og breytingartillögum minni hl.

Alþingi, 12. jan 1988.

Kristín Halldórsdóttir, frsm. Steingrímur J. Sigfússon.

Fylgiskjal.

Til fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar,
frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun:

Framlög til sjóða 1988.
(8. janúar 1988.)

	Horfur 1987	Lögbundið framlag 1988	Fjárlaga-frumvarp 1988	Fjárlög 1988
Atvinnuleysistryggingasjóður	465	600	500	500
Bjargráðasjóður	5	39[1])	—	—
Byggingarsjóður ríkisins	1000	0	1150	1150
Byggingarsjóður verkamanna	300	0	600	600
Ferðamál skv. lögum	15	80	28	28
Félagsheimilasjóður	12	48	—[2])	—[2])
Fiskveiðasjóður	0	0	0	0
Framkvæmdasjóður aldraðra	140	—	160	160
Framkvæmdasjóður fatlaðra	130	201[3])	180	180
Framkvæmdasjóður RÚV	0	130—150[4])	0	0
Hafnabótasjóður	15	60	20	20
Iðnlánasjóður	25	65—70	0	25
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	984	1655	1485	1533
Kvikmyndasjóður	55	74	40	60
Menningarsjóður	8	9	9	9
Stofnlánadeild landbúnaðarins	22	32	35	35
Veðdeild Búnaðarbanka Íslands	0	0	0	0

1) Tillaga ráðuneytis.
2) Framlag fellt niður og tengist tilflutningi verkefna til sveitarfélaga.
3) Lagatúlkun hvort lögbundið framlag skuli vera 216 m.kr. eða 286 m.kr. Erfðafjárskattur er áætlaður um 85 m.kr. og 35. gr. laga nr. 41/1983 felur í sér 131 m.kr. eða 201 m.kr. háð því hvenær verðtrygging tekur gildi.
4) Mikil óvissa um þennan lið en skv. grófri áætlun metinn á 130—150 m.kr.

Nd. 500. Breytingartillögur [63. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1988.

Frá Steingrími J. Sigfússyni, Kristínu Halldórsdóttur og Inga Birni Albertssyni.

1. Við 14. gr. Greinin falli brott.
2. Við 17. gr. Fyrir „28 000“ komi: 40 000.
3. Við 22. gr. Greinin falli brott.

Nd. 501. Nefndarálit [63. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1988.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið ítarlega. Kvaddi nefndin á sinn fund Gunnar Hall hagsýslustjóra, Þórð Friðjónsson, forstjóra Þjóðhagsstofnunar, Bjarna Braga Jónsson og

Yngva Örn Kristinsson frá Seðlabanka, Hörð Vilhjálmsson, fjármálastjóra Ríkisútvarpsins, Halldór Jónatansson, forstjóra Landsvirkjunar, Gunnlaug Sigmundsson og Jafet Ólafsson frá Þróunarfélagi Íslands, Hermann Guðjónsson vita- og hafnarmálastjóra, Katrínu Atladóttur, Hilmar Þórisson og Percy Stefánsson frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Leif Jóhannesson frá Stofnlánadeild, Birgi Þorgilsson frá Ferðamálaráði, Magnús E. Guðjónsson frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, Jónas Jónsson búnaðarmálastjóra, Þórð Ólafsson, forstöðumann bankaeftirlits, Stefán Pálsson, formann Sambands viðskiptabanka, Guðmund Malmquist, forstjóra Byggðastofnunar, og Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóra í samgönguráðuneyti.

Ekki varð einhugur í nefndinni. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Heildarlántökur innan lands og erlendis hækka um 1165 m.kr., þar af innlendar um 60 m.kr. og erlendar um 1105 m.kr. Ráðgert er að allar þessar lántökur fari um ríkissjóð, en í raun eru þær allar tengdar milligöngu ríkissjóðs um lánsfé til fyrirtækja. Samkvæmt tillögum meiri hl. nema lántökur því alls 21 784 m.kr., þar af er miðað við að afla 12 210 m.kr. innan lands og 9574 m.kr. með erlendum lántökum. Skulu þessar breytingar nú raktar í stuttu máli.

a. Innlend lántaka ríkissjóðs hækkaði í meðförum Alþingis á fjárlögum um 60 m.kr. Stafar sú hækkun af lánveitingu ríkissjóðs til RARIK á árinu 1988 vegna framkvæmda fyrirtækisins við línu niður á Krosssand.
b. Lagt er til að erlendar lántökur ríkissjóðs hækki um 1105 m.kr. Sú hækkun er vegna milligöngu ríkissjóðs um erlend lán til langs tíma fyrir RARIK og fyrirtæki í sjávarútvegi. Þessi lán skiptast þannig: Rafmagnsveitur ríkisins 160 m.kr., Sæberg hf. Ólafsfirði vegna breytinga á Mánaberginu í frystitogara 180 m.kr. og fjögur raðsmíðaskip samtals 565 m.kr. Öll þessi lán munu ganga til að greiða erlend skammtímalán sem hafa verið tekin og munu þessar lántökur því ekki auka erlendar skuldir þjóðarbúsins. Þá hækkar lántökuheimild Byggðastofnunar um 200 m.kr. Í því sambandi skal tekið fram að ætlast er til að Byggðastofnun styðji sérstaklega við útgerð í þeim byggðarlögum þar sem hún hefur dregist saman.
c. Við afgreiðslu fjárlaga var framlag til Kvikmyndasjóðs hækkað úr 40 m.kr. í 60 m.kr.
d. Við afgreiðslu fjárlaga var framlag ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækkað úr 1485 m.kr. í 1533 m.kr. Við þá afgreiðslu láðist að láta Jöfnunarsjóðinn njóta hlutdeildar í hækkun söluskattsinnheimtu við lokaáætlun fyrir árið 1988. Var það metið á 7 m.kr. og er lagt til að framlagið hækki sem því nemur og verði 1540 m.kr.
e. Þá er Byggðastofnun heimilað að nýta sér hagstæð lánskjör á erlendum lánamörkuðum.
f. Að lokum er að ósk Seðlabanka bætt inn í frumvarpið heimild fyrir ríkissjóð til að gefa út og selja ríkisvíxla í tvíþættum tilgangi, þ.e. til að mæta endurgreiðslu eldri ríkisvíxla og til að bæta stöðuna á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum. Þessi heimild er hugsuð sem stjórntæki til að hamla gegn yfirdrætti í Seðlabanka og óhóflegri aukningu peningamagns í umferð.

Að lokum skal þess getið að taki frumvarp til laga um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, mál nr. 194, breytingum í meðförum Alþingis þarfnast 28. gr. lánsfjárlaga endurskoðunar.

Alþingi, 12. jan 1988.

Páll Pétursson, form., frsm.	Geir H. Haarde, fundaskr.	Kjartan Jóhannsson, með fyrirvara.
Guðmundur G. Þórarinsson, með fyrirvara.		Matthías Bjarnason.

Fylgiskjal I.

Heildaryfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1988.

	Sala spari-skírteina	Verðbréfa-kaup bankakerfis	Verðbréfa-kaup lífeyrissj.	Önnur innlend lántaka	Innlend lántaka alls	Erlend lán	Heildar-lántökur
I. Opinberir aðilar	3 000	1 260	—	—	4 260	1 949	6 209
Ríkissjóður, A-hluti	3 000	1 260	—	—	4 260	905[1])	5 165
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	—	—	—	—	—	650	650
Sveitarfélög	—	—	—	—	—	394	394
II. Opinberar lánastofnanir	—	280	6 110	300	6 690	750	7 440
Byggingarsjóður ríkisins	—	—	4 750	50	4 800	—	4 800
Byggingarsjóður verkamanna	—	—	1 360	—	1 360	—	1 360
Byggðastofnun, almennar lánveitingar	—	—	—	250	250	550	800
Byggðastofnun, innlend skipasmíði	—	—	—	—	—	200	200
Framkvæmdasjóður	—	280	—	—	280	—	280
III. Atvinnufyrirtæki og sjóðir	—	—	60	1 200	1 260	6 875	8 135
Atvinnufyrirtæki	—	—	—	—	—	4 800	4 800
Herjólfur hf. Vestmannaeyjum	—	—	—	—	—	125[2])	125
Flóabáturinn Baldur hf.	—	—	—	—	—	100	100
Fiskveiðasjóður, greiðsluhalli	—	—	—	150	150	150	300
Fiskveiðasjóður, útlán	—	—	—	250	250	350	600
Iðnlánasjóður	—	—	—	300	300	400	700
Iðnþróunarsjóður	—	—	—	50	50	100	150
Stofnlánadeild landbúnaðarins	—	—	60	—	60	—	60
Útflutningslánasjóður	—	—	—	50	50	50	100
Fjármögnunarleigur	—	—	—	400	400	800	1 200
Heildarlántökur (I+II+III)	3 000	1 540	6 170	1 500	12 210	9 574	21 784

[1]) Erlendar lántökur ríkissjóðs á árinu 1988 að fjárhæð 905 m.kr. eru ekki vegna eigin ráðstöfunar heldur vegna milligöngu ríkissjóðs um langtímalántökur til RARIK, raðsmíðaskipa og Mánabergsins á árinu 1988.

[2]) Þar af 25 m.kr. ónotuð heimild frá árinu 1987.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Fylgiskjal II.

Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila 1988.

	Frumvarp til láns-fjárlaga	Till. meiri hl. Ed.-n.	Till. meiri hl. Nd.-n.
1. Ríkissjóður, A-hluti	**4 200**	**4 200**	**5 165**
Þar af endurlánað til B-hluta	1 635	1 635	1 855
Lánasjóður íslenskra námsmanna	690	690	690
RARIK, almennar framkvæmdir	125	125	185
RARIK, greiðsluerfiðleikar 1987	—	—	160[1])
Flugstöð á Keflavíkurflugvelli	820	820	820
Þar af endurlánað til atvinnufyrirtækja	—	—	745
Oddeyri hf. Akureyri, raðsmíðaskip	—	—	120[2])
Nökkvi hf. Blönduósi, raðsmíðaskip	—	—	125[2])
Ljósavík hf. Þorlákshöfn, raðsmíðaskip	—	—	145[2])
Jarlinn hf. Keflavík, raðsmíðaskip	—	—	175[2])
Sæberg hf. Ólafsfirði, Mánaberg	—	—	180[3])
2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	**650**	**650**	**650**
Landsvirkjun	600	600	600
Þróunarfélag Íslands hf.	50	50	50
3. Sveitarfélög	**350**	**394**	**394**
Hitaveita Akureyrar	120	120	120
Hitaveita Egilsstaða og Fella	8	8	8
Hitaveita Siglufjarðar	—	20	20
Hitaveita Eyrar	10	10	10
Hitaveita Rangæinga	—	11	11
Hitaveita Suðurnesja	—	150	150
Fjarhitun Vestmannaeyja	—	45	45
Annað	212	30	30
4. Ráðstöfun (1+ ... +3) = fjáröflun (5+6)	**5 200**	**5 244**	**6 209**
5. Innlend fjáröflun	**4 300**	**4 200**	**4 260**
Útgáfa spariskírteina	3 000	3 000	3 000
Verðbréfakaup bankakerfis	1 200	1 200	1 260
Önnur innlend fjáröflun	100	—	—
6. Erlendar lántökur	**900**	**1 044**	**1 949**
Ríkissjóður, A-hluti	—	—	905[4])
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	650	650	650
Sveitarfélög	250	394	394

1) Langt erlent lán til endurgreiðslu erlendra skammtímalána fyrirtækisins vegna greiðsluerfiðleika þess á árinu 1987.
2) Löng erlend lán til greiðslu erlendra skammtímalána sem tekin voru á smíðatíma raðsmíðaskipanna á undanförnum árum.
3) Langt erlent lán til greiðslu erlendra skammtímalána sem tekin voru vegna breytinga á Mánaberginu í frystitogara.
4) Erlendar lántökur ríkissjóðs á árinu 1988 að fjárhæð 905 m.kr. eru ekki vegna eigin ráðstöfunar heldur vegna milligöngu ríkissjóðs um langtímalántökur til RARIK, raðsmíðaskipa og Mánabergsins á árinu 1988.
Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Nd. 502. Breytingartillögur [63. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1988.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, GHH, KJóh, MB, GGÞ).

1. Við 1. gr. Í stað „4 200 000“ komi: 4 260 000.
2. Við 1. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 905 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána eftirtöldum aðilum á árinu 1988:
   1. Rafmagnsveitum ríkisins, allt að 160 000 þús. kr. til greiðslu erlends skammtímaláns sem tekið var á árinu 1987 vegna greiðsluerfiðleika fyrirtækisins.
   2. Oddeyri hf. Akureyri, allt að 120 000 þús. kr. til greiðslu erlendra skammtímalána sem tekin voru á smíðatíma raðsmíðaskips.
   3. Nökkva hf. Blönduósi, allt að 125 000 þús. kr. til greiðslu erlendra skammtímalána sem tekin voru á smíðatíma raðsmíðaskips.
   4. Ljósavík hf. Þorlákshöfn, allt að 145 000 þús. kr. til greiðslu erlendra skammtímalána sem tekin voru á smíðatíma raðsmíðaskips.
   5. Jarlinum hf. Keflavík, allt að 175 000 þús. kr. til greiðslu erlendra skammtímalána sem tekin voru á smíðatíma raðsmíðaskips.
   6. Sæbergi hf. Ólafsfirði vegna hraðfrystitogarans Mánabergs, allt að 180 000 þús. kr. til greiðslu erlendra skammtímalána í tengslum við breytingar á skipinu í frystitogara.
3. Við 6. gr. Í stað „550 000“ komi: 750 000.
4. Við 18. gr. Í stað „40 000“ komi: 60 000.
5. Við 28. gr. Í stað „1 585 000“ komi: 1 540 000.
6. Við 29. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Enn fremur er fjármálaráðherra heimilt að selja ríkisvíxla til endurgreiðslu áður útgefinna ríkisvíxla og til að bæta stöðu ríkissjóðs á aðalviðskiptareikningi í Seðlabankanum.
7. Við 32. gr. Í stað orðsins „ríkissjóðs“ í fyrri málslið 2. mgr. komi: Framkvæmdasjóðs.
8. Á eftir 32. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Byggðastofnun er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.
   Byggðastofnun er heimilt að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta þar sem mótaðili Byggðastofnunar í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánum sem Byggðastofnun tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Byggðastofnun tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.
   Nýti Byggðastofnun lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku skammtímalána og/eða veltilána er henni heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.
9. Síðari málsgrein 33. gr. (er verður 34. gr.) fellur niður.

Nd. 503. Breytingartillaga [63. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1988.

Frá Kjartani Jóhannssyni og Guðmundi G. Þórarinssyni.

Við 7. gr. Í stað orðanna „til hönnunar og smíði ferju“ komi: að fengnu samþykki fjármálaráðherra og fjárveitinganefndar Alþingis til hönnunar og smíði ferju.

Sþ. 504. Fyrirspurn [223. mál]

til félagsmálaráðherra um húsnæðismál.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hversu margar umsóknir liggja fyrir hjá Húsnæðisstofnun um lánveitingar
   a. úr Byggingarsjóði ríkisins,
   b. úr Byggingarsjóði verkamanna?
2. Hversu mörg lán er gert ráð fyrir að unnt verði að greiða út úr þessum sjóðum hvorum fyrir sig
   a. á árinu 1988,
   b. á árinu 1989?
3. Hversu mörgum lánsumsóknum er áætlað að unnt verði að svara endanlega varðandi afgreiðslutíma láns og lánsupphæð, sbr. 3. málsl. 2. gr. laga nr. 84/1987
   a. á árinu 1988,
   b. á árinu 1989,
   c. á árinu 1990?
4. Hversu margir lífeyrissjóðir hafa gert samning um skuldabréfakaup af Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna vegna
   a. ársins 1989,
   b. ársins 1990,
   og um hversu háar upphæðir er þar að ræða?
   Yfirlit óskast birt yfir þá sjóði sem
   i) hafa þegar gengið frá samningum,
   ii) hafa ekki gengið frá samningum nema fyrir hluta tímabilsins,
   iii) hafa ekki gengið frá neinum samningum.
5. Hvaða ákvarðanir hafa verið teknar af ríkisstjórninni um breytilega vexti á lánum byggingarsjóðanna, sbr. nefndarálit meiri hl. félagsmálanefndar neðri deildar, þskj. 240 á 110. löggjafarþingi?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 505. Fyrirspurn [224. mál]

til félagsmálaráðherra um skiptingu umsókna um húsnæðislán eftir kjördæmum.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvernig flokkast fyrirliggjandi umsóknir um húsnæðislán úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna eftir kjördæmum, sundurliðað eftir sjóðum:

a. miðað við búsetu umsækjenda,
b. miðað við fyrirhugaða ráðstöfun láns til kaupa á eldra húsnæði og til nýbyggingar?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 506. Fyrirspurn [225. mál]

til félagsmálaráðherra um reglugerðir um húsnæðismál.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvað líður undirbúningi að setningu reglugerða sem gert er ráð fyrir að settar verði á grundvelli laga nr. 84/1987, um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins?
2. Verða drög að þessum reglugerðum lögð fyrir félagsmálanefndir efri deildar og neðri deildar til kynningar og umsagnar?

Sþ. 507. Tillaga til þingsályktunar [226. mál]

um gerð áætlunar um úrbætur í raforkumálum Norður-Þingeyjarsýslu.

Flm.: Valgerður Sverrisdóttir, Árni Gunnarsson, Málmfríður Sigurðardóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Halldór Blöndal.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að láta gera áætlun um úrbætur í raforkumálum Norður-Þingeyjarsýslu.

Greinargerð.

Íbúar Norður-Þingeyjarsýslu hafa nú í upphafi árs átt við alvarlega erfiðleika að etja í raforkumálum. Norðausturhorn landsins, einkum austan Öxarfjarðar, er nokkurs konar „botnlangi“ út úr hinu hringtengda raforkukerfi landsins. Háspennulínan yfir Öxarfjarðarheiði er allt of veikburða og er það ástæða mikils öryggisleysis svæðisins í þessum efnum. Síðustu atburðir sýna að við svo búið verður ekki unað lengur.

Til úrbóta í raforkumálum sýslunnar virðast tveir kostir koma helst til greina, annars vegar virkjun Sandár í Þistilfirði og hins vegar lagning 66 kV línu út úr landsnetinu frá Kópaskeri til Brúarlands í Þistilfirði.

Hugmyndin um virkjun Sandár hefur lengi verið til umræðu, eða allt frá árinu 1949. Á síðasta ári, 1987, vann Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hf. ásamt fleirum fyrir sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu frumhagkvæmniathugun á 2 MW virkjun í Sandá. Niðurstöður verkfræðistofunnar voru þær að virkjunin muni standa undir sér, en tekið er fram að ekki sé tekin afstaða til þjóðhagslegrar hagkvæmni virkjunarinnar út frá núverandi ástandi í raforkukerfi landsins. Í umsögnum Orkustofnunar og Rafmagnsveitna ríkisins er hagkvæmni Sandárvirkjunar hins vegar dregin í efa, m.a. með hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni. Brýnt er að nú þegar verði gerður tæmandi heildarsamanburður á framangreindum kostum þar sem tekið verði tillit til þjóðhagslegra atriða, svo sem orkutaps í núverandi orkuflutningskerfi, afhendingaröryggis og samkeyrslu hugsanlegrar smávirkjunar við landskerfið. Þegar sá samanburður liggur fyrir verði gerð framkvæmdaáætlun sem miði að því að framkvæmdum ljúki ekki seinna en 1½ ári eftir að ákvörðun er tekin, án tillits til hvor kosturinn verður valinn.

Nd. 508. Breytingartillaga [63. mál]

við brtt. á þskj. 503 [Lánsfjárlög 1988].

Frá Kjartani Jóhannssyni og Guðmundi G. Þórarinssyni.

Á eftir orðinu „fjármálaráðherra“ komi: samgönguráðherra.

Nd. 509. Breytingartillaga [63. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1988.

Frá Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur.

Við 21. gr. Greinin falli brott.

Nd. 510. Frumvarp til lánsfjárlaga [63. mál]

fyrir árið 1988.

(Eftir 2. umr. í Nd., 12. jan.)

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka allt að 4 260 000 þús. kr. lán innan lands á árinu 1988.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 905 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána eftirtöldum aðilum á árinu 1988:

1. Rafmagnsveitum ríkisins, allt að 160 000 þús. kr. til greiðslu erlends skammtímaláns sem tekið var á árinu 1987 vegna greiðsluerfiðleika fyrirtækisins.
2. Oddeyri hf. Akureyri, allt að 120 000 þús. kr. til greiðslu erlendra skammtímalána sem tekin voru á smíðatíma raðsmíðaskips.
3. Nökkva hf. Blönduósi, allt að 125 000 þús. kr. til greiðslu erlendra skammtímalána sem tekin voru á smíðatíma raðsmíðaskips.
4. Ljósavík hf. Þorlákshöfn, allt að 145 000 þús. kr. til greiðslu erlendra skammtímalána sem tekin voru á smíðatíma raðsmíðaskips.
5. Jarlinum hf. Keflavík, allt að 175 000 þús. kr. til greiðslu erlendra skammtímalána sem tekin voru á smíðatíma raðsmíðaskips.
6. Sæbergi hf. Ólafsfirði vegna hraðfrystitogarans Mánabergs, allt að 180 000 þús. kr. til greiðslu erlendra skammtímalána í tengslum við breytingar á skipinu í frystitogara.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1988 og þessara laga.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 600 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum fyrirtækisins. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán, sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þeirri grein án samþykkis eignaraðila, hluti af ofangreindri fjárhæð.

4. gr.

Þróunarfélagi Íslands hf. er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 50 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að efla nýjungar í atvinnulífi.

5. gr.

Heimilt er að taka lán til framkvæmda og skuldbreytingar sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra sem hér segir:

1. Hitaveita Akureyrar, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 120 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Egilsstaða og Fella, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 8 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Eyrar, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 10 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Hitaveita Siglufjarðar, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 20 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
5. Hitaveita Rangæinga, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 10 500 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
6. Fjarhitun Vestmannaeyja, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 45 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
7. Hitaveita Suðurnesja, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 150 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
8. Aðrar framkvæmdir eða skuldbreytingar, lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 30 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

6. gr.

Byggðastofnun er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 750 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

7. gr.

Herjólfi hf., Vestmannaeyjum, er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð 100 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt að fengnu samþykki fjármálaráðherra, samgönguráðherra og fjárveitinganefndar Alþingis til hönnunar og smíði ferju.

8. gr.

Flóabátnum Baldri hf., Stykkishólmi, er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð 100 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til smíði ferju.

9. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar og endurlána þeim aðilum, sem nefndir eru í 3.–8. gr., með þeim kjörum sem og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

II. KAFLI

10. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, skal framlag ríkssjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins eigi nema hærri fjárhæð en 34 600 þús. kr. á árinu 1988 og er framlagið vegna Lífeyrissjóðs bænda.

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs falla niður á árinu 1988.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tölul. 35. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra að meðtöldum tekjum af erfðafjárskatti eigi fara fram úr 180 000 þús. kr. á árinu 1988.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 2. gr. laga nr. 34/1979, um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands falla niður á árinu 1988.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 31. gr. laga nr. 69/1984, hafnalaga, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 20 000 þús. kr. á árinu 1988.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs falla niður á árinu 1988.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. tölul. 9. gr. laga nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, skal framlag ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 25 000 þús. kr. á árinu 1988.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum eigi nema hærri fjárhæð en 28 000 þús. kr. á árinu 1988.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 60 000 þús. kr. á árinu 1988.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 50/1957, um menningarsjóð, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi fara fram úr 9 090 þús. kr. á árinu 1988.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laga nr. 32/1979, um framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, falla þær greiðslur niður á árinu 1988 og skulu þess í stað greiðast af tekjum Stofnlánadeildar landbúnaðarins skv. 2. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 64/1981, sbr. lög nr. 10/1985 og lög nr. 55/1986, um atvinnuleysistryggingar, skal heildarframlag ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs skv. 4. gr. fjárlaga eigi fara fram úr 500 000 þús. kr. á árinu 1988.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1988 vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. laga nr. 56/1987, jarðræktarlaga, skal greiðsla ríkissjóðs á framlagi til jarðabóta vegna framkvæmda á árinu 1987 ekki fara fram úr 141 000 þús. kr. á árinu 1988, en lokagreiðsla komi árið 1989.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 31/1973, um framlög til búfjárræktar, skal framlag ríkissjóðs til búfjárræktarstyrkja eigi nema hærri fjárhæð en 9 000 þús. kr. á árinu 1988.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka, skal framlag ríkissjóðs vegna bóta fyrir eyðingu refa og minka falla niður á árinu 1988.

26. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. tölul. 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, laga nr. 21/1976, um flokkun og mat ullar, og laga nr. 22/1976, um flokkun og mat á gærum, er landbúnaðarráðherra heimilt að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af yfirmati samkvæmt lögunum leiðir.

27. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs falla niður á árinu 1988.

28. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 1988 eigi nema hærri fjárhæð en 1 540 000 þús. kr.

III. KAFLI

29. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku skammtímalána og/eða veltilána er honum heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að selja skuldabréf að því marki sem þarf til að standa undir endurgreiðslu spariskírteina með óhagstæðum kjörum og endurgreidd eru vegna uppsagnar fyrir eindaga.

Enn fremur er fjármálaráðherra heimilt að selja ríkisvíxla til endurgreiðslu áður útgefinna ríkisvíxla og til að bæta stöðu ríkissjóðs á aðalviðskiptareikningi í Seðlabankanum.

30. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta, þar sem mótaðili ríkissjóðs í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánum sem ríkissjóður tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða

öðrum lögum. Ríkissjóður tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.

Enn fremur er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að samþykkja slík skulda- og/eða vaxtaskipti lána sem tryggð eru með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs, enda séu að mati fjármálaráðherra nægar tryggingar fyrir ábyrgð ríkissjóðs þegar til slíkra samninga er stofnað.

31. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán þegar lánstími er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftatíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983, þannig að fari samanlögð fjárhæð lána samkvæmt þessari grein og 3. gr. laga þessara fram úr 5% af höfuðstóli skal leitað samþykkis eignaraðila.

Jafnframt er Landsvirkjun heimilt að stofna til svokallaðra skulda- og/eða vaxtaskipta vegna erlendra lána sinna sem hún hefur tekið með viðeigandi heimildum og samþykki eignaraðila.

32. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta þar sem mótaðili Framkvæmdasjóðs í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánum sem Framkvæmdasjóður tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Framkvæmdasjóður tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.

Nýti Framkvæmdasjóður lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku skammtímalána og/eða veltilána er honum heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

33. gr.

Byggðastofnun er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.

Byggðastofnun er heimilt að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta þar sem mótaðili Byggðastofnunar í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánum sem Byggðastofnun tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Byggðastofnun tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.

Nýti Byggðastofnun lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku skammtímalána og/eða veltilána er henni heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

34. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán hjá Seðlabanka Íslands að fjárhæð allt að 100 000 þús. kr. á árinu 1987.

35. gr.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs og að fengnu samþykki fjárveitinganefndar, er heimilt að semja við Hitaveitu Rangæinga, Hitaveitu Suðureyrar og Hitaveitu Siglufjarðar um ráðstafanir til að bæta fjárhag veitnanna í framtíðinni.

36. gr.

Lántökuheimildir skv. I. kafla gilda á árinu 1988. Heimildir samkvæmt lögum þessum verða þó nýttar til 1. júlí 1989 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra komi til.

37. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 511. Breytingartillaga [63. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1988.

Frá Hjörleifi Guttormssyni, Kristínu Einarsdóttur og Óla Þ. Guðbjartssyni.

Við 22. gr. Greinin orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. útvarpslaga, nr. 68/1985, skulu tekjur Framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins af aðflutningsgjöldum af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum eigi nema hærri fjárhæð en 100 000 þús. kr. á árinu 1988.

Ed. 512. Breytingartillaga [63. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1988.

Frá Svavari Gestssyni, Guðrúnu Agnarsdóttur og Guðmundi Ágústssyni.

Á eftir 36. gr. komi ný grein er hljóði svo:

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán allt að 30 millj. kr. til þess að standa undir kostnaði við breytingar á Áburðarverksmiðju ríkisins vegna ammoníaksgeymis.

Ed. 513. Nefndarálit [63. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1988.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Meiri hl. nefndarinnar hefur athugað þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu í neðri deild og mælir með samþykkt þess svo breytts.

Að gefnu tilefni tekur meiri hl. fram varðandi erlendar lántökuheimildir Byggðasjóðs að ætlast er til að stjórn Byggðastofnunar horfi til allra þátta atvinnulífsins þegar lánsfjárþörf byggðarlaga er metin.

Gunnar H. Hall hagsýslustjóri kom á fund nefndarinnar og gerði grein fyrir þeim breytingum sem gerðar voru á frumvarpinu í neðri deild.

Guðrún Agnarsdóttir sat fund nefndarinnar.

Alþingi, 13. jan. 1988.

Halldór Blöndal, form., frsm. | Ey. Kon. Jónsson, fundaskr. | Eiður Guðnason.

Jóhann Einvarðsson. | Valgerður Sverrisdóttir.

Ed. 514. Breytingartillögur [63. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1988.

Frá Svavari Gestssyni, Guðrúnu Agnarsdóttur og Júlíusi Sólnes.

1. Við 12. gr. Greinin falli brott.
2. Við 17. gr. Fyrir „28 000“ komi: 38 000.
3. Við 22. gr. Greinin orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 22. gr. og 23. gr. útvarpslaga, nr. 68/1985, skulu tekjur Framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins af aðflutningsgjöldum af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum eigi nema hærri fjárhæð en 99 000 þús. kr. á árinu 1988.

Sþ. 515. Tillaga til þingsályktunar [227. mál]

um íslenskan gjaldmiðil.

Flm.: Kristinn Pétursson, Guðni Ágústsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Karl Steinar Guðnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til þess að kanna hvort, og þá með hvaða hætti helst, kæmi til greina að tengja íslenskt myntkerfi við annað stærra myntkerfi þannig að íslenskur gjaldmiðill njóti alþjóðlegrar viðurkenningar og varanlegum stöðugleika verði náð í gengismálum hér á landi. Nefndin ljúki störfum svo fljótt sem unnt er.

Greinargerð.

Fastgengisstefna hefur ríkt hér á landi nánast óslitið síðan í maí 1983. Óþarfi er að rifja upp ástand efnahagsmála þá, það er flestum vel í minni. Fastgengisstefnan hefur reynst haldgóð í þeim tilgangi að ná auknum stöðugleika í efnahagslífinu. En nú virðist mikil spákaupmennska ýta undir þenslu og verðbólgu. Skulu hér nefnd nokkur dæmi:

1. Tiltrú almennings á fastgengisstefnunni er ekki nægileg.
2. Erlendir aðilar treysta ekki mynt okkar.
3. Verð vöru og þjónustu fer sífellt hækkandi.
4. Framkvæmdaaðilar hraða verkum sínum áður en allt hækkar.
5. Verkalýðsforustan krefst ríflegra kauphækkana.
6. Of háir vextir endurspegla m.a. liði 1–5.

Til viðbótar þessu höfum við „lánskjaravísitölu“ sem fjárfestingarlánasjóðir miða flestir lán sín við þannig að lántakendur verða að borga alla áðurnefnda spákaupmennsku þegar þeir endurgreiða lánin. Það má telja mjög hæpið að þeir sem tekið hafa lán með lánskjaravísitölu að einhverju ráði geti í framtíðinni greitt þessa spákaupmennsku til baka, til viðbótar því að greiða höfuðstól lánsins.

Útflutningsatvinnuvegirnir fá yfir sig allan kostnaðinn af spákaupmennskunni. Þessir mikilvægu atvinnuvegir geta ekki sótt slíkar hækkanir í vasa erlendra neytenda. Afleiðingarnar eru lakari samkeppnisstaða íslenskra útflutningsatvinnuvega á erlendum mörkuðum sem aftur leiðir af sér verri lífskjör hér á landi verði ekki gripið til varanlegra aðgerða til þess að draga úr spákaupmennsku þeirri sem nefnd var hér að framan.

Í skiptum fyrir alþjóðlega gjaldmiðla fá útflutningsatvinnuvegirnir í hendur íslenskar krónur án þess að geta nokkur áhrif haft á verðgildi hins íslenska gjaldmiðils.

Það er í gegnum þetta kerfi sem landsbyggðin tapar sífellt í samkeppni sinni við höfuðborgarsvæðið. Með þingsályktunartillögu þessari er verið að efna til umræðu um að fara nýjar leiðir.

Gamla gengisfellingaraðferðin er ekki líkleg til þess að leysa neinn vanda. Ringulreiðin og sjálfvirkni í hækkunum, svo sem lánskjaravísitala, kaupæði og önnur spákaupmennska, skapar ekki minni vanda en leysist við gengisfellingu. Rétt er einnig að minna á vanda þeirra sem skulda mikið hjá Húsnæðisstofnun ef gamla gengisfellingar- og verðbólguhjólið færi á fullt á nýjan leik.

Aldrei áður hefur verið jafnmikilvægt að ná til langframa stöðugleika í efnahagsmálum hér á landi því að samkeppni fer sífellt harðnandi á innlendum og erlendum mörkuðum þar sem flutningar, upplýsingar og samskipti milli einstakra markaðssvæða og landa verða sífellt auðveldari vegna örra framfara á öllum sviðum.

Ekki kemur til greina að hefja aftur upptöku sparifjár, en talið er að á árunum 1970–1980 hafi sparifjáreigendur verið hlunnfarnir um u.þ.b. 90 milljarða króna eða um tvöföld fjárlög ársins 1987.

Hugmynd um að tengja íslenska mynt öðrum myntkerfum hefur verið rædd áður og hafa andmælendur hennar sagt að það þýddi skerðingu á sjálfstæði þjóðarinnar, án þess þó að rökstyðja það nánar. Flutningsmenn telja að sjálfstæði þjóðarinnar stafi ekki eins mikil hætta af neinu í framtíðinni eins og þeirri sjálfheldu sem peningamál á Íslandi munu komast í verði ekkert að gert.

Ed. 516. Frumvarp til laga [228. mál]

um breytingu á lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Flm.: Egill Jónsson.

1. gr.

Í stað 1. mgr. 29. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar er orðist svo:

Nú er ákveðið það magn búvöru sem hverjum framleiðanda er tryggt fullt verð fyrir skv. heimild í 30. gr. og verð hennar til framleiðenda er ákveðið skv. 8. gr. og er þá afurðastöð skylt að greiða framleiðanda fullt verð samkvæmt gildandi verðlagsgrundvelli á innleggsdegi, sbr. þó 22. gr., fyrir búvörur eigi síðar en 10. dag næsta mánaðar eftir innleggsmánuð.

Auk þess skal greiða fyrir sauðfjárafurðir, sem lagðar eru inn í haustsláturtíð, 1. sept. til 30. nóv., viðbótargreiðslur vegna hækkana, sem verða kunna við ársfjórðungslegar breytingar verðlagsgrundvallar í hlutfalli við óseldar birgðir í landinu 1. desember, 1. mars og 1. júní, er inntar séu af hendi eigi síðar en 15. mars, 15. júní og 15. september. Ráðherra setur í reglugerð, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs og sláturleyfishafa, nánari reglur um framkvæmd viðbótargreiðslna og jöfnun á milli afurðastöðva vegna mismunandi söluhlutfalls við hvert ársfjórðungsuppgjör.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur með flutningi þessa frumvarps er að tryggja með markvissari hætti en nú er greiðslur sauðfjárafurða til framleiðenda.

Samkvæmt þeim reglum, sem nú eru í gildi, ber afurðastöðvum að greiða frumgreiðslur sauðfjárafurða í síðasta lagi 15. október til þeirra sem slátra fyrir þann dag, en þeir sem slátra síðar fái greiðslur í síðasta lagi tíu dögum eftir innleggsdag. Afurðastöðvar skili síðan fullnaðaruppgjöri haustgrundvallarverðs í síðasta lagi 15. desember. Sérstök ákvæði eru nú um viðbótargreiðslu vegna ársfjórðungslegra hækkana í 3. tölul. 1. mgr. 29. gr. laganna.

Við setningu búvörulaganna árið 1985 var ekki að fullu ljóst hvernig framleiðsluheimild til sérhvers bónda yrði ákveðin né heldur hvort heimilað yrði að færa framleiðsluréttindi milli einstakra bænda og búmarkssvæða. Þá var og nokkur óvissa um hvernig staðið yrði að fjármögnun við hina breyttu greiðsluhætti. M.a. af þessum ástæðum þótti eðlilegt að nokkurt ráðrúm gæfist til að ganga frá endanlegu uppgjöri.

Nú liggur hins vegar fyrir hvernig þessum málum er fyrir komið. Sauðfjárbændur hafa fengið úthlutað ákveðinni framleiðsluheimild, fullvirðisrétti, sem þeim ber að fá greiddan fullu verði. Fyrir liggur að ónýttan fullvirðisrétt er ekki hægt að flytja milli framleiðenda né búmarkssvæða. Þar af leiðandi er ekkert því til fyrirstöðu að greiðslur fyrir sauðfjárafurðir fylgi svipuðum eða sömu reglum og gilda í mjólkurframleiðslu.

Ein mikilvægasta ákvörðun til hagsbóta fyrir bændur, sem tekin var með setningu búvörulaga, var full greiðsla mjólkur og sauðfjárafurða sem næst innleggsdegi jafnframt því sem greint var að fullu milli greiðslu búvara á framleiðslu- og sölustigi. Fyrir setningu búvörulaganna fengu bændur ekki fullnaðaruppgjör fyrr en rekstur afurðastöðva lá fyrir og fór það því eftir afkomu í rekstri hvort greiðslur til framleiðenda voru í samræmi við skráð verð.

Hins vegar eiga framleiðendur nú að fá alla þá framleiðslu, sem er innan fullvirðisréttar, greidda sem næst því að varan er afhent til framleiðenda og algerlega óháð rekstri afurðastöðvanna.

Þegar búvörulögin voru til meðferðar á Alþingi var leitað álits þriggja lögmanna um skýringar á nokkrum mikilvægum ákvæðum laganna, m.a. 29. gr., sem kveður á um greiðslu afurðaverðs.

Umsögn Benedikts Blöndal, Jóns Þorsteinssonar og Gauks Jörundssonar er þessi:

„Að lokum viljum við taka fram að í 18. gr. frv. er því slegið föstu að enginn megi kaupa eða selja búvöru innan lands á öðru verði en ákveðið hafi verið skv. ákvæðum þess. Skiptir í því efni engu hvort um er að ræða umboðssölu eða ekki, framleiðanda ber það grundvallarverð sem ákveðið hefur verið, hvorki hærra né lægra. Í 29. gr. frv. eru ákvæði um gjalddaga. Heimilt er að semja um aðra gjalddaga, en slíkir samningar hljóta að verða einstaklingsbundnir. Ef frv. verður að lögum falla núgildandi samningar í þessu efni úr gildi, hvort sem þeir eru einstaklingsbundnir eða fólgnir í stofnsamningum félaga og ber að fara eftir reglum 29. gr. nema nýir samningar takist um aðra greiðslutilhögun en þar er ákveðin. Hitt er svo annað mál að framleiðendur geta síðar notið hagnaðar afurðastöðvar sem eigendur hennar, hvort sem er í samvinnufélagi, hlutafélagi eða með öðrum hætti. Fari svo að afurðastöð inni lögmæltar greiðslur ekki af hendi á réttum gjalddaga ber henni að greiða framleiðanda dráttarvexti með sama hætti og tíðkast í verslunarviðskiptum."

Ætla mætti að jafnskýr ákvæði um skyldur afurðastöðva til að inna af hendi greiðslur til bænda á grundvelli 29. gr. búvörulaganna væru að fullu virtar og þeim framfylgt.

Nýfengin reynsla sýnir að svo er þó ekki. Afurðastöðvar inntu ekki lokagreiðslur af hendi fyrir sauðfjárafurðir frá síðastliðnu hausti til framleiðenda 15. desember eins og þeim bar. Sú breyting á greiðslum sauðfjárafurða, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, á að tryggja enn betur að bændur fái afurðir sínar greiddar á réttum tíma þar sem afurðastöðvum er samkvæmt frumvarpinu skylt að greiða haustgrundvallarverð til framleiðenda í og við lok sláturtíðar.

Eins og áður sagði voru við setningu búvörulaganna uppi efasemdir um að afurðastöðvar hefðu bolmagn til að standa undir fullnaðargreiðslum til framleiðenda með staðgreiðslu. Með þeirri fyrirgreiðslu, sem afurðastöðvar hafa notið í formi afurðalána og sérstakra staðgreiðslulána, kemur hið gagnstæða fram.

Þegar litið er til þeirrar fyrirgreiðslu, sem afurðastöðvar hafa notið í þessum efnum vegna uppgjörs sauðfjárafurða frá síðastliðnu hausti (fylgiskjal I), verður ekki betur séð en að sú fyrirgreiðsla hafi verið fullnægjandi. Samkvæmt því hefði eigið fjármagn afurðastöðva einungis þurft að nema *170 millj. kr., þ.e. 5%* af heildsöluverðinu til að fullnægja allri greiðsluþörf á heildsölustigi.

Sé sérstaklega litið til þeirrar fyrirgreiðslu sem afurðastöðvar nutu til að gera þeim kleift að standa í skilum við bændur kemur eftirfarandi í ljós:

Tafla 1.

Birgðir innan fullvirðisréttar, 1. nóv.	10 946	tonn
Verð til framleiðenda	2 445	m.kr.
Staðgreiðslulán	673	m.kr.
Afurðalán	1 716	m.kr.
Fjármögnun samtals	2 389	m.kr.
Eigin fjármögnun afurðastöðva	56	m.kr.
— hlutfall	2.29	%

Þannig hafa afurðastöðvarnar þurft að greiða 56 millj. kr. úr eigin rekstri til að inna af hendi lögbundnar greiðslur til framleiðenda þar sem afurða- og staðgreiðslulán námu samtals tæpum 98% af greiðsluskyldu afurðastöðva til framleiðenda, sauðfjárbænda. *Þessi niðurstaða er óyggjandi.*

Að því er varðar heildsölukostnað sláturafurða má segja að rekstrarfjárþörf þar sé umdeilanlegri. Almennt er við það miðað að tveir þriðju hlutar þess kostnaðar gjaldfalli meðan á slátrun stendur en þriðjungur síðar. Þar koma m.a. til greiðslur sem ekki fara fram fyrr en við sölu afurðanna eins og t.d. sjóðagjöld, umboðslaun, kostnaður vegna fasteigna, fyrningar og jafnvel greiðslur fjárfestingarlána.

Eins og áður getur voru birgðir kindakjöts af framleiðslu sl. árs 1. nóvember 10 946 tonn. Tveir þriðju hlutar heildsölukostnaðar þeirra birgða námu að verðmæti 703 millj. kr.

Lán til afurðastöðva vegna uppgjörs við framleiðendur (tafla 1) var að upphæð 2389 millj. kr. Þegar það er dregið frá heildarfyrirgreiðslum til afurðastöðva (3133-2389=744) verða eftir til ráðstöfunar til greiðslu kostnaðar í heildsölu 744 millj. kr. eða 41 millj. kr. umfram tvo þriðju hluta heildsölukostnaðar.

Þetta samsvarar því að við uppgjör sauðfjárafurða 15. desember sl. hafi einungis skort 15 millj. kr., þ.e. 0,4%, til að staðgreiðslu- og afurðalán nægðu til að greiða að fullu allt afurðaverð til bænda og að auki áfallinn heildsölukostnað.

Nú er það íhugunarefni hvaða gjaldstofn eigi að leggja til grundvallar þegar afurða- og staðgreiðslulán eru ákveðin, t.d. hvort ekki er fullt eins eðlilegt að miða við 1. desember eins og 1. nóvember, en sú tilhögun var viðhöfð við uppgjör afurða 15. desember sl. Hefði sala sauðfjárafurða í nóvember verið tekin með og uppgjörið miðað við 1. desember má segja að reikningar hefðu orðið sléttir, *þ.e. að heildsöluverð sauðfjárafurða og lánafyrirgreiðslur hefðu numið svipaðri upphæð.*

Það sem hér hefur verið rakið sýnir með ótvíræðum hætti að sú fyrirgreiðsla, sem afurðastöðvar njóta, er fullnægjandi til að tryggja markmið búvörulaganna um staðgreiðslu sauðfjárafurða miðað við núverandi greiðslumáta. Leitast hefur verið við að meta hvernig sú

breyting, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, mundi samrýmast þeirri fyrirgreiðslu sem afurðastöðvarnar hafa notið til greiðslu afurðaverðs til bænda.

Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins yrðu gjalddagarnir aðallega tveir, þ.e. 10. október og 10. nóvember. Áætlað er að um það bil þriðjungur haustinnleggs kæmi til greiðslu 10. október en tveir þriðju 10. nóvember. Með sæmilegu öryggi má því ætla að hlutdeild staðgreiðslulána þyrfti að hækka sem hlutdeild í einingarverði um nálega 5% eftir því hversu sala sauðfjárafurða í sláturtíð væri látin vega mikið í greiðslum afurðaverðs. Vegna minni framleiðslu á næsta ári yrði heildarfjárþörf staðgreiðslulána svipuð og nú er. Jafnframt þurfa greiðslur staðgreiðslulánanna að samræmast þeim dagsetningum þegar greiðslur afurðanna fara fram.

Hér er því einungis um óverulegar breytingar að ræða á afhendingu staðgreiðslulána til að tryggt sé að sú tilhögun sem frumvarpið kveður á um skapi afurðastöðvum sömu möguleika á greiðslum og nú eru fyrir hendi.

Þrátt fyrir að ekki er þörf umtalsverðra breytinga á staðgreiðslu afurðanna vegna breyttrar tilhögunar á greiðslum til framleiðenda sauðfjárafurða mundi það verða málinu til mikils framdráttar ef annar háttur væri hafður á greiðslum sem af hendi hins opinbera eru tengdar sölu sauðfjárafurða, þ.e. að auk afurða- og staðgreiðslulána væru niðurgreiðslur einnig hagnýttar til að ná fram markmiðum búvörulaganna um staðgreiðslu afurða.

Vorið 1985 skipaði þáverandi viðskiptaráðherra nefnd til að gera tillögur um hvaða ráðstafanir þyrfti að gera til að tryggja bændum fullnaðargreiðslur sauðfjárafurða sem næst innleggsdegi. Nefndarálitið er á fylgiskjali II.

Nefndin bendir á tvær leiðir er hún nefnir A og B (sjá fylgiskjal II). Leið A fól í sér óbreytta tilhögun frá því sem verið hefur, en leið B umtalsverðar breytingar. Þar er m.a. lagt til að ríkisvaldið hætti að greiða kostnað við geymslu kindakjöts, en því fjármagni sem við það sparaðist yrði ráðstafað til að auðvelda afurðastöðvum að staðgreiða sauðfjárafurðir. Enn fremur hefði þetta fyrirkomulag hagstæð áhrif á markaðinn, sérstaklega ef því væri beint til að greiða afurðirnar niður í upphafi hvers verðlagsárs og milda þannig þær verðbreytingar sem jafnan fylgja nýjum verðlagsgrundvelli.

Þar sem sú leið, sem valin var í þessum efnum, er brostin hlýtur að koma mjög til álita að taka upp það fyrirkomulag sem fram kemur í svonefndri B-leið og staðgreiðslunefndin lagði til að upp yrði tekið.

Með þeim breytingum á 29. gr. búvörulaganna, sem að framan er skýrð, er fundin leið sem á að tryggja að framleiðendur sauðfjárafurða fái greiðslur í samræmi við gildandi lög. Því er þess að vænta að málið fái jákvæða afgreiðslu á Alþingi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Orðalag ákvæðisins er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að felld eru niður sérákvæði um gjalddaga og greiðslur fyrir sauðfjárafurðir, sem lagðar eru inn í haustsláturtíð, með þeirri undantekningu að áfram er gert ráð fyrir að framleiðendur fái viðbótargreiðslur vegna ársfjórðungslegra hækkana, sbr. nú 3. tölul. 1. mgr. sem verður 2. mgr. skv. frv. Greiðslur fyrir sauðfjárafurðir skulu því að fullu greiddar 10. dag næsta mánaðar eftir innleggsmánuð nema framleiðandi og sláturleyfishafi semji um annan hátt á greiðslum, en auk þess eiga framleiðendur kröfu á viðbótargreiðslu skv. 2. mgr. 29. gr.

Núverandi 2. og 3. mgr. 29. gr. halda gildi sínu og verða 3. og 4. mgr.

Um 2. gr.

Gildistaka frumvarpsins er miðuð við að það verði samþykkt á yfirstandandi þingi og hafi því tekið gildi fyrir næstu haustsláturtíð.

Fylgiskjal I.

Yfirlit um þróun framleiðslu og birgða kindakjöts og fjármögnun 1986–1987.

(5. janúar 1988.)

Birgðir í upphafi verðlagsársins 1986–1987 voru 2387 tonn, þar af án ábyrgðar ríkissjóðs 1390 tonn. Framleiðslan varð 12 943 tonn og voru birgðir í lok verðlagsársins 2172 tonn.

Gert var ráð fyrir að ráðstöfun innan lands yrði 10 000 tonn samkvæmt búvörusamningi, en í reynd varð hún tæp 9100 tonn. Þannig vantaði um 900 tonn til að markmiði búvörusamnings yrði náð.

Útflutningur ríkissjóðs á verðlagsárinu var áætlaður 1800 tonn, en varð í reynd 2938 tonn sem er um 1138 tonn umfram áætlun. Umframútflutningurinn samanstóð af 900 tonnum vegna minni innanlandssölu og um 200 tonnum vegna birgðalækkunar.

Á fyrri hluta ársins 1987 hafði ríkissjóður greitt að fullu andvirði útflutningsbóta er samsvaraði um 1800 tonnum í útflutningi. Í ágústmánuði voru auk þess greiddar útflutningsbætur vegna hluta ríkissjóðs í sölu kindakjöts til Japans og var það um 600 tonn. Þannig hafði ríkissjóður greitt útflutningsbætur á verðlagsárinu 1986–1987 er voru um 600 tonn umfram áætlun.

Heildarútflutningsbótaþörf ríkissjóðs vegna kindakjöts af framleiðslu 1986 var 613 millj. kr. án vaxtagjalda. Af þeirri fjárhæð hafði ríkissjóður greitt í ágústmánuði 444 millj. kr. Síðan greiddi ríkissjóður 200 millj. kr. fyrir miðjan desember 1987. Þá má segja að ríkissjóður hafi greitt að fullu útflutning á hans ábyrgð og auk þess 31 millj. kr. upp í vaxtagjöld sem er um helmingurinn af óuppgerðri heildarkröfu. Ríkissjóður þurfti til þess að auka fjárveitingar vegna útflutningsbóta annars vegar með 155 millj. kr. viðbótarfjárveitingu og hins vegar með lántökum er greiðast af útflutningsbótum næsta fjárlagaárs.

Heildsöluverðmæti kindakjötsframleiðslunnar sl. haust var um 3,5 milljarðar kr. Þar af er verðmætið til bænda 2,5 milljarðar kr. Fjármögnun á greiðslum sláturleyfishafa til bænda var með sama hætti og haustið á undan, þ.e. að sláturleyfishöfum voru veitt afurðalán að upphæð um 2460 millj. kr. og staðgreiðslulán er ríkissjóður fjármagnar að upphæð 673 millj. kr. eða samtals 3130 millj. kr. Eftirstöðvar eru því að upphæð 360 millj. kr. og skiptast þannig að 70 millj. kr. eru sjóðagjöld er ekki greiðast fyrr en að lokinni sölu og ámóta fjárhæð er áætlaður sölukostnaður. Þannig er hin eiginlega eiginfjármögnun sláturleyfishafa 170 millj. kr. eða um 5% af heildsöluverðinu. Telja verður að framlag sláturleyfishafa sjálfra í heildarfjármögnuninni sé í algjöru lágmarki.

til heilbrigðisráðherra um niðurstöður áfengismálanefndar.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Mun ráðherra óska umræðu á Alþingi um niðurstöður áfengismálanefndar sem skipuð var vorið 1983 af þáverandi heilbrigðisráðherra og skilaði lokatillögum í janúar 1987?
2. Hvernig hyggst ráðherra og ríkisstjórnin nýta niðurstöður nefndarinnar til að marka opinbera stefnu í áfengismálum?

Sþ. 531. Fyrirspurn [239. mál]

til viðskiptaráðherra um undirbúning löggjafar um auglýsingar.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um auglýsingalöggjöf sem samþykkt var á Alþingi 18. mars 1987?
2. Er þess að vænta að heildarlöggjöf um auglýsingar verði sett á yfirstandandi þingi?
3. Hvernig hyggst ráðherrann tryggja að nauðsynleg neytendavernd, þar með talið að vernda börn og unglinga fyrir innrætandi auglýsingum, verði hluti af væntanlegri löggjöf?

Sþ. 532. Fyrirspurn [240. mál]

til utanríkisráðherra um hernaðarframkvæmdir.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hefur ráðherra heimilað einhverjar nýjar framkvæmdir hér á landi á vegum Bandaríkjahers eða NATO frá því Alþingi var síðast gerð grein fyrir slíku? Ef svo er, hverjar eru þær?
2. Eru í gangi framkvæmdir við hina rammgerðu og sprengjuheldu hernaðarstjórnstöð á Keflavíkurflugvelli? Ef svo er, hvernig standa þær framkvæmdir?
3. Hefur komið til álita í ríkisstjórninni að láta draga úr, fresta eða hætta alveg við einhverjar hernaðarframkvæmdir hérlendis í ljósi breyttra aðstæðna í alþjóðamálum?

Sþ. 533. Fyrirspurn [241. mál]

til félagsmálaráðherra um átak í jafnréttismálum.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hvernig hefur tekist til um framkvæmd þeirra tilmæla sem félagsmálaráðherra beindi til ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja ríkisins, 22. júlí 1987, varðandi átak til að ná settum markmiðum ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum?
2. Hefur konum fjölgað í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum opinberra aðila?
3. Hefur þeim konum fjölgað sem ráðnar eru til „ábyrgðarstarfa“ á vegum hins opinbera?
4. Hafa ráðuneyti og opinberar stofnanir á vegum ríkisins tekið upp sveigjanlegan vinnutíma eða hafið undirbúning að slíkum vinnuháttum?

Sþ. 534. Tillaga til þingsályktunar [242. mál]

um innflutning loðdýra til kynbóta.

Flm.: Elín R. Líndal, Valgerður Sverrisdóttir.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að hefja þegar undirbúning að árlegum innflutningi kynbótadýra til loðdýraræktar.

Greinargerð.

Vöxtur loðdýraræktar hefur verið mikill hér á landi frá árinu 1980. Í ársbyrjun 1987 voru um 220 loðdýrabú starfrækt í landinu. Um síðustu áramót fjölgaði þeim um nálægt 60. Áætlað er að fjárfesting í loðdýrarækt sé orðin um 1,3–1,4 milljarðar króna.

Framleiðslutekjur þessa árs eru áætlaðar 450–500 milljónir króna á núverandi verðlagi. Loðdýraræktin er mjög gjaldeyrisskapandi. Afgangshráefni frá fisk- og kjötframleiðslu er breytt í þarfan gjaldeyri. Á þessu ári má ætla að notkun fiskúrgangs verði 15 000–16 000 tonn og sláturúrgangs 1500–2000 tonn.

Loðdýraræktin skapar mikla atvinnu í hinum dreifðu byggðum og er ekki fjarri lagi að ætla að um 300 ársverk séu bundin í loðdýrarækt samanlagt (uppbygging meðtalin).

Til að geta stundað samkeppnishæfa loðdýrarækt má tilkostnaður ekki vera hærri hér en gerist í helstu samkeppnislöndunum. Með aðgerðum hins opinbera undanfarin ár hefur ýmsum kostnaðarþáttum verið komið niður í viðunandi horf, t.d. með eftirgjöf eða niðurfellingu aðflutningsgjalda og söluskatts. Byggingar eru þó dýrari hér en víðast hvar annars staðar, en þær má afskrifa á eitthvað lengri tíma en tíðkast með þau skýli sem notuð eru erlendis. Að sama skapi þurfa tekjur af loðdýrarækt að geta verið sambærilegar við það sem þekkist í helstu loðdýraræktarlöndum. Til að svo megi vera þarf að stunda loðdýrarækt af kunnáttu. Því er rannsóknar- og leiðbeiningarstarf greininni mikilvægt.

Þegar næg kunnátta í meðferð dýranna er fyrir hendi markast afkoma loðdýrabúa einkum af þremur þáttum: frjósemi bústofnsins, fóðurverði og síðast en ekki síst af gæðum framleiðslunnar. Það er loðdýraræktinni því afar mikilvægt að eiga kost á úrvalslífdýrum til að geta framleitt þá gæðavöru sem er samkeppnishæf og eftirsótt.

Í minkaræktinni er svarta litarafbrigðið uppistaðan í framleiðslu Íslendinga. Til samanburðar við framleiðslu Dana á sama litarafbrigði er staðan þessi miðað við sl. ár: Meðaltal danskra skinna fær gæðastuðulinn 100. Hæsta danska búið fær 132 fyrir gæði sinna skinna. Á sama tíma var hæsta íslenska búið verulega fyrir neðan danskt meðalbú eða með gæðastuðulinn 85, og íslenska meðaltalið var 76. Öflugt kynbótastarf er því mikilvægt og innflutningur loðdýra nauðsynlegur, sérstaklega meðan vöxtur búgreinarinnar er svo mikill sem raun ber vitni. Einkum er þörfin mikil fyrir innflutning minka á næstu árum en minni í refarækt vegna samdráttar í henni og þess að í refaræktinni nýtast kynbótadýrin betur með tilkomu sæðinganna. Nauðsynlegt er að geta flutt árlega inn minka næstu árin til að bæta stofninn og til að svara eftirspurn vegna væntanlegrar aukningar í greininni. Sóttkvíarbú fyrir um 200 minkalæður hefur verið byggt upp á Möðruvöllum í Hörgárdal. Það eitt nægir ekki eins og sakir standa. Nauðsynlegt er að eiga kost á að flytja inn fleiri dýr á næstu árum. Til þess þarf að byggja upp aðstöðu á sérstökum sóttkvíarbúum. Einnig kemur til greina að koma upp sóttkví á völdum búum hjá bændum meðan þörfin er mest.

Erfitt er að áætla þörfina en hún er mjög mikil. Brýnt er að flytja inn verulegan fjölda dýra á næstu tveimur til þremur árum. Þegar fram í sækir og stofninn er kominn í meira jafnvægi ætti að nægja að flytja inn 200–300 minkalæður árlega. Til þess að svo megi verða þarf a.m.k. tvö sóttkvíarbú því að sóttkví tekur allt að tveimur árum.

Sþ. 535. Svar [85. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Salome Þorkelsdóttur um kynferðisafbrotamál gagnvart börnum.

Skýrslur um fjölda kærðra brota í einstökum kæruflokkum eru ekki til hér á landi. Á árinu 1976 var tekin upp samræmd kæruskrá við embætti sýslumanna og bæjarfógeta og frá stofnun rannsóknarlögreglu ríkisins hefur verið færð kæruskrá. Upp úr þessum gögnum hefur ekki verið unnið og þar sem skrár þessar eru ekki tölvuunnar verður það ekki gert án þess að upplýsingar hvers árs fyrir sig verði handunnar en það er mjög mikil og tímafrek vinna. Auk þess eru kynferðisafbrot gegn börnum ekki flokkur í kæruskrám heldur falla þau undir safnheitið kynferðisafbrot. Af þessu leiðir að auk þess að skoða kæruskrár yrði að fletta upp á hverju einstöku máli til að kanna hvort afbrotið beindist gegn börnum.

Ráðuneytið hafði því eigi í höndum umbeðnar upplýsingar og eftirgrennslan hjá lögreglustjóraembættum leiddi í ljós að eigi var unnt að afla þeirra án verulegrar fyrirhafnar. Því var gripið til þess ráðs að biðja um yfirlit fyrir skemmra tímabil og fylgir það hér á eftir. Jafnframt var ákveðið að koma gerð og úrvinnslu afbrotaskýrslna í betra horf í framtíðinni og er nú unnið að því verkefni. Upplýsingar fylgja um kærur fyrir tímabilið 1984–1987 frá flestum lögsagnarumdæmum, en frá rannsóknarlögreglu ríkisins fylgir yfirlit yfir árið 1987. Í tilefni af þeim kærum sem bárust voru 11 mál send til ákvörðunar ríkissaksóknara.

Yfirlit um kærur vegna kynferðisafbrota gagnvart börnum
frá 1. des. 1984 til 1. des. 1987.
(Yfirlitið nær ekki til allra umdæma.)

Austur-Skaftafellssýsla: Engin kæra.
Norður-Múlasýsla: Engin kæra.
Keflavíkurflugvöllur: Engin kæra.
Ísafjarðarsýsla: Eitt mál. Kæra dagsett 18. nóv. 1986. Málið sent ríkissaksóknara 31. des. 1986.
Húnavatnssýsla: Eitt mál. Kæra dagsett 1. maí 1986. Dómsátt 16. okt. 1986.
Neskaupstaður: Engin kæra.
Þingeyjarsýsla: Engin kæra.
Borgarfjarðarsýsla: Engin kæra.
Árnessýsla: Engin kæra.
Dalasýsla: Engin kæra.
Rangárvallasýsla: Eitt mál. Kæra dagsett 2. okt. 1987. Málið í höndum ríkissaksóknara.
Strandasýsla: Eitt mál. Kæra dagsett 23. ágúst 1985. Málið sent til RLR.
Kópavogur: Fimm mál. Í tveimur málanna er ekki vitað um aldur kærðra sem eru óþekktir. Þau mál eru óupplýst en voru kærð 10. des. 1984 og 12. sept. 1987. Þriðja málið var kært 25. ágúst 1986 og er því ólokið. Fjórða málið var kært 5. júní 1987 og dómur féll 6. nóv. 1987. Fimmta málið var beiðni um gæsluvarðhald, lokað þinghald.
Snæfellsnessýsla: Engin kæra.
Siglufjörður: Tvær kærur á sama mann, dagsettar 25. jan. 1987. Dómsátt 7. júlí 1987.
Vestur-Skaftafellssýsla: Eitt mál. Kæra dagsett í mars 1987. Málinu ólokið.
Keflavík: Eitt mál. Kæra dagsett 9. apríl 1986. Dómsátt 9. mars 1987.
Bolungarvík: Engin kæra.

Rannsóknarlögregla ríkisins:

Kynferðisafbrot 1987.

Kært	Kæruefni	Brota-flokkur	Fæðingardagur þess er brot beinist að	Upplýst
21.01.87	Ósæmileg hegðun	A-5	02.01.74	Já
27.01.87	Kynferðisbrot	119	17.07.77	Já
01.02.87	Kynferðisleg atlot	117	08.07.71	Nei
09.02.87	Áreitni við unga stúlku	117	13.07.74	Nei
07.02.87	Nauðgun	116	02.05.73	Nei
12.02.87	Kynferðisbrot	119	02.05.72	Já
16.02.87	Barn hrætt með eftirför	A-5	15.08.79	Nei
17.02.87	Kynferðisleg áreitni	117	06.07.72	Já
17.02.87	Nauðgun	116	19.07.72	Nei
23.02.87	Kynferðisbrot	119	23.01.73	Já
05.03.87	Kynferðisbrot	117	28.08.81	Nei
06.03.87	Skírlífisbrot	117	15.01.81	Nei
13.02.87	Skírlífisbrot	117	25.03.74	Já
14.03.87	Áreitni	127	22.06.71	Já
01.04.87	Skírlífisbrot	117	27.01.76	Já
21.03.87	Skírlífisbrot	117	12.03.79	Já
22.04.87	Skírlífisbrot	117	21.09.78	Nei
05.05.87	Skírlífisbrot	117	12.03.76	Já
12.05.87	Skírlífisbrot	117	14.03.79	Nei
20.04.87	Skírlífisbrot	117	18.11.78	Nei
15.05.87	Skírlífisbrot (Svefneyjamál)	119		Já
20.05.87	Ósiðsamlegt athæfi	119		
19.05.87	Brot gegn 209. gr. alm. hgl.	117		
22.05.87	Grunur um afbrigðilega kynhegðun	119	14 ára	Já
23.05.87	Kynferðisbrot	117	20.11.75	Nei
29.05.87	Ósiðsamlegt athæfi o.fl.	117		Já
03.06.87	Kynferðisbrot	116	08.09.73	Já
22.06.87	Afbrigðileg hegðun	117	1973 og 1974	Nei
07.07.87	Skírlífisbrot	117	1976 og 1977	Nei
10.07.87	Skírlífisbrot	117	09.03.77	Nei
18.07.87	Skírlífisbrot	119	05.12.75	Nei
24.07.87	Skírlífisbrot	117	20.09.82	Nei
27.07.87	Sifskaparbrot, grunur	117	?	Nei
05.08.87	Skírlífisbrot	117	17.05.76	Já
10.09.87	Skírlífisbrot	117	06.05.76	Já
02.10.87	Sifskaparbrot	116/148	29.05.73	Já
13.10.87	Skírlífisbrot	117		Nei
28.10.87	Svefneyjamál	119		
09.11.87	Skírlífisbrot	117	12.08.71	Nei
13.11.87	Skírlífisbrot	119		Nei

Sumar framangreindra kæra eru úr umdæmum utan höfuðborgarsvæðisins og eru jafnframt skráðar þar.

Hér að framan hefur fyrirspurninni verið svarað eins og unnt er að svo stöddu. Betri svara er að vænta þegar úrvinnslu afbrotaskýrslna hefur verið komið í fastar skorður.

Nd. 536. Frumvarp til laga [243. mál]

um aðgerðir í sjávarútvegi.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–1988.)

1. gr.

Fjárveitingu ársins 1987 vegna endurgreiðslu söluskatts í sjávarútvegi skal varið sem hér segir:

a. Til fiskvinnslufyrirtækja skulu renna 455 m.kr. í hlutfalli við áætlaða uppsöfnun söluskatts í hverri vinnslugrein og í hlutfalli við fob-verðmæti útfluttra sjávarafurða hvers fyrirtækis eftir reglum sem sjávarútvegsráðherra setur.
b. Helmingur þeirra 220 m.kr., sem skyldu renna til Fiskveiðasjóðs Íslands á árinu 1987, skal lagður inn á sérstakan bundinn reikning í vörslu sjóðsins. Ráðherra getur að fengnum tillögum sjóðsstjórnar sett reglur um ráðstöfun fjár af þessum reikningi til niðurgreiðslu vaxta vegna stofnfjárlána fiskiskipa.
c. Til Útflutningsráðs Íslands skulu á árinu 1987 renna 25 m.kr.

2. gr.

Greiða skal sérstakt gjald af ísfiski sem fluttur er óunninn á erlendan markað eins og nánar er ákveðið í lögum þessum. Gjaldið rennur í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Flytji skip eigin afla á erlendan markað er sá afli undanþeginn gjaldi skv. 1. mgr.

Gjaldið skal ákveðið sem tiltekin fjárhæð á hvert kíló ísfisks. Sjávarútvegsráðherra skal að fenginni umsögn stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins ákveða með reglugerð fjárhæð gjaldsins til þriggja mánaða í senn og má gjaldið vera mishátt eftir fisktegundum. Við þessa ákvörðun skal taka mið af áætlaðri inngreiðslu til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins vegna útflutnings á botnfiskafurðum miðað við hvert kíló hráefnis samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar.

3. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík hefur eftirlit og yfirumsjón með innheimtu gjalds skv. 2. gr. laga þessara.

Lýsi útflytjandi gjaldskylds ísfisks því skriflega yfir fyrir viðkomandi tollstjóra að fiskurinn sé ætlaður til sölu erlendis fellur gjald skv. 2. gr. í gjalddaga við skil á gjaldeyri vegna sölunnar, þó eigi síðar en þrjátíu dögum eftir brottfarardag flutningsfars. Liggi slík yfirlýsing ekki fyrir við afgreiðslu flutningsfars er gjaldið kræft þegar í stað og er viðkomandi tollstjóra þá óheimilt að afgreiða flutningsfar nema gegn greiðslu gjaldsins.

Viðskiptabanki útflytjanda skal við gjaldeyrisskil halda eftir því gjaldi sem ákveðið er í 3. mgr. 2. gr. laga þessara og skila því til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

4. gr.

Sé gjald skv. 2. gr. laga þessara ekki greitt á gjalddaga skal greiða dráttarvexti, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, af vangreiddri fjárhæð. Gjaldið nýtur lögtaksréttar. Útflytjandi og eigandi útflutts ísfisks bera óskipta ábyrgð á greiðslu gjalds skv. 2. gr. og getur tollstjórinn í Reykjavík gengið að hvorum þeirra um sig til greiðslu gjaldsins. Tollstjóri getur stöðvað afgreiðslu útflutningsskjala þeirra aðila sem eru í vanskilum með gjald skv. 2. gr. laga þessara.

5. gr.

Gjaldi til Verðjöfnunarsjóðs skv. 2. gr. skal skipt milli deilda sjóðsins í hlutfalli við heildarútflutningsverðmæti botnfiskafurða er undir hverja deild falla á næstliðnu ári.

6. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um innheimtu gjalds til Verðjöfnunarsjóðs, eftirlit með skilum þess og upplýsingaskyldu gjaldskyldra aðila. Honum skal og heimilt að setja fyllri ákvæði um gjaldskyldu og skiptingu innheimts gjalds.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Gjald skv. 2. gr. skal innheimt vegna útflutnings frá og með 15. júlí 1987.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fyrir Alþingi skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar. Er frumvarpið samhljóða bráðabirgðalögum nr. 66 10. júlí 1987, ef frá eru skildir a- og b-liðir 1. gr. bráðabirgðalaganna. Er með frumvarpinu lagt til að a-lið 1. gr. verði breytt og b-liður 1. gr. felldur niður. Breytist röð síðari stafliða greinarinnar til samræmis við það.

Á fjárlögum fyrir árið 1987 var 700 milljónum króna veitt til endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts í sjávarútvegi. Skyldu 455 milljónir króna af þessu fé renna til fiskvinnslufyrirtækja í hlutfalli við verðmæti útflutnings hvers um sig og uppsöfnun söluskatts í hverri grein vinnslunnar. Tollstjórinn í Reykjavík innti þessar greiðslur af hendi mánaðarlega vegna útflutnings á framleiðsluvörum hvers fyrirtækis í mánuðinum á undan. Samkvæmt bráðabirgðalögunum voru þessar greiðslur stöðvaðar vegna útflutnings sem átti sér stað eftir lok júlímánaðar. Síðasta greiðslan fór fram í ágúst vegna útflutnings í júlímánuði. Eftirstöðvar fjárveitingarinnar skyldu renna til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og þeim skipt milli einstakra deilda sjóðsins í hlutfalli við verðmæti útfluttra sjávarafurða er undir hverja deild falla á síðari hluta ársins og áætlaða uppsöfnun söluskatts í hverri grein vinnslunnar. Skyldi fé þetta bundið til ársloka 1988.

Rekstrarskilyrði fiskvinnslunnar hafa gjörbreyst til hins verra frá því er bráðabirgðalögin voru sett í júlí síðastliðnum. Vegur þar þyngst þróun gengismála og innlendar kostnaðarhækkanir. Er nú svo komið að fiskvinnslan er rekin með nokkru tapi að mati Þjóðhagsstofnunar. Við þær aðstæður er ekki skynsamlegt að fresta endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts til greinarinnar. Er því lagt til að söluskattur verði endurgreiddur til fiskvinnslu vegna útflutnings á öllu árinu eins og upphaflega var ráðgert í fjárlögum fyrir árið 1987.

Sá hluti uppsafnaðs söluskatts, sem rann til Verðjöfnunarsjóðs í samræmi við ákvæði bráðabirgðalaganna, nemur 136 500 þús. kr. Er sú fjárhæð varðveitt í sjóðnum á sérstökum biðreikningi. Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins yrði þessi fjárhæð endurgreidd í hlutfalli við uppsöfnun skatts í hverri grein fiskvinnslunnar og útflutningsverðmætis hvers framleiðanda fyrir mánuðina ágúst til nóvember 1987. Hvað útflutning í desember 1987 varðar kemur endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti af útflutningi í þeim mánuði til greiðslu samkvæmt

fjárlögum ársins 1988. Endurgreiðsluhlutfallið verður það sama og vegna fyrri hluta ársins 1987. Sem hlutfall af fob-verðmæti útflutnings verður það sem hér segir:

Frysting	1,4%
Rækjuvinnsla	1,4%
Hörpudiskvinnsla	1,4%
Síldarvinnsla	1,4%
Söltun	1,1%
Hersla	1,1%
Mjöl- og lýsisvinnsla	2,8%
Þorskalýsi	2,8%

Um frumvarp þetta vísast að öðru leyti til meðfylgjandi fylgiskjals.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um aðgerðir í sjávarútvegi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér að brýna nauðsyn beri til að grípa nú þegar til efnahagsráðstafana til þess að hemja verðbólgu og treysta jafnvægi í þjóðarbúskapnum, þar á meðal séu ráðstafanir í sjávarútvegi til að draga úr þenslu og jafna aðstöðu milli greina innan sjávarútvegsins. Hafa þeir flokkar, sem að ríkisstjórninni standa, tekið inn í stjórnarsáttmála sinn ákvæði þar að lútandi.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Fjárveitingu vegna endurgreiðslu söluskatts í sjávarútvegi skal á árinu 1987 varið sem hér segir:

a. Til fiskvinnslufyrirtækja í hlutfalli við áætlaða uppsöfnun söluskatts í hverri vinnslugrein og í hlutfalli við fob-verðmæti útfluttra sjávarafurða hvers fyrirtækis til loka júlímánaðar 1987 eftir sömu reglum og gilt hafa.
b. Það sem eftir kann að standa af þeim 455 m.kr., sem skyldu renna til fiskvinnslunnar á árinu 1987 þegar greiðslur skv. a-lið hafa verið inntar af hendi, skal renna til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Þessu fé skal skipt milli deilda sjóðsins í hlutfalli við fob-verðmæti útfluttra sjávarafurða á síðari hluta ársins og áætlaða uppsöfnun söluskatts að mati Þjóðhagsstofnunar. Fé þetta skal bundið til ársloka 1988 en eftir þann tíma getur sjóðsstjórn að fengnu samþykki ráðherra ákveðið að því megi ráðstafa eftir almennum reglum sjóðsins.
c. Helmingur þeirra 220 m.kr., sem skyldu renna til Fiskveiðasjóðs Íslands á árinu 1987, skal lagður inn á sérstakan bundinn reikning í vörslu sjóðsins. Ráðherra getur að fengnum tillögum sjóðsstjórnar sett reglur um ráðstöfun fjár af þessum reikningi til niðurgreiðslu vaxta vegna stofnfjárlána fiskiskipa.
d. Til Útflutningsráðs Íslands skulu á árinu 1987 renna 25 m.kr.

2. gr.

Greiða skal sérstakt gjald af ísfiski sem fluttur er óunninn á erlendan markað eins og nánar er ákveðið í lögum þessum. Gjaldið rennur í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Flytji skip eigin afla á erlendan markað er sá afli undanþeginn gjaldi skv. 1. mgr.

Gjaldið skal ákveðið sem tiltekin fjárhæð á hvert kíló ísfisks. Sjávarútvegsráðherra skal að fenginni umsögn stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins ákveða með reglugerð fjárhæð gjaldsins til þriggja mánaða í senn og má gjaldið vera mishátt eftir fisktegundum. Við þessa ákvörðun skal taka mið af áætlaðri inngreiðslu til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins vegna útflutnings á botnfiskafurðum miðað við hvert kíló hráefnis samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar.

3. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík hefur eftirlit og yfirumsjón með innheimtu gjalds skv. 2. gr. laga þessara.

Lýsi útflytjandi gjaldskylds ísfisks því skriflega yfir fyrir viðkomandi tollstjóra að fiskurinn sé ætlaður til sölu erlendis fellur gjald skv. 2. gr. í gjalddaga við skil á gjaldeyri vegna sölunnar, þó eigi síðar en þrjátíu dögum eftir brottfarardag flutningsfars. Liggi slík yfirlýsing ekki fyrir við afgreiðslu flutningsfars er gjaldið kræft þegar í stað og er viðkomandi tollstjóra þá óheimilt að afgreiða flutningsfar nema gegn greiðslu gjaldsins.

Viðskiptabanki útflytjanda skal við gjaldeyrisskil halda eftir því gjaldi sem ákveðið er í 3. mgr. 2. gr. laga þessara og skila því til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

4. gr.

Sé gjald skv. 2. gr. laga þessara ekki greitt á gjalddaga skal greiða dráttarvexti, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, af vangreiddri fjárhæð. Gjaldið nýtur lögtaksréttar. Útflytjandi og eigandi útflutts ísfisks bera óskipta ábyrgð á greiðslu gjalds skv. 2. gr. og getur tollstjórinn í Reykjavík gengið að hvorum þeirra um sig til greiðslu gjaldsins. Tollstjóri getur stöðvað afgreiðslu útflutningsskjala þeirra aðila sem eru í vanskilum með gjald skv. 2. gr. laga þessara.

5. gr.

Gjaldi til Verðjöfnunarsjóðs skv. 2. gr. skal skipt milli deilda sjóðsins í hlutfalli við heildarútflutningsverðmæti botnfiskafurða er undir hverja deild falla á næstliðnu ári.

6. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um innheimtu gjalds til Verðjöfnunarsjóðs, eftirlit með skilum þess og upplýsingaskyldu gjaldskyldra aðila. Honum skal og heimilt að setja fyllri ákvæði um gjaldskyldu og skiptingu innheimts gjalds.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Gjald skv. 2. gr. skal innheimt vegna útflutnings frá og með 15. júlí 1987.

Gjört í Reykjavík, 10. júlí 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L.S.)

Halldór Ásgrímsson.

Sþ. 537. Fyrirspurn [244. mál]

til forsætisráðherra og fjármálaráðherra um launastefnu ríkisins.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur, Danfríði Skarphéðinsdóttur, Kristínu Einarsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur, Málmfríði Sigurðardóttur og Sigríði Lillý Baldursdóttur.

Með tilliti til komandi kjarasamninga, hvað líður framkvæmd á launastefnu ríkisstjórnarinnar eins og hún er túlkuð í starfsáætlun stjórnarinnar: „Launastefna ríkisins sem aðila að kjarasamningum miði að því að bæta kjör hinna tekjulægstu og að endurmeta störf kvenna og stuðla að jafnrétti í launakjörum og hlunnindagreiðslum hjá ríkinu ...“?

Sþ. 538. Fyrirspurn [245. mál]

til fjármálaráðherra um auglýsingar ríkissjóðs.

Frá Níelsi Árna Lund.

1. Hverjar voru heildargreiðslur ríkissjóðs fyrir auglýsingar á árunum 1986 og 1987?
2. Hverjar voru heildargreiðslur fyrir auglýsingar ríkissjóðs um ríkisskuldabréf árin 1986 og 1987?
3. Hve stór hluti auglýsingakostnaðarins var við auglýsingagerð og hvernig skiptist hann?
4. Hve stór hluti auglýsingakostnaðarins var við birtingu auglýsinga í fjölmiðlum og hvernig skiptast greiðslur á einstaka fjölmiðla?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 539. Fyrirspurn [246. mál]

til dómsmálaráðherra um auglýsingar á vegum fógeta og sýslumanna.

Frá Níelsi Árna Lund.

1. Hverjar voru heildargreiðslur borgarfógeta, bæjarfógeta og sýslumanna fyrir birtingu auglýsinga á árinu 1987?
2. Hvernig skiptust greiðslur fyrir birtingu þessara auglýsinga til einstakra fjölmiðla?
3. Eftir hvaða reglum er farið þegar ákveðið er í hvaða fjölmiðlum skuli birta auglýsingar sem þessar?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 540. Fyrirspurn [247. mál]

til sjávarútvegsráðherra um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Frá Þórði Skúlasyni.

1. Hver var eignastaða Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins um sl. áramót, sundurliðuð eftir deildum:
   a. Frystar afurðir:
      rækja,
      hörpuskel,
      freðfiskur,
      humar,
      frystar afurðir samtals,
   b. saltfiskafurðir,
   c. saltsíldarafurðir,
   d. skreiðarafurðir,
   e. mjöl og lýsi,
   f. gámafiskur,
   g. vextir?
2. Hvernig var háttað verðtryggingu og ávöxtun sjóðsins á sl. ári?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 541. Fyrirspurn [248. mál]

til sjávarútvegsráðherra um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Frá Þórði Skúlasyni.

1. Hvað veldur því að ekki hafa verið greiddar verðbætur úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins á rækju og hörpuskel með tilliti til verðlækkana á þessum afurðum og bágrar afkomu greinanna á sl. ári?
2. Hyggst ríkisstjórnin beita sér fyrir endurskoðun á lögum og starfsemi sjóðsins á næstunni?

Sþ. 542. Fyrirspurn [249. mál]

til félagsmálaráðherra um húsnæðismál á landsbyggðinni.

Frá Þórði Skúlasyni.

1. Hyggst ríkisstjórnin grípa til aðgerða til að leysa húsnæðisvanda landsbyggðarinnar?
2. Hefur ríkisstjórnin í hyggju einhverjar sérstakar aðgerðir til að draga úr óhóflegum mismun milli landshluta
   a. á endursöluverði og byggingarkostnaði íbúða,
   b. á endursöluverði og áhvílandi lánum opinberra byggingarsjóða?

Sþ. 543. Fyrirspurn [250. mál]

til félagsmálaráðherra um félagslegt íbúðarhúsnæði.

Frá Þórði Skúlasyni.

1. Hvað líður endurskoðun á lögum um félagslegt íbúðarhúsnæði?
2. Er í þeirri endurskoðun gert ráð fyrir að sveitarfélög, þar sem endursöluverð íbúðarhúsnæðis er undir kostnaðarverði, verði leyst undan ákvæðum um kaupskyldu?

Ed. 544. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um breyt. á iðnaðarlögum, nr. 42 18. maí 1978.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Hinn 2. nóvember sl. mælti iðnaðarráðherra fyrir frumvarpi þessu í efri deild. Það hefur síðan hlotið meðferð í iðnaðarnefnd. Leggur meiri hl. til að frumvarpið verði samþykkt með strömgum skilyrðum sem fram koma í nefndaráliti hans. Minni hl. leggur til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar þar sem eðlilegra sé að ræða mál þetta sem hluta af heildarendurskoðun á reglum um aðild útlendinga að atvinnurekstri hér á landi.

Frumvarp það sem hér er til umræðu lítur sakleysislega út. Það er aðeins tvær efnisgreiningar. Iðnaðarráðherra flutti sem aðalrök fyrir frumvarpinu í framsöguræðu sinni að hér væri í raun horfið til sömu lagaákvæða og voru í gildi á árunum 1921–1971. Ráðherrann reyndi að láta þetta líta út sem smámál er þingið ætti að geta afgreitt á nokkrum dögum. Ekki féllst þingið á þá málsmeðferð og svo mikill ágreiningur virðist hafa verið í stjórnarliðinu um frumvarpið að nefndarálit meiri hl. sá ekki dagsins ljós fyrr en um jólaleytið. Og málið var snemma *tekið út af forgangslistum* yfir þau mál sem átti að afgreiða fyrir hátíðar og síðar fyrir þinghlé.

Varasamt fordæmi.

Undirritaður er ósammála iðnaðarráðherra um að hér sé á ferðinni smámál. Telur minni hl. að eðlilegra hefði verið að afgreiða málið sem *hluta af heildarendurskoðun lagaákvæða* um aðild útlendinga að fjárfestingu hér á landi. Ríkisstjórnin hefur skipað nefnd til þess að vinna að slíkri heildarendurskoðun. Nefndin er að vísu einokuð af stjórnarflokkunum eins og reyndar er venja núverandi ríkisstjórnar. Þó sjá allir að eðlilegra hefði verið að *allir flokkar hefðu átt aðild að slíkri endurskoðun laga um þennan mikilvæga þátt efnahags- og atvinnulífsins á Íslandi.*

„Frv. það, sem hér er mælt fyrir, varðar brýnt hagsmunamál íslenskra fyrirtækja sem nauðsynlegt er að afgreiða sem fyrst.“ Þessu sjónarmiði iðnaðarráðherra, sem kom þannig fram orðrétt í framsöguræðu hans, mótmælti undirritaður strax við fyrstu umræðu hér í deildinni. Enda fór það svo að deildin tók sér eðlilegan tíma til að fjalla um málið.

Ástæðan fyrir því að ráðherrann flutti frumvarpið mun hafa verið sú að forráðamenn fyrirtækisins Lýsis hf. hafa átt í viðræðum við fulltrúa erlends fyrirtækis um samstarfsverkefni. Eðlilegra hefði verið að stuðla að samstarfi fyrirtækjanna með öðrum hætti en þeim að spretta upp iðnaðarlögunum og skapa þannig *fordæmi* fyrir önnur og stærri fyrirtæki um næstu framtíð.

Lagabreyting 1978.

Þegar iðnaðarlögum var breytt 1978 var *fellt niður ákvæði sem heimilaði ráðherra að opna fyrir meirihlutaeign útlendinga í fyrirtækjum. Gunnar Thoroddsen, þáverandi iðnaðarráðherra og varaformaður Sjálfstæðisflokksins,* mælti fyrir frumvarpinu. Urðu litlar sem engar umræður um þetta sérstaka ákvæði, þ.e að fella niður þessa heimild handa iðnaðarráðherra. Væntanlega hafa umræður orðið litlar vegna þess að allir voru *sammála* um að það væri í alla staði eðlilegt að fella þessa heimild niður. Þá komu því ekki fram neinar tillögur um að halda inni gamla ákvæðinu sem núverandi iðnaðarráðherra gerir ráð fyrir að gangi aftur í lögunum á nýjan leik.

Eina athugasemdin, sem fram kom um þetta efni, var frá Halldóri Ásgrímssyni er hann sagði:

„Einnig er vert að íhuga það aðeins betur sem kemur fram í 4. gr. um skilyrði til þess að reka iðnað. Þar kemur fram að ef félag er hlutafélag, þá skuli enn fremur meira en helmingur hlutafjárins vera eign manna búsettra á Íslandi. Ég hygg að það muni verða tryggara að það væri gerð krafa til þess að viðkomandi menn hefðu verið búsettir hér ákveðinn tíma, því að það er svo að menn geta að vísu sest hér að og verið nýlega komnir hingað til landsins. Ég vildi aðeins varpa því fram að það væri rétt að íhuga hvort ekki bæri að gera það að skilyrði að viðkomandi aðilar hefðu búið hér ákveðinn tíma, t.d. tvö ár eða svo, þannig að það væri ljóst að menn væru raunverulega búsettir í landinu og ætluðu sér að búa hér."

Þetta var eina athugasemdin sem fram kom 1978 og hún beindist að því að þrengja lögin en ekki að víkka út heimildir þeirra.

Að bestu manna yfirsýn.

Þegar Gunnar Thoroddsen mælti fyrir frumvarpi til iðnaðarlaga gerði hann grein fyrir því hvernig að málinu hefði verið unnið og hverjir hefðu komið þar nærri. Virðast það hafa verð flestir forustumenn í atvinnulífi þess tíma — fyrir aðeins 10 árum, það er: Björgvin Frederiksen framkvæmdastjóri, Páll S. Pálsson, samkvæmt tilnefningu Félags ísl. iðnrekenda, Sigurður Kristinsson, samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna, Axel Gíslason, eftir tilnefningu Sambands íslenskra samvinnufélaga, Guðmundur Þ Jónsson, eftir tilnefningu Landssambands iðnverkafólks og Sigurður Guðgeirsson, samkvæmt tilnefningu ASÍ.

Hér voru sem sagt kallaðir til allir þeir sem best þekktu til iðnaðar á þessum tíma þannig að engin leið er að halda því fram að niðurfelling gamla ákvæðisins hafi verið mistök. Frumvarpið er talið samið „að bestu manna yfirsýn" þar sem fulltrúar launafólks og atvinnurekenda komi við sögu og þetta ákvæði er *samþykkt samhljóða* hér í þinginu, ágreiningslaust — *nema Halldór Ásgrímsson vildi þá þrengja enn frekar heimildir útlendinga.*

Almenn, skýr og ströng lagaákvæði.

Undirritaður telur að sjálfsagt sé að hafa samvinnu við útlendinga um einstök verkefni eftir hagkvæmni á hverjum tíma enda sé á engan hátt hróflað við efnahagslegum forsendum sjálfstæðis þjóðarinnar. En um þessi efni eiga að gilda *almennar, strangar og skýrar reglur* og það er beinlínis fráleitt að eiga slík mál undir geðþótta ráðherra, jafnvel þó um hin smæstu mál sé að ræða.

Fyrir síðasta þingi lá skýrsla um þátttöku útlendinga í atvinnurekstri hér á landi. Í skýrslunni kom glöggt fram að gildandi ákvæði eru í senn óskýr, óljós og ósamstæð. Vísar minni hl. til skýrslu þessarar sem birtist á þingskjali 700.

Atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar.

Nauðsynlegt er hér í prentuðu þingskjali að mótmæla sérstaklega túlkun í skýrslunni á þingskjali 700 frá síðasta þingi á atvinnufrelsisákvæðum stjórnarskrárinnar.

Skýrsluhöfundar bera það fyrir sig aftur og aftur að atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar séu með þeim hætti að það sé ekki heimilt að leggja aðrar kvaðir á aðild útlendinga að atvinnurekstri hér á landi *en þær sem þegar eru í lögum*. Samkvæmt þeim textum, sem er að finna t.d. í riti Ólafs Jóhannessonar, *Stjórnskipun Íslands*, er þetta ákvæði að öllu leyti réttlægra en t.d. almenna eignarréttarákvæðið, enda er ljóst samkvæmt stjórnarskránni að skerðingu á atvinnufrelsi geta menn orðið að þola bótalaust þó að um slíkt sé ekki að ræða að því er varðar eignarnám á tilteknum eignum manna.

Í bók Ólafs Jóhannessonar, *Stjórnskipun Íslands*, segir þetta á bls. 468:

„Réttarleg þýðing 69. gr. stjórnarskrárinnar er ekki ýkjamikil. Aðalþýðing hennar er sú að handhöfum framkvæmdarvalds er óheimilt að skerða atvinnufrelsi manna, en sennilega hefði sú regla verið talin gilda þó að ekki væri við þetta stjórnarskrárákvæði að styðjast. Eftir orðanna hljóðan eru löggjafarvaldinu einnig settar nokkrar skorður þar sem atvinnufrelsið má því aðeins skerða að almenningsheill krefjist. En þar er þess að gæta að Hæstiréttur hefur talið að löggjafinn ætti sjálfur fullnaðarmat um það hvort því skilyrði sé fullnægt, sbr. hæstaréttardóma VIII, bls. 332. Á meðan sú regla gildir er fremur lítið hald í ákvæði þessu gagnvart löggjafanum. Eru þess fjölmörg dæmi í núgildandi löggjöf að lögð séu meiri eða minni höft á atvinnufrelsi manna. Væri því óneitanlega æskilegt að ítarlegri ákvæði væru sett í stjórnarskrána um atvinnufrelsi.

Í 69. gr. stjórnarskrárinnar felst þó almenn stefnuyfirlýsing stjórnarskrárgjafans. Sú stefnuyfirlýsing getur skipt máli við lögskýringu. Hún leiðir til þeirrar túlkunarreglu að í vafatilvikum beri að telja líkur fyrir atvinnufrelsi."

Þegar skýrsluhöfundar halda því fram að atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar eigi einnig við rétt útlendinga til atvinnurekstrar hér á landi eru menn viljandi eða óviljandi að misskilja og rangtúlka stjórnarskrána því að auðvitað er atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar aðeins til að *tryggja atvinnufrelsi Íslendinga* en ekki útlendra aðila á Íslandi. Þegar menn eru farnir að bera fyrir sig stjórnarskrá lýðveldisins Íslands til að tryggja útlendingum atvinnufrelsi og umsvifarétt hér á landi eru þeir býsna langt leiddir, komnir býsna langt frá þeim veruleika sem stjórnarskráin sjálf á að tryggja.

Að öllu samanlögðu leggur minni hl. því til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.** Hafni deildin þeirri tillögu minni hl. leggur hann til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 3. febr. 1988.

Svavar Gestsson.

Sþ. 545. Nefndarálit [52. mál]

um till. til þál. um mótmæli gegn kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Dounreay.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur rætt þingsályktunartillöguna og leggur til að hún verði samþykkt með breytingu sem tillaga er gerð um á sérstöku þingskjali.

Kristín Einarsdóttir, sem situr fundi nefndarinnar, er sammála nefndaráliti þessu.

Alþingi, 2. febr. 1988.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Páll Pétursson, fundaskr.	Hjörleifur Guttormsson.
Kjartan Jóhannsson.	Hreggviður Jónsson.	Ragnhildur Helgadóttir.
	Guðmundur G. Þórarinsson.	

Sþ. 546. Breytingartillögur [52. mál]

við till. til þál. um mótmæli gegn kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Dounreay.

Frá utanríkismálanefnd.

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að mótmæla stækkun endurvinnslustöðvar fyrir úrgang frá kjarnorkuverum í Dounreay í Skotlandi og felur ríkisstjórninni að vinna áfram gegn þessum áformum.
2. Fyrirsögn tillögunnar verði: Till. til þál. um mótmæli gegn stækkun endurvinnslustöðvar í Dounreay fyrir úrgang frá kjarnorkuverum.

Sþ. 547. Fyrirspurn [251. mál]

til landbúnaðarráðherra um aðstoð við riðuveikisvæði.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvaða ráðstafanir hefur landbúnaðarráðuneytið gert til að leiða í ljós hvernig búskapur muni þróast á svæðum þar sem fé hefur verið skorið niður vegna riðuveiki?
2. Er um að ræða sérstaka ráðgjöf fyrir bændur á þessum svæðum?
3. Mega sauðfjárbændur á riðuveikisvæðum, sem bæta þurfa aðstöðu á jörðum sínum áður en búskapur er hafinn á ný, eiga von á fjárhagslegri aðstoð?

Sþ. 548. Fyrirspurn [252. mál]

til landbúnaðarráðherra um leiðbeiningarþjónustu í loðdýrarækt.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvernig er háttað verkaskiptingu og samstarfi eftirtalinna aðila um leiðbeiningarþjónustu og rannsóknar- og fræðslustarfsemi í loðdýrarækt: Búnaðarfélags Íslands, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, bændaskólanna, embættis yfirdýralæknis, rannsóknastöðvarinnar á Keldum, Sambands íslenskra loðdýraræktenda, búnaðarsambanda og annarra aðila?
2. Hversu miklu fé var varið til þessara þátta í heild og hjá hverjum ofangreindra aðila á árinu 1987?
3. Hversu miklu fé er áætlað að verja í þessu skyni á árinu 1988, í heild og hjá ofnagreindum aðilum?
4. Telur ráðherra skipan þessara mála eðlilega og að hún skili viðunandi árangri fyrir loðdýraræktina?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 549. Fyrirspurn [253. mál]

til fjármálaráðherra um vörugjald á búrnet til loðdýraræktar.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvað veldur því að lagt hefur verið 17,5% vörugjald á búrnet til loðdýraræktar?
2. Er að vænta tillögu frá ríkisstjórninni um að fella þessa gjaldtöku niður?

Sþ. 550. Fyrirspurn [254. mál]

til samgönguráðherra um aflagjald til hafna.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hver er afstaða samgönguráðherra til beiðni Hafnasambands sveitarfélaga um hækkun á aflagjaldi til hafna?

Sþ. 551. Fyrirspurn [255. mál]

til heilbrigðisráðherra um alnæmi.

Frá Guðna Ágústssyni.

1. Til hvaða aðgerða hafa heilbrigðisyfirvöld gripið til að hefta útbreiðslu á alnæmi hérlendis?
2. Hversu mörg alnæmistilfelli hafa verið greind hér á landi? Hversu mörg á lokastigi?
3. Hvernig er búið að smituðum og hvaða meðferð fá þeir? Getur heilbrigðisþjónustan og hin félagslega aðstoð hérlendis veitt alnæmissjúklingum næga aðstoð?
4. Er hægt að merkja að þær aðgerðir, sem stjórnvöld hafa þegar gripið til, hafi borið árangur?

Nd. 552. Frumvarp til laga [256. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Málmfríður Sigurðardóttir, Kristín Einarsdóttir,
Kristín Halldórsdóttir, Sigríður Lillý Baldursdóttir.

1. gr.

Við 1. mgr. 43. gr. laganna bætist nýr stafliður er orðist svo:

Fyrir gleraugu handa börnum og unglingum, samkvæmt gleraugnaávísun (resepti) frá augnlækni, sem framvísað er á því reikningsformi sem Tryggingastofnun ríkisins ákveður, greiða sjúkrasamlög í samræmi við samninga sem Tryggingastofnunin hefur gert fyrir þeirra hönd eða samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur séu samningar ekki fyrir hendi, sem hér segir, þó ekki nema einu sinnu á ári nema sjón breytist:

I. Fyrir börn og unglinga 18 ára og yngri skal greiða allan kostnað við gler og fasta upphæð sem svari til meðalkostnaðar við umgerðir að mati Tryggingastofnunar.

II. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar, skal greiða allan kostnað við gler og fasta upphæð sem svari til meðalkostnaðar við umgerðir að mati Tryggingastofnunar, en fyrir aðra elli- og örorkulífeyrisþega greiðist allur kostnaður við gler.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í reglum frá tryggingaráði um hjálpartæki eru ákvæði sem heimila greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins á 70% af verði á glerum sem eru til lækninga fyrir skjálga og fyrir rangeyg börn, skilgreint sem „strabismus“. Þessi gler eru greidd að þeim hluta sem fyrr greinir, fyrir börn að 16 ára aldri, þó aðeins ein gler á ári nema um breytt ástand augna sé að ræða. Engir aðrir af þegnum þjóðarinnar njóta aðstoðar vegna gleraugnakostnaðar.

Markmið þessa frumvarps er að öll börn og unglingar 18 ára og yngri eigi rétt á að fá gler í gleraugu sér að kostnaðarlausu og að greidd sé föst upphæð vegna umgerða sem Tryggingastofnun metur hver skuli vera — en engin aðstoð er nú veitt vegna þess kostnaðar — og að elli- og örorkulífeyrisþegar eigi rétt á ókeypis glerum og að kostnaður vegna umgerða sé greiddur á sama hátt.

Sjúkratryggingar greiða nú fyrir tannlæknaþjónustu og tannviðgerðir barna og unglinga, frá 50%–75% kostnaðar. Ríkissjóður greiðir heyrnartæki að öllu leyti fyrir börn og unglinga til 18 ára aldurs og 60% af kostnaði fyrir eldri en 18 ára.

Eðlilegt er að hafa þessa þætti til hliðsjónar þegar fjallað er um fjárhagsaðstoð vegna gleraugnanotkunar. Börn og unglingar þurfa yfirleitt ekki á gleraugum að halda nema vegna meðfæddra sjóngalla, sjúkdóma eða slysa. Sama gildir um þá sem nota heyrnartæki. Þeirra þörf er af sams konar orsökum og virðist því eðlilegt að svipaðar reglur gildi fyrir báða hópa. Hvorir tveggja líða vegna aðstæðna sem þeir hafa ekki skapað sér sjálfir og virðist því full ástæða til að samfélagið komi þeim til aðstoðar. Þetta hefur ríkisvaldið þegar viðurkennt með aðstoð sinni við heyrnarskerta og virðist sanngjarnt að á sama hátt sé staðið að málum þeirra sem áfátt er um sjón.

Einnig má benda á að ýmsir sjóngallar eru ættgengir. Ekki er fátítt að flestir eða allir innan sömu fjölskyldu noti gleraugu, a.m.k. á einhverju skeiði ævinnar. Gleraugu eru dýr og það er oft umtalsverður fjárhagslegur baggi á fjölskyldu að standa straum af kostnaði vegna gleraugnanotkunar sé þannig ástatt að flestir eða allir innan hennar þurfi á gleraugum að halda. Einnig skal bent á að börn og unglingar verða oft fyrir óhöppum með gleraugu í leikjum og íþróttum og eykst þá kostnaður vegna þess.

Leitað hefur verið upplýsinga án árangurs í því skyni að gera grein fyrir þeim kostnaði sem frumvarp þetta, ef að lögum yrði, mundi hafa í för með sér. Augnlæknar halda ekki sérstakar skrár um börn og unglinga eða gleraugnaþörf þeirra og segja enda að slíkt sé ekki unnt. Þeir benda einnig á að gleraugnaþörf barna og unglinga sé oftlega aðeins tímabundin og erfitt eða óframkvæmanlegt að halda skýrslu um slíkt. Því er hvergi hægt að sjá hversu mörg börn og unglingar nota gleraugu.

Könnun var gerð í einum grunnskóla á gleraugnanotkun barna. Í þeim skóla voru 320 börn. Þar voru 22 börn sem notuðu gleraugu eða tæplega 7%. Af þeim börnum voru sex sem fengu hluta af gleraugnaverði greiddan svo sem heimildir eru um.

Samkvæmt tölum frá Hagstofunni var fjöldi barna og unglinga 18 ára og yngri 80 920 þann 31. des. 1986. Nákvæmar tölur eru ekki til fyrir sl. ár. Ef gengið er út frá að 7% af þessum hópi þurfi á gleraugum að halda, sem engan veginn er þó hægt að fullyrða, er hægt að gera sér nokkra hugmynd um fjöldann.

Verð á gleraugum er afar mismunandi og ræðst að miklu leyti af því hvers eðlis sjóngallinn er og hvers konar gler eiga við. Verð á einu gleri er nú á bilinu frá 900–2500 kr.

og getur orðið mun hærra ef um mjög sérhæfða slípun er að ræða. Verð á umgerðum er einnig mjög mismunandi og fer eftir gæðum og einnig tískusveiflum. Sterkar og vandaðar umgerðir eru nokkuð dýrar. Þó er mælt með að börn og unglingar noti fremur umgerðir sem þola mikið hnjask og eru þá jafnframt dýrari. Börnum er hættara við að fara ógætilega með gleraugu sín en þeim sem fullorðnir eru. Verð á algengum umgerðum er nú á bilinu frá 1250–3000 kr. en getur þó verið mun hærra, allt að 6000 kr. Ekki þykir rétt að tryggingum sé ætlað að greiða gleraugnaumgerðir að öllu leyti þar sem það kann að vera geðþóttaákvörðun hverju sinni hvers konar og hve dýrar umgerðir fólk velur sér. Því er lagt til að áætlað sé meðalverð á umgerðum sem Tryggingastofnun greiði.

Samkvæmt tölum frá Tryggingastofnun ríkisins í árslok 1986 voru örorkulífeyrisþegar alls 3748. Tekjutryggingar nutu 3228 af þeim. Á sama tíma voru ellilífeyrisþegar 20 702. Þar af 14 783 með tekjutryggingu. Ekkert er vitað um hve margir í þessum hópum nota gleraugu en gera má ráð fyrir að meðal ellilífeyrisþega sé gleraugnanotkun nokkuð almenn. Lagt er til í frumvarpinu að elli- og örorkulífeyrisþegar, sem njóta tekjutryggingar, fái gler að fullu greidd og ákveðna upphæð vegna umgerða en aðrir elli- og örorkulífeyrisþegar fái einungis glerin greidd, þ.e. sjái sjálfir um greiðslu vegna umgerða.

Í nágrannalöndum okkar, t.d. Vestur-Þýskalandi og á Norðurlöndum, hefur hið opinbera um árabil veitt aðstoð til gleraugnakaupa. Nokkuð mismunandi reglur gilda um aðstoð þessa eftir löndum, en nefna má að í Vestur-Þýskalandi eiga allir þeir, sem þurfa á gleraugum að halda, rétt á ákveðinni fjárhæð fyrir gler og sömuleiðis vegna umgerða, þó ekki oftar en einu sinni á ári. Einnig fá menn þar greiddar viðgerðir á gleraugum, en ekki er hér lagt til að svo verði gert. Lagt er til í frumvarpinu að menn eigi ekki rétt á aðstoð til gleraugnakaupa oftar en einu sinni á ári nema sjón hafi breyst og það geri ný gleraugu nauðsynleg.

Eins og áður er vikið að er það aðeins mjög takmarkaður hópur sem nú nýtur aðstoðar vegna gleraugnanotkunar og elli- og örorkulífeyrisþegar eru ekki þar á meðal. Það má þó ljóst vera öllum að þeir sem ekki hafa annað að lifa af en elli- eða örorkulífeyri hafa varla ráð á að kaupa sér gleraugu, enda er raunin sú að mörgum þeirra er bent á að leita til félagsmálastofnunar eftir styrk til gleraugnakaupa. Öldruðu fólki og öryrkjum eru það tíðum þung spor.

Markmið þessa frumvarps er að samfélagið komi til móts við þarfir þeirra sem búa við skerta sjón og sjóngalla og létti þær fjárhagslegu byrðar sem þeir verða að bera af þeim sökum. Þessi aðstoð er talin sjálfsögð meðal þeirra þjóða sem við helst viljum miða samfélagslega þjónustu okkar við; við ættum ekki að vera eftirbátar þeirra.

Sþ. 553. Tillaga til þingsályktunar [257. mál]

um stefnumörkun í raforkumálum.

Flm.: Þórður Skúlason, Geir Gunnarsson, Guðrún Helgadóttir,
Hjörleifur Guttormsson, Margrét Frímannsdóttir, Skúli Alexandersson,
Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða einum fulltrúa frá hverjum þingflokki til að endurskoða skipulag raforkumála í landinu.

Nefndin skal athuga sérstaklega hvernig unnt er að skipuleggja öflun og dreifingu raforku þannig að allir landsmenn búi við sem jafnast raforkuverð. Í þessu sambandi skal nefndin kanna alla möguleika, þar með talið breytta verkaskiptingu Rafmagnsveitna ríkisins

og Landsvirkjunar eða hugsanlegan samruna fyrirtækja og endurskipulagningu orkuveitusvæða.

Nefndin skal skila tillögum sínum í skýrslu til Alþingis fyrir lok októbermánaðar 1988.

Kostnaður við störf nefndarinar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur orðið stórfelld skipulagsbreyting í raforkumálum í heild án þess að stefnumörkun í málaflokknum hafi átt sér stað.

Landsvirkjun, sem áður var í eigu ríkisins og Reykjavíkurborgar og sá um orkuöflun fyrir Suðvesturland, hefur nú yfirtekið allar stærstu virkjanir landsins og er nú orðið orkuöflunarfyrirtæki sem þjónar landinu öllu.

Í meginatriðum er skipulag raforkumála í landinu nú með þeim hætti að einn aðili, Landsvirkjun, annast raforkuöflunina, rekur virkjanirnar og selur raforkuna í heildsölu til þeirra sem dreifa henni síðan til notenda.

Stærstu dreifingaraðilar eru Rafmagnsveita Reykjavíkur og aðrar minni bæjarveitur og síðan Rafmagnsveitur ríkisins (RARIK) og Orkubú Vestfjarða.

Rafmagnsveita Reykjavíkur og aðrar bæjarveitur búa við þær aðstæður að orkunotkun er tiltölulega mikil miðað við stærð dreifikerfis og rekstur því tiltölulega hagkvæmur. RARIK og Orkubú Vestfjarða annast hins vegar dreifingu og sölu á raforku til lítilla þéttbýlisstaða og í víðáttumiklar sveitir landsins. Þar er raforkusala hins vegar mjög lítil einkum miðað við lengd dreifikerfis og viðhalds- og rekstrarkostnað þess.

Til skamms tíma var það óhagræði í rekstri bætt þessum fyrirtækjum með álagningu jöfnunargjalds á raforku, sem RARIK og Orkubúið fengu í sinn hlut til rekstrarins, en áður hafði verið létt af þessum fyrirtækjum stofnkostnaði vegna byggðalína. Við niðurfellingu jöfnunargjaldsins var því lofað að sá tekjumissir yrði að fullu bættur. Minna hefur orðið úr því fyrirheiti en efni stóðu til og nauðsynlegt hefði verið. Jafnframt hefur þessum fyrirtækjum verið lögð sú skylda á herðar að bera stofn- og rekstrarkostnað af línulögnum sem engri arðsemi skila og taka lán til þeirra framkvæmda.

Mikill hluti raforkusölu RARIK og Orkubúsins er til húshitunar, öfugt við það sem gerist hjá öðrum veitum. Stærsti hluti orkusölu þessara fyrirtækja er mjög óarðbær. Sáralítill munur er nú t.d. á húshitunartaxta RARIK og því heildsöluverði er fyrirtækið greiðir fyrir rafmagnið, enda hafa niðurgreiðslur á raforku til húshitunar staðið í stað frá árinu 1985 og lækkað stórlega að raungildi. Mikill mismunur á smásöluverði raforku milli fyrirtækja liggur þannig að stórum hluta í því að RARIK og Orkubúinu eru lagðar ákveðnar skyldur á herðar sem aðrar veitur þurfa ekki að uppfylla. Þannig sitja RARIK og Orkubúið uppi með óhagkvæmasta hluta raforkudreifingarinnar í landinu. Víðáttumikið og langt dreifikerfi sem er rekstrarlega þungt og viðhaldsfrekt, ásamt ábataminnsta orkumarkaðinum sem að verulegum hluta er raforkusala til húshitunar.

Landsvirkjun annast hins vegar orkuöflun og rekur virkjanirnar sem margar eru löngu afskrifaðar og rekstrarlega mjög hagkvæmar. Landsvirkjun ákveður síðan heildsöluverðið til RARIK og annarra veitna. Sjálfdæmi um verðlagningu hefur leitt til góðrar afkomu fyrirtækisins.

Reglur um afskrift virkjana, lánskjör, vextir og gengisviðmiðanir fjárfestingarlána ásamt umdeilanlegum fjárfestingum leiða einnig til þess að raforkuverð í landinu er hátt. Þá má minna á að um árabil hefur raforka verið seld til erlendrar stóriðju á verði sem er lægra en framleiðslukostnaðarverð frá nýlegum og áformuðum virkjunum. Raforkuverðið er bæði hátt miðað við önnur lönd og aðra orkugjafa. RARIK keyrir nú dísilvélar til að ná niður toppum í orkukaupum af Landsvirkjun í sparnaðarskyni og áhöld eru um hvort borgar sig fyrir sum fyrirtæki að keyra dísilstöðvar eða kaupa raforku í smásölu.

Núverandi skipulag raforkumála leiðir til mikils misræmis, annars vegar milli heildsöluaðilans og þeirra sem selja raforkuna á hagkvæmustu og þéttbýlustu markaðssvæðunum og hins vegar þeirra er þjóna óhagstæðasta hluta markaðarins í dreifbýlinu og verða að taka á sig sérstakar kostnaðarsamar og félagslegar skyldur að kröfu stjórnvalda. Sá aðstöðumunur fer vaxandi og stefnir í algjört óefni ef ekki verður gripið til aðgerða. Rekstrarhalli RARIK er nú áætlaður 400 millj. kr. á þessu ári.

Afleiðingin er m.a. mjög mikill munur á verði raforku eftir orkuveitusvæðum sem augljóslega fer vaxandi. Sá munur leiðir til ójafnaðar eftir búsetu og bitnar harðast á raforkunotendum á orkuveitusvæðum RARIK og Orkubúsins.

Þessi verðmismunur nemur allt að 30% þar sem mestu munar.

Með ákvörðunum stjórnvalda hafa Rafmagnsveitur ríkisins verið skuldbundnar til að ráðast í óarðbæra fjárfestingu á sviði raforkumála. Raunar er um að ræða sjálfssagt og eðlilegt félagslegt verkefni sem leitt hefur til aukins jafnaðar í þjóðfélaginu. Samfélagið allt verður að standa undir því verkefni en ekki einungis raforkunotendur einstakra orkuveitusvæða. Stjórnvöld hafa ákveðnar skyldur við raforkunotendur um land allt sem felast í því að þeim sé tryggð raforka á viðunandi verði og að verðmismunur milli orkuveitusvæða sé ekki óhóflegur.

Verkaskipting raforkufyrirtækjanna hefur verið með þeim hætti að RARIK hefur haft á hendi stærsta hluta hins óarðbæra félagslega þáttar. Jafnframt hefur arðbærari hluti orkusölu fyrirtækisins dregist saman. Heildsöluverð raforkunnar, sem RARIK kaupir, er ákveðið af Landsvirkjun en stjórnvöld þrýsta niður útsöluverðinu af eðlilegum ástæðum og knýja á um aukin félagsleg verkefni. Fjárhagsstaða milliliðar í slíkri stöðu er því afleit og á tímum kaldrar markaðshyggju eiga slík fyrirtæki sífellt meira undir högg að sækja hversu mikilvægt sem hlutverk þeirra er. Í þessu tilliti er nauðsynlegt að endurskoða verkaskiptinguna. Ein leiðin gæti verið að Landsvirkjun sæi um rekstur allra háspenntra lína og seldi raforkuna í heildsölu á sama verði um land allt. Samruni fyrirtækja kemur til greina og ýmsar fleiri leiðir þarf að skoða.

Þjóðfélagslega nauðsyn ber til þess að á hverjum tíma sé leitað hagkvæmustu leiða í raforkuöflun og dreifingu. Jafnframt er mikið réttlætismál að raforkuverðið í landinu verði jafnað frá því sem nú er og svo sem kostur er á hverjum tíma.

Raunhæfasta leiðin til að ná því markmiði er að taka nú raforkumálin í heild til gagngerrar endurskoðunar og marka þessum málaflokki nýja og skýra stefnu með aukna hagkvæmni og jöfnuð að leiðarljósi.

Fylgiskjal.

Upplýsingar frá Rafmagnsveitum ríkisins um afkomu fyrirtækisins, gjaldskrárbreytingar o.fl.

Afkoma RARIK.

Rekstrarhalli á árinu 1987 er áætlaður tæpar 300 millj. kr. Endanlegt uppgjör liggur enn ekki fyrir og ekki er tekið tillit til svokallaðra verðbreytingarfærslna í þeirri tölu.

Á árinu 1988 er gert ráð fyrir að halli á rekstri nemi 350–400 millj. kr. ef miðað er við gildandi gjaldskrá (frá 1. des. 1987) og 25% verðlagshækkun milli áranna 1987 og 1988.

Gjaldskrárbreytingar.

Hér eru tekin dæmi af töxtum A1 (almennur heimilistaxti) þar sem meðalnotkun er um 4000 kwst. á ári og C1 (húshitun), með og án niðurgreiðslu, þar sem meðalnotkun er um 33 000 kwst. á ári. Frá því í ársbyrjun 1985 hafa gjaldskrárbreytingar RARIK verið sem hér segir:

Tafla 1.

Gildistaka	A1	C1	C1 niðurgreitt	
1. júlí 1985	0.7%	0.0%	0.0%	Söluskattshækkun
1. jan. 1986	14.1%	17.1%	28.4%	Gjaldskrárhækkun
1. mars 1986	–20.4%	–7.4%	-11.1%	Gjaldskrárlækkun við niðurfellingu verðjöfnunargjalds
1. jan. 1987	7.1%	7.1%	11.2%	Gjaldskrárhækkun
1. ágúst 1987	9.5%	11.3%	17.2%	Gjaldskrárhækkun
1. des. 1987	15.9%	17.7%	25.5%	Gjaldskrárhækkun

Tafla 2.

Meðaltalshækkun taxta og byggingarvísitölu milli ára.

Tímabil	A1	C1	C1 ngr.	B-vísitala
1984–1985	20.1%	17.0%	15.8%	32.1%
1985–1986	–5.0%	9.6%	15.9%	24.8%
1986–1987	8.6%	13.0%	20.3%	17.6%
1987–1988	20.2%	23.0%	33.8%	25.0%

Gert var ráð fyrir 25% hækkun byggingarvísitölu milli áranna 1987 og 1988 þegar gjaldskrárhækkun var ákveðin 1. desember sl.

Af þessu má sjá að gjaldskrárhækkanir RARIK hafa verið innan marka verðlagsþróunar og stundum ríflega. Niðurgreiðslur valda því hins vegar að útgjöld notenda rafhitunar hafa aukist mun meira en gjaldskárhækkanir RARIK sýna. Niðurgreiðslur hafa verið óbreyttar að krónutölu undanfarin þrjú ár og Alþingi samþykkti nýlega að skerða niðurgreiðslur sem ekki er enn komið til framkvæmda (úr 230 millj. kr. í 200 millj. kr.). Þrátt fyrir það lítur út fyrir með áður gefnum forsendum að niðurgreitt verð til húshitunar verði mun lægra að raungildi á árinu 1988 en það var síðustu missirin áður en gripið var til niðurgreiðslna.

Í töflu 3 má sjá hvernig útgjöld meðalheimilis hafa þróast að raunvirði miðað við byggingarvísitölu frá árinu 1980, en á því ári var gjaldskrá RARIK stokkuð upp verulega. Um er að ræða meðalverð hvers árs samkvæmt gjaldskrá umreiknað á verðlagi ársins 1988, en þar er vísitalan sett 400. Í hlutfallsdálki er verðið 1980 sett sem 100. Niðurgreiðslur hófust í október 1982.

Niðurgreiðslur eru ákveðnar af stjórnvöldum og því er ákvörðun um þær hverju sinni ekki í höndum RARIK. Af töflunni má sjá að orkuverð til heimilisnota er með lægsta móti nú, en útgjöld notandans vegna hitunar heimilis hafa aukist að nýju síðustu missirin þrátt fyrir lækkandi gjaldskrá að raunvirði þar sem niðurgreiðslur hafa staðið í stað eins og áður sagði og því rýrnað að raungildi.

Tafla 3.

C1, niðurgreitt, 33 000 kwst.

Ár	B-vísitala	Hlutfall	kr./ári	kr./mán.
1980	33.34	100.00	70 428	5 869
1981	51.36	99.71	70 226	5 852
1982	80.50	107.45	75 672	6 306
1983	136.58	108.05	76 096	6 341
1984	165.26	94.13	66 296	5 525
1985	218.36	82.48	58 088	4 841
1986	271.96	76.77	54 070	4 506
1987	321.00	78.24	55 104	4 592
1988	400.00	84.00	59 160	4 930

A1, 4000 kwst.

Ár	B-vísitala	Hlutfall	kr./ári	kr./mán.
1980	33.34	100.00	29 953	2 496
1981	51.36	87.52	26 215	2 185
1982	80.50	103.45	30 986	2 582
1983	136.58	136.41	40 858	3 405
1984	165.26	139.55	41 801	3 483
1985	218.36	126.83	37 989	3 166
1986	271.96	96.71	28 966	2 414
1987	321.00	88.99	26 654	2 221
1988	400.00	85.93	25 740	2 145

Samanburður milli RR og RARIK.

Heimilistaxti Rafmagnsveitna ríkisins er nú um 36% hærri en hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur (RR). Minnsti munur síðasta áratuginn varð um 24%, í kringum 1980, en líklega einna mestur á árunum 1977–1978, þá komst hann í um 70–80%. Allnokkur verðmunur er á einstökum töxtum RR og RARIK, en í sumum tilvikum er erfitt að bera saman taxta vegna mismunandi skilmála. Allmikill munur getur t.d. virst á afltaxta til iðnaðar ef litið er beint á gjaldskrárverð, en skilmálar RARIK hafa verið mun mildari, t.d. er reiknað út frá meðaltali fjögurra hæstu toppa ársins hjá RARIK, en hæsti toppur notaður hjá RR. Þetta og fleira dregur úr muninum. Hins vegar hefur meðalverð allrar smásölu verið lægra hjá RARIK á undanförnum árum og er það vegna hinnar miklu hlutdeildar rafhitunar í orkusölunni. Það er því ekki vegna þess að álagning RARIK sé meiri en hjá RR að gjaldskráin er hærri heldur vegna samsetningar markaðarins. Þvert á móti er álagning RARIK allnokkru minni þrátt fyrir töluvert erfiðari aðstæður í orkudreifingu.

Meðalverð í smásölu til notenda samkvæmt gjaldskrá 1981–1988. Miðað er við byggingarvísitölu.
Verð 1981 sett sem 100. Reiknað með 25% verðlagshækkun 1987–1988.



Húshitunartaxti C1, tekjur og tilkostnaður RARIK 1. des. 1987.



Greinargerð með súluriti um tekjur og tilkostnað af húshitunartaxta C1.

Súlurit um tekjur og tilkostnað af húshitunartaxta C1 er hugsað til að skýra myndrænt eftirfarandi þrjú atriði:

1. Gjaldskrárskiptingu á taxta C1, þ.e. hvernig taxtinn skiptist í grunngjald og niðurgreiðslur.
2. Tekjuskipting af taxta C1, þ.e. hvernig tekjur skiptast milli Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins.
3. Tilkostnað Rafmagnsveitna ríkisins af taxta C1, þ.e. orkuöflunarkostnað, tilkostnað vegna stofnlínukerfa og tilkostnað vegna innanbæjarkerfa.

Eftirfarandi forsendur eru notaðar:

1. Gjaldskrárskipting samkvæmt taxta C1.

Miðað er við gjaldskrá frá 1. des. 1987. Gert er ráð fyrir 33 427 kwst. ársnotkun. Grunngjald reiknast þá 1,79 kr./kwst. og niðurgreiðslur 0,63 kr./kwst. Raforkuverð samkvæmt taxta C1 er þá 2,42 kr./kwst. (fastagjald innifalið).

2. Orkuöflunarkostnaður RARIK.

Í tekjuskiptingu af taxta C1 er reynt að skipta tekjum af C1 milli Landsvirkjunar og RARIK. Til að finna tekjur Landsvirkjunar er notað meðalverð forgangsorku frá Landsvirkjun (orkuöflunarkostnaður RARIK). Þar er notuð áætlun um orkuviðskiptin 1987 frá því nú í desember og miðað við verð samkvæmt gjaldskrá LV frá 1. des. 1987 og fundið meðalverð allrar orku. Verður orkuverðið samkvæmt því 1771 kr./kwst. Bætt er við 12% tapi til að finna orkukostnað í smásölu. Hefur taphlutfallið lækkað um fjórðung frá því þessi athugun var síðast gerð og er það í samræmi við þróun undanfarinna ára.

3. Tilkostnaður Rafmagnsveitna ríkisins af taxta C1.

a. Notaðar eru sömu forsendur og að ofan varðandi orkuöflunarkostnaðinn.
b. Tilkostnaður RARIK af stofnlínukerfum felst í fjármagns- og rekstrarkostnaði af stofnlínukerfum RARIK. Er stuðst við niðurstöður nýuppreiknaðrar athugunar á álagningarþörf RARIK í heildsölu (frá desember 1987) og notuð sú niðurstaða sem þar fæst að frádregnum þætti tapkostnaðar í álagningarþörfinni. Miðað er við 6% reiknivexti sem svara til 0,48 kr./kwst., fært á vísitölu byggingarkostnaðar 344. Til samanburðar er rétt að geta að samkvæmt uppfærðum niðurstöðum athugunar Edwards G. Guðnasonar frá 24. nóv. 1980 um þennan kostnað ætti að standa 0,47 kr./kwst. Mismunur þessara tveggja óháðu athugana er því vel innan óvissumarka.
c. Tilkostnaður af innanbæjarkerfum felst í fjármagns- og rekstrarkostnaði þeirra. Ekki liggja fyrir nýjar tölur þar um, þannig að hér er byggt á eldri gögnum. Úr húshitunaráætlun frá 1975 og skýrslu frá Edward G. Guðnasyni frá 24. nóv. 1980 fæst kostnaður af innanbæjarkerfum fyrir utan tap 1,4 gkr./kwst. á verðlagi í nóvember 1980. Sá tilkostnaður svarar nú til 0,13 kr./kwst. uppfært með vísitölu byggingarkostnaðar.

Sþ. 554. Svar [223. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um húsnæðismál.

1. Umsóknir hjá Húsnæðisstofnun um lánveitingar.

a. Frá 1. september 1986 til desemberloka 1987 bárust stofnuninni um 12 230 umsóknir vegna fjögurra lánaflokka sem skuldabréfakaup lífeyrissjóða og iðgjaldagreiðslur umsækjenda ná til:

	Umsóknir
Nýbyggingar og eldri íbúðir	11 740
Viðgerðir, viðbyggingar, orkusparandi	450
Samtals	12 190

Af þessum 12 190 umsóknum voru veitt lán til nýbygginga og eldri íbúða á árinu 1987 (fyrri hluti) vegna um 3020 umsókna og til viðgerða, viðbygginga eða orkusparandi breytinga vegna um 100 umsókna. Óafgreiddar eru því um 9110 umsóknir.

b. Fyrir liggja umsóknir um framkvæmdalán frá 38 stjórnum verkamannabústaða og sveitarfélögum og 10 öðrum aðilum til byggingar 949 íbúða á árinu 1988 skv. a-, b- og c-liðum 33. gr. laga nr. 60/1984. Íbúðirnar skiptast milli þessara liða með eftirfarandi hætti:

	Íbúðir
a-liður	465
b-liður	205
c-liður	279
Samtals	949

Þess skal getið að þó nokkrar þessara umsókna eru óraunhæfar hvað varðar fjölda íbúða.

2. Útgreidd lán 1988 og 1989.

a. Gert er ráð fyrir að afgreiða fyrri hluta lána úr Byggingarsjóði ríkisins vegna u.þ.b. 2100–2300 íbúða. Áætlað er að gera samninga um framkvæmdalán úr Byggingarsjóði verkamanna á árinu 1988 til byggingar um 500–600 íbúða vegna fyrirliggjandi umsókna, sbr. svar við spurningu 1 b. Ekki liggur fyrir endanlega hvernig þessar 500–600 íbúðir skiptast milli a-, b- og c-liða 33. gr. laga nr. 60/1984. Til viðbótar verða í gangi framkvæmdalánssamningar á árinu 1988 vegna 736 íbúða, en þessir samningar eru frá árunum 1986 og 1987. Að lokum skal minnt á að samkvæmt lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir 273 m. kr. til byggingar kaupleiguíbúða á árinu 1988.

b. Endanlegar upplýsingar um fjármagn til útlána á árinu 1989 úr Byggingarsjóðnum liggja ekki fyrir. Hvað varðar Byggingarsjóð verkamanna er eindagi 1. ágúst 1988 vegna framkvæmda á árinu 1989.

3. Endanleg svör um afgreiðslutíma og lánsupphæð 1988–1990.

a. Þeim umsækjendum, sem eiga að fá lán á árinu 1988, hefur þegar verið svarað, en það voru þeir sem sóttu um fyrir 13. mars 1987. Áætlað er að veita 2100–2300 umsækjendum lán úr Byggingarsjóði ríkisins (fyrri hluta) á árinu 1988, sbr. svar við spurningu 2 a.

b.–c. Endanlegar upplýsingar um fjármagn til útlána á árinu 1989 og 1990 liggja ekki fyrir. Samkvæmt nýjum lögum nr. 84/1987 verða endanleg svör um afgreiðslutíma lána og lánsfjárhæðir á árunum 1989 og 1990 send einu ári áður en fyrsti hluti kemur til afgreiðslu.

4. Skuldabréfakaup lífeyrissjóða.

Þann 4. febrúar 1988 höfðu 36 lífeyrissjóðir skrifað undir samninga vegna ársins 1989. Af þessum 36 skrifuðu 27 jafnframt undir samninga um skuldabréfakaup á árinu 1990.

Lífeyrissjóðirnir kaupa skuldabréf af Húsnæðisstofnun ríkisins. Síðan er fjármagninu skipt milli byggingarsjóðanna í lánsfjárætlun. Yfirleitt koma ekki fram í þessum samningum upplýsingar um ráðstöfunarfé sjóðanna, heldur aðeins fyrir hversu hátt hlutfall skuldabréfakaupin muni nema af ráðstöfunarfé, í flestum tilfellum 55%. Stofnunin hefur fengið upplýsingar frá Seðlabanka Íslands um áætlað ráðstöfunarfé allra sjóðanna. Samkvæmt síðustu áætlun Seðlabanka Íslands er gert ráð fyrir að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna 1989 verði um 13,4 milljarðar króna og 1990 um 15,7 milljarðar króna.

Með svari þessu er prentað yfirlit yfir lífeyrissjóði sem samið hafa, eða hafa ekki samið, um skuldabréfakaup 1989 og 1990.

5. Ákvarðanir um breytilega vexti.

Engar ákvarðanir hafa verið teknar um breytilega vexti af lánum byggingarsjóðanna.

Fylgiskjal.

Húsnæðisstofnun ríkisins:

Áætluð skuldabréfakaup lífeyrissjóða.
(4. febrúar 1988.)

Nafn lífeyrissjóðs	**Ártal**	**Kaup í %**
Almennur lífeyrissjóður iðnaðarmanna	1986	55
	1987	55
	1988	55
Björg, lífeyrissjóður	1986	55
	1987	55
	1988	55
	1989	55
	1990	55

Nafn lífeyrissjóðs	Ártal	Kaup í %
Eftirlaunasjóður Akureyrarbæjar	1986	55
	1987	55
	1988	55
	1989	55
	1990	55
Eftirlaunasjóður atvinnuflugmanna	1986	55
Eftirlaunasjóður Hafnarfjarðarkaupstaðar	1986	55
	1987	55
	1988	55
Eftirlaunasjóður Keflavíkurkaupstaðar	1986	20
	1987	55
	1988	55
	1989	55
Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands	1986	55
	1987	55
	1988	55
Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbankans	1986	55
	1987	55
	1988	55
Eftirlaunasjóður starfsmanna Búnaðarbankans	1986	55
	1987	55
	1988	55
Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbankans SEB	1986	55
	1987	55
	1988	55
Eftirlaunasjóður starfsmanna Olíuverslunar Íslands	1986	55
	1987	55
	1988	55
Eftirlaunasjóður starfsmanna Skeljungs	1986	55
	1987	55
	1988	55
Hlíf, lífeyrissjóður	1986	55
	1987	55
	1988	55
Lífeyrissjóðsdeild alþingismanna LSR	1987	55
	1988	55
Lífeyrissjóðsdeild ráðherra LSR	1987	55
	1988	55
Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar	1986	55
	1987	55
	1988	55
Lífeyrissjóður apótekara og lyfjafræðinga	1986	20
	1987	55
	1988	55
Lífeyrissjóður Arkitektafélags Íslands	1986	55
	1987	55
	1988	55

Nafn lífeyrissjóðs	Ártal	Kaup í %
Lífeyrissjóður ASB og BSFÍ	1986	55
	1987	55
	1988	55
Lífeyrissjóður Austurlands	1986	55
	1987	55
	1988	55
Lífeyrissjóður bókagerðarmanna	1986	55
	1987	55
	1988	55
Lífeyrissjóður blaðamanna	1986	55
	1987	55
	1988	55
	1989	55
Lífeyrissjóður Bolungarvíkur	1986	55
	1987	55
	1988	55
	1989	55
	1990	55
Lífeyrissjóður byggingarmanna	1986	55
	1987	55
	1988	55
	1989	55
	1990	55
Lífeyrissjóður byggingariðnaðarmanna	1986	55
	1987	55
	1988	55
Lífeyrissjóður bænda	1986	20
	1987	55
	1988	55
Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar	1986	55
	1987	55
	1988	55
	1989	55
	1990	55
Lífeyrissjóður Eimskipafélags Íslands	1986	55
	1987	55
	1988	55
Lífeyrissjóður Félags ísl. hljómlistarmanna	1986	55
	1987	55
	1988	55
Lífeyrissjóður Félags ísl. leikara	1986	55
	1987	55
	1988	55
	1989	55
	1990	55
Lífeyrissjóður Félags garðyrkjumanna	1986	55
	1987	55
	1988	55
	1989	55
	1990	55

Nafn lífeyrissjóðs	Ártal	Kaup í %
Lífeyrissjóður Félags leiðsögumanna	1987	55
	1988	55
	1989	55
	1990	55
Lífeyrissjóður Félags starfsfólks í veitingahúsum	1986	55
	1987	55
	1988	55
Lífeyrissjóður FÍSK	1986	55
	1987	55
	1988	55
Lífeyrissjóður Flugvirkjafélags Íslands	1986	55
	1987	55
	1988	55
	1989	55
Lífeyrissjóður framreiðslumanna	1986	55
	1987	55
	1988	55
	1989	55
	1990	55
Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna	1986	55
	1987	55
	1988	55
	1989	55
	1990	55
Lífeyrissjóður Hlífar og Framtíðar	1986	55
	1987	55
	1988	55
	1989	55
	1990	55
Lífeyrissjóður Iðju á Akureyri	1986	55
	1987	55
	1988	55
	1989	55
	1990	55
Lífeyrissjóður Kópavogskaupstaðar	1986	55
	1987	55
	1988	55
	1989	55
Lífeyrissjóður Kaupfélags Eyfirðinga	1986	20
	1987	55
	1988	55
	1989	55
Lífeyrissjóður Landssambands vörubifreiðastjóra	1986	55
	1987	55
	1988	55
Lífeyrissjóður leigubifreiðastjóra	1986	55
	1987	55
	1988	55
	1989	55
	1990	55

Nafn lífeyrissjóðs	Ártal	Kaup í %
Lífeyrissjóður ljósmæðra		
Lífeyrissjóður lækna	1986	30
	1987	55
	1988	55
	1989	55
Lífeyrissjóður málm- og skipasmiða	1986	20
	1987	55
	1988	55
Lífeyrissjóður múrara	1986	55
	1987	55
	1988	55
	1989	55
Lífeyrissjóður matreiðslumanna	1986	55
	1987	55
	1988	55
Lífeyrissjóður Mjólkursamsölunnar	1986	55
	1987	55
	1988	55
	1989	55
	1990	55
Lífeyrissjóður Neskaupstaðar	1986	20
	1987	55
	1988	55
Lífeyrissjóður rafiðnaðarmanna	1986	55
	1987	55
	1988	55
Lífeyrissjóður Rangæinga, Hellu	1986	55
	1987	55
	1988	55
	1989	55
	1990	55
Lífeyrissjóður Sóknar	1986	55
	1987	55
	1988	55
Lífeyrissjóður sjómanna	1986	55
	1987	55
	1988	55
Lífeyrissjóður slökkviliðsmanna, Keflavíkurflugvelli	1986	55
	1987	55
	1988	55
	1989	55
Lífeyrissjóður Stéttarfélags Skagfirðinga	1986	55
	1987	55
	1988	55
	1989	55
	1990	55
Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksmiðjunnar	1986	55
	1987	55
	1988	55

Nafn lífeyrissjóðs	Ártal	Kaup í %
Lífeyrissjóður starfsmanna Ísafjarðarkaupstaðar		
Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar	1986	55
	1987	55
	1988	55
	1989	55
	1990	55
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	1986	55
	1987	55
	1988	55
	1989	55
	1990	55
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	1986	20
	1987	55
	1988	55
Lífeyrissjóður starfsmanna SÍF	1986	55
	1987	55
	1988	55
Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjakaupstaðar	1986	55
	1987	55
	1988	55
	1989	55
	1990	55
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	1986	20
	1987	44
	1988	44
Lífeyrissjóður trésmiða á Akureyri	1986	55
	1987	55
	1988	55
Lífeyrissjóður Tæknifræðingafélags Íslands	1986	55
	1987	55
	1988	55
Lífeyrissjóður Verkalýðsfélags Grindavíkur	1986	55
	1987	55
	1988	55
Lífeyrissjóður Verkalýðsfélags Norðurlands vestra	1986	55
	1987	55
	1988	55
Lífeyrissjóður Verkalýðsfélags Suðurlands	1986	55
	1987	55
	1988	55
	1989	55
	1990	55
Lífeyrissjóður Verkalýðsfélags Suðurnesja	1986	55
	1987	55
	1988	55
	1989	55
	1990	55
Lífeyrissjóður verkamanna	1986	55
	1987	55
	1988	55

Nafn lífeyrissjóðs	Ártal	Kaup í %
Lífeyrissjóður Verkfræðingafélags Íslands	1987	35
	1988	35
Lífeyrissjóður verksmiðja SÍS á Akureyri	1986	30
	1987	55
	1988	55
	1989	55
	1990	55
Lífeyrissjóður verksmiðjufólks	1986	55
	1987	55
	1988	55
Lífeyrissjóður verkstjóra	1986	45
	1987	55
	1988	55
Lífeyrissjóður verslunarmanna	1986	20
	1987	55
	1988	55
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	1986	55
	1987	55
	1988	55
Lífeyrissjóður Vestmannaeyinga	1986	55
	1987	55
	1988	55
	1989	55
	1990	55
Lífeyrissjóður Vesturlands	1986	55
	1987	55
	1988	55
	1989	55
	1990	55
Sameining, lífeyrissjóður	1986	55
	1987	55
	1988	55
	1989	55
	1990	55
Samvinnulífeyrissjóðurinn	1986	30
	1987	55
	1988	55
	1989	55
	1990	55
Skjöldur, lífeyrissjóður	1986	55
	1987	55
	1988	55
	1989	55
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	1986	55
	1987	55
	1988	55
	1989	55
	1990	55

Sþ. 555. Svar [224. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um skiptingu umsókna um húsnæðislán eftir kjördæmum.

Með svari þessu eru prentaðir listar yfir fjölda umsókna um lán úr Byggingarsjóði ríkisins. Á listum yfir umsóknir inn komnar frá 1. september 1986 til 31. desember 1987 eru taldar með umsóknir vegna lána 1987 (fyrri hluti), samtals 3120, sjá svar á þskj. 554 við fyrirspurn á þskj. 504, skipt eftir kjördæmum.

Eins og fram kemur í svari á þskj. 554 (1 b) við fyrirspurn á þskj. 504 liggja fyrir umsóknir frá 38 stjórnum verkamannabústaða og sveitarfélögum og 10 öðrum aðilum vegna 949 íbúða skv. a-, b- og c-liðum 33. gr. l. nr. 60/1984. Einnig kemur fram í því svari að þó nokkrar þessara umsókna séu óraunhæfar hvað varðar fjölda íbúða.

Hér fer á eftir skipting á þessum umsóknum eftir kjördæmum:

Fjöldi íbúða

Kjördæmi	**A-liður**	**B-liður**	**C-liður**	**Samtals**
Reykjavík	113	19	87	219
Reykjanes	196	30	64	290
Vesturland	22	11	8	41
Vestfirðir	8	56	0	64
Norðurland vestra	41	39	0	80
Norðurland eystra	62	33	52	147
Austurland	5	13	0	18
Suðurland	18	4	8	30
Samtals	465	205	219	889
Annað				
Öryrkjabandalagið	0	0	50	50
Þroskahjálp	0	0	10	10
Samtals fyrir allt landið	465	205	279	949

Skrár yfir fjölda umsókna um lán úr Byggingarsjóði ríkisins.

Umsóknir inn komnar frá 1. sept. 1986 til 31. des. 1987. Veðstaður ákveðinn.

Lánaflokkur 01. — Umsóknir um nýbyggingarlán.

KJÖRDÆMI UMSÆKJANDA	KJÖRDÆMI VEÐSTAÐA									
	Reykjavík	Reykjanes	Vesturl.	Vestf.	Norð. v.	Norð. e.	Austurl.	Suðurl.	Óskilgr.	Samtals
Reykjavík	610	101	2	1	1	1	1	5	0	722
Reykjaneskjördæmi	91	276	1	0	0	0	0	2	0	370
Vesturlandskjördæmi	11	8	35	0	0	0	0	0	0	54
Vestfjarðakjördæmi	4	4	0	25	0	0	0	0	0	33
Norðurlandskjördæmi vestra	4	4	0	0	19	2	0	0	0	29
Norðurlandskjördæmi eystra	6	5	0	0	0	87	1	0	0	99
Austurlandskjördæmi	6	5	0	0	1	1	45	0	0	58
Suðurlandskjördæmi	16	8	1	0	0	0	0	53	0	78
Óskilgreint	8	3	0	0	0	1	0	0	0	12
Samtals	756	414	39	26	21	92	47	60	0	1455

Umsóknir inn komnar frá 1. sept. 1986 til 31. des. 1987. Veðstaður ákveðinn.

Lánaflokkur 02. — Lán til kaupa á notuðu húsnæði.

KJÖRDÆMI UMSÆKJANDA	KJÖRDÆMI VEÐSTAÐA									
	Reykjavík	Reykjanes	Vesturl.	Vestf.	Norð. v.	Norð. e.	Austurl.	Suðurl.	Óskilgr.	Samtals
Reykjavík	1376	113	4	1	0	6	0	6	0	1506
Reykjaneskjördæmi	117	713	2	0	0	2	2	2	0	838
Vesturlandskjördæmi	40	16	126	0	0	1	1	1	0	185
Vestfjarðakjördæmi	32	9	2	78	1	0	1	1	0	124
Norðurlandskjördæmi vestra	15	11	0	0	57	0	0	1	0	84
Norðurlandskjördæmi eystra	21	16	0	0	0	263	1	2	0	303
Austurlandskjördæmi	28	6	0	0	1	1	91	0	0	127
Suðurlandskjördæmi	41	14	0	0	0	0	0	159	1	215
Óskilgreint	7	7	0	0	0	1	1	0	0	16
Samtals	1677	905	134	79	59	274	97	172	1	3398

Umsóknir inn komnar frá 1. sept. 1986 til 31. des. 1987. Veðstaður ákveðinn.
Lánaflokkur 00. — Umsóknir um F- eða G-lán.

KJÖRDÆMI UMSÆKJANDA	KJÖRDÆMI VEÐSTAÐA									
	Reykjavík	Reykjanes	Vesturl.	Vestf.	Norð. v.	Norð. e.	Austurl.	Suðurl.	Óskilgr.	Samtals
Reykjavík	10	3	0	0	0	0	0	0	0	13
Reykjaneskjördæmi	0	6	0	0	0	0	0	0	0	6
Vesturlandskjördæmi	0	0	2	0	0	0	0	0	0	2
Vestfjarðakjördæmi	0	0	0	2	0	0	0	0	0	2
Norðurlandskjördæmi vestra	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Norðurlandskjördæmi eystra	0	0	0	0	0	1	0	0	0	1
Austurlandskjördæmi	0	0	0	0	0	0	3	0	0	3
Suðurlandskjördæmi	1	0	0	0	0	0	0	0	0	1
Óskilgreint	1	0	0	0	0	0	0	0	0	1
Samtals	12	9	2	2	0	1	3	0	0	29

Umsóknir inn komnar frá 1. sept. 1986 til 31. des. 1987. Veðstaður ákveðinn.
Allir lánaflokkar.

KJÖRDÆMI UMSÆKJANDA	KJÖRDÆMI VEÐSTAÐA									
	Reykjavík	Reykjanes	Vesturl.	Vestf.	Norð. v.	Norð. e.	Austurl.	Suðurl.	Óskilgr.	Samtals
Reykjavík	2091	218	6	2	1	8	1	11	0	2338
Reykjaneskjördæmi	211	1091	3	0	0	2	2	4	0	1313
Vesturlandskjördæmi	54	24	218	0	0	1	1	1	0	299
Vestfjarðakjördæmi	37	13	2	128	1	0	1	1	0	183
Norðurlandskjördæmi vestra	19	18	0	0	111	2	0	1	0	151
Norðurlandskjördæmi eystra	28	21	0	0	0	408	2	2	0	461
Austurlandskjördæmi	35	11	0	0	2	2	179	0	0	229
Suðurlandskjördæmi	58	24	2	0	0	0	0	266	2	352
Óskilgreint	18	11	0	0	0	2	1	0	0	32
Samtals	2551	1431	231	130	115	425	187	286	2	5358

Umsóknir inn komnar frá 13. mars 1987 til 31. des. 1987. Veðstaður ákveðinn.

Lánaflokkur 01. — Nýbyggingar.

KJÖRDÆMI UMSÆKJANDA	KJÖRDÆMI VEÐSTAÐA									
	Reykjavík	Reykjanes	Vesturl.	Vestf.	Norð. v.	Norð. e.	Austurl.	Suðurl.	Óskilgr.	Samtals
Reykjavík	61	13	0	1	1	1	1	1	0	79
Reykjaneskjördæmi	9	45	1	0	0	0	0	0	0	55
Vesturlandskjördæmi	1	2	9	0	0	0	0	0	0	12
Vestfjarðakjördæmi	0	0	0	16	0	0	0	0	0	16
Norðurlandskjördæmi vestra	2	0	0	0	4	0	0	0	0	6
Norðurlandskjördæmi eystra	1	2	0	0	0	28	1	0	0	32
Austurlandskjördæmi	1	1	0	0	1	0	10	0	0	13
Suðurlandskjördæmi	1	1	1	0	0	0	0	6	0	9
Óskilgreint	1	0	0	0	0	1	0	0	0	2
Samtals	77	64	11	17	6	30	12	7	0	224

Umsóknir inn komnar frá 13. mars. 1987 til 31. des. 1987. Veðstaður ákveðinn.

Lánaflokkur 02. — Eldri íbúðir.

KJÖRDÆMI UMSÆKJANDA	KJÖRDÆMI VEÐSTAÐA									
	Reykjavík	Reykjanes	Vesturl.	Vestf.	Norð. v.	Norð. e.	Austurl.	Suðurl.	Óskilgr.	Samtals
Reykjavík	57	5	1	0	0	0	0	1	0	64
Reykjaneskjördæmi	7	33	0	0	0	0	0	0	0	40
Vesturlandskjördæmi	2	1	3	0	0	0	0	0	0	6
Vestfjarðakjördæmi	3	1	1	8	0	0	0	1	0	14
Norðurlandskjördæmi vestra	1	0	0	0	1	0	0	0	0	2
Norðurlandskjördæmi eystra	1	1	0	0	0	6	0	0	0	8
Austurlandskjördæmi	2	0	0	0	0	0	8	0	0	10
Suðurlandskjördæmi	2	1	0	0	0	0	0	14	1	18
Óskilgreint	1	0	0	0	0	0	0	0	0	1
Samtals	76	42	5	8	1	6	8	16	1	163

Umsóknir inn komnar frá 13. mars 1987 til 31. des. 1987. Veðstaður ákveðinn.

Lánaflokkur 00. — Nýbyggingar eða eldri íbúðir.

KJÖRDÆMI UMSÆKJANDA	KJÖRDÆMI VEÐSTAÐA									
	Reykjavík	Reykjanes	Vesturl.	Vestf.	Norð. v.	Norð. e.	Austurl.	Suðurl.	Óskilgr.	Samtals
Reykjavík	8	2	0	0	0	0	0	0	0	10
Reykjaneskjördæmi	0	5	0	0	0	0	0	0	0	5
Vesturlandskjördæmi	0	0	1	0	0	0	0	0	0	1
Vestfjarðakjördæmi	0	0	0	2	0	0	0	0	0	2
Norðurlandskjördæmi vestra	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Norðurlandskjördæmi eystra	0	0	0	0	0	1	0	0	0	1
Austurlandskjördæmi	0	0	0	0	0	0	3	0	0	3
Suðurlandskjördæmi	1	0	0	0	0	0	0	0	0	1
Óskilgreint	1	0	0	0	0	0	0	0	0	1
Samtals	10	7	1	2	0	1	3	0	0	24

Umsóknir inn komnar frá 13. mars 1987 til 31. des. 1987. Veðstaður ákveðinn.

Allir lánaflokkar.

KJÖRDÆMI UMSÆKJANDA	KJÖRDÆMI VEÐSTAÐA									
	Reykjavík	Reykjanes	Vesturl.	Vestf.	Norð. v.	Norð. e.	Austurl.	Suðurl.	Óskilgr.	Samtals
Reykjavík	165	20	1	1	1	1	1	2	0	192
Reykjaneskjördæmi	17	118	1	0	0	0	0	0	0	136
Vesturlandskjördæmi	4	3	32	0	0	0	0	0	0	39
Vestfjarðakjördæmi	4	1	1	34	0	0	0	1	0	41
Norðurlandskjördæmi vestra	3	1	0	0	17	0	0	0	0	21
Norðurlandskjördæmi eystra	3	3	0	0	0	60	1	0	0	67
Austurlandskjördæmi	3	1	0	0	1	0	36	0	0	41
Suðurlandskjördæmi	4	3	1	0	0	0	0	37	1	46
Óskilgreint	5	0	0	0	0	1	0	0	0	6
Samtals	208	150	36	35	19	62	38	40	1	589

Umsóknir inn komnar frá 1. sept. 1987 til 31. des. 1987.

Lánaflokkur 01. — Nýbyggingar.

KJÖRDÆMI	Fyrsta íbúð	Íbúð fyrir	Samtals ums.	Þar af vantar veðstað Fyrsta	Síðari	Samtals	Lánshæft	Synjað	Afgreitt	Ekki afgreitt
Reykjavík	341	485	864	42	96	142	735	39	34	56
Reykjaneskjördæmi	197	227	440	24	41	70	351	25	37	27
Vesturlandskjördæmi	34	35	71	9	8	17	51	5	3	12
Vestfjarðakjördæmi	15	21	44	4	4	11	32	2	0	10
Norðurlandskjördæmi vestra	19	16	36	3	4	7	29	1	1	5
Norðurlandskjördæmi eystra	65	40	107	5	3	8	67	6	12	22
Austurlandskjördæmi	40	21	65	2	4	7	48	4	6	7
Suðurlandskjördæmi	44	45	90	6	6	12	71	7	6	6
Óskilgreint	8	4	14	0	2	2	12	0	0	2
Landið allt	763	894	1731	95	168	276	1396	89	99	147

Umsóknir inn komnar frá 1. sept. 1986 til 31. des. 1987.

Lánaflokkur 02. — Eldri íbúðir.

KJÖRDÆMI	Fyrsta íbúð	Íbúð fyrir	Samtals ums.	Þar af vantar veðstað Fyrsta	Síðari	Samtals	Lánshæft	Synjað	Afgreitt	Ekki afgreitt
Reykjavík	949	978	1963	188	249	457	1726	168	31	38
Reykjaneskjördæmi	459	592	1069	78	146	231	939	86	18	26
Vesturlandskjördæmi	100	125	230	12	31	45	197	23	3	7
Vestfjarðakjördæmi	72	69	150	11	14	26	128	10	5	7
Norðurlandskjördæmi vestra	65	48	117	16	16	33	91	21	2	3
Norðurlandskjördæmi eystra	170	209	383	27	52	80	338	33	3	9
Austurlandskjördæmi	82	63	147	10	9	20	120	18	4	5
Suðurlandskjördæmi	135	125	271	26	26	56	226	25	9	11
Óskilgreint	12	12	26	4	5	10	20	5	0	1
Landið allt	2044	2221	4356	372	548	958	3785	389	75	107

Umsóknir inn komnar frá 1. sept. 1986 til 31. des. 1987.

Lánaflokkur 00. — Nýbyggingar og eldri íbúðir.

KJÖRDÆMI	Fyrsta íbúð	Íbúð fyrir	Samtals ums.	Þar af vantar veðstað Fyrsta	Síðari	Samtals	Lánshæft	Synjað	Afgreitt	Ekki afgreitt
Reykjavík	1081	1137	2579	1078	1127	2566	236	81	1320	942
Reykjaneskjördæmi	460	665	1412	460	659	1406	109	32	688	583
Vesturlandskjördæmi	79	116	235	79	114	233	17	8	117	93
Vestfjarðakjördæmi	58	61	192	57	61	190	16	2	88	86
Norðurlandskjördæmi vestra	80	53	149	80	53	149	6	4	74	65
Norðurlandskjördæmi eystra	167	194	411	167	194	410	34	9	214	154
Austurlandskjördæmi	111	91	230	109	90	227	16	5	116	93
Suðurlandskjördæmi	107	135	290	107	135	289	19	8	159	104
Óskilgreint	52	39	152	51	39	151	5	9	49	89
Landið allt	2195	2491	5650	2188	2472	5621	458	158	2825	2209

Umsóknir inn komnar frá 1. sept. 1986 til 31. des. 1987.

Allir lánaflokkkar.

KJÖRDÆMI	Fyrsta íbúð	Íbúð fyrir	Samtals ums.	Þar af vantar veðstað Fyrsta	Síðari	Samtals	Lánshæft	Synjað	Afgreitt	Ekki afgreitt
Reykjavík	2379	2685	5508	1308	1476	3170	2734	291	1407	1076
Reykjaneskjördæmi	1123	1568	3026	562	851	1713	1444	147	769	666
Vesturlandskjördæmi	215	320	596	100	154	297	304	37	130	125
Vestfjarðakjördæmi	146	171	410	72	79	227	189	15	96	110
Norðurlandskjördæmi vestra	168	142	341	99	74	190	148	27	81	85
Norðurlandskjördæmi eystra	409	488	960	199	250	499	471	51	240	198
Austurlandskjördæmi	235	212	485	121	104	256	201	29	138	117
Suðurlandskjördæmi	292	347	710	139	168	358	350	42	182	136
Óskilgreint	72	58	196	55	46	164	38	14	50	94
Landið allt	5039	5991	12232	2655	3202	6874	5879	653	3093	2607

Umsóknir inn komnar frá 13. mars 1987 til 31. des. 1987.

Lánaflokkur 01. — Nýbyggingar.

KJÖRDÆMI	Fyrsta íbúð	Íbúð fyrir	Samtals ums.	Þar af vantar veðstað Fyrsta	Síðari	Samtals	Lánshæft	Synjað	Afgreitt	Ekki afgreitt
Reykjavík	26	51	92	3	8	12	11	2	34	45
Reykjaneskjördæmi	15	39	65	1	5	7	2	0	35	28
Vesturlandskjördæmi	4	10	15	2	1	3	1	0	3	11
Vestfjarðakjördæmi	0	12	19	0	0	3	10	0	0	9
Norðurlandskjördæmi vestra	2	4	7	0	1	1	1	0	2	4
Norðurlandskjördæmi eystra	18	15	34	2	0	2	0	0	12	22
Austurlandskjördæmi	6	4	13	0	0	0	1	0	5	7
Suðurlandskjördæmi	3	8	12	1	2	3	0	2	5	5
Óskilgreint	0	0	2	0	0	0	0	0	0	2
Landið allt	74	143	259	9	17	31	26	4	96	133

Umsóknir inn komnar frá 13. mars 1987 til 31. des. 1987.

Lánaflokkur 02. — Lán til kaupa á eldri íbúðum.

KJÖRDÆMI	Fyrsta íbúð	Íbúð fyrir	Samtals ums.	Þar af vantar veðstað Fyrsta	Síðari	Samtals	Lánshæft	Synjað	Afgreitt	Ekki afgreitt
Reykjavík	15	48	74	2	3	7	11	2	28	33
Reykjaneskjördæmi	6	31	42	1	2	3	4	1	16	21
Vesturlandskjördæmi	1	5	7	0	1	1	0	0	3	4
Vestfjarðakjördæmi	4	4	14	0	0	0	2	0	5	7
Norðurlandskjördæmi vestra	0	5	5	0	3	3	0	0	2	3
Norðurlandskjördæmi eystra	0	7	10	0	1	1	1	0	2	7
Austurlandskjördæmi	2	8	10	0	0	0	1	0	4	5
Suðurlandskjördæmi	8	6	19	0	1	1	1	1	7	10
Óskilgreint	0	0	1	0	0	0	0	0	0	1
Landið allt	36	114	182	3	11	16	20	4	67	91

Umsóknir inn komnar frá 13. mars 1987 til 31. des. 1987.

Lánaflokkur 00. — Nýbyggingar eða eldri íbúðir.

KJÖRDÆMI	Fyrsta íbúð	Íbúð fyrir	Samtals ums.	Þar af vantar veðstað Fyrsta	Síðari	Samtals	Lánshæft	Synjað	Afgreitt	Ekki afgreitt
Reykjavík	977	993	2339	975	985	2329	4	76	1330	929
Reykjaneskjördæmi	425	597	1306	425	592	1301	0	33	698	575
Vesturlandskjördæmi	72	105	215	72	104	214	0	11	112	92
Vestfjarðakjördæmi	52	57	176	51	56	174	0	3	85	88
Norðurlandskjördæmi vestra	80	48	143	80	48	143	0	2	75	66
Norðurlandskjördæmi eystra	155	176	380	154	175	377	0	13	211	156
Austurlandskjördæmi	105	83	218	103	82	215	0	7	118	93
Suðurlandskjördæmi	100	129	277	100	129	276	1	8	161	107
Óskilgreint	66	41	147	65	41	146	0	12	51	84
Landið allt	2032	2229	5201	2025	2212	5175	5	165	2841	2190

Umsóknir inn komnar frá 13. mars 1987 til 31. des. 1987.

Allir lánaflokkar.

KJÖRDÆMI	Fyrsta íbúð	Íbúð fyrir	Samtals ums.	Þar af vantar veðstað Fyrsta	Síðari	Samtals	Lánshæft	Synjað	Afgreitt	Ekki afgreitt
Reykjavík	1018	1132	2546	980	998	2350	29	80	1411	1026
Reykjaneskjördæmi	447	705	1455	427	604	1317	15	34	769	637
Vesturlandskjördæmi	77	140	259	74	107	220	10	11	123	115
Vestfjarðakjördæmi	57	82	219	51	56	177	14	3	93	109
Norðurlandskjördæmi vestra	82	69	169	80	53	148	4	2	81	82
Norðurlandskjördæmi eystra	173	222	451	156	176	380	9	13	235	194
Austurlandskjördæmi	113	109	257	103	82	216	5	8	138	106
Suðurlandskjördæmi	113	160	327	101	133	281	7	11	180	129
Óskilgreint	66	43	153	65	41	147	0	12	52	89
Landið allt	2146	2662	5836	2037	2250	5236	93	174	3082	2487

Sþ. 556. Fyrirspurn [258. mál]

til menntamálaráðherra um Menningarsjóð útvarpsstöðva.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Hve mikið fé hafa útvarps- og sjónvarpsstöðvar greitt í Menningarsjóð útvarpsstöðva til 1. febrúar 1988?

Hve mikið er útistandandi og hvernig skiptist það á greiðendur?

Hvernig skiptist það fé sem greitt hefur verið úr sjóðnum?

Sþ. 557. Fyrirspurn [259. mál]

til menntamálaráðherra um fiskvinnsluskóla.

Frá Jóni Sæmundi Sigurjónssyni.

1. Hvað hyggst menntamálaráðherra koma á fót mörgum fiskvinnsluskólum á Norðurlandi?
2. Hvenær hyggst menntamálaráðherra snúa sér að því verkefni að framkvæma vilja Alþingis sem fram kom í samþykkt þess 30. mars 1973 um að koma á fót fiskvinnsluskóla á Siglufirði?

Nd. 558. Frumvarp til laga [260. mál]

um brottfall ýmissa laga á sviði viðskiptamála.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–1988.)

I. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 41 2. maí 1968, um verzlunaratvinnu.

1. gr.

2. mgr. 9. gr. laganna falli brott.

2. gr.

3. mgr. 9. gr. laganna, sem verði 2. mgr., hljóði svo:

Leyfi til verslunar fyrir landið allt veitir leyfishafa rétt til smásöluverslunar utan lögsagnarumdæmis þar sem leyfi er gefið út. Lögreglustjóra á þeim stað er verslun á að reka hverju sinni er heimilt að takmarka leyfið við verslun með vörutegundir sem ekki er verslað með í því lögsagnarumdæmi.

II. KAFLI

Um brottfall laga um löggilta verslunarstaði.

3. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi eftirtalin lög og önnur lagafyrirmæli:

1. Opið bréf frá 28. desember 1836, innihaldandi nákvæmari ákvarðanir, með tilliti til tilskipananna um þá íslenzku kauphöndlun og skipaferðir.

2. Lög nr. 13/1903, um stækkun verzlunarlóðarinnar í Reykjavík.
3. Lög nr. 48/1935, um verzlunarlóð Ísafjarðar.
4. Lög nr. 43/1919, um ákvörðun verzlunarlóðarinnar í Hafnarfjarðarkaupstað.
5. Lög nr. 31/1918, um stækkun verzlunarlóðarinnar í Ólafsfirði.
6. Lög nr. 51/1919, um takmörk verzlunarlóðarinnar á Sauðárkróki.
7. Lög nr. 29/1891 og lög 72/1907, um stækkun verzlunarlóðarinnar í Keflavík.
8. Lög nr. 30/1887, um stækkun verzlunarstaðarins á Eskifirði.
9. Lög nr. 33/1897, um stækkun verzlunarlóðarinnar á Eskifirði.
10. Lög nr. 18/1912, um stækkun verzlunarlóðarinnar á Flateyri við Önundarfjörð.
11. 1842 14. des. Opið bréf, viðvíkjandi fullgilding Seyðisfjarðar í Íslands norður- og austuramti, svo og Portlands eður Dyrhóla í Íslands suðuramti, til að vera kaupskaparpláz.
12. 1846 23. des. Opið bréf um skipun tveggja kauptúnastæða á Íslandi við Þórshöfn í norðausturamtinu og á Borðeyri við Hrútafjörð í vesturamtinu.
13. 1863 19. jan. Opið bréf um löggilding þriggja verzlunarstaða á Íslandi.
14. 1867 22. marz. Opið bréf um löggilding verzlunarstaðar á Borgarnesi við Brákarpoll í Mýrasýslu í vesturumdæminu á Íslandi.
15. Lög nr. 21/1875, um löggilding verzlunarstaðar við Blönduós í Húnavatnssýslu.
16. Lög nr. 13/1877, um löggilding verzlunarstaðar í Þorlákshöfn í Árnessýslu.
17. Lög nr. 14/1877, um verzlun á Geirseyri við Patreksfjörð.
18. Lög nr. 14/1879, um löggiltan verzlunarstað við Jökulsá á Sólheimasandi.
19. Lög nr. 26/1879, um kauptún við Kópaskersvog í Norður-Þingeyjarsýslu.
20. Lög nr. 27/1879, um löggilding verzlunarstaðar á Hornafjarðarós í Austur-Skaftafellssýslu.
21. Lög nr. 17/1881, um löggilding verzlunarstaðar á Hesteyri við Hesteyrarfjörð innan Ísafjarðarsýslu.
22. Lög nr. 18/1881, um löggilding verzlunarstaðar við Kolbeinsárós í Skagafirði.
23. Lög nr. 30/1883, um löggilding nýrra verzlunarstaða.
24. Lög nr. 29/1887, um löggilding verzlunarstaðar á Vík í Vestur-Skaftafellssýslu.
25. Lög nr. 3/1890, um löggilding verzlunarstaðar að Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp.
26. Lög nr. 4/1890, um löggilding verzlunarstaðar við Hólmavík í Steingrímsfirði.
27. Lög nr. 5/1890, um löggilding verzlunarstaðar að Stapa í Snæfellsnessýslu.
28. Lög nr. 6/1890, um löggilding verzlunarstaðar á Búðareyri við Reyðarfjörð.
29. Lög nr. 39/1905, um stækkun verzlunarlóðarinnar á Búðareyri við Reyðarfjörð.
30. Lög nr. 7/1890, um löggilding verzlunarstaðar að Múlahöfn við Héraðsflóa.
31. Lög nr. 4/1892, um löggilding verzlunarstaðar (við Ingólfshöfða (Kárahöfn) í Austur-Skaftafellssýslu).
32. Lög nr. 5/1892, um löggilding verzlunarstaðar að Haukadal í Dýrafirði.
33. Lög nr. 39/1893, um löggilding verzlunarstaðar að Hlaðsbót í Arnarfirði.
34. Lög nr. 41/1893, um löggilding verzlunarstaðar á Búðum í Fáskrúðsfirði.
35. Lög nr. 42/1893, um löggilding verzlunarstaðar við Vogavík (í Gullbringusýslu).
36. Lög nr. 14/1894, um löggilding verzlunarstaðar á Svalbarðseyri (við Eyjafjörð).
37. Lög nr. 7/1895, um löggilding verzlunarstaðar að Hrafneyri við Hvalfjörð.
38. Lög nr. 8/1895, um löggilding verzlunarstaðar að Stakkhamri í Miklaholtshreppi.
39. Lög nr. 9/1895, um löggilding verzlunarstaðar við Kirkjubólshöfn í Stöðvarfirði.
40. Lög nr. 10/1895, um löggilding verzlunarstaðar að Seleyri við Borgarfjörð.
41. Lög nr. 39/1895, um löggilding verzlunarstaðar (á Bakka og Bakkagerði) í Borgarfirði (í Norður-Múlasýslu).

42. Lög nr. 40/1895, um löggilding verzlunarstaðar við Hvammstanga (austanvert við Miðfjörð í Húnavatnssýslu).
43. Lög nr. 41/1895, um löggilding verzlunarstaðar við Salthólmavík hjá Tjaldanesi í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu.
44. Lög nr. 42/1895, um löggilding verzlunarstaðar að Skálavík við Berufjörð í Suður-Múlasýslu.
45. Lög nr. 35/1897, um löggilding verzlunarstaðar á Grafarnesi við Grundarfjörð.
46. Lög nr. 36/1897, um löggilding verzlunarstaðar á Firði í Múlahreppi í Barðastrandarsýslu.
47. Lög nr. 37/1897, um löggilding verzlunarstaðar við Haganesvík í Fljótum.
48. Lög nr. 38/1897, um löggilding verzlunarstaðar á Hjalteyri við Eyjafjörð.
49. Lög nr. 39/1897, um löggilding verzlunarstaðar hjá Hallgeirsey í Rangárvallasýslu.
50. Lög nr. 36/1899, um löggilding verzlunarstaðar að Suðureyrarmölum í Ísafjarðarsýslu.
51. Lög nr. 37/1899, um löggilding verzlunarstaðar við Norðurfjörð í Strandasýslu.
52. Lög nr. 45/1901, um löggilding verzlunarstaðar á Hjallasandi í Neshreppi utan Ennis innan Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.
53. Lög nr. 46/1901, um löggilding verzlunarstaðar við Sandgerðisvík í Gullbringusýslu.
54. Lög nr. 41/1902, um löggilding verzlunarstaðar við Flatey á Skjálfanda.
55. Lög nr. 42/1902, um löggilding verzlunarstaðar við Járngerðarstaðavík í Grindavík.
56. Lög nr. 43/1902, um löggilding verzlunarstaðar við Óshöfn við Héraðsflóa.
57. Lög nr. 54/1903, um löggilding verzlunarstaðar við Selvík í Skagafjarðarsýslu.
58. Lög nr. 55/1903, um löggilding verzlunarstaðar við Kálfshamarsvík í Vindhælishreppi í Húnavatnssýslu.
59. Lög nr. 56/1903, um löggilding verzlunarstaðar í Bolungarvík í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.
60. Lög nr. 15/1922, um ákvörðun verzlunarlóðarinnar í Bolungarvík í Hólshreppi.
61. Lög nr. 57/1903, um löggilding verzlunarstaðar á Grenivík við Eyjafjörð.
62. Lög nr. 58/1903, um löggilding verzlunarstaðar á Ökrum í Hraunhreppi í Mýrasýslu.
63. Lög nr. 59/1903, um löggilding verzlunarstaðar við Heiði á Langanesi í Norður-Þingeyjarsýslu.
64. Lög nr. 60/1903, um löggilding verzlunarstaðar á Óspakseyri við Bitrufjörð í Strandasýslu.
65. Lög nr. 35/1905, um löggilding verzlunarstaða.
66. Lög nr. 27/1907, um löggilding verzlunarstaðar að Bakkabót við Arnarfjörð.
67. Lög nr. 65/1907, um löggilding verzlunarstaðar að Kirkjuvogi í Hafnahreppi í Gullbringusýslu.
68. Lög nr. 66/1907, um löggilding verzlunarstaðar að Bæ á Höfðaströnd í Skagafjarðarsýslu.
69. Lög nr. 67/1907, um löggilding verzlunarstaðar að Tjaldanesi í Auðkúluhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.
70. Lög nr. 68/1907, um löggilding verzlunarstaðar að Kalmansárósi við Hvalfjörð í Borgarfjarðarsýslu.
71. Lög nr. 69/1907, um löggilding verzlunarstaðar í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu.
72. Lög nr. 101/1935, um verzlunarlóðina í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu.
73. Lög nr. 70/1907, um löggilding verzlunarstaðar að Króksfjarðarnesi í Geiradalshreppi.
74. Lög nr. 71/1907, um löggilding verzlunarstaðar að Eysteinseyri við Tálknafjörð.
75. Lög nr. 47/1909, um löggilding verzlunarstaða.
76. Lög nr. 48/1909, um löggilding Dalvíkur.
77. Lög nr. 48/1911, um löggilding verzlunarstaða.

78. Lög nr. 17/1912, um löggilding verzlunarstaða.
79. Lög nr. 39/1913, um löggilding verzlunarstaða í Karlseyjarvík við Reykhóla og í Hagabót í Barðastrandarsýslu.
80. Lög nr. 42/1914, um löggilding verzlunarstaðar að Stóra-Fjarðarhorni við Kollafjörð í Strandasýslu.
81. Lög nr. 69/1915, um löggilding verzlunarstaðar að Höfn í Sléttuhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.
82. Lög nr. 28/1918, um löggilding verzlunarstaðar við Hvalsíki í Vestur-Skaftafellssýslu.
83. Lög nr. 46/1919, um löggilding verzlunarstaðar við Syðstabæ í Hrísey.
84. Lög nr. 49/1919, um löggilding verzlunarstaðar við Gunnlaugsvík (sunnan megin Hvammsfjarðar).
85. Lög nr. 54/1919, um löggilding verzlunarstaðar á Mýramel (í Dýrafirði).
86. Lög nr. 20/1920, um löggilding verzlunarstaðar í Valþjófsdal í Mosvallahreppi og á Lambeyri við Tálknafjörð.
87. Lög nr. 18/1921, um löggilding verzlunarstaðar á Suðureyri við Tálknafjörð.
88. Lög nr. 16/1922, um löggilding verzlunarstaðar að Kaldrananesi við Bjarnarfjörð.
89. Lög nr. 9/1924, um löggilding verzlunarstaðar í Hindisvík á Vatnsnesi við Húnaflóa.
90. Lög nr. 14/1924, um löggilding verzlunarstaðar við Málmeyjarsund innan við Votaberg.
91. Lög nr. 20/1924, um löggilding verzlunarstaðar í Fúluvík í Staðarsveit í Snæfellsnessýslu.
92. Lög nr. 23/1925, um löggilding verzlunarstaðar á Hellnum í Breiðuvíkurhreppi.
93. Lög nr. 8/1926, um löggilding verzlunarstaða.
94. Lög nr. 19/1927, um löggilding verzlunarstaða.
95. Lög nr. 18/1928, um löggilding verzlunarstaða.
96. Lög nr. 8/1929, um löggilding verzlunarstaða.
97. Lög nr. 20/1930, um löggilding verzlunarstaða.
98. Lög nr. 33/1930, um löggilding verzlunarstaðar í Selárvík í Árskógshreppi.
99. Lög nr. 25/1931, um löggilding verzlunarstaðar að Súðavík við Álftafjörð í Norður-Ísafjarðarsýslu.
100. Lög nr. 51/1931, um löggilding verzlunarstaðar að Rauðuvík við Eyjafjörð.
101. Lög nr. 44/1935, um löggilding verzlunarstaða.
102. Lög nr. 46/1935, um löggilding verzlunarstaðar á Hvalskeri við Patreksfjörð.
103. Lög nr. 87/1935, um löggilding verzlunarstaðar í Hraunhöfn á Melrakkasléttu.
104. Lög nr. 96/1935, um löggilding verzlunarstaðar í Buðlungahöfn (við Axarfjörð).
105. Lög nr. 64/1936, um löggilding verzlunarstaðar í Hjarðardal í Önundarfirði.
106. Lög nr. 76/1936, um löggilding verzlunarstaða.
107. Lög nr. 23/1937, um löggilding verzlunarstaðar í Örlygshöfn í Barðastrandarsýslu.
108. Lög nr. 14/1938, um löggilding verzlunarstaðar við Þaralátursfjörð.
109. Lög nr. 86/1940, um löggilding verzlunarstaðar í Auðkúlubót í Auðkúluhreppi í Arnarfirði.
110. Lög nr. 14/1953, um löggilding verzlunarstaðar í Vogum í Gullbringusýslu.
111. Lög nr. 27/1958, um löggilding verzlunarstaðar að Skriðulandi í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu.
112. Lög nr. 37/1960, um löggilding á verzlunarstað við Arnarnesvog í Garðahreppi í Gullbringusýslu.
113. Lög nr. 10/1967, um löggilding á verzlunarstað í Egilsstaðakauptúni í Suður-Múlasýslu.
114. Lög 61/1905, um ákvörðun verzlunarlóða.
115. Lög nr. 47/1911, um verzlunarlóðina í Vestmannaeyjum.
116. Lög nr. 32/1924, um lögreglusamþykktir í löggiltum verzlunarstöðum.

III. KAFLI

Um brottfall ýmissa lagaákvæða um verslunarlóðir.

4. gr.

Eftirtalin ákvæði um verslunarlóðir falli úr gildi:

1. 2. gr. laga nr. 34/1895, um stækkun lögsagnarumdæmis og bæjarfélags Akureyrarkaupstaðar.
2. 1. gr. 2. mgr. laga nr. 61/1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði.
3. 3. gr. laga nr. 30/1918, um bæjarstjórn á Siglufirði.
4. 3. gr. laga nr. 48/1928, um bæjarstjórn í Neskaupstað í Norðfirði.
5. 3. gr. laga nr. 45/1941, um bæjarstjórn á Akranesi.
6. 3. gr. laga nr. 60/1944, um bæjarstjórn í Ólafsfirði.
7. 3. gr. laga nr. 57/1947, um bæjarstjórn á Sauðárkróki.
8. 3. gr. laga nr. 17/1949, um bæjarstjórn í Keflavík.
9. 3. gr. laga nr. 109/1949, um bæjarstjórn á Húsavík.
10. 3. gr. laga nr. 30/1955, um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað.

IV. KAFLI

Um niðurfellingu laga á sviði viðskiptamála.

5. gr.

Lög nr. 5 4. maí 1925, um fiskifulltrúa á Spáni og Ítalíu, falli úr gildi.

6. gr.

Lög nr. 88 19. júní 1933, um heimild handa ríkisstjórninni til ýmissa ráðstafana vegna viðskiptasamnings við brezku stjórnina, falli úr gildi.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur verið samið í viðskiptaráðuneytinu í því skyni að afnema ýmis úrelt lagaákvæði, m.a. ákvæði um verslunarstaði, og stuðla með því að nauðsynlegri lagahreinsun í Lagasafni, en útgáfa nýs Lagasafns er nú í undirbúningi. Við samningu þessa frumvarps var óskað eftir umsögn Lagastofnunar Háskóla Íslands. Í umsögn Lagastofnunar komu fram ýmsar þarflegar athugasemdir og ábendingar sem jafnframt var höfð hliðsjón af við endanlega gerð þessa frumvarps.

Samkvæmt frumvarpinu verður verslun heimil hvar sem er í öllum lögsagnarumdæmum landsins eins og hún er í reynd, en sem dæmi um hin úreltu ákvæði má nefna að samkvæmt lögum nr. 13/1903, um stækkun verzlunarlóðarinnar í Reykjavík, er verslun óheimil austan Rauðarárstígs og vestan Kaplaskjólsvegar og er hætt við að erfiðlega gengi að framfylgja þeim ákvæðum nú.

Nokkrir verslunarstaðir mynduðust snemma hér á landi þar sem saman fór blómleg byggð og allgott skipalægi frá náttúrunnar hendi, en með konunglegri tilskipun hinn 20. apríl 1602, þegar einokunarverslun var komið á fót hér á landi voru verslunarstaðir í fyrsta sinn löggiltir og mátti eigi versla utan þeirra. Voru þeir í fyrstu 20 talsins en fjölgaði fljótlega um einn og síðar um tvo til viðbótar. Á fæstum verslunarstaðanna myndaðist þó varanleg byggð, heldur var þar verslað í tjöldum og skýlum sem eigi voru byggð til frambúðar. Árið 1786, þegar einokunarverslunin var afnumin, voru sex verslunarstöðum veitt kaupstaðaréttindi en

réttindin voru afturkölluð til annarra staða en Reykjavíkur á næstu 50 árum. Stofnun kaupstaða hafði gefist vel annars staðar í ríki Danakonunga og orðið til þess að efla atvinnulífið víða um ríkið með því að stuðla að uppgangi verslunar og handverks.

Tilgangurinn með stofnun kaupstaða var að efla þéttbýlismyndun sem styrkt gæti atvinnu- og menningarlíf í landinu og eftir að Alþingi var endurreist árið 1843 kom fram þar mikill áhugi á löggildingu nýrra verslunarstaða og stofnun nýrra kaupstaða. Ekki voru þó allir þingmenn þessu hlynntir og töldu þeir að það yrði þjóðinni til skaða að dreifa verslun landsmanna á fleiri staði þannig að eigi kæmust upp öflugir verslunarstaðir.

Þegar fram liðu tímar voru æ fleiri staðir löggiltir til verslunar og sagði Tryggvi Gunnarson á Alþingi árið 1885 að „þar væri í seinni tíð löggiltir allir þeir verzlunarstaðir, sem beðið væri um". Þó var ávallt nokkur andstaða á Alþingi gegn þessari stefnu. Þegar rætt var um löggildingu verslunarstaðar á Skipaskaga við Lambhúsasund á Alþingi árið 1861 fór Pétur Pétursson, síðar biskup, með vísu sem hann sagði vera eftir gamlan Borgfirðing, en margir trúðu að hann hefði sjálfur gert. Var hún svohljóðandi:

Kaupstaður á Skipaskaga
skötnum verður mjög til baga
eftir sig hann dilk mun draga
drykkjurúta og letimaga.

Löggilding verslunarstaða var stefnuyfirlýsing ríkisins sem varð víða undirstaða blómlegs þéttbýlis. Leyfilegt var að stunda verslun á hinum löggiltu stöðum, en óleyfilegt utan þeirra. Menn áttu rétt á að fá lóð til verslunarrekstrar og var talið af framkvæmdarvaldinu að löggildingin heimilaði eignar- og leigunám á landi í því skyni. Landsyfirréttur féllst þó eigi á þetta í máli sem upp kom vegna útmælingar verslunarlóðar á Vopnafirði árið 1884. Var þá borið fram á Alþingi frumvarp til laga sem m.a. hafði að geyma eignarnámsheimildir og varð stofninn að lögum, sem nú eru nr. 75/1917, þ.e. lög um útmælingar lóða í kaupstöðum, löggiltum kauptúnum o.fl. Þeim lögum er hins vegar ekki beitt lengur en um afmörkun lands fyrir verslunarþjónustu er fjallað í aðalskipulagi sveitarfélaga í samræmi við ákvæði skipulagslaga sem einnig hafa að geyma eignarnámsheimildir til þess að tryggja sveitarfélögum land undir byggðina.

Nú hefur löggilding verslunarstaða engin réttaráhrif ef frá eru skilin ákvæði í 9. gr. laganna um verzlunaratvinnu. Ekki er heldur farið eftir lögunum að því er varðar mörk verslunarlóða eins og nefnt er dæmi um hér að framan, enda verður eigi séð að ákvæðin þjóni neinum skynsamlegum tilgangi lengur. Verslunin dafnar um land allt, en margir staðir, sem löggiltir voru sem verslunarstaðir, urðu það þó aldrei þar eð framtak einstaklinga og aðstæður til verslunar reyndust eigi vera í samræmi við hugsjónir þeirra er beittu sér fyrir löggildingunni. Verslunarþjónustu er nú markað landsvæði með umfjöllun um aðalskipulag sveitarfélaga og öll sveitarfélög eru skipulagsskyld.

Lögbinding verslunarlóða kaupstaða og löggilding verslunarstaða er merkilegur þáttur í sögu þjóðarinnar. Upptalning á gömlum lagaákvæðum þessa efnis á nú heima í sagnfræðiritum fremur en í næsta Lagasafni og er því gerð tillaga um að fella þau úr gildi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Til samræmis við önnur ákvæði frumvarps þessa um niðurfellingu ákvæða um löggilta verslunarstaði er hér lagt til að fella á brott ákvæði verslunaratvinnulaga er binda tiltekin réttaráhrif við löggilta verslunarstaði. Í þessu skyni er felld brott 2. mgr. 9. gr. laganna. Að öðru leyti vísast til hinna almennu athugasemda með frumvarpi þessu.

Um 2. gr.

Vegna niðurfellingar á 2. mgr. 9. gr. verður núgildandi 3. mgr. að 2. mgr. 9. gr. verði frumvarpið samþykkt. Jafnframt er kveðið á um þann rétt er svonefnt landsöluleyfi til smásöluverslunar veitir. Í engu er breytt frá núgildandi skipan þeirra mála heldur er hér aðeins um að ræða breytingu vegna niðurfellingar lagaákvæða um löggilta verslunarstaði.

Á vegum viðskiptaráðuneytisins er hins vegar að störfum nefnd til endurskoðunar á lögum um verzlunaratvinnu og mun nefndin skila tillögum sínum til viðskiptaráðherra á næstunni.

Um 3. gr.

Í þessari grein er lagt til að öll þau lög, er greinin nefnir, verði felld brott. Um skýringar við grein þessa vísast að öðru leyti til almennra athugasemda með frumvarpi þessu.

Um 4. gr.–6. gr.

Í þessum greinum er lagt til að felld verði brott úrelt ákvæði um verslunarlóðir í nokkrum kaupstöðum svo og úrelt löggjöf á sviði viðskiptamála.

Fjórða grein er til komin sökum ábendingar frá Lagastofnun.

Í 5. og 6. gr. er lagt til að felld verði úr gildi lög sem augljóslega hafa ekki þýðingu lengur.

Að öðru leyti þarfnast greinar þessar ekki skýringa.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

ÁLITSGERÐ

Til viðskiptaráðherra.
Frá Lagastofnun Háskóla Íslands.

I.

Með bréfi dags. 27. október 1987 fór viðskiptaráðherra þess á leit við Lagastofnun Háskóla Íslands að hún léti í té umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga um löggilta verslunarstaði, en með frumvarpi þessu væri stefnt að lagahreinsun í Lagasafni Íslands eins og nánar væri greint í athugasemdum frumvarpsins.

Stjórn verkefnanefndar Lagastofnunar fól undirrituðum, Sigurði Líndal prófessor og Þorgeiri Örlygssyni, settum prófessor, að semja framangreinda umsögn og fer hún hér á eftir.

II.

Fyrsti kafli laganna lýtur að breytingu á lögum nr. 41 10. maí 1968, um verzlunaratvinnu, nánar tiltekið 9. gr. þeirra. Við teljum breytingarnar eðlilegar til að ná því markmiði sem lýst er í almennum athugasemdum við frumvarpið og gerum ekki athugasemdir við þær.

Annar kafli laganna geymir ákvæði um brottfall laga um löggilta verslunarstaði. Þar gerum við þessar athugasemdir:

Í upptalningunni á lögum þeim, sem fella á úr gildi með 3. gr. frumvarpsins, þarf að lagfæra það sem hér segir:

3. Lög nr. 48/1927, um verzlunarlóð Ísafjarðar, verði lög nr. 48/1935.
4. Lög nr. 43/1918, um ákvörðun verzlunarlóðarinnar í Hafnarfjarðarkaupstað, verði lög nr. 43/1919.
12. 1842, 23. des. Opið bréf um skipun tveggja kauptúnastæða á Íslandi við Þórshöfn í norðausturamtinu og á Borðeyri við Hrútafjörð í vesturamtinu; ártal verði 1846.
64. Lög nr. 59/1903, um löggilding verzlunar á Óspakseyri við Bitrufjörð í Strandasýslu, verði lög nr. 60/1903.

Til viðbótar þeim lögum, sem talin eru upp í 3. gr. frumvarpsins, sýnist rétt að fella niður eftirtalin lög:

Lög nr. 47/1911, um verzlunarlóðina í Vestmannaeyjum.
Lög nr. 32/1924, um lögreglusamþykktir í löggiltum verzlunarstöðum.

Enn fremur sýnist rétt að fella eftirtalin ákvæði um verslunarlóðir úr gildi:

Lög nr. 34/1895, um stækkun lögsagnarumdæmis og bæjarfélags Akureyrarkaupstaðar, 2. gr.
Lög nr. 61/1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 2. mgr. 1. gr.
Lög nr. 30/1918, um bæjarstjórn á Siglufirði, 3. gr.
Lög nr. 48/1928, um bæjarstjórn í Neskaupstað í Norðfirði, 3. gr.
Lög nr. 45/1941, um bæjarstjórn á Akranesi, 3. gr.
Lög nr. 60/1944, um bæjarstjórn í Ólafsfirði, 3. gr.
Lög nr. 57/1947, um bæjarstjórn á Sauðárkróki, 3. gr.
Lög nr. 17/1949, um bæjarstjórn í Keflavík, 3. gr.
Lög nr. 109/1949, um bæjarstjórn á Húsavík, 3. gr.
Lög nr. 30/1955, um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað, 3. gr.

Í lögum er sums staðar vikið að löggiltum kauptúnum, sbr. t.d. lög nr. 75/1917, um útmælingar lóða í kaupstöðum, löggiltum kauptúnum o.fl., og 29., 64. og 92. gr. vatnalaga, nr. 15/1923. Þótt vandalaust sé að leita slík ákvæði uppi sjáum við ekki ástæðu til að taka öll slík ákvæði til endurskoðunar.

Í almennum athugasemdum við lagafrumvarpið segir að Alþingi hafi verið endurreist árið 1845. Réttara er að miða við árið 1843 þegar tilskipun um stiftun sérlegrar ráðgefandi samkomu fyrir Ísland, er á að nefnast Alþingi, var gefin út 8. mars það ár. Það kom hins vegar ekki saman fyrr en 1845.

Reykjavík, 29. desember 1987.

Sigurður Líndal. *Þorgeir Örlygsson.*

Sþ. 559. Þingsályktun [52. mál]

um mótmæli gegn stækkun endurvinnslustöðvar í Dounreay fyrir úrgang frá kjarnorkuverum.

(Afgreidd frá Sþ. 8. febrúar.)

Alþingi ályktar að mótmæla stækkun endurvinnslustöðvar fyrir úrgang frá kjarnorkuverum í Dounreay í Skotlandi og felur ríkisstjórninni að vinna áfram gegn þessum áformum.

Sþ. 560. Fyrirspurn [261. mál]

til landbúnaðarráðherra um kaup og leigu á fullvirðisrétti.

Frá Hjörleifi Guttormssyni og Margréti Frímannsdóttur.

1. Hversu mikið hefur Framleiðnisjóður landbúnaðarins annars vegar keypt og hins vegar leigt af búmarki og fullvirðisrétti í mjólk og kindakjöti á einstökum búmarkssvæðum á árunum 1985, 1986 og 1987?
2. Hversu mikið hefur Framleiðnisjóður greitt annars vegar fyrir kaup og hins vegar fyrir leigu á búmarki og fullvirðisrétti á einstökum búmarkssvæðum á árunum 1985, 1986 og 1987?
3. Hefur verið tekið tillit til byggðasjónarmiða, æskilegra búháttabreytinga, staðbundins markaðar og landgæða við kaup og leigu á fullvirðisrétti á vegum Framleiðnisjóðs?
4. Með hvaða hætti fá einstök búmarkssvæði bætt þann fullvirðis- og framleiðslurétt sem keyptur hefur verið eða leigður af einstökum bændum á svæðinu?
5. Hversu mikið er um það, að framleiðendur á einstökum búmarkssvæðum hafi ráðstafað fullvirðisrétti jarðar sinnar og tilsvarandi búmarki til annarra lögbýla?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 561. Fyrirspurn [262. mál]

til landbúnaðarráðherra um könnun á búrekstraraðstöðu.

Frá Hjörleifi Guttormssyni og Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvernig miðar þeirri úttekt á búrekstraraðstöðu á öllum jörðum á landinu sem sérstök bókun var gerð um með samningi landbúnaðarráðherra og Stéttarsambands bænda 20. mars 1987?
2. Hverjir vinna að þessari könnun og til hvaða þátta tekur hún aðallega?
3. Hvað er mikið óunnið í þessari úttekt og hvenær er gert ráð fyrir að henni ljúki?

Nd. 562. Frumvarp til laga [263. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Sigríður Lillý Baldursdóttir.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 43. gr. laganna:

a. j-liður 1. mgr. orðist svo: Fargjöld fyrir sjúklinga sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar eða eftirlits hjá lækni eða í sjúkrahúsi með eða án innlagningar og fargjöld fylgdarmanna þeirra þegar sérstaklega stendur á.

b. Við 1. mgr. bætist nýr stafliður er verði k-liður og orðist svo: Ferðastyrki til uppihaldskostnaðar sjúklings og fylgdarmanns samkvæmt j-lið ef dvelja þarf 30 daga eða lengur á 12 mánaða tímabili utan heimabyggðar. Skilyrði er að ekki sé hægt að veita sjúklingi nauðsynlega meðferð í heimabyggð. Ferðastyrkur til sjúklings miðast við dvöl hans utan sjúkrahúss. Þegar ferðastyrkur er greiddur greiðast jafnframt fargjöld án tillits til þess hvort um ítrekaðar ferðir er að ræða.

c. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein sem orðist svo:

Tryggingaráð setur reglur um greiðslu fargjalda og ferðastyrkja samkvæmt j- og k-liðum 1. mgr. sem ráðherra staðfestir.

2. gr.

Við 45. gr. bætist ný málsgrein sem orðist svo:

Greiða má sjúkradagpeninga ef samlagsmaður neyðist til að leggja niður vinnu og missir launatekjur vegna alvarlegra og langvarandi veikinda barns hans, maka eða foreldris.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þurfi sjúklingur að leita læknismeðferðar erlendis gilda ákveðnar reglur um greiðslu fargjalds og uppihaldskostnaðar fylgdarmanns, þ.e. læknis eða hjúkrunarkonu eða annars fylgdarmanns, ef brýna nauðsyn ber til. Miklu strangari reglur gilda um kostnað vegna læknismeðferðar innan lands þótt oft sé um sambærileg tilvik að ræða.

Samkvæmt j-lið 43. gr. laga um almannatryggingar skal greiða „Óhjákvæmilegan ferðakostnað með takmörkunum og eftir reglum, sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir, fyrir sjúklinga, sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni eða í sjúkrahúsi, með eða án innlagningar". Samkvæmt reglum um ferðakostnað sjúklinga innan lands nr. 70/1982 eru einungis greidd fargjöld og réttur til greiðslu þeirra mjög takmarkaður. Fargjald fylgdarmanns telst því aðeins ferðakostnaður að sjúklingurinn sé 12 ára eða yngri eða ósjálfbjarga. Þessar reglur þarf að endurskoða hið fyrsta.

Engin heimild er í lögum eða reglugerð til þess að greiða uppihaldskostnað í þeim tilvikum þegar sjúklingur og fylgdarmaður hans þurfa að dveljast langdvölum fjarri heimili vegna læknismeðferðar sem ekki er hægt að veita í heimabyggð. Það er því skoðun flutningsmanna þessa frumvarps að samfélagið komi alls ekki nægilega til liðs við sjúklinga og aðstandendur þeirra í tilvikum sem þessum.

Það er nógu þungbært þegar alvarleg veikindi ber að höndum þótt ekki bætist við amstur og fjárhagsáhyggjur. Margir leggja á sig ferðalög og langar fjarvistir frá heimili og mega þola vinnutap og launamissi ofan á allt annað. Sumir geta reitt sig á velvild ættingja eða vina um húsaskjól, en aðrir þurfa að gista á hóteli eða leigja fyrir stórfé. Þann vanda telja flutningsmenn að samfélaginu beri að leysa með því að hafa ráð á húsnæði til leigu gegn hóflegu gjaldi fyrir aðstandendur sjúklinga, sbr. tillögu til þingsályktunar á þskj. 563.

Í þessu frumvarpi er kveðið á um aukinn rétt sjúklinga og aðstandenda þeirra til þátttöku almannatrygginga í fargjaldi og dvalarkostnaði þegar ekki er hægt að veita nauðsynlega meðferð í heimabyggð. Enn fremur er þar kveðið á um rétt til dagpeninga ef veikindi náinna ættingja valda vinnu- og launatapi.

Hljóti frumvarp þetta samþykki, svo og tillagan á þskj. 563, fengist mikilvæg leiðrétting á aðstöðumun landsmanna eftir búsetu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er gerð tillaga um að skýrar sé kveðið á um í hvaða tilvikum skuli greiða ferðakostnað heldur en gert er í gildandi lögum. Með tillögunni er sérstaklega ætlað að tryggja aukinn rétt þeirra sem verða fyrir verulegum útgjöldum vegna nauðsynlegrar dvalar utan heimabyggðar.

Um 2. gr.

Í greininni er gerð tillaga um nýtt heimildarákvæði um að bætt verði að nokkru fjárhagslegt tap vegna veikinda aðstandenda. Gert er ráð fyrir að ákvæðinu verði einungis beitt vegna alvarlegra og langvarandi veikinda nákominna ættingja og maka.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 563. Tillaga til þingsályktunar [264. mál]

um húsnæði fyrir aðstandendur sjúklinga.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Sigríður Lillý Baldursdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að leita nú þegar leiða til að leysa húsnæðisvanda aðstandenda sjúklinga sem þurfa að dveljast langdvölum fjarri heimilum sínum.

Greinargerð.

Flestir verða einhvern tíma á ævinni fyrir því að veikjast alvarlega eða að einhver þeim nákominn þurfi á læknismeðferð og sjúkrahúsvist að halda. Slíkt er nógu erfitt í sjálfu sér þótt ekki bætist við langar fjarvistir frá heimili, húsnæðisvandi, aðskilnaður fjölskyldu, vinnutap, launamissir og margháttuð fjárútlát, m.a. vegna tvöfalds heimilishalds, barnagæslu, ferðalaga o.s.frv.

Þetta er því miður reynsla margra, sérstaklega íbúa landsbyggðarinnar, sem þurfa að sækja sérhæfða læknisþjónustu til Reykjavíkur. Slík reynsla er ævinlega þungbær og oft mjög dýr þar sem aðstoð af hálfu samfélagsins er af mjög skornum skammti.

Sumpart má leysa vanda þessa fólks gegnum tryggingalöggjöfina og er gerð tillaga um það í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar á þskj. 562. Hins vegar þarf engin lög til þess að leysa húsnæðisvanda þeirra sem hér um ræðir. Til þess þarf aðeins vilja, samvinnu og framkvæmdir.

Kanna þarf hversu marga um er að ræða til jafnaðar sem þurfa á húsnæði að halda af þessum sökum. Á grundvelli slíkrar könnunar þarf að tryggja að alltaf sé til reiðu húsnæði sem aðstandendur sjúklinga geti fengið leigt á góðum kjörum svo að þeir þurfi a.m.k. ekki að vera þjakaðir af húsnæðisáhyggjum til viðbótar við alla aðra erfiðleika.

Flutningsmenn telja eðlilegt að heilbrigðisráðuneytið leiti samstarfs við Samband íslenskra sveitarfélaga og Rauða kross Íslands um lausn þessa vanda og æskilegast væri að koma upp húsnæði sem næst Landspítalanum sem aðstandendur sjúklinga utan af landi gætu gengið að sem vísu. Vísir að slíku er fyrir hendi í lítilli íbúð í grennd við Landspítalann þar

sem foreldrar krabbameinssjúkra barna geta fengið tímabundið húsaskjól. Sjúkrahótel Rauða krossins hefur hins vegar ekki getað sinnt þessari þörf þar eð sjúklingar hafa þar forgang og eftirspurnin fyrir þá þjónustu er mikil.

Þessu máli var hreyft á síðasta þingi, fyrst með fyrirspurn um aðstoð við foreldra veikra barna sem svarað var í sameinuðu þingi 27. jan. 1987, og síðan með tillögu samhljóða þeirri sem hér er nú borin fram. Sú tillaga varð ekki útrædd, enda þingslit snemma vegna kosninganna í apríl. Eftirgrennslan hefur leitt í ljós að þörfin er enn jafnbrýn.

Sþ. 564. Tillaga til þingsályktunar [265. mál]

um launabætur.

Flm.: Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Guðmundur Ágústsson, Albert Guðmundsson, Júlíus Sólnes, Óli Þ. Guðbjartsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa nú þegar frumvarp um hækkun persónuafsláttar við álagningu tekjuskatts í 19 360 krónur á mánuði. Jafnframt verði teknar upp launabætur, þannig að ónýttur persónuafsláttur verði greiddur úr ríkissjóði til launþega.

Greinargerð.

Það er alveg ljóst að allir ábyrgir aðilar á Íslandi eru sammála um að finna þurfi leið til þess að þeir sem búa við lökust kjör í þjóðfélaginu fái verulegar kjarabætur hvað sem öðru líður.

Ávinningurinn af aukningu þjóðartekna vegna góðæris til lands og sjávar undanfarin 2–3 ár hefur ekki skilað sér sem skyldi til launþega almennt. Kemur þetta harðast niður á þeim sem lægst hafa launin.

Þær gífurlegu millifærslur, sem orðið hafa í þjóðfélaginu undanfarið og halda áfram næstu mánuði eftir því sem hinar róttæku breytingar og aukning á skattheimtu ríkisins kemur betur í ljós, hafa ekki aðeins aukið misvægið milli landshluta heldur einnig milli stétta. Matarskatturinn, hækkun þjónustugjalda hins opinbera og stóraukning gjaldstofns söluskatts leggst hlutfallslega þyngst á þá sem náðu því tæplega fyrir aðgerðirnar að hafa tekjur í samræmi við framfærsluvísitölu. Útreiknaður ávinningur af lækkun tolla og vörugjalds á sumar vörur skilar sér illa í 30–40% verðbólgu, að ekki sé talað um yfirvofandi gengisfellingu.

Það er staðreynd að á síðustu árum hafa allar raunhæfar tilraunir í þá átt að leiðrétta kjör hinna verst settu í þjóðfélaginu að mestu runnið út í sandinn. Láglaunabætur renna upp allan launaskalann og síðan beint út í verðlagið. Þannig hefur þetta verið þrátt fyrir 70 ára þrotlausa baráttu verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi.

Nú á síðustu missirum, þegar þjóðartekjur á mann hafa aldrei verið eins háar á Íslandi og eru með því hæsta sem gerist í heiminum, hefur verið rekin efnahagsstefna sem hefur leitt af sér lág laun hjá stórum hluta launþega í landinu. Það ýtir enn þá meira en ella undir efasemdir um að í komandi kjarasamningum takist að leysa vanda þeirra verst settu. Það er athyglisvert að meðan efnahagsstefna Íslendinga hefur verið stillt inn á mjög lág dagvinnulaun virðist efnahagsstefna nágrannalandanna geta aðlagast miklu hærri launum þrátt fyrir svipaðar þjóðartekjur. Því verða Alþingi og ríkisstjórn að grípa í taumana.

Þessi þingsályktunartillaga felur í sér að skattleysismörk fyrir einstaklinga verði hækkuð upp í 55 000 kr. á mánuði miðað við 1. janúar 1988 og þeir sem tekjur hafa undir þeim mörkum og sitja eftir með ónýttan persónuafslátt fái hann greiddan sem bætur úr ríkissjóði, þeim mun hærri upphæð sem launin eru lægri.

Eftirfarandi tafla skýrir hvernig launabætur koma út í nokkrum dæmum (upphæðir í krónum):

Mánaðarlaun	Launabætur = ónýttur persónuafsláttur	Laun og bætur
32 000	8 096	40 096
36 000	6 688	42 688
40 000	5 280	45 280
45 000	3 520	48 520
50 000	1 760	51 760
55 000	0	55 000

Stuðlað verði að því að þeir sem njóta tryggingarbóta svo og námsmenn njóti svipaðra kjara. Þetta kemur fram sem kaupmáttaraukning hjá þeim sem fengið hafa laun undir þeim mörkum sem sýna má fram á að einstaklingi séu nauðsynleg til að geta lifað mannsæmandi lífi, frjáls í þessu þjóðfélagi ef lifað er spart og farið vel með. Þessar launabætur sem slíkar verða ekki til þess að auka verðbólguna. Þær fara ekki út í verðlagið og eru fremur endurgreiðsla ríkisvaldsins á hinum illræmda matarskatti til þeirra sem hann íþyngir mest.

Það er opinbert leyndarmál að mikil óvissa ríkir um tekjuhlið fjárlaga. Þó er talið að mikið „loft“ sé í fjárlögunum, að um geti verið að ræða 3000–4000 millj. kr. meiri tekjur en þau segja til um, enda gera þau ráð fyrir meiri skattaálögum á almenning og fyrirtækin í landinu en nokkru sinni fyrr.

Kreppuspárnar, sem ríkisstjórn og vinnuveitendur hafa verið að láta gera undanfarna mánuði, eru órökstuddar og ekki marktækar, enda hefur Þjóðhagsstofnun nú loks gefist upp við að spá. Þessar hrakspár eru augljóslega settar fram til að hræða hrellda launþega til uppgjafar í komandi kjarabaráttu.

Til að fjármagna það sem á kynni að vanta til að bæta upp tekjumissi vegna hærri skattleysismarka og kostnað við greiðslu launabóta, er bent á sérstakan hátekjuskatt eða hærra tekjuskattsstig á tekjur yfir 2 millj. kr. á ári og veltuskatt á fjárfestingarfélög, fjármagnsleigur og verðbréfamarkaði auk banka og tryggingafélaga. Það á auðvitað að leita fjár í auðugs garði og sækja skattpeninga þaðan sem þeir velta í stríðum straumum og safnast upp fyrir allra augum, m.a. stjórnvalda, en ekki að mergsjúga lífæðar þjóðfélagsins, heilbrigða athafnasemi og stritandi fólk.

Sþ. 565. Fyrirspurn [266. mál]

til viðskiptaráðherra um afnám bankastimplunar við innflutning.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Hvenær er gert ráð fyrir því að afnema bankastimplun almennt hjá innflytjendum svo að þeir sitji allir við sama borð hvað varðar greiðslusamninga við erlenda umbjóðendur?

Sþ. 566. Fyrirspurn [267. mál]

til utanríkisráðherra og viðskiptaráðherra um jöfnuð í verslun við einstök lönd.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Hyggjast ráðherrar gera eitthvað til að jafna þann óhagstæða mun sem er á innflutningi Íslendinga frá allmörgum löndum og útflutningi þeirra þangað?

Sþ. 567. Fyrirspurn [268. mál]

til fjármálaráðherra um endurgreiðslu á söluskatti til erlendra ferðamanna er þeir hverfa úr landi.

Frá Inga Birni Albertssyni.

1. Hefur ráðherra í huga að notfæra sér nýfengna heimild til að endurgreiða erlendum ferðamönnum söluskatt er þeir hverfa af landi brott? Ef svo er, er undirbúningur hafinn og hvenær er áætlað að hefja endurgreiðslurnar?
2. Hvernig verður staðið að endurgreiðslunni? Verður hún bundin við lágmarksupphæð, tilteknar vörutegundir og hver mun annast greiðslurnar (ríkissjóður eða verslanir)?
3. Hvert er áætlað tekjutap ríkissjóðs af endurgreiðslunni?
4. Telur ráðherra að endurgreiðsla söluskatts til erlendra ferðamanna leiði til aukinnar sölu á íslenskum varningi? Hyggst hann beita sér fyrir sérstakri kynningarherferð af þessu tilefni með það fyrir augum að laða frekar að erlenda ferðamenn?

Sþ. 568. Fyrirspurn [269. mál]

til menntamálaráðherra um Rás 2 hjá Ríkisútvarpinu.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Hyggst ráðherra stuðla að því að Rás 2 verði seld eða starfsemi hennar hætt?

Sþ. 569. Fyrirspurn [270. mál]

til samgönguráðherra um leigukjör Stöðvar 2.

Frá Inga Birni Albertssyni.

1. Hvað greiðir Stöð 2 fyrir afnot af dreifikerfi Pósts og síma?
2. Við hvað miðast ákvörðun leigugreiðslunnar?
3. Hver er gildistími leigusamningsins?
4. Stendur dreifikerfi Pósts og síma öðrum aðilum, er hyggjast hefja rekstur sjónvarpsstöðvar, til boða og á sömu kjörum?

Nd. 570. Frumvarp til laga [271. mál]

um framhaldsskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi taka til náms á framhaldsskólastigi er tekur við af skyldunámsstigi og allt til háskólastigs, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1974, um skólakerfi. Framhaldsskólar er samnefni þeirra skóla er undir lög þessi falla. Þeir eru: menntaskólar, fjölbrautaskólar, iðnfræðsluskólar svo og skólar sem veita sérhæft nám á framhaldsskólastigi. Enn fremur framhaldsdeildir við grunnskóla sem menntamálaráðuneytið heimilar. Einstakar skólastofnanir geta borið sérstakt nafn, t.d. tengt stað, hefð eða sérstöku hlutverki.

Setja skal reglugerð um sérskóla sem starfa samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI

Hlutverk.

2. gr.

Hlutverk framhaldsskóla er eftirfarandi:

— að búa nemendur undir nám í sérskólum og á háskólastigi með því að veita þeim þekkingu og þjálfun í vinnubrögðum,
— að búa nemendur undir störf í atvinnulífinu með sérnámi er veitir starfsréttindi,
— að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðissamfélagi með því að veita þeim almenna menntun og efla með þeim félagsþroska.

III. KAFLI

Stofnun og bygging framhaldsskóla.

3. gr.

Ríki eða sveitarfélög, eitt eða fleiri, geta haft frumkvæði að stofnun nýs framhaldsskóla, sbr. þó ákvæði 38. gr., en skóli verður þó eigi stofnaður nema með samþykki Alþingis.

Standi ríki og sveitarfélag/félög sameiginlega að stofnun framhaldsskóla skal gera samning milli aðila um nýframkvæmdir, stofnbúnað og endurbyggingu húsnæðis sem ríki og sveitarfélög samþykkja að standa að vegna framhaldsskóla. Þar skulu m.a. vera ákvæði um stjórn hönnunar og framkvæmda, hönnun, byggingarhraða og greiðslustreymi. Heimilt er að fela sveitarfélögum sem aðild eiga að framhaldsskóla að fara með undirbúning og umsjón með byggingarframkvæmdum.

Samningar um framkvæmdir skulu undirritaðir af menntamálaráðherra og fjármálaráðherra annars vegar og hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnum hins vegar. Fjármálaráðherra skal kynna fjárveitinganefnd slíka samninga.

Kostnaður við byggingarframkvæmdir og stofnbúnað framhaldsskóla skiptist þannig að ríkissjóður greiðir 60% en sveitarsjóður/sjóðir greiða 40% áætlaðs kostnaðar, samkvæmt viðmiðunarreglum (normkostnaðar). Heimilt er ráðuneytinu að semja um aðra kostnaðaraðild þegar um búnað verknámshúsnæðis er að ræða. Verði greiðslur eigi inntar af hendi samtímis reiknast verðbætur á ógreidd framlög í hlutfalli við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

Ákveði Alþingi að stofna skóla án aðildar sveitarfélags eða sveitarfélaga greiðist allur stofnkostnaður úr ríkissjóði.

Um undirbúning framkvæmda og málsmeðferð gilda eftir því sem við á ákvæði laga nr. 49/1967, um skólakostnað, og reglugerða sem gefnar eru út samkvæmt þeim lögum og þessum lögum.

Þar sem heimavistir verða reistar í tengslum við framhaldsskóla má gerð húsnæðis og búnaðar miðast við að nýta megi aðstöðuna til gistihúsarekstrar utan reglulegs skólatíma. Um umframkostnað sem af því kann að leiða skal samið sérstaklega milli byggingaraðila. Um notkun heimavistarhúsnæðis utan skólatíma skal gerður sérstakur samningur og hann staðfestur af menntamálaráðuneytinu.

Menntamálaráðuneytið skal í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja viðmiðunarreglur um stærð og gerð húsnæðis fyrir framhaldsskóla og láta gera fyrirmyndir að hönnun og verksamningum.

4. gr.

Skólamannvirki þau sem lög þessi taka til skulu vera eign ríkis og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur eða hefur verið greiddur sé um eldra húsnæði að ræða.

Verði húsnæði framhaldsskóla ráðstafað til annarra nota en framhaldsnáms skulu eignaraðilar gera með sér samkomulag þar um. Verði eign seld öðrum hvorum eignaraðila skal hún metin af dómkvöddum mönnum.

IV. KAFLI

Stjórnun.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála er lög þessi taka til og annast námsskrárgerð, kennslueftirlit og ráðgjöf um þróunarstörf er snerta framhaldsskóla.

Ráðuneytið gerir tillögur um fjárveitingu á fjárlögum til hvers skóla, sbr. 3. og 32. gr. og annast fjárhagslegt eftirlit eftir því sem við á.

6. gr.

Samstarfsnefnd framhaldsskóla skipuð skólameisturum (rektorum) undir forsæti menntamálaráðherra eða staðgengils hans fjallar um sameiginleg málefni framhaldsskóla og samræmir störf þeirra. Samstarfsnefnd skal halda a.m.k. einn fund árlega.

7. gr.

Menntamálaráðherra skipar skólanefnd við hvern framhaldsskóla. Í skólanefndum skulu sitja þrír til fimm menn. Í reglugerð skal kveðið á um skipan skólanefnda og skal fjöldi nefndarmanna ákvarðast eftir tegundum skóla og fjölda rekstraraðila. Skipunartími skólanefnda skal vera fjögur ár og miðast við kjörtímabil sveitarstjórna.

Menntamálaráðherra skipar formann skólanefndar án tilnefningar en aðrir eru skipaðir samkvæmt tilnefningu sem ákvörðuð er í reglugerð. Tilnefningaraðilar greiða þóknun og annan kostnað vegna starfa þeirra. Skólanefndir við sérskóla sem stofnaðir kunna að verða án þátttöku sveitarfélaga, sbr. 5. mgr. 3. gr., skulu skipaðar af menntamálaráðherra.

Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétti. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar.

8. gr.

Skólanefnd og skólameistari marka stefnu í skólahaldi og ákveða námsframboð með samþykki menntamálaráðuneytisins.

Skólanefnd undirbýr árlega ásamt skólameistara tillögur til fjárlaga og sendir þær menntamálaráðuneytinu. Í upphafi hvers árs gerir skólanefnd fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og ber ábyrgð á að henni sé framfylgt.

Skólanefnd ákveður upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfanga svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld. Halda skal bókhald um fjárreiður þessar og um endurskoðun gilda sömu reglur og um annan rekstur.

Heimilt er skólanefnd að stofna sérstaka sjóði við framhaldsskóla. Skal um þá sett skipulagsskrá, leitað staðfestingar á henni og hún birt í Stjórnartíðindum.

9. gr.

Skólameistari stjórnar daglegum rekstri og starfi framhaldsskóla og gætir þess að starfsemi hans sé í samræmi við lög, reglugerðir, námsskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann sér einnig um framkvæmd þeirra ákvarðana sem skólanefnd tekur.

Skólaráð skal vera skólameistara til aðstoðar við stjórnun skóla og rekstur. Skólameistari er oddviti skólaráðs sem auk hans skal skipað fulltrúum kennara, nemenda svo og aðstoðarskólameistara starfi hann við skólann.

Um skipan skólaráðs, verksvið þess, starfstíma og starfshætti skal nánar kveðið á um í reglum sem skólanefnd setur.

10. gr.

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendaráð sem er fulltrúi nemenda í hagsmunamálum þeirra. Nemendaráð hefur tillögu- og umsagnarrétt um markmið náms, námsefni og kennslutilhögun í skóla sínum. Almenn samtök nemenda í hverjum skóla setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs.

11. gr.

Um almenna kennarafundi og verksvið þeirra skal ákvarðað í reglum sem skólanefnd setur.

V. KAFLI

Starfslið.

12. gr.

Um fjölda starfsmanna og skiptingu starfa fer eftir stærð og gerð skóla og fjárveitingu hverju sinni. Heimilt er að fela ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskóla að annast hliðstæða starfsemi fyrir framhaldsskóla.

Menntamálaráðherra setur eða skipar skólameistara (rektor) framhaldsskóla að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólanefnda. Menntamálaráðherra setur eða skipar fasta kennara að fengnum tillögum skólanefndar og skólameistara viðkomandi skóla. Skólameistari ræður stundakennara og aðra starfsmenn í samráði við skólanefnd. Leita skal staðfestingar menntamálaráðuneytis hafi kennari ekki kennsluréttindi.

13. gr.

Um skilyrði til þess að vera settur eða skipaður skólameistari eða kennari við framhaldsskóla fer eftir ákvæðum laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum

grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, nr. 48/1986. Setja má í reglugerð ákvæði um menntun annarra starfsmanna.

Menntamálaráðuneytið setur skólameisturum erindisbréf. Reglur um störf annars starfsfólks setur skólanefnd.

14. gr.

Hafi kennari starfað, settur eða skipaður, a.m.k. í fimm ár og óski að fá sérstakt orlof til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, skal hann senda skólanefnd og menntamálaráðuneyti beiðni um orlof ásamt greinargerð um hvernig hann hyggst verja orlofstímanum. Ráðuneytið getur veitt honum orlof allt að einu ári á föstum embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlofs nýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar njóti hann ekki sambærilegs styrks frá öðrum. Beiðni um orlof skal hafa borist menntamálaráðuneytinu fyrir 1. nóvember ár hvert.

Að loknu orlofi er kennurum skylt að senda ráðuneytinu skýrslu um störf sín á orlofstíma. Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd orlofs kennara.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til skólameistara og annarra stjórnenda skóla.

15. gr.

Rækja skal heilsuvernd í framhaldsskólum.

Héraðslæknar hafa umsjón með þessari starfsemi undir yfirstjórn heilbrigðisstjórnar og líta eftir að aðbúnaður og aðstaða nemenda og starfsmanna sé viðhlítandi.

Starfsfólk við heilsuvernd í skólum skal hafa náið samstarf við skólameistara um framkvæmd heilsuverndar í skólanum.

Sé heilsugæslustöð starfandi í nágrenni skóla er heimilt að fela henni að annast heilsuverndina.

VI. KAFLI

Inntökuskilyrði.

16. gr.

Allir sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla að fullnægðum kröfum um starfsþjálfun þar sem hennar er krafist. Nemendum er skylt að stunda fornám í einstökum námsgreinum samkvæmt ákvæðum í námsskrá hafi þeir ekki náð tilskildum lágmarksárangri.

Nemandi, sem orðinn er 18 ára gamall, getur hafið nám í framhaldsskóla án þess að fullnægja inntökuskilyrðum samkvæmt þessari grein nema að því er varðar starfsþjálfun. Heimilt er að setja lágmarkskröfur til inntöku í tilteķna námsáfanga. Inntaka nemenda í skóla er á ábyrgð skólameistara.

VII. KAFLI

Námsskipan.

17. gr.

Nám í framhaldsskóla skal fara fram á námsbrautum sem skilgreindar eru eftir markmiðum námsins að því er varðar undirbúning til starfa eða áframhaldandi náms. Stefnt skal að því að nemendur eigi völ á námsefni og kennslu í samræmi við þarfir sínar og óskir.

Í námsskrá skal kveða á um markmið náms á hverri námsbraut, námslok svo og um skiptingu námsefnis í brautarkjarna og valgreinar.

Af öllum námsbrautum skulu vera leiðir til frekara náms, annaðhvort beinar eða með skilgreindri viðbót námsáfanga. Jafnframt skulu vera sem greiðastar leiðir milli námsbrauta.

18. gr.

Í framhaldsskóla skal á öllum námsbrautum fara saman nám sem lýtur að almennri menntun og sérhæft nám í samræmi við markmið brautarinnar. Lögð skal áhersla á tengsl verklegra og bóklegra þátta námsins. Auk skyldunámsefnis skal heimilt að gefa nemendum kost á valgreinum að uppfylltum skilyrðum sem sett skulu í námsskrá.

19. gr.

Námsefni framhaldsskóla skal skipað í skilgreinda námsáfanga sem metnir skulu til eininga eftir umfangi námsefnis. Námseining skal skilgreind í námsskrá.

Leitast skal við að hafa námsefni og kennslu hvers áfanga þannig að hann nýtist sem hluti af námi á sem flestum námsbrautum. Þó skal þess gætt að samræmi sé ávallt á milli markmiðs námsbrautar og kennslu námsgreina.

20. gr.

Um námsáfanga, markmið þeirra, megininntak, umfang og skipan á námsbrautir skal ákveðið í námsskrá sem menntamálaráðuneytið setur. Námsáfangar í sama eða sambærilegu námsefni skulu jafngildir á öllum brautum þar sem þeir eru hluti af náminu. Sé verkþjálfun liður í námsáfanga skal hún metin til eininga í námsskrá.

21. gr.

Í námsskrá skal mælt fyrir um námsmat, þar með talið próf og vitnisburðir. Þar skulu tilgreind skilyrði til þess að flytjast milli áfanga og lágmarkskröfur til þess að standast tiltekin lokapróf. Í námsskrá skulu birtar reglur um rétt nemenda til að sjá prófúrlausnir sínar og hvernig nám skal metið þegar nemendur flytjast milli skóla.

22. gr.

Fræðsla skal veitt í löggiltum iðngreinum og öðrum iðnaði samkvæmt nánari ákvæðum í námsskrá. Í reglugerð skal kveða á um hverjar skuli vera löggiltar iðngreinar.

Menntamálaráðherra skipar iðnfræðsluráð til fjögurra ára í senn og skal það vera til ráðuneytis um mótun heildarstefnu og skipulag í iðnfræðslu, löggiltum iðngreinum og verksmiðjuiðnaði. Iðnfræðsluráð skal skipað níu mönnum. Skulu tveir þeirra vera iðnmeistarar, tilnefndir af Landssambandi iðnaðarmanna, tveir iðnsveinar og einn fulltrúi iðnverkafólks, tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands. Félag íslenskra iðnrekenda tilnefnir einn, Samband iðnfræðsluskóla einn og Iðnnemasamband Íslands einn. Menntamálaráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn skulu valdir með sama hætti og aðalmenn. Iðnfræðsluráð veitir umsögn um tillögur að námsskrám í verklegum og bóklegum faggreinum og að stöðlum um búnað og aðstöðu og gerir tillögur um skipulag kennslueftirlits í iðngreinum. Iðnfræðsluráð gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um reglur varðandi framkvæmd námssamninga. Nánar skal kveðið á um hlutverk iðnfræðsluráðs í reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur.

23. gr.

Menntamálaráðherra skipar fræðslunefndir í einstökum iðngreinaflokkum til fjögurra ára í senn. Nefndirnar fjalla um tilhögun fræðslunnar hver á sínu sviði og gera tillögur að námsskrám. Iðnfræðsluráð tilnefnir þrjá fulltrúa í hverja nefnd en ráðherra skipar formann og ritara. Verði því við komið skulu sömu menn gegna þeim störfum í öllum nefndunum til þess að tryggja nauðsynlega samræmingu og hagkvæmni á námsskipan iðn- og tæknibrauta. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn.

24. gr.

Heimilt er skólanefnd að gera samninga við iðnmeistara, fyrirtæki eða stofnun um að annast tiltekna þætti verklegrar menntunar í samstarfi við framhaldsskóla. Slíkir samningar skulu staðfestir af menntamálaráðuneytinu og hefur ráðuneytið yfirumsjón með framkvæmd þeirra.

Heimilt er iðnmeisturum að taka nemendur til verklegs náms í löggiltum iðngreinum og skal gera um það sérstaka námssamninga. Í reglugerð, sem menntamálaráðherra setur, skal kveðið á um gerð námssamninga, réttindi og skyldur samningsaðila, námslok, próf, útgáfu prófskírteina og starfsréttindi í samræmi við lög um atvinnuréttindi iðnaðarmanna.

Menntamálaráðuneytið getur veitt heimild til þess að umsækjandi gangi undir verklegt próf í iðngrein án skólanáms, enda liggir fyrir:

a. umsögn viðkomandi iðnaðarmannafélags,
b. umsögn iðnfræðsluráðs,
c. umsögn meistara og vottorð um að viðkomandi hafi unnið við iðnina í 10 ár.

Standist umsækjandi prófið öðlast hann sveinsbréf sem veitir ekki réttindi til inngöngu í meistaraskóla nema hann ljúki burtfararprófi frá iðnfræðsluskóla í faggreinum iðngreinarinnar.

25. gr.

Skylt er menntamálaráðuneytinu að halda uppi framhaldsnámi fyrir iðnsveina til meistaraprófs í því skyni að veita þeim aukna þekkingu í starfsgrein sinni, stjórnun og rekstri fyrirtækja.

Setja skal í námsskrá, sbr. 17., 20. og 21. gr., nánari ákvæði um nám til meistaraprófs.

Um námsgjöld vegna náms samkvæmt þessari grein gilda ákvæði IX. kafla.

26. gr.

Menntamálaráðherra skipar fræðsluráð sjávarútvegs til fjögurra ára í senn og skal það skipað átta mönnum. Ráðið skal skipað með eftirfarandi hætti: Einum fulltrúa sölusamtaka í sjávarútvegi, tilnefndum af Útflutningsráði Íslands, einum fulltrúa útvegsmanna tilnefndum af Landssambandi íslenskra útvegsmanna, einum fulltrúa samtaka sjómanna tilnefndum sameiginlega af Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, einum fulltrúa fiskvinnslufólks tilnefndum af Verkamannasambandi Íslands, einum fulltrúa rannsóknastofnana í sjávarútvegi tilnefndum sameiginlega af Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnuninni, einum fulltrúa fiskeldisstöðva tilnefndum af Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva, einum fulltrúa menntamálaráðuneytisins og einum fulltrúa sjávarútvegsráðuneytisins. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn.

Fræðsluráð velur sér formann og varaformann úr hópi ráðsmanna. Fræðsluráð sjávarútvegs mótar í samvinnu við menntamálaráðuneytið heildarstefnu og fræðsluskipulag í sjávarútvegs- og fiskeldisgreinum og veitir umsögn um tillögur að námsbrauta- og áfangalýsingum í verklegum og bóklegum faggreinum tengdum sjávarútvegi.

27. gr.

Til að tryggja sem víðtækust samráð við atvinnulífið er menntamálaráðuneytinu heimilt að skipa sérstakar ráðgjafarnefndir til viðbótar þeim sem nefndar eru í 22. og 26. gr. til að vera ráðuneytinu til aðstoðar við framkvæmd laga þessara. Kveðið skal á um starfssvið og skipan slíkra nefnda í reglugerð.

28. gr.

Nám sem krafist er til þess að öðlast atvinnuréttindi skal skipulagt í samvinnu við stofnanir og/eða þá sérskóla á framhaldsskólastigi sem starfa samkvæmt sérstökum

reglugerðum. Auk starfsréttinda skal námið veita rétt til frekara náms. Nánari ákvæði hér að lútandi skulu tilgreind í námsskrá sbr. 17. og 20. gr. Starfi sérstök fræðsluráð tengd atvinnuvegum skulu þau vera umsagnaraðilar um hlutaðeigandi námsbrauta- og áfangalýsingar, sbr. 22. gr. og 26. gr.

29. gr.

Í öllum framhaldsskólum skal vera skólasafn. Hlutverk þess er að vera upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og kennara. Það skal búið bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla.

30. gr.

Á framhaldsskólastigi skal veita fötluðum nemendum kennslu og þjálfun við hæfi og sérstakan stuðning í námi. Í því skyni skal látin í té sérfræðileg aðstoð og nauðsynlegur aðbúnaður eftir því sem þörf krefur að mati menntamálaráðuneytisins. Fatlaðir nemendur skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er.

31. gr.

Árlegur starfstími framhaldsskóla skal eigi vera skemmri en níu mánuðir. Menntamálaráðuneytið setur árlega nánari reglur um skiptingu starfstíma skóla.

VIII. KAFLI

Rekstur framhaldsskóla.

32. gr.

Ríkissjóður greiðir rekstrarkostnað framhaldsskóla samkvæmt lögum þessum. Hver skóli er sjálfstæð rekstrareining og hefur sérgreinda fjárveitingu á fjárlögum.

Framlög ríkissjóðs til rekstrar framhaldsskóla skulu miðuð við að sem næst jafnhátt framlag komi á hvern nemanda í fullu námi hvar sem er á landinu. Framlagið skal ákveða sem tiltekna upphæð á nemanda árlega sbr. 34. gr.

Til rekstrarkostnaðar skóla telst:

1. Launakostnaður, en til hans teljast laun fyrir alla fasta starfsemi á vegum skólans, svo sem fyrir kennslu, stjórnun og prófdæmingu á lokaprófum, einnig fyrir störf á skrifstofu, á skólasafni, vegna ráðgjafar við nemendur og við umsjón eigna skólans, svo og annar launatengdur kostnaður í samræmi við kjarasamninga á hverjum tíma.
2. Til annars rekstrarkostnaðar telst allur kostnaður sem leiðir af starfrækslu skólans, viðhaldi húsa og tækja, að frátalinni kostnaðarþátttöku nemenda, sbr. 33. grein.

Launakostnað skv. 1. tölul. greiðir ríkissjóður beint til starfsmanna, en rekstrarframlag skv. 2. tölul. greiðist fyrir fram til skóla ársfjórðungslega.

Fjárveitingum og greiðslum vegna 1. og 2. tölul. skal að fullu haldið aðgreindum. Eigi má skerða fjárveitingu til 2. tölul. þótt kostnaður vegna 1. tölul. fari fram yfir fjárveitingu, enda sé umfang starfseminnar í samræmi við samþykkta áætlun. Skólameistara er með samþykki skólanefndar heimilt að flytja fjárveitingar milli kostnaðarliða skv. 2. tölul. þannig að framlag ríkissjóðs nýtist sem best þörfum skólans.

Í umboði skólanefndar sér skólameistari um rekstur og bókhald. Heimilt er að ráða sérstakan fjármálafulltrúa til þess að annast fjárreiður skóla og bókhald og starfar hann þá undir stjórn skólameistara. Bókhaldi skal hagað í samráði við ríkisbókhald. Rekstraráætlun og reikningsuppgjör skal miða við almanaksár með sama hætti og fjárlög. Endurskoðun er í höndum ríkisendurskoðunar eða löggilts endurskoðanda sem hún felur það starf.

33. gr.

Þar sem talið er nauðsynlegt að reka heimavist vegna framhaldsskóla greiðir ríkissjóður kostnað við umsjón og almennan rekstur. Nemendur bera sjálfir hluta sérgreinds kostnaðar í

heimavistum, rekstri mötuneyta, skipulögðum skólaakstri og efniskaupum vegna verklegrar kennslu o.fl. samkvæmt ákvörðun skólanefndar, sbr. 8. gr., og sérstökum reglum sem menntamálaráðherra setur.

Skólameistari og skólanefnd hafa umsjón með rekstri heimavistar og mötuneytis nemenda.

Hagnaður af leigu skólahúsnæðis skal renna til viðhalds og endurnýjunar húsnæðis og búnaðar.

34. gr.

Við ákvörðun fjárveitinga til almenns rekstrar framhaldsskóla og til launa fyrir önnur störf en kennslu skal miða við ákveðna grunnfjárhæð á hvern nemanda sem stundar fullt nám árlangt.

Við ákvörðun fjárveitinga til kennslu í framhaldsskólum skal miða við grunntöluna 1,7 til 2,0 kennslustundir á viku á hvern nemanda í fullu bóknámi eftir stærð og gerð skóla. Þessu til viðbótar skal koma sá stundafjöldi sem nauðsynlegur er til að halda megi uppi kennslu í viðurkenndu verknámi og sérnámi er krefst skiptingar nemenda í smáa námshópa. Þurfi að taka tillit til sérstakra aðstæðna skal veitt sérgreint framlag til að mæta þeirri þörf.

Menntamálaráðherra setur reglur um ákvörðun grunnfjárhæða vegna almenns rekstrar og frávika vegna sérstöðu einstakra skóla. Enn fremur setur hann ákvæði um hvaða greinar teljast verknám og sérnám og reglur um hvaða álög á meðaltölu skuli miða við í áætlanagerð til fjárlaga vegna kennslulauna.

IX. KAFLI

Fullorðinsfræðsla og endurmenntun.

35. gr.

Heimilt er framhaldsskólum að veita þeim er orðnir eru 18 ára að aldri aðgang að einstökum námsáföngum dagskóla án tillits til þess hvort þeir uppfylla skilyrði til inntöku að öðru leyti. Einnig er framhaldsskólum heimilt að stofna til sérstakra námskeiða, þar á meðal kvöldskóla (öldungadeilda), fyrir fólk sem hentar ekki að sækja reglubundna kennslu í skóla, en æskir að ljúka námi hliðstæðu því sem í boði er á námsbrautum hans. Fyrir slíka kennslu skulu nemendur greiða kennslugjald sem svarar til sem næst þriðjungs kennslulauna. Nánari ákvæði um þessa starfsemi skulu sett í reglugerð.

36. gr.

Heimilt er framhaldsskólum að bjóða fram annars konar nám en 35. gr. tekur til og efna til endurmenntunarnáms, m.a. í samráði við faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- eða áhugahópa.

Námsgjöld miðast við að nemendur greiði a.m.k. þriðjung kennslulauna. Í slíku námi er kostnaðaraðild ríkissjóðs háð samþykki menntamálaráðuneytis.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

37. gr.

Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands hafa rétt til þess að reka áfram það fræðslustarf sem þeir hafa annast og til þess að auka það og sérhæfa eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur.

Um fjárveitingu úr ríkissjóði gilda sömu ákvæði og um aðra framhaldsskóla varðandi rekstrar- og stofnkostnað, sbr. 3. og 32. gr., enda hafi menntamálaráðuneytið samþykkt áætlun um rekstur skólanna og fé verið veitt í fjárlögum fyrir stofnkostnaði. Framlög ríkisins

samkvæmt þessari grein miðast við að skólar þessir starfi í samræmi við meginstefnu þessara laga og samkvæmt námsskrám og reglugerðum sem settar verða.

Verði skólar þessir lagðir niður eða húsnæði þeirra eigi nýtt til kennslu eða heimavistar fær ríkissjóður eignarráð yfir hlutaðeigandi húsnæði í samræmi við stofnkostnaðarframlög sín. Ríki ágreiningur um eignaskiptingu skal dómkveðja þrjá óvilhalla menn til þess að kveða á um skiptingu og er úrskurður þeirra endanlegur.

Skólanefndir skulu starfa við Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands. Skal einn skólanefndarmaður tilnefndur af menntamálaráðherra en eignaraðilar skipa hina. Hafa þær með höndum fjárreiður skólanna og eignaumsýslu í umboði eigenda. Skólanefndir ráða skólameistara svo og kennara í samráði við hann. Nefndin kýs sér sjálf formann og varaformann.

38. gr.

Alþingi ákveður framlag ríkissjóðs til skóla á framhaldsskólastigi, sem stofnaðir eru af einkaaðilum eða samtökum með hliðstæðum hætti og nú er um Verslunarskóla Íslands og Samvinnuskólann, enda uppfylli þessir skólar sams konar skilyrði um námsframboð og kennsluskipan.

39. gr.

Heimilt er að lána skólahúsnæði til félagsstarfsemi utan reglulegs skólatíma, enda greiðist fyrir leiga sem nemur a.m.k. kostnaði fyrir rafmagn, hita, ræstingu og vörslu. Skólanefnd setur almennar reglur um slíka ráðstöfun skólahúsnæðis.

40. gr.

Menntamálaráðuneytið setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

XI. KAFLI

Lög sem úr gildi falla og gildistökuákvæði.

41. gr.

Eftirtalin lög falla úr gildi við gildistöku laga þessara. Alþingi ákveður með þingsályktun hvaða sérskólar skuli starfa áfram sem sjálfstæðar stofnanir.

1. Lög nr. 49/1946, um húsmæðrafræðslu.
2. Lög nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.
3. Lög nr. 35/1962, um Hjúkrunarskóla Íslands.
4. Lög nr. 68/1966, nr. 18/1971 og nr. 68/1972, um iðnfræðslu.
5. Lög nr. 12/1970 og 81/1984, um menntaskóla.
6. Lög nr. 6/1971 og nr. 109/1974, um Hótel- og veitingaskóla Íslands.
7. Lög nr. 81/1972, um hjúkrunarskóla í tengslum við Borgarspítalann.
8. Lög nr. 1/1973 um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum.
9. Lög nr. 14/1973, nr. 21/1977, nr. 40/1980 og nr. 85/1984, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.
10. Lög nr. 16/1975, um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands.
11. Lög nr. 33/1975, um Sjóvinnuskóla Íslands.
12. Lög nr. 53/1975, um hússtjórnarskóla.
13. Lög nr. 51/1976, um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.

42. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma að fullu til framkvæmda í upphafi skólaársins 1988–89.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var upphaflega samið af nefnd sem Sverrir Hermannsson menntamálaráðherra skipaði 8. desember 1985. Í nefndinni sátu eftirtaldir: Birgir Ísleifur Gunnarsson alþingismaður, formaður, Magnús Pétursson hagsýslusjóri, tilnefndur af fjármálaráðherra, Björn L. Halldórsson lögfræðingur, tilnefndur af borgarstjóra, Björn Friðfinnsson framkvæmdastjóri og Ingimundur Sigurpálsson bæjarstjóri, tilnefndir af Sambandi ísl. sveitarfélaga, Jón Böðvarsson fyrrv. skólameistari og Jón R. Hjálmarsson fræðslustjóri, skipaðir af menntamálaráðherra án tilnefningar.

Upphaflega var Eyjólfur Konráð Jónsson alþingismaður skipaður formaður nefndarinnar, en hann óskaði eftir að verða leystur frá því starfi og var Birgir Ísleifur Gunnarsson þá tilnefndur formaður 13. maí 1986. Með nefndinni starfaði Stefán Ólafur Jónsson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu.

Í skipunarbréfi menntamálaráðherra segir: „Þess er óskað að nefndin semji, m.a. sem einn þátt frumvarpsins, reglur um fjármál framhaldsskóla og skiptingu kostnaðar við stofn og rekstur skólanna er séu eins skýrar og einfaldar og unnt er. Til álita kemur að allur kostnaður við framhaldsskóla greiðist af ríkisvaldinu, en á móti kæmi hugsanlega að allur kostnaður við grunnskóla greiðist af sveitarfélögum, enda yrði þá að sjá sveitarfélögum fyrir tekjustofnum til að mæta þeim viðbótarkostnaði sem af slíku fyrirkomulagi kynni að leiða.“ Með tilvísun til þessa tók nefndin það sem sitt fyrsta verkefni að semja reglur um stofn- og reksturskostnað framhaldsskóla. Eftir því er á leið nefndarstarfið varð nefndin sammála um að óheppilegt væri að semja sérstakt frumvarp um fjármál framhaldsskóla. Eðlilegra væri að fella ákvæði um fjármálin inn í heildarfrumvarp um framhaldsskóla og var það gert.

Menntamálaráðuneytið sendi eftirtöldum aðilum frumvarpið til umsagnar. Auk þess fengu nokkir aðilar aðrir frumvarpið til umsagnar síðar: Bandalagi kennarafélaga, Skólameistarafélagi Íslands, rektorum, skólameisturum og skólastjórum allra skóla á framhaldsskólastigi, rektor Háskóla Íslands, rektor Kennaraháskóla Íslands, rektor Tækniskóla Íslands, iðnfræðsluráði, iðnfræðslulaganefnd, samstarfshópi um sjávarútvegsskóla, grunnskólanefnd og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Alls bárust 36 umsagnir. Umsagnirnar hafa verið yfirfarnar í menntamálaráðuneytinu og frumvarpinu breytt nokkuð til samræmis við það sem fram kom í umsögnunum.

Helstu einkenni frumvarpsins eru:

1. Frumvarpið felur í sér rammalöggjöf sem tekur til alls náms á framhaldsskólastigi og undirbýr nemendur undir nám í sérskólum, háskólum og störf í atvinnulífinu.
2. Nám á framhaldsskólastigi er skipulagt í námsáföngum og skal hver áfangi skilgreindur og metinn til eininga í námsskrá sem menntamálaráðuneytið setur. Framhaldsskólum er skylt að fylgja í meginatriðum ákvæðum námsskrárinnar hvort heldur kennt er samkvæmt áfangakerfi eða bekkjakerfi.
3. Með frumvarpinu er stefnt að greinilegri verkaskiptingu en nú er milli menntamálaráðuneytisins, skólayfirvalda og starfsmanna skólanna. Það nýmæli er í frumvarpinu að gert er ráð fyrir að skólanefnd starfi við hvern skóla. Hlutverk ráðuneytis verði að vinna að heildarstefnumótun, kennslueftirliti og gerð tillagna um fjárveitingar til hvers skóla, en framkvæmd skólastarfs innan ramma námsskrár og fjárveitinga sé í höndum skólanefnda og skólastjórnenda.
4. Stofnkostnaður framhaldsskóla greiðist sameiginlega af ríki og viðkomandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum þannig að ríkið greiðir 60% en sveitarfélag/sveitarfélög 40%. Þó er menntamálaráðuneytinu veitt heimild til þess að semja um hærri kostnaðaraðild þegar um búnað verknámshúsnæðis er að ræða.
5. Ríkið greiði rekstrarkostnað framhaldsskólanna.

6. Tryggt er samstarf við atvinnulífið í iðnnámi með iðnfræðsluráði og í sjávarútvegsgreinum með fræðsluráði sjávarútvegsins, sem verða til ráðuneytis um skipulag námsins og kennslueftirlit.
7. Hlutdeild sveitarfélaga og heimamanna að stjórnun skólanna verður í formi aðildar að skólanefndum sem starfa við hvern framhaldsskóla. Þær skulu skipaðar þremur til fimm fulltrúum eftir skólategund og fjölda rekstraraðila. Skólanefndir ákveða skipulag náms og námsframboð ásamt skólameistara. Skólanefnd gerir fjárhagsáætlun í samræmi við fjárlög og ber ábyrgð á að henni sé framfylgt.
8. Skólameistari stjórnar daglegum rekstri skóla og er jafnframt framkvæmdastjóri skólanefndar.
9. Hver skóli verði sjálfstæð rekstrareining. Ríkissjóður greiði laun fyrir kennslu, stjórnun og prófdæmingu beint. Annan rekstrarkostnað greiði ríkissjóður til skóla ársfjórðungslega fyrir fram. Sú meginregla gildi að sama framlag komi á hvern nemanda hvar sem er á landinu með heimild til sérgreinds framlags ef sérstakar aðstæður ríkja.
10. Þar sem nauðsynlegt er að reka heimavist greiði ríkissjóður kostnað við umsjón, tækja- og rekstrarbúnað húsnæðis. Sérstakan rekstrarkostnað heimavistar og mötuneytis greiði nemendur.
11. Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands starfi áfram á sama grundvelli og áður og opnuð er heimild fyrir menntamálaráðherra að samþykkja kostnaðarþátttöku við einkaskóla á framhaldsskólastigi.
12. Framhaldsskólum verði heimilt að annast menntun fullorðinna á þeim námsbrautum er skólinn starfrækir, svo og að stofna til sérstakra námskeiða (öldungadeilda). Skulu nemendur greiða sem næst þriðjungi kennslulauna. Einnig verði framhaldsskólum heimilt að efna til eftirmenntunarnáms.

Eins og fram kemur í því sem að framan greinir er í frumvarpi þessu leitast við að veita hverjum framhaldsskóla nokkurt sjálfstæði til ákvörðunar um innihald og þróun náms, svo og nokkurt fjárhagslegt sjálfstæði. Þar með er skólunum veitt aðstaða til þess að taka tillit til staðhátta og þarfa atvinnulífs á hverjum stað. Það er skoðun nefndarinnar að slíkt sé nauðsynlegt ef tryggja á að framhaldsskólamenntun geti þróast í samræmi við hinar fjölbreytilegu kröfur tímans. Hér verður ekki rakið nánar efni frumvarpsins en í skýringum við einstakar greinar hér á eftir er nánar rökstutt hvað býr að baki þeim tillögum sem þar eru settar fram.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gildissvið laganna er skilgreint í grein þessari og ráðgert að lög þessi taki til náms á framhaldsskólastigi er tekur við af skyldunámsstigi og allt til háskólastigs sbr. 2. gr. laga nr. 55/1974, um skólakerfi. Í greininni eru taldar þær tegundir skóla sem lögin taka til, þar á meðal framhaldsdeildir við grunnskóla, en þær hafa verið starfræktar samkvæmt ákvæðum eldri laga sem nú hafa verið felld úr gildi. Allmargir framhaldsskólar sem undir lög þessi falla eiga langa sögu og eru ríkir af hefðum. Það skal tekið fram að þrátt fyrir ein framhaldsskólalög er gert ráð fyrir að einstakar skólastofnanir beri áfram sérstakt nafn, t.d. tengt stað, hefð eða sérstöku hlutverki.

Gert er ráð fyrir að á framhaldsskólastigi starfi áfram sérskólar sem ekki telst hagkvæmt að fella inn í námsbrautir annarra framhaldsskóla. Slíkir skólar yrðu með sérgreindu námi sem aðeins yrði stundað á einum stað á landinu eða mjög fáum.

Kveðið er á um að setja skuli reglugerð um sérskóla sem starfa samkvæmt lögum þessum.

Um 2. gr.

Hér er leitast við að tjá í sem fæstum orðum meginmarkmið framhaldsskóla og er bent á að það er spunnið af nokkrum þáttum sem eiga helst að vera svo samtvinnaðir að tæpast verði milli þeirra greint. Skólanum ber að búa nemendur undir störf í samfélaginu og stuðla jafnframt að hamingju og lífsheill einstaklingsins.

Um 3. gr.

Hér er ákveðin sú stofnkostnaðarskipting við byggingarframkvæmdir og stofnbúnað framhaldsskóla að ríkissjóður greiði 60% en sveitarsjóður/sveitarsjóðir greiði 40% áætlaðs kostnaðar, með þeirri undantekningu að þegar um er að ræða stofnbúnað verknámsbrauta er ráðuneytinu heimilt að semja um hærri kostnaðaraðild ríkissjóðs. Með þessu er reynt að stuðla að því að verknámsaðstöðu verði komið upp eigi síður en bóknámsaðstöðu, en hún er mun dýrari og þjónar slík námsaðstaða oft stórum landshlutum og jafnvel öllu landinu.

Gert er ráð fyrir að eitt eða fleiri sveitarfélög geti átt aðild að framhaldsskóla á móti ríkinu. Samþykki Alþingis þarf til þess að stofnaður verði nýr framhaldsskóli og samþykki sveitarstjórnar verður einnig til að koma þannig að hún gerist aðili að stofnun skóla. Áskilið er að gera skuli samning milli ríkis og sveitarfélags/sveitarfélaga um byggingarframkvæmdir vegna framhaldsskóla. Sú staða kann að koma upp varðandi einstaka sérskóla, t.d. skóla með það sérhæft nám að aðeins einn slíkur er til á landinu, að sveitarfélög fáist ekki til þess að verða aðilar að slíkum skóla. Þess vegna er gert ráð fyrir því í lögunum að unnt sé að stofna sérskóla án aðildar sveitarfélaga og greiðist þá allur kostnaður úr ríkissjóði.

Sem fyrr segir skal gera samning milli ríkis og sveitarfélaga um nýframkvæmdir og endurbætur húsnæðis vegna framhaldsskóla. Þar skulu m.a. vera ákvæði um stjórn hönnunar og framkvæmda, hönnun, byggingarhraða og greiðslustreymi. Heimilt er að fela sveitarfélögum sem aðild eiga að framhaldsskóla að fara með undirbúning og umsjón með byggingarframkvæmdum eins og tíðkast hefur hingað til hafi þau til þess burði.

Bent skal á að í greininni er heimilað að heimavistir skóla verði nýttar til gistihúsarekstrar utan skólatíma og við hönnun og byggingu húsnæðisins verði tekið tillit til þess.

Menntamálaráðuneytið setur viðmiðunarreglur um stærð og gerð húsnæðis fyrir framhaldsskóla í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Um 4. gr.

Varðandi þessa grein er rétt að taka fram að gert er ráð fyrir því að skólamannvirki, sem eru í notkun við gildistöku þessara laga, skuli vera eign ríkis og/eða sveitarfélaga i sömu hlutföllum og þessir aðilar hafa greitt stofnkostnað mannvirkja. Allt nýtt húsnæði, sem byggt er, verður í sameign með sama eignarhluta og framlög byggingaraðila eru. Hið sama gildir um viðbyggingar við eldra húsnæði og meiri háttar endurbætur og breytingar.

Um 5. gr.

Í þessari grein er því slegið föstu að menntamálaráðuneytið fari með yfirstjórn mála sem lög þessi taka til og hafi með höndum námsskrárgerð, kennslueftirlit og ráðgjöf um þróunarstörf í skólum. Enn fremur er staðfest það hlutverk menntamálaráðuneytis að gera tillögur um fjárveitingu á fjárlögum til hvers skóla, bæði stofnkostnað og rekstrarkostnað.

Um 6. gr.

Rétt þykir að lögfesta ákvæði um samstarfsnefnd framhaldsskóla, en slíkt samstarf er þegar fyrir hendi.

Um 7. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir því að skólanefnd sé við hvern framhaldsskóla og er það nýmæli. Gert er ráð fyrir að þrír til fimm fulltrúar sitji í skólanefnd og ræðst fjöldi þeirra af fjölda rekstraraðila og gerð skóla. Menntamálaráðherra skipar formann en um tilnefningu hinna skal ákveðið í reglugerð. Þegar um er að ræða skóla sem annast starfsmenntun fyrir atvinnulífið er æskilegt að fulltrúi viðkomandi starfsgreinar eigi sæti í skólanefnd. Með þessu fyrirkomulagi er leitast við að tryggja samstarf ríkis, heimamanna og fulltrúa atvinnulífsins um stjórnun hvers framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra skipi án tilnefningar alla skólanefndarmenn við sérskóla sem stofnaðir kunna að vera án þátttöku sveitarfélaga.

Um 8. gr.

Í þessari grein er fjallað um verkefni skólanefnda. Hlutverk skólanefndanna snertir bæði fjárhagslegan rekstur skólans og námsframboð.

Í 3. mgr. er skólanefnd veitt heimild til að ákveða upphæð ýmissa gjalda sem nemendur greiða svo og meðferð þeirra. Gjöld af þessu tagi eru nú þegar innheimt við flesta skóla og teljast hluti af fjárreiðum skólanna. Hér er því ekki um að ræða neina megin breytingu frá ríkjandi ástandi, en rétt þykir að festa í lög ákvæði um gjöld þessi.

Við ýmsa skóla hafa verið stofnaðir sérstakir sjóðir í ákveðnum tilgangi og kann það að vera nokkuð mismunandi eftir skólum. Því þykir í 4. mgr. þessarar greinar rétt að setja ákvæði um sjóði þessa til að tryggja örugga meðferð þeirra.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. þesarar greinar er fjallað um starfssvið skólameistara (rektors), en í 2. og 3. mgr. um skólaráð sem vera skuli skólameistara til aðstoðar við stjórnun skóla og rekstur. Ráðgert er að í skólaráði sitji auk skólameistara fulltrúar kennara og nemenda svo og aðstoðarskólameistari, starfi hann við skólann.

Skólaráði er ætlað að vera lýðræðislegur vettvangur umfjöllunar um málefni hvers skóla.

Skólanefnd setur reglur um skipan skólaráðs, verksvið þess, starfstíma og starfshætti.

Um 10. gr.

Í þessari grein er fjallað um nemendaráð er starfi við hvern framhaldsskóla og sé það m.a. fulltrúi nemenda í hagsmunamálum þeirra. Kveðið er á um að nemendaráð hafi tillögu- og umsagnarrétt um markmið náms, námsefni og kennslutilhögun í skóla sínum. Samtök nemendanna sjálfra skulu setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir því að skólanefnd setji reglur um almenna kennarafundi og verksvið þeirra.

Um 12. gr.

Í þessari grein er ákveðið að um fjölda starfsmanna og skiptingu starfa milli þeirra fari eftir stærð og gerð skóla og fjárveitingu hverju sinni. Að öðru leyti fjallar greinin um hverjir ráða skuli hina einstöku starfsmenn. Menntamálaráðherra setur eða skipar skólameistara (rektor) framhaldsskóla að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólanefnda. Menntamálaráðherra setur eða skipar fasta kennara að fengnum tillögum skólanefndar og skólameistara, en skólameistari ræður stundakennara og aðra starfsmenn í samráði við skólanefnd.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Þessi grein fjallar um sérstakt orlof kennara sem ákvæði hafa verið um í ýmsum lögum um framhaldsskóla. Sú breyting er hér lögð til að heimilt sé að veita kennara orlof sem starfað hefur í fimm ár, ef hann óskar eftir því til að efla þekkingu sína, í stað tíu ára starfs eins og áður var.

Um 15. gr.

Ákvæðum þessarar greinar er ætlað að tryggja nauðsynlega heilsuvernd í framhaldsskólum. Skulu héraðslæknar og heilsuverndarstöðvar annast þessa þjónustu í samráði við skólameistara.

Þessi ákvæði eru í samræmi við lög nr. 61/1957, um heilsuvernd í skólum.

Um 16. gr.

Í þessari grein er fjallað um inntökuskilyrði í framhaldsskóla. Kveðið er á um að allir þeir sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun eigi rétt á að hefja nám í framhaldsskóla. Þá er kveðið á um að nemendum sé skylt að stunda fornám í einstökum námsgreinum samkvæmt ákvæðum í námsskrá hafi þeir ekki náð tilskildum lágmarksárangri. Enn fremur er kveðið á um að heimilt sé að setja lágmarkskröfur í einstökum greinum til inntöku í tiltekna námsáfanga. Í greininni er kveðið á um að nemendur sem orðnir eru átján ára og eldri geti hafið nám í framhaldsskóla án þess að fullnægja framangreindum ákvæðum, nema að því er starfsþjálfun varðar.

Um 17. og 18. gr.

Í þessum greinum eru markaðir megindrættir í námsskipan framhaldsskóla. Allt nám skal fara fram innan tiltekinna námsbrauta sem stefna að skilgreindu marki. Skal miðað við undirbúning til starfa eða til áframhaldandi náms, ellegar hvort tveggja. Til grundvallar liggur skipting námsefnisins í námsáfanga, en áföngum er skipað á námsbrautir, sbr. 18. og 19. gr. Ekki þykir eðlilegt að binda í lögum hvaða námsbrautir skuli starfræktar. Það er ljóst að upptalning námsbrauta í lögum getur ekki verið tæmandi nema stutt skeið í senn og þyrfti þá lagabreytingu í hvert skipti til þess að stofna nýja námsbraut. Með setningu fjárlaga gefst Alþingi jafnan kostur á að hafa úrslitaáhrif á námsframboð.

Fjölbreytni í námsframboði og mismunandi lengd námsbrauta eru mikilvæg atriði bæði vegna mismunandi áforma nemenda um framhaldsskólanám og til að auðvelda „áfangamenntun“ í þeirri merkingu að fólk eigi þess kost að bæta við sig námi eftir tímabil í starfi. Í ýmsum starfsgreinum hagar og þannig til að kröfur um undirbúning eru mismunandi til starfa innan sömu greinar. Miklu skiptir að markmið hverrar námsbrautar liggi ljós fyrir, þ.e. hvaða hæfniskröfur sé miðað við að nemendur fullnægi.

Í síðustu málsgreininni er vikið að tveimur undirstöðuatriðum, sem skipulagning náms á framhaldsskólastigi beinist að, þ.e. að tryggja að engin námsbraut verði blindgata og að auðvelda samgang milli brauta. Þessi markmið eru hvort öðru tengd. Vert er að leggja áherslu á að ekki er kveðið á um að sérhver námsbraut leiði beint inn í háskóla, heldur að liggja skuli fyrir hvernig áfram verði komist jafnframt því að fyrra nám nýtist.

Með samhæfingu bóklegs og verklegs náms er átt við hvort tveggja: að námið sé eftir föngum slungið báðum þessum þáttum og að þeir fái stuðning hvor af öðrum í kennslunni. Svigrúm frjálsra valgreina verður trúlega misjafnt eftir námsbrautum en mikilvægt er að það sé ætíð nokkurt. Þykir eðlilegt að kveða nánar á um námsbrautir í námsskrá.

Um 19. gr.

Hér er kveðið á um að nám á framhaldsskólastigi skuli skipulagt í námsáföngum og skal hver áfangi skilgreindur og metinn til eininga eftir umfangi námsefnis. Öllum framhalds-

skólum er skylt að fylgja slíkum ákvæðum en þrátt fyrir skiptingu námsefnis í áfanga geta skólar, sem þess óska, haldið bekkjakerfi og starfað áfram með líkum hætti og þeir gera nú.

Gert er ráð fyrir að námseining verði skilgreind í námsskrá. Námseining er nú skilgreind sem 2 kennslustundir á viku í eina önn, en þessi skilgreining er gölluð og þarfnast því endurskoðunar. Þess vegna er ekki talið rétt að binda skilgreiningu námseiningar í lögum.

Um 20. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að í námsskrá sem menntamálaráðuneytið setur skuli ákveðið um námsáfanga, markmið þeirra, megininntak, umfang og skipan á námsbrautir. Þótt ekki sé það berum orðum tekið fram í frumvarpinu er reiknað með að við setningu námsskrár muni menntamálaráðuneytið, eins og verið hefur, hafa samráð við skólastjórnendur, iðnfræðsluráð, fræðsluráð sjávarútvegsins, faggreinafélög og fleiri aðila sem láta sig nám á sínu sviði varða.

Um 21. gr.

Hér er mælt fyrir um að í námsskrá skuli sett ákvæði um námsmat, m.a. próf og vitnisburði. Fyrri hugmyndir hafa gengið út á að ákvæði um þessi atriði yrðu sett í reglugerð. Þá er hér og sú nýjung að fyrir er mælt að nemendur skuli hafa rétt til þess að sjá prófúrlausnir sínar.

Um 22. gr.

Í 22.–25. gr. er fjallað um iðnnám. Við samningu þeirra var byggt á einróma tillögum sérstakrar nefndar sem menntamálaráðherra skipaði til að gera tillögur um skipan iðnnáms. Í þessari grein er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra skipi iðnfræðsluráð til fjögurra ára í senn og skal það vera til ráðuneytis um heildarmótun og skipulag í iðnfræðslu, löggiltum iðngreinum og verksmiðjuiðnaði.

Sú breyting er gerð á stöðu iðnfræðsluráðs frá fyrri lögum að nú er það ráðgjafandi í stað þess að það hafði áður umsjón með framkvæmd iðnfræðslunnar. Þau verkefni, sem iðnfræðsluráð hafði áður, færast til ráðuneytis, skólanefnda og skólanna. Eigi að síður er tryggt að þeir sem starfa í iðnaði, bæði atvinnurekendur og launþegar, hafi áhrif á stefnumörkun í iðnfræðslu. Þar sem hluti af iðnfræðslu fer fram úti í atvinnulífinu eru þessi tengsl mikilvæg. Gert er ráð fyrir að kveðið verði á um verksvið iðnfræðsluráðs í reglugerð.

Um 23. gr.

Í greininni er kveðið á um að ráðuneytið skipi fræðslunefndir í einstökum iðngreinaflokkum til fjögurra ára í senn. Hér er um verulega breytingu að ræða frá fyrri skipan þegar skipaðar voru fræðslunefndir fyrir hverja iðngrein. Þessi breyting er gerð til að tryggja nauðsynlega samræmingu og hagkvæmni á námsskipan iðn- og tæknibrauta.

Um 24. gr.

Þessi grein kveður á um að heimilt er áfram að gera námssamning milli iðnmeistara og iðnnema.

Þá er veitt lagaleg heimild til að skólanefnd geti gert samning við iðnmeistara, fyrirtæki eða stofnun um að annast tiltekna þætti verklegrar menntunar í samstarfi við framhaldsskóla. Í reglugerð skal svo kveðið á um m.a. gerð námssamninga, próf og starfsréttindi.

Heimilað er áfram að ganga undir verklegt sveinspróf í iðngrein án skólanáms, ef ákveðnum skilyrðum er fullnægt. Með þessu ákvæði er verið að tryggja mönnum sem lengi hafa starfað í iðngrein rétt til að þreyta sveinspróf sem veitir takmarkaðan rétt til að starfa í iðngrein.

Um 25. gr.

Í þessari grein er það nýmæli að ráðuneytinu er gert skylt að halda uppi framhaldsnámi fyrir iðnsveina til meistaraprófs. Auknar kröfur eru gerðar til þeirra sem fá verktakaheimild og af þeim sökum þótti rétt að setja þetta ákvæði í lög. Nánari ákvæði skal svo setja í námsskrá fyrir meistarapróf.

Um 26. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra skipi sérstakt fræðsluráð sjávarútvegs og skuli það skipað fulltrúum ýmissa aðila sem tengjast sjávarútvegi og fiskvinnslu. Greinin er í samræmi við tillögur, sem nefnd á vegum menntamálaráðherra og sjávarútvegsráðherra um skipulag fræðslumála sjávarútvegs, lagði fram. Með þessu fyrirkomulagi er reynt að tryggja samstarf skóla og atvinnulífs á þessu sviði á sama hátt og leitast er við að gera í iðnnámi.

Um 27. gr.

Hér er gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið geti skipað ráðgjafarnefndir til að vera ráðuneytinu til aðstoðar við mótun heildarstefnu á öðrum sviðum en í iðnaði og sjávarútvegi. Hér er um að ræða nefndir hliðstæðar iðnfræðsluráði og fræðsluráði sjávarútvegsins.

Um 28. gr.

Ýmis lagaákvæði gera ráð fyrir því að ákveðið nám sé skilyrði fyrir atvinnuréttindum. Í þessari grein segir að slíkt nám skuli skipulagt í samvinnu við stofnanir eða við sérskóla á framhaldsskólastigi sem starfa samkvæmt sérstökum reglugerðum. Dæmi um slíkt nám er t.d. nám á ýmsum sviðum heilbrigðismála. Þarna er og ítrekuð sú meginstefna sem kemur víðar fram í frumvarpinu að auk starfsréttinda skuli nám á framhaldsskólastigi veita rétt til frekara náms.

Um 29. gr.

Í greininni er kveðið á um að í hverjum skóla skuli vera skólasafn. Hlutverk skólasafna er að vera upplýsingamiðstöð fyrir kennara og nemendur og virkur þáttur í fræðslustarfi skólans. Nú á dögum er brýnt að einstaklingurinn sé sjálfur fær um að afla sér nauðsynlegrar þekkingar og því er æ meiri áhersla lögð á að gera nemendur sjálfstæða við öflun upplýsinga og notkun heimilda. Þessi sjálfstæðu vinnubrögð krefjast vel búinna skólasafna, þ.e. fjölbreytts safnkosts, menntaðs starfsliðs og góðrar vinnuaðstöðu.

Um 30. gr.

Með ákvæðum greinarinnar er stefnt að því að tryggja fötluðum og þroskaheftum ungmennum námsmöguleika á framhaldsskólastigi, hliðstætt því sem lög mæla fyrir um á grunnskólastigi. Tilhögun starfseminnar getur orðið með ýmsum hætti eftir aðstæðum. Væntanlega þætti þó æskilegt að hún færi fram innan vébanda framhaldsskólanna sjálfra eða í tengslum við þá eftir því sem framast yrði við komið, en undir umsjón og með stuðningi sérhæfðra stofnana. Vísir að starfsemi af þessu tagi er þegar fyrir hendi, m.a. á vegum Heyrnleysingjaskólans, sbr. og lög nr. 70/1978, og þeirra aðila sem annast kennslu blindra.

Um 31. gr.

Hér er kveðið á um að starfstími framhaldsskóla verði eigi skemmri en níu mánuðir. Eins og nú er háttað er starfstíminn bundinn við ákveðinn vikufjölda. Þá er gert ráð fyrir að Menntamálaráðuneytið gefi út árlega reglur um nánari skiptingu starfstíma.

Um 32. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er því slegið föstu að ríkissjóður greiði allan rekstrarkostnað framhaldsskóla og hver skóli skuli vera sjálfstæð rekstrareining og hafa sérgreinda fjárveitingu á fjárlögum. Til þessa hefur það verið nokkuð mismunandi hvernig rekstrarkostnaður skóla hefur verið greiddur. Ýmist hefur ríkissjóður einn staðið straum af rekstrarkostnaði framhaldsskóla eða samvinna hefur verið milli ríkis og sveitarfélaga um reksturinn. Hér er gert ráð fyrir þeirri breytingu að ríkissjóður einn skuli greiða rekstrarkostnað framhaldsskóla.

Þá er í þessari grein það nýmæli að annar rekstrarkostnaður en launakostnaður skuli greiddur til skóla ársfjórðungslega fyrirfram. Með þessu fyrirkomulagi er leitast við að auka fjárhagslegt sjálfstæði framhaldsskólanna og veita jafnframt stjórnendum þeirra svigrúm til sjálfstæðra ákvarðana varðandi annan rekstrarkostnað en launakostnað. Á það að vera hvatning til meira aðhalds en jafnframt að auka sjálfstæðiskennd skólastjórnenda.

Ákvæði um að greiðslum vegna launa og rekstrar verði haldið aðgreindum er ætlað að tryggja það að rekstrarfé skerðist ekki þótt launakostnaður verði meiri en ráð var gert fyrir.

Þá er og heimilað að ráða til framhaldsskóla sérstakan fjármálafulltrúa til að annast fjárreiður skóla. Ákvæði um slíkan starfsmann hafa ekki áður verið í lögum þó að fjármálafulltrúar hafi starfað við nokkra skóla. Gert er ráð fyrir því að starf fjármálafulltrúa geti verið hlutastarf þótt ekki sé það berum orðum sagt í frumvarpsgreininni.

Um 33. gr.

Greinin fjallar einkum um rekstur heimavista og er við það miðað að allar meginreglur þar um verði óbreyttar. Sums staðar hafa nemendur greitt lítils háttar gjöld í heimavistarsjóð til þess að standa undir kostnaði við þjónustu sem þeir hafa sjálfir gengist fyrir og/eða tekið nokkra ábyrgð á skemmdum. Um þetta hafa engar sérstakar reglur gilt. Um aksturskostnað, þar sem um skipulagðan akstur hefur verið að ræða, hefur gilt sú framkvæmdaregla að nemendur hafa sjálfir greitt ígildi strætisvagnafargjalda á Reykjavíkursvæðinu, en viðbótarkostnaður hefur skipst að jöfnu milli ríkis og sveitarfélaga. Hvað varðar mötuneyti framhaldsskóla, þá hafa nemendur sjálfir greitt launa- og hráefniskostnað en rekstraraðilar skóla lagt til aðstöðu og orku. Ástæða þótti til að tengja ofantalin gjöld öðrum kostnaði sem nemendum er gert að greiða, sbr. 8. gr., og er ráð fyrir því gert að í reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur samkvæmt lögum þessum verði sett ítarleg ákvæði um kostnaðarþátttöku nemenda í rekstri framhaldsskóla.

Um 34. gr.

Með þessari grein er leitast við að setja almennar viðmiðunarreglur um ákvörðun fjárveitinga til kennslu í framhaldsskólum. Vegna mismunandi eðlis náms er erfitt að setja fastar viðmiðunarreglur, en hér er miðað við grunntöluna 1,7–2,0 kennslustundir á viku á hvern nemanda í fullu bóknámi og fer eftir stærð og gerð skóla hvaða viðmiðunartala skal notuð innan þess ramma. Þessu til viðbótar skal koma stundafjöldi sem nauðsynlegur er til þess að halda megi uppi kennslu í viðurkenndu verknámi og sérnámi er krefst skiptingar nemenda í smærri námshópa.

Menntamálaráðuneytið setur reglur um, hvaða greinar skuli teljast verknám og sérnám, hvernig skuli ákvarða grunnfjárhæðir vegna kennslu og annarrar launavinnu og hvernig skuli ákvarða grunnframlag vegna almenns rekstrarkostnaðar.

Um 35. gr.

Á síðari árum hefur eftirspurn og þörf fullorðinna aukist fyrir margvíslegu námi. Með ákvæðum þessarar greinar er reynt að mæta þessari vaxandi þörf með því móti að nýta skólana betur til að sinna henni en áður hefur verið. Gert er ráð fyrir að nemendur, sem orðnir eru 18 ára eða eldri, geti stundað nám í einstökum áföngum án þess að vera reglulegir nemendur skólanna. Þá er gert ráð fyrir að „öldungadeildir" starfi áfram og heimild er veitt til þess að skólar stofni til sérstakra námskeiða sem gætu nýst fólki í starfi.

Um 36. gr.

Ákvæði greinar þessarar eru nýmæli. Ráðgert er að framhaldsskólar geti efnt til endurmenntunarnáms í samráði við faggreinafélög, stéttarfélög og atvinnurekendur og er það þáttur í viðleitni þessa frumvarps til að treysta tengsl atvinnulífs og skóla.

Um 37. gr.

Í þessari grein er staðfest að Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands hafi rétt til þess að reka áfram það fræðslustarf sem þeir hafa annast og til að auka það og sérhæfa eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur. Gert er ráð fyrir því að staða þessara skóla verði sem líkust því sem hún er í dag. Í þessari grein eru tekin upp aðalatriði núgildandi laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, nr. 51 1976, en þessir tveir skólar hafa starfað á grundvelli þeirra laga. Gert er ráð fyrir að skólanefndir starfi við Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands, en í stað sveitarfélaga í öðrum framhaldsskólum skuli eignaraðilar tilnefna aðra skólanefndarmenn en þann sem menntamálaráðherra skipar. Ekki er fastákveðið í þessari frumvarpsgrein hversu margir skuli skipa skólanefndir þessara tveggja skóla.

Um 38. gr.

Með þessu ákvæði er sett inn hliðstætt heimildarákvæði varðandi einkaskóla og er í lögum um grunnskóla.

Um 39. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 40. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 41. gr.

Í þessari grein eru talin upp lög sem lagt er til að falli úr gildi við gildistöku þessara laga, m.a. nokkur lög um sérskóla á framhaldsskólastigi. Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að setja skuli reglugerð um sérskóla. Þá er og ítrekað það sem fjallað er um í 1. gr. þessa frumvarps að einstakar skólastofnanir geti borið sérstakt nafn t.d. tengt stað, hefð eða sérstöku hlutverki þótt sérlög sem nú gilda um þá skóla verði felld úr gildi.

Athygli skal vakin á því að lagt er til að lög um Hjúkrunarskóla Íslands falli úr gildi, en sá skóli hefur hætt störfum og hjúkrunarnámið færst á háskólastig. Enn fremur er lagt til að lög um hjúkrunarskóla í tengslum við Borgarspítalann falli úr gildi og er eðlilegt að kennsla sú, sem þar hefur farið fram, færist til Háskóla Íslands.

Ekki er lagt hér til að fella úr gildi lög um Íþróttakennaraskóla Íslands. Hann brautskráir nú nemendur með hliðstæð réttindi og Kennaraháskóli Íslands og nauðsynlegt virðist að endurskoða lög um þann skóla og fella þau að lögum um Kennaraháskóla Íslands.

Lagt er til að lög um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands falli úr gildi, enda hefur skólinn ekki tekið inn nemendur síðustu árin. Nauðsynlegt er hins vegar að fella hússtjórnarkennaranám inn í nám við Kennaraháskóla Íslands.

Eins og fram kemur í umsögnum um upphaflega gerð frumvarpsins er álitamál hve langt eigi að ganga í því að fella úr gildi lög um sérskóla. Nokkir sérskólar gegna alveg sérstöku og afmörkuðu hlutverki, sem fellur illa að skipulagi almennra framhaldsskóla, auk þess sem sumir þeirra veita menntun, er liggur að nokkru ofan framhaldsskólastigsins. Því er ekki lagt til að felld séu úr gildi lög um eftirtalda skóla: Fósturskóla Íslands, Ljósmæðraskóla Íslands, Þroskaþjálfaskóla Íslands, Leiklistarskóla Íslands, Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Stýrimannaskólann í Reykjavík, Vélskóla Íslands og Fiskvinnsluskólann í Hafnarfirði. Hins vegar er nauðsynlegt að endurskoða lögin um þessa skóla og afmarka starfssvið þeirra í samræmi við lög um framhaldsskóla. Menntamálaráðuneytið hefur þegar sett af stað endurskoðun laga um Fósturskóla Íslands, Leiklistarskóla Íslands og Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Í janúar 1986 var skipaður starfshópur á vegum menntamálaráðuneytisins og sjávarútvegsráðuneytisins til að athuga grundvöll að stofnun sjávarútvegsskóla er taki til náms þess sem nú er veitt í Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Vélskóla Íslands og Fiskvinnsluskólanum í Hafnarfirði. Starfshópurinn hefur nú skilað álitsgerð um málið og er hún til athugunar hjá ráðuneytunum.

Samkvæmt lögum nr. 55/1974, um skólakerfi, skiptist skólakerfið í þrjú stig, þ.e. grunnskólastig, framhaldsskólastig og háskólastig. Þessi skipting er að sumu leyti óheppileg þar sem hún ýtir undir það að reynt sé að skilgreina nám annaðhvort á framhaldsskólastigi eða háskólastigi. Hins vegar er ljóst að ýmsar námsbrautir tilheyra hvorugu stiginu einvörðungu, heldur liggja bæði á framhaldsskólastigi og háskólastigi. Dæmi um þetta er t.d. Tækniskóli Íslands og vissar brautir á sviði iðn- og tæknináms, listnám o.fl. Skólar sem starfa á sviði búnaðarfræðslu falla í þennan flokk. Sumir þeirra starfa bæði á framhaldsskólastigi og á háskólastigi. Stjórn þessara skóla fellur undir landbúnaðarráðuneytið. Af þessum ástæðum m.a. er ekki lagt til að lög um búnaðarfræðslu og Garðyrkjuskóla ríkisins verði felld niður.

Hér er um að ræða svið innan skólakerfisins sem ekki hefur verið hugað nægilega að til þessa, en ýmislegt bendir til að nauðsynlegt sé að efla, m.a. með tilliti til undirbúnings vegna sérhæfðra starfa í atvinnulífinu. Það kæmi því til greina að skipta skólakerfinu í fjögur stig í stað þriggja, þ.e. grunnskólastig, framhaldsskólastig, **sérskólastig** og háskólastig. **Sérskólastig** lægi að hluta til á framhaldsskólastigi og að hluta á háskólastigi. Á sérskólastigi væru skólar sem veittu sérhæfða menntun og þjálfun til undirbúnings starfa í atvinnulífinu og gerðu að inntökuskilyrði eins til þriggja ára almennt nám í framhaldsskóla. Slíkt fyrirkomulag er alþekkt erlendis en hér hefur þetta ekki verið skilgreint sem afmarkaður hluti skólakerfisins. Miðað við þessa skiptingu væri ekki rétt að fella lög um sérskóla úr gildi og frumvarp það sem hér liggur fyrir myndi þá aðeins taka til iðnfræðslu og almenns framhaldsnáms. Þetta mál þarfnast þó meiri undirbúnings og er því ekki lagt til að farið verði inn á þessa braut að sinni.

Um 42. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Helstu breytingar á frumvarpi til laga um framhaldsskóla frá þeirri gerð sem lögð var fram á 109. löggjafarþingi vorið 1987.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Greininni er breytt þannig að stafliðir a, b og c eru felldir niður og starfandi menntaskólar ekki taldir upp sérstaklega heldur aðeins þær tegundir skóla sem undir lögin falla. Menntaskólarnir hafa ekki slíka sérstöðu meðal framhaldsskólanna að ástæða sé til að nafngreina þá í lögum.

Þá er gert ráð fyrir að reglugerð verði sett um skóla sem starfa samkvæmt lögunum.

Ákvæði til bráðabirgða um heimild til að framlengja leyfi til rekstrar framhaldsdeilda grunnskóla er fellt inn í greinina.

Framhaldsdeildir grunnskóla hafa starfað frá árinu 1969 og gegnt veigamiklu hlutverki hvað varðar framhaldsnám í dreifbýli. Enda þótt þeim hafi fækkað á síðustu árum, aðallega vegna fjölgunar fjölbrautaskóla, munu þær enn um sinn hafa hlutverki að gegna og því eðlilegt að rekstur þeirra eigi sér stoð í lögum.

II. KAFLI

Hlutverk.

2. gr.

Skilgreining á hlutverki framhaldsskóla er gerð nokkru fyllri en hún var og er það í samræmi við framkomnar athugasemdir, einkum frá kennslumálanefnd Háskóla Íslands.

III. KAFLI

Stofnun og bygging framhaldsskóla.

3. gr.

Um 1. mgr. Bætt er inn í málsgreinina hverjir geti haft frumkvæði að stofnun framhaldsskóla.

Um 2. mgr. Gerð er orðalagsbreyting á upphafi málsgreinarinnar en ekki er um að ræða neina efnisbreytingu.

Um 4. mgr. Felld er niður tilvitnun í stafliði 1. gr. vegna breytinga sem á henni hafa verið gerðar og tekið er fram að greiðsluhlutfall miðist við áætlaðan byggingarkostnað samkvæmt viðmiðunarreglum. Bætt er inn ákvæði um heimild ráðuneytis til að semja um aðra kostnaðaraðild þegar um búnað verknámshúsnæðis er að ræða.

Um 7. mgr. Bætt er inn ákvæði þess efnis að komi til umframkostnaðar við byggingu heimavistarhúsnæðis vegna fyrirhugaðs gistihúsareksturs skuli samið um skiptingu hans sérstaklega milli byggingaraðila.

4. gr.

Greinin er óbreytt.

IV. KAFLI

Stjórnun.

5. gr.

Bætt er inn ákvæði um að ráðuneytið annist ráðgjöf um þróunarstörf er snerta framhaldsskóla.

6. gr.

Hér er um að ræða nýja grein.

7. gr., áður 6. gr.

Greininni hefur verið breytt nokkuð. Lagt er til að í skólanefndum sitji þrír til fimm menn í stað þriggja áður. Fjöldi skólanefndarmanna ákvarðast af skólategund og fjölda rekstraraðila. Gert er ráð fyrir að í reglugerð verði kveðið nánar á um skipan skólanefnda. Þá er lagt til að skipunartími þeirra verði fjögur ár og gildi það um formann sem og aðra nefndarmenn. Breytingar þessar eru gerðar vegna mjög ákveðinna athugasemda frá umsagnaraðilum.

8. gr., áður 7. gr.

Bætt er inn í 1. mgr. því ákvæði að skólameistari eigi hlut að mörkun stefnu í skólahaldi ásamt skólanefnd.

Þá er lagt til að skólanefnd ásamt skólameistara undirbúi tillögur til fjárlaga ár hvert, en ekki er gert ráð fyrir aðild skólameistara í fyrra frumvarpi.

Felld eru niður ákvæði um að ráðstöfun gjalda, sem nemendum sé gert að greiða, séu háð samþykki skólanefndar.

9. gr., áður 8. gr.

Gerðar hafa verið nokkrar orðalagsbreytingar á greininni.

10. gr., áður 9. gr.

Greinin er óbreytt.

11. gr., áður 10. gr.

Greinin er óbreytt.

V. KAFLI

Starfslið.

12. gr., áður 11. gr.

Bætt er inn í greinina ákvæði þess efnis að heimilt sé að fela ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskóla að annast hliðstæða þjónustu fyrir framhaldsskóla.

Þá er bætt við greinina setningunni: Leita skal staðfestingar Menntamálaráðuneytis hafi kennari ekki kennsluréttindi.

13. gr., áður 12. gr.

Við greinina er bætt ákvæði þess efnis að menntamálaráðuneytið setji skólameisturum erindisbréf og að skólanefnd setji reglur um störf annars starfsfólks.

14. gr., áður 13. gr.

Greinin er óbreytt.

15. gr., áður 14. gr.

Lagt er til að gerð verði breyting á 3. mgr. Þar sem heilsuverndin fer fram undir yfirstjórn heilbrigðisstjórnar er eðlilegt að hún fari fram í samráði og samstarfi við skólameistara en ekki undir hans stjórn eins og segir í greininni.

VI. KAFLI

Inntökuskilyrði.

16. gr., áður 15. gr.

Lagt er til að orðin „eiga rétt á að hefja“ komi í stað orðanna „geta hafið“. Eins og setningin var orðuð tryggði hún ekki að allir þeir sem fullnægðu skilyrðum til inngöngu í framhaldsskóla gætu hafið þar nám.

Þá er bætt inn orðunum „að fullnægðum kröfum um starfsþjálfun þar sem hennar er krafist“.

Einnig er gert ráð fyrir að nemandi, sem orðinn er 18 ára gamall, geti hafið nám í framhaldsskóla án þess að fullnægja inntökuskilyrðum samkvæmt þessari grein, nema að því er varðar starfsþjálfun þannig að um er að ræða almennan rétt þeirra nemenda sem hér eiga hlut að máli, en ekki undanþágu sem skólanefnd veitir.

Þá er tekið inn ákvæði um að inntaka nemenda sé á ábyrgð skólameistara, en ekki í höndum skólaráðs eins og áður var.

VII. KAFLI

Námsskipan.

17. gr., áður 16. gr.

Felld er niður setningin „Hver námsbraut skal eftir föngum skipulögð þannig að unnt sé að ljúka þar mislöngu námi“. Það sem setningin segir felst í skilgreiningu brautarinnar sbr. fyrstu málsgrein greinarinnar.

Þá er 18. gr. fyrra frumvarps felld niður og henni bætt við þessa grein, enda er hún eðlilegt framhald af 16. gr.

18. gr., áður 17. gr.

Greinin er óbreytt.

19. gr., áður 19. gr.

Skilgreining á einingu er tekin út og gert ráð fyrir að hún verði skilgreind í námsskrá. Þetta er í samræmi við athugasemdir, enda er unnið að breytingum á núverandi einingakerfi.

20. gr., áður 20. gr.

Greinin er óbreytt.

21. gr., áður 21. gr.

Greinin er óbreytt.

Áður 22. gr.

Greinin, sem fjallar um einingafjölda til stúdentsprófs, er felld niður.

22. gr., áður 23. gr.

Greinin er óbreytt.

23. gr., áður 24. gr.

Í fyrri hluta greinarinnar eru gerðar lítils háttar orðalagsbreytingar en ekki er um efnisbreytingu að ræða.

Síðari hluta greinarinnar er breytt þannig að það sé ekki ófrávíkjanlegt að sömu menn gegni störfum formanns og ritara í öllum nefndunum þar sem slíkt gæti reynst erfitt í framkvæmd.

24. gr., áður 25. gr.

Greinin er óbreytt.

25. gr., áður 26. gr.

Greinin er óbreytt.

26. gr., áður 27. gr.

Greininni er breytt þannig að nú er lagt til að átta menn skipi fræðsluráð sjávarútvegsins í stað ellefu áður. Fækkunin stafar af því að gert er ráð fyrir að nokkrir tilnefningaraðilar tilnefni fulltrúa sameiginlega og félagið Fiskiðn tilnefnir ekki fulltrúa í ráðið eins og áður var.

27. gr.

Ný grein.

28. gr., áður 28. gr.

Greinin er óbreytt.

29. gr., áður 29. gr.

Greinin er óbreytt.

30. gr., áður 30. gr.

Skotið er inn í greinina orðunum „... og nauðsynlegur búnaður ...“

31. gr., áður 31. gr.

Lagt er til að felld verði niður ákvæði um fjölda kennslu- og prófdaga en kveðið á um að árlegur starfstími framhaldsskóla skuli eigi vera skemmri en níu mánuðir.

VIII. KAFLI

Rekstur framhaldsskóla.

32. gr., áður 32. gr.

Efnislegar breytingar eru nánast engar, en hins vegar er á nokkrum stöðum breytt orðalagi til þess að gera greinina skýrari.

a. Því er slegið föstu að hver skóli skuli hafa sérgreinda fjárveitingu.
b. Hér er felld niður skilgreining á „nemanda í fullu námi“, en vísað til 34. gr. í því sambandi.
c. Skilgreining á launakostnaði er gerð ítarlegri.
d. Breytt er orðalagi um rekstrarkostnað og vísað til 33. gr. um kostnaðarþátttöku nemenda.

33. gr., áður 33. gr.

Hér er skotið inn ítarlegri ákvæðum um kostnaðarþátttöku nemenda bæði hvað varðar heimavistir og fleira og vísað í því sambandi til 8. gr. þar sem skólanefnd er falið að ákveða upphæð innritunar- og efnisgjalda.

34. gr., áður 34. gr.

a. Bætt er inn í greinina ákvæði um rekstrarframlög til skóla, en það fólst áður efnislega í 32. gr.
b. Ekki er skilgreint nákvæmlega hvað telst nemandi í fullu námi, en gert ráð fyrir að ákvæði þar um verði sett í reglugerð.

IX. KAFLI

Fullorðinsfræðsla og endurmenntun.

35. gr., áður 35. gr.

Greinin er óbreytt.

36. gr., áður 36. gr.

Greinin er óbreytt.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

37. gr., áður 37. gr.

Greinin er óbreytt.

38. gr., áður 38. gr.

Greinin er óbreytt.

39. gr., áður 39. gr.

Greinin er óbreytt.

40. gr.

Ný grein.

XI. KAFLI

Lög sem úr gildi falla og gildistökuákvæði.

41. gr., áður 40. gr.

Lagt er til að lög um Fósturskóla Íslands, Leiklistarskóla Íslands, Ljósmæðraskóla Íslands, Þjálfunarskóla Íslands, Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Fiskvinnsluskólann í Hafnarfirði, Stýrimannaskólann í Reykjavík og Vélskóla Íslands verði ekki felld úr gildi þar sem þessir skólar gegna mjög sérhæfðu hlutverki.

42. gr., áður 41. gr.

Greinin er óbreytt.

Nd. 571. Frumvarp til laga [272. mál]

um breytingu á lögum nr. 72/1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, með síðari breytingum.

Flm.: Matthías Bjarnason, Pálmi Jónsson.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Fulltrúar fiskiðnaðarins skulu taka sæti í stjórn Verðjöfnunarsjóðs samkvæmt eftirfarandi reglum, sbr. 1. mgr.:

1. Til ákvörðunar um verðgrundvöll fyrir frystar botnfiskafurðir, frystar síldarafurðir, frystar loðnuafurðir og frystar humarafurðir: Einn maður eftir tilnefningu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og einn eftir tilnefningu sjávarafurðadeildar Sambands íslenskra samvinnufélaga.
2. Til ákvörðunar um verðgrundvöll fyrir afurðir skeldýra, annarra en humars: Tveir menn eftir tilnefningu Félags rækju- og hörpudiskframleiðenda.
3. Til ákvörðunar um verðgrundvöll fyrir saltfiskafurðir: Tveir menn eftir tilnefningu Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda.
4. Til ákvörðunar um verðgrundvöll fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja: Tveir menn eftir tilnefningu Félags íslenskra fiskimjölsframleiðenda.
5. Til ákvörðunar um verðgrundvöll fyrir skreiðarafurðir: Tveir menn eftir sameiginlegri tilnefningu útflytjenda skreiðarafurða.
6. Til ákvörðunar um verðgrundvöll fyrir saltsíldarafurðir: Einn maður eftir tilnefningu Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og einn maður eftir tilnefningu Félags síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi.

Verði ekki samkomulag um tilnefningu þar sem tveir eða fleiri standa að sameiginlegri tilnefningu er ráðherra heimilt að skipa hvern sem er úr þeim hópi sem tillögur koma fram um.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Hver framleiðandi fiskafurða, sem fluttar eru úr landi, skal hafa sérreikning hjá Verðjöfnunarsjóði fyrir hverja tegund fiskafurða sem hann framleiðir.

Seðlabanki Íslands hefur á hendi bókhald og rekstur Verðjöfnunarsjóðs. Framleiðandi getur mælt svo fyrir að innstæða á sérreikningi hans hjá Verðjöfnunarsjóði skuli ávöxtuð á sérstökum reikningi í tilteknum banka eða sparisjóði, en að öðrum kosti skulu innstæður á sérreikningum ávaxtaðar í Seðlabanka Íslands í samráði við stjórn Verðjöfnunarsjóðs. Ávaxta skal innstæður á sérreikningum annaðhvort í erlendum eða íslenskum gjaldeyri. Heimilt er þeim sem hefur innstæðu á sérreikningi til ávöxtunar í erlendum gjaldeyri að lána jafnvirði slíkrar innstæðu með þeim lánskjörum að endurgreiðsla höfuðstóls og vaxta sé háð breytingum á gengi erlends gjaldeyris gagnvart íslenskri krónu. Um vexti af þessum lánum, svo og önnur lánskjör, skal fara samkvæmt almennum reglum.

3. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Innstæða hjá Verðjöfnunarsjóði er undanþegin löghaldi, fjárnámi og lögtaki, enda þótt færð hafi verið til tekna á sérreikningi framleiðanda.

Eiganda innstæðu hjá Verðjöfnunarsjóði er óheimilt að veðsetja slíka innstæðu eða vísa á hana til greiðslu. Nú verður eigandi innstæðu gjaldþrota og rennur þá innstæðan til þrotabús hans.

Nú hættir eigandi innstæðu hjá Verðjöfnunarsjóði framleiðslu fiskafurða til útflutnings og skal innstæðan þá vera honum laus til ráðstöfunar er 12 mánuðir eru liðnir frá því að síðustu fiskafurðir hans voru fluttar út.

4. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Greiðslur inn á sérreikninga hjá Verðjöfnunarsjóði og gengis- og verðbóta- og vaxtatekjur af innstæðum á slíkum reikningum skulu undanþegnar tekju- og eignarskatti. Útgreiðslur af sérreikningum skulu taldar með tekjum framleiðanda á því ári sem útgreiðslur til hans eiga sér stað.

5. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo: Renna tekjur þessar inn á sérreikning viðkomandi framleiðanda hjá sjóðnum.

6. gr.

Síðari málsliður 8. gr. laganna orðast svo: Verðbætur skulu þó aldrei nema meira en þremur fjórðu hlutum verðlækkunarinnar og ekki umfram innstæðu hvers framleiðanda á sérreikningi hans hjá Verðjöfnunarsjóði vegna viðkomandi afurðar þegar til greiðslu verðbóta kemur.

7. gr.

Í stað „1. mgr. 5. gr.“ og „6. gr.“ 10. gr. laganna komi: 1. mgr. 7. gr. og 8. gr.

8. gr.

Síðari málsliður 12. gr. laganna fellur brott.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skipta skal eignum Verðjöfnunarsjóðs, sem fyrir hendi eru við gildistöku laga þessara, milli þeirra framleiðenda fiskafurða sem greitt hafa í sjóðinn frá 1. janúar 1985 í þeim hlutföllum sem framreiknaðar greiðslur hvers og eins hafa numið af heildargreiðslum á þessu tímabili. Skal þannig fundin inneign hvers framleiðanda lögð inn á sérreikning hans hjá Verðjöfnunarsjóði sem stofnaður verður samkvæmt lögum þessum.

Nú hefur tiltekinn framleiðandi greitt í Verðjöfnunarsjóð vegna fleiri en einnar fiskafurðar og skal þá skipta inneign hans samkvæmt framangreindu á sérreikninga hans fyrir viðkomandi fiskafurðir í sömu hlutföllum og nemur hlutfallslegri innbyrðis skiptingu greiðslna hans til Verðjöfnunarsjóðs á umræddu tímabili vegna viðkomandi afurða.

Nú framleiðir einhver framleiðandi fiskafurða ekki lengur tiltekna fiskafurð og skal þá samkvæmt ósk hans heimilt að láta inneign hans vegna þeirrar fiskafurðar ganga inn á sérreikning hans sem stofnaður er vegna annarrar fiskafurðar.

Sé einhver framleiðandi alfarið hættur rekstri skal hann sækja um endurgreiðslu á innstæðu sinni áður en 12 mánuðir eru liðnir frá gildistöku laga þessara.

Innstæður, sem myndast hafa vegna frystingar á endurgreiddum uppsöfnuðum söluskatti, skulu greiddar út eftir sömu reglum og uppsafnaður söluskattur hefur verið endurgreiddur.

Sé af einhverjum ástæðum ekki unnt að rekja innstæðu í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins til tiltekins greiðanda í sjóðinn eða hafi innstæðu ekki verið vitjað af framleiðanda sem hættur er rekstri skulu þeir fjármunir renna til framfaramála í sjávarútvegi samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er fyrst og fremst að breyta núverandi fyrirkomulagi verðjöfnunar í fiskiðnaði þannig að hún miðist við einstök fyrirtæki, en sé ekki sameiginleg fyrir heilar greinar eins og nú er. Með frumvarpinu er aðild hagsmunaaðila að stjórn Verðjöfnunarsjóðs breytt og gert ráð fyrir því að hvert fyrirtæki um sig geti ákveðið að innstæða þess sé ávöxtuð á sérstökum reikningi í banka eða sparisjóði að eigin vali. Að öðru leyti er núgildandi lögum lítið breytt með frumvarpinu, m.a. yrði innheimtukerfi sjóðsins með sama hætti og verið hefur.

Verðjöfnun í íslenskum sjávarútvegi í einhverri mynd á sér langa sögu. Árið 1967 varð, sem kunnugt er, mikið verðfall á sjávarafurðum á íslenskum útflutningsmörkuðum samfara miklum aflasamdrætti. Þá var sem oftar áður horfið að því ráði að ríkissjóður ábyrgðist ákveðið lágmarksverð á afurðunum. Ríkissjóður lagði þá fram í þessu skyni 140 millj. kr., en þá var jafnframt ákveðið að stofnaður skyldi Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins og var svo gert með lögum nr. 72/1969. Í þessum lögum var hlutverk sjóðsins skilgreint almennum orðum „... að draga úr áhrifum verðsveiflna sem kunna að verða á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins". Aðalatriði þessara laga hafa staðið lítt breytt síðan.

Meginrökin fyrir verðjöfnun í sjávarútvegi hafa einkum verið af tvennum toga. Annars vegar hafa legið að baki þau sjónarmið að stuðla þurfi að efnahagslegum stöðugleika með því að takmarka innstreymi peninga í efnahagslífið þegar vel gengur í sjávarútvegi og auka peningastreymi fremur þegar verr árar. Hins vegar er það sjónarmið að fyrirtæki í sjávarútvegi eigi örðugt með að laga sig að breyttum aðstæðum. Þannig er mun auðveldara að fylgja uppsveiflu með hærra hráefnisverði og launakostnaði en lækka hráefnisverð og laun þegar illa gengur.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins hefur gegnt þessu tvíþætta hlutverki og unnið þannig að hann innheimtir afgjöld af útfluttum sjávarafurðum þegar verðið er hátt, en bætir upp verð afurðanna þegar verð er talið lágt. Í framkvæmd hefur sjóðurinn tekið mið af markaðsverðlagi afurða undangenginna þriggja ára og haft hliðsjón af afkomu viðkomandi framleiðslugreinar. Á þessum forsendum er svonefnt viðmiðunarverð ákveðið. Reynist það hærra eða lægra en markaðsverð á yfirstandandi framleiðslutímabili er greitt í eða úr sjóðnum með fyrir fram ákveðnu afgjaldshlutfalli af frávikinu. Þetta svonefnda afgjaldshlutfall hefur verið breytilegt 50–75% eftir tímabilum og afurðum, en oftast þó 50%. Yfirleitt hefur þó einnig verið ákveðið gjaldfrítt bil í kringum viðmiðunarverðið, oft 3–5%.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins hefur nú starfað í 18 ár og verður nú stuttlega greint frá starfsemi hans á þessu tímabili. Í því sambandi er vitnað beint í skýrslu nefndar til að endurskoða sjóði sjávarútvegsins, en hún var gefin út af sjávarútvegsráðuneytinu í október 1986. Mynd- og talnaefni í þeirri skýrslu nær til ársins 1985. Frá starfsemi sjóðsins síðar og stöðu hans í árslok 1987 er stuðst við upplýsingar úr ársskýrslum Seðlabankans og frá honum sjálfum.

Í skýrslu „sjóðanefndar sjávarútvegsins" segir svo um starfsemina fram til ársloka 1985:

„Starfsemi sjóðsins spannar nú sextán almanaksár og verður hér á eftir greint í grófum dráttum frá starfsemi hans á þessu árabili. Talnayfirlitið í töflunum, sem fylgja, lýsir inn- og útgreiðslum sjóðsins og árlegum breytingum markaðsverðs helstu sjávarafurða sem lengst hafa verið á starfssviði hans, en það eru freðfiskur, óverkaður saltfiskur, loðnuafurðir, rækja og hörpudiskur. Áætlað meðalmarkaðsverð þessara afurða fyrir hvert ár er umreiknað í SDR á föstu verði miðað við meðalbreytingar á smásöluverði matvæla milli ára í SDR-löndum. Með þessum umreikningi er reynt að nálgast verðbreytingar afurðanna á raunvirði og jafnframt taka tillit til áhrifa gengisbreytinga milli bandaríkjadals og evrópskra mynta á afurðaverðið.

1. Freðfiskur.

Á mynd 1 er sýnt hlutfall inn- eða útgreiðslna Verðjöfnunarsjóðs af heildarverðmæti útflutningsframleiðslu freðfisks á ári hverju 1970–1985 (sjá einnig töflu 1). Ef um inngreiðslu er að ræða er hlutfall verðjöfnunar jákvætt og öfugt ef um útgreiðslu er að ræða. Eins og sjá má á mynd 1 eru greiðslur úr og í freðfiskdeild sjóðsins fram til ársins 1981, en þá stöðvast þær. Af myndinni að dæma virðist sæmileg samsvörun milli verðjöfnunar og verðbreytinga freðfisks þegar á heildina er litið. Þó hefur komið fyrir að verðjöfnun og verðbreyting stangist á, þ.e. að greitt hafi verið úr sjóðnum á árum sem verðlag freðfiskafurða fór

hækkandi. Þetta gerðist árin 1972, 1976 og 1981, en því er við að bæta að árin 1972 og 1981 dróst freðfiskframleiðsla saman, sérstaklega fyrra árið. Öðru máli gegnir um árið 1976 því að það ár jókst freðfiskframleiðsla um 7% frá fyrra ári. Þessi ár virðist sjóðurinn ekki hafa gegnt hlutverki sínu sem skyldi.

Óhætt virðist að fullyrða að freðfiskdeild sjóðsins hafi jafnað tekjur milli ára á hverja framleidda einingu í frystihúsunum á fyrri helmingi áttunda áratugarins. Eftir það eru línurnar ekki eins skýrar. Ekki má gleyma tveimur mikilvægum atriðum í þessu sambandi. Annars vegar virðist sem verulega hafi dregið úr verðsveiflum á freðfiski á síðustu árum samanborið við fyrstu starfsár sjóðsins og hins vegar virðist freðfiskverð að meginstefnu hafa farið lækkandi á fyrri hluta níunda áratugarins. Við þessar aðstæður er varla við því að búast að sjóðurinn sé mjög virkur gagnvart freðfiski.

Mynd 1.

Freðfiskur.



2. Óverkaður saltfiskur.

Mynd 2 lýsir starfsemi saltfiskdeildar. Óverkaður saltfiskur er eina afurðin innan starfssviðs sjóðsins þar sem greiðslur úr eða í sjóðinn verða öll starfsár hans. Fram til ársins 1977 var jafnt og þétt greitt í sjóðinn, en frá og með því ári hafa saltfiskframleiðendur fengið verðbætur úr sjóðnum hvert ár, en í mismiklum mæli og ekki alltaf í samræmi við sveiflur afurðaverðs eins og mynd 2 ber með sér.

Tilgangi saltfiskdeilda sjóðsins virðist hafa verið náð í meginatriðum fyrstu fimm starfsárin þótt segja megi að inngreiðslur væru tiltölulega litlar miðað við hækkun markaðsverðs. Á árunum 1975 og 1976 bregður hins vegar svo við að greitt er í sjóðinn um það bil sem markaðsverð byrjar að lækka. Skýringin á þessu er einkum sú að þegar verðið fór síhækkandi mörg ár í röð gat viðmiðunarverð með hliðsjón af markaðsverði þriggja undanfarinna ára orðið lægra en markaðsverð á líðandi ári þótt það verð væri að sínu leyti lægra en markaðsverð á næstliðnu ári. Á árunum 1979 og 1980 kom upp hið gagnstæða, þ.e. greitt var í sjóðinn þegar markaðsverð fór hækkandi. Hér veldur án efa að veruleg innstæða

hafði myndast í saltfiskdeildinni sem menn vildu njóta, ekki síst þar sem innlendur kostnaður fór mjög hækkandi á þessu tímabili og samkeppni milli greina um fisk og fólk var hörð.

Þegar á heildina er litið er ef til vill ekki unnt að meta með einhlítum hætti áhrif sjóðsins á afkomu saltfiskverkunar, en svo virðist sem starfsemi saltfiskdeildar hafi í meginatriðum þjónað tilgangi sjóðsins þótt frá því séu undantekningar.

Mynd 2.

Saltfiskur.



3. Rækja og hörpudiskur.

Myndir 3 og 4 sýna verðjöfnun og verðbreytingar fyrir rækju og hörpudisk. Hlutdeild þessara afurða í útflutningsframleiðslu sjávarafurða var rúmlega 1% við stofnun sjóðsins, en árið 1985 var þetta hlutfall nærri 10%. Þannig hefur mikilvægi þessara afurða stöðugt aukist síðustu fimmtán árin. Þess ber að geta að hörpudiskur var ekki tekinn inn í sjóðinn fyrr en 1978. Myndirnar sýna glöggt að sjóðurinn hefur þjónað hlutverki sínu vel gagnvart þessum afurðum sem búa við einkar óstöðugt markaðsverð.

Mynd 3.

Rækja.



Mynd 4.

Hörpudiskur.



4. Loðnuafurðir.

Verð fyrir loðnuafurðir sveiflast mjög á heimsmarkaði. Sjóðnum hefur tekist að milda áhrif mestu sveiflnanna. Við ákvörðun viðmiðunarverðs virðast markaðsaðstæður hverju sinni hafa ráðið mestu. Verðjöfnun í mjöl- og lýsisframleiðslu virðist því í minna mæli hafa ráðist af afkomu og rekstrarfjárþörf en í botnfiskvinnslu. Ein helsta skýringin á þessu er án efa að útflutningsmarkaður fyrir freðfisk og saltfisk líkist meir markaði fyrir fullunnar vörur en hráefni, en verðlag á mjöli og lýsi er aftur á móti mjög háð þeim sveiflum sem verða á hráefnismarkaði í heiminum sem stjórnast af síbreytilegu árferði og uppskeru.

Mynd 5.

Loðnumjöl.



Mynd 6.

Loðnulýsi.



5. Aðrar deildir.

Skreið kom fyrst inn í Verðjöfnunarsjóð árið 1976. Næstu ár á eftir er hvorki um inneða útgreiðslur að ræða, en árið 1981 er innheimt á ný í skreiðardeildina. Á næstu tveimur til þremur árum gengur mjög á innstæður deildarinnar, en þar kom til bæði töluvert verðfall og markaðserfiðleikar.

Saltsíld. Í kjölfar gengisfellingarinnar árið 1967 var tekin af saltsíldarframleiðendum í Gengismunasjóð fjárhæð sem síðar rann í þeirra deild í Verðjöfnunarsjóði. Hún stóð óhreyfð til ársins 1979 er greitt var úr sjóðnum. Engin greiðsla varð 1980, en 1981 var greitt á ný úr deildinni.

6. Nokkrar skýringar á talnaefninu.

Eins og sjá má af súluritunum á myndum 1–6 hefur sjóðurinn í meginatriðum starfað eins og tilgangur hans segir til um. Greitt hefur verið í sjóðinn þegar verð hefur farið hækkandi og úr sjóðnum í verðfalli. Ekki hefur verið greitt úr sjóðnum þegar peningar hafa ekki verið fyrir hendi í viðkomandi deild þó að tilefni væri til. Stundum hefur þó verið lánað milli deilda í stuttan tíma. Þá hefur sjóðurinn stundum verið notaður sem farvegur fyrir aðrar greiðslur, svo sem vegna skreiðar, en það kemur starfsemi sjóðsins harla lítið við og skiptir ekki máli um starfsemi hans.

Þegar súluritin eru skoðuð virðist í fljótu bragði að stundum hafi verið greitt úr sjóðnum þrátt fyrir hækkandi verð. Svo virðist t.d. hafa verið um freðfiskafurðir 1972, 1976 og 1981. Svo er þó ekki í reynd, nema hugsanlega 1976. En þetta stafar af verðbreytingum innan viðkomandi ára. Hér verða tölur hvers þessara ára skýrðar nokkuð:

Árið 1972.

Mjög ör verðhækkun varð á árunum 1970 og 1971, t.d. hækkaði þorskblokk úr 24,5 sentum í 46 sent og 5 punda þorskur hækkaði úr 35 sentum í 55 sent. Árið 1972 stöðvaðist þessi þróun að mestu leyti, en hráefni og laun héldu áfram að hækka. Það leiddi til þess að greitt var úr sjóðnum síðustu mánuði ársins.

Árið 1976.

Mikið verðfall varð á árunum 1974 og 1975 og var þá greitt úr sjóðnum. Þetta verðfall hélst fram á árið 1976. Þegar kom fram á árið hækkaði verð verulega. Þorskblokk var í ársbyrjun 70 sent, en 90 í árslok; fimm punda þorskur var 94 sent í ársbyrjun en 96 í árslok. Rétt er að taka það fram að blokk vó þyngra í heildarframleiðslunni á þessu ári en síðar varð. Ástæða hefði verið til að greiða úr sjóðnum fyrri helming ársins, en það var ekki gert, aftur á móti var greitt úr sjóðnum síðari hluta ársins þótt verð færi þá hækkandi. Hér var ef til vill um síðbúin viðbrögð að ræða.

Árið 1981.

Verðfall varð árið 1980. Þegar kom fram á árið 1981 fór verð hækkandi að nýju. Greitt var úr sjóðnum framan af ári, en því var hætt þegar verðið fór að rétta sig af. Fimm pundin, sem nú voru orðin veigamesti þáttur framleiðslunnar, hækkuðu úr 138 sentum í 157 sent frá ársbyrjun til ársloka. Blokk hækkaði hins vegar ekki og lækkaði raunar á tímabili.

Saltfiskur.

Það stingur í augu að greitt er í Verðjöfnunarsjóð af saltfiski árin 1975 og 1976 þrátt fyrir verðlækkun. Þetta stafar af því að verðlækkun á freðfiski árin 1974 og 1975 var meiri en verðlækkunin á saltfiski og varð því raunlækkun á hráefnisverði til allrar fiskvinnslu. Staða saltfiskverkunar var því góð þrátt fyrir greiðslu í sjóðinn. Þetta snerist alveg við á árunum 1979 og 1980, en þá var greitt úr sjóðnum þrátt fyrir hækkandi verð. Þetta hefur einmitt verið mikilvægt í starfsemi sjóðsins. Á þennan hátt var komið í veg fyrir það á árunum 1975 og 1976 að allt of mikill flótti yrði frá frystingu yfir í söltun, en það hefði getað leitt til enn meira verðfalls á saltfiski en í raun varð. Á sama hátt var hægt að halda uppi framleiðslu árin 1979 og 1980 enda þótt freðfiskframleiðslan stæði betur að vígi fram á árið 1980. Þetta verður því í samræmi við tilgang sjóðsins þegar tillit er tekið til afkomu greinarinnar.

Aðrar afurðir.

Eins og áður kemur fram getur verið gagnlegt að líta á freðfisk- og saltfiskframleiðsluna í samhengi vegna þess að þessar greinar vinna að miklu leyti sömu fisktegundir. Það verður til þess að hráefni getur ýmist hækkað eða lækkað af tilefni sem verður aðeins í annarri greininni. Það er því meðaltal beggja greinanna sem verður að skoða saman.

Þetta á ekki við um aðrar framleiðslugreinar. Rækja, humar og hörpudiskur fara nær eingöngu í frystingu, loðna fer svo til öll í mjölvinnslu. Þetta verður til þess að hægt er að skoða þessar greinar alveg óháð þróun annarra greina. Í þessum greinum er fylgnin milli verðlags og greiðslu úr eða í Verðjöfnunarsjóð mjög góð. Frávik eru sjaldgæf og skýrast að fullu af tvennu: Annars vegar af verðbreytingum innan árs, og hins vegar af því hvort fjármagn var til í sjóðnum á hverjum tíma.“ (Tilvitnun í nefndarálit sjóðanefndar lýkur.)

Eftir athugun á framangreindum upplýsingum um Verðjöfnunarsjóð var það álit meiri hluta „sjóðanefndarinnar“ að sjóðurinn hefði yfirleitt þjónað því hlutverki sem honum var ætlað að gegna og lagði nefndin til að sjóðurinn starfaði áfram.

Á árunum 1986 og 1987 jókst starfsemi Verðjöfnunarsjóðs mjög verulega. Til marks um það nam heildarinnstæða Verðjöfnunarsjóðs í Seðlabankanum 156,6 millj. kr. í árslok 1985, en 370,9 millj. kr. í árslok 1986 og er eignarstaða hans áætluð 1515 millj. kr. í árslok 1987.

Miklar verðhækkanir urðu á árinu 1986 á flestum tegundum sjávarafurða. Mestar hækkanir urðu þó á rækju og hörpudiski og var t.d. inngreiðsla í Verðjöfnunarsjóðinn sett á rækju í apríl, þá 5% af verðmæti. Þessi prósenta var tvívegis hækkuð á árinu í 15% í ágúst og 17,5% í október. Í skýrslu Seðlabankans fyrir árið 1986 segir að þetta muni vera með hæstu verðjöfnunarinnheimtu í 18 ára sögu sjóðsins. Jafnframt þessu var á árinu sett sams konar inngreiðsla á hörpudisk, 15%.

Í ársbyrjun 1987 var verðjöfnun á þessum afurðategundum: humri, rækju, hörpuskel og saltfiskafurðum. Fyrirframgreiðsla var áfram í gildi á hörpudisk og rækju. Á hinn bóginn féll verð á þessum afurðum gífurlega á seinni hluta ársins, einkum hörpudiski. Hefur þessi sveifla verið tekin sem dæmi um að sjóðurinn sé allt of þungur í vöfum. Greitt var inn í sjóðinn á sumarverðstímabilinu öllu fyrir rækju þegar þessi afurð var fallin í verði og enn eru ógreiddar úr sjóðnum líklega rúmlega 50 millj. kr. vegna verðfalls á hörpudiski á árinu 1987.

Samkvæmt upplýsingum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins frá 10. febr. sl. er sjóðs- og eignastaða 31. des. sl. sem hér segir (í krónum):

Stofnfjárdeild	1 613 362
Freðfiskdeild	8 575 594
Loðnumjöl	575 996
Loðnulýsi	11 898 688
Óverkaður saltfiskur	179 058 260
Fiskimjöl	227 659
Rækja	390 314 700
Skreið	10 354 086
Humar	137 948 790
Saltsíld	564 771
Hörpudiskur	40 022 204
Verkaður saltfiskur	78 106
Spærlingur, kolmunni, mjöl	2 387 776
Skelrækja	0
Gámafiskur	224 891
Biðreikningur vegna söluskatts	232 000 000
Samtals	1 015 844 883

Raunveruleg eignastaða sjóðsins er nokkuð frábrugðin sjóðsstöðunni. Markast það af því að framleiðsluárið 1987 var ekki að fullu uppgert um áramót. Einnig á sjóðurinn inni hjá framleiðendum verulegar verðhækkunartekjur frá árinu 1986. Í lok desembermánaðar sl. ákvað stjórn Verðjöfnunarsjóðs að verðbæta hörpuskelsframleiðslu ársins 1987. Við þá aðgerð mun hörpuskelsdeildin því sem næst tæmast á næstu vikum. Á biðreikningi endurgreidds söluskatts var innstæða 232 millj. kr. um síðustu áramót. Stuttu eftir áramót kom í ljós að tollstjóraembættið hafði ofgreitt rúmlega 95 millj. kr. inn á þennan reikning. Rétt staða biðreiknings er því 136,8 millj. kr.

Áætluð eignastaða Verðjöfnunarsjóðs um áramótin 1987 til 1988 að teknu tilliti til óinnheimtrar verðjöfnunar frá 1986 og 1987 og ógreiddra verðbóta vegna hörpudisks frá 1987 er því þessi (í þús. kr.):

Stofnfjárdeild	1 500
Freðfiskdeild	150 000
Loðnumjöl	600
Loðnulýsi	12 000
Óverkaður saltfiskur	610 000
Fiskimjöl	200
Skreið	10 400
Rækja	450 000
Humar	140 000
Saltsíld	600
Hörpudiskur	7 000
Verkaður saltfiskur	100
Spærlingur, kolmunni, mjöl	2 400
Skelrækja	0
Gámafiskur	1 000
Biðreikningur vegna söluskatts	136 800
Samtals	1 515 100

Verðjöfnunarsjóður er varðveittur á SDR-reikningum við Seðlabanka Íslands og er því að fullu gengistryggður. Innstæður eru ávaxtaðar með millibankavöxtum í London (LIBOR), samvegnum eftir samsetningu SDR hverju sinni og að frádregnu ⅛%.

Engan þarf að undra þótt svo stórfelld og misjöfn sjóðsöfnun hjá einni atvinnugrein veki umtal og deilur, enda hafa málefni sjóðsins verið ofarlega á baugi hjá forráðamönnum í sjávarútvegi að undanförnu. Þar hafa komið fram mörg gagnrýnisefni sem áður er lýst auk annarra, svo sem að ákvörðun viðmiðunarverðs taki ekki nægjanlegt mið af framleiðslukostnaði, einkum þegar gengisskráning verður sjávarútveginum sífellt óhagstæðari vegna meiri verðbólgu innan lands. Háværar raddir hafa komið fram og tillögur um afnám sjóðsins.

Með þessu frumvarpi er þó fyrst og fremst ætlunin að lagfæra mikinn galla á núgildandi kerfi sem verður djúpstæðari og augljósari þegar um svo mikla sjóðsöfnun er að ræða samfara miklum breytingum í sjávarútvegi. Breytingar eru að verða örari í stétt framleiðenda en áður a.m.k. í sumum greinum. Nýir framleiðendur fá jafnmikinn rétt til útgreiðslu, ef um verðlækkun er að ræða á afurðum, og þeir sem hafa greitt í sjóðinn árum saman. Staðreyndin er sú að hver og einn framleiðandi um sig lítur á inngreiðslu í sjóðinn sem tapað fé og útgreiðslu sem fundið. Væri verðjöfnunin aðskilin svo sem lagt er til í þessu frumvarpi breytast þessar aðstæður. Þá getur hvert fyrirtæki litið á inngreiðslur á sérreikning sem sinn varasjóð sem ganga má á þegar illa árar og þeir sem greitt hafa mest eiga þá styrkasta bakhjarlinn. Þetta kerfi dregur auk heldur ekki úr hvata til þess að nýta sér þau tækifæri sem bjóðast hverju sinni eins og hætt er við að núverandi kerfi geri.

Sá misskilningur hefur komið upp að með breytingu á verðjöfnunarkerfi sjávarútvegsins, sem lagt er til að gerð verði samkvæmt þessu frumvarpi, sé verið að flytja fé frá útgerð og sjómönnum til fiskvinnslu. Um slíkt er ekki að ræða. Í núverandi verðmyndunarkerfi er hráefnisverð afleidd stærð af greiðslugetu vinnslunnar og er þá tekið mið af útgreiðslum eða inngreiðslum í Verðjöfnunarsjóð. Nákvæmlega sama gildir þótt verðjöfnunin sé bundin við einstök fyrirtæki. Eini munurinn er sá að greiðslugeta fyrirtækjanna getur orðið mismunandi á útgreiðslutímabilum vegna þess að sá sem greitt hefur mest inn í sinn verðjöfnunarsjóð á mesta innstæðu til að ganga á. Segja má að líkur séu á því að með breyttu fyrirkomulagi greiðist meira inn í Verðjöfnunarsjóð eftir en áður og að hráefnisverð héldist fremur hærra en hitt þegar til lengdar lætur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er verið að kveða á um hvaða aðilar taki ákvarðanir um verðjöfnun í einstökum greinum fiskvinnslunnar. Núverandi fyrirkomulagi er að mestu haldið óbreyttu utan þess að inn í ákvarðanir um verðjöfnun á skeldýrum annarra en humars koma nú fulltrúar Félags rækju- og hörpudiskframleiðenda.

Um 2. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um heimildir fyrirtækja til að stofna sérreikninga í bönkum og sparisjóðum þar sem innstæður þeirra í Verðjöfnunarsjóði eru ávaxtaðar. Þetta er því sú grein laganna sem breytir núverandi fyrirkomulagi og kveður á um að verðjöfnunin miðist við einstök fyrirtæki. Enn fremur er í greininni heimild til þeirra peningastofnana, sem ávaxta fjármunina, að lána þá út gengistryggt.

Um 3. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um hvernig fara skuli með innstæður í Verðjöfnunarsjóði þegar fyrirtæki lenda í greiðsluerfiðleikum. Hér er lagt til að innstæður þessar séu algerlega fyrir utan fyrirtækið nema við gjaldþrot, en þá renni þær í þrotabúið. Enn fremur er gert ráð fyrir því að framleiðandi fái fé úr sjóðnum 12 mánuðum eftir að hann hættir framleiðslu.

Um 4. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um að greiðslur í Verðjöfnunarsjóð fái sömu skattameðferð og nú.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 7. gr.

Í þessari grein er verið að leiðrétta villur í núverandi lagatexta.

Um 8. gr.

Hér er felld niður heimild ráðherra til að stofna nýjar deildir þar sem það á ekki við lengur.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða er mælt fyrir um hvað gert skuli við innstæður þær sem nú eru í Verðjöfnunarsjóði. Hugmyndin er sú að þessum innstæðum, sem myndast hafa vegna inngreiðslu framleiðenda, sé skipt upp á milli þeirra sem greitt hafa í sjóðinn síðan í ársbyrjun 1985. Þær upphæðir, sem nú eru í Verðjöfnunarsjóði, eiga samkvæmt þessu að mynda fyrstu innstæður á sérreikningum fyrirtækjanna og nýtast þannig sem stofn fyrir útgreiðslur úr Verðjöfnunarsjóði þegar ástæða er til samkvæmt ákvörðunum stjórnar sjóðsins.

Sé framleiðandi alveg hættur rekstri er gert ráð fyrir að hann geti vitjað innstæðu sinnar innan árs.

Innstæður í sjóðnum vegna endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti eiga hins vegar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar að greiðast út eftir sömu reglum og hingað til.

Sþ. 572. Fyrirspurn [273. mál]

til landbúnaðarráðherra um málefni loðdýrabænda.

Frá Ríkharð Brynjólfssyni, Steingrími J. Sigfússyni og Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar, eða hafa verið ákveðnar, til að styrkja stöðu loðdýraræktar, einkum refaræktar, í kjölfar verðfalls á skinnum undanfarið?
2. Eftir hvaða reglum hefur verið farið við úthlutun leyfa til loðdýraræktar og eru fyrirhugaðar breytingar á þeim í ljósi breyttra aðstæðna?

Sþ. **573. Fyrirspurn** [274. mál]

til landbúnaðarráðherra um forfalla- og afleysingaþjónustu bænda.

Frá Ríkharð Brynjólfssyni, Steingrími J. Sigfússyni og Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvernig hefur verið háttað forfalla- og afleysingaþjónustu bænda sem tekin var upp í sambandi við verðákvörðun búvara 1. desember 1978?
2. Hversu miklu hærri væri launaliður verðlagsgrundvallar nú ef bændur hefðu ekki rétt á forfalla- og afleysingaþjónustu?
3. Hversu mörg ársverk hafa verið greidd til þessarar þjónustu hvert ár frá því lög um forfalla- og afleysingaþjónustu tóku gildi, annars vegar úr ríkissjóði og hins vegar úr Stofnlánadeild?
4. Hafa starfsreglur um forfalla- og afleysingaþjónustu breyst í samræmi við aukinn rétt viðmiðunarstétta á þessu sviði, m.a. rétt til launa í fjarvistum vegna veikinda barna?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 574. Frumvarp til laga [275. mál]

um tímabundið átak í uppbyggingu dagvistarheimila fyrir börn.

Flm.: Sigríður Lillý Baldursdóttir, Kristín Einarsdóttir,
Kristín Halldórsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir.

1. gr.

Markmið laga þessara er að bæta verulega og með skjótum hætti úr skorti á dagvistarrými fyrir börn um allt land.

2. gr.

Stofnaður skal byggingarsjóður dagvistarheimila fyrir börn. Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum, einum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einum frá menntamálaráðuneytinu og einum frá Fóstrufélagi Íslands.

3. gr.

Byggingarsjóður dagvistarheimila fyrir börn skal vera í vörslu Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjár til hans skal aflað sem hér segir:

a. Sveitarstjórnir skulu leggja 0,11% álag í fimm ár á aðstöðugjaldsstofn sem renna skal að fullu í sjóðinn. Einnig skal skattstjórinn í Reykjavík leggja 0,11% álag í fimm ár á aðstöðugjaldsstofn þeirra félaga sem greiða landsútsvar og skal það einnig renna að fullu í sjóðinn.
b. Á móti framlagi því sem getið er í a-lið skal greiða úr ríkissjóði jafnháa upphæð í sjóðinn eigi síðar en þremur mánuðum eftir að álagning aðstöðugjalda og álags samkvæmt þessari grein liggur fyrir.

4. gr.

Sveitarstjórnir skulu sækja formlega um framlag úr byggingarsjóði dagvistarheimila fyrir börn til stjórnar sjóðsins. Í umsókninni skal koma fram gerð og stærð fyrirhugaðs dagvistarheimilis, fyrir hvaða aldurshóp það á að vera, hvort reisa eða kaupa á dagheimili, leikskóla, skóladagheimili eða annað, mat sveitarstjórnar á þörf fyrir slíkt dagvistarheimili og annað það sem nauðsynlegt er til að stjórnin geti tekið afstöðu til úthlutunar.

5. gr.

Úr byggingarsjóði dagvistarheimila skal úthluta tveimur þriðju hlutum áætlaðs kostnaðar við uppbyggingu dagvistarheimilis. Miða skal við að úthlutun komi til greiðslu í samræmi við verkstöðu á hverjum tíma samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

6. gr.

Telji stjórn sjóðsins að ekki sé gætt hagkvæmni í hönnun og byggingu dagvistarheimilis er henni heimilt að hafna umsókn eða skerða hana.

7. gr.

Verði umsóknir um úthlutanir úr byggingarsjóði dagvistarheimila fleiri en sjóðurinn getur veitt skal stjórn sjóðsins láta þau sveitarfélög, sem verst eru sett, ganga fyrir.

8. gr.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu aðstöðugjalda 1988 vegna tekna og gjalda árið 1987.

Greinargerð.

Allir eru sammála um það þegar að er spurt að börnin séu það dýrmætasta sem þjóðin á. En börn þurfa umönnun. Sú þróun hefur verið í gerð fjölskyldu og umhverfis barna á síðustu árum að örvun og eðlileg viðfangsefni, sem geta veitt börnunum aukna þjálfun, aukið sjálfstraust þeirra og ábyrgðarkennd, hafa minnkað verulega. Samvistir þeirra við fullorðið fólk í starfi og leik fara síminnkandi. Borgarsamfélag og litlar, sundraðar fjölskyldur krefjast annarra uppeldislausna sem m.a. eru fólgnar í góðu uppeldisstarfi inni á dagvistarheimili. Dagvistarheimili eru ekki geymslustaðir heldur nauðsynlegur þáttur í uppeldi barna á okkar tímum og stuðningur við fjölskylduna. Það er skylda samfélagsins að annast eins vel um börnin og kostur er og löngu orðið tímabært að sameiginlegt fé landsmanna fari til uppbyggingar dagvistarheimila í landinu þannig að sómi sé að. Slæmur aðbúnaður barna nú kemur niður á okkur öllum í framtíðinni.

Atvinnuþátttaka foreldra hefur aldrei verið meiri hér á landi og hún fer vaxandi. Um 80% kvenna og ríflega 90% karla, sem eiga börn á forskóla- og skólaaldri, vinna meira en ¼ úr ársverki. Atvinnuþátttaka kvenna hefur farið stöðugt vaxandi og engin ástæða er til að ætla að sú þróun snúist við. Konur eru sífellt að afla sér aukinnar menntunar og hafa með atvinnuþátttöku sinni aflað sér mikillar reynslu sem hvorki samfélagið né þær mega láta vera að nýta sem best.

Á meðan atvinnurekendur og þjóðarbúið njóta góðs af vinnuafli foreldranna er börnum þeirra víða búin ófullnægjandi aðstaða. Það hlýtur að vera hagsmunamál atvinnurekenda að fá í bráð og lengd sem flesta hæfa starfsmenn, og að foreldrar geti verið með hugann allan við vinnuna á meðan börnum þeirra er vel komið fyrir í öruggri umönnun. Það er því eðlilegt að atvinnurekendur séu kallaðir til þátttöku í uppbyggingu dagvistarþjónustunnar.

Við gerð kjarasamninga ASÍ í október 1980 greip ríkisstjórnin inn í til að liðka fyrir samningum og lofaði að taka til höndum við uppbyggingu dagvistarheimila og fullnægja þörf fyrir dagvistarþjónustu á næstu 10 árum. Nefnd, sem menntamálaráðherra skipaði til að gera áætlun um uppbyggingu dagvistarheimila samkvæmt þessu samkomulagi, lauk störfum 30. apríl 1982. Nefndin byggði álit sitt á tveimur mismunandi forsendum fyrir dagvistarrými.

	Forsenda 1	**Forsenda 2**
3–12 mánaða	10%	22%
1 árs	25%	50%
2–5 ára	65%	80%
6–9 ára	8%	17%

Skipting dagvistarforma var einnig reiknuð með tveimur forsendum:

	Forsenda A	**Forsenda B**
Dagheimili, lengur en 5 stundir	30%	45%
Leikskólar, 5 stundir	70%	55%

Útreikningar vegna 0–5 ára aldurshóps voru annars vegar gerðir samkvæmt forsendum 1 og A, hins vegar samkvæmt 2 og B og gefa því áætluð ystu mörk þarfarinnar. Fyrir börn á aldrinum 6–9 ára var þörfin reiknuð samkvæmt forsendu 1 og forsendu 2.

Áætlað var að ríkið þyrfti að greiða 50 milljónir króna í 10 ár miðað við byggingarvísitölu 909 stig til að uppfylla þörf samkvæmt forsendum 2 og B. Hins vegar var talið að árlegt framlag ríkisins í tíu ár samkvæmt forsendum 1 og A þyrfti að vera 30 milljónir króna við sömu vísitölu. Á vísitölu í febrúar 1988 samsvara þessar tölur 280 milljónum króna og 168

milljónum króna. Heildarframlag ríkisins til uppbyggingar dagvistarþjónustu hefði því þurft að vera á bilinu 1680 milljónir króna til 2800 milljónir króna. Ástæða er til þess að ætla að forsendur 2 og B falli betur að þörfinni eins og hún hefur þróast sl. ár. Því eru þær lagðar hér til grundvallar.

Framlag ríkisins til byggingar dagvistarheimila á árunum 1980–1987 voru samkvæmt tölum frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun talið í milljónum króna:

Ár	Verðlag ársins	Byggingar-vísitala	Verðlag fjár-laga 1988
1980	5 500	10.60	59 410
1981	10 724	16.06	76 457
1982	14 100	25.17	64 142
1983	26 994	42.70	72 384
1984	31 640	51.67	70 114
1985	34 901	68.27	58 535
1986	38 060	85.03	51 251
1987	43 195	100.06	49 429
1988		114.50	
			501 722

Tölur frá 1980–1986 eru samkvæmt ríkisreikningi. Tölur fyrir 1987 eru samkvæmt fjárlögum.

Þannig vantar 2300 milljónir króna upp á að ríkið sé búið að greiða það sem til stóð.

Sveitarfélögunum var ætlað að greiða jafnháa upphæð en samkvæmt upplýsingum frá menntamálaráðuneytinu skuldar ríkið sveitarfélögunum miðað við byggingarvísitölu í febrúar 1988 samtals 207 milljónir króna.

Í heild vantar því 4393 milljónir króna upp á að til uppbyggingar dagvistarheimila hafi verið varið því sem lagt var til í áliti nefndar þeirrar sem menntamálaráðherra skipaði 1980 til að gera tíu ára áætlun um uppbyggingu dagvistarþjónustu í landinu.

Með þessu frumvarpi eru lagðar til eftirfarandi breytingar frá því fyrirkomulagi sem viðgengist hefur við fjármögnun bygginga dagvistarheimila: Þátttaka atvinnurekenda í kostnaði við uppbyggingu dagvistarheimila og stofnun byggingarsjóðs dagvistarheimila fyrir börn sem gert er ráð fyrir að atvinnurekendur og ríkissjóður myndi sameiginlega með jafnháum framlögum. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn myndist á fimm árum. Í hann geti síðan sveitarfélög sótt um tvo þriðju hluta kostnaðar við byggingu dagvistarheimilis. Sveitarfélög gætu fengið greitt úr byggingarsjóðnum eftir því sem verkinu miðaði en gera má ráð fyrir að það hvetji sveitarfélögin til þess að hefjast handa og þannig væri hægt að bæta verulega og með skjótum hætti úr þeim mikla skorti sem er á dagvistarrými fyrir börn hér á landi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að stofnaður verði einn sjóður fyrir allt landið sem einungis skuli notaður til uppbyggingar dagvistarheimila í landinu.

Einnig kveður greinin á um með hvaða hætti stjórn sjóðsins skuli skipuð. Ástæða þykir til að sveitarfélögin og ríkið hafi sinn fulltrúann hvort vegna aðildar þeirra að sjóðnum. Einnig þykir eðlilegt að í stjórninni sé fóstra enda hefur hún þekkingu á því hvaða kröfur gott dagvistarheimili þarf að uppfylla.

Um 3. gr.

Í greininni segir m.a. með hvaða hætti skuli afla sjóðnum fjár. Áætlað er að til uppbyggingar dagvistarheimila á landinu vanti 4393 milljónir króna ef miðað er við byggingarvísitölu í febrúar 1988. Gert er ráð fyrir að í byggingarsjóð dagvistarheimila fyrir börn safnist tveir þriðju hlutar þessa fjár á fimm árum.

Helmings þeirrar fjárhæðar, eða 1465 milljóna króna, 293 milljóna króna á ári, verði aflað skv. a-lið greinarinnar með álagi á aðstöðugjaldsstofn þeirra einstaklinga og lögaðila sem greiða aðstöðugjald og á aðstöðugjaldsstofn hjá þeim félögum sem greiða landsútsvör. Samanlagður stofn þessi var við álagningu aðstöðugjalda og landsútsvars í júlí 1987 u.þ.b. 260 milljarðar króna miðað við byggingarvísitölu í febrúar 1988. Því er gert ráð fyrir 0,11% álagi á stofninn.

B-liður greinarinnar þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Í greininni kemur m.a. fram að byggingarsjóði dagvistarheimila fyrir börn er ekki einungis ætlað að veita fé til nýbygginga dagvistarheimila fyrir börn heldur einnig til kaupa á eldra húsnæði og nauðsynlegra breytinga á því.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að sveitarfélögin beri þriðjung kostnaðar við uppbyggingu dagvistarheimila hvort sem um nýbyggingu eða kaup á eldra húsnæði er að ræða, sbr. samt skerðingarákvæði 6. gr.

Um 6. gr.

Úthlutun úr byggingarsjóði dagvistarheimila fyrir börn skal miðast við eðlilegan kostnað hverju sinni, enda séu kröfur um fullnægjandi aðbúnað uppfylltar. Ef fyrirhugað dagvistarheimili uppfyllir ekki þau skilyrði sem stjórn sjóðsins þykir eðlilegt að setja er stjórninni heimilt að hafna umsókn.

Um 7. gr.

Þegar réttur sveitarfélags til úthlutunar er metinn skal miða við fjölda barna á þau dagvistarrými sem fyrir eru. Það sveitarfélag, þar sem flest börn eru um hvert dagvistarrými, skal að öllu jöfnu ganga fyrir við úthlutun úr sjóðnum.

Um 8. gr.

Í reglugerðinni skal m.a. vera ákvæði um meðferð sjóðsins, ávöxtun hans og hvar hann skuli geymdur.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Ed. 575. Frumvarp til laga [276. mál]

um lögreglusamþykktir.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

Í hverju sveitarfélagi má setja lögreglusamþykkt. Heimilt er að setja lögreglusamþykkt sem gildi fyrir fleiri en eitt sveitarfélag.

2. gr.

Ráðherra setur reglugerð um lögreglusamþykktir sem vera skal fyrirmynd að lögreglusamþykktum sveitarfélaganna. Reglugerðin kemur í stað lögreglusamþykktar þar sem lögreglusamþykkt er ekki sett.

3. gr.

Í lögreglusamþykkt skal, eftir því sem þurfa þykir, kveða á um það sem varðar allsherjarreglu, svo sem:

a. Reglu og velsæmi á og við almannafæri; allt sem lýtur að því að draga úr hættu og óþægindum, greiða fyrir umferð og tryggja öryggi fólks; friðun og vernd mannvirkja og opinna svæða; hvernig stuðla má að góðri umgengni og hreinlæti á almannafæri.
b. Opnunar- og lokunartíma veitingastaða; skemmtanahald og hvernig skemmtunum og öðrum samkomum skuli markaður tími.
c. Verslun og aðra atvinnu á almannafæri; að leyfi þurfi til þess að hafa á tilteknum stað sölu, leigu eða afgreiðslu ökutækja; að leyfi þurfi til þess að reka skemmti- eða leiktæki gegn borgun.
d. Meðferð dýra til þess að varna því að tjón hljótist af þegar skepnur ganga lausar eða eru í vanhirðu.

Í lögreglusamþykkt skulu vera ákvæði um það hvernig greiða skuli þau útgjöld sem hin ýmsu ákvæði hennar hafa í för með sér.

4. gr.

Sveitarstjórn semur frumvarp til lögreglusamþykktar og sendir dómsmálaráðuneytinu til staðfestingar. Frumvarpið skal byggt á reglugerð um lögreglusamþykktir með þeim breytingum sem sveitarstjórn telur þörf á vegna umdæmisins.

Ef ráðuneytið telur þurfa að gera breytingar á frumvarpinu áður en það er staðfest skal leggja þær fyrir sveitarstjórn til álita. Breytingar, sem sveitarstjórn fellst ekki á, má eigi setja í samþykktina.

5. gr.

Lögreglusamþykkt gildir að öllum jafnaði fyrir allt umdæmi sveitarfélags.

Nú þykir rétt að skipa svo fyrir að ákvæði samþykktar skuli eigi gilda í hluta umdæmis annaðhvort að nokkru eða að öllu leyti, og skal þess þá getið í samþykktinni eftir því sem við á.

6. gr.

Brot gegn lögreglusamþykkt varða sektum. Sama er um brot á reglum sem settar eru samkvæmt lögreglusamþykkt.

Ef kenna má yfirsjón barns skorti á hæfilegri umsjá foreldris eða þess sem gengur barninu í foreldris stað skal refsa þeim fyrir yfirsjónina.

7. gr.

Ef einhver lætur það ógert sem er skylda hans samkvæmt lögreglusamþykkt eða reglum sem settar eru samkvæmt henni má lögreglustjóri láta gera það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra að vanrækslan valdi tjóni.

Kostnaður við þetta greiðist af þeim sem ábyrgð ber. Sama er um kostnað af ráðstöfun sem lögreglustjóri gerir til þess að hindra fyrirhugaða athöfn eða stöðva athöfn sem ekki er að fullu lokið, en bönnuð er með samþykktinni eða samkvæmt henni. Ef sá sem ábyrgð ber er eigi fær um að greiða slíkan kostnað greiðist hann úr ríkissjóði.

8. gr.

Reglugerð um lögreglusamþykktir skal setja sem fyrst eftir gildistöku laga þessara og skal hún taka gildi þegar liðnir eru sex mánuðir frá birtingu hennar.

Lögreglusamþykktir, sem settar hafa verið áður en sú reglugerð er sett, skulu gilda í sex mánuði eftir gildistöku reglugerðarinnar, nema ný lögreglusamþykkt hafi áður verið gerð fyrir hlutaðeigandi sveitarfélag.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi:

Lög um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, nr. 1 3. janúar 1890, með síðari breytingum.

Lög um lögreglusamþykktir í löggiltum verslunarstöðum, nr. 32 4. júní 1924, með síðari breytingum.

Lög um lögreglusamþykktir utan kaupstaða, nr. 107 8. maí 1935.

Lög um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma, nr. 120 22. desember 1947, falla úr gildi þegar reglugerð um lögreglusamþykktir tekur gildi. Taka þá jafnframt gildi þau ákvæði reglugerðarinnar er marka skemmtunum tíma.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem dómsmálaráðherra skipaði 16. október 1987 til þess að endurskoða lög um lögreglusamþykktir. Í nefndina voru skipaðir Ólafur W. Stefánsson skrifstofustjóri, formaður, Gunnar Eydal skrifstofustjóri og William Thomas Möller héraðsdómslögmaður.

Um lögreglusamþykktir gilda þrenn lög, lög um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, nr. 1 3. janúar 1890, lög um lögreglusamþykktir í löggiltum verslunarstöðum, nr. 32 4. júní 1924, og lög um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, nr. 107 8. maí 1935. Lögreglusamþykktir samkvæmt lögum þessum eru í gildi fyrir alla kaupstaði og sýslur.

Með sveitarstjórnarlögum, nr. 8 18. apríl 1986, voru gerðar verulegar breytingar á málefnum sveitarfélaga og er nú lítill munur á réttarstöðu kaupstaða og hreppa. Sýslunefndir, sem hafa meðal annars það hlutverk að semja frumvörp til lögreglusamþykkta, eru lagðar niður frá ársbyrjun 1989. Af þessum sökum er nauðsynlegt að endurskoða ákvæði laganna um lögreglusamþykktir.

Frumvarpið miðar að því að sett verði ein lög um lögreglusamþykktir í stað eldri laga og að hvert sveitarfélag geti sett sér lögreglusamþykkt.

Gert er ráð fyrir því að ráðherra setji reglugerð um lögreglusamþykktir sem verði fyrirmynd að lögreglusamþykktum sveitarfélaganna. Komi hún í stað lögreglusamþykktar ef sveitarstjórn telur eigi þörf á að setja sérstaka lögreglusamþykkt.

Í lögum um lögreglusamþykktir er mælt fyrir um ýmis atriði sem kveða skal á um í lögreglusamþykktum. Um mörg þessara atriða er fjallað í yngri sérlögum. Sum ákvæði laga um lögreglusamþykktir eru því óþörf og er 3. gr. frumvarpsins samin með hliðsjón af því.

Að öðru leyti en hér hefur verið rakið byggir frumvarpið í meginatriðum á sömu sjónarmiðum og gildandi lög um lögreglusamþykktir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Byggt er á því að í hverju sveitarfélagi megi setja lögreglusamþykkt, en ekki einungis í kaupstöðum og sýslum.

Jafnframt er gert ráð fyrir því að setja megi lögreglusamþykkt sem gildi fyrir fleiri en eitt sveitarfélag. Það kann að henta tveimur eða fleiri sveitarfélögum að hafa eina lögreglusamþykkt.

Um 2. gr.

Æskilegt er að efni lögreglusamþykkta sé samræmt eftir föngum. Er því lagt til að ákveðið verði að ráðherra skuli setja reglugerð um lögreglusamþykktir sem verði fyrirmynd að lögreglusamþykktum sveitarfélaganna. Jafnframt er lagt til að slík samþykkt komi í stað lögreglusamþykktar þar sem lögreglusamþykkt er ekki sett.

Um 3. gr.

Í lögreglusamþykktum þarf að kveða á um ýmis atriði sem varða allsherjarreglu, samskipti borgaranna og öryggi þeirra á almannafæri. Atriðin í a–d lið greinarinnar eru flest í gildandi lögum um lögreglusamþykktir.

Í ljósi breytinga á löggjöfinni, síðan lög um lögreglusamþykktir voru sett, má fella úr þeim ýmis ákvæði. Sérlög og ítarlegar reglugerðir um umferð, vernd barna, hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, byggingamálefni, brunavarnir og lögreglumálefni hafa leyst af hólmi ákvæði í lögreglusamþykktum. Um sum atriði getur þó verið æskilegt að hafa einnig ákvæði í lögreglusamþykktum, t. d. um umferðarmál, þó ekki þurfi þau að vera þar eins ítarleg og í sérlögunum.

Í gildi eru sérstök lög og reglur um það hvernig skemmtunum skuli markaður tími. Lagt er til að ákvæði um þetta efni verði framvegis í lögreglusamþykktum. Þessar reglur eiga þar vel heima með ákvæðum um almenna reglu og skemmtanahald, þar á meðal reglum um opnunar- og lokunartíma veitingastaða.

Ákvæði er varðar umferð óviðkomandi í skip í höfn er fellt niður, en eigi þykir þörf á að víkja sérstaklega að því í lögum.

Mörg ákvæði lögreglusamþykkta varða almannafæri. Þarf því að skilgreina það hugtak í reglugerð um lögreglusamþykktir. Með almannafæri mundi einkum átt við vegi, svæði og staði sem almenningur fer um eða ætlaðir eru til almenningsnota, utan húss eða innan. Dæmi um slíka staði eru verslanir, samkomustaðir og aðrir þjónustustaðir.

Um 4. gr.

Ákvæði greinarinnar eru efnislega í samræmi við gildandi lög. Gert er ráð fyrir því að sveitarstjórn semji frumvarp til lögreglusamþykktar fyrir sveitarfélagið sem síðan þurfi að fá staðfestingu ráðuneytis. Frumvarp þetta skal byggt á reglugerð ráðuneytisins með þeim breytingum sem sveitarstjórn telur þörf á vegna umdæmisins. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 5. gr.

Greinin er efnislega í samræmi við gildandi lög.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir því að í lögreglusamþykktir kunni að verða sett ákvæði er feli í sér heimild til að setja sérreglur um tiltekin atriði. Brot á þeim reglum mundu varða sektum með sama hætti og brot á lögreglusamþykktum. Sérstakt aldursákvæði (14 ár), að því er varðar yfirsjónir barna, er fellt niður.

Um 7. gr.

Greinin er efnislega í samræmi við gildandi lög.

Um 8. gr.

Brýnt er að reglugerð um lögreglusamþykktir verði sett sem fyrst eftir að lögin taka gildi.

Í lögreglusamþykktum eru margvísleg ákvæði, sem vegna nýrrar löggjafar eiga þar ekki lengur heima, sbr. athugasemdir við 3. gr. Með reglugerð um lögreglusamþykktir mundu slík ákvæði falla úr gildi og ákvæði lögreglusamþykkta samræmd. Þykir rétt að ákveða að eldri samþykktir falli þá úr gildi, þó ekki fyrr en tilteknum tíma eftir að slík reglugerð hefur verið sett. Sveitarstjórnir hafa þannig svigrúm til þess að meta hvort setja þarf sérstaka lögreglusamþykkt.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að nauðsynlegt er að hafa sérákvæði varðandi brottfall laga um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma og gildistöku nýrra ákvæða um það efni.

Sþ. 576. Svar [247. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Þórðar Skúlasonar um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

1. Eignastaða Verðjöfnunarsjóðs.

Sjóðsstaða og áætluð eignastaða hinna einstöku deilda Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins var sem hér segir um sl. áramót, þ.e. 31. des. 1987 (í þús. kr.):

	Sjóðsstaða	**Áætluð eignastaða**
a. Frystar afurðir:		
Rækja	390 310	450 000
Hörpuskel	40 020	7 000
Freðfiskur	8 580	150 000
Humar	137 950	137 950
Samtals	576 860	744 950
b. Saltfiskafurðir	179 140	610 100
c. Saltsíldarafurðir	560	560
d. Skreiðarafurðir	10 350	10 350
e. Mjöl og lýsi	15 090	15 090

Mismunur á sjóðsstöðu og eignastöðu í árslok markast af því að síðasta ár hefur ekki að fullu verið gert upp. Í rækjudeild voru um 60 millj. kr. útistandandi í árslok 1987. Í lok desember sl. var tekin ákvörðun í stjórn sjóðsins um að greiða út áætlaða verðjöfnun á hörpudisk vegna framleiðslu ársins 1987. Sú fjárhæð, sem þarf til að standa undir þessum útgreiðslum, er áætluð 50 millj. kr. en á móti kemur að sjóðurinn á útistandandi 17 millj. kr. hjá framleiðendum. Í freðfiskdeild er áætluð innborgun vegna framleiðslu ársins 1987 u.þ.b. 140 millj. kr. Enn fremur er áætluð innborgun vegna saltfiskframleiðslu á árinu 1987 um 380 millj. kr. en 50 millj. kr. eru óuppgerðar vegna ársins 1986.

Í árslok 1987 voru 220 þús. kr. á reikningi vegna gámafisks, en vegna óuppgerðs útflutnings í desember er áætlað að eignastaðan á þeim reikningi hafi numið u.þ.b. 1 millj. kr. Gjald af gámafiski var sett á með bráðabirgðalögum nr. 66 10. júlí 1987. Er því skipt skv. 5. gr. laganna milli deilda til samræmis við heildarútflutningsverðmæti botnfiskafurða er undir hverja deild falla. Enn fremur voru 232 millj. kr. á biðreikningi vegna endurgreidds uppsafnaðs söluskatts samkvæmt ákvæðum sömu laga í vörslu sjóðsins en um miðjan janúar sl. kom í ljós að rúmar 95 millj. kr. vantaði til þess að tollstjóraembættið gæti staðið í skilum með endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti til fiskvinnslunnar vegna fyrri hluta ársins 1987. Sú fjárhæð var því bakfærð en eftir standa 136,5 millj. kr. sem áætlað er að endurgreiða fiskvinnslunni samkvæmt frumvarpi er nú liggur fyrir Alþingi.

Vaxtatekjur sjóðsins á árinu 1987 námu alls 39 millj. kr. eða 6,33% ofan á gengistryggingu miðað við SDR.

2. Verðtrygging og ávöxtun sjóðsins.

Verðjöfnunarsjóður er varðveittur á SDR-reikningum við Seðlabanka Íslands og er því að fullu gengistryggður. Innstæður eru ávaxtaðar með millibankavöxtum í London (LIBOR), samvegnum eftir samsetningu SDR hverju sinni og að frádregnu ⅛%.

Sþ. 577. Fyrirspurn [277. mál]

til forsætisráðherra um þjónustu sjóða og fjármálastofnana í eigu hins opinbera.

Frá Pálma Jónssyni.

Hvenær má vænta þess að komin verði til framkvæmda þau stefnuatriði sem vikið er að í starfslýsingu ríkisstjórnarinnar að viðskiptabankar og sparisjóðir annist afgreiðslu og þjónustu fyrir sjóði og fjármálastofnanir í eigu hins opinbera?

Ed. 578. Frumvarp til laga [278. mál]

um breyting á lögum nr. 40/1976, um sálfræðinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

Á eftir 6. gr. laganna komi ný grein er verði 7. gr., svohljóðandi, enda breytist töluröð annarra greina í samræmi við það:

Enginn sálfræðingur má kalla sig sérfræðing í sérgrein innan sálarfræði nema hann hafi fengið til þess leyfi menntamálaráðuneytisins.

Ráðuneytið setur nánari ákvæði í reglugerð um skilyrði fyrir veitingu leyfis til að kalla sig sérfræðing í einhverri af sérgreinum sálarfræðinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tildrög frumvarps þess, sem hér er lagt fram, eru þau sem nú verða rakin:

Með bréfi dags. 26. maí 1986 fór Sálfræðingafélag Íslands þess á leit við menntamálaráðuneytið að sett yrði reglugerð um sérfræðingsviðurkenningu sálfræðinga á grundvelli laga nr. 40/1976, en samkvæmt þeim lögum veitir menntamálaráðuneytið mönnum leyfi til að kalla sig sálfræðinga. Að athuguðu máli var félaginu tjáð að ráðuneytið teldi lagaheimild bresta til að verða við erindinu. Að því svari fengnu fór Sálfræðingafélagið fram á það í bréfi til ráðuneytisins dags. 8. júlí 1986 að lagt yrði fyrir Alþingi frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 40/1976, um sálfræðinga, þess efnis að enginn sálfræðingur megi kalla sig sérfræðing nema hann hafi fengið til þess leyfi menntamálaráðherra. Jafnframt yrði kveðið á um setningu reglugerðar um skilyrði fyrir veitingu slíks leyfis. Ráðuneytið leitaði umsagnar félagsvísindadeildar Háskóla Íslands um málaleitan Sálfræðingafélagsins. Í umsögn deildarinnar kom fram að hún hafði ekkert við efnisatriði málsins að athuga, en gerðar voru tillögur um orðalagsbreytingar frá drögum félagsins.

Með bréfi dags. 12. desember 1986 beindi ráðuneytið því til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis, „hvort nefndin mundi vilja standa að flutningi frumvarps til laga um breyting á lögum nr. 40/1976, um sálfræðinga, í samræmi við tilmæli Sálfræðingafélags Íslands og með hliðsjón af umsögn félagsvísindadeildar". Af frumvarpsflutningi varð ekki að því sinni.

Við undirritun kjarasamnings milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Sálfræðingafélags Íslands 14. apríl 1987 var gerð svofelld bókun:

„Menntamálaráðuneytið mun fyrir 1. október nk. í samvinnu við samningsaðila vinna að gerð frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 40/1976, um sálfræðinga, er miði að því að þeir geti öðlast sérfræðileyfi.

Fái sálfræðingar sérfræðileyfi á samningstímabilinu eru samningsaðilar sammála um að taka upp viðræður um röðun þeirra sálfræðinga er það leyfi hljóta. Skulu viðræður um þá röðun hefjast innan mánaðar frá gildistöku."

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni felst það meginefni frumvarpsins að réttur til að kalla sig sérfræðing í einhverri af sérgreinum sálarfræðinnar verði háður leyfi menntamálaráðuneytisins. Kveðið er á um að um skilyrði fyrir veitingu leyfis verði nánar mælt í reglugerð. Í slíkri reglugerð þurfa m.a. að vera ákvæði um sérgreinar þær sem um geti verið að ræða, kröfur um framhaldsnám og starfsþjálfun að loknu embættisprófi, svo og um aðila er fjalla skuli um umsóknir um sérfræðileyfi.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Sþ. 579. Tillaga til þingsályktunar [279. mál]

um greiðslusamninga vegna skólamannvirkja.

Flm.: Ragnar Óskarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að ljúka greiðslum af ógreiddum hlut ríkissjóðs við sveitarfélög vegna stofnkostnaðar skólamannvirkja með þeim hætti að gerðir verði bindandi greiðslusamningar við einstök sveitarfélög um skuldagreiðsluna.

Verði framvegis um að ræða sameiginlega þátttöku ríkis og sveitarfélaga við uppbyggingu skólamannvirkja skulu bindandi greiðslusamningar gerðir vegna þeirra framkvæmda.

Greinargerð.

Skuld ríkissjóðs við sveitarfélög vegna framkvæmda við skólamannvirki er nú allveruleg. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 30/1973 þar sem gert var ráð fyrir að heildarframlag ríkissjóðs til hverrar framkvæmdar skyldi vera til reiðu innan fjögurra ára frá því að fyrsta fjárveiting er veitt hefur það ákvæði ekki verið uppfyllt mörg undanfarin ár. Af þeim ástæðum m.a. eiga mörg sveitarfélög í verulegum erfiðleikum með framkvæmdir við skólamannvirki. Það ástand er afar slæmt og brýnt að ráða bót þar á hið fyrsta. Ef gerðir yrðu bindandi greiðslusamningar við einstök sveitarfélög um skuld ríkissjóðs þar sem kveðið væri á um greiðslur og tímasetningu þeirra væri verulega bætt úr að þessu leyti.

Enn er ekki ljóst hvernig kostnaðarskiptingu vegna stofnkostnaðar skólamannvirkja verður háttað í framtíðinni. Í frumvarpi til laga um framhaldsskóla er reyndar gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði 60% stofnkostnaðar en sveitarfélögin 40%. Ef svo fer í framtíðinni að ríkissjóður og sveitarfélög skipti með sér stofnkostnaði í einhverjum hlutföllum er eðlilegt að gerðir séu bindandi greiðslusamningar þar um, enda mundu þeir tvímælalaust auðvelda sveitarfélögunum og ríki alla áætlanagerð við uppbyggingu skólamannvirkja og væru mjög í anda sveitarstjórnarlaganna, nr. 8/1986, þar sem meðal annars er fjallað um gerð þriggja ára áætlana um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélaga. Greiðslusamningar væru þannig fjárveitingavaldi ríkisins og sveitarfélögunum mikilvægur hluti af markvissri áætlanagerð til lengri tíma.

Sþ. 580. Fyrirspurn [280. mál]

til dómsmálaráðherra um rannsóknarnefnd umferðarslysa.

Frá Salome Þorkelsdóttur.

Hyggst dómsmálaráðherra skipa rannsóknarnefnd umferðarslysa samkvæmt heimild í nýjum umferðarlögum sem taka gildi 1. mars næstkomandi?

Ed. 581. Frumvarp til laga [281. mál]

um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum.

Flm.: Júlíus Sólnes, Guðmundur Ágústsson.

1. gr.

Í stað 70.–75. gr. í VII. kafla laganna, um **Skyldusparnað ungs fólks til íbúðabygginga**, komi sex nýjar greinar svohljóðandi:

a. (70. gr.).

Öllum einstaklingum á aldrinum 16–25 ára, sem ekki hafa formlega undanþágu skv. 74. gr., skal skylt að leggja til hliðar 15% af tekjum sínum til að mynda sér inneign hjá Byggingarsjóði ríkisins til þess að eignast íbúð. Skyldusparnaður hefst við næstu áramót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur þegar hann verður 26 ára.

Fé það sem lagt er til hliðar með þessum hætti er undanþegið tekjuskatti og útsvari. Sem eign er það ásamt vöxtum skattfrjálst en framtalsskylt.

Sá sem hefur sparað fé samkvæmt þessari grein og náð 26 ára aldri skal eiga þess kost að fá skyldusparnaðinn endurgreiddan.

b. (71. gr.)

Húsnæðisstofnun ríkisins annast innheimtu á skyldusparnaði samkvæmt þessum lögum.

Launagreiðendum er skylt að halda eftir tilskildum hluta af launagreiðslum við hverja útborgun og skila honum til Húsnæðisstofnunar samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð.

Launagreiðandi er ábyrgur fyrir greiðslum til Húsnæðisstofnunar vegna skyldusparnaðar starfsmanna sinna eins og um eigin skattgreiðslur væri að ræða. Með innheimtu á skuld vegna vanskila á skyldusparnaði skal fara á sama hátt og innheimtu launaskatts, sbr. lög nr. 14/1965, með síðari breytingum.

c. (72. gr.)

Fé, sem safnast vegna skyldusparnaðar ungs fólks í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins, skal notað til að byggja leigu- og eignaríbúðir fyrir ungt fólk sem þess óskar, sbr. 73. gr. Skal húsnæðismálastjórn leita eftir samstarfi við þá aðila sem hafa rétt til lána um byggingu slíkra íbúða. Ungt fólk, sem greiðir skyldusparnað, hefur forgang að þessum íbúðum.

d. (73. gr.)

Þeim sem skylt er að greiða skyldusparnað til Byggingarsjóðs ríkisins standa til boða tvær mismunandi ávöxtunarleiðir fyrir sparifé sitt.

1. Með því að gera sérstakan samning við Húsnæðisstofnun getur viðkomandi eignast hlut í íbúð sem hefur verið byggð sem eignar- eða leiguíbúð skv. 72. gr. Skal hann fá afhent afsal fyrir þeim eignarhluta í íbúðinni, sem hann hefur sparað saman með skyldusparnaði, samkvæmt matsverði íbúðarinnar þegar skyldusparnaðartímabilinu er lokið.

   Viðkomandi getur þá keypt íbúðina og fær þegar til þess lán í samræmi við þessi lög. Hann getur einnig selt Húsnæðisstofnun eignarhlut sinn og er hún skuldbundin til að kaupa á því matsverði sem þá er í gildi.
2. Ef viðkomandi óskar þess að sparifé hans sé ávaxtað á venjulegan hátt er Húsnæðisstofnun skylt að ávaxta innstæðu hans með bestu fáanlegum kjörum. Skal tekið mið af þeim ávöxtunarkjörum sem ríkisviðskiptabankarnir bjóða hverju sinni.

e. (74. gr.)

Eftirfarandi aðilar eru undanþegnir skyldusparnaði:

1. Þeir sem hafa byggt eða keypt íbúð til eigin þarfa.
2. Þeir sem hafa stofnað heimili og hafa barn eða aðra skylduómaga á framfæri.
3. Skólafólk sem stundar nám í skóla sex mánuði eða meira á ári.
4. Þeir sem búa við varanlega örorku samkvæmt vottorði frá Tryggingastofnun ríkisins.
5. Útlendingar sem hafa dvalar- eða atvinnuleyfi um stundarsakir.

f. (75. gr.)

Heimilt er að veita þeim undanþágu frá sparnaðarskyldu sem verða fyrir slysum eða veikjast eða hafa miklar fjárhagsbyrðar. Beiðni um slíka undanþágu skal senda til húsnæðismálastjórnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um alllangan aldur hefur það tíðkast að ungt fólk á aldrinum 16–25 ára hefur verið skyldað til þess að leggja til hliðar hluta af launum sínum. Það fé sem hefur myndast með þessum hætti er samkvæmt gildandi lögum greitt til Byggingarsjóðs ríkisins inn á sérstaka skyldusparnaðarreikninga. Hugmyndin með þessari ráðstöfun er að létta undir með ungu fólki og gera því auðveldara að eignast eigið húsnæði um það leyti sem það festir ráð sitt.

Því miður hefur þetta ekki skilað þeim árangri sem ætlað var í upphafi. Unga fólkið hefur ekki haft hag af skyldusparnaðinum sem skyldi. Deilur um ávöxtun skyldusparnaðar hafa verið tíðar. Þannig var ríkisvaldið dæmt til þess að greiða vexti af skyldusparnaðarreikningum með hæstaréttardómi árið 1986. Síðan hafa vextirnir verið miðaðir við útlánsvexti Húsnæðisstofnunar af húsnæðislánum. Þeir eru nú 3,5% sem er lægra en þeir vextir sem bjóðast af bundnum verðtryggðum bankareikningum og mun lægra en vextir af verðtryggðum spariskírteinum ríkissjóðs.

Þar sem stór hópur ungs fólks er undanþeginn skyldusparnaði, m.a. námsmenn, svo og ungt fólk sem hefur stofnað heimili, er mikil ásókn í það að fá skyldusparnaðinn endurgreiddan. Hefur það gengið svo langt að stofnað hefur verið til hjúskapar í þeim tilgangi einum að ná út skyldusparnaðinum. Þannig er tilkomið hugtakið sparimerkjagifting. Ungt fólk á skyldusparnaðaraldri virðist því sjá lítinn tilgang með skyldusparnaði. Þetta kemur berlega í ljós ef innstreymi og útstreymi fjár vegna skyldusparnaðar í Byggingarsjóð ríkisins er athugað. Síðastliðið ár, þ.e. árið 1987, voru alls 1110 milljónir króna greiddar til Byggingarsjóðs ríkisins vegna skyldusparnaðar. Á sama tíma nam útstreymi fjár, þ.e. greiðslur til þeirra sem féllu undir unganþáguákvæði laganna og óskuðu eftir að fá skyldusparnað sinn greiddan, alls 1025 milljónum króna. Af rúmlega milljarði króna, sem rann í Byggingarsjóð ríkisins árið 1987 vegna skyldusparnaðar, eru því aðeins 85 milljónir króna eftir. Eftirfarandi tafla sýnir innstreymi og útstreymi vegna skyldusparnaðar í Byggingarsjóð ríkisins árin 1982–1987 (í millj. kr.):

Ár	Innstreymi	Útstreymi	Mismunur
1983	351	359	-8
1984	419	501	-82
1985	550	567	-17
1986	759	737	22
1987	1110	1025	85

Lögin um skyldusparnað ungs fólks hafa augsýnilega ekki náð tilgangi sínum. Verður því að leita leiða til þess að ungt fólk sjái hag í því að spara saman fé með þeim hætti sem lögin gera ráð fyrir. Flutningsmenn eru sammála því meginmarkmiði með lagasetningu um skyldusparnað að ungu fólki sé auðveldað að eignast eigið húsnæði. Til þess að ná þessu markmiði þarf að leggja miklu meiri áherslu á að leysa húsnæðisþörf ungs fólks og gefa því kost á að eignast hlut í íbúð með skyldusparnaði sínum. Því leggja flutningsmenn til að gerðar verði veigamiklar breytingar á kaflanum um skyldusparnað ungs fólks í núgildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Í tillögum flutningsmanna er gert ráð fyrir að ungu fólki standi til boða að gera samning við Húsnnæðisstofnun um að skyldusparnaðurinn renni til byggingar leigu- og eignaríbúða fyrir ungt fólk. Húsnæðisstofnun getur leitað eftir samstarfi við sveitarfélög og önnur félagasamtök, m.a. samtök námsmanna, Félagsstofnun stúdenta, svo dæmi séu nefnd, um að byggja slíkar íbúðir fyrir það fé sem þannig rennur til Byggingarsjóðs ríkisins. Ungt fólk, sem hefur gert samning um slíka ráðstöfun skyldusparnaðar, hefur forgang að þessum leiguíbúðum. Að skyldusparnaðartímabilinu loknu fær sá sem hefur ráðstafað skyldusparnaði sínum með þessum hætti afhent afsal fyrir eignarhlut í íbúð á vegum Húsnæðisstofnunar. Getur hann þá fengið lán hjá stofnuninni til þess að kaupa íbúðina eða hann getur selt eignarhlutinn á markaðsverði.

Hér er um mikla áherslubreytingu að ræða á kaflanum um skyldusparnað ungs fólks. Með þeim hætti, sem hér er lýst, vinnst tvennt. Í fyrsta lagi er reynt að koma til móts við húsnæðisþörf ungs fólks, en húsnæðisvandi þess er mikill. Mjög erfitt er að finna leiguíbúðir og er markaðsleiga íbúða á frjálsum leigumarkaði orðin svo há að ungt fólk á afar erfitt með að greiða hana. Einkum á þetta við um námsfólk og ríkir hreint neyðarástand í húsnæðismálum námsmanna.

Í öðru lagi yrði minni ásókn í það að fá skyldusparnaðinn greiddan út hjá þeim hópum, sem hafa rétt til slíks, einkum hjá námsmönnum. Það hefur haft lítinn tilgang að safna sparifé hjá Byggingarsjóði ríkisins eins og skyldusparnaði ungs fólks hefur verið varið. Námsmenn sækja yfirleitt um að fá skyldusparnaðinn greiddan út eftir hvert ár. Ungt fólk yrði trúlega sáttara við að að spara saman með þeim hætti, sem hér hefur verið lýst, ef það fengi þannig aðgang að ódýrri leiguíbúð eða eignaðist stóran hlut í íbúðarhúsnæði með skyldusparnaði sínum og fengi síðan tækifæri til þess að kaupa íbúð með hagstæðum lánum strax að loknu skyldusparnaðartímabilinu og gæti ef þannig stæði á selt verðmætan eignarhlut í íbúð.

Ef þær aðgerðir, sem hér eru lagðar til, næðu fram að ganga má búast við því að ásókn í að ná út skyldusparnaðinum mundi minnka stórlega. Líklegt er að flestir mundu kjósa að gera samning við Húsnæðisstofnun um að binda sparifé í íbúð fremur en að njóta verulegrar ávöxtunar, jafnvel þótt gert sé ráð fyrir að vaxtakjör skyldusparnaðarreikninga yrðu betri en nú. Ef helmingur þess fjár, sem rann til Byggingarsjóðs ríkisins vegna skyldusparnaðar árið 1987, 560 milljónir króna, hefði verið notaður til þess að byggja hentugar leigu- eignaríbúðir fyrir ungt fólk hefði mátt byggja og ráðstafa allt að 150–170 íbúðum. Árin 1982–1987 hefði mátt byggja tæplega 1000 íbúðir fyrir ungt fólk með þessum hætti og stórt skref hefði verið stigið til þess að leysa húsnæðisvanda ungs fólks.

Athugasemdir við 1. grein frumvarpsins.

a. (70. gr.)

Hér er aðeins um að ræða smávægilegar orðalagsbreytingar.

b. (71. gr.)

Í þessari grein eru öll nauðsynleg ákvæði varðandi innheimtu skyldusparnaðar og ábyrgð launagreiðenda á einum stað.

c. (72. gr.)

Í þessari grein er lýst yfir að allt það fé, sem safnast í Byggingarsjóð ríkisins vegna skyldusparnaðar, skuli notað til þess að byggja leigu- og/eða eignaríbúðir fyrir ungt fólk. Húsnæðisstofnun getur leitað eftir samvinnu við sveitarfélög og hin ýmsu félagasamtök um að byggja slíkar íbúðir handa ungu fólki og veitt lán til þeirra bæði framkvæmdalán og veðlán.

d. (73. gr.)

Í þessari grein er lýst mismunandi ávöxtunarleiðum sem standa til boða þeim sem ber að greiða skyldusparnað til Byggingarsjóðs ríkisins. Í fyrsta lagi getur viðkomandi óskað eftir því að fé hans verði ávaxtað með þeim hætti að hann eignist smám saman hlut í íbúð sem byggð hefur verið í þeim tilgangi. Hægt er að hugsa sér að viðkomandi fái íbúðina til leigu á meðan skyldusparnaðartímabil hans stendur yfir. Að því loknu fær hann lán hjá Byggingarsjóði ríkisins til þess að eignast íbúðina ef hann óskar þess. Eins er hægt að hugsa sér að sérstakar eignaríbúðir verði byggðar fyrir þá sem hafa gert samning við Húsnæðisstofnun um að ávaxta sparifé sitt á þann hátt. Eignarhlut, sem þannig myndast, getur viðkomandi selt á markaðsverði ef hann vill ekki nýta sér að kaupa íbúðina. Annars fær hann lán hjá Húsnæðisstofnun til kaupa á íbúðinni sem hann hefur eignast hlut í með skyldusparnaðinum.

Í öðru lagi getur viðkomandi óskað þess að sparifé hans verði ávaxtað á bestu fáanlegum kjörum sem bjóðast hjá ríkisviðskiptabönkunum hverju sinni. Með þessum hætti er komið til móts við sanngjarna kröfu skyldusparnaðarþola að sparifé þeirra sé ekki verr sett en á bundnum sparireikningi hjá einhverjum ríkisviðskiptabankanum.

e. (74. gr.)

Hér eru öll ákvæði um undanþágu frá skyldusparnaði tilgreind á einum stað.

f. (75. gr.)

Þessi grein er hliðstæð 73 gr. í gildandi lögum með aðeins breyttu orðalagi.

Nd. 582. Frumvarp til laga [282. mál]

um breytingu á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Flm.: Sverrir Sveinsson, Pálmi Jónsson, Ragnar Arnalds,
Jón Sæmundur Sigurjónsson.

1. gr.

Fyrri málsgrein 6. gr. laganna falli brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum um síldarverksmiðjur ríkisins, nr. 1 frá 5. jan. 1938, er gert ráð fyrir því samkvæmt fyrri málsgrein 6. gr. að ákvarðanir um uppbyggingu og endurbætur verksmiðjanna séu í höndum Alþingis:

„Verksmiðjustjórninni er óheimilt, án samþykktar Alþingis, að auka við verksmiðjurnar nýjum vélum eða mannvirkjum umfram það sem nauðsynlegt er til þess að tryggja öruggan og hagfelldan rekstur þeirra vinnslutækja sem fyrir eru.“

Á þeim tíma hefur sjálfsagt verið full þörf fyrir þessa grein laganna, enda voru síldarverksmiðjur ríkisins stóriðja þess tíma og nánast einráðar um vinnslu fiskimjöls og lýsis í landinu.

Nú, réttum 50 árum síðar, stingur þessi grein í stúf við almennt viðhorf manna til reksturs fyrirtækja sem eru í harðri samkeppni við innlend og erlend fyrirtæki á sama sviði og brýtur í bága við þá almennu skoðun að Alþingi skuli fara með löggjafarvaldið en ekki

framkvæmdarvaldið. Og jafnvel þó að fyrri málsgrein 6. gr. laganna verði felld niður hefur Alþingi öll ráð síldarverksmiðjanna í hendi sér þar sem það kýs fimm af sjö stjórnarmönnum fyrirtækisins og eftir stæði síðari málsgrein 6. gr. laganna:

„Til allra meiri háttar framkvæmda skal jafnan leita samþykkis ráðherra og leggja fyrir hann ítarlega greinargerð og kostnaðaráætlun.“

Eins og mönnum er kunnugt er fiskimjölsiðnaðurinn mjög sveiflukenndur að því er varðar afla og markaðsverð afurðanna. Til þess að rekstur fyrirtækja á þessu sviði verði farsæll er nauðsynlegt að geta tekið skjótar ákvarðanir og nánast ókleift að reka slík fyrirtæki ef bíða þarf ákvarðana Alþingis um uppbyggingu og endurbætur verksmiðjanna. Um þetta þarf ekki að fara mörgum orðum — það hlýtur að vera öllum augljóst.

Þó að þessari grein laganna um síldarverksmiðjur ríkisins verði nú breytt þyrfti hið fyrsta að semja ný lög um verksmiðjurnar þar sem lögin eru löngu orðin úrelt þótt þetta ákvæði skeri sig nokkuð úr að því leyti.

Sþ. 583. Fyrirspurn [283. mál]

til fjármálaráðherra um tvísköttunarsamninga við erlend ríki.

Frá Geir H. Haarde.

Hvað líður undirbúningi tvísköttunarsamninga við Frakkland og Bretland? Eru tvísköttunarsamningar við fleiri lönd í undirbúningi?

Sþ. 584. Fyrirspurn [284. mál]

til viðskiptaráðherra um erlend vörukaupalán.

Frá Geir H. Haarde.

Hvaða reglur gilda um erlend skammtímalán til vörukaupa? Eru breytingar fyrirhugaðar á núgildandi reglum um þetta efni? Liggur einhver athugun á þjóðhagslegri hagkvæmni (eða óhagkvæmni) slíkra lána að baki reglum um greiðslufresti í einstökum vöruflokkum?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 585. Svar [124. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Unnar Stefánsdóttur um menntun starfsfólks í ferðamannaþjónustu.

Spurt er: Hefur ráðherra áform um að efla menntun starfsfólks í a. hótelrekstri og veitingagreinum, b. ferðaþjónustu, c. matvælaiðnaði? Ef svo er, hver eru þau?

Gerður hefur verið samningur milli menntamálaráðuneytisins og bæjarstjórnar Kópavogs um að koma upp húsnæði í tengslum við Menntaskólann í Kópavogi þar sem komið verði fyrir góðri kennsluaðstöðu fyrir ferðaþjónustugreinar, matreiðslu, framreiðslu, brauð-

og kökugerð, smurbrauðsgerð, kjötvinnslu og matvælaiðnað sem fellur ekki undir lögverndaðar iðngreinar, einnig húsþrif, línþvott og frágang hans.

Lokið er við byggingarnefndarteikningar að þessu húsnæði og hafa þær verið samþykktar í menntamálaráðuneytinu og í bæjarstjórn Kópavogs. Engin fjárveiting er til verksins á fjárlögum fyrir árið 1988, en næsta skref í málinu er að gera samning milli ráðuneytisins og bæjarstjórnar Kópavogs um skiptingu kostnaðar. Þegar samkomulag hefur tekist um það efni og fjárveiting fengist til framkvæmda verður hafist handa um verkið. Hér er um að ræða 5232 fermetra húsnæði og auk þess stjórnunarrými að grunnfleti 625 fermetrar sem á að nýtast öllum Menntaskólanum, en skólahaldið verður skipulagt sem ein heild.

Það var í nóvember 1983 sem þáverandi menntamálaráðherra skipaði nefnd til að vinna að undirbúningi framkvæmda við hönnun og byggingu húsnæðis til kennslu í hótel- og matvælagreinum í Kópavogi. Nefndin skilaði áliti í febrúar 1984. Hún lagði til að hafist yrði handa um byggingu verknámshúss yfir hótel- og matvælagreinar á lóð Menntaskólans í Kópavogi. Hinn 3. júlí 1984 samþykkti menntamálaráðherra ráðningu arkitekts til verksins og í framhaldi af því voru ráðnir verkfræðingar til að hanna lagnir o.fl. í fyrirhugað húsnæði. Í nóvember 1984 fór byggingarnefnd og arkitekt til Sviss og Vestur-Þýskalands og kynntu sér skipulag, búnað og húsnæði hótel- og matvælaskóla í þessum löndum. Fyrstu hugmyndir byggingarnefndar um skólahúsið komu síðan fram í lok nóvember 1984 og sumarið 1985 var lögð fram greinargerð um kostnaðaráætlun. Þegar núverandi menntamálaráðherra kom til starfa óskaði hann eftir því við byggingarnefnd að kannað yrði hvort forsendur hefðu breyst hvað varðar nemendafjölda og kennsluskipan frá því fyrirliggjandi teikningar voru unnar. Hinn 19. nóv. sl. skilaði byggingarnefnd ráðherra greinargerð og kemur þar fram að búast má við mikilli nemendaaukningu (úr 250 í 400). Í tillögum nefndarinnar er meginhersla lögð á að breyta ekki ytri ramma hússins heldur laga teikningar af kennslurými að breyttum aðstæðum.

Með byggingu húsnæðis fyrir hótel- og matvælakennslu skapast aðstaða til að efla menntun í ferðaþjónustu og matvælagreinum. Eftirspurn eftir námi á þessum námsbrautum hefur vaxið hröðum skrefum síðustu árin og líkur eru til að svo verði áfram. Það er því brýnt að koma upp húsnæði sem fyrst.

1. Ferðaþjónustugreinar.

Að undanförnu hefur starfað nefnd til að gera tillögur um nám á sviði ferðaþjónustu á framhaldsskólastigi. Nefndin gerir tillögur um nám í þremur þáttum ferðamannaþjónustu. Er hér um að ræða nám sem tengt verður nýmálabraut. Verða sérgreinar námsins að mestu kenndar á 3. og 4. námsári og ætti að vera unnt að hefja kennslu í þeim við Menntaskólann í Kópavogi haustið 1988 og verið er að skipuleggja námsefni í námsáföngum sérgreina. Þótti rétt að hefja nám þetta í skóla sem sérhæfður verður í hótel- og ferðaþjónustugreinum. Miðast tillögurnar við að búa nemendur undir störf á ferðaskrifstofum, við gestamóttöku og við leiðsögn ferðamanna.

2. Matreiðsla og framreiðsla.

Nám í þessum greinum fer nú fram við Hótel- og veitingaskóla Íslands.

Námsskrár í matreiðslu- og framreiðslugreinum eru nú í endurskoðun og fer endurskoðunin fram á vegum iðnfræðsluráðs. M.a. verður kennslustundum í verklegum faggreinum fjölgað frá því sem nú er og kemur sú breyting til framkvæmda strax og aðstæður leyfa.

3. Brauð- og kökugerð.

Nám í brauðgerð fer nú eingöngu fram samkvæmt námssamningi milli meistara og nema, en nám í kökugerð hefur ekki farið fram hér á landi enn þá sakir aðstöðuleysis. Með nýja húsnæðinu skapast aðstaða til þess að kenna þessar greinar með viðunandi hætti. Námsskrárgerð í þessum greinum er ekki hafin enn þá.

4. Smurbrauðsgerð.

Mikill skortur hefur verið á menntuðu fólki til að framleiða smurt brauð fyrir hótel- og veitingastaði, en stefnt er að því að hefja kennslu í greininni í fyrirhuguðum skóla í Kópavogi.

5. Kjötiðnaður.

Aðstaða til menntunar kjötiðnaðarfólks er mjög ófullkomin en þróun í kjötiðnaði gerir vaxandi kröfur um aukna menntun þeirra sem vinna í greininni. Að tilhlutan búfræðslunefndar og að höfðu samráði við deildarstjóra verk- og tæknimenntunardeildar ráðuneytisins skipaði landbúnaðarráðuneytið nefnd til að gera tillögur að framtíðarskipulagi á menntun starfsfólks í kjötiðnaði, þar með talin slátrun dýra, en engin skipulögð menntun hefur verið til í landinu fyrir fólk sem að henni vinnur. Nefndin er skipuð fulltrúum frá menntamálaráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, Búnaðarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda og Félagi kjötiðnaðarmanna. Formaður nefndarinnar er Stefán Ólafur Jónsson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu.

6. Matvælaiðnaður sem fellur ekki undir lögverndaðar iðngreinar.

Í verknámshúsnæðinu í Kópavogi, sem byggt verður fyrir kennslu í hótel- og matvælagreinum, er ætlað rými fyrir grunnnámsdeild í matvælagreinum. Um er að ræða eins árs nám þar sem veitt er undirstöðufræðsla um meðferð og vinnslu matvæla, ætlað sérstaklega þeim sem starfa í verslunum og stofnunum sem framleiða matvæli.

Þá er gert ráð fyrir að í hinu nýja húsnæði fari fram kennsla í 2. stigs fiskvinnslu, svo sem niðurlagningu, reykingu og vinnslu fiskrétta ýmiss konar sem fara beint á borð neytenda. Þá er gert ráð fyrir að hefja fræðslu fyrir iðnmeistara í hótel- og matvælagreinum.

7. Húsþrif og línþvottur.

Eftir að hússtjórnarskólarnir hættu að mestu starfsemi sinni hefur verið tilfinnanlegur skortur á starfsfólki fyrir hótel og veitingastaði sem hefur þekkingu á húsþrifum og þvotti og meðferð líns. Í nýja húsnæðinu í Kópavogi á að verða góð aðstaða til að koma á kennslu í þessum greinum sem einnig mun nýtast öðrum, t.d. sjúkrahúsum, skólum og dagvistarstofnunum.

8. Endurmenntun.

Þá er gert ráð fyrir að í skólanum í Kópavogi verði veitt endur- og framhaldsmenntun fyrir starfsfólk í hótel- og matvælagreinum.

Ed. 586. Frumvarp til laga [285. mál]

um heimild til að selja hluta ríkisjarðarinnar Þóroddsstaðar í Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Flm.: Valgerður Sverrisdóttir, Halldór Blöndal.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Baldvini Einarssyni, Engihlíð, Ljósavatnshreppi, hluta ríkisjarðarinnar Þóroddsstaðar í Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Námuréttindi og réttur til efnistöku skulu undanskilin við sölu, sömuleiðis vatns- og hitaréttindi umfram heimilisþörf ábúanda Engihlíðar, ásamt nauðsynlegri aðstöðu til að hagnýta hin undanskildu réttindi.

Jarðarhlutann má ekki endurselja öðrum en ríkissjóði hvorki að hluta né í heild.

Náist ekki samkomulag um söluverð skal mat dómkvaddra manna ráða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk Baldvins Einarssonar bónda (kt. 031038-3599, nnr. 0938-6653), Engihlíð, Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Fyrir alllöngu var ríkisjörðinni Þóroddsstað skipt í þrjú lögbýli: Þóroddsstað, sem er 7/12 hlutar jarðarinnar, Staðarholt, sem er 2/12 hlutar, og Engihlíð, sem er 3/12 hlutar. Staðarholt hefur um margra ára skeið verið í eyði og nytjað með Þóroddsstað þannig að Þóroddsstað hafa í raun fylgt 3/4 hlutar upphaflegu jarðarinnar, en Engihlíð 1/4 hluti. Jörðin Engihlíð var seld af ríkinu með afsali, dags. 19. desember 1975.

Við ábúendaskipti á Þóroddsstað árið 1984 ákvað jarðeignadeild landbúnaðarráðuneytisins að leiðrétta þáverandi margskiptingu jarðarinnar Þóroddsstaðar og óhagkvæm landskipti með því að sameina eyðibýlið Staðarholt jörðinni Þóroddsstað og auka nokkuð hlut Engihlíðar í upphaflegu landi Þóroddsstaðar með því að gefa eiganda og ábúanda Engihlíðar kost á að kaupa 2/12 hluta úr upphaflegu landi Þóroddsstaðar. Að beiðni landbúnaðarráðuneytisins vann Stefán Skaftason, héraðsráðunautur hjá Búnaðarsambandi Suður-Þingeyinga, tillögur að nýjum landskiptum milli jarðanna Þóroddsstaðar og Engihlíðar.

Hinn 10. desember 1987 undirrituðu eigandi Engihlíðar og landbúnaðarráðherra, f.h. jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins, landskipti á upphaflegu landi ríkisjarðarinnar Þóroddsstaðar. Byggjast hin nýju skipti jarðanna að verulegu leyti á tillögum Stefáns Skaftasonar héraðsráðunautar og eru í samræmi við breytingu á landnýtingu ábúenda jarðanna frá fardögum 1984. Ábúandi Þóroddsstaðar, Björgvin Björgvinsson, hefur fyrir sitt leyti samþykkt þá tilfærslu á mörkum jarðanna sem hér um ræðir. Þá hafa hreppsnefnd Ljósavatnshrepps og jarðanefnd Suður-Þingeyjarsýslu samþykkt endurlandskipti á jörðinni Þóroddsstað og enn fremur að eigandi Engihlíðar fái hluta Þóroddsstaðar keyptan. Jafnframt hefur Búnaðarfélag Íslands samþykkt landskiptin, sbr. ákvæði 3. mgr. 12. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, sbr. lög nr. 90/1984.

Ákvæði 2.–4. mgr. 1. gr. frumvarps þessa eru hliðstæð ákvæðum 3.–5. mgr. 38. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, sbr. breytingu með lögum nr. 90/1984.

Ed. 587. Frumvarp til laga [286. mál]

um breytingu á hafnalögum, nr. 69 28. maí 1984.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Hafnaráð skal vera ráðgefandi um framkvæmdaáætlanir fyrir einstök ár og til lengri tíma, svo og um fjármál hafnanna.

2. gr.

5. mgr. 12. gr. orðist svo:

Vörugjald af vörum sem umskipað er, lestaðar eru eða losaðar utan löggiltra hafnarsvæða, þar á meðal af sjávarafla, skal ríkissjóður innheimta í samræmi við gjaldskrá næstu hafnar og skal gjaldið renna í Hafnabótasjóð. Ákvæði þetta nær þó ekki til skipa undir 30 brúttórúmlestum að stærð þegar um sjávarafla er að ræða.

3. gr.

13. gr. orðist svo:

Eigandi hafnar skal, að fengnum tillögum hafnarstjórnar, gefa út og birta gjaldská skv. 11. gr. Skal gjaldskráin við það miðuð að tekjur viðkomandi hafnarsjóðs standi almennt undir rekstri og hæfilegu fjármagni til nýbygginga.

4. gr.

Lög þessi taka gildi 1. ágúst 1988.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í núgildandi hafnalögum er skýrt kveðið á um það að eigendur hafnanna séu sveitar- eða sýslufélög annaðhvort ein sér eða sem sameigendur. Rekstur hafnanna og viðhald er því algjörlega í þeirra höndum. Svo er og um ákvörðun um framkvæmdir nema að því leyti sem ríkið hefur áhrif á þær gegnum fjárveitingar.

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þar sem ýmis verkefni eru færð til sveitarfélaganna. Með tilvísun til þess, svo og þess sem hér að framan er sagt um eigendur hafnanna, þykir eðlilegt að ákvörðun um gjaldskrá sé í þeirra höndum og því er þetta frumvarp flutt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Felldur er niður síðasti hluti 2. mgr. 3. gr. gildandi laga þar sem segir að hafnaráð skuli vera ráðgefandi um gjaldskrárbreytingar.

Um 2. gr.

Orðalagi 5. mgr. 12. gr. er breytt þannig að í stað þess að vörugjald skv. greininni er miðað við „almenna gjaldskrá skv. 13. gr. er talað um „gjaldskrá næstu hafnar“.

Um 3. gr.

Í gildandi lögum eru ýmis gjöld til hafnanna ákveðin af eigendum þeirra, svo sem hafnsögugjöld, leiga fyrir afnot mannvirkja eða tækja hafnarinnar og lóðargjöld.

Með greininni, eins og hún er hér orðuð, fá hafnaryfirvöld á hverjum stað fullt ákvörðunarvald um gjaldskrá.

Um 4. gr.

Þar sem ný hafnagjaldskrá tók gildi 1. febrúar 1988 er eðlilegt að nokkur tími líði þar til lögin taka gildi og er hér miðað við 1. ágúst.

Sþ. 588. Tillaga til þingsályktunar [287. mál]

um tvöföldun Reykjanesbrautar.

Flm.: Kolbrún Jónsdóttir, Júlíus Sólnes.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta hefja nú þegar undirbúning að tvöföldun Reykjanesbrautar frá Hafnarfirði að Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Gert verði ráð fyrir því að lögð verði önnur akbraut við hliðina á hinni gömlu þannig að fullkomin hraðbraut með algerlega aðskildum akstursstefnum og tveimur akreinum í hvora átt tengi saman þessa tvo staði. Stefnt verði að því að ljúka verkinu fyrir árslok 1990. Þetta verkefni verði tekið út úr vegáætlun og meðhöndlað sem sjálfstætt verkefni óháð langtímaáætlun um vegagerð. Leitað verði leiða til þess að afla fjár til verksins utan vegáætlunar.

Greinargerð.

Reykjanesbrautin frá Hafnarfirði til Keflavíkur er fyrsti vegakafli þjóðvegakerfisins á Íslandi með bundnu slitlagi. Lagning vegarins á árunum 1963–1965 markaði tímamót í sögu vegagerðar á Íslandi. Ekki mátti draga það öllu lengur að leggja fullkominn veg milli höfuðborgarsvæðisins og Keflavíkur því að þegar fyrir 20 árum var umferðin á milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins orðin svo mikil að malarvegurinn gamli var að syngja sitt síðasta. Með tilkomu nýja vegarins varð mikil breyting til batnaðar.

Flutningsgeta jókst gífurlega og öll umferð bíla milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins varð miklu greiðfærari. Þetta olli straumhvörfum í öllum samskiptum milli íbúa þessara svæða og átti sinn þátt í því að efla atvinnulíf á Suðurnesjum. Um svipað leyti og nýi vegurinn var tekinn í notkun var öllu millilandaflugi beint til Keflavíkurflugvallar. Hafa allir flugfarþegar, sem koma og fara frá Íslandi, lagt leið sína um Reykjanesbrautina síðan. Reykjanesbrautin er því þjóðvegur allra landsmanna.

Umferð um Reykjanesbrautina hefur farið stöðugt vaxandi bæði fólksflutningar og vöruflutningar. Í vaxandi mæli eiga vöruflutningar til landsins með flugi þátt í því. Einnig er vaxandi samstarf atvinnufyrirtækja á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu sem hefur í för með sér aukna umferð. Bættar samgöngur eru höfuðforsenda þess að tengja atvinnulíf þessara tveggja landsvæða saman þannig að Suðurnesin og höfuðborgarsvæðið geti runnið saman í eitt og hið sama atvinnusvæði. Þetta skiptir höfuðmáli í sambandi við byggðaþróun á Suðurnesjum og möguleika til þess að nýta til fullnustu þá kosti sem hin nýja Flugstöð Leifs Eiríkssonar hefur upp á að bjóða. Talað hefur verið um tollfrjáls atvinnusvæði í námunda við flugstöðina og eins um byggingu miðstöðvar fyrir erlend viðskipti. Atvinnulíf hefur átt erfitt uppdráttar seinni árin á Suðurnesjum. Mikill samdráttur hefur verið í útgerð og iðnaður og verslun ekki styrkst að sama skapi. Tvöföldun Reykjanesbrautarinnar mundi

gjörbreyta allri aðstöðu fyrir Suðurnesjamenn og er það næg réttlæting fyrir því að hraða þessari framkvæmd.

Reykjanesbrautin í núverandi mynd fullnægir hvergi nærri þeim skilyrðum sem nú verður að gera til höfuðsamgönguæðar milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins. Með vaxandi umferð hefur umferðarslysum farið fjölgandi. Aksturskilyrði á Reykjanesbrautinni eru oft mjög slæm. Í rigningu og þoku eru umferðaróhöpp tíð. Á veturna myndast oft mikil hálka á örfáum mínútum. Umferðarslys orsakast þá af framúrakstri og útafakstri vegna þess að vegurinn er með umferð í báðar áttir. Í töflu eru tölur sem sýna umferðarmagn og fjölda umferðarslysa á Reykjanesbraut á ári hverju frá því að brautin var fullgerð í núverandi mynd. Dálkur ÁDU sýnir meðalfjölda bíla á sólarhring yfir árið, dálkur SDU meðalfjölda bíla á sólarhring fjóra sumarmánuðina og dálkur MDU mestu sólarhringsumferð ársins.

Tafla.

Umferð og slys á Reykjanesbraut.

Ár	MDU	ÁDU	SDU	Slys á ári	
1965		1340			
1966			1530		
1967		1500			
1968		1540			
1969		1630			
1975		2820	3220		
1976			3310		
1977		3250	3540		
1978		3240	3710		
1979		3240	3460		
1980		3120	3530		
1981		3130	3550		
1982	4000	3070	3590	90	
1983	3900	3010	3670	110	
1984	4100	3180	3930	107	
1985	5300	3610	4170	100	
1986	5400	3660	4310	124	
1987				150	áætlað

Umferð á Reykjanesbraut er því greinilega ört vaxandi eftir nokkra stöðnun á árunum 1978–1982. Jafnnauðsynlegt og það var fyrir 20 árum að leggja veg með bundnu slitlagi milli Keflavíkur og Reykjavíkur er það nú að byggja fullkomna hraðbraut með aðskildum akstursstefnum. Hið fyrsta þarf að fullgera aðra vegbraut og gera nauðsynleg umferðarmannvirki þannig að nýja flugstöðin við Keflavík og höfuðborgarsvæðið tengist með hraðbraut samkvæmt bestu erlendum fyrirmyndum sem þolir mikla umferð og akstushraða við hagstæð skilyrði. Það skref, sem stigið yrði með því að tvöfalda Reykjanesbrautina, er ekki endanlegt. Gera verður ráð fyrir því að stórauknar samgöngur og vöruflutningar um Flugstöð Leifs Eiríkssonar muni eflaust, áður en langt um líður, kalla á enn fullkomnari samgöngur. Hugsanlega eigum við eftir að sjá hraðlest á einteinungi fara á milli flugstöðvarinnar og höfuðborgarsvæðisins á 10–20 mínútum.

Samkvæmt upplýsingum Vegagerðar ríkisins er talið að lagning nýrrar akbrautar við hliðina á hinni gömlu með nauðsynlegum lagfæringum og ráðstöfunum vegna flokkunar vegarins sem hraðbrautar kosti um einn milljarð króna.

Sþ. 589. Nefndarálit [108. mál]

um till. til þál. um mótun opinberrar ferðamálastefnu.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur haft tillöguna til meðferðar og sent hana fjórum aðilum til umsagnar: Ferðamálaráði, Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda, ferðaþjónustu bænda og samgönguráðuneyti.

Jákvæð svör bárust frá Ferðamálaráði, Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda og ferðaþjónustu bænda. Í svari Ferðamálaráðs kemur fram að ráðið telur eðlilegt að því verði falið að gera drög að ferðamálastefnu.

Nefndin mælir með því að tillagan verði samþykkt.

Ólafur Þ. Þórðarson og Geir Gunnarsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. febr. 1988.

Valgerður Sverrisdóttir, form., frsm. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, fundaskr. Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Guðmundur H. Garðarsson. Eggert Haukdal.

Sþ. 590. Tillaga til þingsályktunar [288. mál]

um eflingu Ríkisútvarpsins.

Flm.: Svavar Gestsson, Geir Gunnarsson, Guðrún Helgadóttir, Hjörleifur Guttormsson, Ragnar Arnalds, Ragnar Óskarsson, Ríkharð Brynjólfsson, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að kjósa níu manna nefnd er hafi það hlutverk að gera tillögur til næsta þings um eflingu Ríkisútvarpsins.

Nefndin skal í starfi sínu leitast við að svara eftirtöldum spurningum:

1. Hver hafa áhrif nýju útvarpslaganna orðið á starfsemi Ríkisútvarpsins?
2. Hvernig hafa tekjur og útgjöld Ríkisútvarpsins þróast á undanförnum árum?
3. Er rétt að gera Ríkisútvarpið að sjálfseignarstofnun með verulegu sjálfstæði um eigin fjárhag og rekstur?
4. Hvernig nýtist það fé sem Ríkisútvarpið hefur til dagskrárgerðar?
5. Hve miklu hefur sjónvarpið varið til kaupa á fullbúnu innlendu dagskrárefni frá öðrum framleiðendum?

Nefndin skal jafnframt gera tillögur að áætlun um framtíð Ríkisútvarpsins að því er varðar starfsaðstöðu, svæðisútvörp, dreifikerfi og þátt Ríkisútvarpsins í menningarþróun þjóðarinnar. Þá skal nefndin gera tillögur um tekjustofna handa Ríkisútvarpinu sem skapa því forsendur til þess að sú áætlun um eflingu Ríkisútvarpsins, sem nefndin gerir tillögur um, verði framkvæmd. Í áliti sínu skal nefndin gera grein fyrir þeim skyldum sem Ríkisútvarpið á að gegna í menningarlegum efnum m.a. öryggisskyldur útvarpsins við alla landsmenn.

Nefndin skal ræða við starfsfólk Ríkisútvarpsins og útvarpsráð og hún á rétt á öllum fáanlegum upplýsingum um Ríkisútvarpið.

Nefndin skal skila af sér svo snemma að unnt verði að hafa hliðsjón af áliti hennar við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1989.

Nefndin kýs sér sjálf formann. Kostnaður við störf nefndarinnar verði greiddur af Alþingi. Nefndinni verði heimilað að ráða sér starfsmann til þess að sinna gagnaöflun og samantekt á skýrslu hennar.

Greinargerð.

Fjármál Ríkisútvarpsins voru mjög til umræðu við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga. Þá voru felldar tillögur stjórnarandstöðunnar um að koma í veg fyrir skerðingu á tekjum Framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins á þessu ári. Við meðferð málsins kom fram að fjárhagur Ríkisútvarpsins er allt of veikur miðað við þær skyldur sem Ríkisútvarpið hefur að rækja við landsmenn.

Óhjákvæmilegt er að gripið verði til aðgerða til þess að treysta fjárhag Ríkisútvarpsins. Það er nauðsynlegt að fulltrúar allra flokka í þinginu fái að fjalla um þessi mál. Einokun stjórnarliðsins á þessu máli er óeðlileg með öllu.

Í framsöguræðu verður gerð nánari grein fyrir málinu en með greinargerðinni eru birt nokkur fylgiskjöl sem sýna glöggt hvert ástandið er.

Fylgiskjal I.

Hörður Vilhjálmsson:

Greinargerð um fjárhag Ríkisútvarpsins 1985–1987 og horfur 1988.

Niðurstöðutölur rekstraráætlunar Ríkisútvarpsins samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1988 eru 1437 millj. kr. að meðtöldu framlagi í Framkvæmdasjóð. Þegar frá eru dregin framlög, afskriftir og fjármagnsliður eru til dagskrárgerðar og stjórnunar 1220 millj. kr. sem er jafngild upphæð að raungildi og var til ráðstöfunar 1985 sem var síðasta heila ár einkaleyfis Ríkisútvarpsins. Gert er ráð fyrir jöfnuði í rekstri 1988, en sú endurskipulagning og hagræðing, sem gerð hefur verið á undanförnum árum, hefur verið notuð til þess að auka og bæta dagskrá. Veigamestu atriðin eru sólarhringsútvarp og sjónvarpsútsending á fimmtudögum. Dagskrárlenging milli áranna 1985 og 1988 er nær 50% í hljóðvarpi og yfir 40% í sjónvarpi. Dagskrá sjónvarps var nær 50% lengri haustið 1987 en haustið 1985, en hefur verið dregin nokkuð saman í dagskrárdrögum fyrir árið 1988.

Sú aukna dagskrá, sem útvarpað var á árunum 1986 og 1987, kostaði litlu meira en dagskráin 1985 en veruleg slagsíða kom á reksturinn tekna megin. Auglýsingatekjur 1986 drógust saman frá árinu 1985 um 170 millj. kr. og nær 200 millj. kr. á árinu 1987. Allar þessar tölur eru á verðlagi 1988. Til viðbótar kom að ekki fékkst hækkun afnotagjalds á þessu tímabili — ekki einu sinni til þess að halda í við verðlag fyrr en á seinni hluta árs 1987.

Hækkun afnotagjalds um 13% 1. janúar 1988 þarf að fylgja 10% hækkun 1. apríl og 10% 1. júlí nk. þannig að hækkun afnotagjaldsins verður 15% umfram verðlagshækkun sem er ein forsenda fjárlaga fyrir Ríkisútvarpið. Einnig er gert ráð fyrir 10% raunhækkun auglýsingatekna sem meiri óvissa er um.

Þróun tekna á síðustu þremur árum og horfur 1988 leiða til þess að hlutfall auglýsinga og afnotagjalds, sem var einn (50%/50%), verður í ár 0,43 (30%/70%).

Sjóðsstaða Ríkisútvarpsins hefur sífellt versnað allt framangreint tímabil bæði vegna rekstrarhalla og því til viðbótar að Framkvæmdasjóður var sviptur aðaltekjustofni sínum, þ.e. aðflutningsgjöldum af útvarps- og sjónvarpstækjum sem hefðu numið um 300 millj. kr. á árinu 1987. Af þessu leiddi að í stað þess að eiga 27 millj. kr. inni hjá rekstrarsjóði eins og var í árslok 1986 skuldaði Framkvæmdasjóður rekstrarsjóði 55 millj. kr. í árslok 1987. Flestar fjárfestingar í útvarpsrekstri hafa langan aðdraganda (sérstaklega vegna afgreiðslufrests) svo að slíkar kúvendingar í tekjuákvörðun koma flatt á siglingunni.

Nú er búið að rifa seglin og fjárfestingu er mjög í hóf stillt á árinu 1988. Baggar þeir, sem óhjákvæmilega voru bundnir á árinu 1987, munu þó taka drjúgan hluta af getu Framkvæmdasjóðs svo að framkvæmdir eins og lok útvarpshúss og bygging langbylgjustöðvar verða að bíða þess að Framkvæmdasjóður endurheimti tekjur af aðflutningsgjöldum af útvarps- og sjónvarpstækjum.

Annað, sem bíður þess að fjárhagur Framkvæmdasjóðs batni, eru endurbætur á dreifikerfinu til þess að Ríkisútvarpið geti staðið við það hlutverk sitt sem því er falið í útvarpslögum að senda út dagskrá á a.m.k. tveim hljóðvarpsrásum og sjónvarpsdagskrá til landsins alls og næstu miða.

Fylgiskjal II.

Ríkisútvarpið:

Forsendur fyrir rekstraráætlun 1988.
(Desember 1987.)

Samkvæmt fjárlögum 1988 verða heildartekjur í millj. kr. talið:

Fjárlög 1988	1 437
Framkvæmdasjóður	-141
Rekstrartekjur 1988	1 296

Forsendur fjárlaga 1988 eru þær að verðlag hækki um 17–18% milli áranna 1987 og 1988. Hækkun samkvæmt frumvarpinu umfram rekstraráætlun fyrir Ríkisútvarpið, sem gerð var í maí 1987, yrði því: 1 296/1,18 = 1 098. Sambærileg tala úr rekstraráætlun er 827 millj. kr. sem gefur 1 095/827 = 32,8 *raunhækkun frá áætlun 1987.*

Gert er ráð fyrir jöfnuði í rekstri. Skipting gjalda verður eftirfarandi í milljónum króna:

Hljóðvarp	230
Sjónvarp	330
Íþróttir	24
Tækni	210
Yfirstjórn og fjármáladeild	126
Fjármögnunarleiga	40
Fjármagnskostnaður	36
Afskriftir	102
Samtals	1 098

Dagskrárkostnaður.

Breytilegur:
Sá kostnaður sem er færður beint á dagskrárdeildir og rekstrardeildir tæknideildar sjónvarps, svo og leikmyndadeild í sjónvarpi og þulir hjá skrifstofum framkvæmdastjóra. Flutningsgjöld hjá aðalskrifstofu sjónvarps, safnadeild hjá fjármáladeild.

Fastur:
Stefgjöld og hliðstæð gjöld, rekstur dreifikerfis.

Sameiginlegur kostnaður:
Skrifstofurekstur, dagskrárútgáfa, kannanir og kynning, þátttaka í alþjóðastarfsemi, rekstur húss, auglýsingar, innheimta og yfirstjórn.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun:

22–971 Ríkisútvarpið, hljóðvarp.

		Horfur 1987	Fjárlaga-frumvarp 1988	Ný áætlun 1988
51	Launagjöld	313	323	318
52–57	Önnur rekstrargjöld	170	140	170
571	Fjármagnskostnaður	18	6	13
593	Afskriftir	65	62	60
59	Yfirfærslur	48	53	61
5.8	Gjöld samtals	614	584	622
44–46.7	Seldar vörur og þjónusta	460	529	607
48	Fjármunatekjur	10	11	12
49	Aðrar tekjur	3	3	3
4.7	Tekjur samtals	473	543	622
	Mismunur	-141	-41	0
	Fjármunahreyfingar			
	Út:			
18	Fjárfestingar	24	20	30
	Annað, sjóðsaukning	–	–	30
	Inn:			
19	Afskriftir	65	62	60
39	Ráðstöfun eigin fjár	-141	-42	0
	Annað, yfirdráttur	100	–	–

Afnotagjöld hækki að raungildi um 15% á árinu 1988. Stefnt er að því að auka auglýsingatekjur um 10% að raungildi á árinu 1988.

22–972 Ríkisútvarpið, sjónvarp.

		Horfur 1987	Fjárlaga-frumvarp 1988	Ný áætlun 1988
51	Launagjöld	342	320	345
52–57	Önnur rekstrargjöld	295	270	300
571	Fjármagnskostnaður	30	10	30
593	Afskriftir	70	75	60
59	Yfirfærslur	61	69	80
5.8	Gjöld samtals	798	744	815
44–46.7	Seldar vörur og þjónusta	696	692	800
48	Fjármunatekjur	12	10	10
49	Aðrar tekjur	6	2	5
4.7	Tekjur samtals	714	704	815
	Mismunur	-84	-40	0
	Fjármunahreyfingar			
	Út:			
18	Fjárfestingar	35	20	35
26	Afborgun lána	15	15	12
	Annað, sjóðsaukning	—	—	13
	Inn:			
19	Afskriftir	70	75	60
39	Ráðstöfun eigin fjár	-84	-40	0
	Annað, yfirdráttur	64	—	—

Afnotagjöld hækki að raungildi um 15% á árinu 1988. Stefnt er að því að auka auglýsingatekjur um 10% að raungildi á árinu 1988.

22–970 Ríkisútvarpið, Framkvæmdasjóður.

		Horfur 1987	Fjárlaga-frumvarp 1988	Ný áætlun 1988	Tillaga F og H
49	Aðrar tekjur	92	122	270	141
4.7	Tekjur samtals	92	122	270	141
	Fjármunahreyfingar				
	Út:				
18	Fjárfestingar	103	122	261	130
	Sjóðsaukning	—	—	—	11
	Inn:				
39	Ráðstöfun eigin fjár	92	122	270	141
	Annað	11	—	9	—

Fylgiskjal III.

Ríkisútvarpið:

Tekjur 1985–1988.
(Janúar 1988, í millj. kr.)

Tölur fyrir 1987 eru byggðar á bráðabirgðaniðurstöðu
og tölur fyrir 1988 á áætlun.

A.	Verðlag hvers árs				Frumvarp
	Hljóðvarp:	1985	1986	1987	1988
	Auglýsingar	207.5	207.9	176	
	Útvarpsgjald	99.6	115.1	180	
	Samtals	307.1	323.0	356	529
	Sjónvarp:				
	Auglýsingar	136.3	149.9	125	
	Útvarpsgjald	254.1	268.7	415	
	Samtals	380.4	418.6	540	691.6
	Alls	687.5	751.6	896	1220.6
B.	Verðlag 1988				
	Fjárlagfrumvarp				
	Hljóðvarp:				
	Auglýsingar	366	295	208	
	Útvarpsgjald	176	163	212	
	Samtals	542	458	420	529
	Sjónvarp:				
	Auglýsingar	241	213	148	
	Útvarpsgjald	450	382	490	
	Samtals	691	595	638	691.6
	Alls	1233	1053	1058	1220.6

Fylgiskjal IV.

Samanburður á rekstri 1985–1988.
(Janúar 1988.)
Verðlag fjárlaga 1988, allar fjárhæðir í millj. kr.
Tölur fyrir 1987 eru byggðar á bráðabirgðaniðurstöðu
og tölur fyrir 1988 á áætlun.

	1985	1986	1987	1988
Tekjur	1133	1053	1058	1407
Framkvæmdasjóður	113	113	108	141
Til ráðstöfunar	1020	940	950	1266
Gjöld:				
Dagskrárkostnaður, breytilegur	550	750	810	820
Dagskrárkostnaður, fastur	130	80	80	80
Sameiginlegur kostnaður	150	180	185	185
Framlegð reglulegrar starfsemi	190	-90	-125	181
Afskriftir	200	167	167	120
Fjármagnsleiga	—	9	20	40
	-10	-246	-317	21
Fjármagnsþáttur, tekjur	14	69	20	22
Fjármagnsþáttur, gjöld	30	21	30	43
Rekstrarniðurstaða miðað við fjármagnsþörf	-26	-198	-322	0
Óreglulegar tekjur			15	15
Óregluleg gjöld			5	5
	-12	-198	-312	+10

Fylgiskjal V.



Fylgiskjal VI.

REKSTRARÁÆTLUN 1988

(Allar fjárhæðir í m.kr., verðlag 1987)

	Rekstur 1986		Áætlun um rekstur 1987	Bráðabirgða niðurstaða 1987	Fjárlaga-frumvarp 1988	Fjárlög 1988
Ríkisútvarpið fjármálad.	61,2	77,0	70,0	140	170,2	165,
Ríkisútvarpið hljóðvarp	159,0	198,7	208,0	258,0	211,5	236,0
Ríkisútvarpið sjónvarp	278,6	348,2	260	330	295	351,0
Ríkisútvarpið tæknid.	197,0	244,3	193,5	225,0	205,0	207,0
Alls	695,8	768,2	731,5	953,0	881,7	959,0

RÍKISÚTVARPIÐ - FJÁRMÁLADEILD

01.02.1988.

R E K S T R A R Á Æ T L U N 1988

(Allar fjárhæðir í m.kr., verðlag 1987)

	Rekstur 1986		Áætlun um rekstur 1987	Bráðabirgða niðurstaða 1987	Fjárlaga-frumvarp 1988	Fjárlög 1988
Sameiginlegur kostnaður	3,8	4,8	4,5		5,2	7,0
Aðalskrifstofa	1,5	1,9	2,0		2,3	3,5
Fjárvarzla	1,9	2,8	2,3		2,7	3,5
Hagdeild	0,8	1,0	1,0		1,2	1,5
Bókhald	2,8	3,5	3,7		5,0	6,0
Auglýsingadeild	12,0	15,0	15,0		17,3	18,0
Tölvudeild	6,4	8,0	6,5		7,5	9,0
Innheimtudeild	21,3	26,6	22,0		25,0	26,0
Safnadeild	-	-	-		17,0	17,0
Húsrekstur	-	-	-		12,0	13,5
	50,5	63,6	57,0		95,2	105,0
Fjármögnunarleiga	-	-	-		60	40,0
Yfirstjórn	10,7	13,4	13,0		15,0	20,0
Samtals	61,2	77,0	70,0	140	170,2	165,0

RÍKISÚTVARPIÐ - HLJÓÐVARP 01.02.1988.

R E K S T R A R Á Æ T L U N 1988

(Allar fjárhæðir í m.kr., verðlag 1987)

	Rekstur 1986		Áætlun um rekstur 1987	Bráðabirgða niðurstaða 1987	Fjárlaga-frumvarp 1988	Fjárlög 1988
Skrifstofa framkv.stj.	14,1	17,6	19,0	26,5	25,0	25,7
Aðalskrifstofa	19,3	24,0	22,0	27,0	10,5	10,5
Fréttastofa	35,6	44,5	45,0	59,0	36,5	43,5
Fræðslu- og skemmtid.	27,6	34,5	31,0	30,0	28,0	33,0
Barna- og unglingad.	5,4	6,8	8,0	8,0	9,0	10,0
Leiklistardeild	10,4	13,0	12,0	9,0	12,0	13,8
Tónlistardeild	32,0	40,0	55,0	74,0	45,0	50,5
Dægurmáladeild	-	-	-	-	14,0	13,5
Ríkisútvarpið Akureyri	14,6	18,3	16,0	20,0	16,5	19,5 2)
Ríkisútvarpið á Egilsstöðum	-		-	2,5	5,5	6,0
Ríkisútvarpið Ísafirði	-		-	2,0	3,5	4,0
Samtals	159,0	198,7	208,0	258,0	205,5 1)	230,0
Íþróttir	-		-	-	6	6,0
Alls	159,0	198,7	208,0	258,0	211,5	236,0

1) Flutningur/rekstur húss 12,0 m.kr., safnad. 12,0, íþróttad. 6,0 samtals 30 m.kr.

2) Incl. ein staða fréttamanns.

RÍKISÚTVARPIÐ - SJÓNVARP 01.02.1988.

R E K S T R A R Á Æ T L U N 1988

(Allar fjárhæðir í m.kr., verðlag 1987)

	Rekstur 1986		Áætlun um rekstur 1987	Bráðabirgða niðurstaða 1987	Fjárlaga-frumvarp 1988	Fjárlög 1988
Skrifstofa frmakvæmdastj.	23,4	29,3	20	28	25	33 2)
Aðalskrifstofa	36,4	45,5	35	38	35	35
Fréttastofa	79,0	98,7 1)	63	80	60	65 x)
Innkaupa- og markaðsdeild	40,9	51,1	42	70	42	70
Innlend dagskrárdeild	66,8	83,5	75	85	86	100
Leikmyndadeild	32,1	40,1	25	29	29	30
Samtals	278,6	348,2	260	330	277	333
Íþróttadeild	-	-	-	-	18	18
Alls	278,6	348,2	260	330	295	351

1) Leiðtogafundur
2) Kynningarefni
x) Fréttagrafíkér

RÍKISÚTVARPIÐ - TÆKNIDEILD 01.02.1988.

R E K S T R A R Á Æ T L U N 1988

(Allar fjárhæðir í m.kr., verðlag 1987)

	Rekstur 1986		Áætlun um rekstur 1987	Bráðabirgða niðurstaða 1987	Fjárlaga-frumvarp 1988	Fjárlög 1988
Yfirstjórn	(3,0)	3,8	3,2		3,7	4,0
Sameiginlegur kostnaður	(16,0)	20,0 [1]	18,0		2,3	2,5
Rekstrardeild hljóðvarps	29,0	36,3	30,0		35,0	34,0
Rekstrardeild sjónvarps	76,0	95,0	80,0		92,0	87,0
Hljóðtækjadeild	2,0	2,5	2,3		3,0	7,5
Myndtækjadeild	6,0	7,5	7,0		8,0	9,0
Samtals	(132,0)	165,1	140,5		144,0	144,0
Dreifikerfi hljóðvarps Dreifikerfi sjónvarps	(64)	80	53,0		61,0	63,0
Alls	(196,0)	245,1	193,5	225,0	205,0	207,0

1) Fjármögnunarleiga

Sþ. 591. Tillaga til þingsályktunar [289. mál]

um mat á heimilisstörfum.

Flm.: Albert Guðmundsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Kolbrún Jónsdóttir, Guðmundur Ágústsson, Júlíus Sólnes, Ingi Björn Albertsson, Óli Þ. Guðbjartsson.

Alþingi ályktar að skora á forsætisráðherra að fela Þjóðhagsstofnun að gera úttekt á verðmætagildi heimilisstarfa í þjóðfélaginu í heild og meta gildi þeirra með tilliti til þjóðartekna eins og þær eru reiknaðar í dag.

Greinargerð.

Hið opinbera hefur um langan tíma litið fram hjá efnahagsgildi heimilanna fyrir þjóðfélagið og þeir sem þessi störf stunda njóta ekki jafnstöðu hjá hinu opinbera á við þá þegna sem stunda störf á hinum almenna vinnumarkaði. Fram til þessa hafa þessi störf aðallega verið unnin af konum og hefur vanmatið því aðallega beinst að þeim sem heild. Ætla má af þeim sökum að litið sé á konur sem ódýrt og óæðra vinnuafl, en þar gæti ein skýringin verið á því hve konur eiga almennt erfitt uppdráttar á vinnumarkaðinum þrátt fyrir jafnréttislögin og yfirleitt stunda þær lægst launuðu störfin í þjóðfélaginu.

Seint verður hægt að meta til fjár ástvinasamband á heimilum og heimilismenningu sem stuðlar að kærleika, andlegri velsæld og þroska manna og skilar sér í betra mannlífi og betra þjóðfélagi. Sú aðferð, sem notuð er við útreikninga þjóðarframleiðslunnar, gerir ekki ráð fyrir þeirri vinnu sem innt er af hendi á heimilunum.

Þjóðarframleiðslan mælir hagsæld þjóðarinnar á mælikvarða markaðsbúskaparins fyrst og fremst. Þannig er undanskilin nær öll vinna sem framkvæmd er án þess að gjald komi fyrir og vega heimilisstörf þar þyngst á metunum. Þessi óverðlagða vinna liggur utan garðs í þjóðhagsreikningunum, þótt mönnum sé ljóst að þessar athafnir skipti miklu þegar meta skal hagsæld fólksins í landinu.

Gerð þjóðhagsreikninga hefur þann tilgang að meta árangur efnahagsstarfseminnar í landinu bæði á liðnum tíma og í öðrum löndum, en samkvæmt skilgreiningunni við þessa útreikninga er þáttur ólaunaðrar vinnu ekki talinn með efnahagsstarfseminni þó að mikilvægi þessara athafna sé óumdeilt meðal flestra hagfræðinga Vesturlanda.

Í nútímaþjóðfélagi, þar sem allt er metið til fjár og allt miðast við að þjóna þörfum markaðarins, er ekki nema eðlilegt að hin óverðlögðu heimilisstörf njóti lítillar virðingar. Spyrja má hvort þeir sem stunda heimilisstörf þurfi að mynda „þrýstihóp“ til þess að ná fram jafnstöðu gagnvart hinu opinbera á við útivinnandi þegna þjóðfélagsins. Það hlýtur að vera krafa jafnréttisþjóðfélagsins að hið opinbera sé ekki að mismuna þegnum sínum fjárhagslega eftir því hvort þeir kjósa að sinna störfum á heimilinu eða utan þess.

Sþ. 592. Fyrirspurn [290. mál]

til menntamálaráðherra um fjarkennslu.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Hvað líður undirbúningi þess að skipulagt verði nám sem fólk geti stundað heima og í hjáverkum með aðstoð sjónvarps og myndbanda, síma- og tölvutækni?
2. Mun ráðherra gera tillögu um fjárveitingar í þessu skyni við undirbúning næstu fjárlaga?

Sþ. 593. Fyrirspurn [291. mál]

til ráðherra norrænna samstarfsmála og viðskiptaráðherra um tjón Norræna fjárfestingarbankans af gjaldþroti Kongsbergs Våpenfabrikk í Noregi.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Samþykktu fulltrúar Íslands í stjórn Norræna fjárfestingarbankans að ekki skyldi krefjast ríkisábyrgðar á láni til Kongsbergs Vapenfabrikk í Noregi sem nú er gjaldþrota?
2. Hve mörg lán hafa verið afgreidd í stjórn bankans án ríkisábyrgðar eða hliðstæðra trygginga og í hvaða tilvikum?
3. Hvers vegna hafa ráðherrarnir ekki séð ástæðu til að skýra Alþingi frá því tjóni sem bankinn hefur nú orðið fyrir við þetta gjaldþrot?

Sþ. 594. Fyrirspurn [292. mál]

til utanríkisráðherra um stjórn Ísraelsmanna á herteknum svæðum.

Frá Svavari Gestssyni og Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hver er afstaða ríkisstjórnarinnar til framferðis Ísraelsstjórnar á herteknu svæðunum?
2. Hefur ríkisstjórnin mótmælt eða lýst áhyggjum sínum af síðustu atburðum í Palestínu?

Nd. 595. Frumvarp til laga [293. mál]

um breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar (ÓE, JK, SighB, GuðnÁ).

1. gr.

3. málsl. 3. gr. laganna falli niður.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Um tilbúning og framleiðslu áfengra drykkja fer samkvæmt lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi og tóbak, með síðari breytingum.

Önnur framleiðsla, tilbúningur og bruggun áfengra drykkja eða áfengisvökva er bönnuð á Íslandi, svo og að gera drykkjarhæft það áfengi sem er eða gert hefur verið óhæft til drykkjar.

3. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Upptæk skal gera öll áhöld sem með ólögmætum hætti á að nota eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkjarhæft það áfengi sem ódrykkjarhæft var. Áfengi það, sem búið hefur verið til eða aftur gert drykkjarhæft með ólögmætum hætti, skal og gert upptækt ásamt ílátum.

4. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast innfluting, dreifingu og sölu áfengis, sbr. lög um verslun ríkisins með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, með síðari breytingum. Óheimilt er að gefa veitingamönnum afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði til almennings.

5. gr.

1. mgr. 15. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu áfengis samkvæmt þessum kafla.

6. gr.

Lög þessi taka gildi 1. mars 1989.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd neðri deildar hefur haft til meðferðar frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969, 42. mál þessa þings. Meginefni þess frumvarps er í fyrsta lagi að fella úr gildi bann við innflutningi á öli sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, þ.e. að fella úr gildi 3. málsl. 3. gr. laganna. Í öðru lagi að leyfi til bruggunar öls, sem hafi meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, fari samkvæmt lögum um vörugjald, svo og að framleiðslugjald af slíku öli skuli ákveðið í lögum um vörugjald.

Nefndarmenn eru sammála um að þessi ákvæði frumvarpsins séu ekki hin heppilegustu burt séð frá þeim grundvallarágreiningi hvort yfirleitt eigi að leyfa innflutning og framleiðslu á áfengu öli. Því kemur 42. mál ekki til afgreiðslu nefndarinnar en meiri hl. hennar stendur að flutningi þessa frumvarps.

Meginefni þess er hið sama og hins fyrra, þ.e. að nema úr gildi bann við innflutningi og framleiðslu áfengs öls. Hins vegar er gert ráð fyrir að sala á áfengu öli verði með algerlega sama hætti og sala á öðru áfengi. Með því næst æskilegt samræmi í áfengislöggjöfinni.

Upphaflega frumvarpið var sent fjölda aðila til umsagnar. Umsagnir þær er bárust fjölluðu einvörðungu um þá grundvallarspurningu hvort leyfa ætti innflutning, framleiðslu og sölu á áfengu öli en ekki um orðalag einstakra greina. Umsagnir þessar eru því jafngildar varðandi það frumvarp sem hér er nú flutt.

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Æskulýðsráði ríkisins, félagsmálaráði Reykjavíkurborgar, Ferðamálaráði Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Íþróttasambandi Íslands, Læknafélagi Íslands, áfengisvarnaráði, Landssambandi lögreglumanna, Samtökum áhugafólks um áfengisvandamálið, Kvenfélagasambandi Íslands, Verkamannasambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Sambandi veitinga- og gistihúsa, Stórstúku Íslands og Geðlæknafélagi Íslands.

Þá komu til viðræðna við nefndina: Fulltrúar frá áfengisvarnaráði og áfengisvarnaráðunautur ríkisins, forstjóri ÁTVR, póst- og símamálastjóri og landlæknir. Í framsögu verður gerð grein fyrir umsögnum þessum.

Í frumvarpinu eins og það liggur fyrir er gert ráð fyrir að fellt verði úr gildi bann við innflutningi og framleiðslu á áfengu öli sem hefur meira af vínanda en 2¼% að rúmmáli. Meiri hl. nefndarinnar er þeirrar skoðunar að bann við innflutningi og framleiðslu áfengs öls hér á landi eigi að afnema. Eins og kunnugt er hefur hin síðari ár komið æ betur í ljós hversu marklaust þetta bann áfengislaganna er í raun. Nægir í því sambandi að nefna að um áratugaskeið hefur farmönnum og flugliðum verið heimilað að flytja með sér til landsins áfengt öl. Það sama hefur átt sér stað nokkur undanfarin ár varðandi ferðamenn sem koma til landsins frá útlöndum. Þá hefur innflutningur og sala öl- og víngerðarefna verið látin algerlega

átölulaus um árabil. Enn fremur hefur ólöglegur innflutningur á bjór verið staðreynd um áratuga skeið. Miðað við þá þróun, sem átt hefur sér stað í þessum málum, svo og afstöðu meiri hluta þjóðarinnar, að svo miklu leyti sem hún hefur verið könnuð, er ljóst að ekki verður lengur hjá því komist að aflétta banni því sem hér um ræðir enda sýnist það í hróplegri mótsögn við það ástand sem hér ríkir í þessum málum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að brott verði numin ákvæði úr áfengislögum sem banna innflutning öls sem inniheldur meira en 2½% af vínanda að rúmmáli en skv. 2. gr. áfengislaga telst áfengi hver sá vökvi sem inniheldur meira en 2½% af vínanda að rúmmáli. Áfengt öl telst því sem hvert annað áfengi. Af þessu leiðir að ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja inn áfenga drykki hverju nafni sem þeir nefnast, sbr. 1. og 2. málsl. 3. gr. laganna og annast ÁTVR innflutninginn.

Um 2. gr.

Um tilbúning og framleiðslu áfengra drykkja, en áfengt öl telst áfengur drykkur, er vísað til laga um verslun ríkisins með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, sérstaklega 2. gr. eins og henni var breytt með lögum nr. 51/1986. Þar er kveðið á um að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sé einni heimil framleiðsla áfengra drykkja en þó er fjármálaráðherra heimilt að veita öðrum aðilum en Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins leyfi til að framleiða áfenga drykki, enda sé slík framleiðsla ætluð til útflutnings eða sölu í útsölum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Ráðherra er enn fremur heimilt að setja skilyrði fyrir því að leyfi sé veitt til framleiðslu áfengis.

Í 5. gr. laga 63/1969, sbr. lög 51/1986, er kveðið skýrt á um það að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sé einni heimilt að selja innan lands áfengi sem hún flytur inn og allt áfengi sem framleitt er innan lands. Ekki er þó gert ráð fyrir því að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sé skyldug að selja það áfengi sem framleitt er innan lands.

Í 7. gr. áfengislaga, nr. 82/1969, er að finna fortakslaust bann við bruggun eða tilbúningi áfengra drykkja hérlendis að öðru leyti en því að heimilt er að framleiða áfengt öl til útflutnings. Eins og áður sagði er lagt til að þetta bann verði afnumið en um tilbúning og framleiðslu áfengs öls fari með sama hætti og um framleiðslu annarra áfengra drykkja, sbr. lög nr. 63/1969, með síðari breytingum. Enn fremur er lagt til að önnur framleiðsla, tilbúningur eða bruggun áfengis sé bönnuð.

Í 2. mgr. 7. gr. áfengislaga er kveðið á um innheimtu framleiðslugjalds af áfengu öli. Þetta ákvæði er óþarft þar sem í lögum 97/1987, um vörugjald, er beinlínis kveðið á um að framleiðsla öls sé gjaldskyld hvort sem það er áfengt eða ekki. Að öðru leyti ákveður fjármálaráðherra hverjar tekjur ríkisjóðs skuli vera af áfengi í einkasöluverðinu.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt er í kjölfar breytinga á 7. gr. laganna að breyta 8. gr. gildandi laga á þá lund að aðeins skuli gera þau tæki upptæk sem notuð eru eða hafa verið notuð til ólögmætrar framleiðslu áfengra drykkja. Á sama hátt er nauðsynlegt í þessu sambandi að kveða á um að aðeins ólögmæt framleiðsla áfengra drykkja skuli gerð upptæk.

Um 4. gr.

Samkvæmt 9. gr. gildandi laga er kveðið á um að ÁTVR annist sölu þess áfengis sem ríkið flytur inn, auk þess sem leiðbeiningar er þar að finna um ákvörðun álagningar. Lagt er til að ÁTVR annist áfram innflutning áfengis og einkasölunni er falið að annast dreifingu þess, svo og dreifingu og smásölu innlendrar framleiðslu á áfengi hverju nafni sem það nefnist. Af þessu leiðir að sala áfengs öls fer fram eftir sömu reglum og gilt hafa um sölu á öðru áfengi samkvæmt gildandi lögum. Varðandi dreifingu áfengis er gert ráð fyrir að hún sé á ábyrgð ÁTVR en jafnframt verði ÁTVR talið heimilt að semja við framleiðendur og flutningafyrirtæki um fyrirkomulag dreifingarinnar til útsölustaða ÁTVR og veitingahúsa.

Um 5. gr.

Í 15. gr. gildandi laga er notað orðið „vína“ en í stað þess er lagt til að komi orðið „áfengis“ sem tekur einnig til áfengs öls. Rétt er að taka fram að þar sem notað er orðið „vínveitingar“ í áfengislögum verður það að teljast taka til allra áfengisveitinga, þar með talið áfengs öls.

Um 6. gr.

Miðað er við að lögin taki gildi 1. mars 1989. Þessi tímatakmörk eru sett til að veita innlendum framleiðendum og þeim, sem hyggja á ölframleiðslu, nokkurt svigrúm og gefa ÁTVR tækifæri til að undirbúa þessa breytingu.

Sþ. 596. Skýrsla [294. mál]

Steingríms Hermannssonar utanríkisráðherra um utanríkismál.

(Lögð fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

Á undanförnum árum hafa orðið gífurlegar breytingar í heiminum. Flestar hafa þessar breytingar veruleg áhrif á stöðu okkar Íslendinga. Við erum ekki lengur einangraðir í stórum heimi langt úti á Atlantshafi. Við erum hluti af litlum heimi og að sumu leyti í miðju hans.

Við getum ekki lengur látið þróun heimsmála afskiptalausa. Jafnvel smáþjóð eins og við Íslendingar á ekki aðeins þann rétt, heldur ber skylda til að hafa þau áhrif sem hún getur til að þoka þróun heimsmála á rétta braut.

Í fyrsta sinn í sögunni hafa risaveldin samið um að fækka kjarnorkuvopnum og eyðileggja mikið magn meðaldrægra eldflauga. Þessi fækkun kjarnorkuvopna er að sjálfsögðu mikilvæg, en hitt er þó mikilvægara, að með þessum samningi er brotið blað og sá vonarneisti kveiktur, að framundan kunni að vera bætt sambúð stórveldanna og fækkun eða jafnvel útrýming gereyðingarvopna, sem ógnað hafa mannkyninu um alllangt skeið.

Íslendingar geta glaðst yfir því að eiga sérstæðan þátt í þessu samkomulagi og því, sem er í undirbúningi. Leiðtogafundurinn í Reykjavík í október 1986 var að mati talsmanna beggja risaveldanna tvímælalaust sá mikilvægasti, sem haldinn hefur verið.

Íslendingar virðast njóta trausts hjá stórveldunum báðum. Ef til vill er það vegna legu landsins, ef til vill vegna vopnleysis okkar og góðra samskipta við allar þjóðir. Ísland kann

því að geta átt verðugt hlutverk í þessari mikilvægu þróun. Til þess verðum við að sýna viljann í verki, hvar sem við komum fram á opinberum vettvangi.

Alþingi vísaði veginn með þeirri ályktun um afvopnunarmál, sem það samþykkti samhljóða 23. maí 1985. Er ástæða til að rifja hér upp þann hluta þeirrar ályktunar, sem fjallar um almenna afvopnun:

„Alþingi ályktar að brýna nauðsyn beri til að þjóðir heims, ekki síst kjarnorkuveldin, geri með sér samninga um gagnkvæma alhliða afvopnun, þar sem framkvæmd verður tryggð með alþjóðlegu eftirliti.

Ennfremur telur Alþingi mikilvægt, að verulegur hluti þess gífurlega fjármagns, sem nú rennur til herbúnaðar, verði veittur til þess að hjálpa fátækum ríkjum heims þar sem tugir milljóna manna deyja árlega úr hungri og sjúkdómum.

Alþingi fagnar hverju því frumkvæði, sem fram kemur og stuðlað getur að því að rjúfa vítahring vígbúnaðarkapphlaupsins.

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að styðja og stuðla að allsherjarbanni við tilraunum, framleiðslu og uppsetningu kjarnorkuvopna undir traustu eftirliti, svo og stöðvun á framleiðslu kjarnakleyfra efna í hernaðarskyni, jafnframt því að hvetja til alþjóðlegra samninga um að árlega verði reglubundið dregið úr birgðum kjarnavopna. Þessu banni og samningum um niðurskurð kjarnavopna verði framfylgt á gagnkvæman hátt þannig að málsaðilar uni því og treysti, enda verði það gert í samvinnu við alþjóðlega eftirlitsstofnun.

Leita verður allra leiða til að draga úr spennu og tortryggni milli þjóða heims og þá einkum stórveldanna. Telur Alþingi að Íslendingar hljóti ætíð og hvarvetna að leggja slíkri viðleitni lið."

Þetta er athyglisverð ályktun og mikilvægur grundvöllur á að byggja í utanríkismálum. Ég hef lagt á það áherslu að sýna í verki þann vilja, sem Alþingi hefur lýst. Það hefur verið gert hjá Sameinuðu þjóðunum með breyttri afstöðu í allmörgum málum og hvarvetna þar sem rödd Íslands heyrist.

(1) **Ný ríkisstjórn.**

Hinn 8. júlí 1987 kom til valda ný ríkisstjórn, samsteypustjórn Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Alþýðuflokks undir forsæti Þorsteins Pálssonar.

Í stefnuskrá stjórnarinnar er kafli um utanríkisstefnu sem hér segir:

„Ríkisstjórnin mun fylgja sjálfstæðri utanríkisstefnu. Á þeim grundvelli styðja Íslendingar alla raunhæfa viðleitni sem beinist að gagnkvæmri fækkun kjarnavopna undir öruggu eftirliti, gegn vígbúnaðarkapphlaupi og að vinsamlegum samskiptum þjóða.

Ríkisstjórnin ítrekar þá grundvallarstefnu í utanríkismálum að taka virkan þátt í norrænu samstarfi, í samstarfi Evrópuþjóða, í starfsemi Sameinuðu þjóðanna og vestrænu varnarsamstarfi á grundvelli aðildar að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningsins.

Íslendingar taka virkan þátt í starfsemi Atlantshafsbandalagsins. Til þess þarf að efla starf utanríkisráðuneytisins á sviði varnar- og öryggismála. Íslensk stjórnvöld leggi ávallt sjálfstætt mat á öryggis- og friðarmál og varnir Íslands.

Kjarnavopnaleysi Norðurlanda er liður í ríkjandi jafnvægi í okkar heimshluta. Fylgt verður markaðri stefnu varðandi þátttöku Íslands í samvinnu ríkisstjórna Norðurlanda um kjarnorkuvopnalaust svæði. Sameiginlegar yfirlýsingar um slíkt svæði þurfa að vera hluti víðtækara samkomulags milli austurs og vesturs um afvopnun eða takmörkun vígbúnaðar.

Samvinna við þróunarlönd verður aukin í anda samþykkta Sameinuðu þjóðanna um þróunaraðstoð. Eindregin afstaða verður tekin á alþjóðavettvangi gegn hvers kyns mannréttindabrotum og kúgun.

Áhersla verður lögð á víðtækt samstarf við aðrar þjóðir Norðurlanda. Sameiginleg menning þjóðanna verði styrkt með auknum menningarsamskiptum.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir samstarfi þjóða við Norður-Atlantshaf um sameiginlega hagsmuni varðandi nýtingu auðlinda hafsins. Íslenskra hafréttarhagsmuna verður gætt innan sem utan 200 mílna efnahagslögsögunnar. Íslendingar munu hafa frumkvæði á alþjóðlegum vettvangi í umræðum og aðgerðum gegn mengun í lofti, láði og legi vegna úrgangs frá iðnaði og kjarnorkuverum.

Samvinna við Efnahagsbandalagið á sviði viðskiptamála og vísindaþróunar verður aukin. Fylgst verður náið með öllum breytingum á störfum og skipulagi Evrópubandalagsins. Innan EFTA og GATT og í samningum við Evrópubandalagið verður lögð rík áhersla á fríverslun og afnám hafta og tolla."

(2) **Breytt verkaskipting ráðuneyta.**

Hinn 8. júlí 1987 var samkvæmt samkomulagi stjórnarflokkanna gefin út reglugerð nr. 64 um breytingu á reglugerð nr. 96 31. desember 1969 þess efnis að stjórn útflutningsviðskipta skyldi flytjast frá viðskiptaráðuneyti til utanríkisráðuneytis.

Í upphafi þessa árs samþykkti Alþingi lög um útflutningsleyfi o.fl. og um breytingu á lögum um Útflutningsráð varðandi þetta mál.

Í lögum um utanríkisþjónustu Íslands frá 1971 segir, að hún skuli gæta hagsmuna Íslands að því er snertir utanríkisviðskipti. Nú var ætlunin að tryggja sem besta nýtingu þjónustunnar í þessu skyni með því að sameina meðferð útflutningsmálanna innan utanríkisráðuneytisins. Þessi mál hafa hin síðustu ár orðið umfangsmeiri og flóknari og tengst sífellt meir pólitískum utanríkismálum. Nægir að nefna samskipti við Evrópubandalagið í því sambandi, en nýlega hefur verið opnuð sérstök skrifstofa í Brussel til að fjalla um þau mál.

Hjá Efnahagsbandalagi Evrópu er nú markvisst unnið að sameiningu aðildarríkjanna tólf í einum markaði og stefnir æ meir að eins konar bandaríkjum Evrópu. Þessi þróun setur þau Evrópuríki, sem standa utan bandalagsins, í nokkurn vanda. Vinna þau öll að undirbúningi þess að geta tengst bandalaginu, og sum kunna að gerast aðilar að því. Mikilvægt er að halda vel á hagsmunum Íslendinga í þessari sögulegu þróun, og er samstilling þeirra stofnana, ráðuneyta og sendiráða, sem að málinu koma, mikilvæg.

Annað mikilsvert pólitískt efnahagsmál er fríverslunarsamningur Bandaríkjanna og Kanada, sem mun gera þau miklu lönd að einu markaðssvæði. Þar sem Kanada er einn helsti keppinautur Íslands á fiskmörkuðum, getur skipt miklu fyrir hagsmuni Íslendinga hvernig framvinda þessa máls verður.

Unnið hefur verið að flutningi á útflutningsmálum til utanríkisráðuneytisins, og er það veigamikil stjórnsýslubreyting, sem miklu skiptir að vel takist. Ég er sammála orðum forvera míns í skýrslunni til Alþingis 1987, þar sem hann segir, að „stærstu verkefni utanríkisþjónustunnar í náinni framtíð hljóti að vera á sviði utanríkisviðskipta og útflutningsmála."

(3) **Efni skýrslunnar.**

Sú skýrsla, sem hér fer á eftir, er í meginatriðum skipulögð á sama hátt og verið hefur í skýrslum til Alþingis um árabil. Fyrst verður fjallað um hin veigamestu alþjóðamál, framar öllu afvopnun og friðarmál. Þá verður getið um þær alþjóðlegu stofnanir, sem Ísland er aðili að og greint frá málefnum fjarlægra ríkja.

Þessu næst verða kaflar um utanríkisviðskipti, um þróunarsamvinnu, um varnarliðið og varnarsvæðin, um hafréttarmál og loks um utanríkisþjónustuna.

I Einstök alþjóðamál

(1) **Afvopnun og takmörkun vígbúnaðar.**

Afvopnun og takmörkun vígbúnaðar eru undirstöðuþættir í öryggis- og varnarmálastefnu Íslands. Því hljóta Íslendingar að styðja af einurð allar raunhæfar tilraunir til þess að ná samkomulagi um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar — samkomulagi sem eykur öryggi og stöðugleika og hægt er að ganga úr skugga um að sé virt.

(1.1) **Reykjavíkurfundur Reagans og Gorbatsjovs.**

Nafn Reykjavíkur er tengt einhverjum merkustu viðburðum í sögu eftirstríðsáranna. Leiðtogafundurinn í Reykjavík opnaði nýjar leiðir til verulegrar fækkunar kjarnavopna og til þess samnings sem Bandaríkin og Sovétríkin hafa gert með sér um meðal- og skammdrægar eldflaugar. Í fyrsta sinn í sögunni hefur verið samið um útrýmingu heils vopnakerfis u.þ.b. 50 árum eftir að atómsprengjan var fundin upp. Samkomulag stórveldanna er staðfesting á því, hverju unnt er að ná með einbeitni og stefnufestu, en ekki með einhliða afvopnun Vesturlanda. Niðurstöðurnar má rekja til tillagna Vesturlanda, sem settar voru fram fyrir sex árum. Fyrir samstöðu Vesturlanda og eindrægni í vörnum Evrópu hefur þessi árangur náðst.

(1.2) **Fjölhliða viðræður.**

Í afvopnunarmálum hefur árið 1987 verið einkar atburðaríkt. Enn er þó margt ógert á sviði afvopnunarmála og takmörkunar vígbúnaðar. Miklar vonir eru bundnar við það ár sem nú er framundan. Í fyrsta lagi er vonast til að Bandaríkin og Sovétríkin geti í Genfarviðræðunum nú samið um 50 af hundraði fækkun langdrægra kjarnavopna (strategískra kjarnavopna). Leggja verður mikla áherslu á að koma á samningum um alheimsbann við efnavopnum, sem unnt er að framfylgja með raunhæfu eftirliti. Vonir eru bundnar við að í Vínarborg náist samkomulag um að hefja umfangsmiklar samningaviðræður milli Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins um hefðbundinn herafla. Í því sambandi er rétt að minna á þá stefnumótun Atlantshafsbandalagsins sem fólst í Halifax-yfirlýsingunni og Brussel-yfirlýsingunni, en hvor tveggja miðar að því að koma á alhliða og stöðugu jafnvægi hefðbundins herafla, sem hægt er að hafa eftirlit með. Í viðræðunum, sem nú fara fram í Vín, er reynt að koma á viðræðum um hernaðarlegt jafnvægi hefðbundins vígbúnaðar allt frá Atlantshafi til Úralfjalla.

Ég hef látið þess getið þar sem ég hef fjallað um þessi mál á alþjóðavettvangi að aukin áhersla Sovétmanna á afvopnunarmálin tengist efnahagserfiðleikum m.a. eftir áratuga kostnaðarsamt og umfangsmikið vígbúnaðarkapphlaup. Það er skoðun mín að þessi nýja afstaða sé tengd þeim breytingum sem virðast vera að eiga sér stað í Sovétríkjunum. Fagna ber viðleitni leiðtoga Sovétríkjanna til að stuðla að bættum samskiptum austurs og vesturs. Þó verður ekki litið framhjá þeirri staðreynd að Sovétríkin ráða yfir gífurlegum herstyrk. Því ber að knýja á um skjótar og árangursríkar viðræður um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar.

(1.3) **Kjarnorkuiðnaður.**

Fjölmörg ríki vilja nú auka friðsamlega nýtingu kjarnorku en ekki er hægt að loka augunum fyrir þeirri hættu sem felst í notkun hennar til orkuframleiðslu. Er skemmst að

minnast kjarnorkuslyssins í Tsjernobil 26. apríl 1986. Brýna nauðsyn ber til að kjarnorkuiðnaði verði gert að skyldu að hlíta ströngu eftirliti og öryggisreglum. Það er Íslendingum sérstakt áhyggjuefni að allar líkur benda til þess að stjórnvöld á Bretlandseyjum hyggi á stórfellda stækkun á kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Dounreay í Norður-Skotlandi.

Umhverfismálaráðherrar allra Norðurlandanna hafa borið fram formleg mótmæli sem afhent hafa verið umhverfismálaráðherra Breta. Þar er mótmælt staðsetningu þessarar endurvinnslustöðvar og sérstaklega tekið fram að stöðin sé talin ógna fiskimiðum Noregs, Íslands og Færeyja. Iðnaðarráðherra hefur tekið þetta mál upp á fundi með starfsbróður sínum í Bretlandi og Skotlandsmálaráðherra og mótmælt þessari fyrirhuguðu stækkun. Einnig hefur sendiráð okkar í Lundúnum komið mótmælum íslenskra stjórnvalda á framfæri við þarlend stjórnvöld.

(1.4) **Washington-samkomulag risaveldanna.**

Fagna ber því mikilvæga skrefi sem stigið var til fækkunar kjarnavopna með undirritun samnings Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um útrýmingu allra meðal- og skammdrægra kjarnaflauga á landi í Washington 8. desember s.l. Í sjálfu sér er þessi fækkun tiltölulega lítil en hún er þó vottur um mjög mikilvæga breytingu frá því kjarnavopnakapphlaupi sem þjóðir heims hafa búið við hingað til. Skoðanakannanir sýna að yfirgnæfandi meirihluti íbúa Vestur-Evrópu og Bandaríkjanna er samþykkur samningnum og það yrði mikill skaði ef hann hlyti ekki staðfestingu öldungadeildar bandarískra þingsins í vor. Slíkt hefði mjög neikvæð áhrif á þá sterku samstöðu sem nú er innan Atlantshafsbandalagsins. Það er einlæg von mín að í framhaldi af undirritun samningsins náist árangur í viðræðum stórveldanna um fækkun langdrægra kjarnaflauga, niðurskurð hefðbundinna vopna og um efnavopnabann. Sömuleiðis er mikilvægt að þeir samningar takist sem eru í undirbúningi. Þetta eru atriði sem ég hef lagt ríka áherslu á á þeim fundum Atlantshafsbandalagsins sem ég hef setið til þessa. Það er von mín að leiðtogafundur Atlantshafsbandalagsins, sem haldinn verður í Brussel 2. og 3. mars n.k., muni einnig leggja áherslu á þessi mikilvægu atriði.

Samkomulag Bandaríkjanna og Sovétríkjanna frá 8. desember s.l. er mikilvægt m.a. af eftirgreindum ástæðum:

Í fyrsta lagi eyða Sovétríkin þremur til fjórum sinnum fleiri flaugum en Bandaríkin. Þetta atriði getur reynst afar mikilvægt þegar að því kemur að hefja samningaviðræður um hefðbundna afvopnun en þar hafa Sovétmenn mjög mikla yfirburði sérstaklega í Mið-Evrópu.

Í öðru lagi eru staðfestingarákvæði þessa samkomulags afar ströng og fela m.a. í sér að eftirlit er hægt að framkvæma með mjög litlum fyrirvara. Slíkt gæti einmitt orðið til þess að auka trúnaðartraust milli ríkjanna og styrkja frekar þann grunn sem aðrir samningar gætu hvílt á.

Í þriðja lagi halda Bretar og Frakkar að svo stöddu óskertum kjarnavopnaherafla sínum. Það var Atlantshafsbandalagsríkjunum mikið áhyggjuefni á sínum tíma að Sovétríkin væru að reyna að reka fleyg milli Evrópuríkjanna og Bandaríkjanna.

Í fjórða lagi sýnir samningurinn fram á að semja má um að uppræta öll vopn af tiltekinni gerð. Að öllum líkindum er því kleift að gera hið sama við aðrar vopnagerðir. Höfuðatriðið er að ekki er lengur einblínt á fækkun heldur einnig á eyðingu vopnanna.

Í fimmta lagi náðist samkomulagið vegna þess að Atlantshafsbandalagsríkin héldu fast við þá stefnu sem mörkuð var fyrir um átta árum, að endurnýja skammdrægar og meðaldrægar flaugar á landi í Evrópu en semja um leið við Sovétríkin um eyðingu þessara vopna (Dual Track Decision).

Í sjötta og síðasta lagi getur samningurinn, sé honum samviskusamlega framfylgt, orðið grundvöllur svo aukins trúnaðartrausts ríkja í milli að samskipti austurs og vesturs batni til muna.

(1.5) **Takmörkun vígbúnaðar á norðurslóðum.**

Nokkuð hefur verið rætt um það undanfarna mánuði hvaða leiðir Atlantshafsbandalagið geti farið til að bæta sér upp missi þeirra flauga sem upprættar eru með samningnum. Ég hef margoft lýst því að gegn slíku beri að standa. Ýmsir sérfræðingar hafa þó látið í ljós þá skoðun að samkomulagið muni leiða til fjölgunar kjarnavopna á hafinu. Það er vissulega áhyggjuefni ef fækkun kjarnavopna á landi leiðir til þess að þeim fjölgar í og á hafinu. Það væri okkur Íslendingum sérstakt áhyggjuefni ef kjarnorkukafbátum fjölgaði á norðurhöfum. Að sjálfsögðu ber okkur að beita okkur fyrir því hvar sem við getum að svo fari ekki og að fækkað verði kjarnavopnum í og á hafinu umhverfis okkur.

Ég tel ræðu þá sem Gorbatsjov hélt í Murmansk í október s.l. athyglisverða. Í henni koma vissulega fram ný atriði sem krefjast þess að þau séu athuguð náið. Til dæmis býður leiðtogi Sovétríkjanna upp á viðræður um Norðurheimsskautið og norðurhöfin og að þær viðræður verði ekki aðeins milli landa sem eiga beinna hagsmuna að gæta á þessum slóðum heldur einnig milli Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins. Sovétleiðtoginn leggur einnig til að sameiginlega verði hafist handa um umhverfisvernd á heimskautasvæðunum og norðurslóðum og að komið verði á alþjóðlegum samskiptum sem opni erlendum skipum norð-austur siglingaleiðina, en hún er skemmsta siglingaleiðin frá Evrópu til Austurlanda fjær og Kyrrahafsins.

Ég er þeirrar skoðunar að við Íslendingar getum og eigum að beita okkur sem mest og best í þessum málum. Við getum beitt okkur innan samtaka sem við störfum í, t.d. Sameinuðu þjóðanna og Atlantshafsbandalagsins. Ég hef látið þá skoðun í ljós að Ísland geti orðið miðstöð umræðu um ýmis vandamál heimsins.

(1.6) **Kjarnavopnalaus svæði á norðurslóðum.**

Á fundi utanríkisráðherra Norðurlandanna sem haldinn var í Reykjavík 25.—26. mars á síðasta ári ákváðu utanríkisráðherrarnir, að settur yrði á laggirnar vinnuhópur forstöðumanna stjórnmáladeilda norrænu utanríkisráðuneytanna. Ber honum að kanna forsendur fyrir kjarnavopnalausu svæði á norðurslóðum. Einnig varð samkomulag um að yfirmenn þeirra deilda utanríkisráðuneytanna er fjalla um afvopnunarmál myndu kallaðir til starfa fyrir vinnuhópinn eftir því sem þörf þætti. Samþykkt var að formaður vinnuhópsins skyldi hverju sinni vera frá því landi þar sem fundur utanríkisráðherranna verður næst haldinn. Svíar fara nú með formennsku í vinnuhópnum.

Til grundvallar þessari könnun vinnuhópsins skulu liggja skuldbindingar þær sem þjóðirnar hafa í öryggis- og varnarsamstarfi við aðrar þjóðir, samþykktir þjóðþinga á Norðurlöndunum um öryggis- og afvopnunarmál, svo og skýrslur og athuganir, sem gerðar hafa verið á þessu sviði. Niðurstöður þessarar könnunar verða lagðar fyrir utanríkisráðherra Norðurlandanna til þess að auðvelda þeim frekara mat á þessum málum.

Vinnuhópurinn hefur komið saman fjórum sinnum, síðast 12. febrúar s.l. í Osló. Í samræmi við ályktun Alþingis frá 23. maí 1985 hefur verið lögð á það áhersla að slík ákvörðun, sem tekin kynni að verða af Norðurlöndunum sameiginlega, nái einnig til hafsvæðanna á norðurslóðum. Þannig tel ég að við höfum markað okkur allákveðna stöðu í þessum málum á alþjóðavettvangi.

Það á við um Ísland eins og önnur Norðurlönd að hér eru engin kjarnavopn og stefna stjórnvalda er að slík vopn verði hér ekki. Í ályktun Alþingis frá 23. maí 1985 um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum er hvatt til þess að könnuð verði samstaða um og grundvöllur fyrir samningum um kjarnavopnalaust svæði í Norður-Evrópu, jafnt á landi, í lofti sem og á hafinu eða í því, sem liður í samkomulagi til að draga úr vígbúnaði og minnka spennu. Ályktunin tekur því til mun víðtækara svæðis en Norðurlandanna einna. Bandaríkin og Sovétríkin hafa nú náð samningi um útrýmingu þeirra kjarnavopna sem einna helst hafa ógnað öryggi Norðurlanda og verður þetta atriði að sjálfsögðu rætt innan vinnuhópsins, sem og framhald viðræðna Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar.

(2) **Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu (RÖSE).**

Frá því að Helsinki-samþykktin var undirrituð í ágústbyrjun 1975 hafa verið haldnir þrír framhaldsfundir til þess að fylgjast með framkvæmd hennar og reyna að bæta hana. Fyrsta framhaldsfundinum, sem haldinn var í Belgrad seint á árinu 1977 og í byrjun 1978, lauk án teljandi árangurs, enda var slökunartímabili fyrri hluta áttunda áratugarins þá lokið. Annar framhaldsfundur RÖSE var síðan með hléum í Madrid frá nóvember 1980 til september 1983. Þar var loks sameinast um ítarlegt lokaskjal, sem bætti þýðingarmiklum ákvæðum við Helsinki-samþykktina, og ákveðnir sex fundir sérfræðinga um tiltekin mál innan ramma hennar. Ennfremur varð sú niðurstaða í Madrid að halda skyldi ráðstefnu í Stokkhólmi um aðgerðir á hernaðarsviði til að auka gagnkvæmt traust og öryggi.

Í skýrslum forvera minna undanfarin ár hefur verið gerð grein fyrir RÖSE-fundum eftir því sem þeim hefur lokið.

Ég vil þó hér rifja í örfáum orðum upp grundvöll þess, sem nefnt hefur verið Helsinki-ferillinn, þ.e. samþykktina frá 1975.

Helsinki-samþykktin hefur að geyma þrjá aðalkafla, svonefndar „körfur".

Í fyrsta kaflanum eru tíu meginreglur um samskipti þátttökuríkjanna 35 (öll Evrópuríki, að Albaníu slepptri, ásamt Bandaríkjunum og Kanada). Þar er t.d. 7. reglan um virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsi, þ.á m. hugsana-, samvisku-, trúarbragða- og sannfæringarfrelsi. Nefna má ákvæði um fullveldi ríkja, friðhelgi landamæra, íhlutunarleysi í innanríkismál o.fl. Ennfremur eru í 1. kafla ákvæði um aðgerðir á sviði hefðbundins vígbúnaðar til að efla traust. Þar er t.d. átt við að tilkynnt sé fyrirfram um heræfingar, skipst verði á skoðunarmönnum og tilkynnt um herflutninga. Með Stokkhólmsskjalinu, sem samþykkt var í september 1986, var verulega bætt við þessi ákvæði Helsinki-samþykktarinnar og vísa ég í umfjöllun forvera míns um það skjal í skýrslu hans um utanríkismál 1987.

Annar kaflinn er um samvinnu á sviði efnahags-, vísinda- og tæknimála og umhverfismála.

Þriðji kaflinn fjallar um samvinnu að mannréttinda- og mannúðarmálum og á öðrum sviðum, m.a. á mennta- og upplýsingasviði.

Langflest þátttökuríkin leggja mikla áherslu á jafnvægi á milli ólíkra þátta Helsinki-samþykktarinnar. Þannig þurfi jákvæð þróun á sviði öryggismálanna, þ.e. Stokkhólmsskjalið og hnökralaus framkvæmd ákvæða þess, að haldast í hendur við jafn afdráttarlausa framkvæmd samþykktra ákvæða um t.d. mannréttinda- og mannúðarmál. Á þessu hefur því miður verið mikill misbrestur í Austur-Evrópu, svo sem kunnugt er.

Hin þýðingarmiklu málefni Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu verða stöðugt tímafrekari. Verður ekki hjá því komist að auka þátttöku okkar til samræmis við

þátttöku hinna ríkjanna. Ríkin 35 taka þátt í ráðstefnunni á jafnréttisgrunni. Ákvarðanir eru teknar með samþykki allra.

Með aðild að Stokkhólmsskjalinu er Ísland í fyrsta sinn þátttakandi í evrópskum vígbúnaðartakmörkunum með réttindum og skyldum, t.d. tilkynningum og eftirliti. Helsinki-ferillinn mun að loknum Vínarfundi, sem stendur yfir, halda áfram með röð nýrra funda um ýmis efni og heildarfunda. Í Vín er nú rætt um leiðir til að tengja saman framhald Stokkhólmsráðstefnunnar og fundi 23 ríkja hernaðarbandalaganna um vígbúnaðartakmarkanir á sviði hefðbundinna vopna í Evrópu. Þar er Ísland einnig orðinn virkur aðili.

Þessar ráðstefnur fjalla um leiðir til að tryggja frið með minni vopnaburði. Þær munu halda áfram, meðan friður helst. Ísland tekur þátt í þessu starfi og vill leggja sinn skerf til þessara mála. Afvopnun á hafinu verður á dagskrá næstu ára í vaxandi mæli.

Allar þjóðirnar 35, sem þátt taka í RÖSE, hafa fjölda manna starfandi við þessi mál. Þeir lúta forystu sendiherra, sem hafa þetta sem aðalstarf og sérhæfa sig í því. Vilji Íslendingar taka friðarmálin alvarlega og láta taka sig alvarlega, verður að skipa sérhæfðan sendiherra á þessu sviði.

(2.1) **Þriðji framhaldsfundur RÖSE, Vínarfundurinn.**

Þriðji framhaldsfundur Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu hófst í Vínarborg 4. nóvember 1986. Tókst hvorki að ljúka honum 31. júlí 1987 eða fyrir s.l. áramót, en að því hafði verið stefnt.

Forveri minn gerði grein fyrir fyrstu lotu Vínarfundar í skýrslu sinni 1987. Önnur lotan hófst 27. janúar í fyrra og stóð fram að páskum. Þriðja lotan stóð yfir frá 5. maí til 31. júlí s.l. og fjórða lotan frá 22. september til jóla 1987. Fimmta lota Vínarfundar hófst 22. janúar s.l. og lýkur henni fyrir páska.

Það sem einkum veldur því að Vínarfundur hefur dregist á langinn er fjöldi tillagna. Þær eru nú orðnar yfir 150 og það er tímafrekt starf að semja um þau ólíku sjónarmið, sem koma fram í þeim. Lokaskjöl frá RÖSE-fundum endurspegla niðurstöður slíkra samningaviðræðna á hverjum tíma. Vínarfundur RÖSE er haldinn þegar samskipti austurs og vesturs eru tiltölulega góð. Því standa vonir til þess að jákvætt lokaskjal liggi fyrir fljótlega.

Í yfirlýsingu utanríkisráðherrafundar Atlantshafsbandalagsins, sem haldinn var í Reykjavík 11.—12. júní s.l., segir:

„Við minnum á að viðræður um jafnvægi á sviði hefðbundna heraflans ættu að tengjast viðræðum ríkjanna 35 sem þátt taka í Ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu (RÖSE). Þær ættu að byggja á og víkka út þá samvinnu og það öryggi sem felst í lokaskjali Helsinki-fundarins og Stokkhólms-samkomulaginu. Við samþykktum að tvær næstu viðræður um öryggismál ættu að fara fram innan ramma RÖSE-framvindunnar, en viðræðurnar um jafnvægi á sviði hefðbundna heraflans ættu að vera sér á parti, hvað varðar efnisatriði, þátttöku og skipulag."

Í samræmi við þetta lögðu ríki Atlantshafsbandalagsins fram tillögu í Vín hinn 10. júlí sl. Í henni er annars vegar gert ráð fyrir annarri ráðstefnu ríkjanna 35 um aðgerðir til að auka gagnkvæmt traust og öryggi, stundum kölluð „Stokkhólmur tvö". Hins vegar er gerð tillaga um sérviðræður þeirra tuttugu og þriggja ríkja, sem tilheyra NATO og Varsjárbandalaginu. Þar verði fjallað um hvernig koma megi á jafnvægi á sviði hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu, frá Úralfjöllum vestur á Atlantshaf. Gert er ráð fyrir, að þær viðræður leysi svonefndar MBFR-viðræður af hólmi. Í þeim hefur s.l. 14 ár verið árangurslaust fjallað um gagnkvæman niðurskurð og jafnvægi herafla og hefðbundins vígbúnaðar í Mið-Evrópu. Ríkin 23, þ.m.t. Ísland, hafa frá því 5. febrúar 1987 haldið með sér á 5. tug formlegra

samningafunda í Vín um erindisbréf fyrir þessar nýju viðræður um hefðbundinn vígbúnað í allri Evrópu. Er vonast til að erindisbréfið liggi fyrir nú í vor eða í síðasta lagi í sumar. Ríkin 23 skýra hinum 12 „utanbandalags" RÖSE-ríkjunum frá helstu atriðum, er fram koma á fundunum um erindisbréfið. Þannig er fullnægt hugmyndunum um að þessar viðræður fari fram „innan ramma RÖSE-framvindunnar."

Ríkin 35 gera ennfremur ráð fyrir, að „Stokkhólmur tvö" og viðræður 23 ríkja um jafnvægi á sviði hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu fari fram samtímis og í sömu borg. Það mun auðvelda áframhaldandi skýrslugjöf ríkja hernaðarbandalaganna í Evrópu til hlutlausu ríkjanna tólf. Mest er rætt um Vín og Genf í því sambandi, en ekkert er ákveðið um það enn.

Í annarri „körfu" hefur í Vín verið fjallað um afar margar tillögur um efnahags- og umhverfismál. Ekkert liggur þó enn fyrir samþykkt í lokaskjal Vínarfundar.

Í þriðju „körfu", eins og þeirri fyrstu, liggja fyrir nokkrar samþykktar setningar í væntanlegt lokaskjal. Athygli vekur tillaga Sovétmanna um að halda RÖSE-fund í Moskvu um samvinnu á sviði mannúðarmála. Við höfum svarað þannig, að forsenda þess að slíkur fundur verði ákveðinn í Moskvu sé að fullnægt verði ýmiss konar kröfum, sem almennt eru gerðar á fundum Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu, t.d. verði þar óhindruð þátttaka fulltrúa óháðra félaga og samtaka.

Ísland er nú meðflytjandi í Vín að 17 tillögum, sem vonast er til að endurspeglist í lokaskjalinu. Þær eru um aðgerðir gegn loftmengun og mengun sjávar, um verndun ósónlagsins, um ráðstefnu um mannréttindaþætti RÖSE, um ferðafrelsi, um upplýsingaþing, um aðgerðir gegn ritskoðun, um efnahagssamvinnuþing, um þýðingu og dreifingu bókmennta fámennra þjóða, um vísinda- og tæknisamvinnu, um viðskiptatengsl, um efnahags- og viðskiptaupplýsingar, um afnám dauðarefsingar, um öryggismálin og loks er tillaga sem beint er gegn ákvæðum sem gilda í sumum Austur-Evrópuríkjum um ævilangt ferðabann þeirra sem hafa einhverju sinni haft vitneskju um þætti er snerta öryggi ríkisins. Þessu ákvæði hefur í æ ríkara mæli verið beitt undanfarið fyrir austan járntjald.

II Alþjóðastofnanir og svæðasamvinna

(1) **Sameinuðu þjóðirnar og ýmsar sérstofnanir þeirra.**

Ísland hefur átt aðild að Sameinuðu þjóðunum síðan 19. nóvember 1946 eða í rúm 42 ár. Nú eru aðildarríkin 159, stór og smá, auðug og snauð, ríki með mismunandi þjóðskipulag og stjórnskipan.

Sameinuðu þjóðirnar eru alþjóðasamtök sem ætlað er að starfa í þágu friðar og réttlætis og stuðla að framförum fyrir gervallt mannkynið. Þörfin fyrir starfsemi Sameinuðu þjóðanna er auðsæ, enda er milliríkjasamvinna og fjölþjóðasamvinna nauðsynleg á fjölmörgum sviðum.

Mikið hefur vissulega áunnist með starfi Sameinuðu þjóðanna, ekki síst fyrir tilverknað ýmissa sérstofnana samtakanna sem fást við sérstök heimsvandamál. Engu að síður virðist það vera nokkuð almenn skoðun, að allsherjarþinginu og Öryggisráðinu hafi oft mistekist hlutverk sitt. Því er ekki að neita að ýmislegt styður þá skoðun. Sameinuðu þjóðirnar hafa orðið vettvangur ásakana og gagnásakana þjóða, sem virðast yfirleitt skipa sér í ríkjahópa sem hver um sig hefur fyrirfram ákveðnar skoðanir á flestum mikilvægum málaflokkum. Sameinuðu þjóðirnar virðast því í augum margra ekki vera vettvangur þar sem leiðtogar þjóða leita alvörulausna á margvíslegum vanda sem mannkynið á við að etja.

Í ræðu þeirri sem ég flutti við upphaf 42. allsherjarþingsins 21. september s.l. rifjaði ég upp fyrir þingheiminum þær grundvallarforsendur sem sendinefnd Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna myndi starfa eftir. Ég sagði að við Íslendingar myndum ekki taka þátt í ásökunum og deilum á milli þjóða og við myndum virða fullveldisrétt hverrar þjóðar til að fara með eigin mál svo lengi sem það er gert innan ramma alþjóðlegra reglna í samskiptum ríkja og ekki gengið á rétt annarra. Ég sagði ennfremur að við myndum leggjast gegn þeim sem ekki virða fullveldi nágrannaríkja og hefja hernað og styrjaldir og við myndum styðja sanngjarnar aðgerðir til lausnar slíkum deilumálum. Þá myndu Íslendingar styðja allar raunhæfar tilraunir um takmörkun og endanlega útrýmingu kjarnavopna svo og um bann við tilraunum með kjarnavopn og útrýmingu efnavopna, enda yrði eftirlit viðunandi. Þá vék ég einnig að andúð okkar á kynþáttamismunun og sérhverri takmörkun á mannréttindum. Við Íslendingar myndum styðja allar sanngjarnar aðgerðir til að koma í veg fyrir mengun og eyðileggingu umhverfis mannsins, sérstaklega þegar slíkt varðaði fleiri þjóðir eða heiminn allan. Loks sagði ég að við Íslendingar myndum virða rétt sérhverrar þjóðar til eðlilegrar nýtingar auðlinda sinna innan eigin lögsögu án afskipta annarra. Hefði slík nýting áhrif á hagsmuni annarra legðum við áherslu á alþjóðlegt samráð og vísindalegt eftirlit. Ennfremur að við teldum allar lífverur eiga rétt á vernd, en jafnframt að þær skyldu nýttar á skynsamlegan hátt. Ég sagði að við vísuðum á bug afskiptum sjálfskipaðrar lögreglu, hversu voldug sem slík þjóð kynni að vera.

Við Íslendingar eigum að og munum beita okkur eins og við getum fyrir friði, fækkun og eyðingu vopna og bættu ástandi heimsmála almennt. Við munum halda áfram að gera slíkt með málflutningi og atkvæði okkar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, og hvar sem við komum fram í samtökum þjóða og á opinberum vettvangi.

(1.1) **42. allsherjarþingið.**

Allsherjarþingið lauk störfum mánudaginn 21. desember s.l. Þingið sat í 14 vikur. Við þingslitin gat þingforseti þess að óvenjumörg mál hefðu í þetta sinn verið afgreidd án atkvæðagreiðslu. Þetta væri góðs viti og bæri þess vott að skynsemi og góður vilji gætu sigrað eiginhagsmuni og sundurlyndi.

Mikill fjöldi ályktana og samþykkta lá fyrir þinginu. Farið var vandlega yfir þær allar og afstaða Íslands til mikilvægustu tillagnanna byggð á:

Í fyrsta lagi yfirlýstri utanríkisstefnu Íslands og stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, en í sáttmálanum kemur mjög ákveðið fram að einn meginþátturinn í utanríkisstefnunni er þátttakan í og starfið hjá Sameinuðu þjóðunum.

Í öðru lagi tilliti til ályktunar Alþingis um afvopnunarmál frá 23. maí 1985 þar sem sérstaklega er fagnað allri viðleitni og öllum árangri í afvopnun.

Í þriðja lagi fyrri atkvæðagreiðslum Íslands í vissum málaflokkum.

Í fjórða lagi könnun á afstöðu Norðurlandanna til ákveðinna mála og hvernig aðrir samstarfsaðilar Íslands til dæmis innan Atlantshafsbandalagsins líta á sömu mál.

Þessi atriði voru lögð til grundvallar þeim ákvörðunum að breyta afstöðu Íslands til tíu tillagna á þinginu. Það var fyrst og fremst sjálfstæð ákvörðun okkar Íslendinga sem réði atkvæðagreiðslum okkar á þinginu. Á sínum tíma gerði ég utanríkismálanefnd Alþingis grein fyrir þessu eftir atkvæðagreiðslur í nefnd. Þar komu engar athugasemdir fram.

Meðal þeirra tíu tillagna sem afstöðu var breytt til var tillagan um frystingu kjarnavopna oft kennd við Svíþjóð og Mexíkó og tillaga um framkvæmd afvopnunartillagna kennd við Úkraínu og Tékkóslóvakíu. Í fyrri tillögunni er skorað á þjóðir, sem hafa kjarnavopn, að samþykkja þegar frystingu á framleiðslu þeirra og framleiðslu á kjarnakleyfum efnum til vopnaframleiðslu. Í seinni tillögunni er það talið mikilvægt að öll aðildarríkin geri sitt ýtrasta

til að auðvelda samræmda framkvæmd ályktana allsherjarþingsins á sviði afvopnunar og sýni þar með þann ásetning að gera afvopnunarráðstafanir sem allir geti samþykkt, og hægt sé að hafa fullnægjandi eftirlit með að séu virtar. Stuðningur okkar við þessa tillögu er byggður á fyrrgreindri ályktun Alþingis um afvopnunarmál. Breytt afstaða til annarra tillagna réðst af samráði því sem Norðurlöndin hafa á allsherjarþinginu.

Þó skal nefnd ein tillaga í 4. nefnd, en hún felur í sér áskorun til deiluaðila í Vestur-Sahara um að samið verði um frið og þjóðaratkvæðagreiðsla verði látin fara fram um framtíð svæðisins. Stefna okkar Íslendinga er að sjálfsákvörðunarréttur eigi að ráða og því greiddum við atkvæði með þessari tillögu. Ég gerði að vísu þann fyrirvara við atkvæði okkar með þessari tillögu að framkvæmd hennar yrði tryggð af eftirlitsfulltrúa Sameinuðu þjóðanna en einhver misbrestur hefur orðið á því hjá Polisario-hreyfingunni. Með tilliti til sjálfsákvörðunarréttar þjóða greiddu Íslendingar atkvæði gegn tillögu um framtíð Falklandseyja sem borin var upp af ríkjum sem styðja málstað Argentínu.

Eins og á undanförnum þingum samþykkti allsherjarþingið ályktanir um styrjöldina milli Írans og Íraks, um alþjóðafriðarráðstefnu vegna átaka í Miðausturlöndum, og styrjaldirnar í Kambódíu og Afganistan. Þá voru málefni suðurhluta Afríku ítarlega rædd og Kýpurdeilan, ásamt ástandinu á Kóreuskaga.

Að vanda voru afvopnun og takmörkun vígbúnaðar mikið rædd á allsherjarþinginu. Miklar vonir eru bundnar við, að samkomulag Bandaríkjamanna og Sovétmanna um skamm- og meðaldræg kjarnavopn verði fyrirmynd og hvati að enn frekari umræðum og samningum um takmörkun og eyðingu kjarnavopna. Skortur á trausti og tiltrú í samskiptum þjóða kemur iðulega í veg fyrir að samkomulag náist um trygga framkvæmd afvopnunarsamninga og viðunandi eftirlit.

Af öðrum málaflokkum sem við Íslendingar fylgjumst náið með á vettvangi Sameinuðu þjóðanna má nefna umhverfismál og umhverfisvernd, skynsamlega nýtingu náttúruauðlinda, baráttuna gegn fíkniefnum og mannréttindamál.

Eins og fram kom í skýrslu forvera míns hafa Sameinuðu þjóðirnar um langt skeið átt við alvarlegan fjárhagsvanda að stríða vegna vangreiddra skylduframlaga aðildarríkjanna. Nokkur árangur hefur nú náðst í því að bæta fjárhag Sameinuðu þjóðanna. Meðal skuldara voru Bandaríkin og Sovétríkin, en bæði þessi ríki munu nú hafa greitt framlög sín.

Stundum skilar starf Sameinuðu þjóðanna miklum árangri og stundum missir það marks. Veltur það á afstöðu aðildarríkjanna í hverju máli og hversu vel tekst að stilla saman krafta í þágu framfara og friðar. Það er skoðun mín að Íslendingar vænti mikils af Sameinuðu þjóðunum og líti til þeirra með virðingu. Þrátt fyrir ágalla álítum við Íslendingar Sameinuðu þjóðirnar mikilvægastar alþjóðastofnana.

(1.2) **Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).**

Aðalráðstefna Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna fór fram í höfuðstöðvum stofnunarinnar í París dagana 20. október til 20. nóvember s.l. Þetta var 24. aðalráðstefnan frá upphafi og tóku þátt í henni 154 ríki af þeim 158 sem aðild eiga.

Mikilvægasta málið á dagskrá aðalráðstefnunnar var kosning aðalforstjóra UNESCO til næstu sex ára (1987—1993). Fyrir ráðstefnunni lá tillaga frá framkvæmdastjórn um að Spánverjinn Federico Mayor Zaragoza, fyrrverandi varaforstjóri stofnunarinnar (1978—1981) og síðar menntamálaráðherra Spánar (1981—1982), yrði kjörinn aðalforstjóri. Hafði sú tilnefning, eins og kunnugt er, ekki gengið þrautalaust fyrir sig í stjórninni. Var meginástæðan sú að fráfarandi aðalforstjóri, Senegalmaðurinn Amadou-Mahtar M'Bow, hafði þegar á reyndi ekki viljað hætta, þrátt fyrir það að hann hefði gefið yfirlýsingu ári áður um að hann sæktist ekki eftir endurkjöri. Þurfti fimm atkvæðagreiðslur í framkvæmdastjórn til þess að fá fram tilskilinn meirihluta í málinu (26 atkvæði af 50). Hlaut Mayor að lyktum

atkvæði 30 stjórnarmanna. Hinir 20 greiddu hins vegar allir atkvæði á móti og hótuðu sumir hverjir að halda baráttunni áfram allt þar til yfir lyki á aðalráðstefnunni.

Þegar ráðstefnan gekk til kosninga laugardaginn 7. nóvember s.l. hafði þessar öldur lægt, enda höfðu margir menn unnið ósleitilega að því að svo yrði. Má þar nefna sem dæmi að 77-ríkjahópurinn og Samtök ríkja utan hernaðarbandalaga héldu sameiginlegan fund skömmu fyrir kjördag og samþykktu að styðja þann frambjóðanda sem framkvæmdastjórn hafði mælt með. Úrslit urðu og þau að Mayor fékk mjög góða kosningu: hann hlaut atkvæði 142 aðildarríkja, 7 voru á móti og 2 sátu hjá.

M'Bow sætti ávallt mikilli gagnrýni í starfi. Beindist hún einkum að því að starfsemi og stjórn stofnunarinnar væri um of pólitísk og að stofnunin fengist við verkefni sem væru utan hennar starfsviðs. Þá var M'Bow talinn andsnúinn Vesturlöndum og talinn verja of miklum tíma og fjármunum í mál sem heyrðu undir aðrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna. Hann var sakaður um mikla eyðslusemi og fullyrtu sum aðildarríki að mikil óstjórn væri á fjármálum stofnunarinnar. Þá þóttu stöðuhækkanir og mannráðningar M'Bow undarlegar.

Bandaríkin gengu úr stofnuninni 1984 og munu ekki ganga til liðs við hana aftur nema ljóst sé að gagngerar umbætur verði gerðar á UNESCO. Bandaríkin stóðu á sínum tíma undir fjórðungi af heildarútgjöldum stofnunarinnar.

Í starfi Menningarmálastofnunarinnar leggja Íslendingar höfuðáherslu á eftirfarandi atriði:

Á sviði kennslumála leitist stofnunin fyrst og fremst við að tryggja rétt manna til náms. Baráttan gegn ólæsi í heiminum skipi öndvegi.

Á sviði náttúruvísinda: þróun æðri menntunar og rannsókna, aðgang að vísindalegum upplýsingum og umhverfismál.

Á sviði félagsvísinda: betri nýtingu þeirra fræða m.a. til þess að gera þróunarstarf markvissara.

Á sviði menningarmála: alþjóðasamvinnu einkum í tengslum við alþjóðalegan áratug menningarþróunar sem stofnunin og Sameinuðu þjóðirnar munu standa fyrir á árunum 1988—1997.

Á sviði fjölmiðlunar beiti stofnunin sér fyrir því að efla og bæta umfjöllun fjölmiðla og sérstaklega fyrir málefnum þróunarlanda.

Á síðasta starfsdegi sínum samþykkti aðalráðstefnan fjárhagsáætlun stofnunarinnar fyrir starfstímabilið 1988—1989 og nemur sú upphæð um 350 milljónum bandaríkjadala. Framlag Íslands á þessu ári verður 1.980.000. krónur.

(1.3) **Palestínuflóttamannaaðstoðin (UNRWA).**

Framkvæmdastjóri Palestínuflóttamannaaðstoðar Sameinuðu þjóðanna, Ítalinn Giorgio Giacomelli, kom til Íslands 18. október. Hann hitti að máli utanríkisráðherra, alþingismenn, einkum úr utanríkismálanefnd, og fulltrúa íslenskra fjölmiðla. Hann kynnti ítarlega starfsemi Palestínuflóttamannaaðstoðarinnar og ástandið á herteknu svæðunum. Neyð Palestínuflóttamanna er mikil eins og hvað skýrast hefur komið fram á undaförnum vikum. Fjárhagsaðstoð Íslands við Palestínuflóttamenn verður á árinu 370 þúsund krónur.

(1.4) **Efnahags- og félagsmálaráðið (ECOSOC).**

Kjörtímabili Íslands í Efnahags- og félagsmálaráði Sameinuðu þjóðanna lauk 31. desember s.l. Ráðið heldur tvo árlega fundi sem standa í 3—4 vikur hvor og er vorfundurinn haldinn í New York en sumarfundurinn í Genf.

Innan ráðsins starfar Viðskipta- og þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNCTAD). Meginhlutverk þessarar stofnunnar er að finna leiðir til að auka hagvöxt þróunarlanda og viðskipti þeirra í milli. Á fundum stofnunarinnar undanfarið hafa komið í ljós vaxandi áhyggjur ýmissa þróunarríkja af alþjóðaefnahagsástandinu. Hagvöxtur í þróunarlöndum

undanfarið hefur verið mun hægari en spáð hafði verið, skuldir þeirra vaxa jafnframt því sem verðlækkun hefur orðið á helstu útflutningsvörum þeirra.

Baráttan gegn fíkniefnasölu og fíkniefnaneyslu var ofarlega á dagskrá Sameinuðu þjóðanna á síðasta ári. Í júní s.l. var haldin í Vínarborg ráðstefna 138 ríkja og var markmið hennar að finna leiðir til að stemma stigu við fíkniefnaframleiðslu og fíkniefnaneyslu.

Sameinuðu þjóðirnar leggja nú í auknum mæli áherslu á alþjóðasamvinnu um umhverfismál og umhverfisvernd. Í því sambandi má nefna eflingu alþjóðasamstarfs um verndum ósonlagsins. Takmarkið er að minnka notkun ósoneyðandi efna og að vinna að framkvæmd Montreal-samningsins frá 16. september 1987 um verndun ósonlagsins og Vínarsáttmálans frá 22. mars 1985 um sama efni.

(1.5) **Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO).**

Íslenskir embættismenn sóttu 40. alþjóðaheilbrigðisþingið sem haldið var í Genf 4.—15. maí s.l. Meðal þeirra mála sem rædd voru á þinginu var heilbrigðisástand Palestínuaraba á hernumdum svæðum í Palestínu, aðstoð til ríkja í sunnanverðri Afríku, áhrif kjarnorkustyrjaldar á heilbrigði og heilbrigðisþjónustu auk fjölda annarra alþjóðaheilbrigðismála.

(1.6) **Matvæla- og landbúnaðarstofnunin (FAO).**

39. aðalráðstefna stofnunarinnar var haldin í Róm 3.—6. nóvember s.l. Landbúnaðarráðherra Jón Helgason sat ráðstefnuna ásamt embættismönnum. Á ráðstefnunni voru fluttar skýrslur um starfsemi stofnunarinnar og fjármál hennar voru ítarlega rædd. Fjárveitingar Íslands til Matvæla- og landbúnaðarstofnunarinnar verða á þessu ári rúmar 3 milljónir króna.

(1.7) **Alþjóðakjarnorkumálastofnunin (IAEA).**

31. ársþing Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar var haldið í Vínarborg dagana 21.—25. september s.l. Fyrir Íslands hönd sat Magnús Magnússon prófessor þingið. Fjárframlög Íslands til stofnunarinnar á þessu ári eru um 1,6 milljónir króna.

(1.8) **Alþjóðahugverkastofnunin (WIPO).**

Hinn 13. september 1986 gerðist Ísland aðili að Alþjóðahugverkastofnuninni (World Intellectual Property Organization — WIPO). Þessi stofnun varð árið 1974 ein af 15 sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna. Hún var formlega sett á fót með sáttmála, sem undirritaður var í Stokkhólmi 14. júlí 1967 og tók gildi 1970. Eru aðildarríki hennar nú 113.

Upphaf Alþjóðahugverkastofnunarinnar má rekja til Parísarsamþykktarinnar um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, sem gerð var 1883 og Ísland varð aðili að árið 1962, og Bernarsáttmálans til verndar bókmenntum og listaverkum, sem gerður var 1886 og Ísland varð aðili að árið 1947.

Tilgangur þessarar stofnunar er að stuðla að vernd hugverka um allan heim. Skal það gert bæði með milliríkjasamvinnu og í samstarfi við aðrar alþjóðastofnanir þegar þörf krefur. Jafnframt skal stofnunin tryggja samræmda stjórnun ýmissa alþjóðasamninga á sviði hugverka.

Auk framangreindra tveggja samninga, sem eru viðamestu hugverkasamningarnir, annast WIPO framkvæmd 14 annarra samninga er varða hugverk á einn eða annan hátt. Einnig mun stofnunin taka við framkvæmd fjögurra samninga til viðbótar þegar þeir öðlast formlega gildi. Þessir samningar varða alþjóðlega skrásetningu vörumerkja, samstarf um einkaleyfi, varnir gegn röngum upplýsingum um uppruna vöru, réttindi hljómplötuframleiðenda og útvarpsfyrirtækja, sendingu dagskrár um gervihnetti o.s.frv. Sumir samninganna ná enn sem komið er aðeins til fárra ríkja, en aðildarríki Parísarsamþykktarinnar eru nú 94 og Bernarsáttmálans 76. Í athugun er nú aðild Íslands að svonefndum Rómarsáttmála

frá 26. október 1961 um verndun réttinda flytjenda listar (leikara, söngvara, hljóðfæraleikara og dansara), framleiðenda hljómplatna o.þ.h. og útvarpsfyrirtækja.

(2) **Atlantshafsbandalagið (NATO).**

Þátttaka í Atlantshafsbandalaginu er grundvöllur öryggis- og varnarstefnu Íslands. Þetta bandalag 16 fullvalda ríkja, sem hvert um sig hefur undirritað Atlantshafssáttmálann af fúsum og frjálsum vilja, hefur tryggt aðildarríkjum sínum frið og öryggi í hartnær fjörutíu ár. Markmið varnarstefnu bandalagsins er að koma í veg fyrir styrjöld. Trúverðugur fælingarmáttur stangast ekki á við þá viðleitni bandalagsríkjanna að tryggja öryggi sitt með minni vopnabúnaði en nú er.

Tuttugu og eitt ár er nú liðið frá því að Atlantshafsráðið samþykkti Harmel-skýrsluna um framtíðarverkefni Atlantshafsbandalagsins. Þessi skýrsla er formleg yfirlýsing Atlantshafsbandalagsins um að öryggi vestrænna ríkja hvíli á tveimur meginstoðum, fælingu og vörnum annars vegar og umræðum og samningum um afvopnunarmál hins vegar.

Ég hef lagt á það áherslu að auka aðild okkar Íslendinga að ýmsum mikilvægum ákvörðunum sem teknar eru innan Atlantshafsbandalagsins. Þetta tengist ekki síst þeim breyttu viðhorfum sem fylgja samkomulagi Sovétmanna og Bandaríkjamanna um skamm- og meðaldrægar eldflaugar og bættum samskiptum milli austurs og vesturs. Ég hef ávallt verið þeirrar skoðunar að við Íslendingar eigum að beita okkur eins og við getum fyrir friði, fækkun og eyðingu kjarnavopna og bættu ástandi heimsmála almennt. Þetta sjónarmið mitt hef ég ítrekað á fundum Atlantshafsbandalagsins og annars staðar þar sem ég hef talað fyrir hönd Íslands.

Ráðherrafundur Atlantshafsráðsins var haldinn í Reykjavík dagana 11. og 12. júní s.l. Þá voru liðin 19 ár frá því að utanríkisráðherrar aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins komu í fyrsta sinn saman til fundar í Reykjavík dagana 24. og 25. júní 1968. Utanríkisráðherrafundurinn í Reykjavík 1968 er markverður fyrir það að þá var ákveðið að hrinda í framkvæmd hinum tveimur meginþáttum Harmel-skýrslunnar. Í fyrsta lagi að herstyrkur Atlantshafsbandalagsins ætti að nægja til að viðhalda öryggi aðildarríkjanna og tryggja stjórnmálalega samstöðu þeirra. Og í öðru lagi að með þessum styrk og með viðræðum og samvinnu yrðu skapaðar forsendur fyrir stöðugum og friðsamlegum samskiptum milli þjóða í austri og vestri. Utanríkisráðherrarnir lögðu einkum áherslu á seinna atriði Harmel-skýrslunnar og í framhaldi af því var ákveðið að bjóða ríkjum Varsjárbandalagsins til þátttöku í ráðstefnu um gagnkvæman og jafnan samdrátt herja. Þetta var upphafið á þeim viðræðum sem hafa staðið nánast óslitið síðan í Vínarborg og nefnast Mutual and Balanced Force Reduction (MBFR) og gengur þetta boð ráðherrafundarins í Reykjavík 1968 almennt undir nafninu „Reykjavíkurskilaboðin".

Á ráðherrafundi Atlantshafsráðsins 11. og 12. júní s.l. áréttuðu ráðherrarnir enn á ný niðurstöðu Harmel-skýrslunnar um fælingu og varnir annars vegar og umræður og samninga hins vegar. Í lokayfirlýsingu ráðherrafundarins fjölluðu utanríkisráðherrarnir ítarlega um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar. Fastafulltrúum Altantshafsráðsins var falið að vinna að því í samstarfi við hernaðaryfirvöld Atlantshafsbandalagsins að móta framtíðarstefnu bandalagsins um takmörkun vígbúnaðar og afvopnun. Þetta var gert á þeirri forsendu að afvopnunarmálin, sem bandalagið glímir við, tengjast ýmsum öðrum flóknum málefnum. Þau verður að meta í heild, þar sem tekið er mið af almennri framvindu samningaviðræðna um afvopnun og einnig öryggishagsmunum bandalagsríkjanna.

Næsti vorfundur utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins verður haldinn í Madrid 9. og 10. júní n.k.

(2.1) **Kjarnorkuáætlunarnefnd — Nuclear Planning Group.**

Ráðherrafundur kjarnorkuáætlunarnefndar Atlantshafsbandalagsins var haldinn í Monterey í Kaliforníu 3. og 4. nóvember s.l. Fyrir Íslands hönd sátu fundinn fastafulltrúi og varafastafulltrúi Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu. Þetta er í fyrsta sinn sem Ísland tekur þátt í störfum kjarnorkuáætlunarnefndarinnar. Nefndin kemur saman tvisvar á ári og sækja fundi hennar varnarmálaráðherrar Atlantshafsbandalagsríkjanna.

Nefndin var sett á stofn 1967 og er það hlutverk hennar að fjalla jöfnum höndum um þau pólitísku og hertæknilegu mál, sem tengjast kjarnavopnaherafla bandalagsins, bæði hvað varðar uppbyggingu og endurnýjun hans og afvopnun og fækkun kjarnavopna. Af þessum sökum er mikilvægt að Íslendingar taki þátt í störfum nefndarinnar og hafi þannig áhrif á þær ákvarðannir sem bandalagið tekur í þessum málum.

Ég vil ítreka að ég er þeirrar skoðunar að við Íslendingar eigum að vinna að því á alþjóðavettvangi að kjarnavopnum verði fækkað. Þetta eru atriði sem við leggjum áherslu á innan kjarnorkuáætlunarnefndarinnar. Innan Atlantshafsbandalagsins vinnum við að því að þoka þessum málum á betri veg.

(2.2) **Leiðtogafundur Atlantshafsbandalagsins.**

Eins og skýrt kemur fram í yfirlýsingum ráðherrafunda Atlantshafsbandalagsins frá síðastliðnu ári hefur höfuðáhersla í störfum bandalagsins verið lögð á afvopnun og takmörkun vígbúnaðar og ég er sannfærður um að svo verður einnig á þessu ári. Ákveðið hefur verið að halda leiðtogafund Atlantshafsbandalagsríkjanna 2. og 3. mars n.k. og mun ég sitja þann fund ásamt forsætisráðherra. Á dagskrá leiðtogafundarins verða afvopnunarmál og takmörkun vígbúnaðar aðalumræðuefnið ásamt væntanlegum fundi þeirra Reagans forseta Bandaríkjanna og Gorbatsjovs aðalritara sovéska kommúnistaflokksins. Sá fundur verður í Moskvu væntanlega í maí eða júní á þessu ári.

(3) **Evrópuráðið.**

Rétt er að rifja upp nokkur grundvallaratriði um Evrópuráðið nú þegar athyglin beinist svo mjög að Evrópubandalaginu.

Þegar stofnskrá Evrópuráðsins var undirrituð í Lundúnum 5. maí 1949 hófst einstæð samvinna Evrópuríkja, þar sem bæði ríkisstjórnir og þjóðþing aðildarríkjanna áttu fulltrúa til að takast á við þau sameiginlegu vandamál sem blöstu við Evrópu á árunum eftir stríð. Krafan um lýðræðislegt stjórnarform aðildarríkjanna markaði einnig tímamót í samvinnu Evrópuríkjanna.

Markmið Evrópuráðsins er samkvæmt 1. grein stofnskrár þess að koma á meiri einingu meðal aðildarríkjanna í þeim tilgangi að tryggja og hrinda í framkvæmd þeim hugsjónum og meginmarkmiðum, sem eru sameiginleg arfleifð þeirra og auðvelda efnahagslegar og félagslegar framfarir þeirra. Evrópuráðinu ber að leitast við að ná þessu markmiði innan stofnana ráðsins með umræðum um sameiginleg vandamál, með samkomulagi og samstilltum aðgerðum í málum, sem snerta efnahag, félagsmál, menningu, vísindi, lög og stjórnmál og með því að viðhalda mannréttindum og efla frelsi.

Evrópuráðið starfar í tveimur deildum, ráðherranefndinni og ráðgjafarþinginu. Ráðherranefndin er skipuð fulltrúum ríkisstjórna aðildarríkja Evrópuráðsins en á ráðgjafarþinginu sitja fulltrúar þjóðþinganna. Þessar tvær deildir tengjast í sameinuðu nefndinni, þar sem fulltrúar beggja aðila eiga sæti. Ráðgjafarþingið fer ekki með löggjafarvald, en gerir tillögur til ráðherranefndarinnar. Hún hefur ákvörðunarvald í málefnum ráðsins og afgreiðir þau í formi ályktana, tillagna eða samninga. Alþingi fer með málefni ráðgjafarþingsins og tel ég því ekki ástæðu til að rekja störf þess sérstaklega hér.

Í ráðherranefndinni voru sem fyrr mörg mál til umræðu á liðnu ári. Í kjölfar ályktunar ráðherranefndarinnar um hlutverk Evrópuráðsins á stjórnmálasviðinu hafa stjórnmálaumræður innan þess aukist. Jafnframt hefur stjórnmálaumræðan milli ráðherranefndarinnar og ráðgjafarþingsins vaxið. Árið 1985 samþykkti ráðherranefndin ályktun um samvinnu Evrópuráðsins og Evrópubandalagsins enda starfa þessir aðilar oft að sömu eða svipuðum verkefnum. Náið samráð hefur því verið milli þessara aðila um sameiginleg verkefni og er þess sérstaklega gætt að ekki verði tvíverknaður. Eðlilegt er að styrkja samvinnu þessara aðila nú, þegar meiri hluti aðildarríkja Evrópuráðsins, 12 ríki af 21, eru jafnframt aðilar að Evrópubandalaginu. Ráðherranefndin og aðalframkvæmdastjóri Evrópubandalagsins eiga nú fundi reglulega. Ráðherranefndin hefur í vaxandi mæli orðið umræðuvettvangur aðildarríkja Evrópubandalagsins og Evrópuráðsríkja, sem standa utan bandalagsins, einkum um málefni Sameinuðu þjóðanna og RÖSE-ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu. Sérfræðingar í þessum málum bera reglulega saman bækur sínar í tengslum við fundi í ráðherranefndinni. Ráðherranefndin er einnig aðalvettvangur deiluaðilanna í Kýpurmálinu, jafnhliða því sem mannréttindanefnd Evrópuráðsins hefur fjallað um málið.

Á síðasta ári fór fram undirbúningur að svonefndu Norður-Suður átaki ráðsins árið 1988 um samskipti Evrópuráðsríkja og ríkja þriðja heimsins, en ráðgjafarþingið hafði áður beitt sér í málinu.

Í júní í fyrra var fylgt úr hlaði strjálbýlisátaki Evrópuráðsins 1987—1988, en það er fræðslu- og útbreiðsluátak til þess að vekja alhliða athygli á vandamálum sveitanna í aðildarríkjum ráðsins. Skipaði menntamálaráðuneytið nefnd til að sinna þessu máli hér á landi. Mun sú nefnd fljótlega gera tillögu um þátttöku Íslands í átakinu á árinu 1988.

Þriðja starfsáætlun Evrópuráðsins, sem samþykkt var árið 1986, hófst á síðastliðnu ári og verður unnið eftir henni til ársins 1991.

Forveri minn sótti vorfund utanríkisráðherra Evrópuráðsins í Strassborg en ég haustfundinn, sem haldinn var 25.—26. nóvember s.l. Við það tækifæri undirritaði ég fyrir Íslands hönd Evrópusamning gegn pyntingum og annarri ómannúðlegri meðferð, en sá samningur er sá 126., sem Evrópuráðið hefur beitt sér fyrir. Á ráðherrafundunum voru m.a. rædd samskipti austurs og vesturs og framtíð evrópskrar samvinnu. Á haustfundinum var samþykkt ályktun um baráttuna gegn alnæmi og viðbótarbókun við félagsmálasáttmála Evrópu.

Í ráði er að fulltrúi frá Íslandi taki á þessu ári sæti í stjórn æskulýðsstofnunar Evrópuráðsins. Þá er þess vænst að Íslendingur hefji á árinu störf hjá skrifstofu Evrópuráðsins í aðalstöðvum þess í Strassborg, en Íslendingur hefur ekki starfað þar í nokkur ár. Fjölmargir íslenskir embættismenn og sérfræðingar tóku á árinu sem leið þátt í nefndarstörfum á vegum Evrópuráðsins sem endranær.

Ísland hefur um árabil átt sömu fulltrúa í mannréttindanefnd og mannréttindadómstóli Evrópuráðsins. Fyrirsvar Íslands hjá ráðherranefndinni er hjá fastafulltrúa, sem aðsetur hefur í utanríkisráðuneytinu og varafastafulltrúa sem starfar við sendiráðið í Bonn.

Gert er ráð fyrir að aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins, Spánverjinn Marcelino Oreja, fyrrum utanríkisráðherra Spánar, komi í opinbera heimsókn til Íslands í sumar.

(4) **Norðurlandasamvinna.**

Ég hef oft sagt, að einn þeirra hornsteina, sem íslensk utanríkisstefna hvílir á, sé þátttaka okkar í norrænu samstarfi. Um þann þátt utanríkisstefnunnar er ekki ágreiningur. Allir sjá ávinninginn af samstarfi Íslendinga við hin Norðurlöndin. Það byggir á sameiginlegri menningu þjóðanna þar sem áþekk lífsviðhorf ríkja, m.a. varðandi lýðræðislegar hefðir og umhyggju fyrir velferð einstaklingsins.

Þrátt fyrir ólíkt fyrirkomulag öryggis- og varnarmála Norðurlanda, sem byggja á mismunandi landfræðilegri legu þeirra, hafa þau mikið og náið samstarf með sér um

alþjóðamál. Koma þau oft fram sem ein heild, t.d. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana. Þá sjaldan að leiðir liggja ekki saman eru ólík sjónarmið, t.d. varðandi tillögur á allsherjarþingum Sameinuðu þjóðanna, virt í lýðræðislegu samhengi.

Einn þáttur í samstarfi Norðurlanda er utanríkisráðherrafundir þeirra, sem haldnir eru tvisvar á ári, vor og haust. Á þeim fundum er skipst á skoðunum um helstu alþjóðamál. Haustfundirnir eru að verulegu leyti helgaðir málum Sameinuðu þjóðanna. Upplýsingaskipti milli embættismanna norrænu utanríkisráðuneytanna eru okkur sérstaklega mikilvæg. Með því að standa saman í alþjóðasamstarfi tekst Norðurlöndunum oft að hafa jákvæðari áhrif en ætla mætti um ekki fjölmennari ríki.

Norræn samvinna er oft nefnd sem fyrirmynd um jákvætt samstarf nágrannaþjóða og vekur hún athygli, ekki síst sameiginlegi vinnumarkaðurinn og tryggingakerfið.

Norrænt samstarf hefur eflst verulega frá því Norðurlandaráð var stofnað 1952. Nú orðið eru bein og gagnleg samskipti svo til allra ráðuneyta og stofnana hér á landi við norrænar systurstofnanir. Væri hægt að fjalla í löngu máli um þetta margslungna samspil, en þar sem Íslandsdeild Norðurlandaráðs leggur árlega skýrslu sína um starfsemi ráðsins fyrir Alþingi og þingmenn fá skýrslur um störf samstarfsráðherra Norðurlanda verður hér látið staðar numið.

(4.1) **Grænland.**

Grænlendingar hafa tekið stjórn mikilvægra málaflokka í sínar hendur mun fyrr en upphaflega var áformað. Uppbygging er ör, stórfelld fjárfesting í sjávarútvegi og byggingaframkvæmdir miklar. Hins vegar stendur heimastjórnin andspænis fjárhagserfiðleikum, þar sem venjuleg tekjuöflun stendur aðeins undir hluta af útgjöldum hennar.

Samskipti Íslendinga og Grænlendinga fara sífellt vaxandi og er sambúðin góð, enda báðum mikilvæg vegna nábýlis þjóðanna og sameiginlegra hagsmuna. Veigamesta og um leið viðkvæmasta málið er nýting sameiginlegra fiskistofna, sérstaklega loðnu, karfa og svo rækju.

Hið stjórnmálalega samstarf styrkist með eflingu samtaka Norðurlanda vestri, Íslands, Grænlands og Færeyja. Merkum áfanga var náð, er Ísland fékk tvo kjörræðismenn, annan í Nuuk en hinn í Qaqortoq.

Viðskipti landanna jukust verulega á árinu, þó fyrst og fremst sala Íslendinga til Grænlands. Vörusala af ýmsu tagi nálgaðist 100 milljónir, en ráðgjöf og verktaka nam hærri upphæð. Hlutafélagið Icecon, í eigu fimm útflutningssamtaka, flytur út íslenska þekkingu í öllum greinum sjávarútvegs. Það hefur tekið að sér heildarverkefni og leiðir saman fjölda íslenskra fyrirtækja hvert á sínu sviði. Er unnið að endurbyggingu fiskvinnslustöðva í Narsaq, Paamiut, Maniitsoq, Ilulissat og Aluitsup Paa. Undir árslok var samið um að Icecon byggi nýtt frystihús í Nuuk, og er það verkefni fyrir 320 milljónir króna.

Seint á árinu 1986 hófu Flugleiðir og Grönlandsfly samstarf um flugleiðina Narsarsuaq-Keflavík-Kaupmannahöfn, og er notuð íslensk þota. Gekk þetta samstarf vel fyrsta árið. Félögin hafa einnig samstarf um flugleiðina Nuuk-Reykjavík, en þar er notuð grænlensk skrúfuþota. Undanfarin fjögur ár hefur Helgi Jónsson (Odin-Air) haldið uppi áætlunarflugi til Kulusuk og hefur verið flogið einu sinni í viku á veturna, en tvisvar í viku á sumrin.

Samgöngur á sjó eru í höndum Grænlandsverslunar, sem hefur einokun á siglingum til landsins. Skip hennar sigla frá Álaborg til Grænlands og hafa viðkomu í Reykjavík a.m.k. sex sinnum á ári. Fram komu óskir af hálfu Íslendinga um tíðari siglingar og voru ákveðnar embættismannaviðræður um það mál.

III Málefni fjarlægra heimshluta

(1) **Afríka sunnan Sahara.**

Dagana 26.—27. janúar s.l. héldu utanríkisráðherrar Norðurlanda fund í Arusha í Tanzaníu með starfsbræðrum sínum frá nágrannaríkjum Suður-Afríku. Skipst var á upplýsingum og rætt um frekari aðgerðir til að knýja Suður-Afríkustjórn til að láta af kynþáttaaðskilnaðarstefnu sinni. Einnig var fjallað um aðstoð Norðurlanda við grannríki Suður-Afríku, en hún nemur nú um 37 milljörðum íslenskra króna á ári. Er það þriðjungurinn af þeirri heildarþróunaraðstoð sem þessi ríki fá. Þá hafa Norðurlönd sett á stofn sérstakan sjóð sem í eru 13 milljarðar íslenskra króna. Nefnist sá sjóður Norsad og er tilgangur hans sá að koma á samvinnu milli iðnfyrirtækja á Norðurlöndum og í nágrannaríkjum Suður-Afríku. Íslendingar eru ekki aðilar að þeim sjóði.

Eitt brýnasta verkefnið nú er að hrinda í framkvæmd áætlun um samgöngubætur í Angóla og Mosambique. Á að veita norrænu fjármagni til Benguela-járnbrautarinnar sem liggur gegnum Angóla og til hafnarframkvæmda í Beira í Mosambique. Þessi höfn gæti orðið mikilvæg samgöngubót fyrir nágrannaríki Suður-Afríku. Þátttaka Íslendinga er takmörkuð við yfirstjórn fiskveiðiverkefnis í hinum miklu vötnum á austurhluta svæðisins. Er áætlað að 5 milljónum króna verði varið til verkefnisins í ár.

Aðskilnaðarstefna stjórnar Suður-Afríku stendur enn óhögguð og býr meirihluti landsmanna þar við algjört réttleysi. Árið 1978 samþykktu utanríkisráðherrar Norðurlandanna áætlun um sameiginlegar aðgerðir ríkjanna gegn stjórn Suður-Afríku. Í október 1985 samþykktu ráðherrarnir frekari aðgerðir til að bregðast við mannréttindabrotum stjórnvalda þar.

Tuttugu og tvö ár eru nú liðin frá því að allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna tók þá ákvörðun að yfirráðum Suður-Afríku yfir Namibíu skyldi ljúka. Þrátt fyrir tilraunir Sameinuðu þjóðanna til að semja við Suður-Afríku um sjálfsákvörðunarrétt landsmanna og frjálsar kosningar hefur ekkert miðað í samkomulagsátt. Stjórn Suður-Afríku hefur í raun komið í veg fyrir að samningaviðræður beri árangur með því að tengja þær brottflutningi kúbanskra hersveita frá Angóla. Þessi stefna Suður-Afríkustjórnar nýtur stuðnings sumra vestrænna ríkja, þeirra á meðal Bandaríkjanna. Kröfur Sameinuðu þjóðanna eru: tafarlaus og skilyrðislaus brottflutningur hersveita Suður-Afríku frá Namibíu; að sett verði á laggirnar bráðabirgðastjórn fyrir milligöngu Sameinuðu þjóðanna; að stjórnarskrárdrög þau, sem Suður-Afríkustjórn hefur gert fyrir landið, verði ógilt; ítrekaður er stuðningurinn við Swapo, sem löglegan fulltrúa þjóðarinnar og því er hafnað að sjálfstæði Namibíu sé tengt þróun mála í nágrannaríkinu Angóla.

Tilraunir Sameinuðu þjóðanna til að koma á viðskiptabanni við Suður-Afríku hafa gengið misjafnlega. Bandaríkjastjórn bannar nú alla nýja fjárfestingu bandarískra fyrirtækja í Suður-Afríku og innflutning kola og stáls frá landinu. Einnig hafa suður-afrísk flugfélög verið svipt lendingarleyfi í Bandaríkjunum. Það er álit sérfræðinga að enda þótt þessar aðgerðir virðist víðtækar muni þær einungis hafa áhrif á um 10 af hundraði viðskipta Suður-Afríku við Bandaríkin. Þá hafa bandarísk stórfyrirtæki tilkynnt að þau muni loka fyrirtækjum sínum í Suður-Afríku. Þeirra á meðal eru IBM, General Motors, Honeywell og Eastman Kodak fyrirtækið. Áhrif þessara aðgerða munu koma í ljós þegar fram í sækir. Enn eru þó mörg stór fyrirtæki starfandi í Suður-Afríku og virðast ekki hafa í hyggju að hætta starfsemi þar.

Ríkisstjórnir Japans, Sambandslýðveldisins Þýskalands og Stóra-Bretlands hafa enn ekki tekið neinar ákvarðanir um hvort heimila beri fyrirtækjum sem skrásett eru í þessum ríkjum að starfa í Suður-Afríku. Ríkisstjórn Ísraels hefur ákveðið að banna alla sölu

hergagna til Suður-Afríku og virðast Ísraelsmenn þar hafa látið undan þrýstingi frá Bandaríkjunum. Á vettvangi Norðurlandanna hefur nú um alllangt skeið verið til umræðu algert viðskiptabann landanna á Suður-Afríku. Þær hugmyndir eru í samræmi við norrænar áætlanir um ráðstafanir gegn Suður-Afríku.

Í maí 1986 hélt allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna sérstakt aukaþing sem ræddi efnahagsvanda Afríku. Á þessu þingi kynntu ríkisstjórnir Afríku hugmyndir sínar um efnahagslegar umbætur sem einkum hnigu í þá átt að gera ríki álfunnar ábyrgari fyrir aðgerðum í efnahagsmálum og minnka þörfina fyrir þróunaraðstoð. Samþykkt var að hrinda í framkvæmd sérstakri fimm ára áætlun Sameinuðu þjóðanna um efnahagsuppbyggingu og þróun efnahagslífs í Afríku fyrir tímabilið 1986—1990. Áætlunin byggist fyrst og fremst á uppbyggingu landbúnaðar og aðgerðum til að koma í veg fyrir matvælaskort vegna þurrka eða sjúkdóma. Höfuðáhersla er lögð á að auka matvælaframleiðslu og matvælaútflutning frá álfunni. Þá er einnig lögð mikil áhersla á landgræðslu en uppblástur og gróðureyðing er vaxandi og alvarlegt vandamál í Afríku. Sameinuðu þjóðirnar binda miklar vonir við þessa áætlun og gert er ráð fyrir því að á 43. allsherjarþinginu verði áætlunin endurskoðuð og tillögur gerðar til úrbóta þar sem þörf krefur.

Efnahagsvandi ríkja Afríku er mikill enn þótt sumar ríkisstjórnir þar leitist við að bæta stöðu ríkisfjármálanna með bættri stjórnsýslu og skipulögðum aðgerðum í efnahagsmálum. Lækkun hráefnisverðs og miklar erlendar skuldir eru enn sem fyrr vandi sem Afríkuríkisstjórnum gengur illa að ráða við.

Í Nígeríu hefur forseti landsins, Babangide, tilkynnt að hann stefni að stofnun sambandslýðveldis í landinu árið 1992, samhliða því að sett verði á stofn valdamikið forsetaembætti og komið á tvíflokkakerfi. Haldnar voru bæjar- og sveitarstjórnarkosningar í landinu í desember s.l. án þess þó að stjórnmálaflokkum væri leyfð þátttaka í þeim.

Í Austur-Afríku eru líkur á áframhaldandi deilum milli Uganda og Kenýa. Umfjöllun vestrænna fjölmiðla um mannréttindamál í Kenýa urðu þess valdandi að forseti landsins hætti nýverið við heimsókn sína til Noregs og Svíþjóðar.

(2) **Mið- og Suður-Ameríka.**

Eins og áður setur slæmt efnahagsástand og ófriður mark sitt á þróun mála í álfunni og á lýðræðislegt stjórnarfar mjög í vök að verjast. Á síðastliðnu ári fór verðbólga mjög vaxandi í flestum ríkjum álfunnar og má búast við því að hún aukist enn á þessu ári.

Mikill halli er á utanríkisviðskiptum í löndum álfunnar. Minnkandi tekjur, bág lífskjör og atvinnuleysi eru undirrót vaxandi ólgu í mörgum ríkjum. Þetta hefur leitt til mikils pólitísks þrýstings á þær ríkisstjórnir í álfunni, sem eru lýðræðislegar, en þó ekki enn til meiriháttar átaka né valdatöku herforingjastjórna. Líkurnar á auknum hagvexti í álfunni á þessu ári eru litlar.

Flest ríki álfunnar lentu í miklum greiðsluerfiðleikum árið 1982, sem höfðu í för með sér mikinn samdrátt í efnahagslífi. Gripið hefur verið til ýmissa hefðbundinna aðgerða í efnahagsmálum til að ná greiðslujöfnuði en með misjöfnum árangri.

Helsti efnahagsvandi ríkja Suður-Ameríku nú er afborganir af erlendum lánum, sem nema u.þ.b. 25 milljörðum dollara árlega. Þessi þunga greiðslubyrði kemur í veg fyrir hagvöxt. Sveiflur í útflutningi, verðfall á hráefnum og iðnaðarvörum, samfara hækkun alþjóðlegra vaxta, auka vandann.

Forsetakosningar munu fara fram í Mexíkó í júlí n.k. Úrslit þeirra kosninga munu hafa mikil áhrif á efnahagslíf landsins þar sem frambjóðendurnir leggja til mjög ólík úrræði til lausnar á efnahagsvandanum. Verðbólga var á s.l. ári 145 af hundraði og er því spáð að hún geti orðið 180 af hundraði á þessu ári.

Samkomulagið sem gengið var frá í Guatemala 7. ágúst s.l. og undirritað af þjóðhöfðingjum fimm Mið-Ameríkuríkja, er árangur samningaumleitananna sem Arías

forseti Costa Rica hafði forgöngu um. Góðar horfur virðast nú á því að samkomulag náist um varanlegan frið í Mið-Ameríku. Í megindráttum kveður samkomulagið á um vopnahlé, að komið verði á viðræðum milli hinna stríðandi afla, endi verði bundinn á erlendan stuðning við skæruliðahreyfingar og komið verði á lýðræðislegum stjórnarháttum.

Aðgerðir skæruliðahreyfinga hafa ógnað mjög ríkisstjórnum El Salvador, Nicaragua og Guatemala að undanförnu. Stjórnvöld í Honduras virðast hafa brotið á bak aftur skæruliðahreyfingar þar og ekki er að sjá að nein skæruliðahreyfing starfi í Costa Rica. Þingkosningar verða í Venesúela á árinu og er núverandi ríkisstjórn spáð ósigri í kosningunum. Ríkisstjórn Noriega hershöfðingja í Panama hefur sætt mikilli gagnrýni innanlands og utan og er rík óánægja með stjórn hans. Nánast daglega kemur til mótmælaaðgerða og óeirða en lögregla landsins hefur að undanförnu tekið mjög hart á mótmælum. Ríkisstjórn Kolumbíu stjórnar landinu í skugga hersins. Árás hersins í nóvember 1985 á byggingu hæstaréttar landsins, þar sem vinstrisinnaðir byltingarmenn höfðu hreiðrað um sig, sýnir að ríkisstjórn landsins getur hvenær sem er átt von á íhlutun hersins. Ríkisstjórnin á í stöðugri baráttu við hermdarverkamenn og eiturlyfjasmyglara.

Mikil hætta steðjar að lýðræðinu í Perú einkum og sér í lagi vegna aðgerða hermdarverkamanna maóista, sem hafa orðið til þess að herinn er mjög afskiptasamur um innanlandsmál. Þó er ekki búist við valdatöku herforingja, svo lengi sem forsetinn, Alan Garcia, heldur áfram nánu samstarfi við herinn. Í nágrannaríkinu Equador fara fram kosningar á árinu og er alls óvíst um niðurstöðu þeirra og allt eins líklegt að herinn sjái ástæðu til þess að grípa í taumana. Innanlandsstjórnmálin einkennast mjög af ásökunum og uppljóstrunum um mikla spillingu í landinu. Bólivía rambar á barmi gjaldþrots og ítök hersins í þjóðlífinu eru mikil. Ríkisstjórn landsins á í stöðugri baráttu við eiturlyfjasmyglara en baráttan við þá er vaxandi vandamál í mörgum ríkjum álfunnar.

Ríkisstjórn Brasilíu lagði fram ítarlegar efnahagstillögur í júní s.l. sem miða að því að minnka þensluna í efnahagslífi landsins. Áhrif þeirra virðast hafa verið þveröfug við það, sem stjórnvöld höfðu vonast til. Verðbólga í landinu hefur vaxið töluvert.

Í Chile krefjast stjórnmálaflokkar þess að lýðræðislegar kosningar fari fram í landinu, en mikið ósamkomulag er þó milli flokkanna. Í ráði er að þjóðaratkvæðagreiðsla um stjórnskipun landsins verði seinna á þessu ári eða snemma á næsta ári. Eins og málum er háttað nú er líklegast að eini frambjóðandinn verði herforinginn Pinochet.

Í Paraguay hefur einræðisherrann Strössner farið með völd síðan 1954 og engar líkur eru á að hann muni láta af þeim á næstunni enda nýtur hann fulls stuðnings hersins í landinu.

Flokkur Alfonsíns forseta Argentínu tapaði nokkru fylgi í kosningunum þar í landi í september s.l., en peronistar unnu nokkuð á og hafa nú meirihluta á þinginu. Framtíð stjórnar forsetans virðist trygg þrátt fyrir tilraunir einstakra liðsforingja til að skapa glundroða í landinu og knýja á um valdatöku hersins. Argentína, eins og önnur ríki álfunnar, á við gífurlegan efnahagsvanda að etja og gert er ráð fyrir því að verðbólga verði um 100 af hundraði á þessu ári.

(3) **Miðausturlönd og Suður-Asía.**

Miðausturlönd hafa um langan tíma verið eitt af óróasvæðum heims og svo var einnig árið 1987. Má í því sambandi minna á stöðugar skærur Araba og þó einkum Palestínumanna og Ísraela, stríð Írana og Íraka, og hið óleysta Kýpurvandamál.

Nú eru 20 ár síðan Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti einróma ályktun 242/67, sem þá var talið mikilvægt fyrsta skref til lausnar deilum Araba og Ísraela. Því miður rættust ekki þær vonir, sem við samþykktina voru bundnar. Á þessum tveimur áratugum hafa íbúar svæðisins orðið að þola tvær meiriháttar styrjaldir og stöðugar skærur á milli Ísraela og Palestínumanna ógna enn öryggi svæðisins. Hið blómlega ríki, sem Líbanon var, er að meira

eða minna leyti í rúst vegna innanlandsóróa og skæruhernaðar. Palestínska þjóðin, sem Ísraelar hröktu úr landi sínu, berst enn árangurslítið fyrir rétti til að eignast aftur sitt fyrra föðurland eða a.m.k. hluta af því og stofna þar sjálfstætt ríki.

Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, gerði á árinu 1987 ítrekaðar tilraunir til þess að ná samkomulagi um að kölluð verði saman friðarráðstefna á vegum Sameinuðu þjóðanna til þess að leysa deilur Araba og Ísraela. Stjórn Ísraels hefur hafnað öllum slíkum tillögum.

Fræðilegur grundvöllur fyrir lausn málsins er þegar lagður í ályktunum Öryggisráðsins, nr. 242/67 og 338/73. Kjarni þeirrar lausnar felst í því að viðurkenna tilverurétt Ísraelsríkis og rétt Palestínumanna til að stofna sitt eigið ríki á vesturbakka Jórdanár, en fram að þessu hefur ekki tekist að koma aðilum saman til ráðstefnu eða að samningaborði. Því miður eru ekki góðar horfur á því á næstunni.

Ekkert lát varð á styrjöld Írana og Íraka á árinu 1987, en siglingar um Persaflóa urðu hættulegri vegna aðgerða stríðsaðila. Varð það til þess, að Bandaríkin sendu þangað herskip til verndar olíuskipum, sem sigldu undir bandarískum fána. Er talið að um 50 bandarísk herskip hafi verið í Persaflóa á árinu 1987.

Þetta stríð hefur nú staðið síðan 1980 og þótt tölur um mannfall séu ónákvæmar er nú talið að a.m.k. ein milljón manna hafi fallið í því og að tala særðra og limlestra sé langtum hærri.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna fjallaði ítarlega um málið á árinu 1987 og framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna leitaði samninga og sátta en án árangurs. Hann vinnur enn að málinu og hefur nýlega látið í ljós von um, að friðarsamningar takist.

Á Kýpur ríkti vopnaður friður á árinu 1987 eins og á undanförnum árum. Talið er að Tyrkir hafi um 45000 manna her á norðurhluta eyjunnar og hafi síðan 1974 flutt þangað um 65000 tyrkneska landnema til þess að breyta fólksfjöldahlutföllunum milli grísku- og trykneskumælandi samfélaganna. Sameinuðu þjóðirnar hafa haft þar öryggissveitir síðan 1964 og eru nú í þeim um 2300 manns. Við byltinguna á Kýpur að undirlagi grísku herforingjastjórnarinnar í júlí 1974 töldu Tyrkir sér bæði rétt og skylt samkvæmt „ábyrgðarsamningnum“ og „bandamannasamningnum“ frá 1959 að koma tyrkneska minnihlutanum til varnar. Hann taldi þá um 18 af hundraði íbúanna á Kýpur, grískumælandi um 82 af hundraði. Í „verndarstríðinu“ 1974 tóku Tyrkir norðurhluta eyjunnar, um 37 af hundraði alls landsvæðis Kýpur og hafa haldið því síðan en í skjóli hersveita þeirra og að lokinni „þjóðaratkvæðagreiðslu“ var „Tyrkneska sambandslýðveldið Kýpur“ stofnað í júní 1975. Þetta „sambandslýðveldi“ hefur aðeins eitt ríki, Tyrkland, viðurkennt.

Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna hefur margítrekað hvatningar sínar um varanlega lausn Kýpurmálsins og lýsti því yfir í skýrslu sinni í september 1987, að hann mundi halda áfram tilraunum sínum til þess að stuðla að árangursríkum samningaumleitunum. Hann á þó við mikla erfiðleika að etja í samningaviðleitni sinni, m.a. vegna þess að ekki er samkomulag um hvort leita eigi þröngra samninga viðkomandi deiluaðila eða hvort boðað skuli til alþjóða- eða svæðaráðstefnu á vegum Sameinuðu þjóðanna. Á meðan ekkert gerist í friðarsamningunum ríkir á Kýpur vopnaður friður, sem getur leitt til blóðsúthellinga á ný þegar minnst varir.

Ástandið í Suður-Asíu einkenndist á árinu 1987 af óvissu og öryggisleysi, skærum og skemmdarverkum.

Átökunum í Afganistan linnir ekki og hefur styrjöld afgönsku andspyrnuhreyfingarinnar gegn leppstjórn Sovétmanna og hernámsliði þeirra nú staðið í átta ár.

Ríkisstjórn Pakistans segir að í Pakistan dvelji nú 2.9 milljónir flóttamanna frá Afganistan og í Íran er tala þeirra um 1.9 milljónir. Tæplega þriðjungur landsmanna er því landflótta.

Áætlað er að um 115 þúsund sovéskir hermenn séu í Afganistan. Leiðtogi Sovétríkjanna, Gorbatsjov, tilkynnti nýlega að brottflutningur sovéska herliðsins gæti hafist 15. maí

n.k. og yrði honum lokið á 10 mánuðum ef samningaumleitanir Sameinuðu þjóðanna bæru árangur fyrir 15. mars n.k. Þær viðræður hafa nú staðið í fimm ár í Genf.

Í Pakistan ríkti mikið óróaástand allt árið 1987. Hryðjuverk og sprengingar úr launsátri voru mjög tíð og verst var ástandið við landamæri Afganistan.

Talið er fullvíst, að Pakistan geti með tveggja mánaða fyrirvara komið sér upp kjarnorkusprengjum, ef það hefur ekki þegar gert það, fyrst ríkja Múhameðstrúarmanna.

Pakistanar fara ekki dult með þá skoðun sína, að ef gagnkvæm ógnun kjarnavopna Bandaríkjamanna og Rússa tryggi frið þeirra á milli, þá sé rökrétt að líta svo á, að kjarnavopn Pakistana og Indverja gætu tryggt frið þeirra á milli.

Indland á við marga sömu erfiðleikana að etja og Pakistan. Einkum á þetta við um uppþot, óróa og sprengingar úr launsátri vegna þjóðarbrotaárekstra, en þar í landi eru talaðar 14 viðurkenndar þjóðtungur og um 200 mállýskur með samsvarandi menningarerfðum. Alvarlegust hafa þó átökin við Sikha í Punjab verið en þeir hafa framið skemmdarverk víða um land, m.a. í höfuðborginni Nýju-Delí. Nokkur óróa varð einnig meðal Tamíla á Suður-Indlandi, einkum eftir að indverski herinn réðst inn í Sri Lanka í október til þess að bæla niður uppreisn Tamíla þar í landi.

Í nóvember 1987 ítrekaði Rajiv Gandhi forsætisráðherra þá afstöðu stjórnar sinnar, að ekki kæmi til greina að undirrita samninginn um bann við útbreiðslu kjarnavopna (NPT-sáttmálann), þar sem að hann gæfi forréttindastórveldum einkarétt á að framleiða kjarnavopn. Indverjar eru taldir hafa getað framleitt slík vopn fyrir alllöngu, ef þeir hafa ekki þegar gert það.

Í Bangladesh var ástandið slæmt allt árið 1987, mikil fátækt, skemmdir og manntjón vegna flóða. Mikill óróa var innanlands vegna óánægju margra með forseta landsins, ljóðskáldið og herforingjann Hossain Mohammad Ershad, sem fram að þessu hefur beitt hernum til að berja niður allar mótmælaaðgerðir og fangelsað forsprakka uppþota.

(4) **Asíu-Kyrrahafssvæðið.**

Japan er eitt mesta efnahagsveldi jarðarinnar. Hafa ýmsir á orði, að næsta öld verði „Öld Japans“ eins og sú 20. hefur verið öld Bandaríkjanna og hin 19. var öld Bretlands.

Japanar eru mesta fiskveiðiþjóð jarðar og neysla sjávarfangs er þar mjög mikil. Vegna 200 mílna landhelgi við önnur lönd, þar sem þeir hafa stundað veiðar, hefur þá skort fisk hin síðari ár. Þeir hafa veitt um 12 milljónir lesta árlega, en þurft að flytja inn tæplega 2 milljónir til viðbótar. Margar þjóðir keppa um þennan nýja markað, en með því að ná broti af honum hefur íslenskum útflytjendum tekist að gera Japan að mjög mikilvægu viðskiptalandi. Árið 1987 fluttum við út þangað vörur fyrir rösklega 4 milljarða króna. Íslendingar keyptu raunar enn meir af Japönum eða fyrir liðlega 5 milljarða króna.

Menningarleg samskipti við Japana hafa einnig vaxið ört og aldrei verið meiri en 1987. Bar þar hæst heimsókn forseta Íslands, Vigdísar Finnbogadóttur. Hún opnaði þar sýningu sem er þáttur í norrænu kynningarátaki en heimsótti einnig Japanskeisara. Birgir Ísleifur Gunnarsson menntamálaráðhera heimsótti Japan af sama tilefni.

Efnahagsstyrkur lyftir Japönum í efsta flokk stórvelda, en pólitísk og hernaðarleg staða þeirra er mjög óljós.

Kína hefur opnað fyrir tækni og fjármagni og öllu sem því fylgir. Á flokksþingi urðu friðsamleg kynslóðaskipti í æðstu stjórn landsins. Landið er engan veginn að hverfa frá kommúnisma, þótt kostir markaðsstefnu fái að njóta sín og nú gangi vel að fæða og klæða íbúa þessa mikla ríkis, sem í búa um 1.060 milljónir manna.

Kommúnistar náðu völdum í Kína 1949 og reikna öldina frá árunum eftir 1950, þegar öll framleiðslutæki voru gerð þjóðareign. Núgildandi túlkun er sú, að fyrstu 25 árin — fram til flokksþingsins 1978, hafi verið gerð mikil mistök, ekki síst menningarbyltingin, þótt hún sé varla nefnd á nafn.

Eftir 1978 hefst „önnur byltingin“ og hún á að verða í þrem skrefum:

Fyrsta skrefið er að tvöfalda þjóðartekjurnar frá 1980 og tryggja allri þjóðinni mat og klæði. Þessu markmiði hefur að mestu verið náð.

Annað skrefið er að tvöfalda þjóðartekjurnar á nýjan leik fyrir aldamótin 2000, og á þjóðin þá að búa við sæmileg lífskjör.

Þriðja skrefið er að ná þeim meðaltekjum á íbúa, sem „miðlungsþróaðar“ þjóðir hafa, og á það að gerast fyrir miðja næstu öld. Frá þeim góðu lífskjörum mun kínverska þjóðin sækja enn fram.

Í næstu framtíð mun verða fylgt þeirri stefnu, að leggja mesta áherslu á að efla vísindi, tækni og fræðslu til að auka hæfni vinnuaflsins. Í annan stað er ætlunin að halda við nokkurs konar jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar. Loks á enn að opna landið og auka samskipti og verslun við önnur lönd.

Sambúð Kína og Íslands hefur verið góð og vaxandi. Í framhaldi af opinberri heimsókn minni til Kína sem forsætisráðherra í október 1986 komu tveir kínverskir ráðherrar í opinberar heimsóknir til Íslands á árinu. Samstarf um jarðhitamál hefur enn vaxið og gerður var rammasamningur um viðskipti landanna.

Í stjórnmálaheiminum hefur vestrænu lýðræði heldur vaxið fiskur um hrygg í Asíu-Kyrrahafslöndum. Má þar til nefna stjórn Corazon Aquino forseta á Filippseyjum og forsetakosningar í Suður-Kóreu, þar sem Roh Tae-Woo bar sigur af hólmi. Þó standa fornar hefðir föstum fótum í pólitík Austurlanda, ef að er gáð.

Í öryggismálum Asíu-Kyrrahafsríkja er jafnvægi milli Sovétríkjanna, með mikinn herstyrk í Síberíu, vaxandi flota og flotastöð í Cam Rahnflóa í Víetnam, og Bandaríkjanna með her í Japan og Suður-Kóreu og miklar stöðvar á Filippseyjum. Kína er voldugt herveldi og hefur kjarnorkuvopn, og Japanar auka hervarnir, þótt hægt fari.

Sovétríkin gerðu tilraun til að sættast við Kínverja með því að Gorbatsjov bauð Deng til fundar. Kínverjar afþökkuðu og sögðu sættir ekki koma til greina, nema Sovétríkin fengju skjólstæðinga sína í Víetnam til að kalla heim heri sína í Kampútseu og Laos, og Rússar sjálfir drægju burt her sinn frá Afganistan. Kampútsea er opið sár í öllum málum Suðaustur-Asíu og sambúð Kínverja og Víetnama hefur undir niðri aldrei verið góð. Fullar sættir milli hinna gömlu bandamanna, Kínverja og Sovétmanna, eru taldar ólíklegar, þar sem Kína er nú háð viðskiptum, fjármagni og þekkingu Bandaríkjanna, þótt engan veginn sé um bandalag að ræða þar á milli.

Miklar efnahagsframfarir hafa verið hjá „Litlu drekunum“, sem svo eru kallaðir, Suður-Kóreu, Taiwan, Hong Kong og Singapore. Sérstaklega á þetta nú við um Suður-Kóreu, þar sem margföld þjóðhátíð verður allt þetta ár vegna olympíuleikanna í Seoul.

Ástralíumenn halda í ár hátíðlegt 200 ára afmæli landnáms hvítra manna. Þetta háþróaða ríki hefur byggt afkomu sína á auði landsins og flutt út hráefni, sem nú falla í verði, svo að framundan virðast efnahagslegir erfiðleikar og óhjákvæmilegar breytingar. Sama má segja um Nýja-Sjáland, sem hefur einhæft efnahagslíf. Um allt Kyrrahaf eru nýstofnuð smáríki, sum á þúsundum eyja, sem berjast við að koma efnahagslega fótum undir sjálfstæði sitt.

IV Utanríkisviðskipti

(1) **Breyting á meðferð utanríkisviðskipta.**

Í málefnasamningi núverandi ríkisstjórnar var ákveðið að málefni er varða útflutningsverslun, undirbúning og framkvæmd viðskiptasamninga, skipti Íslands við alþjóðleg viðskiptasamtök og vörusýningar erlendis skyldu færð frá viðskiptaráðuneyti til utanríkisráðuneytis. Tók utanríkisráðuneytið við framkvæmd þessara málaflokka í ágúst—september 1987. Útgáfa útflutningsleyfa fluttist þó ekki til utanríkisráðuneytis fyrr en í janúar 1988 þegar lögum hafði verið breytt.

(2) **Almenn viðskiptamál.**

(2.1) **Viðskiptajöfnuður.**

Samtals nam heildarverðmæti vöruútflutnings 53 053 milljónum króna fob á árinu 1987 en heildarverðmæti vöruinnflutnings 55 020 milljónum króna fob og varð því halli á vöruskiptum um 1967 milljónir króna á árinu 1987. Árið 1986 var vöruskiptajöfnuður hins vegar hagstæður um 4125 milljónir króna. Við þennan samanburð ber að hafa í huga að birgðir útflutningsvara rýrnuðu um tæpar 2400 milljónir króna á árinu 1986, en lítil breyting varð á birgðum á síðasta ári. Viðskiptakjörin bötnuðu um 6 af hundraði á árinu, einkum vegna hækkunar á fiskverði erlendis. Einnig lækkaði olíuverð nokkuð frá fyrra ári.

Á árinu 1987 jókst verðmæti vöruútflutnings um 13,8 af hundraði miðað við árið áður og hafa útflutningstölur ársins 1986 þá verið umreiknaðar til meðalgengis 1987. Verðmæti útfluttra sjávarafurða jókst um 12 af hundraði. Verðmæti álútflutnings jókst um 19 af hundraði og kísiljárns um 6 af hundraði. Verðmæti annars útflutnings jókst um 22 af hundraði.

Heildarverðmæti vöruinnflutnings jókst um 29,4 af hundraði. Almennur innflutningur jókst um 29 af hundraði, en innflutningur á olíuvörum jókst um 1,6 af hundraði, þannig að almennur innflutningur að frátöldum olíuvörum jókst um 31 af hundraði. Innflutningur sérstakra fjárfestingarvara jókst um 62 af hundraði og munar þar mest um skipainnflutning, sem jókst um 137 af hundraði. Innflutningur flugvéla dróst saman um 88 af hundraði. Innflutningur vegna járnblendiverksmiðju minnkaði um 22 af hundraði en innflutningur vegna álversins jókst um 14 af hundraði. Enginn innflutningur var vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, en árið áður nam hann 75 milljónum króna. Innflutningur á vegum Landsvirkjunar var 100 milljónir króna á móti 70 milljónum króna árið áður, reiknað á föstu gengi.

Líkur benda til að þjónustujöfnuður ársins 1987 verði neikvæður um a.m.k. 4500 milljónir króna þannig að viðskiptajöfnuður verði neikvæður um nálægt 6500 milljónir króna eða rúmlega 3 af hundraði vergrar landsframleiðslu. Árið áður varð viðskiptajöfnuður hagstæður um 575 milljónir króna, reiknað á gengi ársins 1987. Það svarar til 3 af hundraði vergrar landsframleiðslu.

(2.2) **Útflutningur eftir vörutegundum.**

Eins og áður segir var umtalsverður halli á utanríkisviðskiptum Íslendinga árið 1987. Stafar hallinn fyrst og fremst af stórauknum innflutningi á árinu, en borið saman við cif-verðmæti innflutnings árið 1986 jókst innflutningur ársins 1987 um rúmlega 33 af hundraði. Til samanburðar jókst fob-virði útflutnings ársins 1987 miðað við árið á undan um 18 af hundraði. Innflutningur bíla og annarra flutningatækja jókst úr tæplega 5,6 milljörðum króna 1986 í tæplega 10,4 milljarða króna árið 1987. Á árinu 1987 voru bílar og önnur flutningatæki 17 af hundraði heildarinnflutnings, en þetta hlutfall var 12 af hundraði árið 1986.

Breytingar á útflutningi eftir vinnslugreinum á árinu 1987 voru ekki stórvægilegar. Sjávarafurðir voru 75 af hundraði heildarútflutnings, iðnaðarvörur voru 20 af hundraði útflutningsins og landbúnaðarvörur og aðrar vörur voru aðeins um 4 af hundraði heildarútflutnings. Útflutningur einstakra vörutegunda var sem fyrr mestur á frystum fiskflökum, þá óverkuðum saltfiski, áli, ferskum fiski og frystri rækju. Útflutningsverðmæti óverkaðs saltfisks og heilfrysts fisks jókst á árinu, en verðmætaaukning í útflutningi frystra fiskflaka, frystrar rækju og ullarvara varð lítil og útflutningur á loðnumjöli og loðnulýsi dróst saman á árinu.

Að öðru leyti gera eftirfarandi töflur nánari grein fyrir útflutningi ársins 1987 eftir vinnslugreinum og vörutegundum og hlutdeild þeirra í heildarútflutningi árin 1986 og 1987.

Tafla 1 **Útflutningur vara eftir vinnslugreinum 1987**

	Millj.kr.	Hlutd.(%) 1987	Hlutd.(%) 1986
Sjávarafurðir	40 322	76,0	77,0
Landbúnaðarafurðir	1 008	1,9	1,6
Iðnaðarvörur	10 655	20,1	19,7
Aðrar vörur	1 068	2,0	1,7
Alls	53 053	100,0	100,0

Tafla 2 **Útflutningur helstu vörutegunda 1987**

	Tonn	Millj.kr.	Hlutd.(%) 1987	Hlutd.(%) 1986
1. Fryst fiskflök	104 933	12 768	24,1	26,9
2. Óverkaður saltfiskur	53 629	7 337	13,8	10,9
3. Ál	89 081	5 080	9,6	9,2
4. Ferskur fiskur	101 853	4 982	9,4	8,5
5. Fryst rækja	11 987	3 676	6,9	8,1
6. Heilfrystur fiskur	28 050	1 971	3,7	2,3
7. Loðnumjöl	131 077	1 958	3,7	5,2
8. Kísiljárn	71 656	1 473	2,8	3,0
9. Lagmeti	3 940	1 113	2,1	1,9
10. Skreið	7 281	1 082	2,0	2,0
11. Saltfiskflök	7 111	1 057	2,0	1,8
Aðrar vörur		10 556	19,9	20,2
Alls		53 053	100,0	100,0

Útflutningur á **frystum fiskflökum** varð minni á síðasta ári en árið á undan, en útflutningsverðmæti jókst lítils háttar vegna verðhækkana á erlendum mörkuðum. Sú hækkun nam á síðasta ári rúmlega 20 af hundraði í bandaríkjadölum sem vó upp á móti 6 af hundraði lækkun á gengi dollars gagnvart íslensku krónunni á síðasta ári. Af 105 000 tonna útflutningi á frystum fiskflökum á síðasta ári var u.þ.b. 50 af hundraði flutt út til Bandaríkjanna, rúmlega 20 af hundraði til Bretlands, og til Sovétríkjanna og Frakklands voru flutt út 10 af hundraði til hvors ríkis. Var um lítils háttar samdrátt í sölu til þessara landa að ræða miðað við árið 1986, sérstaklega til Sovétríkjanna.

Óverkaður saltfiskur var fluttur út fyrir 7,3 milljarða króna á síðasta ári en 4,9 milljarða króna árið á undan. Verðmætaaukning milli ára nam því 50 af hundraði, aðallega vegna verulegra verðhækkana á erlendum mörkuðum. Magnaukningin milli ára var talsvert minni,

eða 18 af hundraði. Portúgalar keyptu á síðastliðnu ári 67 af hundraði heildarútflutnings óverkaðs saltfisks og jókst útflutningur þangað verulega á síðasta ári. Útflutningur til Ítalíu og Grikklands jókst mjög en samdráttur var í útflutningi til Spánar.

Árið 1987 var gott ár í **álútflutningi.** Eftirspurn jókst á árinu eftir lægð nokkurra undanfarinna ára, verðhækkanir urðu verulegar og birgðastaða í lágmarki í lok ársins. Samtals nam útflutningur á árinu 1987 89 000 tonnum að verðmæti 5,1 milljarður króna. Tæplega 80 af hundraði af útfluttu áli fór til þriggja landa; V-Þýskalands, Sviss og Bretlands. Útflutningurinn til Sviss var svipaður árin 1986 og 1987 eða 22 000—23 000 tonn, nokkru meira var flutt út til Bretlands en langmest jókst útflutningur til V-Þýskalands. Þangað voru flutt út rúmlega 28 000 tonn árið 1987 að verðmæti 1,6 milljarðar króna samanborið við 17 000 tonn árið 1986, að verðmæti 900 milljónir króna. Nam útflutningur á áli til V-Þýskalands 33 af hundraði af heildarútflutningi áls árið 1987.

Rúmlega 100 000 tonn voru flutt út af **ferskum fiski** á síðastliðnu ári að verðmæti tæplega 5 milljarðar króna. Helstu kaupendur voru sem fyrr Bretar og V-Þjóðverjar, en Frakkar juku kaup sín verulega á síðasta ári. Svo virðist sem heldur hafi dregið úr útflutningi fersks fisks frá 1986 og benda nýjustu tölur til þess að hlutfallslega sé nú minna flutt út af ferskum botnfiski en áður.

Útflutningur á **frystri rækju** tekur annars vegar til pillaðrar rækju, sem er aðallega flutt út til Evrópu og Bandaríkjanna, og hins vegar til rækju í skel sem aðallega er flutt út til Japans og Noregs. Rækjuverð hélst áfram hátt á erlendum mörkuðum á síðastliðnu ári. Útflutningur bæði að magni og verðmætum hélst hér um bil óbreyttur frá árinu 1986. Flutt voru út u.þ.b. 12 000 tonn bæði árin að verðmæti 3,6 milljarðar króna. Voru 40 af hundraði útflutningsins seld til Bretlands á síðasta ári, 20 af hundraði til Danmerkur og annað eins til Japans.

Veruleg aukning varð á árinu 1987 í útflutningi **heilfrysts fisks.** Flutt voru út 28 000 tonn að verðmæti tæplega 2 milljarðar króna og er það 38 af hundraði meira en árið á undan. Útflutningsverðmæti heilfrysts fisks jókst milli áranna 1986 og 1987 um 86 af hundraði. Rúmlega 60 af hundraði heilfrysts fisks eru flutt út til Japans, en aðrir stórir kaupendur eru V-Þjóðverjar, og til Taíwan voru flutt út 1300 tonn að verðmæti yfir 100 milljónir króna á síðasta ári.

Útflutningur á **loðnumjöli** minnkaði um 20 af hundraði frá árinu 1986, en það ár var mjög gott í mjölútflutningi. Minni útflutningur stafar fyrst og fremst af því hversu seint veiðar hófust á síðustu vertíð. Verð á loðnumjöli á erlendum mörkuðum hefur hækkað talsvert á síðustu misserum. Mestur hluti loðnumjölsins er seldur til Bretlands og Finnlands, en aðrir stórir kaupendur eru Svíar, Pólverjar og Frakkar.

Verð á **kísiljárni** á erlendum mörkuðum á síðasta ári var lægra en þekkst hefur um margra ára skeið. Nokkurrar verðhækkunar gætti þó á síðari hluta ársins 1987 og horfur eru á að á árinu 1988 muni verðið hækka frá því sem nú er. Skipta má markaðssvæðum fyrir kaupendur kísiljárns í þrennt: Þriðjungur er seldur til Japans, þriðjungur til Bandaríkjanna og þriðjungur til Evrópulanda. Á árinu 1987 jókst útflutningur til Japans frá því á árinu á undan, til Bandaríkjanna var flutt út svipað magn bæði árin en útflutningur til Evrópulanda dróst saman.

Útflutningur á **lagmeti** var að magni til svipaður árin 1986 og 1987 eða 3800 og 3900 tonn, en verðmæti útflutningsins jókst milli áranna um rúmlega 30 af hundraði, eða úr 840 milljónum króna í 1,1 milljarð króna 1987.

Mest varð verðmætaaukning í útflutningi til Evrópulanda, en þar eru V-Þjóðverjar og Frakkar helstu kaupendur. Til Sovétríkjanna voru flutt út tæplega 1200 tonn eða 30 af hundraði heildarútflutnings lagmetis árið 1987. Nokkur verðhækkun varð í sölu til Sovétríkjanna í upphafi ársins 1987, en sú hækkun varð að engu síðari hluta ársins við

gengislækkun bandaríkjadollars. U.þ.b. 10 af hundraði af lagmetisútflutningi voru seld til Bandaríkjanna á síðasta ári og var það minna en árið á undan, bæði að magni og verði.

Útflutningur á **skreið** nam tæplega 7300 tonnum að verðmæti 1 milljarður króna árið 1987, og er það svipað magn og flutt var út árið á undan. U.þ.b. 85 af hundraði af útflutningi skreiðar er til Nígeríu. Engar skreiðarbirgðir eru nú í landinu og greiðslur fengust fyrir alla þá skreið sem flutt var út á árinu. Hins vegar eru vandamál fyrri ára vegna skreiðarsölu til Nígeríu enn óleyst og eiga íslenskir útflytjendur háar fjárkröfur á hendur kaupendum þeirrar skreiðar í Nígeríu. Útflutningur skreiðar til Ítalíu gekk ekki vel árið 1987 og var við að etja nokkur vandamál af ýmsum toga.

Saltfiskflök voru flutt út fyrir rúmlega 1 milljarð króna á síðasta ári, aðallega til Ítalíu, Portúgals og V-Þýskalands. Til þessara þriggja landa voru flutt út rúmlega 80 af hundraði saltfiskflaka. Á síðasta ári voru rúmlega 7100 tonn af saltfiskflökum flutt út, og er það svipað magn og árið á undan. Það sama gildir um þau og flestar sjávarafurðir aðrar að á síðastliðnu ári gætti verðhækkunar á erlendum mörkuðum.

(2.3) **Viðskipti við einstök lönd og markaðssvæði.**

Á árinu 1987 varð sú meginbreyting frá fyrra ári á hlutdeild einstakra markaðssvæða í utanríkisviðskiptum Íslendinga, að hlutur EB-landa og Japans jókst verulega en hlutur EFTA-landa, Austur Evrópulanda, Bandaríkjanna og annarra landa minnkaði. Af heildarútflutningi ársins 1987 nam útflutningur til EB-landa rúmlega 57 af hundraði, rúmlega 18 af hundraði voru flutt út til Bandaríkjanna, liðlega 8 af hundraði til EFTA-landa, tæplega 8 af hundraði til Japans, tæplega 5 af hundraði til landa Austur-Evrópu og rúmlega 3 af hundraði til annarra landa. Sé litið aftur til ársins 1985 sést að útflutningur til EB-landa og Japans til samans hækkar úr 54 af hundraði heildarútflutnings árið 1985 í 65 af hundraði 1987 á sama tíma og útflutningur til Austur-Evrópulanda og Bandaríkjanna minnkar úr samtals 35 af hundraði af heildarútflutningi 1985 í 23 af hundraði 1987. Á undanförnum tveimur árum hefur útflutningur færst frá Bandaríkjunum og Austur-Evrópulöndum til EB-landa og Japans. Er ekki að efa að gengisþróun á hér nokkurn hlut að máli. Viðskipti við Bandaríkin og lönd Austur-Evrópu eru í bandaríkjadölum. Bandaríkjadalur hefur fallið verulega í verði á þessum tíma, en gengi evrópskra mynta og japanska yensins styrkst að sama skapi.

Verðmæti útflutnings til **EB-landa** á síðasta ári nam 30,4 milljörðum króna, sem er 25 af hundraði hækkun frá árinu 1986. Veldur því aðallega stóraukinn útflutningur á saltfiski til Portúgals. Á síðasta ári nam hann 4,7 milljörðum króna en 2,8 milljörðum króna á árinu 1986. Einnig jókst verulega útflutningur fersks fisks, sem aðallega er seldur til Bretlands, V-Þýskalands og Frakklands, sem og útflutningur á heilfrystum fiski, frystum fiskflökum og áli. Af einstökum þjóðum keyptu Bretar mest af íslenskri útflutningsvöru á síðasta ári. Tóku þeir þar með í fyrsta skipti sæti sem Bandaríkin hafa skipað um áratugaskeið. Til Bretlands voru á síðasta ári fluttar út vörur að verðmæti 10,3 milljarðar króna sem voru u.þ.b. 20 af hundraði heildarútflutnings ársins 1987. Til V-Þýskalands voru fluttar út vörur að verðmæti 5,3 milljarðar króna og til Portúgals fyrir 5 milljarða króna. Aðrir stórir kaupendur innan EB eru Frakkar, Danir, Ítalar og Spánverjar.

Útflutningur til **EFTA-landa** minnkaði á árinu 1987 um tæplega 5 af hundraði frá árinu á undan. Að mestu leyti má rekja þennan samdrátt til minni útflutnings á frystri rækju til Noregs svo og minni útflutnings á loðnumjöli til Svíþjóðar og Finnlands. Útflutningur á frystri rækju til Noregs nam á árinu 1986 360 milljónum króna, en féll niður í rúmlega 60 milljónir króna á síðastliðnu ári. Til Svíþjóðar og Finnlands voru samtals flutt út 67 000 tonn af loðnumjöli að verðmæti tæplega 1 milljarður króna á árinu 1986 en þessi útflutningur dróst saman á árinu 1987 og nam 48 000 tonnum að verðmæti 750 milljónir króna. Útflutningur til Noregs minnkaði því um 17 af hundraði á síðastliðnu ári og útflutningur til Svíþjóðar um tæplega 8 af hundraði á sama tíma, Þess skal þó getið að á árinu 1986

þrefaldaðist útflutningur til Svíþjóðar miðað við árið 1985. Útflutningur til Sviss var nær óbreyttur frá árinu 1986 til 1987, en jókst lítils háttar til Finnlands og Austurríkis.

Bandaríkin hafa lengst af verið stærstu kaupendur íslenskra útflutningsvara, en á síðasta ári voru þeir í öðru sæti á eftir Bretlandi. Útflutningur til Bandaríkjanna dróst lítillega saman á árinu 1987, eða úr 9,8 milljörðum króna 1986 í 9,7 milljarða króna 1987. Útflutningur frystra fiskflaka dróst saman um 13 af hundraði að magni, en útflutningsverðmæti minnkaði hlutfallslega ekki jafnmikið vegna verulegra verðhækkana sem urðu á Bandaríkjamarkaði á árinu.

Viðskipti Íslands við lönd **Austur-Evrópu** hafa orðið minni frá ári til árs að undanförnu. Á árinu 1985 var útflutningur til landa Austur-Evrópu tæplega 8 af hundraði af heildarútflutningi, en þetta hlutfall hafði lækkað í tæplega 5 af hundraði árið 1987. U.þ.b. 75 af hundraði af útflutningi til Austur-Evrópu er til Sovétríkjanna og 20 af hundraði til Póllands. Annar útflutningur er til Tékkóslóvakíu, Austur-Þýskalands og Ungverjalands.

Lítils háttar var flutt út til Búlgaríu og Rúmeníu á árinu 1986 en sá útflutningur féll niður á síðasta ári. Sérstök grein verður gerð fyrir viðskiptum Íslands og Sovétríkjanna hér á eftir, en árið 1987 voru fluttar út vörur til Sovétríkjanna fyrir 2 milljarða króna sem er sama útflutningsverðmæti og á árinu 1986.

Viðskipti Íslands og **Japans** hafa vaxið hröðum skrefum á undanförnum árum. Fluttar voru út vörur til Japans fyrir 4,1 milljarð króna árið 1987 og inn voru fluttar vörur fyrir 5,0 milljarða króna. Halli á vöruskiptum var um 900 milljónir króna á síðasta ári. Á árinu 1987 voru u.þ.b. 8 af hundraði af heildarviðskiptum Íslands við Japan. Til samanburðar má geta þess að á árinu 1985 var útflutningur til Japans 5 af hundraði af heildarútflutningi og innflutningur 4 af hundraði heildarinnflutnings.

Aukinn innflutningur frá Japan er mest bílar, vélar og tæki hvers konar. Vörutegundir sem fluttar voru út til Japans á árinu 1987 voru heilfrystur fiskur (1200 milljónir króna), fryst rækja (800 milljónir króna), kísiljárn (620 milljónir króna), fryst hrogn (600 milljónir króna) og hvalkjöt (230 milljónir króna).

Útflutningur til Japans jókst frá árinu 1986 til 1987 um 93 af hundraði eða um 2,0 milljarða króna, úr 2,1 milljarði króna 1986 í 4,1 milljarð króna 1987. Aukningin er langmest á heilfrystum fiski (úr 9400 tonnum 1986 í 15600 tonn 1987), frystri rækju (úr 2100 tonnum 1986 í 3500 tonn 1987). Einnig jókst útflutningur annarra helstu vörutegunda til Japans, svo sem kísiljárns, frystrar rækju, frystra hrogna og hvalkjöts um 25—30 af hundraði frá árinu 1986 til 1987.

Til **Norðurlandanna** voru á árinu 1987 fluttar út vörur að verðmæti 5,4 milljarðar króna. Útflutningur þangað árið 1986 var að verðmæti 5,1 milljarður króna og er aukningin tæplega 6 af hundraði milli ára. Verðmæti innfluttra vara frá Norðurlöndunum nam hins vegar 17,2 milljörðum króna, en var 13,4 milljarðar króna árið 1986. Er aukningin 28 af hundraði milli ára. Hallinn á vöruviðskiptum Íslands og Norðurlandanna jókst því milli áranna 1986 og 1987, og nam 11,8 milljörðum króna árið 1987 en 8,3 milljörðum króna árið 1986.

Útflutningur til Noregs og Svíþjóðar dróst saman á árinu 1987, en lítils háttar aukning var á útflutningi til Finnlands og Danmerkur og útflutningur til Færeyja og Grænlands jókst verulega. Verulegur samdráttur varð í útflutningi á frystri rækju til Noregs á síðasta ári, svo og í sölu á loðnumjöli til Svíþjóðar og Finnlands. Aukinn útflutningur til Færeyja og Grænlands er að mestu leyti iðnaðarvörur tengdar sjávarútvegi, svo sem fiskinet, fiskikassar, toghlerar, rafeindavogir og bobbingar. Til Færeyja voru fluttar út vörur að verðmæti 333 milljónir króna árið 1987, sem er 34 af hundraði meira en á fyrra ári. Til Grænlands voru fluttar út vörur að verðmæti 123 milljónir króna árið 1987 samanborið við 44 milljónir króna árið 1986.

Þessar tvær töflur sýna annars vegar hlutdeild einstakra markaðssvæða í viðskiptum Íslands árin 1986 og 1987 og hins vegar 10 stærstu inn- og útflutningslönd árið 1987 og verðmæti viðskipta sem Íslendingar áttu við þau á því ári.

Tafla 3

	Hlutdeild helstu markaðssvæða í %			
	Útflutningur		Innflutningur	
	1986	1987	1986	1987
EFTA-lönd	10,1	8,2	20,6	20,6
EB-lönd	54,2	57,4	52,9	52,1
Austur-Evrópulönd	5,5	4,7	6,5	5,8
Bandaríkin	21,7	18,3	7,0	7,1
Japan	4,8	7,8	6,5	8,2
Önnur lönd	3,7	3,6	6,5	6,2

Tafla 4

Tíu helstu útflutningslöndin Upphæðir í millj. kr. (fob)		**Tíu helstu innflutningslöndin** Upphæðir í millj. kr. (cif)	
Lönd	1987	Lönd	1987
1. Bretland	10 305	1. V-Þýskaland	9 310
2. Bandaríkin	9 694	2. Danmörk	5 624
3. V-Þýskaland	5 301	3. Noregur	5 053
4. Portúgal	4 967	4. Bretland	5 033
5. Japan	4 139	5. Svíþjóð	5 032
6. Frakkland	2 854	6. Japan	5 016
7. Danmörk	2 050	7. Holland	4 958
8. Sovétríkin	1 933	8. Bandaríkin	4 367
9. Ítalía	1 613	9. Sovétríkin	2 574
10. Spánn	1 576	10. Frakkland	2 067
Samtals	44 432	Samtals	49 034
Önnur lönd	8 621	Önnur lönd	12 203
Útflutningur alls	53 053	Innflutningur alls	61 237

Á árinu 1987 voru fluttar út vörur til **Sovétríkjanna** fyrir 1,9 milljarða króna fob, en verðmæti innflutningsins nam 2,6 milljörðum króna cif. Hlutur útflutningsins í heildarútflutningi Íslands lækkaði enn á árinu, úr 4,3 af hundraði 1986 í 3,6 af hundraði 1987. Hlutur innflutningsins í heildarinnflutningi minnkaði einnig, úr 5,7 af hundraði 1986 í 4,2 af hundraði 1987. Meginskýringarnar á þessum breytingum eru þær, að mun minna var afgreitt af freðfiski en venjulega, og olíuverð var miklu lægra árið 1986—1987 en áður.

Helstu útflutningsvörur til Sovétríkjanna á árinu 1987 voru freðfiskur (914 milljónir króna eða 47 af hundraði af verðmæti útflutningsins til Sovétríkjanna), saltsíld (570 milljónir króna eða 29 af hundraði), ullarvörur (263 milljónir króna eða 14 af hundraði) og lagmeti (181 milljón króna eða 9 af hundraði).

Útflutningur á frystum flökum var aðeins 10 300 tonn á árinu. Á árinu 1986 var hann 14 000 tonn og var það óvenjulega lítið magn vegna erfiðleika frystihúsanna, á afgreiðslum. útflutningur á heilfrystum fiski var aðeins 1800 tonn, en var 5300 tonn árið 1986. Samningar tókust óvenju seint á árinu 1987, en afgreiðslur á árinu voru samkvæmt samningi. Útflutningur saltsíldar var 18 600 tonn en 15 600 tonn 1986. Útflutningur á ullarvörum jókst úr 180 tonnum 1986 að verðmæti 170 milljónir króna í 330 tonn 1987 að verðmæti 260

milljónir króna. Af þessu magni voru 10 tonn af bandi, fyrir 5 milljónir króna, en það hefur ekki selst til Sovétríkjanna á undanförnum árum. Sölusamningar fyrir ull árið 1987 voru næstum því jafnháir og á metárunum 1984 og 1985. Hluti ullarvörusölu er í formi vöruskipta milli SÍS og sovésks samvinnufélags. Ekki tókst að selja samvinnufélaginu skinnavörur eins og oft áður. Metútflutningur var á lagmeti eða 1190 tonn en 1060 tonn voru seld 1986 og 670 tonn 1985. Engin málning seldist á árinu, annað árið í röð, og er talið að gjaldeyrisskortur í Sovétríkjunum hafi haft þau áhrif. Hins vegar seldist kísilgúr á nýjan leik, rösk 400 tonn að verðmæti rúmlega 4 milljónir króna.

Á fundi forsætisráðherra Íslands og Sovétríkjanna í Moskvu í byrjun mars 1987 ræddi ég m.a. ítarlega um ýmsar hliðar viðskipta Íslands og Sovétríkjanna og lagði m.a. áherslu á að Sovétmenn keyptu verulegt magn af ullarvörum. Þá lagði ég áherslu á að saltsíldarviðræður hæfust fyrr á árinu en verið hafði. Gaf forsætisráðherra Sovétríkjanna góð orð um hvort tveggja og var við það staðið. Einnig var m.a. rætt um möguleika á sölu nýrra vara, t.d. íslenskra tæknivara á sviði fiskiðnaðar.

Helstu innflutningsvörur á árinu 1987 voru sem fyrr olíuvörur fyrir 2019 milljónir króna eða 78 af hundraði af innflutningnum frá Sovétríkjunum. Miðað við keypta og lestaða farma var olíuinnflutningur frá Sovétríkjunum nokkru meiri en 1986, fór úr 299 000 tonnum í 339 000 tonn, þ.e. 84 000 tonn af bílabensíni, 176 000 tonn af gasolíu og 79 000 tonn af svartolíu. Aukningin stafar aðallega af viðbótarkaupum á gasolíu á árinu, en með þeim tókst að greiða fyrir aukinni sölu á ullarvörum, svo sem fram kemur hér að framan. Af þessum þremur helstu olíuvörum var öll svartolían, 79 000 tonn, keypt frá Sovétríkjunum, 84 000 af 124 000 tonnum af bensíninu eða 68 af hundraði og 176 000 af 290 000 tonnum af gasolíu eða 61 af hundraði eða samtals 339 000 af 492 000 tonnum, þ.e. 69 af hundraði. Samkvæmt hagskýrslum nam innflutningur olíuvara frá Sovétríkjunum 55 af hundraði af heildarinnflutningi allra olíuvara á árinu 1987 eða 339 000 tonnum af 612 000 tonnum alls. Talsvert misræmi getur verið milli talna, eftir því hvort miðað er við keypta og lestaða farma eða stuðst við hagskýrslur, sem byggjast á formlegri tollafgreiðslu, en hún fer fram alllöngu eftir losun skipa. Þotueldsneyti, flugvélabensín, smurolíur o.fl. eru ekki fluttar inn frá Sovétríkjunum. Í desember 1987 var samið við sovéska ríkisolíufélagið um kaup á 300—340 000 tonnum af olíuvörum á árinu 1988 eða svipuðu magni og næsta ár á undan. Skiptingin var 80 000 tonn af bílabensíni, 140 000 tonn af gasolíu og 80 000—120 000 tonn af svartolíu. Viðskiptaráðuneytið vinnur að gerð olíukaupasamninga í samvinnu við olíufélögin og er formlegur aðili að þeim, en framselur samningana síðan í hendur félaganna. Aðrir vörukaupasamningar eru hins vegar gerðir milli viðskiptaðila beint. Á árinu 1987 voru fluttar inn bifreiðar að verðmæti 255 milljónir króna og timbur fyrir 250 milljónir króna.

Í október—desember 1987 var samið í þrennu lagi um sölu á saltsíld til Sovétríkjanna, að mestu til afhendingar á árinu 1988. Umsamið magn var samtals 20 000 tonn (200 000 tunnur) eða sama magn og samið hafði verið um fyrir árið 1987. Kvótinn í viðskiptasamningnum er 20—25 000 tonn. Samningaumleitanir byrjuðu fyrr en venjulega en gengu mjög erfiðlega vegna ágreinings um verð, þrátt fyrir viðleitni söluaðila og fulltrúa stjórnvalda til að ná hagkvæmari lausn sem fyrst.

Í byrjun febrúar stóðu fyrir dyrum framhaldsviðræður um sölu á freðfiski og lagmeti. Hins vegar voru horfur á gerð ullarvörusamnings ekki góðar og hafði ekki tekist að ná samningum, þrátt fyrir ítarlegar viðræður. Sovétmenn höfðu þá enn ekki fallist á rök íslenskra seljenda fyrir umtalsverðri hækkun á söluverði. Samningaumleitanir um sölu málningar höfðu engan árangur borið.

Viðskiptasamningur Íslands og Sovétríkjanna 1986—1990 er rammasamningur og fylgja honum tveir listar yfir þær íslensku og sovésku vörur, sem gert er ráð fyrir að keyptar séu árlega á samningstímabilinu. Forsenda þess, að samið sé um kaup á vörum í samræmi við

rammasamninginn, er sú, að viðkomandi viðskiptaaðilar í löndunum tveimur nái samkomulagi um verð, magn og aðra skilmála í sölusamningum, sem gerðir eru milli þeirra ár hvert.

(2.4) **Útflutningsráð Íslands.**

Útflutningsráð Íslands tók formlega til starfa 1. október 1986. Stofnfundur var haldinn 7. október 1986 og var stjórn Útflutningsráðs þá fullskipuð, en formaður hennar er Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda. Árið 1987 er því fyrsta heila árið í starfsemi Útflutningsráðs Íslands.

Á vegum Útflutningsráðs starfa nú 3 viðskiptafulltrúar, í New York, Kaupmannahöfn og Frankfurt. Störf viðskiptafulltrúanna hafa reynst vel og er mikill hagur fyrir íslenska útflytjendur að geta leitað til þeirra við öflun upplýsinga og skipulagningu markaðsmála á þeim svæðum sem þeir starfa. Þeir hafa t.d. aðstoðað við undirbúning og skipulagningu þar sem íslenskir útflytjendur hafa tekið þátt í vörusýningum erlendis.

Síðastliðið ár voru skipulagðar sýningar á íslenskum vörum í Færeyjum og Grænlandi. Voru þar sýnd ýmis tæki og búnaður fyrir sjávarútveg. Árangur var góður og hefur útflutningur á þessum vörum aukist, einkum til Grænlands. Þá voru byggingarvörur líka kynntar á þessum mörkuðum og er von til þess að sala á þeim aukist.

Undirbúningur að markaðsátaki í Svíþjóð hófst og nær það til Gautaborgar og héraðanna þar í kring. Hefst átakið með Íslandsviku sem opnuð verður í febrúar 1988. Einnig var byrjað að undirbúa sérstakt markaðsátak í Þýskalandi. Var gerð könnun á viðhorfum til Íslands, og verður hún notuð sem grundvöllur fyrir þetta átak, sem fram fer á árinu 1988.

Útflutningsráð gaf út tæknivörubækling til kynningar á framleiðendum og útflytjendum vara til fiskveiða og fiskvinnslu. Bæklingnum var dreift í 14 000 eintökum á ensku og norsku til fyrirtækja og fjölmiðla erlendis. Margar fyrirspurnir hafa borist í kjölfarið og er þess vænst að árangur skili sér í fleiri samböndum og sölu á íslenskum tæknivörum.

Á síðasta ári tóku íslensk fyrirtæki þátt í nokkrum vörusýningum erlendis. Má þar nefna Anuga í Köln þar sem sýnd voru matvæli, en sú sýning er ein hin stærsta sinnar tegundar í Evrópu. Þá voru sýnd húsgögn í Bella Center í Kaupmannahöfn og útgerðarvörur á Fishexpo í Seattle í Bandaríkjunum og í Halifax í Kanada. Þá síðastnefndu heimsótti ég. Íslenskir útflytjendur tóku þátt í sjávarútvegssýningunni í Reykjavík, en sú sýning er mikil lyftistöng fyrir íslenska framleiðendur enda voru sýningargestir margir og frá öllum heimshornum.

Markaður fyrir tilbúin matvæli hefur verið kannaður og gerð var markaðsathugun í Svíþjóð fyrir ýmis matvæli, m.a. í tengslum við markaðsátakið sem þar fer fram.

Að Útflutningsráði Íslands standa nú 7 samtök framleiðenda og útflytjenda og 8 hagsmunasamtök. Auk þess eru 20 aðrir aðilar að ráðinu, aðallega ýmis fyrirtæki. Rekstur ráðsins byggist á framlögum þeirra, sem aðild eiga að ráðinu og skiptust þau þannig árið 1987 að 10 milljónir króna voru framlag ríkisins á fjárlögum, framlag útflytjenda sjávarafurða var 25 milljónir króna í formi hluta af endurgreiddum söluskatti til sjávarútvegs og framlag iðnrekenda 25 milljónir króna, greitt af iðnlánasjóðsgjaldi. Þá eru tekjur af árgjöldum áætlaðar 3 milljónir króna. Samtals hafði Útflutningsráð því 63 milljónir króna til ráðstöfunar. Óhjákvæmilegt er að taka fjármögnun starfseminnar til endurskoðunar. Hef ég hug á, að það verði gert á árinu.

Framkvæmdastjóraskipti urðu hjá Útflutningsráði um miðjan janúar 1988, en þá lét Þráinn Þorvaldsson af störfum. Í stað hans var ráðinn dr. Ingjaldur Hannibalsson verkfræðingur.

(3) **Alþjóðlegt viðskiptasamstarf.**

(3.1) **Evrópubandalagið (EB) og Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA).**

Fram til ársins 1984 takmörkuðust samskipti EB og EFTA-landanna við þann ramma sem tvíhliða fríverslunarsamningar bandalagsins við EFTA-löndin mynduðu. Með samþykkt Luxemborgar-yfirlýsingarinnar 1984 var kveðið á um víðtækari samvinnu þessara ríkja. Á grundvelli þeirrar yfirlýsingar vinnur Samstarfshópur háttsettra embættismanna EFTA og EB (HLCG), sem í sitja fulltrúar frá framkvæmdastjórn EB og fulltrúar EFTA-landanna. Heldur þessi hópur fundi tvisvar á ári, í maí og nóvember, til að ræða framkvæmd Luxemborgar-yfirlýsingarinnar og þau svið sem vænleg eru talin til frekari samvinnu. Einkum hefur umræðan á þessum fundum snúist um atriði, sem eru það langt komin, að hægt sé að ganga endanlega frá þeim á árlegum vorfundi ráðherra EFTA-landanna og þeim fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar sem fer með utanríkismál. Á ráðherrafundi EFTA í Interlaken í Sviss, 20. maí s.l., voru tveir samningar undirritaðir, samningur um samræmt tollskjal (SAD) og um flutningsreglur (Transit agreement), sem tóku gildi frá og með 1. janúar 1988. Síðar á árinu gengu öll EFTA-ríkin og EB frá samkomulagi um sönnun á uppruna vara, sem sömuleiðis tók gildi 1. janúar 1988.

Í tengslum við framangreint vinna sérfræðingar frá EFTA-löndunum og framkvæmdastjórn EB að athugunum á frekari möguleikum á samvinnu á ýmsum sviðum, t.d. tæknilegra viðskiptahindrana, upprunareglna, opinberra innkaupa, vísindarannsókna, umhverfisverndar, þjónustuviðskipta, ríkisstyrkja til atvinnurekstrar, menntamála, óbeinna skatta og einföldun landamæraeftirlits með fólki, fjármagnshreyfinga, útfutningshamla, hugverka- og einkaleyfisréttinda, samvinnu um tollaframkvæmd, ábyrgðar framleiðenda á vörum, upplýsingaskipta um efnahagsmál og iðnaðarvörur, sem innihalda landbúnaðarhráefni. Með því að mörg þessara sviða tengjast að sjálfsögðu framkvæmd áætlunar EB um að koma á frjálsum innri markaði í bandalaginu er þessi samhæfing að starfsemi EB orðin langþýðingarmesta verkefni EFTA.

Eins og á undanförnum árum bar hæst í umræðunni innan bandalagsins þá erfiðleika, sem stöðugt hærri útgjöld til landbúnaðar vegna aukinnar framleiðslu landbúnaðarvara og meiri niðurgreiðslna valda í fjármálunum. Talið er að nær 70 af hundraði útgjalda bandalagsins renni til landbúnaðar. Allmikill halli er nú á rekstri bandalagsins. Á fundi æðstu manna EB í Kaupmannahöfn 2.—3. desember 1987 lágu fyrir tillögur framkvæmdastjórnarinnar, sem kenndar eru við Delors formann hennar. Í þeim fólst í fyrsta lagi að dregið verði úr greiðslum til landbúnaðar og komið í veg fyrir aukningu framleiðslu, í öðru lagi að hlutdeild EB í virðisaukaskatti verði lækkuð í 1 af hundraði, í þriðja lagi að tekið verði upp sérstakt gjald aðildarríkja til EB, er byggt sé á þjóðartekjum hvers aðildarríkis, þannig að tekið verði tillit til mismunandi þróunarstigs aðildarríkjanna, og í fjórða lagi að framlög í byggða- og þróunarsjóði bandalagsins verði hækkuð verulega, en slík hækkun yrði fyrst og fremst til hagsbóta fyrir Spán, Portúgal og Grikkland. Þessar tillögur voru grundvöllur að samkomulagi, sem náðist á öðrum fundi æðstu manna í Brussel 9.—10. þessa mánaðar. Er nú talið að framtíð bandalagsins sé traust. Þá hefur mikil áhersla verið lögð á framkvæmd áætlunarinnar, sem samþykkt var árið 1985, um frjálsan innri markað bandalagsins. Áætlunin miðar að því að koma á frjálsu streymi fólks, vöru, þjónustu og fjármagns í bandalaginu eigi síðar en í árslok 1992. Mjög mikilvægt er fyrir frekari þróun bandalagsins að það takist að framkvæma þessa áætlun, ekki hvað síst með tilliti til þess að þýðing þjónustuviðskipta fer stöðugt vaxandi.

Í sambandi við tillögu framkvæmdastjórnarinnar vorið 1987 um verð á landbúnaðarvörum fyrir tímabilið 1. júlí 1987 til 30. júní 1988 var gert ráð fyrir, að lagður yrði sérstakur skattur á feiti og olíur, þ.m.t. fisklýsi. Þessi skattheimta hefði haft mjög neikvæð áhrif á útflutning lýsis til aðildarríkja EB og hefði nánast útilokað hann. Þessum hugmyndum um skattheimtu var harðlega mótmælt af hálfu Íslands bæði í samtölum utanríkisráðherra við

Willy de Clercq, þann fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar sem fer með utanríkismál, og eins í viðtölum sendiherra við svo til alla meðlimi framkvæmdastjórnarinnar. Innan EB mætti þessi tillaga andstöðu Breta, Hollendinga, Dana og Þjóðverja. Var hún loks lögð til hliðar á fundi æðstu manna EB í Kaupmannahöfn.

Svo sem kunnugt er ná ákvæði fríverslunarsamnings Íslands og EB ekki til saltfisks. Útflutningur þeirrar vöru til Suður-Evrópulanda var þó nær hámarki að magni í fyrra. Á árinu 1987 var svipað fyrirkomulag á tollum á saltfiski og fyrri ár, þ.e. 25 000 tonna tollfrjáls kvóti samkvæmt samkomulagi í GATT, 6000 tonna kvóti samkvæmt samningi EB og Kanada og 4000 tonna kvóti fyrir saltfiskflök samkvæmt samningi EB og Kanada. Um mitt árið ákvað bandalagið svo að venju að opna 40 000 tonna kvóta fyrir óverkaðan saltfisk og með 5 af hundraði tolli. Umfram þessa tollkvóta er tollur á saltfiski 13 af hundraði, en engar magntakmarkanir nema á Spáni. Á árinu 1987 var markaðurinn afar hagstæður og seldist fiskurinn á 25 af hundraði hærra verði en árið á undan.

Á árinu gekk framkvæmd fríverslunarsamnings Íslands og EB snurðulaust. Sameiginleg nefnd Íslands og EB, sem fjallar um framkvæmd samningsins, hélt einn fund á árinu, í júní í Reykjavík. Á fundinum var rætt almennt um viðskipti og sérstök mál svo sem innflutningsfyrirkomulag á saltfiski til EB, tillögu bandalagsins um sérstakan skatt á lýsi og olíur og um málefni innri markaðar EB og Ísland. Seinni fundurinn, sem haldinn er venjulega í byrjun desember ár hvert, var felldur niður, þar sem ég átti viðræður við meðlimi framkvæmdastjórnarinnar, þá Willy de Clercq og Cardoso E. Cunha, á sama tíma um málefni Íslands og EB.

(3.2) **Fundir utanríkisráðherra með fulltrúum EB og EFTA.**

Fundur minn með Willy de Clercq, sem fer með utanríkismál í framkvæmdastjórn EB, og Antonio Cardoso e Cunha, sem fer með sjávarútvegsmál í framkvæmdastjórninni, var hinn 8. desember s.l. Gerði ég ríkisstjórninni og utanríkismálanefnd grein fyrir eftirfarandi meginatriðum í viðræðum mínum við þá:

Fullyrt er að takast muni að gera Evrópubandalagslöndin að einum samræmdum innri markaði á næstu fjórum árum.

Hafin er samræming á lögum, reglum, stöðlum, sköttum, gjöldum og fleiru sem varðar framleiðslu og markaðsmál. Öðrum þjóðum í Vestur-Evrópu er boðið að taka þátt í þessu samræmingarstarfi ef þær óska.

Í þessu skyni hafa verið settar á fót fjölmargar nefndir og samstarfshópar. Má t.d. nefna CEN og CENELEC (þar sem m.a. er unnið að því að staðla rafbúnað), sem við Íslendingar höfum ákveðið að taka þátt í.

Til lengri tíma litið er stefnt að því að innan ríkja Evrópubandalagsins verði fullt frelsi í vöruviðskiptum, frelsi í þjónustuviðskiptum, frelsi í fjármagnsflutningum og frelsi í fólksflutningum (vinnuafl).

Þýðingarlaust mun reynast að leita eftir breytingum á samningum við EB meðan á mótun hins innri markaðar stendur. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu að taka upp viðræður. Þá mun ekki hjá því komist að ræða einnig um fiskveiðiréttindi, þótt EB eigi að vera ljóst að slíkra réttinda er ekki að vænta. Fallist var á að viðræður um fiskveiðiréttindi yrðu óháðar viðræðum um viðskiptamál.

Talið er að einhver þeirra ríkja, sem nú eru utan bandalagsins, sæki um fulla aðild eftir 1992. Jafnframt er gert ráð fyrir og talið eðlilegt að einhver lönd kjósi fremur að ganga til samninga við bandalagið um náin samskipti án fullrar aðildar. Mikilvægt er, að þau lönd fylgist vel með þróun mála innan bandalagsins og aðlagist þeim breytingum, sem þar verða.

Hef ég ekki farið dult með þá skoðun mína að full aðild okkar Íslendinga að Evrópubandalaginu komi ekki til greina en stefna beri að aðlögun og samningum.

Dagana 14.—15. desember sat ég ráðherrafund EFTA í Genf. Innan Fríverslunarsamtakanna eru að verða miklar breytingar. Kom það greinilega fram á fundinum í Genf og gerði ég ríkisstjórninni og utanríkismálanefnd grein fyrir eftirfarandi:

Undir stjórn núverandi framkvæmdastjóra EFTA, Per Kleppe, er ötullega unnið að því að EFTA-ríkin aðlagist sameiginlega þeim breytingum sem framundan eru innan EB. Gert er ráð fyrir, að EFTA-ríkin samræmi reglur, staðla, tæknilegar kröfur og prófanir og veiti reglulega upplýsingar um allt slíkt, svo og um ríkisstyrki, og opni fyrir opinber innkaup o.s.frv. Gert er ráð fyrir sameiginlegu tilkynningakerfi í þessu skyni.

Þótt EFTA-ríkin vinni sameiginlega að því að aðlagast breytingum innan EB vinna flest löndin einnig ötullega að slíku á eigin vegum. Sömuleiðis eru skoðanir mjög skiptar um þau fjögur svið „frelsis“ sem að framan eru nefnd.

Þrátt fyrir meðmæli þingmannanefndar EFTA eru Svíar tregir til þess að samþykkja fulla fríverslun með fisk og fiskafurðir innan EFTA. Önnur meðlimaríki virðast þessu hlynnt. Samkomulag varð þó um að ræða málið á ný á næsta ráðherrafundi sem verður 14.—15. júní í Finnlandi.

Helstu niðurstöður mínar eftir þessa fundi voru:

Ekki verður um að ræða samninga við EB fyrr en eftir 1992.

Stefna ber að aðlögun að þeim innri markaði sem í mótun er í Vestur-Evrópu.

Í því skyni er nauðsynlegt að fylgjast vel með því, sem gerist hjá EB og EFTA og taka þátt í því starfi eins og okkur er frekast kleift.

Leggja ber áherslu á að taka þátt í þeirri sameiginlegu aðlögun, sem fram fer innan EFTA.

Auka ber samstarf ráðuneyta um þessi mál. Gæta ber þess að reglur og reglugerðir séu eins og kostur er í samræmi við reglur hjá EB og EFTA-ríkjum.

Vinna ber að því að fá fullt viðskiptafrelsi fyrir fisk og fiskafurðir innan EFTA. Í því skyni er mikilvægt að yfirvinna andstöðu Svía. Innan Norðurlandaráðs er nauðsynlegt að leggja áherslu á þetta í tengslum við „Norðurlöndin sem heimamarkað“.

Árið 1989 tökum við Íslendingar við formennsku í EFTA. Sendiherrar okkar í Genf og Brussel munu þá jafnframt verða formenn í embættismannanefndum EFTA sem á þeim stöðum starfa. Þetta verður mikið starf, sem krefst mikils undirbúnings og vafalaust meira starfsliðs en nú er.

Aukið samstarf EFTA-landanna og EB eykur verkefni EFTA-skrifstofunnar í Genf og hefur starfslið EFTA orðið að laga sig að breyttum aðstæðum. Þetta kallar á ný vinnubrögð hjá aðildarríkjum EFTA bæði í aðalstöðvum og heima fyrir. Á síðasta ári var ákveðið að stofna sérstaka skrifstofu EFTA í Brussel, og er hún hluti af skrifstofu EFTA í Genf undir stjórn framkvæmdastjórans. Mun nýja skrifstofan skapa EFTA-löndunum betri aðstöðu til að fylgjast með þróun mála hjá EB og auðvelda fulltrúum ráðuneyta og EFTA-fulltrúum í Brussel öll samskipti við EB.

Allmiklar umræður urðu innan EFTA á árinu um fríverslun með fiskafurðir, en tilraunir fyrri ára til að fella fiskafurðir úr Viðauka E, og þar með skapa fríverslun, höfðu ekki borið árangur. Á þingmannafundi EFTA í Hamar í Noregi í júní s.l. náði Kjartan Jóhannsson alþingismaður um það algjörri samstöðu í þingmannanefndinni að gera tillögu til ráðherrafundar EFTA um að fríverslun með fiskafurðir verði komið á innan EFTA á fjögurra ára aðlögunartímabili.

Fastanefndin í Genf tók málið upp á fundum fastafulltrúa EFTA í júlí, september og október og óskaði eftir því, í ljósi tillögu þingmannanefndarinnar, að gerð yrði athugun á því með hvaða hætti væri hægt að koma umræddum aðlögunartíma á, þannig að ráðherrafundur

EFTA í desember gæti tekið afstöðu til málsins. Svíar lögðust eindregið gegn þessu, en féllust þó á tillögu fastanefndar, að framkvæmdastjóra EFTA yrði falið að útbúa greinargerð um gang þessa máls innan EFTA, og hún yrði lögð fyrir ráðherrafundinn. Í ágætri greinargerð framkvæmdastjórans, Per Kleppe, var sérstöðu Íslands vel lýst og bent á hve fríverslun með fiskafurðir skipti litlu máli í reynd fyrir önnur aðildarríki en Ísland og Noreg. Jafnframt var ítrekað hve mikilvægt það væri fyrir Íslendinga að fá viðurkenningu á fríverslun með allar fiskafurðir innan EFTA. Hér væri um að ræða grundvallaratriði. Ef EFTA samþykkti algjöra fríverslun á þessu sviði yrði staða Íslendinga og annarra EFTA ríkja mun sterkari í samningsviðræðum við EB.

Á ráðherrafundinum voru ríkisstyrkir einnig til umræðu og var ákveðið að fela framkvæmdastjóra að gera sérstaka úttekt á þeim og leggja síðan fyrir EFTA-ráðið.

Á síðasta ári var sett á stofn sérstök nefnd sérfræðinga í lögum sem ætlað er að fjalla um lagalegar hliðar og túlkun á vissum þáttum í fríverslunarsamningum EFTA-ríkjanna við EB. Gera má ráð fyrir að þessi nefnd fái fleiri lagaleg verkefni að glíma við eftir því sem samstarf EFTA-ríkjanna og EB eykst.

Við stofnun sérstakrar nefndar sem fjallar um tæknilegar viðskiptahindranir voru þau mál færð frá nefnd viðskiptasérfræðinga. Íslendingar hafa ekki, þar til á síðasta ári, tekið þátt í störfum þessarar nefndar m.a. vegna þess að tæknilegar viðskiptahindranir hafa ekki verið eins þýðingarmiklar fyrir útflutning okkar eins og annarra EFTA-ríkja. Hins vegar er stöðlum og ýmiss konar reglum um tæknileg efni sífellt að fjölga og því brýnna en áður að fylgjast með þessum málum. Auk þess að taka nú þátt í störfum nefndarinnar sem fjallar um tæknilegar viðskiptahindranir ákvað ríkisstjórnin að sækja um aðild fyrir Ísland að staðalstofnunum Evrópu, CEN og CENELEC, til að tryggja betur hagsmuni okkar á þessu sviði.

(3.3) **Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti (GATT).**

Í síðustu ársskýrslu var skýrt frá undirbúningi ráðherrafundar GATT sem haldinn var í Uruguay 15.—20. september 1986. Með ráðherrafundinum hófust nýjar alþjóðlegar viðskiptaviðræður, sem taka skulu bæði til vöruviðskipta og þjónustuviðskipta.

Ekki hefur verið samið um þjónustuviðskipti innan GATT, enda tekur GATT-samningurinn ekki til þeirra. Eftir að ráðherrafundinum lauk voru haldnir margir fundir um starfshætti og viðfangsefni þeirra nefnda, sem ákveðið var að skyldu fjalla um hina ýmsu málaflokka í viðræðunum. Í samræmi við yfirlýsingu ráðherrafundarins var viðfangsefnum viðræðnanna skipt á tvær nefndir undir aðalsamninganefndinni, samninganefnd um vöruviðskipti og samninganefnd um þjónustuviðskipti. Samkomulag um skipulag og tilhögun viðræðnanna náðist í lok janúar 1987 og voru stofnaðar 14 undirnefndir til að ræða vöruviðskiptin, en samninganefnd um þjónustuviðskipti hefur ekki ennþá sett á stofn undirnefndir og fara því allar viðræður fram í nefndinni sjálfri. Helstu mál, sem hafa þýðingu fyrir Íslendinga í þessum viðskiptaviðræðum eru tollar, aðrar viðskiptahindranir en tollar, náttúruauðlindir, landbúnaðarvörur, niðurgreiðslur, styrkir og jöfnunargjöld. Norðurlöndin, þ.e. Ísland, Finnland, Noregur og Svíþjóð, hafa með sér náið samstarf í viðskiptaviðræðunum og koma fram sem einn aðili í samninganefndunum og sendinefndum. Danir fylgja Efnahagsbandalaginu að málum. Skipta löndin með sér verkum. Hefur þetta fyrirkomulag auðveldað okkur Íslendingum að fylgjast með þróun mála í viðræðunum.

Umræður um fisk og fiskafurðir hafa farið fram í náttúruauðlindanefndinni. Í júlí 1987 lagði Evrópubandalagið fram tillögu í þeirri nefnd, en þar ítrekar Evrópubandalagið það sjónarmið sitt frá ráðherrafundinum í Uruguay að bandalagið sé ekki til viðtals um samkomulag um fisk og fiskafurðir nema allir þættir, sem eru sérstakir fyrir þessar afurðir og hafa viðskiptaáhrif, verði til umræðu. Það sem Evrópubandalagið hefur hér einkum í huga er aðgangur að fiskveiðilögsögu strandríkja. Íslendingar hafa við öll möguleg tækifæri lagt

mikla áherslu á að umræður um aðgang að fiskveiðilögsögu strandríkja eigi ekki heima í Uruguay-viðræðunum. Vegna sjónarmiða Evrópubandalagsins er óvíst hvort sérstakar samningaviðræður verða um fisk og fiskafurðir.

Í náttúruauðlindanefndinni hafa verið skiptar skoðanir um það hvaða afurðir eigi að fjalla um, og þá hvort fjalla eigi um þær afurðir sérstaklega í þeirri nefnd eða almennt í öðrum nefndum. Norðurlöndin hafa verið talsmenn þess að viðskiptahindranir tengdar þessum afurðum séu ekki neitt sérstakar fyrir þær og hægt sé því að ræða þær í öðrum nefndum.

Mikill þrýstingur er innan GATT að samkomulag verði gert um landbúnaðarafurðir. Á fundi landbúnaðarnefndarinnar í júlí á s.l. ári lögðu Bandaríkin fram byltingarkennda tillögu, sem gerir ráð fyrir að á tíu árum verði afnumdar svo gott sem allar viðskiptahindranir sem tengjast landbúnaðarafurðum. Aðaltilgangur Bandaríkjanna með þessari tillögu var að fá sem flest aðildarríki GATT til að koma með tillögur, sem gætu orðið grundvöllur umræðna. Bar þessi aðferð Bandaríkjanna tilætlaðan árangur. Á seinni hluta s.l. árs voru lagðar fram allmargar tillögur m.a. frá Norðurlöndum.

Tillaga Norðurlanda gerir ráð fyrir vissum takmörkunum í tengslum við ríkisstyrktan útflutning og að innflutningstakmarkanir verði minnkaðar. GATT-samningurinn heimilar að settar séu reglur um innflutning landbúnaðarvara sem nauðsynlegar eru til verndar lífi eða heilsu manna, dýra eða jurta. Af hálfu Íslands hefur verið ítrekað að slíkri reglu verði að viðhalda.

Í nefndinni um tolla og einnig í nefndinni um aðrar viðskiptahindranir hefur eitt aðalumræðuefnið á síðasta ári verið hvaða aðferð skuli beita í samningaviðræðunum við lækkun tolla og afnám eða takmörkun viðskiptahindrana. Þær aðferðir, sem hafa verið til umræðu, eru almenn lækkun og samræming á tollum, sem næði til allra þátttakenda, en með hugsanlegum undantekningum vegna þróunarríkjanna, eða tilboð og gagntilboð milli einstakra ríkja. Norðurlöndin hafa stutt fyrri tilhögunina, en sú aðferð var notuð í Tókýó-viðræðunum. Bandaríkjamenn hafa hins vegar verið talsmenn síðari tilhögunarinnar um tilboð og gagntilboð.

Nefndinni sem fjallar um niðurgreiðslur og styrki er ætlað að endurskoða ákvæði GATT-samningsins um styrki, niðurgreiðslur, undirboðs- og jöfnunartolla og ákvæði samnings um sama efni, sem gerður var í Tókýó-viðræðunum. Norðurlöndin hafa verið talsmenn þess að þörf sé á endurskoðun hvað varðar beitingu ákvæðanna og nánari túlkun ákvæða er varða styrkveitingar í aðildarríkjunum.

Störf annarra undirnefnda snerta okkur Íslendinga ekki eins mikið. Í sumum tilfellum er um að ræða ný svið í viðskiptaviðræðum í GATT og má þar nefna alþjóðareglur um hugverk og viðskiptahindranir tengdar fjárfestingum. Þá starfa undirnefndir að lausn deilumála, virkni GATT-kerfisins, nefndir sem fjalla um viðskipti með vefnaðarvörur og hitabeltisafurðir, nefnd um endurskoðun GATT-samningsins og sérsamninga svo eitthvað sé nefnt.

Þjónustuviðskipti er málaflokkur sem ekki hefur verið samið um innan GATT. Fram undir lok síðasta árs snerust umræður um skilgreiningu á hugtakinu og upplýsingaöflun og umræður um talnalegar upplýsingar um þjónustuviðskipti. Í lok ársins voru lagðar fram allmargar tillögur, m.a. frá Bandaríkjunum og Evrópubandalaginu, sem verða væntanlega ítarlega ræddar á árinu 1988. Búast má við að samningaviðræður um þjónustuviðskipti í GATT taki lengri tíma en 4 ár.

Miklar umræður urðu á aðalfundi GATT 1.—3. desember 1987 um nauðsyn nýs ráðherrafundar GATT til að ræða og meta stöðuna í Uruguay-viðræðunum. Líklegt er að slíkur fundur verði í Montreal í Kanada í desember n.k.

Auk Uruguay-viðræðnanna fjallaði GATT um ýmis önnur mál á liðnu ári. Hinn 1. janúar 1988 tók gildi samræmd tollskrá í GATT. Vegna undirbúnings þessarar gildistöku

voru tíðir fundir í tollanefnd GATT á síðasta ári, og sátu fastafulltrúi Íslands eða varafastafulltrúi þá fyrir okkar hönd.

Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti var undirritað í Genf 30. október 1947. 40 ár voru því liðin á síðasta ári frá því GATT var stofnað. Í tilefni þess var afmælishátíð 30. nóvember 1987 í tengslum við aðalfund GATT. 20 ráðherrar frá aðildarríkjum GATT tóku þátt í afmælishátíðinni.

V Þróunarsamvinna

Liðinn er rúmur aldarfjórðungur síðan allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna beindi því til iðnríkjanna svokölluðu eða hinna betur megandi þjóða, að þær verðu sem svarar 1% af þjóðarframleiðslu til aðstoðar við þær þjóðir sem lakast væru settar í efnahagslegu og félagslegu tilliti. Frændur okkar á Norðurlöndum hafa þegar náð þessu markmiði, sumir fyrir löngu, og Norðmenn t.d gert betur. Þeirra framlag til þróunarsamvinnu er hæst allra miðað við þjóðarframleiðslu. Okkur Íslendingum hefur gengið illa að nálgast þetta mark, hvað þá meira, þrátt fyrir góðan ásetning. Umræður á Alþingi, og þó sérstaklega ályktun Alþingis frá því vorið 1985, bera vott um eindreginn vilja til að standa sig í þessum efnum. Er sorglegt til þess að vita, að heldur virðast framlög okkar til þróunarhjálpar og þróunarsamvinnu þó dragast saman hlutfallslega.

Í fjárlögum fyrir árið 1988 er gert ráð fyrir 40 milljón króna fjárveitingu til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Er það hækkun um 10 milljónir frá fjárveitingu ársins 1987, sem heldur þó hlutfallslega varla í við hækkun fjárlaga og aukningu þjóðarframleiðslu. Það hefur verið venja að telja framlög til sumra alþjóðastofnana, sérstaklega ýmissa stofnana Sameinuðu þjóðanna og einnig Alþjóðabankans og Alþjóðaframfarastofnunarinnar (IDA) til þróunarsamvinnu. Með því móti fæst, að heildarframlag til þróunarmála af hálfu íslenska ríkisins verður um 100 milljónir króna á árinu 1988. Hins vegar má deila um það, að hve miklu leyti rekstur hinna ýmsu stofnana Sameinuðu þjóðanna getur talist þróunarverkefni.

Framlög nokkurra íslenskra félagasamtaka til neyðarhjálpar og þróunaraðstoðar voru áætluð fyrir 1987 sem hér segir: Hjálparstofnun kirkjunnar 11 milljónir króna, Rauði krossinn 9,5 milljónir króna, Aðventistar 3,8 milljónir króna og Kristniboðssambandið 5,0 milljónir króna. Heildarframlag Íslendinga á árinu 1987 er því á bilinu 0,05—0,06 af hundraði þjóðarframleiðslu.

Starfsemi ÞSSÍ árið 1987 einkenndist mjög af undirbúningi framhalds þróunarsamvinnuverkefna á Grænhöfðaeyjum. Snemma á árinu kom út ítarleg skýrsla um árangur starfa stofnunarinnar að fiskveiðiverkefninu árin 1984—1986. Þar kom m.a. fram, að veiðitilraunir og rannsóknir hafa sýnt, að þó nokkuð er til af þýðingarmiklum botnfisktegundum, sem lítið hafa verið nýttar og að þær eru veiðanlegar m.a. í botnvörpu með nokkuð góðum árangri. Ennfremur hafa fiskimenn Grænhöfðaeyja reynst námfúsir og fljótir að tileinka sér vinnubrögð um borð í nútímafiskiskipi og R/S Fengur, tilraunaskip ÞSSÍ, hefur reynst vel og vakið tiltrú heimamanna.

Hafist var handa við að undirbúa framhald samstarfs í anda rammasamnings ríkisstjórnanna þegar síðla árs 1986. Í apríl 1987 var gert samkomulag um það, hver helstu samstarfsverkefnin skyldu verða til 1989. Í samræmi við það voru svo unnar framkvæmda- og kostnaðaráætlanir sem gengið var frá og skrifað undir á Grænhöfðaeyjum í júlílok 1987.

Í rammasamningi ríkisstjórnar Íslands og Grænhöfðaeyja er eingöngu gert ráð fyrir þróunarsamvinnu á sviði sjávarútvegs. Áður hafa komið fram óskir frá Grænhöfðaeyjum um að útvíkka þetta samstarf og láta það ná til fleiri sviða. Í viðræðum mínum við ráðamenn á Grænhöfðaeyjum þegar ég var þar í opinberri heimsókn sem forsætisráðherra sumarið

1986 var farið fram á, að Íslendingar tækju þátt í nokkrum verkefnum utan hins eiginlega samstarfssviðs sjávarútvegsins. Það var svo staðfest með undirskriftinni s.l. sumar, að eftirfarandi „hliðarverkefni" skyldu studd með fjárframlögum og/eða vörum.

Bygging fræðslumiðstöðvar kvenna var studd með 2 milljónum króna. Send voru 30 tonn af nýmjólkurdufti og um ½ tonn af meðalalýsi með R/S Feng. Bygging heilsugæslustöðva í nýjum hverfum höfuðborgarinnar var styrkt með 2 milljónum króna. Veittur var styrkur til byggingar eldaskála eða eins konar mötuneytis fyrir munaðarleysingja. Loks er sérfræðingur frá Orkustofnun nýkominn úr ferð til kynningar og frumathugana á jarðfræði og nýtingu jarðhita á eyjunum.

Öll þessi hliðarverkefni eru afmörkuð og þurfa ekki að fela í sér frekari aðstoð eða samvinnu. Hins vegar hafa stjórnvöld á Grænhöfðaeyjum óskað eftir því að skiptast á yfirlýsingum við íslenska utanríkisráðuneytið um að þróunarsamvinna landanna megi ná til fleiri sviða en sjávarútvegs.

Höfuðverkefnið er þó áfram uppbygging sjávarútvegsins á Grænhöfðaeyjum. Var unnið að undirbúningi þess mikinn hluta ársins uns R/S Fengur hélt suður í byrjun desember með verkefnisstjóra og þrjá yfirmenn í áhöfn. Munu þessir menn starfa á Grænhöfðaeyjum fram á mitt ár 1989. ÞSSÍ gekkst áður fyrir fjögurra vikna námskeiði fyrir starfsmenn og fjölskyldur þeirra.

Meginmarkmið verkefnisins er að afla, frysta og flytja út botnfiskafla jafnóðum á auðveldasta hátt sem nú er tiltækur. Nauðsynlegt verður að gera víðtækari könnun á því, hvar bestu markaðir fyrir afurðirnar eru og hvernig koma má á viðskiptasamböndum. Gert var í byrjun nóvember samkomulag við Brekkes, dótturfyrirtæki Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna í Bretlandi, um að taka heilfrystar afurðir frá verkefninu í umboðssölu.

Þá er áformað að stunda handfæraveiðar með skakrúllum, sem heimamenn þekkja ekki, og einnig dragnótaveiðar. Allur fiskur verður ísaður í kassa og ker og frystur í umbúðir að óskum kaupanda.

Haldið verður áfram með nokkrar haf- og fiskirannsóknir og búið er að ákveða að aðstoða heimamenn við að byggja og koma í gagnið haf- og fiskirannsóknastöð.

Einn liður í undirbúningi verkefnisins voru endurbætur og fyrirbyggjandi viðhald á Feng, auk þess sem hann var búinn nokkrum nýjum tækjum og búnaði og öryggisaðstaða bætt.

Á árinu 1987 varð veruleg breyting á þátttöku ÞSSÍ í hinu norræna þróunarsamstarfi. Hið hefðbundna form á slíku verkefnasamstarfi hefur verið, að hver þjóð greiðir framlag til verkefnisins í hlutfalli við fólksfjölda. Sérstök verkefnisstjórn frá öllum Norðurlöndunum ræður verkefnisstjóra og felur oftast framkvæmdina einni af þróunarstofnunum landanna. Verkefnisstjórinn þarf síðan að bera ákvarðanir sínar undir svokallaða embættismannanefnd, sem aftur þarf blessun ráðgjafarnefndar og ráðherranefndarinnar. Þetta kerfi, sem orðið var æði flókið, er nú óðum að hverfa og verið er að taka upp tvíhliða samninga hvar sem því verður við komið, jafnóðum og gömlum verkefnasamningum lýkur. Þannig mun ÞSSÍ hætta þátttöku í samvinnuverkefninu í Kenýa nú í vor, í hliðstæðu verkefni í Tanzaníu í árslok og í landbúnaðarverkefninu í Mosambique 1989. Þessum verkefnum verður þó haldið áfram í breyttu formi með þátttöku tveggja eða þriggja Norðurlandaþjóða.

Í ársbyrjun 1986 undirritaði Ísland ásamt hinum Norðurlöndunum samning við níu ríki í Suður-Afríku, hin svokölluðu SADCC-lönd, sem hafa haft innbyrðis samstarf. Í norræna samstarfinu við SADCC-löndin eru öll verkefni, sem stofnað er til, byggð upp sem tvíhliða, jafnvel þótt mörg lönd séu aðilar á báðum hliðum. Norðurlöndin hafa skipt því á sig að gerast tengiliðir á hverju verkefnasviði, til að útvega upplýsingar, skilgreina verkefni, koma á samböndum, hafa yfirsýn yfir þróunarstarfsemi á viðkomandi sviði o.fl. Oftast felur þetta í sér að „tenglar" (focal points), einn eða fleiri, eru staðsettir á viðkomandi sviðsskrifstofum og taka þátt í og aðstoða við hin daglegu störf.

Á fundi norrænu SADCC-nefndarinnar í september s.l. var farið fram á það, að Ísland (ÞSSÍ) tæki að sér slíkt tengilsstarf á sviði fiskveiða og sjávarútvegs, en því er stjórnað frá Lilongwe í Malawi. Stjórn ÞSSÍ og utanríkisráðherra samþykktu þetta og hefur það verið rætt við fulltrúa SADCC og Malawi. Viðræður um fyrirkomulag hafa þegar farið fram og er reiknað með að íslenskur sérfræðingur taki til starfa þar í sumar.

Það kann að virðast, að ÞSSÍ sé að reisa sér hurðarás um öxl með nýjum umfangsmiklum verkefnum. Enginn vafi er á því, að verkefnin eru ærin og geta ÞSSÍ takmörkuð miðað við þær fjárveitingar sem stofnunin hefur. Á Alþingi hefur komið fram gagnrýni á það, að ÞSSÍ væri ekki tilbúin til að ráðstafa auknum fjárveitingum í skynsamleg og vel undirbúin verkefni. Í þeim verkefnum sem nú eru hafin og í undirbúningi felst trú á það að vilji sé fyrir hendi til að nálgast fjárveitingar í samræmi við ályktun Alþingis frá 1985. Þó hefur verið leitast við að vekja ekki tálvonir um stór verkefni og aðstoð, tæknilega eða efnahagslega.

VI Öryggis- og varnarmál

Meginmarkmið okkar Íslendinga í öryggis- og varnarmálum eru friður og frelsi. Við viljum tryggja sjálfstæði okkar og lýðræði og eiga friðsamleg samskipti við allar þjóðir.

Þátttaka okkar í varnarsamstarfi vestrænna þjóða innan Atlantshafsbandalagsins og varnarsamningurinn við Bandaríkin eru hornsteinar í öryggismálum okkar. Tilgangur þess samstarfs er og hefur ætíð verið að tryggja frið í okkar heimshluta.

Æskilegast væri að í alþjóðamálum gæti ríkt slíkt gagnkvæmt traust að varnarbandalög væru óþörf. Við Íslendingar erum reiðubúnir til að leggja okkar skerf af mörkum til að stuðla að þeirri þróun, en meðan því markmiði er ekki náð, hljótum við að treysta undirstöður þess varnarsamstarfs, sem öryggi okkar og frelsi byggist á.

(1) **Varnarmálaskrifstofa.**

Alþingi hefur á undanförnum þremur árum verið gerð ítarleg grein fyrir hlutverki varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, sem hefur verið aukið nokkuð frá því sem áður var. Áfram verður leitast við að byggja upp þá þekkingu, sem nauðsynleg er við mat á öryggis- og varnarmálum. Jafnframt verður áfram lögð áhersla á samráð við nánustu samstarfsþjóðir okkar innan Atlantshafsbandalagsins.

Í október s.l. kom varnarmálaráðherra Noregs í opinbera heimsókn til Íslands og áttum við gagnlegar viðræður. Í framhaldi af þeim viðræðum munu embættismenn hafa reglulegt samráð.

Meginverkefni varnarmálaskrifstofu verður sem fyrr að fjalla um málefni, er tengjast framkvæmd varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna.

(2) **Ríkisstofnanir á varnarsvæðum.**

(2.1) **Lögreglustjóraembættið.**

Samstarfsreglur um samvinnu íslenskra löggæslumanna og bandarískra öryggisvarða hafa verið endurskoðaðar. Hefur sú breyting verið ákveðin að varðgæsla í hliðum varnarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli verði sameiginlega í höndum íslenskrar lögreglu og bandarískra öryggisvarða. Þetta var ákveðið í ljósi þess að eftir að Flugstöð Leifs Eiríkssonar var opnuð, þurfa ekki aðrir að komast inn fyrir girðingu á varnarsvæðinu en þeir sem erindi eiga við varnarliðið eða starfa á varnarsvæðinu. Verður eftirlit með umferð inn og út fyrir girðingu á varnarsvæðinu hert af almennum öryggis- og tollgæsluástæðum. Þá hefur verið ákveðið að embætti lögreglustjórans í Keflavík annist löggæslu á þjóðveginum alla leið að

flugstöðinni. Einnig má geta þess að ég hef rætt við bæjarstjórana í Keflavík og Njarðvík um möguleikann á að þau bæjarfélög leysi til sín landið neðan nýja flugstöðvarvegarins en það er nú innan varnarsvæðis. Eru að hefjast viðræður um það mál.

Í árslok voru heimiluð stöðugildi hjá embætti lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli 92, en starfsmenn 93, þar af tveir í hálfu starfi.

Heimiluðum stöðugildum fjölgaði því um 15 frá fyrra ári, þ.e. 9 í lögreglu og 6 í tollgæslu.

Við stofnun sérsveitar til öryggisgæslu í flugstöð hinn 1. júní 1986 hurfu 14 menn frá almennum lögreglustörfum. Í ársbyrjun 1987 var heimilað að bæta við 9 lögreglumönnum, sem í reynd þýðir, að fækkað hefur um 5 manns við almenn lögreglustörf.

Við flutning í nýju flugstöðina varð að fjölga tollvörðum, m.a. vegna meira húsrýmis og stærra starfssvæðis. Þá var einnig ákveðið að efla aðgerðir gegn óleyfilegum innflutningi fíkniefna. Voru 4 tollverðir sendir í sérstaka þjálfun í því skyni, fyrst hjá fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík og síðan til bresku tollgæslunnar á Lundúnaflugvöllum. Þjálfun fjórmenninganna og náinni samvinnu við fíkniefnadeildir lögreglunnar í Reykjavík og á Suðurnesjum er ætlað að stuðla að markvissari aðgerðum gegn innflutningi fíkniefna.

Óbreytt er frá fyrra ári, að kostnaður við 14 stöðugildi, 12 í lögreglu og 2 í tollgæslu, er endurgreiddur af varnarliðinu (12), verktökum (1) og fríhöfninni (1).

Starfsmenn skiptast þannig milli deilda embættisins:

Tollgæsla: 35, sem skiptast á tvær deildir. Eru 8 tollverðir við eftirlit með flutningum varnarliðsins og verktaka þess, tollfrjálsum forðageymslum flugfélaga og fraktgeymslum og 27 tollverðir við eftirlit með ferðum inn og út úr landinu um Keflavíkurflugvöll, þar með talið vegabréfaskoðun, útlendingaeftirlit, öryggisleit við brottför, auk venjubundinnar tollleitar hjá ferðamönnum og flugáhöfnum við komu til landsins. Hvor deild lýtur stjórn deildarstjóra.

Lögregla: 51, sem skiptast þannig að 2 eru við yfirstjórn, 2 í rannsóknarlögreglu, 14 við löggæslu í flugstöð og 33 við almenna löggæslu.

Við flutning tollgæslu og lögreglu í hina nýju flugstöð hafa leigugjöld embættisins hækkað verulega, svo og ýmis sameiginlegur kostnaður leigutaka af rekstri byggingarinnar. Reikningar ársins liggja ekki endanlega fyrir, en ætla má að rekstarútgjöld nemi sem næst 160 milljónum króna.

Innheimtar tekjur til ríkissjóðs voru sem næst 320 milljónir króna, eða rösklega 99 af hundraði tekna. Veruleg lækkun hefur orðið á tekjum frá fyrra ári og stafar það fyrst og fremst af lægri álagningu opinberra gjalda á Íslenska aðalverktaka.

(2.2) **Flugmálastjórn.**

Á árinu 1987 fóru samtals 748 774 farþegar um Keflavíkurflugvöll en 603 887 árið áður. Fjölgun milli ára er 24,0 af hundraði. Farþegar hafa aldrei verið fleiri í sögu Keflavíkurflugvallar. Skiptingin var þannig, að úr landi fóru 263 441 eða 23,6 af hundraði fleiri en á árinu 1986, en þá fóru 213 056 farþegar úr landi. Viðkomufarþegar (transit) voru alls 226 476 árið 1987, en voru 179 292 árið 1986 og er það fjölgun um 26,3 af hundraði. Árið 1987 komu til landsins 258 857 farþegar, 22,4 af hundraði fleiri en árið 1986 en þá komu 211 539 farþegar til landsins.

Í spá, sem höfð var til hliðsjónar vegna byggingar nýrrar flugstöðvar, var gert ráð fyrir 6 af hundraði meðaltalsfjölgun milli ára.

Heildartekjur flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli voru um 102 milljónir króna á árinu. Þar af námu lendingargjöld um 94 milljónum króna.

Rekstrargjöld voru um 78 milljónir króna, þar af launakostnaður um 60 milljónir króna. Skil til ríkissjóðs voru 20 milljónir króna.

Á árinu 1987 unnu 400 fastráðnir starfsmenn við almenna flugstarfsemi hjá innlendum stofnunum og fyrirtækjum. Um háannatímann var starfsmannafjöldi á sjöunda hundrað.

(2.3) **Ráðningarskrifstofa.**

Ráðningarskrifstofa varnarmálaskrifstofu hefur með höndum ráðningu starfsfólks til varnarliðsins. Ennfremur er ráðningarskrifstofa starfsfólki varnarliðsins til aðstoðar í ágreiningsmálum sem varða kaup og kjör.

Á árinu 1987 voru ráðnir 245 menn til starfa hjá varnarliðinu, en 240 létu af störfum.

Starfsmenn varnarliðsins voru 1102 hinn 1. janúar 1988 og hafði fjölgað um 5 á árinu 1987.

Starfsmenn ráðningarskrifstofu eru 2.

Ráðningarskrifstofan flutti þann 1. september 1987 í nýtt húsnæði að Brekkustíg 39 í Njarðvík.

Íslenskir starfsmenn varnarliðsins skiptast þannig:

	1.1.1985	1.1.1986	1.1.1987	1.1.1988
Stjórnun	86	96	104	103
Verkstjórn	83	82	82	81
Slökkvilið og snjóruðningur	123	118	122	139
Iðnaðarstörf	226	239	194	205
Skrifstofu- og verslunarstörf	255	256	320	263
Almennt verkafólk	248	271	224	260
Verkfræðingar og tæknimenn	35	39	43	43
Símavarsla	16	11	8	8

(2.4) **Fríhöfnin.**

Heildarvelta fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli var um 880 milljónir króna árið 1987 og hafði aukist milli ára um 57 af hundraði.

Hreinn hagnaður fríhafnar var um 240 milljónir króna og skil í ríkissjóð 165 milljónir króna eða 20 milljónum króna meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir.

Hagnaður ársins 1987 skiptist þannig, að skil í ríkissjóð eru 165 milljónir króna, vörubirgðaaukning um 40 milljónir króna, útistandandi kreditkort um 20 milljónir króna og fjárfestingar um 15 milljónir króna.

(2.5) **Sala varnarliðseigna.**

Rekstrartekjur Sölu varnarliðseigna voru á árinu 1987 64 607 milljónir króna án söluskatts. Alls var áætlaður rekstrarhagnaður 17 milljónir króna. Í ríkissjóð var skilað 13 122 milljónum króna. Álagður söluskattur var 13 575 milljónir króna og var því samtals skilað í ríkissjóð 26 697 milljónum króna. Afskriftir eru áætlaðar 2080 milljónir króna.

Þessar tölur eru unnar upp úr bókhaldi Sölu varnarliðseigna fyrir árið 1987. Ársuppgjör er í vinnslu þannig að tölur gætu breyst lítillega.

Rétt er að benda á, að lækkun aðflutningsgjalda af bifreiðum hefur haft veruleg áhrif á afkomu Sölu varnarliðseigna til hins verra, þar sem uppistaða í rekstri fyrirtækisins hefur verið innheimta þessara aðflutningsgjalda í gegnum bifreiðaútboð.

(2.6) **Flugstöð Leifs Eiríkssonar (bygging).**

Framkvæmdum við innanhússáfanga og verkþætti sem tengjast honum verður lokið á árinu. Eftir eru þá framkvæmdir vegna lagningar hitaveituheimæðar, smíði útilistaverka, stækkunar bílastæða auk nokkurra annarra þátta en kostnaður við þessar framkvæmdir er áætlaður 188 milljónir króna. Fjárheimild hefur ekki fengist fyrir þessum framkvæmdum og er því ekki ákveðið hvenær þeim lýkur.

Lokið hefur verið gerð vegar frá Fitjum að flugstöðinni. Framkvæmdum við vegi á flugstöðvarsvæðinu, akstursbrautir flugvéla og flughlöð er nánast lokið og sama er að segja um eldsneytisbirgðastöð, eldhús Flugleiða og birgðageymslu. Reist hefur verið sorplosunarhús á svæðinu.

Í ágúst 1987 fól fjármálaráðherra Ríkisendurskoðun að gera sérstaka úttekt á byggingarkostnaði Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar frá upphafi. Ríkisendurskoðun hófst þegar handa og skilaði umfangsmikilli skýrslu um málið í desember 1987.

Þar kemur m.a. fram:

Meginmarkmið við upphaf verkefnisins sumarið 1983 voru að reisa flugstöð sem þjónaði ákveðnum tilgangi bæði hvað varðar þjónustu og útlit, og að flugstöðin yrði fullgerð í apríl 1987.

Áætlað var að byggingarkostnaður yrði 42 milljónir bandaríkjadala og voru verðhækkanir á byggingartíma innifaldar.

Niðurstöður eru:

Flugstöðin uppfyllir starfrænar og útlitslegar kröfur. Aðfinnslur þar að lútandi eru smávægilegar. Mannvirkið er glæsilegt að flestra dómi.

Flugstöðin var opnuð til umferðar 14. apríl 1987. Allmikið skorti þó á að byggingin væri fullgerð.

Samanburður á upphaflegri kostnaðaráætlun og raunkostnaði leiðir eftirfarandi í ljós á verðlagi í september 1987 án aðflutningsgjalda og söluskatts:

Framreiknaður framkvæmdakostnaður við fullgerða flugstöð er 2 992 milljónir króna. Framreiknuð áætlun er upp á 2 121 milljón króna. Mismunur er 871 milljón króna. Mismunurinn stafar m.a. af viðbótum, magnaukningu og hönnunarmistökum sem ítarlega er rakið í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Kostnaðaráætlun vegna flugstöðvar frá 11. nóvember 1980 gerði ráð fyrir kostnaði að upphæð 57 milljónir bandaríkjadala. Þessi áætlun þótti of há og var að beiðni stjórnvalda endurskoðuð. Var þá ákveðið að fella út ýmsa tilgreinda verkþætti að upphæð 12 milljónir bandaríkjadala.

Við upphaf framkvæmda árið 1983 var þessi niðurskorna áætlun lögð til grundvallar. Niðurstaðan varð kostnaðaráætlun að upphæð 33,5 milljónir bandaríkjadala að viðbættum 8,5 milljónum bandaríkjadala vegna áætlaðra verðhækkana á byggingartíma, eða samtals 42 milljónir bandaríkjadala.

Utanríkisráðherra lagði skýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir Alþingi og var umræða um skýrsluna í Sameinuðu Alþingi hinn 17. desember 1987.

Á Alþingi hafa komið fram fyrirspurnir frá þingmönnum vegna framkvæmda við byggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og hefur þeim verið svarað.

(2.7) **Rekstur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.**

Flugstöðin var tekin í notkun 15. apríl 1987 og hefur allur rekstur millilandaflugs haft aðsetur þar síðan.

Farþegasalir, verslanir og önnur nauðsynleg aðstaða fyrir flugrekstur voru að mestu frágengin þegar byggingin var tekin í notkun. Reynslan hefur leitt í ljós að innra skipulag byggingarinnar uppfyllir þær kröfur, sem gerðar voru. Í sumar kom hins vegar í ljós að bílastæði eru allt of fá, þótt þau séu tvöfalt fleiri en við gömlu flugstöðina eða samtals 500.

Um áramótin má heita að nær allt húsnæðið hafi verið komið í notkun. Gengið hefur verið frá leigusamningum við alla þá, sem aðstöðu hafa í byggingunni, nema Arnarflug. Enn er óráðstafað um 50 fermetrum af skrifstofuhúsnæði og tæpum 200 fermetrum af geymslum í kjallara.

Komið hafa í ljós nokkur byggingartæknileg vandamál. Má þar nefna dragsúg í innritunarsal og komusal á neðri hæð.

Árið 1987 gefur ekki rétta mynd af rekstri byggingarinnar þar sem hún var tekin í notkun í áföngum. Tekjur á árinu reyndust vera tæpar 79 milljónir króna og gjöld tæpar 28 milljónir króna.

Tekjuafgangur nemur því um 51 milljón króna.

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1988 er gert ráð fyrir að tekjur stöðvarinnar standi undir reksturskostnaði, fjármagnskostnaði og afborgunum af lánum.

(3) **Varnarliðið.**

(3.1) **Eftirlits- og varnarhlutverk.**

Eftirlit varnarliðsins beinist fyrst og fremst að ferðum flugvéla, skipa og kafbáta umhverfis landið. Flugvélakostur þess hefur verið endurnýjaður á undanförnum árum. Endurnýjun ratsjárkerfis, sem nú er unnið að, svo og ný stjórnstöð, sem ákveðið var að reisa árið 1985 og er nú í byggingu, munu treysta þetta eftirlitskerfi verulega. Það hlýtur að vera áhugamál okkar Íslendinga, meðan varnarliðs er þörf, að það sé eins vel búið tækjum til eftirlits og kostur er.

Þessi eftirlits- og varnarviðbúnaður er jafnframt mikilvægur hlekkur í varnarkerfi Atlantshafsbandalagsins. Tengsl annarra aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins við varnarliðið hafa verið treyst á undanförnum árum og starfa nú liðsforingjar frá Kanada, Danmörku, Hollandi og Noregi við yfirstjórn varnarliðsins og til athugunar er að breskur liðsforingi komi einnig til starfa þar. Hollensk flugsveit hefur nú starfað með varnarliðinu á annað ár og náin samskipti eru reglulega milli varnarliðsins og bandalagsþjóða okkar í Evrópu um kafbáta- og skipaeftirlit.

Ef til átaka drægi er ljóst að varnarliðið þyrfti aukinn liðsafla. Hersveit í varaliði bandaríska landhersins hefur verið þjálfuð og búin undir að koma til landsins á hættu- eða ófriðartímum. Hluti hennar tók þátt í umfangsmiklum æfingum í Kanada í sumar og fylgdust fulltrúar varnarmálaskrifstofu með þeim æfingum. Til að slík þjálfun komi að fullu gagni er nauðsynlegt að íslensk stjórnvöld hafi hönd í bagga og tryggi að allar varnaráætlanir séu í sem bestu samræmi við íslenska hagsmuni og staðhætti. Samræmis þarf að gæta milli almannavarnaáætlana okkar og skipulags lögreglu og landhelgisgæslu, og þessara varnaráætlana. Að því hefur verið unnið, en eðli málsins vegna verður ekki greint frekar frá því.

(3.2) **Björgunar- og leitarstarf.**

Náin og góð samvinna er sem fyrr á milli björgunarsveitar varnarliðsins og landhelgisgæslunnar og íslenskra björgunar- og hjálparsveita.

Hér fylgir yfirlit yfir störf björgunar- og leitarsveitar varnarliðsins fyrir tímabilið 1984, 1985, 1986 og 1987.

	Útköll	**Bjarganir**
1984	30	19
1985	20	4
1986	20	5
1987	27	13

(3.3) **Kostnaður við rekstur varnarliðsins.**

Heildarupphæð greiðslna varnarliðsins til Íslendinga vegna reksturs varnarliðsins á árinu 1987 nam 153,3 milljónum dollara, eða 5672 milljónum króna. Þar af nam launakostnaður til íslenskra starfsmanna varnarliðsins 38,8 milljónum dollara eða 1436 milljónum króna.

Varnarliðið greiddi á árinu 1987 um 114,5 milljónir dollara, 4237 milljónir króna, til íslenskra fyrirtækja og einstaklinga vegna launa, verktöku, vöruinnkaupa og þjónustu. Áætlað er að eigin innkaup varnarliðsmanna og fjölskyldna þeirra á íslenskum landbúnaðarafurðum hafi numið 1,1 milljón dollara eða 40,7 milljónum króna.

Fjöldi varnarliðsmanna er sem hér segir:

	31.12.1984	31.12.1985	31.12.1986	31.12.1987
Varnarliðsmenn	3104	3057	3104	3171
Þar af konur í varnarliðinu			456	514
Skyldulið varnarliðsmanna	2144	2045	2054	2030
Þar af börn	1284	1230	1257	1113

(3.4) **Búseta varnarliðsmanna utan varnarsvæða.**

Hinn 1. desember 1987 voru búsettir utan varnarsvæða 68 menn sem starfa fyrir varnarliðið, þar af 6 hermenn. Af þessum 68 eiga 25 íslenska maka. Af fyrrgreindum 62 borgaralegum starfsmönnum eru 16 við kennslu í gagnfræðaskóla og barnaskóla varnarliðsins. Aðrir erlendir starfsmenn vinna sérhæfð tæknistörf fyrir varnarliðið eða eru fulltrúar bandarískra fyrirtækja sem annast viðhald og þjónustu á tækjabúnaði varnarliðsins.

(3.5) **Mengunarmál.**

Við reglubundna skoðun í nóvember á eldsneytisgeymslusvæði varnarliðsins vestan við Móahverfi í Ytri-Njarðvík, sunnan bæjarmarka Keflavíkur, kom í ljós að u.þ.b. 75 þúsund lítrar af gasolíu höfðu horfið. Grunur um leka í jörðu var fljótlega staðfestur, þegar gat fannst á leiðslu og jarðborun sýndi að olía hafði seytlað niður í grunnvatn. Frá því að þessi grunur vaknaði hefur sérstakur vinnuhópur starfað á vegum varnarmálaskrifstofu við að samræma aðgerðir varnarliðsins og íslenskra stjórnvalda vegna mengunarinnar.

Þar sem afleiðingar óhappsins varða einvörðungu vatnsból Njarðvíkinga og Keflvíkinga, hafa bæjarstjórar þeirra sveitarfélaga tekið þátt í störfum vinnuhópsins. Þeir hafa lagt áherslu á varanlega lausn vandans. Hef ég tjáð mig sammála þeirri skoðun þeirra að eina lausnin sé ný vatnsból, þar sem ómengað neysluvatn verður tryggt. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga hættuna sem stafar af hvers konar efnanotkun á Keflavíkurflugvelli og í byggðinni umhverfis völlinn.

Jafnhliða því sem vinnuhópurinn hefur fylgst með aðgerðum á eldsneytisgeymslusvæðinu, hef ég lagt fyrir hann að hefja undirbúning að áætlun um gerð nýrra vatnsbóla. Jafnframt hefur verið lagt að bandarískum stjórnvöldum að stuðla að slíkri lausn með þátttöku í framkvæmdum. Ekki er ólíklegt að varnarliðið geti notið góðs af nýrri vatnsveitu.

Þótt stefnt sé að nýtingu vatnsbóla fjarri Miðnesheiði, þá er í ráði að kanna vandlega mengun í grunnvatni á flugvallarsvæðinu og í næsta nágrenni við það. Sameiginlegri nefnd íslenskra stjórnvalda og varnarliðsins er ætlað að hafa umsjón með framkvæmd rannsóknaráætlunar, sem verður að fullu greidd af bandarískum stjórnvöldum. Gert er ráð fyrir að rannsóknir hefjist síðar á þessu ári.

Geymslusvæðið á bæjarmörkum Njarðvíkur og Keflavíkur verður að mestu leyti tekið úr notkun í byrjun næsta áratugar, þegar nýja eldsneytisgeymslusvæðið við Helguvík verður tilbúið. Þar verða mengunarvarnir af fullkomnustu gerð.

(3.6) **Sala landbúnaðarafurða.**

Varnarliðið hefur um árbil keypt íslenskar mjólkurvörur. Jafnframt hafa íslensk stjórnvöld lagt áherslu á sölu á öðrum íslenskum landbúnaðarafurðum til varnarliðsins. Það hefur borið árangur. Hinn 11. febrúar 1987 var undirritaður samningur um kaup varnarliðsins á nauta- og svínakjöti, kjúklingum og eggjum. Þessi samningur var endurnýjaður hinn 11. febrúar s.l. Þess má geta að varnarliðið kaupir nú einungis íslensk egg.

(4) **Ratsjárverkefni.**

(4.1) **Nýjar ratsjárstöðvar.**

Í samræmi við samkomulag, sem gert var við Bandaríkin árið 1985, er nú unnið að endurnýjun ratsjárkerfis varnarliðsins.

Byggingarframkvæmdir við stöðvarhús á Bolafjalli og Gunnólfsvíkurfjalli gengu vel á árinu. Í haust tókst að gera bæði stöðvarhúsin fokheld þótt aðstæður á byggingarstað væru oft erfiðar. Einnig var gengið frá vegum að stöðvunum.

Upphaflega var í ráði að rekstur þessara tveggja nýju ratsjárstöðva hæfist í árslok 1987 eða á árinu 1988 og að notast yrði við bráðabirgðabúnað, sem Bandaríkjamenn legðu til í byrjun. Nú hefur verið horfið frá því að setja upp bráðabirgðabúnað, en þess í stað lögð áhersla á að hraða uppsetningu varanlegra ratsjárstöðva af fullkomnustu gerð.

Reiknað er með að starfræksla beggja þessara stöðva hefjist í ársbyrjun 1990.

Endurnýjun ratsjárstöðvanna á Miðnesheiði og Stokksnesi á að vera lokið seint á árinu 1989 og í byrjun árs 1990, og verða þær þá teknar í notkun með nýjum tækjabúnaði.

Þann 1. júlí 1987 var gengið frá samningi um smíði ratsjáa fyrir hinar nýju stöðvar. Verða þær framleiddar af bandarískа fyrirtækinu General Electric. Undirbúningur á útboði fyrir hugbúnað ratsjárstöðvanna stendur nú yfir. Reiknað er með að sjálft útboðið fari fram í apríl n.k. og mun framleiðsla á hugbúnaðinum hefjast snemma árs 1989. Útboðin fara fram samkvæmt reglum Atlantshafsbandalagsins.

Samkomulag hefur tekist um að hugbúnaðarþjónusta við hið nýja ratsjárkerfi verði í höndum Íslendinga. Hefur verið ákveðið að byggja sérstaka hugbúnaðarmiðstöð á varnarsvæðinu. Þar verður aðstaða fyrir u.þ.b. 30 kerfisfræðinga, sem munu viðhalda og þróa hugbúnað ratsjárkerfisins. Hugbúnaðarmiðstöðin verður jafnframt varaeftirlitsstöð fyrir ratsjárkerfið.

(4.2) **Ratsjárstofnun.**

Í maí á síðasta ári var formlega gengið frá samningi við Bandaríkjamenn um rekstur og viðhald ratsjárstöðvanna fjögurra, og í kjölfar hans sett á laggirnar ný íslensk stofnun, Ratsjárstofnun, sem annast mun rekstur og viðhald stöðvanna fyrir hönd íslenskra stjórnvalda.

Íslendingar hafa nú tekið við rekstri gömlu ratsjárstöðvanna á Miðnesheiði og Stokksnesi.

Í sumar gekk Ratsjárstofnun frá samningum við bandarísка fyrirtækið Raytheon Service Company um tímabundinn rekstur ratsjárstöðvanna á Miðnesheiði og Stokksnesi og um þjálfun íslenskra tæknimanna Ratsjárstofnunar. Starfsmenn Raytheon reka ratsjárstöðvarnar þar til íslensku starfsmennirnir hafa hlotið þjálfun til að geta annast reksturinn. Nú er gert ráð fyrir að Íslendingar og íslenskir starfsmenn taki við rekstri stöðvarinnar á Stokksnesi í október n.k. og stöðvarinnar á Miðnesheiði í október á næsta ári.

Þann 1. september 1987 var gengið frá ráðningu fyrstu átján tæknimannanna til Ratsjárstofnunar. Voru þeir sendir til þjálfunar í meðferð ratsjárbúnaðar í Bandaríkjunum í tvo mánuði s.l. haust. Þegar þeir komu frá Bandaríkjunum í desember hófst starfsþjálfun á Stokksnesi. Stendur hún fram í október á þessu ári. Í mars verða síðan ráðnir tíu tæknimenn

til viðbótar og verða þeir sendir í sams konar tveggja mánaða grunnþjálfun í Bandaríkjunum í sumar. Í framhaldi af því tekur við starfsþjálfun á Íslandi.

Rekstrarkostnaður Ratsjárstofnunar er áætlaður tæpar 309 milljónir króna á þessu ári. Bandaríkjamenn munu greiða allan kostnað af rekstrinum.

Í undirbúningi er frumvarp að lögum um Ratsjárstofnun.

(5) **Framkvæmdir á vegum varnarliðsins.**

Á árlegum fundi með byggingardeild sjóhersins, sem haldinn var í Norfolk í október s.l., voru eftirtaldar framkvæmdir ákveðnar á árinu 1988.

Ný ratsjárstöð á Miðnesheiði.
Ný ratsjárstöð á Stokksnesi.
Viðbætur við verkstæði og birgðageymslu.
Æfingasvæði fyrir slökkvilið Keflavíkurflugvallar.
Skrifstofuhúsnæði fyrir yfirstjórn varnarliðsins.
Framhaldsframkvæmdir við gerð flughlaðs vegna fyrirhugaðs flugfraktsvæðis við nýju flugstöðina og akstursbrautir því tengdar.
Viðbót við prófunarstöð fyrir þotuhreyfla orustuflugvéla varnarliðsins.
Allar þessar framkvæmdir var búið að samþykkja áður.

Ratsjárstöðvarnar nýju á Miðnesheiði og á Stokksnesi munu leysa af hólmi stöðvarnar, sem þar eru. Verða nýju stöðvarnar eins að allri gerð og stöðvarnar, sem verið er að reisa á Bolafjalli og Gunnólfsvíkurfjalli.

Byggingarkostnaður stöðvanna verður greiddur af Atlantshafsbandalaginu, sem og kostnaður við verkstæði og birgðageymslu. Aðrar framangreindar framkvæmdir greiða Bandaríkin. Auk nýframkvæmdanna var samið um ýmsar viðhaldsframkvæmdir á eldri mannvirkjum. Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdir, sem Íslenskir aðalverktakar annast, er um 8,2 milljónir bandaríkjadala, en auk þess vinna Íslenskir aðalverktakar áfram að verkefnum sem þegar hefur verið samið um. Er áætlað að heildarkostnaður við framkvæmdir á árinu 1988 verði um 55,2 milljónir bandaríkjadala, samanborið við 59 milljónir bandaríkjadala árið 1987. Endanlegt verð ræðst af samningum verktakans og sjóhersins. Hefur því dregið nokkuð úr umfangi framkvæmda. Hef ég meðal annars frestað framkvæmdum við einn áfanga olíubirgðastöðvar í Helguvík um sinn.

Auk þessa var á fundinum í Norfolk gengið frá áætlun um viðhaldsverkefni sem Keflavíkurverktakar sinna, fyrir samtals um 9,2 milljónir bandaríkjadala. Á árinu 1987 var til samanburðar samið um viðhaldsverkefni fyrir rösklega 9,9 milljónir bandaríkjadala.

VII Hafréttarmál

(1) **Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna.**

Hafréttarsamningurinn hefur verið fullgiltur af 35 aðilum, þar á meðal Íslandi, en hann tekur gildi einu ári eftir að 60 aðilar hafa fullgilt hann. Ísland er eina vestræna ríkið sem hefur fullgilt samninginn. Önnur vestræn ríki bíða árangurs af starfi nefndar sem vinnur að undirbúningi alþjóðahafsbotnsstofnunarinnar og hafréttardómstóls.

Á síðasta fundi nefndarinnar í lok júlí 1987 var markverðum áfanga náð. Þá var ákveðið að skrásetja Indland sem fyrsta aðilann sem öðlast getur leyfi til málmvinnslu á hafsbotninum samkvæmt ályktun hafréttarráðstefnunnar. Áður höfðu Belgía, Holland, Ítalía, Kanada og Sovétríkin gert með sér samkomulag um lausn deilumála vegna afmörkunar vinnslusvæða. Þessi ríki gerðu einnig tvíhliða samninga við Bandaríkin, Bretland og Vestur-Þýskaland þar að lútandi. Á fundi fulltrúanefndar undirbúningsnefndar-

innar í desember 1987 voru umsóknir Frakklands, Japans og Sovétríkjanna um vinnsluleyfi einnig skrásett. Ljóst er því að mikil og tímabær hreyfing er komin á þessi mál og þess vænst að starf undirbúningsnefndarinnar eigi eftir að gera fleiri iðnríkjum kleift að fullgilda samninginn.

(2) **Hafsbotnsmálefni.**

(2.1) **Hatton-Rockall svæðið.**

Á grundvelli reglugerðar nr. 196 frá 9. maí 1985 um afmörkun landgrunnsins til vesturs, í suður og til austurs gera Íslendingar kröfu til hafsbotnssvæða suður af Íslandi. Þrjú önnur ríki, Danmörk fyrir hönd Færeyja, Bretland og Írland, gera einnig kröfur á þessum hafsvæðum. Samstarf hefur tekist milli Íslendinga, Dana og Færeyinga um jarðeðlisfræðilegar rannsóknir og fóru þær fram s.l. haust. Nú er unnið að úrvinnslu gagna og standa vonir til að verulegar upplýsingar fáist um jarðlög hafsbotnsins á mælingarsvæðinu.

Bretum og Írum var boðin þátttaka í rannsóknaleiðangrinum, en báðir aðilar höfnuðu því. Jafnframt ítrekuðu þeir mótmæli sín við þeim kröfum sem Íslendingar annars vegar og Danir og Færeyingar hins vegar gera um hafsbotnsréttindi á þessum slóðum.

Samkvæmt 83. gr. Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna skal afmörkun landgrunnsins komið í kring með samningi á grundvelli þjóðaréttar svo að sanngjarnri lausn verði náð. Íslendingar hafa ítrekað óskað eftir viðræðum um þessi mál, en Bretar og Írar hafa enn sem komið er ekki verið tilbúnir til að hefja samninga. Haldið verður áfram að þrýsta á um að allir aðilar setjist að samningaborðinu.

(2.2) **Norðurslóðir.**

Á s.l. ári létu utanríkisráðuneytið og utanríkismálanefnd kanna hvaða hafsbotnsréttindi gætu fallið í hlut Íslands, Noregs og Danmerkur fyrir hönd Grænlands á hafsvæðunum vestur af Noregi, austur af Grænlandi og norður og austur af Íslandi á grundvelli reglna Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í framhaldi af þessu óskuðu Íslendingar eftir viðræðum við fulltrúa hinna þjóðanna til þess að kynna þeim þau gögn, sem unnin höfðu verið og ræða möguleikana á samvinnu um frekari könnun á þessum hafsvæðum og skiptingu þeirra. Þessi kynningarfundur var haldinn í Reykjavík 25.—26. janúar s.l. og var ákveðið að hafa áfram samráð um þessi mál.

(3) **Hvalamálið.**

Undanfarin tvö ár hafa hvalveiðar Íslendinga verið mjög í brennidepli, sem og viðleitni ríkisstjórnarinnar til að vernda rétt til hvalarannsókna innan efnahagslögsögunnar.

Mikilvægur þáttur í samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins árið 1982 um tímabundið bann við hvalveiðum í atvinnuskyni var að fram skyldi fara heildarendurmat á öllum hvalastofnum fyrir árið 1990. Alþingi samþykkti árið 1983 að stöðva veiðar í atvinnuskyni í samræmi við ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins en Alþingi ákvað einnig að rannsóknir á hvalastofnunum við landið skyldu auknar.

Vísindaáætlun Íslendinga felur í sér víðtækar rannsóknir á hvalastofnum umhverfis Ísland og gerir ráð fyrir veiðum á 80 langreyðum, 40 sandreyðum og 80 hrefnum árlega. Markmið áætlunarinnar er að auka þekkingu á ástandi hvalastofna í íslenskri lögsögu og ákvarða mikilvægi þeirra í vistkerfinu. Á grundvelli niðurstaðna rannsóknanna verður síðan tekin ákvörðun um veiðar eftir 1990.

Undanfarin þrjú ár hafa farið fram umræður innan Alþjóðahvalveiðiráðsins um leyfisveitingar vegna veiða í rannsóknaskyni. Á ársfundi ráðsins í Málmey árið 1986 var samþykkt tillaga um málið sem íslensk stjórnvöld gátu sætt sig við. Bandarísk stjórnvöld ákváðu að taka málið upp að nýju og lögðu fram tillögu um nýtt fyrirkomulag.

Á ársfundi Alþjóðahvalveiðiráðsins í Bournemouth í júní 1987 var bandaríska tillagan samþykkt ásamt ástralskri tillögu þar sem Ísland var hvatt til að nema úr gildi leyfi til veiða samkvæmt íslensku vísindaáætluninni. Tillögur Íslendinga um að fresta afgreiðslu og kanna hvort þessar ályktanir stæðust ákvæði hvalveiðisáttmálans voru felldar.

Í kjölfar fundarins í Bournemouth fóru fram viðræður milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda í Washington í júlí 1987. Fyrir fundinn hafði ég í bréfi til George P. Shultz utanríkisráðherra Bandaríkjanna útskýrt sjónarmið ríkisstjórnarinnar og harðlega mótmælt afskiptum Bandaríkjamanna af vísindarannsóknum í íslenskri lögsögu. Samkvæmt bandarískum lögum, svonefndum Pelly-viðaukalögum, eiga ríki sem talin eru hafa gerst brotleg við stefnu Alþjóðahvalveiðiráðsins á hættu að viðskiptaráðherra Bandaríkjanna gefi út staðfestingarkæru sem leitt getur til takmörkunar á fiskinnflutningi til Bandaríkjanna.

Eftir ítarlegar umræður í ríkisstjórninni og utanríkismálanefnd í framhaldi af viðræðunum var hinn 27. ágúst 1987 tilkynnt um ákvörðun ríkisstjórnarinnar í hvalamálinu. Samkvæmt henni var dregið úr veiðum á sandreyðum um helming, fallið frá hrefnuveiðum á árinu og Hafrannsóknastofnun falið að endurskoða rannsóknaáætlunina í heild fyrir næstu ár.

Í bréfi Þorsteins Pálssonar forsætisráðherra til Ronald Reagans forseta Bandaríkjanna 2. september 1987 var lýst áhyggjum yfir því að aðgerðir Bandaríkjanna kynnu að spilla vinsamlegri sambúð ríkjanna. Í svarbréfi Reagans forseta var boðið til viðræðna. Forsætisráðherra þáði boð þetta og óskaði eftir því að viðræður færu fram milli mín og Shultz utanríkisráðherra eða fulltrúa hans. Var bandarískum stjórnvöldum síðan tjáð að ég hefði í hyggju að ræða á breiðum grundvelli um samskipti þjóðanna þar eð málið gæti komist á svo alvarlegt stig að hvalamálið yrði nánast aukaatriði.

Bandarísk stjórnvöld urðu ekki við beiðninni um viðræður á breiðum grundvelli. Í viðræðum, sem gert var ráð fyrir í Ottawa 9. september 1987, veitti dr. Anthony Calio, aðalfulltrúi Bandaríkjanna hjá Alþjóðahvalveiðiráðinu, bandarískri sendinefnd forstöðu. Ég ákvað að taka ekki þátt í viðræðunum, en embættismenn undir forystu Ingva S. Ingvarssonar sendiherra átti fund með bandarísku sendinefndinni. Þar lögðu Bandaríkjamenn fram tillögur sem urðu grundvöllur eftirfarandi samkomulags milli ríkjanna:

1. Árið 1988 og þaðan í frá mun ríkisstjórn Íslands leggja rannsóknaáætlun sína fyrir vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins til umsagnar og framfylgja vísindalegum tilmælum nefndarinnar.
2. Bandaríkin munu ekki leggja fram staðfestingarkæru gegn Íslendingum vegna veiða á 80 langreyðum og 20 sandreyðum árið 1987, né vegna veiddra hvala árið 1988 og síðar í samræmi við vísindaáætlun Íslendinga, svo fremi ríkisstjórn Íslands fari eftir ákvæðum 1. liðar.
3. Bandaríkin munu vinna með Íslandi og öðrum aðalfulltrúum Alþjóðahvalveiðiráðsins að endurskoðun á og tillögugerð um tilhögun málsmeðferðar vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins við athugun á rannsóknaleyfum, í því skyni að auka traust á framkvæmd og vísindalegu gildi þessarar málsmeðferðar.

Hinn 23. september 1987 tók ég þessi mál upp á fundi með Shultz utanríkisráðherra í New York. Vorum við sammála um að stjórnvöld landanna skyldu vinna af einhug að framkvæmd Ottawa samkomulagsins og efnt skyldi til fundar um málið sem fyrst.

Í samræmi við 3. lið Ottawasamkomulagsins hafa Halldór Ásgrímsson sjávarútvegsráðherra og bandarísk stjórnvöld síðan kynnt tillögur um bætt vinnubrögð vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins. Sjávarútvegsráðherra og embættismenn utanríkisráðuneytisins og sjávarútvegsráðuneytisins áttu síðan viðræður 8. og 9. febrúar 1988 í Washington við C. William Verity Jr. viðskiptaráðherra Bandaríkjanna og bandaríska embættismenn um nánari útfærslu tillagnanna, svo og um hlut hvala í vistkerfi sjávar.

Í janúar 1988 var haldin í Reykjavík alþjóðleg ráðstefna um skynsamlega nýtingu sjávarspendýra í boði Íslands. Í ráðstefnunni tóku þátt fulltrúar Íslands, Færeyja, Japans, Kanada, Noregs og Sovétríkjanna auk áheyrnarfulltrúa frá Grænlandi. Á ráðstefnunni var fjallað um þrjú meginviðfangsefni: Leiðir til verndunar og stjórnunar veiða á sjávarspendýrum, vísindarannsóknir og kynningarstarfsemi.

Stefna Íslands hvað sjávarspendýr varðar er byggð á því grundvallarsjónarmiði að viðurkenna verði hlutverk sjávarspendýra í náttúrunni. Markmið með stjórn hvalveiða er að ná og viðhalda jafnvægi í vistkerfinu.

(4) **Norður-Atlantshafslaxverndunarstofnunin, NASCO.**

Fjórði ársfundur NASCO var haldinn í Edinborg 8. til 12. júní 1987. Á fundi Norðaustur-Atlantshafsnefndarinnar var ákveðin takmörkun á laxveiðum Færeyinga en á ársfundunum 1985 og 1986 tókst ekki að ná samkomulagi um takmörkun veiðanna. Verður komið á sóknartakmörkun í þrjú ár til reynslu. Heildarafli á tímabilinu má ekki vera meiri en 1790 lestir og árlegur afli ekki meiri en 626 lestir. Fjöldi veiðiskipa verður takmarkaður við 26, veiðitímabilið ákveðið 15. janúar til 30. apríl og 1. nóvember til 15. desember og hámarksfjöldi skipsdaga ákveðinn 1600 á ári.

Á fundinum var gerð grein fyrir afstöðu íslenskra stjórnvalda til laxveiða Færeyinga, sbr. svohljóðandi ályktun Alþingis frá 14. mars 1983:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að stöðva veiðar Færeyinga á Atlantshafslaxinum í hafinu í samræmi við 66. gr. hafréttarsáttmálans og hafa um það samráð við önnur upprunalönd laxastofnsins, enda verði að því stefnt, að allar laxveiðar í sjó verði bannaðar á Norður-Atlantshafi."

Með hliðsjón af þessari afstöðu var reynt að ná samstöðu með öðrum upprunalöndum um bann við laxveiðum Færeyinga. Það reyndist ekki unnt og sat því fulltrúi Íslands í nefndinni hjá þegar fyrrgreind sóknartakmörkun var ákveðin.

Tveggja ára takmörkun laxveiða Grænlendinga gildir í eitt ár enn og var því engin ákvörðun tekin í Vestur-Grænlandsnefndinni á ársfundinum. Í Norður-Ameríkunefnd stofnunarinnar voru framlengdar ráðstafanir til að draga úr laxveiðum í sjó við Nýfundnaland.

Næsti ársfundur NASCO verður haldinn í Reykjavík 13. til 17. júní 1988. Guðmundur Eiríksson, þjóðréttarfræðingur utanríkisráðuneytisins, hefur verið forseti stofnunarinnar frá upphafi 1984 en kjörtímabili hans lýkur á næsta ársfundi.

(5) **Veiðar annarra þjóða við Ísland.**

Belgar hafa heimild til að veiða hér við land samkvæmt samningi frá 1975 með breytingum frá 1981. Heimildin er bundin við tiltekin skip, sem eru nú 5 talsins. Aðeins 3 þeirra stunduðu veiðar við Ísland á árinu 1987. Leyfilegur afli belgísku skipanna er 4400 lestir. Afli belgískra skipa á árinu 1987 var um 1518 lestir í lok nóvembermánaðar, þar af um 492 lestir af þorski.

Færeyingar hafa samkvæmt samningi frá 1976 með breytingum frá 1979, 1981 og 1984 leyfi til að veiða hér við land allt að 17 000 lestir af botnfiski, en íslensk stjórnvöld ákveða hámarksafla. Á árinu 1986 var færeyskum sjómönnum heimilað að veiða 9000 lestir á handfæri og línu, þar af allt að 2000 lestir þorsks. Afli þeirra á árinu var 9100 lestir, þar af 1848 lestir af þorski.

Samkvæmt samkomulagi frá 1976 hafa Norðmenn heimild til línu- og handfæraveiða við Ísland. Árið 1984 var gerður samningur við Norðmenn um veiðar Íslendinga í norskri lögsögu og fallið frá uppsögn samkomulagsins um veiðar Norðmanna við Ísland. Heimild Norðmanna á árinu 1987 var samkvæmt samkomulaginu 400 lestir. Afli norskra línuskipa við Ísland á árinu var 381 lest.

Í desember 1987 var gerður samningur um að Norðmenn mættu veiða allt að 60 000 lestir loðnu innan íslenskrar lögsögu á tímabilinu 1. janúar til 15. febrúar 1988.

(6) **Skipting loðnustofnsins.**

Ekki hafa verið haldnir formlegir samningafundir um skiptingu veiða úr íslenska loðnustofninum milli Íslands, Grænlands og Noregs síðan í apríl 1986. Á þeim fundi gerðu Grænlendingar miklar kröfur um hlutdeild í loðnustofninum. Leiddi það til þess að samningaviðræðurnar sigldu í strand. Á þeim fundi náðist samkomulag um endurskoðun rannsóknarskýrslu frá því í maí 1983 um dreifingu loðnustofnsins. Sú endurskoðun leiddi í ljós að 79—91 af hundraði loðnustofnsins héldi sig innan íslenskrar lögsögu en 9—21 af hundraði innan lögsögu Jan Mayen og Austur-Grænlands sameiginlega. Fyrri skýrslan hafði gefið til kynna að 73—86 af hundraði loðnustofnsins tilheyrðu íslensku lögsögunni.

Þeim þríhliða samningi, um skiptingu loðnustofnsins, sem leitast hefur verið við að ná um alllangt skeið, er ætlað að leysa af hólmi samkomulag Íslendinga og Norðmanna frá því í maí 1980. Þar skiptu þeir veiðinni milli sín í hlutföllunum 85 af hundraði til Íslendinga og 15 af hundraði til Norðmanna. Nú er það óumdeilt að Grænlendingum beri hlutur í veiðinni.

Íslendingar hafa ávallt lagt megináherslu á að vísindaleg gögn um dreifingu loðnustofnsins skuli lögð til grundvallar skiptingu veiðanna. Tilhneiging hefur verið hjá samningsaðilum þeirra til að miða við dreifingu stofnsins ákveðna mánuði og þá einkum þá mánuði sem loðna gengur í ætisleit út fyrir íslensku lögsöguna.

Þótt ekki hafi verið haldnir formlegir samningafundir um lausn ágreiningsins síðan í apríl 1986 hafa aðilar haft samband sín á milli og nú er stefnt að samningafundi í byrjun maí 1988.

S.l. sumar veiddu færeysk skip um 65 þúsund lestir af loðnu sem var sá aflakvóti sem grænlenska landsstjórnin ákvað sér. Að öðru leyti hafa veiðarnar farið fram á grundvelli samnings milli Íslands og Noregs frá því í maí 1980.

VIII Utanríkisþjónustan

Með breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sem gerð var 8. júlí s.l., var yfirstjórn utanríkisviðskipta flutt frá viðskiptaráðuneytinu til utanríkisráðuneytisins. Oft hafði verið rætt um að slík breyting væri æskileg og var m.a. vikið að því í skýrslu Ólafs Jóhannessonar, þáverandi utanríkisráðherra, til Alþingis árið 1982. Þessir málaflokkar voru upphaflega hjá utanríkisráðuneytinu en fluttust smám saman til viðskiptaráðuneytisins á síðari hluta sjötta áratugarins en einkum þó á árunum upp úr 1960. Vert er einnig að hafa í huga að allan tímann hefur utanríkisþjónustan annast meginhluta samskiptanna erlendis með fastanefndinni í Genf hjá EFTA og GATT, sendiráðinu í Brussel hjá EB, eftir að þessar skrifstofur voru settar á stofn, og öðrum sendiráðum, sem farið hafa með tvíhliða samskipti við viðskiptalönd okkar. Gerð viðskiptasamninga hefur einnig ávallt verið á ábyrgð utanríkisráðuneytisins.

Í upphafi er ráðgert að fjórir embættismenn og tveir ritarar starfi við viðskiptaskrifstofuna. Með hliðsjón af vaxandi samskiptum við Evrópubandalagið á ýmsum sviðum, miklum störfum innan EFTA og GATT og aukinni áherslu á stuðning við útflutning á sem fjölbreyttustum varningi og þjónustu er ljóst að ekki verður lengi beðið með að fjölga starfsliði þessarar skrifstofu.

Á s.l. ári kom einnig til framkvæmdar ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá desember 1986 um að vista innan utanríkisráðuneytisins skrifstofu Norðurlandamála, þ.e. norrænt samstarf

innan ramma Ráðherranefndar Norðurlanda og embætti staðgengils samstarfsráðherra Norðurlanda.

Eftir þessar breytingar eru nú fimm skrifstofur innan utanríkisráðuneytisins, þ.e. skrifstofur alþjóðamála, útflutningsmála, varnarmála, Norðurlandamála og almenn skrifstofa, en innan hennar starfar sérstök upplýsinga- og fjölmiðladeild. Ennfremur starfa í ráðuneytinu prótókollstjóri og þjóðréttarfræðingur og þar hafa starfsaðstöðu tveir heimasendiherrar, gagnvart ríkjum í Austur-Asíu og Eyjaálfu og Suðvestur-Asíu og ríkjum fyrir botni Miðjarðarhafs.

Frá árinu 1972 hefur utanríkisráðuneytið verið í leiguhúsnæði í byggingu lögreglustjóraembættisins í Reykjavík. Fyrir allmörgum árum varð að taka á leigu húsnæði fyrir varnarmálaskrifstofu að Skúlagötu 63 og þar hefur Norðurlandaskrifstofan nú einnig fengið aðstöðu. Eftir að viðskiptaskrifstofan tók til starfa hefur orðið að leigja viðbótarhúsnæði fyrir vissa þætti starfsemi ráðuneytisins að Laugavegi 118d og er utanríkisráðuneytið þá orðið dreift í leiguhúsnæði á þremur stöðum. Hlýtur þetta að teljast óviðunandi ástand og kallar á úrbætur hið allra fyrsta.

Í skýrslu sinni til Alþingis árið 1986 vék þáverandi utanríkisráðherra, Matthías Á. Mathiesen, að húsnæðisvanda utanríkisráðuneytisins og lagði þá til að sá vandi yrði leystur með nýbyggingu á lóð ríkisins austan húss rannsóknastofnana sjávarútvegsins við Skúlagötu. Tillaga um byggingu þess húss fyrir utanríkisráðuneytið og fleiri ráðuneyti var hluti af heildartillögum um húsnæðismál Stjórnarráðsins, sem ég lét vinna í forsætisráðherratíð minni 1983—87, og miðuðu þær að því að starfsemin yrði sem mest á svæðinu í grennd við Arnarhól. Kaup ríkisins á Sambandshúsinu hafa leyst nokkurn hluta húsnæðisvanda Stjórnarráðsins, en ljóst er að utanríkisráðuneytið getur ekki fengið þar það húsnæði sem það þarf.

Í utanríkisráðuneytinu starfa nú 23 embættismenn og 17 aðrir starfsmenn, eða alls 40 manns.

Í fyrirsvari fyrir Ísland erlendis eru nú 12 sendiráð og fastanefndir, auk þeirra tveggja heimasendiherra, sem vikið var að hér að framan og taldir voru með í starfsmannafjölda ráðuneytisins. Í þessum sendiráðum starfa sendiherra og einn fulltrúi í Bonn, Genf, Kaupmannahöfn, London, Osló, Moskvu og Stokkhólmi, en sendiherra og tveir fulltrúar í New York, París (frá 1. apríl n.k.) og Washington, en í Brussel er sami sendiherra yfir fastanefndinni hjá NATO og sendiráðsskrifstofunni (sem fyrst og fremst annast samskiptin við Evrópubandalagið) og tveir fulltrúar á hvorri skrifstofu. Á öllum þessum skrifstofum starfa einn eða tveir útsendir ritarar, auk þess sem þar eru einn eða tveir aðrir starfsmenn, oftast ríkisborgarar þess ríkis þar sem sendiráðsskrifstofan er. Erlendis starfa samtals 28 embættismenn, 17 útsendir ritarar, 9 staðbundnir ritarar og 12 aðrir starfsmenn eða alls 66 manns. Starfslið utanríkisþjónustunnar er því samtals 106.

Á vegum Útflutningsráðs Íslands eru nú starfandi þrír viðskiptafulltrúar erlendis. Tveir þeirra hafa aðsetur í sendiráðunum, annar í New York en hinn í Kaupmannahöfn. Sá þriðji er með skrifstofu í Frankfurt. Þessir viðskiptafulltrúar hafa jafnframt aðstöðu í öðrum íslenskum sendiráðum á þeim markaðssvæðum þar sem þeir starfa.

Utanríkisþjónustan hefur nær 200 ólaunaða ræðismenn í 54 löndum. Þeir inna af hendi sín störf í samráði við og undir stjórn sendiherra Íslands í hlutaðeigandi landi. Mikið reynir á ýmsa þessara ræðismanna við fyrirgreiðslu við Íslendinga og íslenska hagsmuni, bæði á sviði viðskiptamála en þó einkum þegar slys eða hvers kyns önnur óhöpp ber að höndum. Verða þessum fulltrúum Íslands seint fullþökkuð fórnfús störf.

Viðfangsefni utanríkisþjónustunnar eru mörg. Samkvæmt lögum um utanríkisþjónustuna skal hún í hvívetna gæta hagsmuna Íslands gagnvart öðrum ríkjum, einkum að því er snertir stjórnmál og öryggismál, utanríkisviðskipti og menningarmál. Hún skal annast samningsgerðir við önnur ríki, nema þar frá sé gerð undantekning í lögum eða forsetaúr-

skurði og hún skal veita íslenskum ríkisborgurum vernd og aðstoð gagnvart erlendum stjórnvöldum, stofnunum og einstaklingum.

Á undanförnum árum hefur verið lögð mjög aukin áhersla á tvennt. Annað er öryggismálin í víðum skilningi, þ.e. að fylgjast betur með störfum og búnaði varnarliðsins, fylgjast með og taka þátt í meðferð fleiri málaflokka innan Atlantshafsbandalagsins, svo og að verða virkari í starfsemi sem varðar afvopnun eða takmörkun vígbúnaðar og stuðlar að auknu trausti milli þjóða, m.a. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu. Hitt áhersluatriðið er utanríkisviðskiptin og nánara samstarf og tengsl á ýmsum sviðum við ríki Vestur-Evrópu, eins og rakið hefur verið í þessari skýrslu. Verður áfram lögð rík áhersla á þessa málaflokka eftir því sem hinn takmarkaði starfsmannafjöldi utanríkisþjónustunnar frekast leyfir.

Fylgiskjal I.

Sendiráð Íslands og fastanefndir — og umdæmi þeirra.

Hinn 5. febrúar s.l. var undirritaður forsetaúrskurður um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiræðisskrifstofur. Helstu breytingar frá síðasta forsetaúrskurði eru þær að tvær skrifstofur verða í Brussel, önnur fyrir sendiráðið í Belgíu og Luxembourg hjá Efnahagsbandalagi Evrópu og hin fyrir fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsráðinu. Grikkland flyst frá sendiráðinu í Brussel til sendiráðsins í Bonn sem að auki fær Vatikanríkið. Kúba og Bahamaeyjar flytjast frá sendiráðinu í Washington til fastanefndarinnar í New York. Fer forsetaúrskurðurinn hér á eftir:

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samkvæmt fyrirmælum 4. gr. laga nr. 39 frá 16. apríl 1971 um utanríkisþjónustu Íslands eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. Íslensk sendiráð skulu vera í Kaupmannahöfn, Ósló, Stokkhólmi, London, París, Moskvu, Bonn, Brussel og Washington. Fastanefndir skulu vera í Genf og New York, og aðalræðisskrifstofa í New York.
2. Umdæmi stofnana þeirra sem nefndar eru í 1. lið hér að framan skulu vera sem hér segir:
   a. Kaupmannahöfn. Auk Danmerkur skal umdæmi sendiráðsins vera Ítalía, Tyrkland og Ísrael.
   b. Ósló. Auk Noregs skal umdæmi sendiráðsins vera Alþýðulýðveldið Pólland og Alþýðulýðveldið Tékkóslóvakía.
   c. Stokkhólmur. Auk Svíþjóðar skal umdæmi sendiráðsins vera Finnland, Sambandslýðveldið Júgóslavía, Albanía og Saúdí-Arabía.
   d. London. Auk Stóra-Bretlands og Norður-Írlands skal umdæmi sendiráðsins vera Lýðveldið Írland, Holland og Nígería.
   e. París. Auk Frakklands skal umdæmi sendiráðsins vera Grænhöfðaeyjar, Spánn og Portúgal. Forstöðumaður sendiráðsins skal vera fastafulltrúi Íslands hjá Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnuninni (OECD) og hjá Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).
   f. Moskva. Auk Sovétríkjanna skal umdæmi sendiráðsins vera Alþýðulýðveldið Búlgaría, Alþýðulýðveldið Rúmenía, Alþýðulýðveldið Ungverjaland, Þýska alþýðulýðveldið og Alþýðulýðveldið Mongólía.
   g. Bonn. Auk Sambandslýðveldisins Þýskalands skal umdæmi sendiráðsins vera Austurríki, Sviss, Grikkland og Vatikanríkið.
   h. Brussel. Auk Belgíu skal umdæmi sendiráðsins vera Luxembourg.
      Forstöðumaður sendiráðsins skal vera sendiherra hjá Efnahagsbandalagi Evrópu og fastafulltrúi í Norður-Atlantshafsráðinu.
      Tvær skrifstofur skulu vera í Brussel:
      1) fyrir sendiráðið í Belgíu og Luxembourg og hjá Efnahagsbandalagi Evrópu,
      2) fyrir fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsráðinu.
   i. Washington. Auk Bandaríkja Ameríku skal umdæmi sendiráðsins vera Kanada, Mexíkó, Brasilía, Argentína, Chile, Perú, Kólombía, Venezuela og Barbados.
   j. Genf. Forstöðumaður fastanefndarinnar í Genf skal vera fastafulltrúi hjá Evrópuskrifstofu Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðastofnunum sem aðsetur hafa í Genf. Hann skal einnig vera fastafulltrúi hjá Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og auk þess sendiherra í Kenýu, Tansaníu, Egyptalandi og Eþíópíu.
   k. New York. Forstöðumaður fastanefndarinnar í New York skal vera fastafulltrúi

Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna og auk þess sendiherra á Kúbu og Bahamaeyjum.

3. Ráðherra getur ákveðið að sendiherra í utanríkisþjónustunni með búsetu í Reykjavík skuli vera sendiherra í fjarlægum löndum, fyrst og fremst Asíu og Afríku eftir því sem nauðsyn kann að krefja.
4. Starfsmaður utanríkisþjónustunnar með búsetu í Reykjavík skal vera fastafulltrúi Íslands hjá Evrópuráðinu.
5. Úrskurður þessi skal taka gildi við undirskrift og um leið fellur úr gildi forsetaúrskurður nr. 17 frá 8. febrúar 1980.

Gjört í Reykjavík, 5. febrúar 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

Sendiherrar með búsetu í Reykjavík gegna embættum í eftirtöldum ríkjum: Japan, Kína, Indlandi, Pakistan, Bangladesh, Alþýðulýðveldinu Kóreu, Kóreulýðveldinu, Indónesíu, Thailandi, Íran, Írak, Kýpur, Túnis og Ástralíu.

Fylgiskjal II.

Skrá um helstu alþjóðasamtök sem Ísland er aðili að.

Sameinuðu þjóðirnar og sérstofnanir þeirra.

Sameinuðu þjóðirnar (UN).
Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO).
Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO).
Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO).
Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO).
Alþjóðaveðurfræðistofnunin (WMO).
Alþjóðahugverkastofnunin (WIPO).
Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO).
Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).
Alþjóðafjarskiptasambandið (ITU).
Alþjóðapóstsambandið (UPU).
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF).
Alþjóðabankinn (IBRD).
Alþjóðalánastofnunin (IFC).
Alþjóðaframfarastofnunin (IDA).
Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti (GATT).
Alþjóðakjarnorkumálastofnunin (IAEA).

Önnur alþjóðasamtök.

Atlantshafsbandalagið (NATO).
Evrópuráðið (Council of Europe).
Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin (OECD).
Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA).
Norðurlandaráð (Nordic Council).
Norræna póstsambandið (Nordic Postal Union).
Kjarnfræðistofnun Norðurlanda (NORDITA).
Alþjóðastofnun til útgáfu tollalaga (International Union for the Publication of Custom Tariffs).
Alþjóðahafrannsóknaráðið (International Council for the Exploration of the Sea).
Alþjóðahvalveiðiráðið (International Whaling Commission).
Norður-Atlantshafslaxverndunarstofnunin (NASCO).
Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunin (Northwest Atlantic Fisheries Organization).
Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin (North-East Atlantic Fisheries Commission).
Alþjóðasjómælingastofnunin (International Hydrographic Organization).
Alþjóðagerðardómurinn í Haag (Permanent Court of Arbitration, The Hague).
Tollasamvinnuráðið (Customs Co-operation Council).
Alþjóðasamband sakamálalögreglu (International Criminal Police Organization, INTERPOL).
Alþjóðanáttúruverndarsambandið (International Union for Conservation of Nature and Natural Resources).

Fylgiskjal III.

Ályktanir á 42. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sem Ísland var meðflytjandi að.

Ál.nr.	Dsl.	Efni	Atkvæða-greiðsla
Allsherjarþingið:			
Þst.	3	Kjörbréf Ísraels	80–39–10
42/3	24	Kampútsea	117–21–16
42/20	32	Hafréttarmál	142–2–6
42/23G	33	Suður-Afríkusjóður Sþ.	149–2–4
42/23H	33	Aðgerðir gegn kynþáttaaðskilnaði	S.á.a.
Fyrsta nefnd:			
42/27	50	Bann við tilraunum með kjarnavopn	143–2–8
42/37C	61	Efna- og sýklavopn	S.á.a.
42/38C	62	Upplýsingaskylda um kjarnavopnatilraunir	147–1–8
42/38I	62	Óhlutdrægar upplýsingar um hermál	133–0–12
42/38K	62	Vígbúnaðarkapphl. á hafinu og afvopnun	154–1–2
42/38M	62	Efndir samninga um takmörkun vígbúnaðar og afvopnun	S.á.a.
42/42F	66	Afvopnunareftirlit	S.á.a.
42/42K	66	Skýrsla afvopnunarnefndarinnar í Genf	127–0–28
Önnur nefnd:			
42/201	86	Aðstoð við jaðarríki Suður-Afríku	154–0–1
Þriðja nefnd:			
42/136	12	Mannréttindi í Íran	58–22–42
42/60	95	Samningur um afnám alls misréttis gegn konum	S.á.a.
42/101	100	Samningur um réttindi barna	154–0–1
42/103	101	Mannréttindasáttmálar	S.á.a.
42/108	103	Framlenging UNHCR	S.á.a.
42/109	103	Flóttamannafulltrúi Sþ.	S.á.a.
42/122	107	Sjóður vegna fórnarlamba pyntinga	S.á.a.
42/123	107	Alþjóðasamningur gegn pyntingum	S.á.a.
42/141	12	Skyndiaftökur	S.á.a.
Fjórða nefnd:			
42/76	111	Menntunar- og þjálfunaráætlun fyrir suðurhluta Afríku	S.á.a.
Fimmta nefnd:			
42/219	122	Friðhelgi starfsmanna Sþ.	S.á.a.
42/223	125b	Fjármögnun UNIFIL	133–3–9

Sjötta nefnd:

42/154	133	Öryggi stjórnarerindreka	S.á.a.
42/156	135	Skýrsla alþjóðalaganefndarinnar	S.á.a.

Skýringar:
Ál.nr.: Númer ályktunar.
Þst.: Þingskapatillögur.
Dsl.: Númer dagskrárliðar.
Atkvæðagreiðsla: Meðatkvæði—mótatkvæði—hjásetur.
S.á.a.: Samþykkt án atkvæðagreiðslu.

Fylgiskjal IV.

Þingsályktun

um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum.

Alþingi ályktar að brýna nauðsyn beri til að þjóðir heims, ekki síst kjarnorkuveldin, geri með sér samninga um gagnkvæma alhliða afvopnun þar sem framkvæmd verði tryggð með alþjóðlegu eftirliti.

Ennfremur telur Alþingi mikilvægt að verulegur hluti þess gífurlega fjármagns, sem nú rennur til herbúnaðar, verði veittur til þess að hjálpa fátækum ríkjum heims þar sem tugir milljóna manna deyja árlega úr hungri og sjúkdómum.

Alþingi fagnar hverju því frumkvæði sem fram kemur og stuðlað getur að því að rjúfa vítahring vígbúnaðarkapphlaupsins.

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að styðja og stuðla að allsherjarbanni við tilraunum, framleiðslu og uppsetningu kjarnavopna undir traustu eftirliti, svo og stöðvun á framleiðslu kjarnakleyfra efna í hernaðarskyni, jafnframt því að hvetja til alþjóðlegra samninga um að árlega verði reglubundið dregið úr birgðum kjarnavopna. Þessu banni og samningum um niðurskurð kjarnorkuvopna verði framfylgt á gagnkvæman hátt þannig að málsaðilar unni því og treysti enda verði það gert í samvinnu við alþjóðlega eftirlitsstofnun.

Leita verður allra leiða til þess að draga úr spennu og tortryggni milli þjóða heims og þá einkum stórveldanna. Telur Alþingi að Íslendingar hljóti ætíð og hvarvetna að leggja slíkri viðleitni lið.

Um leið og Alþingi áréttar þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn hvetur það til þess að könnuð verði samstaða um og grundvöllur fyrir samningum um kjarnorkuvopnalaust svæði í Norður-Evrópu, jafnt á landi, í lofti sem á hafinu eða í því, sem liður í samkomulagi til að draga úr vígbúnaði og minnka spennu. Því felur Alþingi utanríkismálanefnd að kanna í samráði við utanríkisráðherra hugsanlega þátttöku Íslands í frekari umræðu um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum og skili nefndin um það áliti til Alþingis fyrir 15. nóv. 1985.

Jafnframt ályktar Alþingi að fela öryggismálanefnd, í samráði við utanríkisráðherra, að taka saman skýrslu um þær hugmyndir sem nú eru uppi um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, einkum þær sem máli skipta fyrir Ísland með hliðsjón af legu landsins og aðild þjóðarinnar að alþjóðlegu samstarfi. Á grundvelli slíkrar skýrslu verði síðan leitað samstöðu meðal stjórnmálaflokkanna um frekari sameiginlega stefnumörkun í þessum málum.

Samþykkt á Alþingi 23. maí 1985.

Ed. 597. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til l. um breyt. á útvarpslögum, nr. 68/1985.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin sendi frumvarpið til umsagnar til Ríkisútvarpsins, útvarpsréttarnefndar, Póst- og símamálastofnunar, Sambands ísl. sveitarfélaga og nefndar sem nú fæst við endurskoðun gildandi útvarpslaga.

Útvarpslög tóku gildi 1. janúar 1986. Samkvæmt ákvæðum laganna skal endurskoða þau innan þriggja ára. Sú endurskoðun stendur nú yfir. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins og skilar minni hl. nefndarinnar séráliti.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpi þessu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 17. febr. 1988.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Danfríður Skarphéðinsdóttir, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Valgerður Sverrisdóttir.	Halldór Blöndal.	Jóhann Einvarðsson.

Sþ. 598. Fyrirspurn [295. mál]

til samgönguráðherra um öryggis- og björgunarbúnað í skipum.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

1. Hvaða prófanir eru gerðar hérlendis áður en björgunarbúnaður, sem skylt er að hafa um borð í skipum og bátum, er viðurkenndur hér á landi?
2. Hvernig er brugðist við þegar gallar koma í ljós á björgunarbúnaði sem er viðurkenndur og þegar hefur verið seldur?
3. Hvernig er háttað samvinnu Íslendinga og nágrannaþjóðanna varðandi björgunarbúnað og upplýsingaskyldu ef gallar á búnaði koma í ljós?
4. Hvaða reglur gilda um tæki og búnað sem ekki er skylt að hafa um borð en seld eru sem öryggisbúnaður?
5. Hver er upplýsingaskylda og ábyrgð þeirra er selja öryggis- og björgunarbúnað hér á landi?

Sþ. 599. Tillaga til þingsályktunar [296. mál]

um endurskoðun lánskjaravísitölu.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til þess að endurskoða grundvöll lánskjaravísitölunnar.

Greinargerð.

Lánskjaravísitalan er samsett af tveimur öðrum vísitölum. Að ⅔ hlutum er byggt á framfærsluvísitölu og ⅓ hluta á byggingarvísitölu. Eðli beggja þessara vísitalna er að þeim er ætlað að mæla kostnað, annars vegar við framfærslu hinnar svokölluðu vísitölufjölskyldu og hins vegar byggingarkostnað.

Lánskjaravísitalan er mikið notuð sem reiknigrunnur við verðtryggingu fjárskuldbindinga og sparifjár. Nú er nokkur reynsla fengin af notkun lánskjaravísitölunnar og unnt að meta með hverjum árangri hún hefur mælt. Það má gera með því að bera saman þróun ýmissa stærða í efnahagslífinu á þessu tímabili.

Í þessu sambandi er rétt að nefndin hugi að eftirtöldum atriðum:

1. Hvert er eðlilegt hlutverk lánskjaravísitölu í þjóðfélaginu?
2. Er eðlilegt að tengja vísitölureikninginn á einhvern hátt launaþróun og þróun gengis þannig að hann taki tillit til fleiri atriða en kostnaðar?
3. Er æskilegt að hverfa frá því að nota lánskjaravísitölu við styttri fjárskuldbindingar?
4. Hvernig hefur lánskjaravísitala þróast miðað við
   a. verðmæti annarra eigna en fjármagns,
   b. tekjur í þjóðfélaginu?

Margt bendir til að lánskjaravísitalan henti illa við að tengja verðgildi peninga við verðgildi annarra eigna. Jafnframt virðist óeðlilegt að miða raunávöxtun peninga við vexti umfram lánskjaravísitölu sem byggð er á þeim grunni sem við notum. Mæli lánskjaravísitalan illa raunverðmætaaukningu annarra eigna gildir vísitalan illa við uppfærslu fjárskuldbindinga. Þarna kemur fram spurningin hvort lánskjaravísitölu er ætlað að meta ávöxtun fjár sambærilega við verðmætaaukningu annarra eigna eða hvort henni er ætlað að mæla verðbólgu. Á þessu tvennu er nokkur munur. Hins vegar er spurningin, hvort eðlilegt sé, að „verðtrygging“ fjármagns sé miðuð við kostnaðarbreytingar á þennan hátt, þ.e. að ávöxtun fjármagns sé metin umfram kostnaðarbreytingar þegar fáir eða engir tekjuliðir fylgja slíkum breytingum.

Óeðlilegt er að tekjur af fjármagni skeri sig úr annarri tekjumyndun í þjóðfélaginu á þennan hátt og þessi hluti eignatekna settur skör hærra en t.d. tekjur sem aflað er með hörðum höndum. Fjármagnstekjur ættu að mælast í samhengi við aðrar tekjur.

Í okkar sveiflukennda þjóðfélagi hefur komið í ljós að lánskjaravísitala er mæld óeðlilega miðað við þróun annarra stærða í efnahagslífi. Skemmst er að minnast hinna svonefndu „misgengishópa“. Misgengi launa og lánskjaravísitölu olli miklum erfiðleikum. Líklegt er að slíkt misgengi jafnist að nokkru á löngum tíma, en í styttri fjárskuldbindingum getur verið um hrapallegt misrétti að ræða. Í okkar efnahagslífi, sem er ærið sveiflukennt, á slík tenging ekki rétt á sér nema til langs tíma þannig að tímalengd jafni sveiflur út.

Misgengi gengisskráningar og lánskjaravísitölu hefur verið mikið að undanförnu. Meðal margvíslegra erfiðleika sem slíkt veldur er gífurlegar fjármagnskostnaður atvinnulífs, sérstaklega útflutningsatvinnuveganna samanborið við fjármagnskostnað samkeppnisaðila í öðrum löndum. Veldur þá lánskjaravísitöluviðmiðun því að lánskjör verða algjörlega ósambærileg við lánskjör erlendis og fjármagnskostnaður íslenskum útflutningsgreinum óbærilegur í samkeppninni.

Ljóst er að mikill vandi er að finna „réttan“ grunn fyrir lánskjaravísitölu, ef það er þá hægt. Sá grunnur, sem valinn var, hefur augljóslega marga galla. Athugun á þeim tíma, sem lánskjaravísitalan hefur verið í notkun, ætti að geta bent okkur á æskilegar breytingar.

Því er lagt til með þessari tillögu að grunnurinn verði endurskoðaður.

Sþ. 600. Nefndarálit [107. mál]

um till. til þál. um að setja upp lýsingu á Suðurlandsvegi um Hellisheiði.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna á fundum sínum. Umsagnir um málið bárust frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og Vegagerð ríkisins.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Geir Gunnarsson og Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi, 17. febr. 1988.

Valgerður Sverrisdóttir, form.	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, fundaskr.	Eggert Haukdal, frsm.
Guðmundur H. Garðarsson.		Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Sþ. 601. Fyrirspurn [297. mál]

til sjávarútvegsráðherra um fiskimjölsverksmiðjur.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

1. Hefur verið athuguð hagkvæmni þess að nota jarðhita í stað olíu í fiskimjölsverksmiðjur hér á landi? Ef svo er, gefa þær niðurstöður tilefni til að hafist verði handa um að breyta núverandi verksmiðjum eða setja nýjar á stofn?
2. Hvað hyggst Fiskveiðasjóður gera við fiskimjölsverksmiðju Stranda hf. sem sjóðurinn keypti á nauðungaruppboði fyrri hluta árs 1987?

Sþ. 602. Fyrirspurn [298. mál]

til iðnaðarráðherra um einkaleyfi og mynsturvernd.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

1. Hvenær má vænta þess að fram komi á Alþingi frumvarp að nýjum lögum um einkaleyfi og mynsturvernd?
2. Eru fyrir hendi þau skilyrði sem þarf til þess að fá aðild að norrænu samstarfi um einkaleyfisrannsóknir? Ef ekki, hvaða skilyrði þarf að uppfylla og hvenær má búast við því að Íslendingar geti gerst aðilar að þessu samstarfi?

Nd. 603. Frumvarp til laga [299. mál]

um breytingu á lögum nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 54/1986, lög nr. 27/1987 og lög nr. 84/1987.

Flm.: Vilhjálmur Egilsson, Matthías Bjarnason.

1. gr.

4. tölul. 5. gr. laganna orðist svo:

Að gera tillögur um skiptingu ráðstöfunarfjár milli kjördæma, útlánaflokka og úrskurða ársreikninga stofnunarinnar og byggingarsjóðanna.

2. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsjóður ríkisins er í vörslu Seðlabanka Íslands og annarra bankastofnana sem húsnæðismálastjórn semur við. Skal leitast við að fé sjóðsins sé ávaxtað í byggðarlögum sem næst í samræmi við lán til sjóðsins og lánveitingar hans.

3. gr.

Við 11. gr. laganna bætist nýr tölul. er verði 10. tölul. og orðist svo:

Lán til byggingar almennra leiguíbúða á vegum einstaklinga og fyrirtækja.

4. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:

Fé til útlána skv. 1., 2., 9. og 10. tölul. samtals skal skipt milli kjördæma sem næst í hlutfalli við greiðslur í lífeyrissjóði úr hverju kjördæmi. Heimilt er að miða við áætlaða skiptingu heildarlaunagreiðslna í þessu sambandi og taka tillit til kauphlutfalls lífeyrissjóða, sbr. 12. gr. Skiptingu útlána milli kjördæma skal miða við búsetu umsækjenda eigi einstaklingar í hlut en miða skal við framkvæmdastað þegar aðrir aðilar fá lán. Útlánafé má því aðeins færa milli kjördæma að umsóknum skv. 1., 2., 9. og 10. tölul. sé fullnægt.

5. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein er verði 9. mgr. og orðist svo:

Lán skulu afgreidd sérstaklega fyrir hvert kjördæmi, sbr. skiptingu útlánafjár skv. 11. gr.

6. gr.

4. mgr. 13. gr. laganna orðist svo:

Lán samkvæmt þessari grein er einnig heimilt að veita þeim sem byggja sérhannaðar söluíbúðir eða leiguíbúðir fyrir aldraða. Þegar þessir aðilar eiga í hlut skal lánsfjárhæð miðast við hámarkslánsrétt skv. a-lið 1. mgr. þessarar greinar. Heimilt er að veita fyrirtækjum lán til byggingar leiguíbúða fyrir starfsmenn sína. Réttur fyrirtækja til að lána skal miðast við skuldabréfakaup þeirra lífeyrissjóða sem þau greiða til vegna starfsmanna sinna á sambærilegan hátt og gildir fyrir starfsmennina sjálfa. Lánsréttur fyrirtækja skal miðast við a-lið 1. mgr. þessarar greinar þrátt fyrir það að byggðar séu fleiri en ein leiguíbúð.

7. gr.

3. mgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Vextir af lánum Byggingarsjóðs ríkisins skulu vera breytilegir. Ríkisstjórnin tekur ákvörðun um vexti í hverjum lánaflokki á hverjum tíma að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og umsögn Seðlabankans. Heimilt er húsnæðismálastjórn að breyta vaxtakjörum af eldri lánum til samræmis við framangreind kjör ef lántakandi óskar þess. Lántökugjöld og aðrar þóknanir af lánum sjóðsins skulu ákveðnar með reglugerð.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mikil gagnrýni hefur komið fram á hið nýja húsnæðislánakerfi sem tók gildi með lögum nr. 54/1986 í kjölfar kjarasamninga á vinnumarkaði 26. febrúar 1986. Þessi gagnrýni hefur byggst á tveimur meginatriðum: Annars vegar á því að hið nýja húsnæðislánakerfi væri fjárhagslega ótraust og gæti ekki sinnt eftirspurn eftir lánum, m.a. vegna þess að niðurgreiðsla á vöxtum væri of mikil eða þörfin fyrir húsnæðislán væri orðin svo brýn. Hins vegar að í hinu nýja húsnæðislánakerfi fælist mikill tilflutningur á fjármagni frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins, þar sem mun fleiri umsóknir bærust um lán frá höfuðborgarsvæðinu en frá landsbyggðinni.

Með frumvarpi þessu er gerð tilraun til þess að benda á leiðir sem gætu stuðlað að lausn þess vanda sem talinn er vera í húsnæðislánakerfinu og snýr að tilflutningi fjármagns. Lagt er til að útlán Byggingarsjóðs ríkisins í helstu lánaflokkunum skiptist í sama hlutfalli milli kjördæma og greitt er til lífeyrissjóðanna sem kaupa skuldabréf af Húsnæðisstofnun. Gert er ráð fyrir að Byggingarsjóð skuli ávaxta í peningastofnunum víðs vegar um land. Enn fremur er lagt til að lána megi fyrirtækjum til byggingar leiguíbúða fyrir starfsfólk sitt.

Nefnd starfar á vegum félagsmálaráðherra til þess að endurskoða húsnæðislánakerfið í heild sinni. Vonandi nær sú nefnd saman um gagnlegar tillögur til úrbóta en þetta frumvarp er flutt sem innlegg í það starf og sérstaklega til þess að tryggja að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu fái sérstaka athygli Alþingis. Þessar breytingar eru afar þýðingarmikið hagsmunamál fyrir íbúa landsbyggðarinnar sem hafa horft upp á hið nýja húsnæðislánakerfi verða að tæki til fjármagnsflutninga frá landsbyggðinni.

Sú gagnrýni, sem fram hefur komið á húsnæðislánakerfið, að það leiði til flutnings á fjármagni frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins, er byggð á þeirri staðreynd að útlánaloforð Byggingarsjóðs til Reykjavíkur eru 48,2% af heildarlánsloforðum en um 37,2% launagreiðslna landsmanna eru taldar fram í höfuðborginni. Til landsbyggðarkjördæmanna hafa farið 26,5% af lánsloforðunum en þar eru talin fram 38,4% af launagreiðslum landsmanna. Heildarlánsloforð Byggingarsjóðs frá 1. september 1986 og út árið 1987 námu 8958 millj. kr. Reyndar var Húsnæðisstofnun „lokuð“ eftir 12. mars 1987 en þá var útgáfu lánsloforða hætt.

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu lánsloforða eftir kjördæmum:

Tafla 1.

Skipting lánsloforða eftir kjördæmum.
(Lánsloforð veitt árin 1986 og 1987, upphæðir í millj. kr.)

	Lánsloforð	**Hlutfall**
Reykjavík	4326	48.3
Reykjanes	2192	24.5
Vesturland	418	4.7
Vestfirðir	280	3.1
Norðurland vestra	209	2.3
Norðurland eystra	673	7.5
Austurland	298	3.3
Suðurland	502	5.6
Óskilgreint	60	0.7
Samtals	8958	100.0

Heimild: Húsnæðisstofnun.

Með því að skoða framtaldar launagreiðslur eftir kjördæmum fæst öruggasta vísbendingin um hvernig greitt er í lífeyrissjóði. Þess ber að gæta að sumir lífeyrissjóðir eru fyrir launþega af öllu landinu og því er réttindamyndun í þeim ekki bundin við landshluta. Þess vegna er ekki unnt að miða við hvar lífeyrissjóðirnir starfa til þess að reikna út tilflutning á fjármagni með húsnæðislánakerfinu. Á árinu 1987 nam fjármagn frá lífeyrissjóðum yfir 90% af útlánum Byggingarsjóðs ríkisins en afgangurinn er eigið fé og framlag ríkissjóðs. Eigi að reyna að finna út hvernig eigið fé húsnæðislánakerfisins eða framlag ríkissjóðs sé myndað miðað við kjördæmi er skipting launagreiðslna eftir kjördæmum raunhæfasta viðmiðunin, ekki síst vegna fyrri tengsla launaskatts og húsnæðislána.

Á töflu 2 er áætlað, miðað við launagreiðslur, hvert framlag einstakra kjördæma er í þeim lánsloforðum sem gefin voru út frá 1. sept. 1986 út árið 1987 og áætlaður tilflutningur af fjármagni út frá því. Niðurstaðan er sú að þessi tilflutningur nemi um 1000 millj. kr. miðað við þau lánsloforð sem gefin voru út á áðurnefndu tímabili. Þessi tala er verðtryggð samkvæmt byggingavísitölu og hækkar því sé reiknað á grundvelli útgreidds fjár.

Tafla 2.

Tilflutningur fjármagns milli kjördæma með húsnæðislánakerfinu.
(Upphæðir í millj. kr.)

	Framtaldar launa-greiðslur 1985	Framlag til lánsloforða	Tilflutningur fjármagns
Reykjavík	37.2%	3331	+995
Reykjanes	24.5%	2292	0
Vesturland	6.1%	543	-125
Vestfirðir	4.6%	412	-132
Norðurland vestra	4.3%	386	-177
Norðurland eystra	10.2%	910	-237
Austurland	5.3%	478	-180
Suðurland	7.9%	706	-204
Óskilgreint			+60
Samtals		8958	0

Heimildir: Húsnæðisstofnun og Byggðastofnun.

Það einfaldar að sjálfsögðu húsnæðislánakerfið ef ekki þarf að skipta útlánum eftir kjördæmum. Markmiðið við samningu laganna var einmitt að halda kerfinu sem einföldustu. Hins vegar virðist svo sem úthlutun lánanna skiptist miklu misjafnar á kjördæmin en búast hefði mátt við. Það getur svo leitt til þess að einstaka sjóðir geta séð sér hag í því að draga sig út úr lánveitingum og lána sjóðfélögum sínum beint.

Nauðsynlegt er að bregðast við þessum tilflutningi á fjármagni með því að halda útlánum aðskildum fyrir hvert kjördæmi. Sú upphæð sem rennur samtals til lána til nýbygginga, notaðra íbúða, framkvæmdalána og til hinna nýju leiguíbúða á vegum fyrirtækja þarf að skiptast í sama hlutfalli milli kjördæma og kaup lífeyrissjóða af skuldabréfum Húsnæðisstofnunar gefa tilefni til.

Skipting útlána eftir kjördæmum dregur líka úr þenslu á höfuðborgarsvæðinu sem hefur verið talið vera vandamál og skapar á móti atvinnu í byggingariðnaði á landsbyggðinni.

Þau rök hafa heyrst á móti því að skipta útlánum Byggingarsjóðs eftir kjördæmum að fólk á landsbyggðinni notaði lánin til þess að byggja á höfuðborgarsvæðinu og þess vegna gæti það jafnvel flýtt byggðaröskun að landsbyggðarfólk fengi útlán í hlutfalli við framlag sitt til kerfisins. Rök af þessum toga eru svipaðs eðlis og rökin á móti bættum samgöngum á þeim forsendum að þær auðveldi fólki að flytjast burtu.

Í Húsnæðisstofnun var gerð úttekt á búsetu umsækjenda og veðstöðum lána sem sýnir hvað umsækjendur ætla að byggja. Úttekt þessi er dagsett 15. nóv. 1987 og byggir á upplýsingum um 5059 umsækjendur. Niðurstaðan af þessari úttekt kemur fram á töflu 3 og er í stuttu máli sú að tæp 80% þeirra umsækjenda sem búa utan Reykjavíkur eða Reykjaness eru að kaupa eða byggja í kjördæmum utan Reykjavíkur og Reykjaness.

Tafla 3.

Veðstaður umsækjenda húsnæðislána.

Kjördæmi umsækjenda	Fjöldi umsækjenda	Reykjavík	Reykjanes	Önnur kjördæmi
Reykjavík	2208	1981	200	27
Reykjanes	1242	199	1035	9
Önnur kjördæmi	1609	243	107	1259
Samtals	5059	2423	1342	1294

Heimild: Húsnæðisstofnun.

Þá eru í þessu frumvarpi tvö „tiltektarmál". Lagt er til að þeir sem byggja söluíbúðir eða leiguíbúðir fyrir aldraða á almennum kjörum fái hámarkslán í stað lágmarksláns. Auk þess er lagt til að tekið verði á vanda fólks sem tók hlutaverðtryggð lán með 9,5% raunvöxtum á verðtryggða hluta lánsins. Þetta fólk býr nú við mun óhagstæðari lánskjör en það gerði ef lánin hefðu verið að fullu verðtryggð og með 3,5% vöxtum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Fimmta grein laganna fjallar um hlutverk húsnæðismálastjórnar. Í þessu frumvarpi er kveðið á um að það verði hlutverk stjórnarinnar að skipta útlánafé milli kjördæma, líkt og það er nú hlutverk hennar m.a. að skipta útlánafé milli útlánaflokka.

Um 2. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum er einungis heimilt að varðveita Byggingarsjóð ríkisins í Seðlabanka Íslands. Með þessari grein er veitt heimild til þess að varðveita sjóðinn í öðrum bankastofnunum og jafnframt sett inn ákvæði um að sjóðurinn skuli varðveittur í fleiri en einni bankastofnun. Hugmyndin er sú að sjóðurinn haldist sem mest í þeim byggðarlögum þar sem fjármagnið, sem rennur í hann, verður til. Þetta getur orðið töluverð lyftistöng fyrir bankastofnanir á landsbyggðinni, ekki síst í ljósi þess að samkvæmt áætlunum er gert ráð fyrir að í árslok 1988 verði 500 millj. kr. í sjóði hjá Byggingarsjóði ríkisins.

Um 3. gr.

Það er almennt umkvörtunarefni fyrirtækja á landsbyggðinni að þau skorti húsnæði fyrir starfsfólk sem þau bæði hafa þörf fyrir og geta ráðið til sín. Eitthvað mun vera um að fyrirtæki eigi leiguhúsnæði sem þau leigja starfsmönnum sínum um skemmri tíma.

Með þessari grein er veitt heimild til þess að fyrirtæki geti notið lánafyrirgreiðslu úr Byggingarsjóði ríkisins til þess að koma sér upp leiguhúsnæði fyrir starfsfólk. Í flestum tilvikum er hér um að ræða fólk sem er að flytjast milli staða og þarf að leysa tímabundið úr húsnæðisþörfum sínum. Ætti þetta að geta auðveldað fyrirtækjum á landsbyggðinni að ráða til sín fólk.

Um 4. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skiptingu útlánafjár milli kjördæma sem næst í því hlutfalli sem greitt er í lífeyrissjóði úr hverju kjördæmi. Gert er ráð fyrir því að almenn lán til kaupa eða bygginga á nýjum íbúðum, lán til kaupa á notuðum íbúðum, lán til viðurkenndra framkvæmdaaðila í byggingariðnaði og lán til fyrirtækja og einstaklinga vegna bygginga leiguíbúða skuli skiptast milli kjördæma í ofangreindu hlutfalli. Þannig er möguleiki til að lána því meira til framkvæmdalána og leiguíbúðalána af útlánafé viðkomandi kjördæmis ef ekki eru gífurlega margar umsóknir frá einstaklingum um húsnæðislán.

Um 5. gr.

Í þessari grein er kveðið svo á að sérstök „biðröð“ eftir lánum skuli höfð fyrir hvert kjördæmi sem leiðir af skiptingu útlánafjárins eftir kjördæmum.

Um 6. gr.

Í greininni er skerpt á lagaheimildum til þess að lána til byggingar leiguíbúða. Sjálfsagt er að þeir sem byggja á almennum kjörum leigu- eða söluíbúðir fyrir aldraða fái hámarkslánsrétt samkvæmt ákvæðum sem gilda fyrir þá sem byggja í fyrsta sinn. Þetta er m.a. til samræmingar við ákvæði 3. gr. laga nr. 27/1987 þar sem hámarkslánsréttur gildir vegna kaupa á notuðum íbúðum fyrir þessa aðila.

Enn fremur er eðlilegt að réttur fyrirtækja til lána vegna byggingar leiguíbúða fyrir starfsmenn sína byggist á sams konar réttindamyndun og gildir almennt fyrir starfsmennina sjálfa. Þannig verði miðað við skuldabréfakaup þeirra lífeyrissjóða sem fyrirtækin greiða til vegna starfsmanna sinna. Gengið er út frá því að réttindi miðist við sams konar lán og gildir við fyrstu íbúð enda er brýnt að örva húsbyggingar af þessum toga á landsbyggðinni.

Um 7. gr.

Í frumvarpsgreininni er tekið á því vandamáli að þeir sem tóku lán á hlutaverðtryggðum kjörum með 9,5% raunvöxtum á verðtryggða hlutanum sæta nú mun óhagstæðari lánskjörum en þeir hefðu gert með því að greiða 3,5% raunvexti ofan á fulla verðtryggingu. Sjálfsagt er að koma til móts við þessa lántakendur og samræma vaxtakjör þeirra við núgildandi kjör.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 604. Fyrirspurn [300. mál]

til sjávarútvegsráðherra um sölu veiðileyfa.

Frá Óla Þ. Guðbjartssyni.

1. Hverjir hafa selt veiðileyfi (aflamark) og hverjir keypt frá því að slík sala hófst hér á landi?
2. Hvernig skiptast þessi viðskipti eftir árum?
3. Hvernig er skiptingin eftir landsvæðum eða útgerðarstöðum?
4. Hvaða verðmæti var um að ræða í hverju tilviki fyrir sig?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 605. Frumvarp til laga [301. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

11. gr. laganna breytist sem hér segir:

a. Upphaf greinarinnar orðist svo: Úr Byggingarsjóði ríkisins er heimilt að veita lán skv. 1.–10. tölul. o.s.frv.
b. Á eftir 9. tölul. komi nýr tölul. er orðist svo: 10. Lán til almennra kaupleiguíbúða.

2. gr.

Á eftir 4. mgr. 13. gr., sbr. l. nr. 27/1987, komi ný málsgrein er orðist svo:

Einnig er heimilt að veita sveitarfélögum, félagasamtökum eða fyrirtækjum lán til að byggja eða kaupa nýjar almennar kaupleiguíbúðir enda hafi verið sýnt fram á að nauðsynlegt sé af sérstökum tilgreindum ástæðum að auka framboð íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu, sbr. 32. gr. Lánsfjárhæð má nema 70% af kostnaðaráætlun eða af raunverulegu kaupverði íbúðar, þó ekki hærri fjárhæð en 70% af kostnaðargrundvelli sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt, sbr. 2. og 3. mgr. 31. gr.

3. gr.

Á eftir 5. mgr. 14. gr., sbr. l. nr. 27/1987, komi ný málsgrein er orðist svo:

Einnig er heimilt að veita sveitarfélögum, félagasamtökum eða fyrirtækjum lán til að kaupa almennar kaupleiguíbúðir enda hafi verið sýnt fram á að nauðsynlegt sé af sérstökum tilgreindum ástæðum að auka framboð íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu, sbr. 32. gr. Lán, að viðbættum áhvílandi lánum úr Byggingarsjóði ríkisins, má nema 70% af raunverulegu kaupverði íbúðar, þó ekki hærri fjárhæð en 70% af kostnaðargrundvelli sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt, sbr. 2. og 3. mgr. 31. gr.

4. gr.

Á eftir 29. gr. laganna komi nýr undirkafli með 18 nýjum greinum. Fyrirsögn kaflans verði: **Lán til almennra kaupleiguíbúða.** Töluröð annarra greina breytist samkvæmt því.

a. (30. gr.)

Með almennum kaupleiguíbúðum er átt við íbúðir, byggðar eða keyptar á vegum sveitarfélaga, viðurkenndra félagasamtaka eða fyrirtækja, fjármagnaðar með lánum úr Byggingarsjóði ríkisins (70% lán og 15% lán) og 15% framlagi af hálfu sveitarfélaga, félagasamtaka eða fyrirtækja, þar sem íbúar eiga kost á því að velja um leigu eða kaup með þeim hætti er greinir í lögum þessum.

Þeir sem staðið geta að byggingu eða kaupum á almennum kaupleiguíbúðum eru sveitarfélög, félagasamtök eða fyrirtæki eða þessir aðilar í sameiningu, hér eftir nefndir framkvæmdaaðilar.

Með félagasamtökum er hér átt við almannasamtök sem starfa að húsnæðismálum með það að markmiði að koma á fót húsnæði og sjá um rekstur þess í þágu félagsmanna sinna. Félagasamtökin skulu hafa hlotið staðfestingu félagsmálaráðherra að fenginni umsögn húsnæðismálastjórnar. Félagsmálaráðherra skal með reglugerð setja skilyrði um fjárhagslega ábyrgð félagasamtaka, t.d. um stofnun varasjóðs o.fl., sem og nánari ákvæði um skilyrði fyrir lánum til fyrirtækja.

Með fyrirtækjum er átt við einstaklinga, félög og aðra aðila sem reka sjálfstæða starfsemi.

b. (31. gr.)

Heimilt er að veita framkvæmdaaðilum, sem þurfa af sérstökum tilgreindum ástæðum að auka framboð af íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu, sérstakt lán til almennra kaupleiguíbúða. Skilyrði er að umsækjendur eigi kost á láni til almennra kaupleiguíbúða skv. 13. eða 14. gr.

Fjárhæð láns nemi allt að 15% af kostnaðarverði eða kaupverði íbúðar, þó ekki hærri fjárhæð en sem nemur 15% af þeim kostnaðargrundvelli sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt og liggur til grundvallar lánveitingum úr Byggingarsjóði verkamanna.

Verði byggingarkostnaður meiri eða kaupverð íbúðar hærra en kostnaðargrundvöllur að lánveitingu, sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt hjá Byggingarsjóði verkamanna, greiðir hlutaðeigandi framkvæmdaaðili þann kostnað sem umfram er.

Lánstími lána samkvæmt þessari grein skal vera allt að 25 árum, sjá þó næstu málsgrein, en um lánskjör gilda að öðru leyti ákvæði 30. gr. (verður 48. gr.).

Við sölu framkvæmdaaðila á íbúð, sbr. 39. gr., skal kaupandi greiða framkvæmdaaðila lánið á fimm árum samkvæmt nánari reglum er settar skulu í reglugerð.

c. (32. gr.)

Sá sem hyggst hefjast handa um byggingu eða kaup á almennum kaupleiguíbúðum samkvæmt lögum þessum skal senda húsnæðismálastjórn umsókn og komi þar fram fjöldi, gerð og stærð fyrirhugaðra íbúða, framkvæmdatími og áætlaður byggingarkostnaður. Með umsókn fylgi jafnframt greinargerð um stöðu og horfur byggingarframkvæmda á vegum framkvæmdaaðila. Í greinargerð skal liggja fyrir áætluð byggingarþörf næstu þrjú árin og helstu forsendur fyrir þeirri þörf sem áætluð er.

Skilyrði fyrir því, að húsnæðismálastjórn veiti allt að 70% lán skv. 13. eða 14. gr. og allt að 15% lán skv. 31. gr., er að í greinargerð með umsókn komi í ljós að í hlutaðeigandi sveitarfélagi þurfi af sérstökum ástæðum að auka framboð húsnæðis. Húsnæðismálastjórn skal við úthlutun lána jafnan hafa til hliðsjónar stöðu húsnæðismála í sveitarfélaginu, einkum stöðu byggingarframkvæmda á síðastliðnum árum og þörf á íbúðarhúsnæði á næstu þremur árum.

Framkvæmdaaðilar bera fulla ábyrgð á byggingu eða kaupum á almennum kaupleiguíbúðum í sveitarfélaginu. Standi félagasamtök eða fyrirtæki ein að framkvæmdum skulu þær hafa hlotið samþykki viðkomandi sveitarstjórnar.

Um leið og umsókn samkvæmt þessari grein er lögð fram skuldbindur framkvæmdaaðili sig til þess að afla framlags sem nemi 15% af kostnaðarverði eða kaupverði íbúðar. Fari byggingarkostnaður eða kaupverð fram yfir kostnaðargrundvöll lána Byggingarsjóðs verkamanna ber framkvæmdaaðili einn þann umframkostnað.

Með umsókn fylgi staðfesting á því að fjármögnun á framlagi skv. 4. mgr. liggi fyrir.

d. (33. gr.)

Eigi skal ganga frá framkvæmdum né kaupum á almennum kaupleiguíbúðum fyrr en borist hefur staðfesting húsnæðismálastjórnar um byggingarkostnað, húsagerð, íbúðarstærð, framkvæmdahraða og önnur helstu framkvæmdaatriði.

Ekki skulu veitt lán til nýbygginga sem eru stærri en 130 m² brúttó. Stærðarútreikningur íbúða skal nánar tilgreindur í reglugerð.

Eftir því sem við verður komið skal ekki byggja eða kaupa almennar kaupleiguíbúðir þar sem kvöð er um bílskúr eða bílskýli. Sé hins vegar nauðsynlegt af skipulagsástæðum að bílskúr eða bílskýli fylgi íbúð verður ekki lánað vegna þess kostnaðarauka sem það hefur í för með sér. Þó er heimilt að víkja frá þeirri reglu þegar um fatlaða er að ræða sem þurfa nauðsynlega á bílskúr eða bílskýli að halda vegna fötlunar sinnar.

e. (34. gr.)

Framkvæmdaaðilar, sem fá lán úr Byggingarsjóði ríkisins til almennra kaupleiguíbúða, þ.e. annars vegar lán, sbr. 13. eða 14. gr. (70%), og hins vegar sérstakt lán til kaupleiguíbúða (15%), sbr. 31. gr., skulu sjá um að afla 15% af kostnaðarverði eða kaupverði íbúðar, t.d. með sölu skuldabréfa.

Framkvæmdaaðilum er einnig heimilt að selja skuldabréf öldruðum eða öryrkjum sem með kaupum á þeim vilja tryggja sér afnotarétt á íbúð, sbr. 38. gr., fyrir 15% af kostnaðarverði.

Einnig er framkvæmdaaðila heimilt að selja einstaklingum skuldabréf, sem með kaupum á þeim vilja tryggja sér afnotarétt á íbúð, sbr. 38. gr., fyrir 30% af kostnaðarverði enda sé þá eingöngu um lán að ræða skv. 13. eða 14. gr.

Skuldabréf skv. 2. og 3. mgr. skulu vera tryggð samkvæmt lánskjaravísitölu en vaxtalaus.

Í skuldabréfum skv. 2. og 3. mgr. skulu vera ákvæði um að skylt sé að innleysa þau ef eigandi þeirra segir upp leigusamningi á íbúðinni, svo og við andlát hans, sbr. þó 6. mgr. 38. gr.

f. (35. gr.)

Ráðstöfun almennra kaupleiguíbúða í hverju sveitarfélagi er á vegum framkvæmdaaðila.

Framkvæmdaaðila ber að kynna á opinberum vettvangi þær úthlutunarreglur sem gilda hverju sinni.

g. (36. gr.)

Sá sem fengið hefur úthlutað almennri kaupleiguíbúð getur valið um leigu með kauprétti, sbr. 37. gr., leigu með kaupum á eignarhluta í íbúð, sbr. 38. gr., eða kaup á íbúðinni, sbr. 39. gr.

Framkvæmdaaðila er óheimilt að ákveða fyrir fram hvort íbúð verður leigð eða seld.

h. (37. gr.)

Um leigu með kauprétti skal gerður skriflegur samningur milli aðila.

Í samningnum felst leigusamningur þar sem leigutaki á rétt á því að festa kaup á íbúðinni innan ákveðins tíma. Framkvæmdaaðili ákveður frest sem leigutaki hefur til að

neyta kaupréttar og skal sá frestur kynntur leigjanda. Frestur sá skal þó eigi vera skemmri en fimm ár.

Með leigusamningi með kauprétti stofnast persónulegur réttur leigutaka til afnota af íbúð og til kaupa á henni. Í samningnum skal koma skýrt fram hvaða kjör eru í boði verði kaupréttarins neytt. Réttur þessi er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Þó getur framkvæmaaðili heimilað að maki yfirtaki leiguíbúð með kauprétti við andlát leigutaka, hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna eða setu í óskiptu búi.

Meðan leigutaki, sem á kauprétt á íbúð, stendur í skilum að sínu leyti eiga uppsagnarákvæði laga um húsaleigusamninga ekki við. Verði hins vegar vanefndir af hans hálfu má rifta leigusamningi í samræmi við ákvæði laga um húsaleigusamninga.

Framkvæmdaaðili skal senda tilkynningu til leigutaka um lokafrest hans til að neyta kaupréttar þremur mánuðum áður en sá frestur rennur út. Neyti leigjandi ekki kaupréttar eiga ákvæði laga um húsaleigusamninga um uppsögn á leiguhúsnæði við frá þeim tíma er fyrrnefndur frestur rann út.

Leigugjald miðast við afborganir og vexti af lánum Byggingarsjóðs ríkisins og vaxtakostnað af framlagi framkvæmdaaðila þegar það á við, auk almenns rekstrarkostnaðar. Leiga greiðist með jöfnum mánaðarlegum afborgunum. Um ákvörðun húsaleigu skal kveðið nánar á um í reglugerð.

Að öðru leyti gilda lög nr. 44/1979, um húsaleigusamninga, eftir því sem við á, m.a. um heimild framkvæmdaaðila til að rifta samningi ef íbúð er framleigð án heimildar.

i. (38. gr.)

Heimilt er að tryggja leigutaka ótímabundinn afnotarétt á íbúð með því að selja honum eignarhluta í íbúð fyrir 30% kostnaðarverðs eða kaupverðs íbúðar með þeim kvöðum að eignarhluti hans standi óhreyfður í íbúðinni á meðan hann hefur afnot af henni. Þegar um elli- eða örorkulífeyrisþega er að ræða, er heimilt að eignarhluti þeirra nemi 15–30%.

Frá og með undirritun samnings um kaup leigutaka á eignarhlut í íbúð, sbr. 1. mgr., eiga ákvæði laga um húsaleigusamninga um uppsögn leigusala á húsnæði ekki við, enda verði ekki um meiri háttar vanefndir af hálfu leigutaka að ræða.

Leigutaki ber ábyrgð á rekstri og viðhaldi húsnæðisins í samræmi við eignarhluta sinn enda lækki leigugjald sem því nemi. Nánari ákvæði um félagsskap í tengslum við reksturinn má setja í reglugerð.

Eftir að kaup á eignarhluta í íbúð samkvæmt þessari grein hafa farið fram lækkar leigugjald sem nemur vöxtum af því framlagi sem leigutaki hefur fest kaup á.

Eignarhluta leigutaka, sbr. 1. mgr., skal þinglýst sem kvöð á íbúðinni.

Réttur leigutaka til íbúðar samkvæmt þessari grein er persónulegur, þ.e. er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Hætti leigutaki afnotum af íbúð skal eignarhlutinn endurgreiddur með fullum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu, án vaxta. Framkvæmdaaðili getur þó heimilað að réttur til afnota af íbúð með eignarhluta færist yfir til maka við andlát leigutaka, hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna eða setu í óskiptu búi.

Um heimild framkvæmdaaðila til að rifta leigusamningi, ef íbúð er framleigð í heimildarleysi, gilda ákvæði laga um húsaleigusamninga, nr. 44/1979, með síðari breytingum.

j. (39. gr.)

Tilkynni leigutaki innan tilskilins frests, sbr. 37. gr., að hann hyggist neyta kaupréttar síns skal gerður skriflegur kaupsamningur milli aðila enda sé áður staðfest af hálfu Húsnæðisstofnunar ríkisins að leigutaki eigi lánsrétt skv. 12. gr.

Kaupverð íbúðar er upphaflegt kostnaðarverð hennar eða síðasta söluverð, framreiknað samkvæmt vísitölu lánskjara. Frá því verði skal draga 1% fyrningu fyrir hvert ár sem liðið er frá þeim tíma er upphaflegt kostnaðarverð eða síðasta söluverð var ákveðið. Við framreiknað verð íbúðarinnar má bæta kostnaðarverði endurbóta sem á henni hafa verið gerðar.

Við kaupin greiðir kaupandi eftirfarandi útgjöld:

1. ársvexti, afborganir og verðbætur af áhvílandi lánum Byggingarsjóðs ríkisins,
2. 15% framlag sem aflað hefur verið af hálfu framkvæmdaaðila; framlagið skal framreiknað skv. 44. gr. Lánstími verði allt að 30 árum,
3. vaxtakostnað af 15% framlagi; heimilt er framkvæmdaaðila að ákveða að kaupandi greiði hærri vexti af framlagi en greiddir voru samkvæmt leigusamningi, allt að þeim vöxtum er framkvæmdaaðili greiðir lánardrottni sínum.

Jafnframt ber kaupandi ábyrgð á öllum gjöldum vegna íbúðarinnar, svo og ábyrgð á rekstri hennar og viðhaldi samkvæmt almennum reglum.

Réttur kaupanda, sem stofnast við kaupsamning á almennri kaupleiguíbúð, er persónulegur réttur. Hann er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Þó getur framkvæmdaaðili heimilað nafnaskipti á íbúð í sérstökum tilfellum, sbr. 45. gr.

Kaupandi greiðir kaupverðið, sbr. 1.–3. tölul. 3. mgr. þessarar greinar, til framkvæmdaaðila með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, þó að undanskildu 15% láni úr Byggingarsjóði ríkisins er greiðist til framkvæmdaaðila á fimm árum samkvæmt nánari reglum er settar skulu í reglugerð. Framkvæmdaaðili skal sjá um að greiða afborganir af láni/lánum Byggingarsjóðs ríkisins til sjóðsins þar til afsal er gefið út.

Ef kaupandi ætlar að selja íbúðina áður en framlag til framkvæmdaaðila er greitt að fullu skal hann gera full skil við framkvæmdaaðila um greiðslu á framlaginu.

Kaupanda er óheimilt að veðsetja almenna kaupleiguíbúð meðan hann hefur ekki að fullu greitt framlag til framkvæmdaaðila, nema að fengnu veðleyfi hans.

k. (40. gr.)

Þegar kaupandi hefur að fullu greitt framlag til framkvæmdaaðila og staðið í skilum með aðrar greiðslur fær hann afsal fyrir íbúðinni og yfirtekur um leið áhvílandi veðskuldir.

Í afsali skal tekið fram að íbúðin sé háð ákvæðum laga þessara eins og þau verða á hverjum tíma.

l. (41. gr.)

Kaupanda almennrar kaupleiguíbúðar, sbr. 39. og 40 gr., er óheimilt að leigja hana út nema að fengnu leyfi framkvæmdaaðila. Ef ekki er farið eftir settum reglum um þetta efni skal fella niður verðbætur til eiganda þann tíma sem íbúðin hefur verið leigð án heimildar.

Framkvæmdaaðila er heimilt að gjaldfella 15% lán sitt til kaupanda ef íbúð er leigð án samþykkis hans.

m. (42. gr.)

Framkvæmdaaðili hefur kaupskyldu á almennum kaupleiguíbúðum, fyrstu fimm árin frá útgáfu afsals, á verði sem tilgreint er í 44. gr. Eftir þann tíma á framkvæmdaaðili forkaupsrétt á kaupleiguíbúðum sem boðnar eru til sölu.

Þegar kaupleiguíbúðir, sem forkaupsréttur er á, eru til sölu skal eigandi senda tilkynningu þess efnis til viðkomandi aðila. Sveitarstjórn eða annar framkvæmdaaðili skal tilkynna eiganda afstöðu sína skriflega innan 30 daga. Berist tilkynning ekki innan þess tíma telst forkaupsrétti hafnað.

Hafni framkvæmdaaðili forkaupsrétti á almennri kaupleiguíbúð eða hafi íbúð verið í eigu sama aðila í 30 ár, miðað við útgáfu afsals, er eiganda heimilt að selja íbúðina á frjálsum markaði, enda greiði hann upp skuld gagnvart framkvæmdaaðila. Framkvæmdaaðili skal þá gefa út yfirlýsingu um að niður séu fallnar allar kvaðir sem verið hafa á íbúðinni um forkaupsrétt og takmarkanir á ráðstöfunarrétti. Skal yfirlýsingunni þinglýst.

n. (43. gr.)

Framkvæmdaaðili skal sjá um að leysa inn og endurselja almennar kaupleiguíbúðir þegar forkaupsréttar er neytt.

Við innlausn íbúðar skal seljandi fá endurgreitt það framlag sem hann hefur greitt til framkvæmdaaðila og þær afborganir sem hann hefur greitt af lánum Byggingarsjóðs ríkisins frá þeim tíma þegar kaupsamningur var gerður. Við greiðslur þessar bætast verðbætur samkvæmt vísitölu lánskjara frá greiðsludegi til söludags.

Þá skal seljandi íbúðarinnar fá greiddar þær endurbætur sem hann hefur gert á fasteigninni frá og með gerð kaupsamnings samkvæmt samkomulagi milli aðila eða að mati sérstakra matsmanna.

Frá greiðslu til seljanda skal draga fyrningu sem nemur 1% af framreiknuðu verði íbúðarinnar fyrir hvert ár fyrstu 20 árin frá gerð kaupsamnings. Eftir þann tíma er heimilt að lækka fyrninguna í ½% fyrir hvert ár ef íbúð og sameign er vel við haldið.

Vanræksla á viðhaldi íbúðarinnar frá og með gerð kaupsamnings skal einnig koma til frádráttar frá greiðslu til seljanda samkvæmt samkomulagi eða að mati sérstakra matsmanna. Sama gildir um lausaskuldir og vangreidd gjöld vegna íbúðarinnar.

Kostnað af mati greiðir sá sem óskaði eftir því.

o. (44. gr.)

Framkvæmdaaðili skal annast útreikning á söluverði almennra kaupleiguíbúða þar sem kaupskyldu eða forkaupsréttar er neytt. Húsnæðisstofnun ríkisins skal staðfesta útreikninginn. Ágreiningi milli aðila um verðlagningu íbúðanna skal vísa til húsnæðismálastjórnar sem sker úr um hann með rökstuddri ákvörðun.

Við endursölu íbúðar skal framreikna upphaflegt kostnaðarverð hennar eða síðasta söluverð samkvæmt vísitölu lánskjara frá gerð kaupsamnings til söludags.

Frá því verði skal draga 1% fyrningu fyrir hvert ár sem seljandi hefur átt íbúðina. Eftir 20 ár frá gerð kaupsamnings er heimilt að lækka fyrninguna í 1/2% fyrir hvert ár ef íbúð og sameign er vel við haldið.

Við framreiknað verð íbúðarinnar má bæta kostnaðarverði endurbóta sem á henni hafa verið gerðar.

Ef uppfærðar eftirstöðvar yfirtekinna lána nema lægri fjárhæð en 85% (70% og 15%) af endursöluverði íbúðarinnar er heimilt að veita viðbótarlán úr Byggingarsjóði ríkisins þannig að heildarlán til kaupanda nemi allt að 85% af söluverði íbúðarinnar.

Heildarlán má þó ekki nema hærri fjárhæð en 85% af kostnaðargrundvelli sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt.

p. (45. gr.)

Framkvæmdaaðili getur heimilað nafnaskipti á íbúðum án sölu við andlát leigutaka, hjónaskilnað eða kaupmála milli hjóna, setu í óskiptu búi, arftöku eða önnur áþekk tilfelli.

q. (46. gr.)

Nú er almenn kaupleiguíbúð seld á nauðungaruppboði og skal framkvæmdaaðili þá neyta forkaupsréttar síns og krefjast þess á uppboðsþingi að eignin verði lögð honum út til

eignar á því verði sem hæst hefur verið boðið í eignina eða söluverði skv. 44. gr. ef það er lægra en hæsta boð. Að fengnu afsali samkvæmt þessu ákvæði skal afmá í veðmálabókum veðbönd og höft á eigninni.

r. (47. gr.)

Að öðru leyti gilda lög um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936, sbr. lög nr. 11/1986, um réttarsamband þetta.

5. gr.

Við 30. gr. laganna (verður 48. gr.), sbr. l. nr. 54/1986, bætist ný málsgrein er hljóði svo:

Lán samkvæmt 10. tölul. 11. gr. endurgreiðast með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands á eftirstöðvum lánstímans. Greiða skal afborgun strax á fyrsta ári. Gjalddagar skulu eigi vera færri en fjórir á ári.

6. gr.

Við síðari mgr. 33. gr. (verður 50. gr.) bætist nýr stafliður er hljóði svo:

d. Félagslegar kaupleiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar á vegum sveitarfélaga eða félagasamtaka og ætlaðar eru láglaunafólki eða öðrum þeim sem af félagslegum ástæðum þurfa aðstoð við húsnæðisöflun og fullnægja skilyrðum laga þessara um lánveitingar úr Byggingarsjóði verkamanna. Um félagslegar kaupleiguíbúðir gilda ákvæði VI. kafla laga þessara.

7. gr.

Við 37. gr. (verður 54. gr.) bætist ný málsgrein er hljóði svo:

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um félagslegar kaupleiguíbúðir skv. VI. kafla laga þessara.

8. gr.

Á eftir V. kafla laganna komi nýr kafli með 17 nýjum greinum. Fyrirsögn kaflans verði VI. KAFLI. **Félagslegar kaupleiguíbúðir.** Töluröð annarra kafla og greina breytist samkvæmt því.

a. (85. gr.)

Með félagslegum kaupleiguíbúðum er í lögum þessum átt við íbúðir byggðar eða keyptar á vegum sveitarfélaga eða félagasamtaka, fjármagnaðar með láni úr Byggingarsjóði verkamanna og fjármagni á vegum sveitarfélags eða félagasamtaka þar sem íbúar, sem fullnægja ákvæðum laga um lánveitingar úr Byggingarsjóði verkamanna, eiga kost á að velja um leigu eða kaup með þeim hætti er greinir í lögum þessum.

Þeir sem staðið geta að byggingum eða kaupum á félagslegum kaupleiguíbúðum eru annars vegar sveitarfélög og hins vegar félagasamtök eða þessir aðilar í sameiningu, hér eftir nefndir framkvæmdaaðilar.

b. (86. gr.)

Nú samþykkir sveitarstjórn að hefjast handa um byggingu eða kaup á félagslegum kaupleiguíbúðum samkvæmt lögum þessum og sendir sveitarstjórn þá húsnæðismálastjórn tilkynningu um þá ákvörðun sína. Jafnframt sendir sveitarstjórn Byggingarsjóði verkamanna formlega umsókn um lán til framkvæmdanna eða kaupanna og komi þar fram fjöldi, gerð og stærð fyrirhugaðra íbúða, framkvæmdatími og áætlaður byggingarkostnaður. Með umsókn fylgi jafnframt greinargerð um stöðu félagslegra íbúðabygginga og áætlaðan fjölda

íbúa sem af félagslegum ástæðum þarf aðstoð við húsnæðisöflun. Í greinargerð skal liggja fyrir áætluð byggingarþörf næstu þrjú árin og helstu forsendur fyrir þeirri þörf sem áætluð er.

Á sama hátt skulu viðurkennd félagasamtök, sem hyggjast standa að byggingu eða kaupum á félagslegum kaupleiguíbúðum, senda inn umsókn til Byggingarsjóðs verkamanna. Standi félagasamtökin ein að framkvæmdunum skulu þær hafa hlotið samþykki sveitarstjórnar. Með félagasamtökum er hér átt við almannasamtök sem starfa að húsnæðismálum með það að markmiði að koma á fót húsnæði og sjá um rekstur þess í þágu félagsmanna sinna.

Félagasamtökin skulu hafa hlotið staðfestingu félagsmálaráðherra. Félagsmálaráðherra skal með reglugerð setja skilyrði um fjárhagslega ábyrgð félagasamtaka, t.d. um stofnun varasjóðs o.fl.

Með umsókn um lán samkvæmt þessari grein skuldbindur framkvæmdaaðili sig til þess að afla framlags sem nemi 15% af kostnaðarverði eða kaupverði íbúðar. Með umsókn fylgi staðfesting á því að fjármögnun á framlagi liggi fyrir.

c. (87. gr.)

Eigi skal hefja framkvæmdir né ganga frá kaupum á félagslegum kaupleiguíbúðum fyrr en borist hefur staðfesting húsnæðismálastjórnar um byggingarkostnað, húsgerð, íbúðarstærð, framkvæmdahraða og önnur helstu framkvæmdaatriði. Um atriði þessi gilda ákvæði 41.–43. gr. (verður 58.–60. gr.), þar á meðal um framkvæmdalánssamning Húsnæðisstofnunar við framkvæmdaaðila.

Ekki skulu veitt lán til nýbygginga sem eru stærri en 130 m^2 brúttó. Stærðarútreikningur íbúða skal nánar tilgreindur í reglugerð.

Eftir því sem við verður komið skal ekki byggja eða kaupa félagslega kaupleiguíbúð þar sem kvöð er um bílskúr eða bílskýli. Sé hins vegar nauðsynlegt af skipulagsástæðum að bílskúr eða bílskýli fylgi íbúð verður ekki lánað vegna þess kostnaðarauka sem það hefur í för með sér. Þó er heimilt að víkja frá þeirri reglu þegar um fatlaða er að ræða sem þurfa nauðsynlega á bílskúr eða bílskýli að halda vegna fötlunar sinnar.

d. (88. gr.)

Lán Byggingarsjóðs verkamanna til félagslegra kaupleiguíbúða mega nema allt að 85% af byggingarkostnaði eða kaupverði, þó ekki hærri fjárhæð en 85% af þeim kostnaðargrundvelli sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt.

Framkvæmdaaðilar bera fulla ábyrgð á byggingu eða kaupum á félagslegum kaupleiguíbúðum í sveitarfélaginu.

Verði byggingarkostnaður meiri eða kaupverð íbúðar hærra en ofangreindur kostnaðargrundvöllur greiðir hlutaðeigandi framkvæmdaaðili þann kostnað sem umfram er.

Um lánskjör gilda ákvæði 49. gr. (verður 66. gr.), sbr. þó sérreglu 5. mgr. 93. gr. um endurskoðun á lánskjörum þegar kaupsamningur er gerður og sérreglu í 5. mgr. þessarar greinar.

Eftir að kaupsamningur hefur verið gerður á félagslegri kaupleiguíbúð endurskoðar Byggingarsjóður verkamanna tekjur kaupanda að átta árum liðnum frá undirritun kaupsamnings og upp frá því á fimm ára fresti. Leiði sú endurskoðun í ljós að tekjur kaupanda eru yfir þeim tekjumörkum sem gilda hverju sinni skv. 44. gr. (verður 61. gr.), skal breyta vaxtakjörum þannig að þau verði hin sömu og gilda um lán til almennra kaupleiguíbúða. Sinni kaupandi ekki upplýsingaskyldu sinni um tekjur, þegar endurskoðun vaxtakjara fer fram, þrátt fyrir umleitan framkvæmdaaðila, verða vaxtakjörin færð til samræmis við þau sem gilda um almennar kaupleiguíbúðir.

e. (89. gr.)

Framkvæmdaaðilar, sem fá úthlutað láni úr Byggingarsjóði verkamanna til félagslegra kaupleiguíbúða, skulu sjá um að afla 15% af kostnaðarverði eða kaupverði íbúðar.

f. (90. gr.)

Framkvæmdaaðili skal sjá um að ráðstafa félagslegum kaupleiguíbúðum.

Til greina við úthlutun íbúðar koma þeir sem uppfylla skilyrði 44. gr. (verður 61. gr.).

g. (91. gr.)

Sá sem fengið hefur úthlutað félagslega kaupleiguíbúð getur valið um leigu með kauprétti, sbr. 92. gr., eða kaup, sbr. 93. gr.

Framkvæmdaaðila er óheimilt að ákveða fyrir fram hvort íbúð verði leigð eða seld.

h. (92. gr.)

Um leigu með kauprétti skal gerður skriflegur leigusamningur milli aðila.

Í samningnum felst leigusamningur þar sem leigutaki á rétt á því að festa kaup á íbúðinni innan ákveðins tíma. Framkvæmdaaðili ákveður frest sem leigutaki hefur til að neyta kaupréttar og skal sá frestur kynntur leigjanda. Frestur sá skal þó eigi vera skemmri en fimm ár.

Með leigusamningi með kauprétti stofnast persónulegur réttur leigutaka til afnota af íbúð og til kaupa á henni. Í samningnum skal koma skýrt fram hvaða kjör eru í boði verði kaupréttarins neytt. Réttur þessi er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Þó getur framkvæmdaaðili heimilað að maki yfirtaki leiguíbúð með kauprétti við andlát leigutaka, hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna eða setu í óskiptu búi.

Meðan leigutaki, sem á kauprétt á íbúð, stendur í skilum að sínu leyti, eiga uppsagnarákvæði laga um húsaleigusamninga ekki við. Verði hins vegar vanefndir af hans hálfu, má rifta leigusamningi í samræmi við ákvæði laga um húsaleigusamninga.

Framkvæmdaaðili skal senda tilkynningu til leigutaka um lokafrest hans til að neyta kaupréttar þremur mánuðum áður en sá frestur rennur út. Neyti leigjandi eigi kaupréttar eiga ákvæði laga um húsaleigusamninga um uppsögn á leiguhúsnæði við frá þeim tíma er fyrrnefndur frestur rann út.

Leigugjald miðast við afborganir og vexti af láni Byggingarsjóðs verkamanna og vaxtakostnað af framlagi framkvæmdaaðila, að viðbættum almennum rekstrarkostnaði. Við ákvörðun á vaxtakostnaði af framlagi framkvæmdaaðila skal við það miðað að vextir verði að hámarki þeir sömu og eru á hverjum tíma af lánum nýrra eða notaðra íbúða hjá Byggingarsjóði ríkisins. Leiga greiðist með jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Nánari reglur um ákvörðun húsaleigu skulu settar í reglugerð.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 44/1979, um húsaleigusamninga, eftir því sem við á, m.a. um heimild framkvæmdaaðila til að rifta leigusamningi ef íbúð er framleigð án heimildar.

i. (93. gr.)

Tilkynni leigutaki innan tilskilins frests, sbr. 92. gr., að hann hyggist neyta kaupréttar síns skal gerður skriflegur kaupsamningur milli aðila.

Kaupverð íbúðar er upphaflegt kostnaðarverð hennar eða síðasta söluverð, framreiknað samkvæmt vísitölu lánskjara. Frá því verði skal draga 1% fyrningu fyrir hvert ár sem liðið er frá þeim tíma er upphaflegt kostnaðarverð eða síðasta söluverð var ákveðið. Við framreiknað verð íbúðarinnar má bæta kostnaðarverði endurbóta sem á henni hafa verið gerðar.

Við kaupin greiðir kaupandi eftirfarandi útgjöld:

1. ársvexti, afborganir og verðbætur af áhvílandi láni Byggingarsjóðs verkamanna;
2. 15% framlag sem aflað hefur verið af hálfu framkvæmdaaðila; framlagið skal framreiknað samkvæmt ákvæði 97. gr. Lánstími verði allt að 30 árum;
3. vaxtakostnað af 15% framlagi; heimilt er framkvæmdaaðila að ákveða að kaupandi greiði hærri vexti af framlagi en greiddir voru samkvæmt leigusamningi, sbr. 92. gr., allt að þeim vöxtum er framkvæmdaaðili greiðir lánardrottni sínum.

Jafnframt ber kaupandi ábyrgð á gjöldum vegna íbúðarinnar samkvæmt almennum reglum svo og ábyrgð á rekstri hennar og viðhaldi.

Ef kaupandi, sem áður hefur haft íbúðina á leigu, er yfir þeim tekjumörkum sem gilda hverju sinni skv. 44. gr. (verður 61. gr.) á þeim tíma sem kaupsamningur er undirritaður skal breyta kjörum láns Byggingarsjóðs verkamanna þannig að það verði með sömu kjörum og um væri að ræða lán til almennra kaupleiguíbúða.

Réttur kaupanda, sem stofnast við kaupsamning á félagslegri kaupleiguíbúð, er persónulegur réttur. Hann er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Þó getur framkvæmdaaðili heimilað nafnaskipti á íbúð í sérstökum tilfellum, sbr. 99. gr.

Kaupandi greiðir kaupverð samkvæmt þessari grein með jöfnum mánaðarlegum greiðslum til framkvæmdaaðila, þar á meðal greiðslur af láni Byggingarsjóðs verkamanna. Framkvæmdaaðili skal sjá um greiðslur afborgana af láni til Byggingarsjóðs verkamanna þar til afsal er gefið út.

Ef kaupandi ætlar að selja íbúðina áður en framlag til framkvæmdaaðila er að fullu greitt skal hann gera full skil við framkvæmdaaðila um greiðslu á framlaginu.

Kaupanda er óheimilt að veðsetja félagslega kaupleiguíbúð meðan hann hefur ekki greitt að fullu framlag til framkvæmdaaðila, nema að fengnu veðleyfi hans.

j. (94. gr.)

Þegar kaupandi hefur að fullu greitt framlag til framkvæmdaaðila skv. 93. gr. og staðið í skilum með aðrar greiðslur fær hann afsal að íbúðinni og yfirtekur um leið áhvílandi veðskuldir.

Í afsali skal tekið fram að íbúðin sé háð ákvæðum laga þessara eins og þau verða á hverjum tíma.

Ekki skal greiða stimpilgjald af afsölum fyrir félagslegum kaupleiguíbúðum en kostnað við þinglýsingu greiðir kaupandi.

k. (95. gr.)

Íbúðareiganda er óheimilt að leigja félagslega kaupleiguíbúð nema að fengnu samþykki framkvæmdaaðila. Ef ekki er farið eftir settum reglum um þetta efni skal fella niður verðbætur til eiganda þann tíma sem íbúðin hefur verið í leigu án heimildar.

Framkvæmdaaðila er heimilt að gjaldfella 15% lán sitt til kaupanda ef íbúð er leigð án hans samþykkis.

l. (96. gr.)

Framkvæmdaaðili hefur kaupskyldu á félagslegum kaupleiguíbúðum, við verði sem tilgreint er í 97. gr., fyrstu 15 árin frá útgáfu afsals. Eftir þann tíma á framkvæmdaaðili forkaupsrétt á kaupleiguíbúðum sem boðnar eru til sölu.

Þegar félagslegar kaupleiguíbúðir, sem sveitarfélag eða félagasamtök hafa forkaupsrétt á, eru til sölu skal eigandi senda tilkynningu þess efnis til sveitarstjórnar eða annars framkvæmdaaðila. Framkvæmdaaðili skal tilkynna eiganda afstöðu sína skriflega innan 30 daga. Berist tilkynning ekki innan þess tíma telst forkaupsrétti hafnað.

Hafni sveitarstjórn eða félagasamtök forkaupsrétti á félagslegri kaupleiguíbúð eða hafi íbúð verið í eigu sama aðila í 30 ár, miðað við útgáfu afsals, er eiganda heimilt að selja íbúðina á frjálsum markaði, enda greiði hann upp áhvílandi, uppfærðar eftirstöðvar láns Byggingarsjóðs verkamanna, svo og skuld gagnvart sveitarfélagi. Framkvæmdaaðili skal þá gefa út yfirlýsingu um að niður séu fallnar allar kvaðir sem verið hafa á íbúðinni um forkaupsrétt og takmarkanir á ráðstöfunarrétti. Skal yfirlýsingunni þinglýst.

m. (97. gr.)

Framkvæmdaaðili skal annast útreikning á söluverði félagslegra kaupleiguíbúða þar sem kaupskylda gildir eða forkaupsréttar er neytt. Húsnæðisstofnun ríkisins skal staðfesta útreikninginn. Ágreiningi milli aðila um verðlagningu íbúðanna skal vísað til matsnefndar félagslegra íbúða.

Við innlausn íbúðar skal seljandi fá endurgreitt það fjármagn sem hann hefur greitt skv. 2. og 3. tölul. 3. mgr. 93. gr. og þær afborganir sem hann hefur greitt af láni Byggingarsjóðs verkamanna frá þeim tíma sem kaupsamningur var gerður. Við greiðslur þessar bætast verðbætur samkvæmt vísitölu lánskjara frá greiðsludegi til söludags.

Þá skal seljandi íbúðarinnar fá greiddar þær endurbætur sem hann hefur gert á fasteigninni frá gerð kaupsamnings samkvæmt samkomulagi milli aðila eða að mati sérstakra matsmanna.

Frá greiðslu til seljanda skal draga fyrningu sem nemur 1% af framreiknuðu verði íbúðarinnar fyrir hvert ár fyrstu 20 árin frá gerð kaupsamnings. Eftir þann tíma er heimilt að lækka fyrninguna í ½% fyrir hvert ár ef íbúð og sameign er vel við haldið.

Vanræksla á viðhaldi íbúðarinnar skal frá og með gerð kaupsamnings einnig koma til frádráttar frá greiðslu til seljanda samkvæmt samkomulagi eða að mati sérstakra matsmanna. Sama gildir um lausaskuldir og vangreidd gjöld vegna íbúðarinnar.

Kostnað af mati greiðir sá aðili sem óskaði eftir því.

n. (98. gr.)

Við endursölu íbúðar skal framreikna upphaflegt kostnaðarverð hennar eða síðasta söluverð samkvæmt vísitölu lánskjara frá þeim tíma þegar kaupsamningur var gerður til söludags. Frá því verði skal draga 1% fyrningu fyrir hvert ár sem seljandi hefur átt íbúðina. Eftir 20 ár frá gerð kaupsamnings er heimilt að lækka fyrninguna í ½% fyrir hvert ár ef íbúð og sameign er vel við haldið. Við framreiknað verð íbúðarinnar má bæta kostnaðarverði endurbóta sem á henni hafa verið gerðar.

Ef uppfærðar eftirstöðvar yfirtekinna lána nema lægri fjárhæð en 85% af endursöluverði íbúðarinnar er heimilt að veita viðbótarlán úr Byggingarsjóði verkamanna þannig að heildarlán til kaupanda nemi allt að 85% af söluverði íbúðarinnar.

Heildarlán má þó ekki nema hærri fjárhæð en 85% af kostnaðargrundvelli sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt.

o. (99. gr.)

Framkvæmdaaðili getur heimilað nafnaskipti á íbúðum án sölu við andlát leigutaka, hjónaskilnað eða kaupmála milli hjóna, setu í óskiptu búi, arftöku eða önnur áþekk tilfelli.

p. (100. gr.)

Nú er félagsleg kaupleiguíbúð seld á nauðungaruppboði og skal framkvæmdaaðili þá neyta forkaupsréttar síns og krefjast þess á uppboðsþingi að eignin verði lögð honum út til eignar á því verði sem hæst hefur verið boðið í eignina eða söluverði skv. 97. gr. ef það er lægra en hæsta boð. Að fengnu afsali samkvæmt þessu ákvæði skal afmá í veðmálabókum veðbönd og höft á eigninni.

q. (101. gr.)
Að öðru leyti gilda lög um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936, sbr. lög nr. 11/1986 um réttarsamband þetta.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.
Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Markmið þessa frumvarps er að ryðja braut nýjum valkostum í húsnæðismálum landsmanna, kaupleiguíbúðum. Fyrirkomulag kaupleiguíbúða verður með þeim hætti að íbúar geta valið um leigu eða kaup á íbúðinni. Tilgangurinn er að auka sveigjanleika húsnæðiskerfisins með hliðsjón af mismunandi þörfum fólks eftir aldri, búsetu og félagslegri stöðu.

Umsjón með undirbúningi og gerð frumvarpsins hafði Ingi Valur Jóhannsson, félagsfræðingur hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Auk þess unnu Þorgerður Benediktsdóttir, deildarlögfræðingur hjá félagsmálaráðuneytinu, og Percy B. Stefánsson, forstöðumaður Byggingarsjóðs verkamanna, að gerð frumvarpsins.

Tillögur frumvarpsins voru kynntar á samráðsfundum með fjölmörgum aðilum, m.a. húsnæðisnefnd og sambandsstjórn Alþýðusambands Íslands, fulltrúum frá BSRB og VSÍ, forráðamönnum Sambands ísl. sveitarfélaga og átta almannasamtaka sem starfa að húsnæðismálum.

Kaupleiguíbúðir eru samkvæmt frumvarpi þessu íbúðir byggðar eða keyptar á þeim forsendum að íbúar eigi kost á að velja um **leigu eða kaup** með jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Í samræmi við ábendingar, m.a. frá mörgum sveitarfélögum og félagasamtökum, er lagt til að kaupleiguíbúðirnar verði með tvennum hætti: **félagslegar kaupleiguíbúðir** og **almennar kaupleiguíbúðir.** Félagslegar kaupleiguíbúðir eru samkvæmt frumvarpi þessu eingöngu á vegum sveitarfélaga og/eða félagasamtaka. Framkvæmda- og ábyrgðaraðilar að **almennum kaupleiguíbúðum** geta verið sveitarfélög, félagasamtök og fyrirtæki eða þessir aðilar í sameiningu. Samstarfsaðilar sveitarfélaga við þetta verkefni geta t.d. verið launþegafélög, lífeyrissjóðir, starfsmannafélög, húsnæðissamvinnufélög, byggingarsamvinnufélög og önnur félagasamtök. Um félagslegar kaupleiguíbúðir og almennar kaupleiguíbúðir gildir að framkvæmdaaðili skal standa undir 15% byggingarkostnaðar og er gert ráð fyrir að unnt sé að afla framlagsins með sölu skuldabréfa, t.d. til lífeyrissjóða.

Þegar um leigu er að ræða miðast leigugjald við afborganir og vexti af lánum frá Húsnæðisstofnun ríkisins, auk vaxtakostnaðar af framlagi framkvæmdaaðila og hæfilegs rekstrarkostnaðar.

Óski leigjandi að kaupa íbúðina er gerður samningur við hlutaðeigandi sveitarfélag eða félagasamtök um endurgreiðslu á 15% framlaginu og að þeim hluta greiddum yfirtekur kaupandi eftirstöðvar af áhvílandi láni frá öðrum hvorum byggingarsjóðnum. Reiknað er með að endurgreiðsla 15% framlags framkvæmdaaðila fari fram á allt að 30 árum. Gert er ráð fyrir að leigjendur hafi a.m.k. fimm ára umþóttunartíma varðandi kaup en sveitarfélögum verður heimilt að hafa hann lengri ef þurfa þykir.

Lögð er rík áhersla á að íbúar inni af hendi jafnar mánaðargreiðslur hvort sem þeir leigja íbúð eða eru að kaupa hana.

Félagslegar kaupleiguíbúðir.

Gert er ráð fyrir að eingöngu sveitarfélög eða félagasamtök, sem þurfa að kaupa eða byggja kaupleiguíbúðir fyrir láglaunafólk eða aðra þá sem af félagslegum ástæðum þurfa aðstoð við húsnæðisöflun, njóti lánafyrirgreiðslu úr Byggingarsjóði verkamanna. Lánað verði allt að 85% kostnaðar til 43 ára og að vextir verði þeir sömu og gilda almennt hjá sjóðnum. Framkvæmdaaðili útvegar 15% af kostnaði eða kaupverði íbúðarinnar. Gert er ráð fyrir að framkvæmdaaðilar, sem kaupa eða byggja kaupleiguíbúðir, afli 15% framlagsins með sölu skuldabréfa til lífeyrissjóða eða annarra aðila.

Með umsókn um lán til félagslegra kaupleiguíbúða þarf, auk upplýsinga um fyrirhugaðar framkvæmdir, að fylgja greinargerð um stöðu félagslegra íbúðabygginga og skýrar uplýsingar um þörf fyrir íbúðir með félagslegum lánakjörum. Öll þau félagslegu skilyrði, sem gilda um lánveitingar úr Byggingarsjóði verkamanna (tekjumörk o.s.frv.), eiga við um félagslegar kaupleiguíbúðir.

Leigugjald greiðist mánaðarlega og miðast við afborganir og vexti af láni úr Byggingarsjóði verkamanna og vaxtakostnað af framlagi sveitarfélags eða félagasamtaka, að viðbættum almennum rekstrarkostnaði. Gert er ráð fyrir að raunvextir af 15% framlagi, sem renna í leigu í félagslegri kaupleiguíbúð, verði þeir sömu og gilda um almenn lán úr Byggingarsjóði ríkisins. Á móti kemur að eignarmyndun vegna afborgunar lána úr sjóðnum verður eign sveitarfélagsins eða félagasamtakanna.

Leigjandi á þess kost að **kaupa íbúðina** á kjörum Byggingarsjóðs verkamanna að því tilskildu að skilyrðum varðandi lánveitingar úr sjóðnum sé fullnægt. Kaupandi gerir þá kaupsamning við framkvæmdaaðila þar sem kveðið er á um mánaðarlegar greiðslur af láni úr Byggingarsjóði verkamanna og endurgreiðslu framlags framkvæmdaaðila.

Þegar kaupandi hefur endurgreitt sveitarfélaginu framlag þess fær hann afsal fyrir íbúðinni og yfirtekur eftirstöðvar áhvílandi lána. Gert er ráð fyrir að vaxtakjör til kaupanda verði þau sömu og framkvæmdaaðili greiðir lánardrottnum sínum í þessu sambandi. Talið er eðlilegt að munur sé í þessu tilliti milli leigjenda og kaupenda enda fá þeir sem kaupa íbúðir sérstakar húsnæðisbætur.

Þá er lagt til að taka upp þau nýmæli varðandi félagslegar íbúðir að endurskoða lánakjör þeirra íbúða sem seldar verða með hliðsjón af tekjum viðkomandi. Í þessu skyni er gert ráð fyrir að átta árum eftir að kaupin eru gerð fari fram endurskoðun á vaxtakjörum á láni úr Byggingarsjóði verkamanna og síðan á fimm ára fresti eftir það. Ef eigandi er yfir gildandi tekjumörkum þegar endurskoðun fer fram skal breyta lánakjörum. Leigjandi í félagslegri kaupleiguíbúð, sem er yfir gildandi tekjumörkum þegar kaup eru gerð, lýtur lánakjörum almennra kaupleiguíbúða.

Lán til félagslegra kaupleiguíbúða eru veitt á félagslegum forsendum og eru vextir afar hagstæðir. Til að tryggja að félagslegar kaupleiguíbúðir þjóni þeim sem þurfa aðstoð við útvegun húsnæðis er kaupskylda á félagslegum kaupleiguíbúðum sem seldar verða og koma til endursölu fyrstu 15 árin frá útgáfu afsals. Að loknu kaupskyldutímabili á sveitarstjórn eða viðkomandi félagasamtök forkaupsrétt á íbúðunum.

Almennar kaupleiguíbúðir.

Víða um land er talin þörf á auknu framboði af íbúðum fyrir almennan markað með kaupleigufyrirkomulagi. Þetta kemur m.a. fram í könnun sem félagsmálaráðuneytið gerði vegna undirbúnings frumvarps um kaupleiguíbúðir og nánar er greint frá síðar í athugasemdum þessum. Bent var á að kaupleigufyrirkomulagið gæti leyst vandræði sem hlotist hafa af hinni miklu áhættu sem fylgir íbúðarfjárfestingu á landsbyggðinni. Einnig komu fram í könnuninni ábendingar um nauðsyn þess að bjóða íbúðir á félagslegum forsendum en með

almennum kjörum fyrir t.d. aðkomufólk, aldraða, öryrkja og ungar fjölskyldur sem eru að stofna heimili.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sveitarfélög, félagasamtök eða fyrirtæki sem þurfa af sérstökum ástæðum að auka framboð íbúðarhúsnæðis, eigi kost á láni (70%) úr Byggingarsjóði ríkisins til að kaupa eða byggja almennar kaupleiguíbúðir auk viðbótarláns úr sama sjóði. Lagt er til að í þessu skyni verði stofnaður sérstakur lánaflokkur í Byggingarsjóði ríkisins, **lán til almennra kaupleiguíbúða,** ætlaður framkvæmdaaðilum sem þurfa að auka framboð húsnæðis. Gert er ráð fyrir að lánað verði allt að 15% kostnaðar samkvæmt þessum nýja lánaflokki, lánstími verði 25 ár en vextir verði þeir sömu og gilda um almenn lán sjóðsins.

Sveitarfélög eða aðrir framkvæmdaaðilar, sem byggja almennar kaupleiguíbúðir, skuldbinda sig til að útvega 15% byggingarkostnaðar eða kaupverðs. Fyrirkomulag fjármögnunar kaupleiguíbúðanna gerir ráð fyrir að framkvæmdaaðilar útvegi 15% kostnaðar eða kaupverðs íbúðanna með sölu skuldabréfa til lífeyrissjóða eða annarra aðila. Skipulögð fjármögnun með þessum hætti fyrir milligöngu framkvæmdaaðila og mánaðarlegar greiðslur stuðla að jafnari dreifingu húsnæðiskostnaðar.

Í könnun félagsmálaráðuneytisins komu fram tillögur um að bæta við einum möguleika í kaupleigukerfinu, þ.e. sölu á hlutareign gegn afnotarétti af íbúðinni. Tilgangur kaupleigukerfisins er að auka sveigjanleika húsnæðiskerfisins. Því er lagt til í frumvarpinu að þessi þriðji möguleiki verði þar fyrir hendi. Gert er ráð fyrir að þessi leið verði einungis bundin við almennar kaupleiguíbúðir. Þess vegna er í frumvarpinu gert ráð fyrir því að í **almenna kaupleigukerfinu** verði opnaður nýr möguleiki fyrir þá aðila sem vilja bjóða kaupleiguíbúðir á þeim forsendum að leigjendur kaupi skuldabréf framkvæmdaaðila og eignist 30% hlut í íbúðinni. Þegar um er að ræða aldraða eða öryrkja er heimilt að selja leigjendum 15% hlut í eigninni en almenna reglan er 30% hlutareign. Hlutareign með þessum hætti tryggir afnotarétt af íbúðinni. Skuldabréf, sem seld eru gegn tryggingu á afnotarétti, skulu vera verðtryggð samkvæmt lánskjaravísitölu en vaxtalaus. Heimilt verður að setja í skuldabréfin ákvæði um að skylt sé að innleysa þau ef eigandi þeirra segir upp leigusamningi á íbúðinni svo og við andlát hans.

Leiguíbúðir með hlutareign henta sérstaklega vel fyrir fjármögnun og rekstur íbúða fyrir aldraða og öryrkja. Með þessu fyrirkomulagi verða íbúðaskiptin auðveldari fyrir t.d. aldraða sem vilja aðlaga húsnæðismál sín að breyttum forsendum á efri árum og komast í sérstakar íbúðir fyrir aldraða. Hlutareign gefur möguleika á þátttöku við stjórnun og rekstur leiguíbúðanna.

Þegar framkvæmdaaðili lætur leigjanda almenna kaupleiguíbúð í té með sölu á hlutareign er leigugjaldið afborganir af láni/lánum úr Byggingarsjóði ríkisins, auk rekstrarkostnaðar. Þegar leigjandi hættir afnotum á íbúðinni fær hann framlag sitt endurgreitt með verðbótum en án vaxta.

Leigugjald fyrir almenna kaupleiguíbúð miðast við afborganir og vexti af almennu láni (70%), sérstöku viðbótarláni (15%) úr Byggingarsjóði ríkisins og vaxtakostnað af framlagi framkvæmdaaðila þegar það á við, auk almenns rekstrarkostnaðar. Þegar um leiguíbúð er að ræða kemur eignarmyndun vegna afborgunar lána úr Byggingarsjóði ríkisins í hlut framkvæmdaaðila en afborganir af framlagi hans má ekki taka í leigu. Lögð er mikil áhersla á mánaðarlegar greiðslur og er fyrirframgreiðsla óheimil.

Óski leigjandi að kaupa íbúðina á hann rétt á því að uppfylltum skilyrðum laga um Húsnæðisstofnun ríkisins um iðgjaldagreiðslur í lífeyrissjóð. Þá skal gerður kaupsamningur þar sem kveðið er á um mánaðarlegar greiðslur af láni (70%) úr Byggingarsjóði ríkisins. Einnig skal kveðið á um endurgreiðslur sérstaka viðbótarlánsins (15%) til Byggingarsjóðs ríkisins en það er heimilt að endurgreiða á allt að fimm árum frá dagsetningu kaupsamnings.

Þegar kaupandi hefur endurgreitt viðbótarlánið til Byggingarsjóðs ríkisins og framlag framkvæmdaaðila fær hann afsal fyrir íbúðinni og yfirtekur eftirstöðvar lána úr Byggingarsjóði ríkisins.

Almennar kaupleiguíbúðir eru í eðli sínu félagslegar þar sem forsendur fjármögnunar, framkvæmdir og rekstur íbúðanna grundvallast á félagslegum sjónarmiðum. Til að tryggja að almennar kaupleiguíbúðir þjóni áfram tilgangi sínum hvílir kaupskylda á framkvæmdaaðila í fimm ár frá útgáfu afsals. Eftir það á framkvæmdaaðili forkaupsrétt.

Hér verður gerð nánari grein fyrir þeim valkostum sem frumvarpið gerir tillögur um: leiga í félagslegum og almennum kaupleiguíbúðum, leiguíbúðir með 15% og 30% hlutareign og kaup félagslegra og almennra kaupleiguíbúða.

Kostnaðarleiga.

Samkvæmt upplýsingum frá tæknideild Húsnæðisstofnunar ríkisins er kostnaðarverð 100 fermetra meðalíbúðar (brúttó) í verkamannabústöðum 4 milljónir króna miðað við athugun í október 1987. Í eftirfarandi dæmum um áætlaða kostnaðarleigu og greiðslubyrði kaupenda í kaupleigukerfinu verður miðað við þessar forsendur.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að í leigugjaldi fyrir kaupleiguíbúð séu fólgnar afborganir, verðbætur og vextir af lánum frá Húsnæðisstofnun ríkisins og vaxtakostnaður af framlagi framkvæmdaaðila, auk almenns rekstrarkostnaðar. Almennt er gert ráð fyrir að vextir af framlagi framkvæmdaaðila, sem fara í leigugjald, verði ekki hærri en vextir af almennum lánum Byggingarsjóðs ríkisins. Rétt þykir að einungis vaxtagjöld af 15% framlagi framkvæmdaaðila renni í leigu enda kemur eignarmyndun vegna endurgreiðslu 85% kostnaðar í hlut framkvæmdaaðila. Í dæmunum, sem hér fylgja, er gerð grein fyrir kostnaðarleigu miðað við fjármagnskostnað íbúðanna en ekki gerð tilraun til að meta almennan rekstrarkostnað. Þá er gengið út frá því að lánstími sérstaks láns (15%) úr Byggingarsjóði ríkisins til almennra kaupleiguíbúða verði 25 ár og vextir 3,5%.

Leigugjald á mánuði **í félagslegum og almennum kaupleiguíbúðum,** miðað við 100 fermetra meðalíbúð á 4 milljónir króna og fyrrnefndar lánaforsendur, er sýnt í meðfylgjandi yfirliti. Rétt er að ítreka að almennur rekstrarkostnaður vegna viðhalds, hita og rafmagns er ekki reiknaður með í þessum dæmum.

Í dæminu um leigu í félagslegum kaupleiguíbúðum er miðað við 85% lán með 1% vöxtum sem endurgreiðist með jöfnum mánaðarlegum greiðslum á 43 árum og að 3,5% vextir af framlagi framkvæmdaaðila renni í leigu.

Félagslegar kaupleiguíbúðir.

	Lánsfjárhæð þús. kr.	Mánaðarlegar leigugreiðslur kr.
1. Afborganir og vextir af láni úr Byggingarsjóði verkamanna	3 400	8 300
2. Vextir (3.5%) af framlagi framkvæmdaaðila	600	1 750
Samtals	4 000	10 050

Í dæminu um leigu í almennum kaupleiguíbúðum er miðað við 70% lán með 3,5% vöxtum sem endurgreiðist á 40 árum, viðbótarlán (15%) sem endurgreiðist á 25 árum og vaxtagjöld af framlagi framkvæmdaaðila. Miðað er við 100 fermetra íbúð á 4 m.kr.

Almennar kaupleiguíbúðir.

	Lánsfjárhæð þús. kr.	Mánaðarlegar leigugreiðslur kr.
1. Afborganir og vextir af (70%) láni úr Byggingarsjóði ríkisins	2 800	11 200
2. Afborganir og vextir af (15%) láni úr Byggingarsjóði ríkisins	600	3 000
3. Vextir (3.5%) af framlagi framkvæmdaaðila	600	1 750
Samtals	4 000	15 950

Hlutareign.

Framkvæmdaaðilum, sem byggja eða kaupa samkvæmt almenna kaupleigukerfinu, er heimilt að selja leigjendum hlutareign í íbúðunum. Almenna reglan er sú að hlutareignin skal vera 30% kostnaðarverðs en öldruðum og öryrkjum má bjóða íbúðirnar með 15% hlutareign. Hér verða sýnd dæmi um leigugreiðslur miðað við mismunandi eigið framlag. Rétt er að taka fram að ekki er reiknaður í mánaðarlegar leigugreiðslur fjármagnskostnaður af eigin framlagi eða almennur rekstrarkostnaður. Miðað er við 100 fermetra íbúð á 4 m.kr.

A. 30% hlutareign.

	Lánsfjárhæð og eigið framlag þús. kr.	Mánaðarlegar leigugreiðslur kr.
1. Hlutareign — eigið framlag	1 200	—
2. Afborganir og vextir af (70%) láni úr Byggingarsjóði ríkisins	2 800	11.200
Samtals	4 000	11.200

B. 15% hlutareign — íbúðir fyrir aldraða eða öryrkja.

	Lánsfjárhæð og eigið framlag þús. kr.	Mánaðarlegar leigugreiðslur kr.
1. Hlutareign — eigið framlag	600	—
2. Afborganir og vextir af (70%) láni úr Byggingarsjóði ríkisins	2 800	11.200
3. Afborganir og vextir af (15%) láni úr Byggingarsjóði ríkisins	600	3.000
Samtals	4 000	14.200

Greiðslukjör kaupenda.

Þegar leigjandi óskar að kaupa íbúðina er gerður kaupsamningur þar sem kveðið er á um mánaðarlegar greiðslur vegna lána frá Húsnæðisstofnun ríkisins og endurgreiðslu framlags framkvæmdaaðila. Í tillögunum er lagt til að endurgreiðslutími framlagsins verði allt að 30 ár en heimilt verði að taka þá vexti sem framkvæmdaaðili þarf að borga lánardrottnum sínum í þessu sambandi. Það er talið eðlilegt með hliðsjón af niðurgreiðslu á húsnæðiskostnaði íbúðareigenda fyrir milligöngu skattkerfisins með sérstökum húsnæðisbótum til íbúðarkaupenda. Í yfirlitinu, sem hér fylgir um endurgreiðslu framlags framkvæmdaaðila, er miðað við 7% vexti og 30 ára lánstíma.

Samkvæmt þessum forsendum verður greiðslubyrði kaupenda félagslegra kaupleiguíbúða eftirfarandi:

Félagslegar kaupleiguíbúðir.

	Lánsfjárhæð þús. kr.	Mánaðarlegar greiðslur kr.
1. Afborganir og vextir af láni úr Byggingarsjóði verkamanna ...	3 400	8.300
2. Endurgreiðsla (15%) framlags framkvæmdaaðila	600	4.000
Samtals	4 000	12.300

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að við kaup á almennri kaupleiguíbúð leggi kaupandi fram 15% og greiði upp sérstaka viðbótarlánið. Lagt er til að endurgreiðsla lánsins geti farið fram á allt að fimm árum eftir nánara samkomulagi við framkvæmdaaðila.

Meðfylgjandi dæmi sýnir greiðslukjör kaupanda í almennri kaupleiguíbúð.

Almennar kaupleiguíbúðir.

	Lánsfjárhæðir og eigið framlag þús. kr.	Mánaðarlegar greiðslur kr.
1. Eigið framlag — viðbótarlán greitt upp*	600	-
2. Afborganir og vextir af (70%) láni úr Byggingarsjóði ríkisins ..	2 800	11.200
3. Endurgreiðsla (15%) framlags framkvæmdaaðila	600	4.000
Samtals	4 000	15.200

* Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að kaupandi í almennri kaupleiguíbúð greiði viðbótarlánið (15%) upp. Heimilt er að greiða það á allt að fimm árum frá dagsetningu kaupsamnings samkvæmt samkomulagi við framkvæmdaaðila. Því er eigið framlag til endurgreiðslu á viðbótarlánum ekki reiknað með mánaðarlegum greiðslum í þessu yfirliti.

Niðurstöður könnunar.

Þegar undirbúningur að gerð frumvarpsins hófst í júlí 1987 var öllum sveitarfélögum og félagasamtökum, sem starfa að húsnæðismálum, sent dreifibréf til kynningar. Jafnframt var óskað eftir upplýsingum um stöðu félagslegra íbúðabygginga, áætlaða þörf fyrir kaupleiguíbúðir og einnig var beðið um ábendingar varðandi útfærslu hugmynda um kaupleiguíbúðir.

Viðbrögð við dreifibréfi félagsmálaráðuneytisins voru mjög jákvæð og augljóst að mörg sveitarfélög og félagasamtök telja þennan kost henta vel við núverandi aðstæður í húsnæðismálum landsmanna. Dreifibréfið var sent út seinni hluta júlí og ein ítrekun send í byrjun október. Frekari eftirrekstur eða auglýsingar voru ekki viðhafðar í þessu sambandi.

Svör bárust frá 87 sveitarfélögum og 6 félagasamtökum. Mjög greinargóðar upplýsingar bárust um stöðu félagslegra íbúðabygginga víðs vegar um landið. Er þess vænst að þær geti orðið undanfari víðtækara samstarfs húsnæðisyfirvalda og sveitarfélaga varðandi áætlanagerð um íbúðabyggingar og mikilvægur undirbúningur fyrir endurskoðun félagslegs hluta húsnæðislánakerfisins sem nú stendur fyrir dyrum.

Ábendingar sveitarstjórnarmanna og forráðamanna félagasamtaka, sem fram komu í þessari könnun, eru mjög gagnlegar og höfðu víðtæk áhrif á mótun þessa frumvarps. Í svörum þeirra var m.a. bent á nauðsyn þess að opna nýja möguleika á samstarfi sveitarfélaga og einstaklinga eða félagasamtaka og fleiri aðila um lausn húsnæðisvandans á landsbyggðinni. Fram kom að þörf fyrir leiguíbúðir byggðar á félagslegum forsendum væru ekki eingöngu bundnar við þá sem af félagslegum ástæðum þurfa aðstoð við húsnæðisöflun.

Lögð var áhersla á nauðsyn þess að sveitarfélög geti boðið leiguíbúðir fyrir aðkomufólk sem ekki er viðbúið því að fjárfesta um leið og það flyst á viðkomandi stað en hefði þann möguleika opinn án þess að þurfa að skipta um íbúð. Jafnframt var ítrekað mikilvægi þess að nýtt fyrirkomulag tæki mið af eðli fasteignamarkaðar á landsbyggðinni og þeirri áhættu sem fylgir íbúðarfjárfestingu ef viðkomandi hefur ekki staðfastan ásetning um framtíðarbúsetu á staðnum.

Einnig var vakin athygli á þörf sveitarfélaga á leiguhúsnæði til eigin nota fyrir starfsfólk sitt, vegna tímabundinna starfa aðkomufólks, vegna ungs fólks sem er að stofna heimili og aldraðra sem vilja aðlaga húsnæðismál sín breyttum aðstæðum á efri árum. Frá forsvarsmönnum félagasamtaka kom m.a. ábending um að æskilegt væri að innan kaupleigukerfisins yrði möguleiki á að bjóða leiguíbúðir með sölu á hlutareign í íbúðunum. Öll þessi atriði hafa verið höfð til hliðsjónar við útfærslu kaupleigufyrirkomulagsins og því má segja að víðtækt samráð hafi verið haft með þessum hætti.

Ljóst er að þau sveitarfélög og félagasamtök, sem hafa svarað í könnuninni, telja mikla þörf á kaupleiguíbúðum á næstu árum. Samkvæmt áætlunum þeirra sveitarfélaga, sem tiltaka ákveðinn fjölda kaupleiguíbúða á næstu þremur árum, er eftirspurnin tæplega 1100 íbúðir. Óskir sveitarfélaga skiptast milli landshluta á eftirfarandi hátt:

Þörf fyrir kaupleiguíbúðir.

Skipting eftir landshlutum	Fjöldi íbúða
Reykjavík*	0
Reykjanes	375
Vesturland	89
Vestfirðir	194
Norðurland vestra	95
Norðurland eystra*	86
Austurland	138
Suðurland	105
Samtals	1082

* Í svari frá Reykjavíkurborg kemur fram að engar ákvarðanir hafa verið teknar um byggingu kaupleiguíbúða. Varðandi Norðurland eystra er rétt að taka fram að áætlun fyrir Akureyri liggur ekki fyrir.

Sex félagasamtök, sem starfa að húsnæðismálum, sendu inn svör og er þörf þeirra áætluð um 1145 íbúðir (meðaltal) næstu þrjú árin. Öryrkjabandalagið vísar í svari sínu til 200 manna biðlista eftir leiguíbúðum. Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra, gerði bréflega könnun fyrir ári og er þörfin fyrir kaupleiguíbúðir á þeim forsendum áætluð vera 160–180 íbúðir á næstu þremur árum. Í svari frá Þroskahjálp er vísað til umsóknar um 10 leiguíbúðir hjá Byggingarsjóði verkamanna. Samtök aldraðra nefna 50–60 íbúðir, Stúdentaráð Háskóla Íslands telur þörf fyrir 150 leiguíbúðir á næstu þremur árum og Landssamband húsnæðissamvinnufélaga telur þörfina 500-600 íbúðir næstu þrjú árin.

Í þessu sambandi er rétt að minnast könnunar Húsnæðisstofnunar ríkisins á þörf fyrir leiguhúsnæði árið 1986. Heildarniðurstöður voru þær að leiguíbúðaþörf fram til ársins 1990 væri á bilinu 2500–3000 íbúðir.

Byggingarframkvæmdir.

Svörin í könnun félagsmálaráðuneytisins bera með sér að tillögurnar um kaupleiguíbúðir hafa almennt hlotið góðar viðtökur. Viðbrögðin eru sérstaklega sterk á landsbyggðinni enda er víða kveðið fast að orði um húsnæðisvanda landsbyggðarinnar í svörum sveitarstjórnarmanna.

Undanfarin ár hefur dregið úr íbúðabyggingum hér á landi. Tímabilið 1976–1980 voru fullgerðar árlega að meðaltali um 2200 íbúðir. Síðastliðin sex ár er meðaltalið um 1660 íbúðir á ári. Árið 1986 voru íbúðabyggingar í algjöru lágmarki en þá var byrjað á aðeins 1163 íbúðum. Framkvæmdir við nýjar íbúðir hafa ekki verið jafnlitlar allar götur síðan 1969. Það sem einkennir þessa þróun er að samdráttur undanfarinna ára tekur nær eingöngu til landsbyggðarinnar. Þetta sést vel á meðfylgjandi yfirliti um hlutfallslega skiptingu framkvæmda við íbúðarhúsnæði eftir landshlutum.

Framkvæmdir við íbúðabyggingar 1976—1986.

Hlutfallsleg skipting eftir landshlutum.

	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986
Reykjavík	30,1	25,7	23,9	25,8	28,3	29,4	30,6	38,9	41,1	47,7	48,2
Reykjanes	27,8	32,1	31,5	28,5	29,7	29,5	34,5	30,1	32,4	28,1	24,1
Vesturland	6,9	6,6	7,6	7,0	7,7	6,9	4,9	5,5	4,5	3,7	3,1
Vestfirðir	4,4	5,2	4,4	5,3	5,0	5,5	4,4	2,5	2,9	3,1	2,2
Norðurl. v.	5,0	4,9	5,2	5,8	4,7	4,2	4,6	3,1	2,2	3,6	2,3
Norðurl. e.	11,2	12,2	13,3	14,2	11,1	11,0	8,8	8,7	6,3	5,1	5,1
Austurland	5,3	4,8	6,3	6,6	5,9	6,6	5,0	4,7	4,3	3,2	4,6
Suðurland	9,3	8,5	7,6	7,0	7,5	6,8	7,1	6,5	6,2	5,4	10,5
Samtals	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Þessi þróun kemur einnig skýrt fram í ársskýrslum Húsnæðisstofnunar ríkisins síðastliðin ár ef lánveitingar stofnunarinnar eru athugaðar eftir landshlutum. Þörf á sérstöku átaki í húsnæðismálum víða á landsbyggðinni verður enn frekar augljós þegar sú staðreynd blasir við að nýja húsnæðislánakerfið hefur enn ekki náð að þjóna landsbyggðinni til jafns við höfuðborgar- og Reykjanessvæðið. Þetta sést m.a. á því að yfir 70% af þeim lánsloforðum til íbúðabyggjenda eða kaupenda, sem Byggingarsjóður ríkisins hefur gefið út samkvæmt nýja kerfinu fram til mars 1987, eru frá umsækjendum sem búa í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi. Þessi staða landsbyggðarinnar verður enn lakari ef lánsloforðin eru athuguð með hliðsjón af því hvar byggja eða kaupa á íbúðirnar sem lánað er til, en margir umsækjenda utan af landi eru að fjárfesta á höfuðborgarsvæðinu. Tillögur þessa frumvarps um kaupleiguíbúðir taka sérstaklega mið af nauðsynlegu átaki í húsnæðismálum í þágu landsbyggðarinnar.

Félagslegar íbúðabyggingar.

Félagslegar íbúðabyggingar hér á landi eiga sér langa sögu. Fyrstu lögin um verkamannabústaði voru samþykkt árið 1929. Umbætur í félagslega húsnæðislánakerfinu hafa ævinlega verið snar þáttur í kjarabaráttu verkalýðsfélaganna. Í kjölfar samninga árið 1965 var gefin út svokölluð „júlíyfirlýsing“ sem var undanfari hinna miklu framkvæmda í Breiðholti. Gerður var samningur um byggingu 1250 íbúða í Reykjavík á vegum ríkisins og Reykjavíkurborgar í samvinnu við verkalýðsfélögin. Þar af voru 200 leiguíbúðir sem komu í hlut Reykjavíkurborgar.

Önnur áætlun á þessu sviði leit dagsins ljós á árinu 1973. Þá var lögum um Húsnæðisstofnun breytt með það fyrir augum að sveitarfélög, sem ekki áttu kost á íbúðum

framkvæmdaáætlunar, gætu byggt leiguíbúðir. Gert var ráð fyrir að byggðar yrðu allt að 1000 íbúðir á fimm árum. Lánað var allt að 80% byggingarkostnaðar til 33 ára en vaxtakjör voru þau sömu og á almennum lánum Byggingarsjóðs ríkisins. Á þessum árum var mikil verðbólga og nafnvextir því háir. Skattfrádráttur einstaklinga vegna vaxtagjalda af húsnæðislánum var ein helsta aðstoð samfélagsins til húsnæðisöflunar á þessum árum. Þessa aðstoð gátu leigjendur ekki notfært sér auk þess sem greiðslubyrði af lánunum og 20% framlagi sveitarfélagsins var hærri en hægt var að krefjast í leigu. Það var því hagkvæmara að eiga en leigja á þessum árum enda miðaðist hin óbeina aðstoð samfélagsins fyrir milligöngu skattkerfisins eingöngu við einstaklingsbundna húsnæðiseign. Þetta leiddi m.a. til þess að lögum um leiguíbúðir sveitarfélaga var breytt árið 1976 og heimilað að selja þær án nokkurra kvaða á almennum markaði. Samtals voru byggðar 849 leiguíbúðir samkvæmt þessum lögum og hefur ríflegur helmingur þeirra verið seldur út á hinn almenna markað.

Árið 1980 *tóku gildi ný lög um Húsnæðisstofnun ríkisins*. Með þessum lögum var verkaskipting opinberu byggingarlánasjóðanna skýrt afmörkuð og Byggingarsjóði verkamanna falið að sjá um félagslegar íbúðabyggingar, verkamannabústaði og leiguíbúðir sveitarfélaga. Í lögunum var einnig að finna þau nýmæli að kveðið var á um það að stefnt skyldi að því að Byggingarsjóður verkamanna geti fjármagnað a.m.k. einn þriðja hluta af árlegri íbúðaþörf landsmanna. Fjármögnun félagslegra íbúðabygginga var efld og sjóðnum tryggðir nýir tekjustofnar. Á árabilinu 1980–1986 hafa verið byggðar eða keyptar 1221 íbúð í verkamannabústöðum en einungis um 75 leiguíbúðir, fjármagnaðar úr Byggingarsjóði verkamanna, hafa verið byggðar á þessu tímabili. Nærri lætur að félagslegar íbúðabyggingar séu um 10% af heildarstofni íbúða hér á landi.

Af þessu yfirliti má augljóst vera að efla þarf félagslegar íbúðabyggingar og þá sérstaklega byggingu leiguíbúða á vegum sveitarfélaga eða félagasamtaka.

Með þessu nýja fyrirkomulagi verður sveitarfélögum og félagasamtökum gert kleift að kaupa eða byggja kaupleiguíbúðir bæði fyrir almennan markað og láglaunafólk sem þarf aðstoð við húsnæðisöflun. Kaupleiguíbúðirnar er tilraun til að auka jöfnuð milli eignar og leigu en við útfærslu hugmynda var tekið mið af aðstoð skattkerfisins við húseigendur. Jafnframt stuðlar þetta fyrirkomulag að auknum möguleikum landsbyggðarinnar gagnvart húsnæðislánakerfinu. Markmið kaupleigukerfisins er m.a. að draga úr aðskilnaði í húsnæðismálum milli tekjuhópa. Gert er ráð fyrir að hin félagslega aðstoð kaupleigukerfisins verði tekjubundin og vaxtakjör hækki þegar hagur vænkast.

Í fjárlögum fyrir 1988 er gert ráð fyrir 273 millj. kr. á útlánaáætlun Húsnæðisstofnunar ríkisins sérstaklega vegna kaupleiguíbúða. Framlög til Byggingarsjóðs verkamanna munu aukast á þessu ári og ætla má að útlánageta sjóðsins nær tvöfaldist miðað við árið á undan. Í tillögunum er gert ráð fyrir að sveitarfélög eða félagasamtök geti fjármagnað eigið framlag með sölu skuldabréfa til lífeyrissjóða, einstaklinga og fleiri aðila. Ef byggðar verða 300 kaupleiguíbúðir, svo dæmi sé tekið, og skuldabréf seld lífeyrissjóðum vegna framlags sveitarfélaga væru þau skuldabréfakaup rétt rúmlega 1% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á þessu ári.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Til þess að heimilt sé að veita sérstakt lán úr Byggingarsjóði ríkisins til almennra kaupleiguíbúða er nauðsynlegt að stofna nýjan lánaflokk. Hinn nýi lánaflokkur felur í sér heimild til þess að veita 15% lán til almennra kaupleiguíbúða til viðbótar 70% láni sem gert er ráð fyrir í 2. og 3. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Þar sem hinn nýi lánaflokkur almennra kaupleiguíbúða byggist á því að sveitarfélög, félagasamtök eða fyrirtæki eigi kost á 70% láni úr Byggingarsjóði ríkisins til byggingar eða kaupa á nýjum almennum kaupleiguíbúðum er nauðsynlegt að tryggja þá lánsheimild sérstaklega í þessu ákvæði.

Lánið má nema 70% af kostnaðaráætlun eða af raunverulegu kaupverði. Þó má lán aldrei nema hærri fjárhæð en 70% af þeim kostnaðargrundvelli sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt.

Skilyrði fyrir lánveitingu er að fyrrnefndir aðilar hafi sýnt fram á það að nauðsynlegt sé að auka framboð íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu. Vísað er til skýringa með c-lið 4. gr. frumvarpsins um það með hverjum hætti umsækjandi geri grein fyrir nauðsyn þess að auka framboð af íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu.

Um 3. gr.

Einnig er gert ráð fyrir að heimilt verði að kaupa notaðar íbúðir sem almennar kaupleiguíbúðir þegar það þykir henta. Að öðru leyti er vísað til athugasemda með 2. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

a.

Fyrirkomulag kaupleiguíbúðanna byggist á þeirri nýjung í húsnæðismálum hér á landi að íbúarnir eigi kost á því að velja um leigu eða kaup á íbúðinni.

Reiknað er með því að þetta nýja fyrirkomulag auki fjölbreytni í húsnæðismálum, auki framboð leiguíbúða og opni nýja leið sem geri fólki fært að eignast íbúð með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.

Lagt er til að ýmist standi sveitarfélög ein að framkvæmdunum, félagasamtök eða fyrirtæki standi ein að þeim eða þessir aðilar í sameiningu.

Fjár til almennra kaupleiguíbúða skal aflað með eftirfarandi hætti: Í fyrsta lagi með tveimur lánum úr Byggingarsjóði ríkisins. Annars vegar 70% láni skv. 13. eða 14. gr. laganna. Hins vegar með 15% viðbótarláni úr Byggingarsjóði ríkisins. Við ákvörðun um fjárhæð lánanna er reiknað með sams konar hámarksreglu og gildir um félagslegar íbúðir, þ.e. lánsfjárhæð takmarkist af þeim kostnaði sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt sem grundvöll lána úr Byggingarsjóði verkamanna. Í öðru lagi skal fjárins aflað með 15% framlagi á vegum framkvæmdaaðila.

Með félagasamtökum er í frumvarpi þessu átt við þau félög sem starfa að húsnæðismálum með því að eiga og sjá um rekstur á húsnæði í þágu félagsmanna sinna. Má hér m.a. nefna félög fatlaðra, öryrkja og aldraða, húsnæðissamvinnufélög og aðra sambærilega aðila. Félagsmálaráðherra skal staðfesta að félagasamtökin fullnægi framangreindu skilyrði. Áður en sú staðfesting á sér stað, kannar ráðherra einnig hvort félagasamtökin hafi fjárhagslegt bolmagn til þess að takast á hendur þá ábyrgð sem því fylgir að koma á fót almennum kaupleiguíbúðum. Ráðherra skal setja reglugerð um þau skilyrði sem félagasamtökin eiga að uppfylla, t.d. um stofnun varasjóðs.

Ráðherra setur einnig nánari skilyrði um fjárhagslega stöðu og ábyrgð fyrirtækja með reglugerð.

b.

Eitt af nýmælum þessa frumvarps er það að gert er ráð fyrir nýjum lánaflokki úr Byggingarsjóði ríkisins sem feli í sér heimild til að veita 15% viðbótarlán við 70% hámarkslán til að kaupa eða byggja almennar kaupleiguíbúðir.

Ef framkvæmdaaðili sýnir fram á að nauðsynlegt sé að auka húsnæði í sveitarfélaginu getur viðkomandi aðili sótt um 15% lán úr Byggingarsjóði ríkisins til viðbótar hámarksláni skv. 13. eða 14. gr. laganna. Framkvæmdaaðili fær lánið til allt að 25 ára. Selji hann hins vegar almenna kaupleiguíbúð skal kaupandi greiða framkvæmdaaðila lánið á fimm árum.

Um vaxtakjör vísast til þess sem segir í almennum athugasemdum.

c.

Nauðsynlegt er að mjög sé vandað til undirbúnings að því að koma á fót almennum kaupleiguíbúðum. Því er lögð á það áhersla að framkvæmdaaðili afli staðgóðra upplýsinga um öll grundvallaratriði áður en hafist verði handa. Hér er í fyrsta lagi átt við nákvæmar upplýsingar og áætlanir um fyrirhugaðar framkvæmdir. Í öðru lagi að þörf á íbúðum í sveitarfélaginu næstu þrjú árin liggi ljós fyrir. Og í þriðja lagi að tryggt sé að framkvæmdaaðili hafi bolmagn til þess að ráðast í það ábyrgðarmikla verkefni sem hér er á ferðinni.

Samhliða framangreindum undirstöðuatriðum þarf framkvæmdaaðili að sýna fram á það með greinargerð að af sérstökum tilgreindum ástæðum þurfi að auka framboð íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu. Hverjar þær sérstöku ástæður eru ræðst af staðbundnum þörfum og vísast um það efni til almennra athugasemda með frumvarpinu.

Frumkvæðið að byggingu eða kaupum á almennum kaupleiguíbúðum er hjá framkvæmdaaðilum og er ábyrgðin í samræmi við það. Sú ábyrgð felst m.a. í því að framkvæmdaaðili sjái um greiðslur afborgana af lánum til Byggingarsjóðs ríkisins, allt til útgáfu afsals, ef íbúð er seld, auk ábyrgðar á framkvæmdum í upphafi og rekstri leiguíbúða.

Sú ríka ábyrgð, sem hvílir á framkvæmdaaðila á byggingu eða kaupum á almennum kaupleiguíbúðum, kemur einnig fram í því að sú ábyrgð verður ekki framseld til annars aðila enda þótt sérstakri nefnd verði e.t.v. falið að sjá um verkefnið. Ef félagasamtök eða fyrirtæki standa ein að framkvæmdum er þeim skylt að hafa fullt samráð við sveitarstjórn, enda skulu framkvæmdir þessara aðila hljóta samþykki viðkomandi sveitarstjórnar.

Þegar undirbúningsvinnu er lokið og umsókn um lán send Byggingarsjóði ríkisins tekur framkvæmdaaðili jafnframt að sér að afla 15% framlags til framkvæmdanna og ber fulla ábyrgð þar að lútandi. Í þeirri ábyrgð felst m.a. að fari kostnaður fram yfir kostnaðargrundvöll Byggingarsjóðs verkamanna ber framkvæmdaaðili þann umframkostnað.

d.

Með hliðsjón af markmiði kaupleiguíbúða og fyrirkomulagi fjármögnunar þeirra er talið rétt að girða fyrir byggingu á mjög stórum íbúðum. Því er lagt til að ekki verði veitt lán til nýbygginga sem eru stærri en 130 m² brúttó. Um útreikning og stærðarreglu gildi sömu ákvæði og eru í 8. gr. rg. nr. 181/1987.

Lagt er til að meginreglan verði sú að ekki skuli byggðar eða keyptar almennar kaupleiguíbúðir þar sem bílskúr eða bílskýli fylgir íbúð. Sé það hins vegar nauðsynlegt af skipulagsástæðum verði ekki lánað til þess kostnaðarauka sem það hefur í för með sér og er það sams konar regla og gildir um íbúðir í verkamannabústöðum. Þó er lagt til að heimilt verði að gera undantekningu frá þeirri meginreglu þegar fatlaðir eiga í hlut sem þurfa nauðsynlega á bílskúr eða bílskýli að halda vegna fötlunar sinnar.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

e.

Sveitarfélög eða aðrir framkvæmdaaðilar, sem standa að byggingu eða kaupum á almennum kaupleiguíbúðum og fá til þess tvö lán úr Byggingarsjóði ríkisins, annars vegar almennt lán (70%) og hins vegar sérstakt lán (15%), eiga að sjá um að afla þess fjár sem á vantar.

Lagt er til að sérstaklega verði heimilað af afla hluta kostnaðarins með sölu skuldabréfa til þess fólks sem hyggst taka á leigu almenna kaupleiguíbúð en vill tryggja sér afnotarétt á íbúðinni með því að kaupa í henni eignarhluta. Samkvæmt þessari tillögu getur eignarhluti aldraðra og öryrkja, sem velja þennan kost, verið 15%. Einnig er lagt til að framkvæmdaaðilum verði heimilað að selja einstaklingum, sem vilja tryggja sér afnotarétt á íbúð, skuldabréf fyrir 30% af kostnaðarverði. Skuldabréf þessi skulu bundin lánskjaravísitölu en vaxtalaus.

Samkvæmt tillögunum er afnotaréttur sá, sem leigutaki tryggir sér með kaupum á eignarhluta í íbúð, hvorki framseljanlegur né heldur erfist hann við andlát leigjandans, sjá nánar um þetta atriði í skýringum við i-lið 4. gr.

f.

Ljóst er að ráðstöfun á íbúðunum verður á vegum þeirra sem standa að framkvæmdunum. Þar sem hér er ekki um félagslegar íbúðir að ræða þykir ekki rétt að lögbinda sérstakar úthlutunarreglur. Hins vegar er lagt til að framkvæmdaaðila verði skylt að kynna úthlutunarreglur sínar almenningi.

Þar sem íbúðir í almennum kaupleiguíbúðum eru ekki sérstaklega ætlaðar láglaunafólki er ljóst að hér getur fólk í öllum þjóðfélagshópum átt möguleika á íbúð. Ræðst það væntanlega af staðbundnum þörfum í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Með almennum kaupleiguíbúðum á því að geta dregið úr húsnæðisvanda landsbyggðarinnar en eins og kunnugt er hefur landsbyggðin dregist mjög aftur úr í húsnæðismálum á undanförnum árum. Slíkt byggðasjónarmið lá enda að baki hugmyndinni um almennar kaupleiguíbúði þegar í upphafi.

g.

Eitt af mikilsverðustu nýmælum þessa frumvarps er það val sem fólk hefur verði frumvarpið að lögum. Valið stendur um þrjá kosti þegar um almennar kaupleiguíbúðir er að ræða:

— leigu á íbúð með kauprétti,
— leigu með kaupum á eignarhluta í íbúð sem tryggi fólki öruggan afnotarétt á íbúðinni,
— kaup á íbúð.

Þar sem áherslan er lögð á val fólks í þessum efnum er framkvæmdaaðila óheimilt að ákveða fyrir fram hvort íbúð verði leigð eða seld.

h.

Í greininni er fjallað um leigu á íbúð þar sem leigutaki á rétt á að kaupa íbúðina innan tilskilins frests. Framkvæmdaaðili ákveður hver sá frestur skuli vera. Hann skal þó eigi vera skemmri en fimm ár.

Mikilvægt er að leigjanda sé ljóst hvaða kjör verði í boði ef hann neytir kaupréttarins. Því er lagt til að um þetta atriði verði kveðið á um í leigusamningi, að svo miklu leyti sem upplýsingar þar að lútandi liggja fyrir á þeim tíma. Ljóst er að kjör af lánum Byggingarsjóðs ríkisins geta breyst. Hins vegar á framkvæmdaaðili að geta veitt upplýsingar um það, þegar við gerð leigusamnings, hver verði kjör vegna 15% framlagsins.

Meðan íbúð er í leigu og kaupréttur í fullu gildi eiga tvær sérreglur við. Í fyrsta lagi eiga ákvæði laga um húsaleigusamninga um uppsögn af hálfu leigusala ekki við nema því aðeins að leigutaki sýni af sér vanefndir. Í öðru lagi er hér lögð til undantekningarregla um heimild til framsals á afnotarétti á íbúð milli hjóna, svo sem við hjónaskilnað eða andlát maka.

Lögð er tilkynningarskylda á framkvæmdaaðila er líða tekur á frest þann er leigutaki hefur til ákvörðunar um það hvort hann hyggist neyta kaupréttar. Framkvæmdaaðili skal þannig tilkynna leigutaka með þriggja mánaða fyrirvara að frestur hans til kaupa á íbúðinni

sé að renna út. Hafni leigutaki kauprétti eða sendi ekki tilkynningu um að hann hyggist neyta hans, innan tilskilins frests, breytist samningssamband aðila í venjubundinn leigusamning og eiga uppsagnarákvæði laga um húsaleigusamninga við frá þeim tíma.

Um leigugjald vísast til þess sem segir í almennum athugasemdum.

Mikilvægt er að leiga verður einungis greidd mánaðarlega og er óheimilt að semja um annað fyrirkomulag. Ákvæði laga um húsaleigusamninga um fyrirframgreiðslu eiga því ekki við.

Að öðru leyti gilda lög um húsaleigusamninga um samskipti aðila eftir því sem við á.

i.

Hér er um að ræða sams konar fyrirkomulag og heimilað er með 58. gr. laganna nr. 60/1984, sbr. c-lið 33. gr., þ.e. framkvæmdaaðili geti selt leigutaka eignarhluta í íbúð til tryggingar á ótímabundnum afnotarétti á íbúð með tilteknum kvöðum um afnotarétt og endurgreiðslu.

Meginreglan er sú að eignarhluti nemi 30% af kostnaðarverði eða kaupverði íbúðar. Þegar um elli- eða örorkulífeyrisþega er að ræða getur eignarhlutinn numið lægra hlutfalli, þ.e. 15%.

Enda þótt meginreglan sé sú að leigutaki samkvæmt þessari grein tryggi sér ótímabundinn afnotarétt á íbúðinni og leigusamningur verði því óuppsegjanlegur af hálfu framkvæmdaaðila á það ekki við ef um verulegar vanefndir leigutaka verður að ræða.

Þar sem kaupandi eignarhlutans verður annar sameigenda húsnæðisins ber hann ábyrgð á rekstri þess og viðhaldi í samræmi við eignarhluta sinn. Um réttarsamband sameigenda að öðru leyti vísast til almennra reglna eignarréttarins.

Við kaup leigutaka á eignarhlut í íbúð lækkar leigugjald hans. Sú lækkun á annars vegar rætur sínar að rekja til þess hluta ábyrgðar á rekstri og viðhaldi húsnæðis sem leigutaki greiðir nú í samræmi við eignarhluta sinn. Hins vegar lækkar leigugjald sem nemur vöxtum af því framlagi sem leigutaki hefur fest kaup á.

Eins og áður er fram komið fylgir kaupum á eignarhluta tiltekin kvöð um afnotarétt leigutaka. Hér er því einungis um persónulegan rétt hans að ræða og geta því aðrir ekki nýtt sér þann rétt. Falli leigutaki frá eða hætti afnotum af íbúð skal eignarhlutinn endurgreiddur með fullum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu en án vaxta. — Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessari meginreglu þegar um hjón er að ræða og annað fellur frá, þau skilja, gera kaupmála eða nnað hjóna situr í óskiptu búi.

j.

Ákveði leigutaki innan tilskilins frests að neyta kaupréttar á íbúð er gerður kaupsamningur milli aðila.

Rétt þykir að gerð sé sú krafa til leigutaka sem hyggst festa kaup á almennri kaupleiguíbúð að hann uppfylli skilyrði 12. gr. laganna um rétt til láns úr Byggingarsjóði ríkisins. Hér er fyrst og fremst átt við hið almenna skilyrði um iðgjaldagreiðslu í lífeyrissjóð og skuldabréfakaup þess sjóðs af Húsnæðisstofnun ríkisins. Einnig gæti verið um það að ræða að leigutaki falli undir sérákvæði 2.–5. mgr. 12. gr. enda þótt skilyrði um iðgjaldagreiðslu til lífeyrissjóðs sé ekki fullnægt.

Kaupverð íbúðar er upphaflegt kostnaðarverð hennar eða síðasta söluverð, framreiknað samkvæmt vísitölu lánskjara.

Kaupsamningur kveður á um eftirfarandi greiðslur:

1. ársvexti, afborganir og verðbætur af áhvílandi lánum Byggingarsjóðs ríkisins,
2. endurgreiðslu á 15% framlagi sem útvegað hefur verið af hálfu framkvæmdaaðila; bent skal á að þessi þáttur féll ekki undir leigugjald;

3. vaxtakostnað af 15% framlagi; hafi svo verið ákveðið við gerð leigusamnings að einungis hluti af vaxtakostnaði framlagsins félli undir leigu er framkvæmdaaðila nú heimilt að ákveða að kaupandi greiði hærri vexti af framlaginu en hann greiddi við leigu, allt að þeim vöxtum sem hann greiðir lánardrottni sínum. — Rök fyrir því að kaupandi greiði hærri vexti en leigjandi byggjast á því skatthagræði sem íbúðarkaupendum er búið og vísast um það atriði til almennra athugasemda með frumvarpinu.

Við kaupsamning samkvæmt þessari grein er réttarstaða kaupanda sú að annars vegar öðlast hann efnislegan eignarrétt á íbúð og hins vegar hefur hann réttarstöðu kaupanda. Réttarstaða þessi helst síðan óbreytt þar til kaupandi hefur greitt framlag til framkvæmdaaðila að fullu og afsal verið gefið út. Þá fyrst öðlast kaupandinn formlegan eignarrétt á íbúðinni. Reiknað er með að kaupsamningstímabil þetta geti verið allt að 30 árum.

Mikilvægt er að framkvæmdaaðili beri ábyrgð á greiðslum af lánum Byggingarsjóðs ríkisins þar til afsal á sér stað enda er hann þinglýstur eigandi allt til þess tíma. Framkvæmdaaðili skal sjá um að reikna út mánaðarlegar greiðslur kaupanda af (70%) láni úr Byggingarsjóði ríkisins og endurgreiðslur á framlagi framkvæmdaaðila. Við kaup á íbúð skal kaupandi greiða viðbótarlánið upp á allt að fimm árum samkvæmt samkomulagi við framkvæmdaaðila. Framkvæmdaaðili sér síðan um greiðslur af lánum til Byggingarsjóðs ríkisins.

Ef kaupandi, sem gert hefur bindandi kaupsamning um almenna kaupleiguíbúð, hyggst selja íbúðina áður en hann hefur greitt framlag til framkvæmdaaðila og fengið afsal að íbúðinni er honum sú leið fær að gera full skil við framkvæmdaaðila um greiðslu á framlaginu og bjóða íbúðina síðan til sölu með forkaupsrétti framkvæmdaaðila. Hugsanlegt er einnig að í slíku tilfelli komist aðilar að samkomulagi um riftun á kaupsamningi samkvæmt almennum reglum.

k.

Við útgáfu afsals yfirtekur kaupandi áhvílandi veðskuldir. Allt fram til þess tíma hefur sveitarfélag eða annar framkvæmdaaðili séð um skuldaskil milli kaupanda og Byggingarsjóðs ríkisins og kaupandi því snúið sér til framkvæmdaaðila með allar greiðslur og afborganir.

Eins og áður hefur komið fram er reiknað með að tímabilið frá gerð kaupsamnings og til afsals geti verið allt að 30 árum. Hér getur því verið um langan tíma að ræða sem framkvæmdaaðili ber ábyrgð á því að inna greiðslur af hendi til Byggingarsjóðs ríkisins.

l.

Lagt er til að þeim sem fest hafa kaup á almennri kaupleiguíbúð sé óheimilt að leigja út íbúðina nema að fengnu samþykki framkvæmdaaðila. Verði hér misbrestur á skulu verðbætur til eiganda felldar niður þann tíma sem íbúðin hefur verið leigð út án heimildar. Einnig verði framkvæmdaaðila þá heimilt að gjaldfella 15% lán sitt til kaupanda.

Hér er höfð hliðsjón af þeim reglum sem gilda um íbúðir í verkamannabústöðum, sjá 48. gr. (verður 65. gr.) laganna.

m.

Til að tryggja að almennar kaupleiguíbúðir verði áfram á vegum framkvæmdaaðila og þjóni þannig áfram tilgangi sínum er lagt til að framkvæmdaaðili hafi kaupskyldu á íbúðunum í fimm ár frá útgáfu afsals og síðan forkaupsrétt. Með því móti hefur framkvæmdaaðili áfram ráðstöfunarrétt yfir þessum íbúðum meðan enn er þörf á þessari sérstöku uppbyggingu.

Ef forkaupsrétti er hafnað eða íbúð hefur verið í eigu sama aðila í 30 ár er eiganda heimilt að selja íbúðina á frjálsum markaði. Skilyrði þess er þó að hann greiði upp skuld gagnvart framkvæmdaaðila.

n.

Með greininni er seljanda tryggt að við sölu íbúðar fái hann það fé endurgreitt, sem hann hefur lagt í íbúðina, með fullum verðbótum en engan söluhagnað. Hér er höfð hliðsjón af þeim reglum sem gilda um endursölu íbúða í verkamannabústöðum.

Ákvæðin um fyrningu eru þau sömu og gilda um íbúðir í verkamannabústöðum. Sama gildir um áhrif vanrækslu á viðhaldi á rétt seljanda til endurgreiðslu.

o.

Þar sem öll ábyrgð á almennum kaupleiguíbúðum er í höndum sveitarstjórnar eða annars framkvæmdaaðila er eðlilegt að sú ábyrgð haldist allan ferilinn allt til endursölu íbúðanna. Því er lagt til að það heyri undir framkvæmdaaðila að annast útreikning á söluverði íbúðanna. Ef til ágreinings kemur milli aðila er lagt til að húsnæðismálastjórn skeri úr um.

Hvað varðar útreikning á endursöluverði og eignarhluta seljanda er stuðst við ákvæði laga um endursölu á íbúðum í verkamannabústöðum sem byggðir eru eftir 1980, að því undanskildu að ekki er tekið mið af markaðsverði íbúða á hverjum stað. Með greininni er seljanda tryggt að við endursölu íbúðar fái hann endurgreitt það sem hann hefur lagt í íbúðina en engan söluhagnað, sbr. hér til hliðsjónar athugasemdir með n-lið 4. gr.

Gert er ráð fyrir að heimilt verði að endurlána framkvæmmdaaðila ef uppfærðar eftirstöðvar lána nema lægri fjárhæð en 85% af endursöluverði íbúðar þegar gerður er kaupsamningur.

p.

Ákvæði þetta er í samræmi við það sem gildir um íbúðir í verkamannabústöðum. Að baki búa auðsæ sanngirnisrök sem þarfnast ekki skýringa.

q.

Hér er lagt til að við sölu almennrar kaupleiguíbúðar á nauðungaruppboði verði réttarstaða framkvæmdaaðila sú sama og þegar íbúðir í verkamannabústöðum eiga í hlut, sbr. 53. gr. (verður 70. gr.) laganna.

r.

Liðurinn þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Lagt er til að afborgun af 15% sérstöku láni til almennra kaupleiguíbúða hefjist þegar á fyrsta ári.

Að öðru leyti verði afborgunarkjör þau sömu og um lán skv. 1.–7. tölul. 11. gr. laganna.

Um vexti vísast til þess sem segir í almennum athugasemdum.

Um 6. gr.

Hér er ákvæði um hið nýja úrræði á vettvangi félagslegra íbúða, félagslegar kaupleiguíbúðir, sem gilda á við hlið þeirra þriggja kosta sem fyrir eru skv. a–c lið 33. gr. (verður 50. gr.) laganna. Því er lagt til að þetta ákvæði komi sem nýr liður, d-liður, í 33. gr. (verður 50. gr.).

Um 7. gr.

Enda þótt félagslegar kaupleiguíbúðir verði ein tegund félagslegra íbúða er lagt til að frumkvæði og ábyrgð verði einvörðungu á hendi sveitarfélaga þegar þau standa fyrir framkvæmdunum. Með þessu móti verði því svo fyrir komið að skýrar og einfaldar reglur gildi um ábyrgð. Sú ábyrgð verði ekki að neinu leyti framseld öðrum aðila enda þótt sum sveitarfélög kunni að koma því svo fyrir að framkvæmd verksins verði falin ákveðinni nefnd.

Um 8. gr.

a.

Eitt af grundvallaratriðum félagslegra kaupleiguíbúða er sú nýja leið að bjóða fólki upp á val milli leigu eða kaupa. Íbúðirnar verði fjármagnaðar með tvenns konar hætti, annars vegar láni frá Byggingarsjóði verkamanna (85%) og hins vegar með framlagi sveitarfélags eða félagasamtaka (15%). Um hina nýju fjármögnunarleið vísast að öðru leyti til almennra athugasemda með frumvarpinu.

Þeir sem komið geta á fót félagslegum kaupleiguíbúðum eru sveitarfélög eða félagasamtök. Einnig er gert ráð fyrir að þessir aðilar geti tekið að sér verkefnið í sameiningu.

b.

Mikilvægt er að vel sé staðið að undirbúningi að félagslegum kaupleiguíbúðum og vísast um þetta atriði til þess sem rakið er í athugasemdum með c-lið 4. gr. frumvarpsins (almennar kaupleiguíbúðir) að breyttu breytanda. Auk þess sem gert er ráð fyrir að upplýsingar liggi fyrir um fyrirhugaðar framkvæmdir er lögð áhersla á að með umsókn fylgi greinargerð um stöðu og áætlun félagslegra íbúðabygginga í sveitarfélaginu um þörf á slíku húsnæði næstu þrjú árin. Slík athugun og áætlanagerð hvílir á herðum framkvæmdaaðilanna. Standi félagasamtök ein að framkvæmdum skal framangreind athugun og áætlun unnin í samráði við sveitarstjórn.

Ábyrgð sú, sem hvílir á herðum framkvæmdaaðila, kemur m.a. fram í því að við lánsumsókn tekur hann að sér að afla nauðsynlegs viðbótarfjár við lán Byggingarsjóðs verkamanna og ber fulla ábyrgð þar að lútandi.

Með félagasamtökum er í frumvarpi þessu átt við þau félög sem starfa að húsnæðismálum með því að eiga og sjá um rekstur á húsnæði í þágu félagsmanna sinna. Má hér m.a. nefna félög fatlaðra, öryrkja og aldraða, húsnæðissamvinnufélög og aðra sambærilega aðila. Félagsmálaráðherra skal staðfesta að félagasamtökin fullnægi framangreindu skilyrði. Áður en sú staðfesting á sér stað kannar ráðherra einnig hvort félagasamtökin hafi fjárhagslegt bolmagn til þess að takast á hendur þá ábyrgð sem því fylgir að koma á fót félagslegum kaupleiguíbúðum. Ráðherra skal setja reglugerð um þau skilyrði sem félagasamtökin eiga að uppfylla, t.d. um stofnun varasjóðs.

c.

Vísað er til athugasemda með d-lið 4. gr. frumvarpsins um almennar kaupleiguíbúðir að breyttu breytanda.

d.

Lánsfjárhæð vegna félagslegra kaupleiguíbúða nemi allt að 85% af kostnaðarverði eða kaupverði íbúðar enda leggi framkvæmdaaðili fram 15% á móti. Um hámark lánsfjárhæðar gildi sama viðmiðun og ella um lán úr Byggingarsjóði verkamanna, þ.e. lánið takmarkist við 85% af þeim kostnaðargrundvelli sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdaaðili beri fulla ábyrgð á því ef kostnaður fer fram úr fyrrnefndum kostnaðargrundvelli og beri því þann umframkostnað með sama hætti og gildir þegar íbúðir í verkamannabústöðum eiga í hlut.

Lánskjör verði með sama hætti og gildir um lán vegna íbúða í verkamannabústöðum, þó með tveimur mikilvægum undantekningum:

Í fyrsta lagi er lagt til að lánskjörum skuli breytt átta árum eftir að kaupsamningur var gerður ef í ljós kemur að hagur kaupandans hefur batnað, þ.e. tekjur orðnar hærri en þær sem miðað er við á hverjum tíma skv. 44. gr. laganna (verður 61. gr.). Með tekjum er hér átt við meðaltekjur á sl. þremur árum áður en endurskoðun á lánakjörum fer fram, sbr. hér til hliðsjónar c-lið 44. gr. laganna (verður 61. gr.). Þá verði skylt að breyta lánskjörum á þann

veg að þau verði með sama hætti og um almenna kaupleiguíbúð væri að ræða. Hafi tekjur hins vegar ekki farið yfir framangreind tekjumörk við endurskoðun þeirra átta árum frá gerð kaupsamnings skal endurtaka þá endurskoðun fimm árum síðar og upp frá því á fimm ára fresti, með sömu breytingum á kjörum og áður kom fram.

Í öðru lagi geti lánskjör, þegar við gerð kaupsamnings, orðið þau sömu og gilda um almennar kaupleiguíbúðir. Vísast til athugasemda með i-lið 8. gr. frumvarpsins til skýringa á þessu atriði.

e.

Eins og áður hefur komið fram er það skilyrði þess að komið verði á fót félagslegum kaupleiguíbúðum að sveitarfélagið eða félagasamtökin útvegi 15% fjármagnsins sem á vantar að fengnu 85% láni frá Byggingarsjóði verkamanna.

Framkvæmdaaðili ber fulla ábyrgð á því að útvega framlag samkvæmt þessari grein. Verði byggingarkostnaður meiri eða kaupverð hærra en sem nemur kostnaðargrundvelli ber framkvæmdaaðili þann umframkostnað einn.

f.

Ljóst er að hvert sveitarfélag fyrir sig eða annar framkvæmdaaðili skal sjá um að ráðstafa íbúðum á þeirra vegum til umsækjenda og koma þeir einir til greina sem þurfa af félagslegum ástæðum á aðstoð að halda við að útvega sér húsnæði.

Eins og áður hefur komið fram eru félagslegar kaupleiguíbúðir ætlaðar láglaunafólki sem uppfyllir skilyrði 44. gr. laganna (verður 61. gr.) um rétt til kaupa á íbúð í verkamannabústöðum.

g.

Sá sem fær úthlutað félagslega kaupleiguíbúð getur valið um tvo kosti, leigu með kauprétti eða kaup.

Þar sem áhersla er lögð á val fólks í þessum efnum er framkvæmdaaðila óheimilt að ákveða fyrir fram hvort íbúð verði leigð eða seld.

h.

Í greininni er fjallað um leigu á íbúð með kauprétti. Um það réttarsamband vísast til skýringa með h-lið 4. gr. frumvarpsins.

Mikilvægt er að leigjanda sé ljóst hvaða kjör verði í boði ef hann neytir kaupréttarins. Því er lagt til að þessa atriðis sé getið í leigusamningi að svo miklu leyti sem upplýsingar þar að lútandi liggja fyrir á þeim tíma. Ljóst er að kjör á láni Byggingarsjóðs verkamanna geta breyst. Hins vegar á framkvæmdaaðili að geta veitt upplýsingar um það, þegar við gerð leigusamnings, hver verði kjör á 15% framlaginu.

Um leigugjald vísast til þess sem segir í almennum athugasemdum.

Mikilvægt er að leiga verður einungis greidd með mánaðarlegum greiðslum og er óheimilt að semja um annað greiðslufyrirkomulag. Ákvæði laga um húsaleigusamninga um fyrirframgreiðslu eiga því ekki við.

Að öðru leyti gilda lög um húsaleigusamninga um samskipti aðila, eftir því sem við á.

i.

Í greininni er fjallað um kaup á félagslegum kaupleiguíbúðum.

Um kaupverð, kaupsamning og réttarstöðu kaupanda vísast til athugasemda með j-lið 4. gr. frumvarpsins. Hér sem og í almenna kaupleigukerfinu er framkvæmdaaðila heimilt að ákveða að kaupandi greiði hærri vexti af 15% framlagi en hann greiddi í leigu.

Hins vegar er hér gert ráð fyrir möguleika á sérreglu um lánskjör þegar leigjandi kaupir félagslega kaupleiguíbúð. Þá verði leigjanda heimilað að kaupa íbúðina enda þótt tekjur hans hafi aukist frá því að leigusamningur var gerður og séu orðnar hærri en nemur tekjumörkum skv. 44. gr. laganna (verður 61. gr.). Með tekjum er hér átt við meðaltekjur á sl. þremur árum áður en endurskoðun á lánakjörum fer fram, sbr. hér til hliðsjónar c-lið 44. gr. laganna (verður 61. gr.). Kaupin verði þá með því skilyrði að lánskjör verði þau sömu og um væri að ræða almenna kaupleiguíbúð. Er gert ráð fyrir að sú niðurstaða komi sér betur fyrir væntanlegan kaupanda sem þegar hefur fest sig í sessi í íbúðinni en ef synja yrði honum um kaup á íbúðinni vegna batnandi afkomu með þeirri röskun á högum sem slík niðurstaða kynni að hafa í för með sér.

Ef kaupandi, sem gert hefur bindandi kaupsamning um félagslega kaupleiguíbúð, hyggst selja íbúðina áður en hann hefur greitt framlag til framkvæmdaaðila og fengið afsal að íbúðinni er honum sú leið fær að greiða framlagið að fullu til framkvæmdaaðila og bjóða íbúðina síðan til sölu með forkaupsrétti framkvæmdaaðila. — Hugsanlegt er einnig að í slíku tilfelli komist aðilar að samkomulagi um riftun á kaupsamningi samkvæmt almennum reglum.

Að öðru leyti vísast til athugasemda með j-lið 4. gr. frumvarpsins.

j.

Lagt er til að kaupanda félagslegra kaupleiguíbúða verði ekki gert að greiða stimpilgjald af afsali og gildi því hér sama regla og um íbúðir í verkamannabústöðum.

Um skýringu á greininni að öðru leyti vísast til athugasemda með k-lið 4. gr. frumvarpsins.

k.

Lagt er til að þeim sem fest hafi kaup á félagslegri kaupleiguíbúð sé óheimilt að leigja út íbúðina nema að fengnu samþykki framkvæmdaaðila. Verði hér misbrestur á skulu verðbætur til eiganda felldar niður þann tíma sem íbúðin hefur verið leigð út án heimildar. Einnig verði framkvæmdaaðila þá heimilt að gjaldfella 15% lán sitt til kaupanda.

Hér er höfð hliðsjón af þeim reglum sem gilda um íbúðir í verkamannabústöðum, sjá 48. gr. (verður 65. gr.) laganna.

l.

Með ákvæðum um kaupskyldu og forkaupsrétt er verið að tryggja að félagslegar kaupleiguíbúðir haldist í félagslegri eign og þjóni áfram upphaflegum tilgangi sínum. Hér er höfð hliðsjón af reglum hjá Byggingarsjóði verkamanna um íbúðir í verkamannabústöðum.

m.

Rétt þykir að útreikningur á söluverði íbúðanna, þegar til endursölu kemur, verði á hendi sveitarfélaganna sjálfra eða viðkomandi félagasamtaka. Rísi ágreiningur um verðlagningu verði honum vísað til matsnefndar félagslegra íbúða skv. 67. gr. laganna (verður 84. gr.).

n.

Hér er stuðst við ákvæði laga um útreikning á endursöluverði og eignarhluta seljanda í verkamannabústöðum sem byggðir voru eftir árið 1980 að því undanskildu að ekki er tekið mið af markaðsverði íbúða á hverjum stað. Með greininni er seljanda tryggt að við endursölu íbúðar fái hann endurgreitt það sem hann hefur lagt í íbúðina en engan söluhagnað.

Gert er ráð fyrir að heimilt verði að endurlána framkvæmdaaðila ef uppfærðar eftirstöðvar lána nema lægri fjárhæð en 85% af endursöluverði íbúðar þegar gerður er kaupsamningur.

o.

Vísað er til athugasemda með p-lið 4. gr. frumvarpsins.

p.

Hér er lagt til að við sölu félagslegrar kaupleiguíbúðar á nauðungaruppboði verði réttarstaða framkvæmdaaðila sú sama og þegar íbúðir í verkamannabústöðum eiga í hlut, sbr. 53. gr. (verður 70. gr.) laganna.

Um 9. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 606. Tillaga til þingsályktunar [302. mál]

um neyðarsíma.

Flm.: Ingi Björn Albertsson, Árni Gunnarsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðmundur H. Garðarsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Stefán Valgeirsson, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta kanna með hvaða hætti er unnt að koma upp neyðarsímum með jöfnu millibili á erfiðum fjallvegum og heiðum til að tryggja betur öryggi vegfarenda. Jafnframt verði athugað hvað slíkar framkvæmdir mundu kosta.

Ráðherra leggi fyrir Alþingi skýrslu um könnun þessa eigi síðar en 1. desember 1988.

Greinargerð.

Allir Íslendingar kannast við það vandamál sem samgöngur á landi geta verið yfir vetrartímann, sérstaklega á fjallvegum og heiðum þar sem vetrarveður verða hvað hörðust.

Margir kunna líka sögur af fólki sem lent hefur í erfiðleikum við slíkar aðstæður. Sem betur fer fá flestar sögurnar farsælan endi en því miður ekki allar. Ein meginástæðan fyrir því að slys verður við slíkar aðstæður er sú að fólk yfirgefur farartæki sín og arkar af stað í blindbyl, snjókomu eða skafrenningi til þess að reyna að komast til byggða eða leita að sæluhúsi eða björgunarskýli. Framhaldið þekkja allir; margir finna sæluhúsið en því miður eru þeir einnig margir sem aldrei ná þangað.

Með því að koma upp neyðarsímum með vissu millibili, t.d. 2–2,5 km millibili, á að vera hægt að koma í veg fyrir það að fólk stofni lífi sínu í hættu með því að leita að sæluhúsi við erfiðar aðstæður. Neyðarsímar þessir yrðu eingöngu tengdir næstu lögreglustöð. Hvern síma mætti númera eða auðkenna á einhvern hátt þannig að lögreglan vissi strax hvar viðkomandi væri staddur.

Sþ. 607. Fyrirspurn [303. mál]

til félagsmálaráðherra um viðbrögð við broti á jafnréttislögum.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

Hvernig hyggst félagsmálaráðherra bregðast við þeirri niðurstöðu Jafnréttisráðs að ráðning Náttúruverndarráðs í stöðu þjóðgarðsvarðar í Skaftafelli hafi verið brot á lögum nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla?

Ed. 608. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til l. um breyt. á útvarpslögum, nr. 68/1985.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Ný útvarpslög tóku gildi 1. janúar 1986. Var þá í fyrsta sinn heimilaður rekstur frjálsra útvarps- og sjónvarpsstöðva. Áttu lögin að gilda til ársloka 1988 en sæta endurskoðun fyrir þann tíma á grundvelli þeirrar reynslu sem þessi aðlögunartími leiddi í ljós. Nú þegar er komin nokkur reynsla á rekstur frjálsra útvarpsstöðva og á sama tíma hefur orðið mikil framþróun í fjarskiptum og sjónvarpssendingum milli landa. Viss ákvæði í núgildandi lögum, eins og þau voru samþykkt vorið 1985, standa í vegi fyrir því að Íslendingar geti nýtt sér þessa tækni. Er hér átt við þá túlkun á 5. og 6. gr. laganna sem hindrar sveitarfélög og aðra aðila í samstarfi við þau í því að dreifa útvarps- og sjónvarpsmerkjum beint til notenda. Krafa um þýðingu á öllu erlendu sjónvarpsefni með textum eða íslenskum þul, ef um er að ræða fleiri en 36 notendur á sama loftneti, hefur reynst jafngilda því að móttaka og dreifing slíkra sendinga sé bönnuð. Hér er átt við strengkerfi þar sem heilu hverfin eða bæjarfélög nota sama loftnet til móttöku hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrár. Slík kerfi hafa á undanförnum árum rutt sér til rúms í nágrannalöndum okkar. Þau eru boðberar byltingar á sviði fjarskiptatækni og upplýsingamiðlunar.

Þörf manna fyrir aukið sjónvarpsefni, einkum frá erlendum sjónvarpsstöðvum, hefur orðið til þess að flýta fyrir þessari þróun í nágrannalöndunum þar sem dreifing á erlendu sjónvarpsefni til notenda frá sameiginlegu loftneti hefur verið notuð til þess að standa straum af kostnaði vegna lagningar þessara kerfa. Mikill áhugi hefur verið fyrir því, einkum hjá sveitarfélögum, að koma upp slíkum kerfum. Bæði er um að ræða óskir um breytt móttökuskilyrði fyrir sjónvarp og útvarp, sem víða eru slæm hvað varðar íslensku stöðvarnar, og óskir um að skógur sjónvarps- og útvarpsloftneta lýti ekki bæjarmyndina.

Við afgreiðslu á frumvarpinu var leitað eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum: Ríkisútvarpinu, útvarpsréttarnefnd, Póst- og símamálastofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og nefnd sem fæst við endurskoðun gildandi útvarpslaga. Eru umsagnirnar yfirleitt jákvæðar og beinlínis lagt til að samþykkja beri frumvarpið ef undan er skilin umsögn útvarpsréttarnefndar. Af hálfu Ríkisútvarpsins var bent á aukið samstarf Evrópulandanna á sviði sjónvarpsmála. Er þar vikið að fyrirhuguðum sáttmála Vestur-Evrópuríkja um sjónvarpssendingar milli landa um gervihnetti. Í inngangsorðum hans er gert ráð fyrir að aðilar sáttmálans skuldbindi sig til þess að virða frelsi til þess að taka á móti og endurvarpa sjónvarpssendingum um gervihnetti á yfirráðasvæðum sínum. Er þar gengið út frá þeirri forsendu að Vestur-Evrópubúum verði almennt tryggð skilyrði til þess að taka á móti algerlega óheftum sendingum um gervihnetti frá ýmsum upprunalöndum og málsvæðum. Þýðingarskyldan, sem núgildandi lög mæla fyrir um, er hindrun sem er andstæð þeirri meginhugsun sem byggt er á í sáttmálanum. Það er álit minni hl. að nauðsynlegt sé að grípa til ráðstafana til þess að styrkja íslenska tungu og koma í veg fyrir frekari hnignun hennar. Það verður hins vegar ekki gert með því að banna erlendar sjónvarpssendingar heldur með því að grípa til harkalegra aðgerða í skólakerfinu. Þar liggur hundurinn grafinn.

Það er álit minni hl. að fráleitt sé að hindra þá tækniþróun, sem hér er verið að fjalla um, eða tefja hana með því að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar. Minni hl. telur að Alþingi verði að taka afstöðu í þessu máli þannig að sú nefnd sem vinnur að endurskoðun útvarpslaganna fái að vita hver vilji löggjafans er í þessu mikilvæga málefni.

Með hliðsjón af framanrituðu leggur minni hl. til að málið fái efnislega afgreiðslu og frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 22. febr. 1986.

Guðmundur Ágústsson.

Ed. 609. Nefndarálit [278. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40/1976, um sálfræðinga.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Guðmundur Ágústsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. febr. 1988.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Danfríður Skarphéðinsdóttir, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Valgerður Sverrisdóttir.	Halldór Blöndal.	Jóhann Einvarðsson.

Sþ. 610. Tillaga til þingsályktunar [304. mál]

um verðtryggingu o.fl.

Flm.: Albert Guðmundsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Guðmundur Ágústsson, Júlíus Sólnes, Óli Þ. Guðbjartsson, Kolbrún Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að afnema lánskjaravísitölu eða endurskoða nú þegar grundvöll verðtryggingar lána og verðbóta á laun í þjóðfélaginu, þannig að breytingar, sem kunna að verða, mælist eftir sömu aðferðum og fylgist að.

Greinargerð.

Með efnahagsaðgerðum ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar síðsumars 1983 var hækkun launa, sem þá átti að koma til framkvæmda, skert verulega með bráðabirgðalögum. Í kjarasamningum, sem fylgdu í kjölfarið, var óheimilt að binda laun við vísitölu sem hafði þær afleiðingar að kaupmáttur launatekna rýrnaði verulega árið 1984. Á sama tíma var vísitala lánskjara látin halda sér, þannig að misvægi myndaðist á milli hækkana á launum og þeim verðtryggðu fjárskuldbindingum sem launafólk hafði stofnað til. Þetta misgengi kom hart niður á íbúðakaupendum, svo og öðrum sem höfðu tekið verðtryggð lán fyrir þessar efnahagsaðgerðir. Í mörgum tilvikum hefur fólk enn ekki náð að rétta við hag sinn vegna þessara harkalegu aðgerða og margir misst íbúðir sínar á nauðungaruppboðum. Þetta misgengi hefur enn ekki fengist leiðrétt. Kemur þetta glögglega fram í eftirfarandi töflu sem sýnir þróun verðlags, þ.e. byggingarvísitölu, kaupgjaldsvísitölu eða kauptaxtavísitölu og launavísitölu á Íslandi frá því að lánskjaravísitalan var lögleidd og tekin upp í júlí 1979.

Þróun verðlags á Íslandi 1979–1987.

	1979	**1980**	**1981**	**1982**	**1983**	**1984**	**1985**	**1986**	**1987**
Lánskjaravísitala	100	180	245	359	656	885	1144	1448	1687
Byggingarvísitala	100	158	239	370	672	786	1037	1294	1534
Launavísitala	100	152	232	353	558	716	947	1215	1598
Kaupgjaldsvísitala		152	228	336	530	604	785	968	

Á þeim átta árum, sem eru liðin síðan lánskjaravísitalan var tekin í notkun, hefur hún rúmlega átjánfaldast. Byggingarvísitalan hefur rúmlega sextánfaldast. Á sama tíma hefur verðgildi bandarísks dals ellefufaldast og dönsku krónunnar nífaldast.

Kaupgjaldsvísitalan sýnir mjög vel hvernig launafólki hefur reitt af í verðbólgubálinu þar sem lánskjörin eru stillt eftir verðbólgunni en launin ekki. Enda urðu menn sammála um að taka hana úr sambandi í ágúst 1986. Þróun launavísitölunnar, en mjög er umdeilt hvort hún sýni rétta mynd af afkomu launafólks, er ekki miklu hagstæðari. Jafnvel meðan laun voru vísitölubundin tókst ekki að halda jafnvægi þannig að hækkun launa héldist í hendur við hækkun lánskjara. Launafólk getur því vart búist við að verða nokkru sinni ofan á í baráttunni við lánskjaravísitöluna. Það gekk ekki í mesta góðæri sem landsmenn hafa búið við. Varla gengur það betur þegar aftur harðnar í ári.

Nú eru ýmsar blikur á lofti þrátt fyrir mikla bjartsýni núverandi stjórnarflokka á því að hinar umfangsmiklu breytingar á tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs samfara svokallaðri einföldun á skattkerfinu eigi eftir að skila þeim árangri að lækka vexti og verðbólgu. Allt bendir raunar til þess að verðbólga sé að fara á fullt skrið aftur og misgengi lánskjara og launa muni enn versna.

Sú víxlhækkun launa og verðlags, sem stafar af vísitölubindingu, er af flestum talin óæskileg. Hins vegar er ekki hægt að ætlast til þess að almenningur beri áfram þær byrðar sem fylgja verðtryggðum fjárskuldbindingum en óverðtryggðum launum. Verðtrygging sumra þátta efnahagskerfisins, en annarra ekki, skapar ójafnvægi sem er óeðlilegt og hefur alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir einstaklinga, fyrirtæki og atvinnulífið í heild.

Af framansögðu er ljóst að kominn er tími til fyrir stjórnvöld að taka afstöðu til þess hvort meginþættir efnahagskerfisins, svo sem laun og lánskjör, skulu bundnir við sömu vísitölu eða lánskjaravísitala verði afnumin. Er ekki heppilegra að nota vísitölur í þeim tilgangi einum að sýna hvert sé ástand hinna ýmsu þátta í efnahagskerfinu, en þær hafi ekki að öðru leyti nein bein áhrif til hækkunar eða lækkunar launa og lánskjara.

Verði lánskjaravísitala lögð niður, sem að mati flutningsmanna er æskilegri niðurstaða, er nauðsynlegt að fara aðrar leiðir til þess að tryggja bæði hagsmuni sparifjáreigenda, lánveitenda og lántakenda. Í greinargerð með frumvarpi til laga um húsnæðislánastofnanir og húsbanka, sem þingmenn Borgaraflokksins lögðu fram í efri deild Alþingis síðastliðið haust, eru settar fram nokkrar nýjar hugmyndir í þessu sambandi.

Sþ. 611. Fyrirspurn [305. mál]

til viðskiptaráðherra um útgjöld vísitölufjölskyldu.

Frá Unni Sólrúnu Bragadóttur.

Hver væru útgjöld íslensku vísitölufjölskyldunnar ef hún keypti reiknaðar þarfir sínar:

a. í Svíþjóð,
b. í Danmörku,
c. í Englandi,
d. í Vestur-Þýskalandi?

Sþ. 612. Fyrirspurn [306. mál]

til dómsmálaráðherra um umsóknir erlendra manna um landvist.

Frá Unni Sólrúnu Bragadóttur.

1. Hvaða reglum beita stjórnvöld varðandi þá menn er hingað koma og leita hælis?
2. Hvaða reglur gilda um skráningu á þeim umsóknum og hve mörgum hefur verið synjað um að koma inn í landið á árunum 1985–1987?
3. Hvert er ríkisfang þeirra manna er komið hafa hingað 1985–1987, hvaðan komu þeir og hve margir voru þeir?
4. Hvað er vitað um afdrif þeirra sem komu til landsins en var meinuð landvist?

Sþ. 613. Fyrirspurn [307. mál]

til dómsmálaráðherra um kosningarrétt Íslendinga erlendis.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

1. Hversu margir Íslendingar búsettir erlendis gátu ekki neytt kosningarréttar hér á landi í síðustu kosningum?
2. Hverjar voru ástæður þess?
3. Hefur dómsmálaráðuneytið áform um að bæta stöðu þessa fólks?

Sþ. 614. Fyrirspurn [308. mál]

til viðskiptaráðherra um þjónustugjöld banka og sparisjóða.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvernig hafa ákvarðanir verið teknar um þjónustugjöld (gjaldskrá) banka og sparisjóða sl. sjö ár og hvaða opinbert eftirlit hefur verið haft með verðlagningu þeirrar þjónustu sem peningastofnanir veita á sama tíma?
2. Hver hefur gjaldtaka fyrir þjónustu peningastofnana verið og hvernig hefur hún breyst frá og með árinu 1982, sundurliðað á einstaka þjónustuflokka (gjaldskrárliði) og helstu peningastofnanir, allt tilgreint á gildandi verðlagi og borið saman við hækkun framfærsluvísitölu á sama tímabili?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 615. Fyrirspurn [309. mál]

til menntamálaráðherra um sjávarútvegsskóla.

Frá Ragnari Óskarssyni.

Hefur menntamálaráðherra í hyggju að setja á stofn sjávarútvegsskóla í Vestmannaeyjum?

Sþ. 616. Fyrirspurn [310. mál]

til heilbrigðisráðherra um ráðstafanir vegna skorts á hjúkrunarfræðingum víða um land.

Frá Ragnari Óskarssyni.

Hefur heilbrigðisráðherra uppi einhver áform um að grípa til ráðstafana til að bæta úr skorti á hjúkrunarfræðingum víða um land?

Sþ. 617. Skýrsla [311. mál]

félagsmálaráðherra um Alþjóðavinnumálaþingin í Genf 1987.

1. INNGANGUR

Árið 1987 var viðburðaríkt í sögu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO). Dagana 3.–23. júní var haldið 73. Alþjóðavinnumálaþingið. Að þessu sinni voru tvö málefni til fyrri umræðu, annars vegar drög að alþjóðasamþykkt um aukið framboð atvinnu og félagslegt öryggi og hins vegar drög að samþykkt um öryggi og hollustu í byggingariðnaði. Þessi málefni verða til síðari umræðu á 75. Alþjóðavinnumálaþinginu sem verður haldið í júní 1988 og er gert ráð fyrir að henni ljúki með afgreiðslu tveggja nýrra alþjóðasamþykkta. Meðal þess sem var til umfjöllunar á 73. vinnumálaþinginu var starfs- og fjárhagsáætlun til næstu tveggja ára. Fjárhagur ILO hefur verið í jafnvægi undanfarin ár. Þó hefur tvennt reynst stofnuninni þungt í skauti, óhagstæð gengisþróun og dráttur aðildarríkjanna á að greiða árgjald. Sameinuðu þjóðirnar og aðrar sérstofnanir þeirra eiga við svipuð vandamál að etja. Þessi þróun er áhyggjuefni. Starfsemi Sameinuðu þjóðanna og sérstofnana þeirra er sérstaklega þýðingarmikil fyrir smáríki eins og Ísland. Nægir þar að benda á hafréttarsáttmálann.

Á árinu 1987 var haldið aukaþing ILO. Þetta 74. þing fór fram 24. september til 9. október og var helgað málefnum sjómanna. Það er í tíunda skipti sem Alþjóðavinnumálaþingið fjallar um aðbúnað og réttindi sjómanna. Þingið afgreiddi fjórar alþjóðasamþykktir og tvær tillögur. Samþykkt nr. 163 um aðbúnað skipverja, samþykkt nr. 164 um heilsuvernd og læknishjálp við skipverja, samþykkt nr. 165 um félagslegt öryggi skipverja og samþykkt nr. 166 um heimsendingu skipverja. Auk þess voru samþykktar þingsályktunartillögur, t.d. um heilsuvernd skipverja með sérstöku tilliti til eyðni, samræmingu aðgerða sem varða aðbúnað skipverja og um vinnuaðstæður skipverja.

Þriðja atriðið sem hlýtur að vekja nokkra athygli í starfseminni á síðasta ári er Evrópuþing ILO. Á þessu þingi mættu fulltrúar frá evrópskum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til að fjalla um þau málefni vinnumarkaðarins sem eru efst á baugi í þessum löndum. Alvarlegasta viðfangsefnið a.m.k. í Vestur-Evrópu er atvinnuleysi einkum meðal ungs fólks. Einnig var rætt um aldursskiptingu íbúa í þessum heimshluta með tilliti til almannatrygginga. Þriðja umræðuefnið var starfsmenntun í atvinnulífinu og framhaldsmenntun í ljósi tækniþróunar.

Í samræmi við 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er hér með lögð fyrir Alþingi skýrsla um 73. og 74. Alþjóðavinnumálaþingið og birtar alþjóðasamþykktir sem stofnunin afgreiddi á árinu 1987.

2. 73. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 1987

2.1. SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA

Þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, hið 73. í röðinni, var haldið dagana 3.—23. júní í Genf í Sviss. Að þessu sinni var forseti þingsins kosinn vinnumálaráðherra Jórdaníu, Khaled Hej-Hassan. Kosnir voru þrír varaþingforsetar. Utanríkisráðherra Ukraínu, Lipatov, hlaut kosningu úr röðum fulltrúa ríkisstjórna. Wolf-Dieter Lindner frá Þýska sambandslýðveldinu var valinn úr hópi atvinnurekenda til að gegna embætti varaþingforseta og Heribert Maier frá Austurríki fulltrúi launafólks á þinginu, hlaut sömu upphefð.

Svipaður fjöldi tók þátt í þessu þingi og því næsta á undan. Samtals voru aðalfulltrúar 539 og 1248 ráðgjafar. Af fulltrúum voru 27 konur, þar af 5 frá Norðurlöndunum. Auk þess voru 132 konur í hópi ráðgjafa. Konur voru færri á þessu þingi en á 72. þinginu. Þá voru þær samtals 186 en nú 159.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Francis Blancard, býður einum eða fleiri gestum sem hafa verið brautryðjendur á einhverju sviði félagsmála að ávarpa Alþjóðavinnumálaþingið. Gestir þingsins að þessu sinni voru forseti Argentínu, Raul Alfonsín, og forseti Portúgal, Mario Soares.

Á dagskrá þingsins voru eftirtalin atriði:

1. Skýrsla forstjóra og stjórnarnefndar.
2. Tillögur um starfs- og fjárhagsáætlun.
3. Upplýsingar og skýrslur um framkvæmd samþykkta og tillagna.
4. Aukið framboð atvinnu og félagslegt öryggi (fyrri umræða).
5. Öryggi og hollusta í byggingariðnaði (fyrri umræða).
6. Þróunaraðstoð Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (almenn umræða).
7. Kynþáttaaðskilnaðarstefnan í Suður-Afríku.

Sendinefnd Íslands á þinginu skipuðu eftirtaldir: Gylfi Kristinsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, og Kristinn Árnason sendiráðsritari voru fulltrúar ríkisstjórnar Íslands. Kristján Þorbergsson lögfræðingur var fulltrúi íslenskra atvinnurekenda og Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambands Íslands, var fulltrúi íslensks launafólks.

Þingnefndir voru kosnar til að fjalla nánar um dagskrárliði 2 — 7. Auk þess var fjallað um nokkur málefni í sérstökum þingnefndum, t.d. kjörbréf, tillögur til þingsályktana, þingsköp og málefni sem snerta framvindu þingsins. Fulltrúar Íslands tóku þátt í störfum fjárhagsnefndar, nefndar sem fjallar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og ályktunarnefndar.

2.2. UMRÆÐUR UM KJÖRBRÉF

Á hverju Alþjóðavinnumálaþingi fær kjörbréfanefnd erfið úrlausnarefni. Í henni eiga sæti þrír fulltrúar. Einn er kosinn úr hópi ríkisstjórnarfulltrúa, einn úr hópi fulltrúa atvinnurekenda og einn er fulltrúi launafólks. Í nefndinni sátu Reantragoon, ríkisstjórnarfulltrúi Tailands, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Erik Hoff, fulltrúi norskra atvinnurekenda, og fulltrúi dansks launafólks, John Svenningsen.

Meðal þess sem nefndin fjallaði um voru athugasemdir fulltrúa launafólks á þinginu við kjörbréf þingfulltrúa launafólks frá Cíle, Grikklandi, El Salvador, Indlandi, Lesotho, Pakistan og Póllandi. Einnig voru kjörbréf fulltrúa launafólks í sendinefndum frá Iran og Níkaragva vefengd. Nefndin var sammála um að taka ekki tillit til þessara athugasemda og fulltrúarnir héldu því réttindum sínum á þinginu. Þar sem nefndin var sammála komu kærurnar ekki til frekari umræðu á allsherjarþinginu.

Kjörbréf fulltrúa Cíle hafa komið nokkrum sinnum til umræðu á alþjóðavinnumálaþinginu. Á 72. þinginu klofnaði kjörbréfanefndin í afstöðu sinni til kjörbréfa fulltrúa launafólks í Cíle og kom það mál til umræðu og afgreiðslu allsherjarþingsins. Tillaga um

ógildingu kjörbréfanna féll við atkvæðagreiðslu vegna skilyrða í stofnskrá ILO um lágmarksþátttöku í atkvæðagreiðslu. Kjörbréf fulltrúa launafólks í Cíle voru einnig kærð að þessu sinni. Með hliðsjón af afgreiðslu 72. vinnumálaþingsins treysti kjörbréfanefndin sér ekki til að ógilda kjörbréfin.

Í fyrsta skipti í mörg ár tók sendinefnd frá Póllandi þátt í Alþjóðavinnumálaþinginu. Fulltrúi frá samtökum launafólks, sem auðkennd eru með styttingunni OPZZ, skipaði sendinefndina. Fulltrúi Samtaka frjálsra verkalýðshreyfinga krafðist þess að kjörbréf fulltrúa launafólks yrði ógilt með tilvísun til þess að hvorki hafði verið haft samráð við pólsku verkalýðshreyfinguna Samstöðu um val á þessum fulltrúa né hafði hreyfingunni verið gefinn kostur á þátttöku í þinginu. Fulltrúi pólsku ríkisstjórnarinnar fullyrti að stærstu samtök pólsks launafólks væru samtökin OPZZ. Þess vegna væri fulltrúi þeirra réttkjörinn til setu á Alþjóðavinnumálaþinginu. Auk þess hélt þessi fulltrúi fram að útilokað væri að hafa samráð við Samstöðu um þetta mál þar sem pólska þingið hefði samþykkt að leysa samtökin upp. Eftir langvarandi samningaþóf ákvað kjörbréfanefndin að hafna kærunni en hvetja pólsku ríkisstjórnina til að hafa í framtíðinni samráð við samtök launafólks sem standa utan OPZZ, þar með talin Samstaða, áður en hún velur fulltrúa launafólks til setu á Alþjóðavinnumálaþinginu.

Kjörbréfanefndinni barst annað erfitt úrlausnarefni sem var krafa um ógildingu kjörbréfs fulltrúa atvinnurekenda í Níkaragva. Í kærunni, sem var frá alþjóðasamtökum atvinnurekenda IOE, var fullyrt að ríkisstjórn Níkaragva hefði ekki haft samráð við fjölmennustu samtök atvinnurekenda í landinu, COSEP, þegar hún valdi fulltrúa til setu á vinnumálaþinginu. Þess í stað hefði ríkisstjórnin skipað fulltrúa úr röðum Landssambands bænda (UNAG) í sendinefndina. Fulltrúi ríkisstjórnar Níkaragva hélt því fram að skipulag framleiðslunnar hefði breyst svo mikið í landinu að COSEP hefði misst stöðu sína sem stærstu samtökin. Nefndin hafnaði þessari röksemd en tók þann kostinn að taka kæruna ekki til greina. Hún lagði þó áherslu á að í framtíðinni yrði haft samráð við COSEP um val á fulltrúa til setu á Alþjóðavinnumálaþinginu þar sem þau væru stærstu atvinnurekendasamtökin í landinu.

Nefndin vakti athygli á því að nær öll aðildarríki ILO sendu fullskipaðar sendinefndir til þingsins að þessu sinni í samræmi við stofnskrá stofnunarinnar. Samkvæmt henni ber aðildarríki að senda og standa straum af kostnaði vegna þátttöku tveggja ríkisstjórnarfulltrúa og tveggja fulltrúa heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins. Eitt aðildarríki sendi einungis ríkisstjórnarfulltrúa til þingsins en það var Gvatemala. Í sendinefndum tveggja aðildarríkja vantaði fulltrúa atvinnurekenda. Þessi ríki voru Grænhöfðaeyjar og Sierra Leone. Ástandið í þessum efnum hefur farið batnandi undanfarin ár og kærum fækkað vegna ófullskipaðra sendinefnda eða greiðslu á kostnaði vegna þátttöku í þingunum.

2.3. SKÝRSLA FORSTJÓRA OG UMRÆÐUR UM HANA

Almennar umræður á allsherjarþinginu snúast að verulegu leyti um skýrslu forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Francis Blancard. Þær fara fram samhliða öðrum þingstörfum og standa í rúmlega tvær af þremur vikum þinghaldsins. Skýrslan fjallar um tvö meginviðfangsefni. Í fyrri hlutanum brýtur forstjórinn til mergjar málefni sem er ofarlega á baugi og snertir vinnumarkaðinn. Í síðari hlutanum gerir hann grein fyrir helstu þáttum í starfsemi ILO á liðnu starfsári. Að þessu sinni kaus forstjórinn að taka til meðferðar í skýrslu sinni hlutverk Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í fjölþjóðasamstarfi. Hér á eftir er gerð stuttlega grein fyrir helstu atriðum í skýrslu forstjórans og almennum umræðum á þinginu.

Í skýrslu sinni leggur Blancard áherslu á alþjóðlega samstöðu til að stuðla að meiri hagsæld og auknu félagslegu réttlæti í þróunarlöndunum. Samtímis bendir hann á að

alþjóðasamvinna krefst bæði samskiptareglna og skipulags. Þessu skipulagi er við haldið af alþjóðlegum fjármálastofnunum, en einnig af Sameinuðu þjóðunum (S.þ.) og sérstofnunum þeirra. Mikilvægt er að endurvekja traust á þessum stofnunum. Í skýrslunni kemur fram að forstjórinn telur að S.þ. og sérstofnanir þeirra verði að auka sérhæfingu og forðast tvíverknað. Sérhver stofnun verði að takmarka metnað sinn við tiltekin afmörkuð verkefni. Í þessu sambandi varði forstjórinn þá skoðun sína að ILO hefði hlutverki að gegna við rannsóknir og mat á félagslegum áhrifum af stefnu ríkisstjórna og alþjóðlegra fjármálastofnana í efnahagsmálum.

Flestir ræðumenn sem tóku til máls við almennu umræðurnar studdu skoðanir forstjórans. Ekki síst Raul Alfonsín, forseti Argentínu, en hann lagði sérstaka áherslu á nauðsyn þess að til væri ein stofnun á vegum Sameinuðu þjóðanna sem gengdi því hlutverki að vera eins konar „félagsleg samviska".

Francis Blancard, forstjóri ILO, lauk að venju almennu umræðunum með ítarlegri ræðu. Í henni minnti hann á að þróunarlöndin hefðu verið andvíg því að sett yrðu almenn ákvæði um félagsmál í GATT-samkomulagið, fyrst og fremst vegna þess að slík ákvæði gætu leitt til viðskiptahindrana. Forstjórinn taldi að það væri tímabært fyrir Alþjóðavinnumálastofnunina að taka á ný til umfjöllunar spurninguna um lágmarksstaðla, þ.e. umfjöllun um réttmæt lágmarksréttindi í atvinnulífinu. Hann sagði að það væri mikilvægt að leggja áherslu á að staðlar ILO gengdu ekki því hlutverki að bæta samkeppnisstöðu. Mikilvægi þeirra fælist fyrst og fremst í því markmiði að bæta félagsleg kjör vinnandi fólks. Með þetta í huga væri þýðingarmikið að starfi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á sviði stöðlunar væri fylgt eftir með öflugri þróunaraðstoð þannig að launafólk í þriðja heiminum fengi notið bættra lífskjara og betri vinnuskilyrða.

Samtals tóku 257 ræðumenn þátt í almennu umræðunum.

2.4. FJÁRHAGSSTAÐA OG FJÁRHAGSÁÆTLUN

Fjárhagsnefnd er eina nefnd þingsins þar sem þingfulltrúar aðila vinnumarkaðarins hafa ekki atkvæðisrétt. Hvert aðildarríki ILO á einn fulltrúa í nefndinni. Hlutverk hennar er að fjalla um fjárhag stofnunarinnar og fjárhagsáætlun. Að þessu sinni snerust umræður um áætlun fyrir tveggja ára tímabilið 1988—89. Skoðanaágreiningur var með nefndarmönnum og urðu umræður um skeið allsnarpar. Formaður nefndarinnar var kjörinn P. Aitken frá Jamaika.

Stjórnarnefndin lagði fyrir þingið tillögu að fjárhagsáætlun fyrir framangreint tveggja ára tímabil að upphæð samtals 330 milljónir Bandaríkjadala. Um var að ræða hækkun frá fyrra tveggja ára tímabili úr 253 milljónum dala eða 18%. Miðað við verðgildi svissneska frankans fól tillagan í sér hlutfallslegan samdrátt um 0,5%.

Á fundum nefndarinnar kom fram andstaða við hækkun fjárhagsáætlunarinnar. Við almennar umræður lýsti forstjóri ILO, Francis Blancard, því yfir að hann væri reiðubúinn til að lækka fjárhagsáætlunina um 4,5 milljónir dala. Þetta yrði gert með því að fella niður framlag stofnunarinnar til tímabundinna kaupa á svissneskum frönkum. Enn fremur lofaði hann að endurskoða áætlunina fyrir fund stjórnarnefndar vorið 1988 í því augnamiði draga úr útgjöldum um 6,9 milljónir dala til viðbótar og koma með þeim hætti til móts við gagnrýni um of mikil útgjöld. Blancard kvaðst áhyggjufullur yfir skuldum aðildarríkjanna við ILO. Meira en helmingur þeirra hafði látið undir höfuð leggjast að greiða árgjald til stofnunarinnar að hluta eða fullu. Mörg höfðu ekki greitt árgjald ársins á undan, þ.e. 1986. Bandaríkin, Sovétríkin og Japan voru meðal ríkja sem ekkert höfðu greitt upp í árgjald ársins 1987.

Talsmenn aðila vinnumarkaðarins lýstu yfir fullum stuðningi við fjárhagsáætlunina og lögðu áherslu á að stjórnarnefndin hefði gætt fyllsta aðhalds við gerð hennar.

Andstaðan gegn tillögu stjórnarnefndarinnar kom einkum úr þremur áttum. Frá fulltrúum ríkja Suður-Ameríku, Austur-Evrópu og Bandaríkjanna. Fulltrúi Venesúela taldi það óviðunandi að vanda sem stofnaðist vegna gengisfalls Bandaríkjadals yrði velt yfir á aðildarríkin. Fjárhagsstaða ríkja Suður-Ameríku væri það slæm að þau gætu í besta falli greitt óbreytt árgjald í dölum. Af því leiddi að það yrði að lækka tillögu stjórnarnefndarinnar um 45 milljónir Bandaríkjadala.

Gagnrýni Austur-Evrópuríkja byggðist á svipaðari röksemdafærslu. Fulltrúar þeirra voru þeirrar skoðunar að stofnunin ætti sjálf að taka á sig tapið vegna verðfalls dalsins.

Talsmenn annarra ríkisstjórna kváðust reiðubúnir til að samþykkja tillögu stjórnarnefndar að fjárhagsáætlun eins og hún hafði verið lögð fram á þinginu. Talsmaður Norðurlandanna tók undir þetta sjónarmið. Hann lagði áherslu á það í ræðu sinni að fjárhagsvandi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar ætti rætur að rekja til aðstæðna sem stofnunin réð ekki við, svo sem verðbreytinga á gjaldeyrismörkuðum og tregðu aðildarríkjanna til að greiða árgjöld. Það væri mikilvægt að stofnunin gerði allt til að draga úr óhagstæðum áhrifum sem þessar aðstæður sköpuðu en engu síður væru það aðildarríkin sjálf sem bæru ábyrgðina.

Þrátt fyrir tillögu forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar um niðurskurð og loforð um frekari samdrátt útgjalda var krafist atkvæðagreiðslu í fjárhagsnefndinni. Úrslit hennar voru þau að tillaga stjórnarnefndar eins og henni hafði verið breytt með tillögu forstjórans var samþykkt með 78 atkvæðum. Á móti voru 28 (fulltrúar ríkja Suður-Ameríku, Austur-Evrópu og Bandaríkjanna) og 3 sátu hjá.

Fyrri sjónarmið sem höfðu komið fram í umræðum í fjárhagsnefndinni voru endurtekin á allsherjarþinginu. Umræður voru ekki langar en aftur var krafist atkvæðagreiðslu. Það vakti athygli að fulltrúi Bandaríkjastjórnar breytti atkvæði sínu frá atkvæðagreiðslu í nefndinni og studdi fjárhagsáætlunina. Við atkvæðagreiðsluna var sú skýring gefin að með þessari breyttu afstöðu vildi Bandaríkjastjórn láta í ljós það álit að hún teldi að forstjóri ILO hefði gert allt sem í hans valdi stóð til að draga úr útgjöldum stofnunarinnar. Enn fremur kvað fulltrúinn ríkisstjórn sína hafa tekið tillit til óska fulltrúa aðila vinnumarkaðarins og fleiri aðila um stuðning við fjárhagsáætlunina. Atkvæðagreiðslan fór þannig að samþykkir voru 349, andvígir 56 og 19 sátu hjá.

Samþykkt fjárhagsáætlunarinnar felur í sér að framlag Íslands til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 1988 verður 0,03% af 162.430.000 Bandaríkjadölum eða 48.729 dalir.

Fulltrúi Íslands í fjárhagsnefndinni var Gylfi Kristinsson deildarstjóri.

2.5. FRAMKVÆMD SAMÞYKKTA OG TILLAGNA

Ein mikilvægasta og jafnframt fjölmennasta þingnefndin er nefnd sem fjallar um framkvæmd aðildarríkjanna á samþykktum og tillögum sem Alþjóðavinnumálaþingin hafa afgreitt. Á 73. Alþjóðavinnumálaþinginu áttu samtals sæti í nefndinni 183 fulltrúar. Fulltrúar ríkisstjórna voru 101, atvinnurekenda 28 og 54 voru fulltrúar launafólks. Auk þess fylgdist 31 fulltrúi fjölþjóðasamtaka með störfum nefndarinnar. Eftir nokkur átök bak við tjöldin náðist samstaða um formann sem var kosinn einróma. Það var fulltrúi ríkisstjórnar Nígeríu, F.O. Williams, sem varð fyrir valinu. Varaformenn voru kosnir A. Wisskirchen, atvinnurekendafulltrúi frá Þýska sambandslýðveldinu, og J.M. Houthuys, fulltrúi launafólks í Belgíu. Ritari var kosinn ríkisstjórnarfulltrúi Portúgals, M. C. Almeida-Riberiro. Fulltrúi ríkisstjórnar Íslands í nefndinni var Gylfi Kristinsson deildarstjóri. Kristján Þorbergsson lögfræðingur átti einnig sæti í nefndinni sem hélt 21 bókaðan fund þar af nokkra kvöld- og næturfundi.

Verkefni nefndarinnar er þríþætt. Hún fjallar um skýrslur sem aðildarríkjunum ber að gefa Alþjóðavinnumálastofnuninni um framkvæmd alþjóðasamþykkta er þau hafa fullgilt,

sbr. 22. og 35. gr. stofnskrár stofnunarinnar. Einnig skal nefndin fara yfir upplýsingar um það hvort aðildarríkin hafi kynnt löggjafarsamkomum sínum innan tilskilins frests alþjóðasamþykktir og tillögur sem Alþjóðavinnumálaþingin hafa afgreitt, sbr. 19. gr. stofnskrárinnar. Loks fer nefndin yfir skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd ófullgiltra alþjóðasamþykkta og tillagna sem ríkjunum ber að skila, einnig samkvæmt 19. gr.

Alþjóðavinnumálastofnunin undirbýr með ýmsum hætti störf nefndarinnar. Meðal annars fá þingfulltrúar í hendur álit sérfræðinganefndar sem gegnir því hlutverki að rannsaka framangreindar skýrslur aðildarríkjanna. Einnig er þess farið á leit við ríkisstjórnir að þær veiti þingnefndinni nánari upplýsingar ef einhver atriði eru óljós.

Nefndin samþykkti einróma að nota sömu vinnureglur og undanfarin ár. Þó var til þess tekið að nokkrar ríkisstjórnir hafa undanfarin ár látið undir höfuð leggjast að mæta á fundum nefndarinnar til að veita upplýsingar um einstök atriði þrátt fyrir eindregin tilmæli þar um. Með hliðsjón af þessu var ákveðið að hlutaðeigandi ríkisstjórnir yrðu boðaðar skriflega á fund nefndarinnar og nöfn þeirra birt í fréttablöðungi þingsins þeim til áminningar. Auk þess var ákveðið að ríkisstjórna, sem ekki mættu á nefndarfundina þrátt fyrir þetta, yrði sérstaklega getið í skýrslu nefndarinnar til allsherjarþingsins.

Við almennar umræður í nefndinni lýstu margir ræðumenn, fyrst og fremst úr röðum fulltrúa launafólks, yfir óánægju sinni með fáar fullgildingar á árinu. Á árinu 1986 voru skráðar 35 fullgildingar, en 78 árið á undan. Hinn 31. desember 1986 voru fullgildingar samtals orðnar 5.300. Hins vegar var engri fullgildingu sagt upp á árinu.

Nokkrir ræðumenn gerðu að umtalsefni og lýstu ánægju sinni með álit nefndar sem fékk það verkefni að yfirfara starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á sviði stöðlunar. Töldu þeir ýmsar hugmyndir í nefndarálitinu allrar athygli verðar. Aðrir voru þeirrar skoðunar að í stað þess að semja nýjar alþjóðasamþykktir ætti að leggja áherslu á að endurskoða eldri samþykktir.

Þegar á heildina er litið fylgdu almennu umræðurnar í nefndinni þekktum línum. Fulltrúar frá Sovétríkjunum, Austur-Evrópu, Kúbu og Íran gagnrýndu eftirlitskerfi ILO. Kvartað var yfir því að sérfræðinganefndin væri ekki hlutlæg í störfum sínum og tæki ekki nægilegt tillit til ólíks þjóðskipulags. Aðrir fulltrúar í nefndinni sem tóku til máls mótmæltu þessari gagnrýni og lýstu yfir fullu trausti á sérfræðinganefndina.

Nefndin varði stærstum hluta af tíma sínum í að ræða athugasemdir við framkvæmd aðildarríkja á alþjóðasamþykktum. Að venju fóru umræður fram fyrst og fremst á milli talsmanna aðila vinnumarkaðarins og fulltrúa hlutaðeigandi ríkisstjórnar í nefndinni.

Það vakti athygli og ánægju að starf nefndarinnar hefur borið árangur. Á einu ári hefur lögum eða venju verið breytt í 40 tilvikum í 29 aðildarríkjum í samræmi við ábendingar sérfræðinganefndarinnar. Um er að ræða aðildarríki sem búa við ólíka stjórnarhætti og þjóðskipulag. Frá því að byrjað var að halda til haga upplýsingum af þessu tagi árið 1964 hefur verið tekið tillit til ábendinga nefndarinnar í samtals 1.670 tilvikum.

Í skýrslu nefndarinnar til allsherjarþingsins voru nokkur lönd tilgreind þar sem framkvæmd samþykkta hefur verulega batnað. Þetta gildir um framkvæmd Gvatemala á samþykkt nr. 87 um félagafrelsi og verndun þess. Panama að því er varðar samþykkt nr. 68 um fæði og þjónustu áhafna á skipum. Enn fremur hafa stjórnvöld Úrúgvæ bætt framkvæmd ákvæða í samþykktum nr. 87 og 98 um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega og nr. 105 um afnám nauðungarvinnu.

Nokkur lönd hlutu þann vafasama heiður að fá nöfn sín skráð í svonefndan sérstakan hluta í skýrslu nefndarinnar, en hann fjallar um þau aðildarríki þar sem framkvæmd á alþjóðasamþykktum er verulega ábótavant. Í þessum hópi var Bangladess. Framkvæmd stjórnvalda þar í landi á ákvæðum samþykktar nr. 107 um vernd frumbyggja hefur komið nokkrum sinnum til umfjöllunar í nefndinni og gerði það einnig að þessu sinni. Hún beindi

þeim eindregnu tilmælum til ríkisstjórnarinnar að hún hlutaðist til um úrbætur í samræmi við athugasemdir sérfræðinganefndarinnar. Í skýrslu nefndarinnar er kvartað yfir framkomu ríkisstjórnar Dóminíkanska lýðveldisins sem ekki hefur svarað fjölmörgum spurningum sérfræðinganefndarinnar um framkvæmd samþykkta nr. 95 um verndun vinnulauna og nr. 105 um afnám nauðungarvinnu. Einnig samþykkti nefndin að geta Ekvador í sérstökum hluta skýrslu sinnar vegna aðgerðarleysis við að samræma löggjöf sína samþykktum nr. 87 og 98. Mesta rýmið í þessum hluta skýrslunnar fékk Pakistan sem ekki hefur sinnt um að framfylgja ákvæðum í fjölda samþykkta, þar á meðal ákvæðum í samþykktum nr. 29 og 105 sem fjalla um nauðungarvinnu, nr. 87 um félagafrelsi, nr. 96 um vinnumiðlunarskrifstofur sem taka laun fyrir störf sín og nr. 111 um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs.

Að þessu sinni var ekki gerð athugasemd í skýrslu sérfræðinganefndarinnar við framkvæmd Íslands á fullgiltum samþykktum.

2.6. AUKIÐ FRAMBOÐ ATVINNU OG FÉLAGSLEGT ÖRYGGI

Eitt af helstu viðfangsefnum vinnumálaþinga er afgreiðsla alþjóðasamþykkta og tillagna. Í þeim eru sett fram markmið til umbóta á vinnumarkaðinum. Á 73. Alþjóðavinnumálaþinginu voru drög að alþjóðasamþykktum og tillögum um tvö málefni til fyrri umræðu. Önnur drögin fjölluðu um öryggi og hollustu í byggingariðnaði, hin um aukið framboð atvinnu og félagslegt öryggi. Fjallað var um þessi efni hvort í sinni þingnefndinni.

Í þingnefndinni, sem fjallaði um drög að samþykkt og tillögu um aukið framboð atvinnu og félagslegt öryggi, áttu sæti 71 ríkisstjórnarfulltrúi, 60 fulltrúar atvinnurekenda og 64 fulltrúar launafólks. Ríkisstjórnarfulltrúi Hollands, K. van der Berg, var kosinn formaður nefndarinnar. Varaformenn voru kosnir F. Rey frá Máritaníu úr hópi atvinnurekenda og B. Seidman frá Bandaríkjunum en hann var fulltrúi launafólks.

Tvær skýrslur, „Employment promotion and social security - Report IV (1) and IV (2)“, sem alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði tekið saman voru lagðar til grundvallar við umræður í nefndinni. Í síðarnefndu skýrslunni voru sett fram drög að alþjóðasamþykkt og tillögu sem að hluta til er endurskoðun ákvæða í samþykkt nr. 44 og tillögu nr. 44 um bætur eða styrki til þeirra sem eru atvinnulausir gegn vilja sínum frá árinu 1934. En að öðru leyti er um ný ákvæði að ræða þar sem reynt er að leggja áherslu á tengslin á milli öruggrar afkomu og aukins framboðs vinnu. Sérstaklega er mikilvægi vinnunnar dregið fram og bent á að stefna í efnahagsmálum eigi að miða að auknum hagvexti. Líta skuli á greiðslu atvinnuleysisbóta sem neyðarúrræði þegar aðrar leiðir reynast ófærar. Í nefndinni var mikill skoðanaágreiningur á milli iðnríkja og þróunarlanda. Fulltrúar fyrrnefndu ríkjanna voru þeirrar skoðunar að félagslegt öryggi vegna atvinnuleysis ætti að taka til mannaflans í heild, annaðhvort með atvinnuleysistryggingum eða öðrum félagslegum aðgerðum. Sjónarmið iðnríkjanna náðu fram að ganga í skýrslu nefndarinnar til allsherjarþings. Í raun felur þessi niðurstaða í sér að þróunarlöndin koma til með að eiga í erfiðleikum með að fullgilda samþykkt með svo víðtæku ákvæði. Það er ljóst að þetta ákvæði verður til umfjöllunar á 75. þinginu sumarið 1988. Sú niðurstaða sem fæst í þingnefnd sem þá starfar mun ráða því hvort allsherjarþingið ákveður að afgreiða alþjóðasamþykkt um þetta málefni eða láta sitja við tillögu.

2.7. ÖRYGGI OG HOLLUSTA Í BYGGINGARIÐNAÐI

Fimmta dagskrármál vinnumálaþingsins var öryggi og hollusta í byggingariðnaði. Það var til fyrri umræðu og er að því stefnt að 75. Alþjóðavinnumálaþingið afgreiði alþjóðasamþykkt og tillögu um þetta efni í júní 1988.

Um þetta málefni, eins og önnur sem voru á dagskrá þingsins, var fjallað í þingnefnd. Samtals tóku þátt í starfi hennar frá 126 og allt upp í 145 fulltrúar þegar flest var.

Ríkisstjórnarfulltrúar u. þ. b. 65, fulltrúar atvinnurekenda u.þ.b. 40 og launafólks u.þ.b. 25. Á fyrsta fundinum kaus nefndin dr. J. Panzke frá Þýska alþýðulýðveldinu sem formann. Varaformenn voru kosnir Kanadamaðurinn J. Halliwell sem var úr hópi atvinnurekenda og F. Chiluba frá Zambíu úr hópi fulltrúa launafólks.

Aðdragandann að umfjöllun þingsins um þetta málefni má rekja til ákvörðunar stjórnar ILO um að endurskoða samþykkt nr. 62 um öryggisreglur í byggingariðnaðinum frá árinu 1937. Alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði undirbúið umræður í nefndinni með samantekt skýrslu „Safety and health in construction - Report V (2)".

Nokkrar deilur urðu innan nefndarinnar, fyrst og fremst á milli fulltrúa aðila vinnumarkaðarins. Um var að ræða mismunandi skilning á hugtökum og í sumum tilvikum misskilning. Eitt þeirra atriða sem olli deilum var hugtakið „vinnustaður". Ýmsum fulltrúum, t.d. ríkisstjórnarfulltrúa Noregs, fannst það hugtak sem nefndin samþykkti að nota í þeim drögum sem nú liggja fyrir of rúmt og þar með óljóst, sérstaklega vegna þess að síðar í drögunum er þess krafist að atvinnurekandi tryggi að vinnustaður sé öruggur með tilliti til slysa og heilsu starfsmanna. Ábyrgð atvinnurekanda samkvæmt drögunum er því mjög víðtæk. Samstaða náðist um að taka upp nýtt ákvæði um að hönnuðir eða verkfræðingar taki á hönnunarstigi tillit til öryggis og heilsu þeirra verkamanna sem vinna að byggingarframkvæmd, sjá um viðhald byggingar, endurbætur og niðurrif.

Eitt af því sem olli miklum umræðum í nefndinni var samstarf fleiri atvinnurekenda á sama vinnustaðnum. Ríkisstjórnarfulltrúi Kanada lagði fram breytingartillögu þar sem ábyrgð atvinnurekenda er betur skilgreind en í þeim drögum sem lágu fyrir nefndinni. Breytingartillagan var samþykkt. Fleiri atriði sem snerta orðalag og hugtök voru rædd. Ljóst er að nokkur þeirra bíða úrlausnar í seinni umræðu sem fram fer á 75. vinnumálaþinginu.

2.8. ÞRÓUNARAÐSTOÐ ALÞJÓÐAVINNUMÁLASTOFNUNARINNAR

Að jafnaði er þróunaraðstoð Alþjóðavinnumálastofnunarinnar tekin á dagskrá Alþjóðavinnumálaþingsins á tíu ára fresti. Síðast gerðist þetta árið 1977 þegar forstjóri stofnunarinnar fjallaði um þessa starfsemi í ársskýrslu sinni. Umræður á 73. þinginu voru undirbúnar af alþjóðvinnumálaskrifstofunni með skýrslu sem ber heitið „The Role of the ILO in Technical Co-operation". Í skýrslunni er gerð grein fyrir umfangi þróunaraðstoðar ILO. Þar kemur fram að aðstoðin hefur tvöfaldast frá árinu 1977 eða vaxið úr 50 milljónum Bandaríkjadala í 100 milljónir dala. Helmingurinn af þessu fjármagni kemur frá tveimur sjóðum Sameinuðu þjóðanna (S.þ.), það er þróunarsjóði S.þ. (UNDP) og sjóði S.þ. til aðstoðar þjóðarbrotum (UNFPA). Frjáls framlög eru um 40% og hafa farið vaxandi á undanförnum árum.

Síðasta áratug hafa áherslur verið að breytast. Í upphafi hans var aðstoðinni fyrst og fremst beint til ríkja Suður-Ameríku. Á seinni árum hefur hlutur ríkja í syðri hluta Afríku farið vaxandi.

Þótt þróunaraðstoðin hafi aukist mikið sl. tíu ár kemur tiltölulega lítið í hlut hvers lands vegna þess að árlega er u. þ. b. 100 ríkjum veitt aðstoð.

Þingnefndin sem fjallaði um þróunaraðstoð ILO hélt samtals 9 fundi. Formaður var kosinn Khaled Taher, ríkisstjórnarfulltrúi frá Líbanon. Varaformenn voru kosnir úr röðum fulltrúa aðila vinnumarkaðarins. Úr hópi fulltrúa atvinnurekenda var kosinn Nasr frá Líbanon og Diop frá Senegal úr hópi launafólks.

Í almennum umræðum í nefndinni lögðu flestir ræðumenn áherslu á mikilvægi aðstoðar ILO við þróunarlöndin. Sérstaklega var bent á að það þríhliða samstarf sem liggur til grundvallar starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, á milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins, er vel til þess fallið að stuðla að framförum í atvinnumálum og menntun launafólks.

Margir ræðumanna gerðu að umtalsefni hlutverk þróunarsjóðs Sameinuðu þjóðanna (UNDP) sem samræmingaraðila í löndum sem njóta þróunaraðstoðar. Fulltrúar ríkisstjórna voru nær undantekningarlaust ánægðir með starfsemi sjóðsins, en afstaða fulltrúa aðila vinnumarkaðarins var frekar neikvæð. Þessi afstaða var rökstudd með því að benda á að sjóðurinn hefði engum skyldum að gegna við atvinnurekendur og launafólk.

Í nefndinni var ítarlega rætt um framtíðarhlutverk ILO á sviði þróunaraðstoðar. Meiri hluti ræðumanna tók undir þá tillögu að í framtíðinni skyldi þróunaraðstoðinni í ríkari mæli beint til verkefna þar sem sérþekking og reynsla stofnunarinnar kæmi að sem bestum notum. Í þessu sambandi var fyrst og fremst bent á aðgerðir til að vinna bug á atvinnuleysi, svo sem aukna áherslu á starfsmenntun í atvinnulífinu og aðrar aðgerðir sem stefna að því að auka hæfni mannaflans á vinnumarkaðnum.

Skýrsla nefndarinnar og tillögur um hlutverk ILO á sviði þróunaraðstoðar voru samþykktar einróma af allsherjarþinginu.

2.9. KYNÞÁTTAAÐSKILNAÐARSTEFNAN Í SUÐUR-AFRÍKU

Allt frá 67. Alþjóðavinnumálaþinginu sem haldið var árið 1981 hefur verið fjallað um kynþáttaaðskilnaðarstefnu stjórnvalda í Suður-Afríku í sérstakri þingnefnd. Á 73. þinginu áttu samtals sæti 50 fulltrúar í nefndinni, þ.e. 20 ríkisstjórnarfulltrúar, 10 atvinnurekendafulltrúar og 20 fulltrúar launafólks. Formaður var kosinn vinnumálaráðherra Tansaníu, Paul Bomani. Ritari og talsmaður nefndarinnar var fulltrúi ríkisstjórnar Svíþjóðar, Lars Danielsson. Af vestrænum ríkjum áttu að þessu sinni sæti í nefndinni fulltrúar Bandaríkjanna, Belgíu, Danmerkur og Svíþjóðar.

Eins og undanfarin ár fjölluðu umræðurnar í nefndinni að verulegu leyti um atriði sem komu fram í hinni árlegu skýrslu forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar um ástand og horfur í suðurhluta Afríku. Í þessari sérstöku skýrslu forstjórans er einnig fjallað um aðgerðir sem ríkisstjórnir og samtök atvinnurekenda og launafólks hafa beitt sér fyrir í samræmi við tilmæli fyrri vinnumálaþinga.

Almennar umræður í nefndinni voru nokkuð langdregnar og að stærstum hluta upptalning á því hvað einstök aðildarríki og samtök höfðu tekið sér fyrir hendur til að vinna gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnu stjórnvalda í Suður-Afríku. Flestir ræðumenn fordæmdu stefnu Suður-Afríku í þessum málum en þegar kom að því að skilgreina leiðirnar til að vinna gegn henni var mikill skoðanaágreiningur uppi. Almennt voru ræðumenn þeirrar skoðunar að ástandið hefði versnað undanfarin ár í suðurhluta Afríku. Nokkrir bentu á að þrátt fyrir þetta virtist almenningsálitið í heiminum ekki líta ástandið eins alvarlegum augum og árið áður. Þetta gæfi til kynna að ritskoðun stjórnvalda í Suður-Afríku hefði heppnast. Mörg vestræn ríki voru gagnrýnd fyrir áhugaleysi á málinu. Í því sambandi voru Norðurlöndin undantekning, en þeim var hrósað fyrir framgöngu þeirra í þessu málefni.

Að þessu sinni mælti nefndin með aðgerðum á fleiri sviðum en áður. Hún lagði áherslu á eftirfarandi:

— víðfeðmar og skuldbindandi aðgerðir Sameinuðu þjóðanna og eftirlit með því að refsiaðgerðum verði fylgt eftir. Eftirlit verði í samvinnu við Alþjóðasiglingamálastofnunina, Skipaskráningu Lloyds og Skiparannsóknarskrifstofunnar (Shipping Research Bureau).
— öllum samskiptum verði hætt á sviðum stjórn-, her-, menningar-, íþrótta- og utanríkismála.
— verslun, viðskipti og lánastarfsemi verði stöðvuð.
— fjármagn sem ætlað er til fjárfestingar verði dregið frá Suður-Afríku og flutt til nágrannalandanna.

Mælt var með því að Alþjóðavinnumálastofnunin boði til þríhliða ráðstefnu til að ræða aðgerðir sem hægt er að beita gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnunni og hinu ólöglega hernámi Namibíu. Hugmyndin er að ráðstefnan undirbúi endurskoðun yfirlýsingar ILO frá 1981 um kynþáttaaðskilnaðarstefnuna. Í atkvæðagreiðslu var skýrsla nefndarinnar afgreidd til allsherjarþingsins með 39 atkvæðum gegn einu. Vinnumálaráðherra Svíþjóðar, Anna-Greta Lejon, flutti ræðu í nafni Norðurlandanna við umræður um skýrsluna á allsherjarþinginu. Ræðan hafði að geyma harðorða lýsingu á þróuninni í Suður-Afríku og Namibíu. Í fyrsta skipti voru greidd atkvæði um skýrslu nefndarinnar á allsherjarþinginu. Það var gert að kröfu Stóra-Bretlands. Samtals greiddu 331 atkvæði með samþykkt skýrslunnar, 8 voru á móti og 26 sátu hjá. Norðurlöndin greiddu atkvæði með samþykkt hennar.

2.10. ÁLYKTUNARTILLÖGUR

Um tillögur til þingsályktana um málefni sem eru utan dagskrár Alþjóðavinnumálaþingsins er fjallað í 17. gr. þingskapa ILO. Þar er m.a. kveðið á um það að því einungis megi hreyfa máli sem ekki er á dagskrá að þingfulltrúi hafi afhent forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar tillögu um það 15 dögum fyrir setningu Alþjóðavinnumálaþingsins. Á þinginu er fjallað um þær tillögur sem berast þinginu með þessum hætti í sérstakri þingnefnd, ályktunarnefnd (Resolutions Committee).

Samtals áttu sæti í nefndinni 207 þingfulltrúar þegar flest var. Þar af voru ríkisstjórnarfulltrúar 80, fulltrúar atvinnurekenda voru 48 og fulltrúar launafólks voru 79. Formaður nefndarinnar var kosinn Califice, fulltrúi ríkisstjórnar Belgíu og fyrrverandi vinnumálaráðherra. Varaformenn nefndarinnar voru kosnir úr röðum fulltrúa aðila vinnumarkaðarins. Þeir sem hlutu kosningu voru Rowe, atvinnurekendafulltrúi frá Nýja Sjálandi, og Bretinn Morton sem var fulltrúi launafólks. Fulltrúar ríkisstjórnar Íslands í nefndinni voru Kristinn Árnason sendiráðsritari og Gylfi Kristinsson deildarstjóri. Guðmundur J. Guðmundsson tók einnig þátt í störfum nefndarinnar.

Ályktunarnefndinni höfðu borist 15 tillögur. Flutningsmenn flestra voru úr röðum launafólks en nokkrar voru bornar fram af ríkisstjórnum. Í þeim hópi voru ríkisstjórnir Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar sem lögðu fram tillögu um aðgerðir gegn misnotkun áfengis og annarra ávana- og vímuefna í atvinnulífinu. Einnig fluttu hinar norrænu ríkisstjórnirnar tillögu um verndun réttinda starfsmanna sem eru í þjónustu fyrirtækja sem taka að sér verkefni á erlendri grund. Ríkisstjórnir landa í Austur-Evrópu lögðu fram tillögur sem voru umdeildari, t.d. tillögu um atvinnu og þróun.

Vinnan í nefndinni hófst á því að flutningsmenn kynntu framlagðar tillögur. Að lokinni kynningunni voru gerðar tilraunir til að fella saman tillögur sem fjölluðu um svipuð málefni. Með þessum hætti tókst að fella saman fjórar tillögur um ár Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir í þágu húsnæðisleysingja, og tvær tillögur um þróun og aukið framboð atvinnu. Fyrir nefndinni lágu því ellefu tillögur. Samkvæmt verklagsreglum nefndarinnar skal hún í leynilegri atkvæðagreiðslu kjósa í forgangsröð fimm tillögur sem fyrst skal taka til afgreiðslu. Þar sem nefndin kemst einungis yfir að fjalla um mjög takmarkaðan fjölda tillagna er atkvæðagreiðslan eitt af því mikilvægasta sem gerist á nefndarfundunum og er sá atburður sem venjulega er fylgst með af hvað mestri eftirvæntingu af þingheimi.

Úrslit kosninganna um forgangsröðun tillagna voru eftirfarandi:

1. Ár Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir í þágu húsnæðisleysingja og hlutverk ILO í því sambandi (hlaut 530.195 vegin atkvæði).
2. Ályktun um að minnast þess að 40 ár eru liðin frá afgreiðslu ILO samþykktar nr. 87 um félagafrelsi og vendun þess (446.648 atkvæði).
3. Aðgerðir gegn misnotkun áfengis og fíkniefna á vinnustöðum (351.953 atkvæði).

4. Verndun réttinda þeirra starfsmanna sem eru í þjónustu fyrirtækja sem taka að sér verkefni á erlendri grund (336.673 atkvæði).
5. Þróun og aukið framboð atvinnu (303.939 atkvæði).

Þingnefndinni tókst að afgreiða 3 fyrstu tillögurnar til allsherjarþingsins. Umfjöllun nefndarinnar um hverja tillögu fyrir sig hófst með almennum umræðum þar sem ræðumenn gerðu grein fyrir afstöðu sinni til tillögunnar, aðstæðum í heimalandinu og beindu ítarlegum spurningum til tillöguflytjenda. Að loknum almennum umræðum var gengið til afgreiðslu á breytingar- og viðaukatillögum. Nefndin samþykkti nokkrar breytingar á öllum tillögunum og voru þær afgreiddar þannig breyttar einróma til allsherjarþingsins sem samþykkti þær mótatkvæðalaust.

Sameinuðu þjóðirnar hafa lýst árið 1987 sem ár hinna húsnæðislausu. Fyrsta tillagan sem tekin var til afgreiðslu í þingnefndinni fjallar um aðgerðir sem Alþjóðavinnumálastofnuninni ber að beita sér fyrir í þessu sambandi. Í tillögunni eru aðildarríki ILO hvött í samráði við samtök aðila vinnumarkaðarins til að auka framboð á húsnæði, sérstaklega fyrir þá sem eru fátækastir, enn fremur að hyggja að vandamálum þeirra fjölskyldna sem búa aðskildar vegna þess að fjölskyldumeðlimir vinna utan heimahéraðs eða erlendis. Þá er því beint til stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar að leggja sérstaka áherslu við undirbúning fjárhagsáætlunar fyrir tímabilið 1990—1995 á rannsóknir, upplýsingamiðlun, fundi og tækniaðstoð sem getur orðið að liði við að ná þeim markmiðum sem sett eru í áætlun Sameinuðu þjóðanna í húsnæðismálum. Því er einnig beint til stjórnarnefndarinnar að hún beiti sér fyrir endurskoðun á tillögu nr. 115 um húsnæðismál verkamanna með það að augnamiði að hún verði tekin til umfjöllunar á Alþjóðavinnumálaþingi.

Önnur þingsályktunartillagan sem samþykkt var á vinnumálaþinginu er um 40 ára afmæli samþykktar nr. 87 um félagafrelsi og verndun þess. Hún er álitin ein af grundvallarsamþykktum stofnunarinnar. Í ályktuninni eru þau aðildarríki sem enn hafa ekki fullgilt samþykktina eindregið hvött til að stíga það skref. Jafnframt er því beint til þeirra aðildarríkja sem hafa fullgilt hana að þau geri átak í að framkvæma ákvæði samþykktarinnar, svo sem með því að samræma lög og lagaframkvæmd ákvæðum hennar.

Þriðja ályktunartillagan sem þinginu vannst tími til að afgreiða var borin fram af fulltrúum ríkisstjórna Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Tillagan var fyrst lögð fram á 72. Alþjóðavinnumálaþinginu en náði ekki fram að ganga.

Í tillögunni felast tilmæli til ríkisstjórna og samtaka aðila vinnumarkaðarins að marka stefnu á landsvísu við skipulagningu menntunar, starfsþjálfunar eða starfsráðgjafar sem miði að vörnum gegn misnotkun áfengis og ávana- og fíkniefna á vinnustöðum eða annars staðar í þjóðfélaginu. Enn fremur er lögð áhersla á virkt samráð stjórnvalda við samtök atvinnurekenda og launafólks um stefnumótun á landsvísu, í stofnunum og fyrirtækjum gegn neyslu áfengis og annarra ávana- og fíkniefna og um framkvæmd aðgerða á þessu sviði, sérstaklega hvað varðar starfsendurhæfingu og félagslega aðlögun. Þá er því m.a. beint til stjórnarnefndar ILO að leggja fyrir forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar að veita þeim verkefnum viðeigandi forgang sem fela í sér andóf gegn misnotkun vímuefna og efla þau viðfangsefni stofnunarinnar sem beinast að rannsóknum á skaða sem misnotkun vímuefna veldur á vinnustöðum.

Þess skal getið að þegar allsherjarþingið hafði samþykkt tillöguna um aðgerðir gegn misnotkun áfengis og fíkniefna á vinnustöðum lýsti forstjóri ILO því yfir að hún yrði send þegar í stað ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um vímuefni sem haldin var í Vínarborg um þetta leyti.

2.11. BREYTINGAR Á ÞINGSKÖPUM ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGSINS

Nefnd um þingsköp Alþjóðavinnumálaþingsins var kölluð saman til funda til þess að fjalla um tillögur til breytinga á þingsköpum vinnumálaþingsins og breytingar á ákvæðum um svæðisbundnar ráðstefnur ILO, sbr. 38. gr. stofnskrárinnar. Ríkisstjórnarfulltrúi Austurríkis, O. Martinek, var kosinn formaður nefndarinnar. Varformenn voru kosnir C. Hak, atvinnurekendafulltrúi frá Hollandi, og J. Svenningsen, fulltrúi launafólks í Danmörku.

Í fyrstu tillögunni felst viðauki við 11. gr. þingskapanna sem fjallar um reglur sem ber að fylgja þegar málefni eru tekin til almennrar umræðu á dagskrá Alþjóðavinnumálaþingsins. Í greinina hefur vantað ákvæði um að alþjóðavinnumálaskrifstofan verði að senda þingfulltrúum skýrslur sem leggja skal til grundvallar umræðum fyrir ákveðinn eindaga. Úr þessu er bætt í viðaukatillögunni. Samkvæmt henni skal senda ríkisstjórnum aðildarríkjanna skýrslurnar ekki síðar en tveimur mánuðum fyrir þingsetningu.

Enn fremur voru lagðar til breytingar á 38. og 39. gr. þingskapanna sem miða að því að samtök atvinnurekenda og launafólks geti með tryggum hætti átt þátt í undirbúningi að samningu staðla um aðstæður og samskipti á vinnumarkaðinum. Samkvæmt breytingunum eiga ríkisstjórnir að ráðfæra sig við heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins áður en svör við spurningalistum um alþjóðasamþykktir og tillögur eru send alþjóðavinnumálaskrifstofunni. Ef aðilarnir láta frá sér fara sín eigin svör eða athugasemdir skal þeirra getið í skýrslunum til þingsins.

Fyrir nefndinni lágu breytingar á 40. og 65. gr. Samkvæmt þeim er krafist stuðnings $^2/_3$ hluta atkvæða í atkvæðagreiðslu í þingnefnd við ályktun þess efnis að nefndin leggi til að drög að tillögu verði lögð fram á allsherjarþingi sem drög að alþjóðasamþykkt. Þetta ákvæði á við síðari umræðu um hlutaðeigandi tillögu. Loks lá fyrir nefndinni viðaukatillaga frá stjórnarnefndinni við reglur um ráðstefnur fyrir tiltekin svæði, sbr. 38.gr. stofnskrárinnar. Í tillögunni eru tekin af öll tvímæli um skyldur ríkisstjórnar sem samþykkir að taka þátt í slíkri ráðstefnu að standa straum af kostnaði við að senda fullskipaða sendinefnd með sama hætti og um Alþjóðavinnumálaþing væri að ræða. Í því felst að greiða ferða- og uppihaldskostnað fyrir fjóra fulltrúa, þ.e. tvo ríkisstjórnarfulltrúa og sinn fulltrúann frá hvorum heildarsamtökum aðila vinnumarkaðarins.

Allsherjarþingið samþykkti ofangreindar tillögur mótatkvæðalaust.

2.12. KOSNING TIL STJÓRNARNEFNDAR

Stjórnarnefnd fer með æðsta vald Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á milli þinga stofnunarinnar. Samkvæmt núgildandi ákvæðum skipa 56 menn nefndina, þ.e. 28 fulltrúar ríkisstjórna, 14 fulltrúar atvinnurekenda og jafnmargir fulltrúar launafólks. Auk þess hafa 46 varamenn í stjórn öll sömu réttindi önnur en atkvæðisrétt. Fulltrúar þeirra 10 ríkja sem eiga fastasæti í stjórnarnefnd hafa ekki varamenn. Þess skal getið að á 72. Alþjóðavinnumálaþinginu voru samþykktar veigamiklar breytingar á stofnskrá ILO. Meðal breytinga er fjölgun fulltrúa í stjórnarnefnd sem verða 112 (56—28—28) þegar þær ganga í gildi. Jafnframt eru fastasæti afnumin og einnig sá munur sem er á aðal- og varamönnum. Kjörtíminn verður óbreyttur, þrjú ár.

Á 73. þinginu fóru fram kosningar til stjórnarnefndar. Að því hafði verið stefnt að þær gætu farið eftir breyttum ákvæðum stofnskrárinnar en það tókst ekki. Kosning fulltrúa ríkisstjórna til stjórnarnefndarinnar er venjulega staðfesting á óformlegu samkomulagi á milli þessara aðila um skipan nefndarinnar. Þetta samkomulag byggir á því að í stjórnarnefnd sitji ákveðinn fjöldi fulltrúa fjögurra landsvæða, þ.e. Afríku, Ameríku, Asíu og Evrópu. Ríkisstjórnarfulltrúar hvers landsvæðis skulu ná samkomulagi um skiptingu sæta á milli aðildarríkja á hlutaðeigandi landsvæði. Samkvæmt slíku samkomulagi frá árinu 1978

fellur eitt sæti aðalmanns og þrjú varamannssæti í hlut Vestur-Evrópu. Það felur einnig í sér að Norðurlöndunum ber að jafnaði eitt sæti varamanns í stjórnarnefndinni og skulu þau skiptast á um að skipa það. Á síðasta kjörtímabili háttaði þannig til að í hlut Norðurlanda féll sæti aðalmanns og varamanns. Þau voru skipuð fulltrúum Finnlands og Noregs. Samkvæmt samkomulagi Norðurlandanna var fulltrúi Svíþjóðar kosinn til setu í stjórnarnefndinni næsta kjörtímabil. Ísland hefur hvorki átt aðal- eða varafulltrúa í stjórnarnefnd en hefur látið í ljós áhuga á sæti í stjórnarnefnd kjörtímabilið 1990—93. Skipan stjórnarnefndar kjörtímabilið 1987—90 kemur fram á fylgiskjali VII.

3. 74. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 1987

3.1. SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA

74. Alþjóðavinnumálaþingið var háð í Genf dagana 24. september til 9. október 1987. Um var að ræða aukaþing sem var helgað málefnum sjómanna. Þetta var í tíunda skipti sem þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) fjallar sérstaklega um málefni þeirra.

Samtals tóku þátt í þinginu 700 fulltrúar ríkisstjórna, útgerðarmanna og samtaka sjómanna, alls frá 77 aðildarríkjum. Að þessu sinni gat ekki orðið af þátttöku af hálfu Íslands.

Á dagskrá þingsins voru eftirtalin atriði:

1. Skýrsla forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar.
2. Aðbúnaður skipverja.
3. Félagslegt öryggi skipverja.
4. Heilsuvernd og læknishjálp við skipverja.
5. Endurskoðun samþykktar og tillögu um heimsendingu skipverja.

Werner Dollinger, fyrrverandi samgönguráðherra Þýska sambandslýðveldisins, var kosinn forseti þingsins. Í ræðu sem hann flutti við upphaf þingsins fjallaði hann stuttlega um tilgang þess. Dollinger benti á að Alþjóðavinnumálaþingið kæmi árlega saman til að takast á við málefni sem snerta vinnuaðstæður og félagslegt öryggi launafólks. Það væri því eðlileg spurning hvers vegna nauðsynlegt væri að stofna til sérstaks þinghalds um málefni sjómanna. Hann sagðist vilja svara spurningunni með því að vekja athygli á sérstöðu þeirra hvað varðaði vinnustað, sem væri hvort tveggja í senn vinnustaður og heimili, og í mörgum tilvikum dveldu þeir fjarri fjölskyldum og öðrum ástvinum um lengri eða skemmri tíma. Einnig mætti benda á ráðningarsamninga, vinnuskilyrði, félagslegt öryggi og heimsendingu.

Dollinger taldi upp nokkrar alþjóðasamþykktir og tillögur sem Alþjóðavinnumálaþingin hafa afgreitt og snerta sérstaklega sjómenn. Það kom fram að frá stofnun ILO hafa verið afgreiddar 32 samþykktir, en nokkrar hafa verið endurskoðaðar, og 25 tillögur. Hann sagði að þessar samþykktir hefðu haft áhrif á þróun laga og venju sem varða samskipti sjómanna og útgerðarmanna alls staðar í heiminum. Skipulag Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem byggir á samstarfi þriggja aðila, þ.e. ríkisvalds, atvinnurekenda og launafólks skapaði hagstæðar aðstæður sem gerðu þetta kleift.

Á þinginu voru kosnar nokkrar nefndir til að fjalla um dagskrármál þingsins. Meðal þeirra voru nefnd um aðbúnað (Committee on Welfare), nefnd um félagslegt öryggi (Committee on Social Security), nefnd til að fjalla um læknishjálp við skipverja (Committee on Medical Care), nefnd um heimsendingu skipverja (Committee on Repatriation) og ályktunarnefnd (Resolutions Committee). Á fundum nefndanna voru rædd málefni 2 til 5 á dagskrá þingsins. Í ályktunarnefnd var fjallað um tillögur til þingsályktana sem borist höfðu forstjóra ILO í samræmi við 17 gr. þingskapa Alþjóðavinnumálaþingsins. Samtals bárust forstjóranum 26 þingsályktunartillögur.

3.2. SKÝRSLA FORSTJÓRA

Á allsherjarþingi Alþjóðavinnumálaþingsins er verulegum tíma varið í að ræða skýrslu forstjóra. Það er fyrir því löng hefð að forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar taki til umfjöllunar í skýrslu sinni til reglulegra vinnumálaþinga málefni sem er ofarlega á baugi og snertir afmarkað svið vinnumarkaðsmála. Þessi hefð tekur einnig til aukaþinga stofnunarinnar sem fjalla um málefni sjómanna. Skýrsla forstjóra er einnig þar grundvöllur almennra umræðna með sama hætti og á reglulegum vinnumálaþingum.

Skýrsla forstjóra er send þingfulltrúum fyrir þingsetningu. Að þessu sinni skiptist hún í þrjá hluta.

Fyrsti hlutinn fjallar um þróun farskipaútgerðar og breytingar á farmennsku. Í þessum hluta kemur fram að fáir hafi spáð því árið 1976, þegar síðast var haldið vinnumálaþing sem var helgað málefnum sjómanna, að komandi áratugur yrði áratugur vonbrigða fyrir skipaútgerð. Of mikil flutningsgeta og lág farmgjöld hafa knúið útgerðarmenn til að grípa til víðtækra sparnaðarráðstafana sem fyrst og fremst hafa beinst að launakostnaði. Í mörgum tilvikum hafa slíkar ráðstafanir ekki dugað til að bjarga útgerðarfyrirtækjum frá gjaldþroti. Það hefur komið niður á sjómönnum. Atvikum, þar sem kröfur annarra lánardrottna hafa gengið fyrir greiðslu heimsendingarkostnaðar, hefur fjölgað. Vopnaðar árásir á kaupskip eru tíðari og þjófnaður á varningi hefur aukist. Á síðasta áratug hefur öryggi sjómanna farið þverrandi. Við þessu þurfa ríkisvaldið og samtök sjómanna og útgerðarmanna að bregðast.

Í öðrum hlutanum tekur forstjórinn til rannsóknar aðstæður og vinnuskilyrði sjómanna. Meðal þess sem tekið er til sérstakrar athugunar er þjónusta vinnumiðlunar og ráðningar, þjálfun og vottorð um hæfni, laun og vinnutími, orlof, fæði og aðbúnaður, öryggi og hollustuhættir, heimsending, læknishjálp við skipverja og félagslegt öryggi.

Þriðji hlutinn er um þá starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem tengist sjómennsku. Þar kemur fram að starfsemi alþjóðavinnumálaskrifstofunnar á þessu sviði byggir á þingsályktun síðasta vinnumálaþings sem var helgað málefnum sjómanna en það var haldið árið 1976. Í ályktuninni er lögð áhersla á rannsóknir á framkvæmd ákvæða í alþjóðasamþykktum sem snerta félagslegt öryggi og vinnuskilyrði skipverja. Einnig eru í ályktuninni lögð drög að undirbúningi málefna sem þingið vill taka til sérstakrar athugunar á næsta vinnumálaþingi sem fjallar um málefni skipverja. Í þessu sambandi er bent á aðbúnað og félagslegt öryggi skipverja. Þá er lagt fyrir alþjóðavinnumálaskrifstofuna að taka saman í eitt kver allar samþykktir og tillögur sem taka til málefna skipverja og undirbúa drög að alþjóðasamþykkt um læknishjálp um borð í skipum og þjálfun skipverja í aðhlynningu og hjúkrun veikra og slasaðra. Loks er ILO falið, samkvæmt tillögunni, að skipuleggja leiðbeiningarrit sem henta við starfsmenntun sjómanna.

3.3. AÐBÚNAÐUR SKIPVERJA

Alþjóðavinnumálastofnunin hefur frá upphafi látið sig miklu skipta vinnuumhverfi landverkafólks. Stofnunin hefur einnig fjallað um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfnum. Dæmi um þetta eru tillögur sem afgreiddar voru af Alþjóðavinnumálaþingi fyrst árið 1936 og seinna árið 1970. Umfjöllun 74. vinnumálaþingsins um málefni sem snerta aðbúnað skipverja á rót að rekja til ályktunartillögu sem samþykkt var á 62. Alþjóðavinnumálaþinginu sem haldið var árið 1976.

Fyrir þessu þingi lágu drög að samþykkt og tillögu um þetta efni en þau höfðu verið afgreidd af undirbúningsráðstefnu sem var haldin í Genf 5. — 16. maí 1986.

Í samræmi við þær verklagsreglur sem í gildi eru um Alþjóðavinnumálaþingið var fjallað um aðbúnað sjómanna í einni af nefndum þingsins. Í almennum umræðum í nefndinni var töluvert rætt um það hvernig standa ætti straum af kostnaði við að koma upp og reka þá aðstöðu fyrir skipverja sem samþykktin gerir ráð fyrir. Fulltrúar launafólks lögðu til að lagt

yrði sérstakt hafnargjald á skip og rynni í sjóð til að kosta uppbyggingu á aðstöðu fyrir skipverja. Fulltrúar atvinnurekenda í nefndinni voru andvígir þessari hugmynd. Talsmaður Noregs, sem einnig hafði orð fyrir Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð, lýsti því áliti að stjórnvöld ættu að greiða þennan kostnað með sama hætti og þau gera nú þegar um er að ræða þjónustu við borgarana almennt. Niðurstaðan varð sú að það er gert ráð fyrir því að stjórnvöld skuldbindi sig til að útvega fjármagn og geri þannig kleift að aðstöðu og þjónustu við skipverja verði komið upp.

Samþykktin um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn telur samtals 21 grein. Flestar greinarnar eru almennt orðaðar. Þetta er gert til að freista þess að sem flestar þjóðir fullgildi samþykktina. Hins vegar er að finna í tillögunni ítarlega útfærslu á einstökum ákvæðum, svo sem lýsingu á þeirri aðstöðu sem almennt er talið að skipverjar eigi að hafa aðgang að um borð í skipum og meðan höfð er viðkoma í höfn.

Samþykktin og tillagan eru prentaðar hér með sem fylgiskjöl merkt I og V.

3.4. FÉLAGSLEGT ÖRYGGI SKIPVERJA

Eins og áður er komið fram var fjallað um félagslegt öryggi skipverja í einni af nefndum þingsins. Til grundvallar umræðum í nefndinni voru tvær skýrslur og drög að alþjóðasamþykkt og tillögu sem höfðu verið undirbúnar af alþjóðavinnumálaskrifstofunni.

Nefndin hélt samtals tíu fundi og skilaði til allsherjarþingsins endurskoðuðum drögum að alþjóðasamþykkt og tillögu um félagslegt öryggi skipverja. Samþykktin og tillagan leysa af hólmi Samþykkt um sjúkratryggingu sjómanna frá árinu 1936 og Samþykkt um félagslegt öryggi sjómanna sem Alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi árið 1946. Allsherjarþingið samþykkti drög nefndarinnar einróma.

Nýja samþykktin um félagslegt öryggi skipverja skiptist í sex kafla og samtals 38 greinar. Í fyrsta kaflanum eru almenn ákvæði, meðal annars skilgreiningar á hugtökum sem fyrir koma í texta samþykktarinnar.

Annar kaflinn ber yfirskriftina „Tryggingarvernd: Almennar kröfur". Í kaflanum eru settar fram lágmarkskröfur og hámarkskröfur, um þá vernd sem aðildarríki samþykktarinnar skal veita skipverjum að landslögum. Á það er lögð áhersla að skipverjar og skyldulið þeirra njóti sömu tryggingaverndar og landverkafólk. Rétt er að vekja á því athygli að í nokkrum greinum þessa kafla samþykktarinnar er vísað til Samþykktar nr. 102 um lágmark félagslegrar þjónustu frá 1952 en Ísland hefur fullgilt nokkra kafla í þeirri samþykkt.

Um ábyrgð útgerðarmanna er fjallað í þriðja kafla. Í 13. gr. er sett fram sú almenna regla að útgerðarmanni sé skylt að sjá farmönnum, sem eru skildir eftir vegna heilsufars síns innan landamæra ríkis sem ekki hefur fullgilt samþykktina, fyrir læknishjálp þar til þeir hafa náð heilsu á ný, fyrir fæði og húsnæði og annast heimsendingu þeirra.

Ráðningum erlendra skipverja hefur fjölgað mikið á undanförnum áratugum. Fjórði kafli er um tryggingavernd þessara skipverja. Þar er reynt að sjá til þess að erlendir skipverjar njóti jafnræðis við aðra skipverja hvað varðar tryggingavernd en jafnframt eru settar fram reglur til að hindra óeðlilega margföldun framlaga eða annarra bóta.

Í sjötta kaflanum er með ýmsum hætti reynt að tryggja þau réttindi sem samþykktin veitir skipverjum. Í 30. gr. er tekið fram að hlutaðeigandi maður hafi rétt til áfrýjunar ef honum er neitað um bætur eða hann vilji kvarta um eðli, upphæð eða stig þeirra.

3.5. HEILSUVERND OG LÆKNISHJÁLP VIÐ SKIPVERJA

Þriðji dagskrárliður vinnumálaþingsins var heilsuvernd og læknishjálp við skipverja. Um þetta málefni var fjallað í þingnefnd. Hlutverk hennar var að ræða drög að samþykkt um þetta efni. Í almennum umræðum í nefndinni gerðu fulltrúar grein fyrir því hvernig

þessum málum væri fyrir komið í þeim aðildarríkjum sem þeir voru frá. Til dæmis gaf fulltrúi Danmerkur, sem talaði fyrir hönd aðildarríkja Evrópubandalagsins, ítarlega skýrslu um stefnu bandalagsins varðandi heilsugæslu skipverja á hafi úti og í landi. Í umræðunum kom berlega í ljós það álit að fyrri samþykktir og tillögur ILO um svipað efni væru úreltar. Hér er fyrst og fremst um að ræða tillögu nr. 105 um innihald lyfjakista í skipum og tillögu nr. 106 um læknisráð til skipa á sjó. Báðar þessar tillögur eru frá árinu 1958. Skiptar skoðanir voru um það hvort samþykktin ætti einnig að taka til sjómanna á fiskiskipum. Niðurstaða nefndarinnar var að leggja til að í samþykktinni skuli kveðið á um það að stjórnvöld láti ákvæði hennar taka til sjómanna á fiskiskipum að því marki sem slíkt telst framkvæmanlegt. Nefndin náði þannig samstöðu um nokkrar breytingar á þeim drögum að samþykkt sem höfðu verið send fulltrúum fyrir þingið.

Samþykktin um heilsuvernd og læknishjálp við skipverja er samtals 21 grein. Fyrsta grein er um gildissvið og hugtök. Í 4. gr. eru sett fram markmið samþykktarinnar. Þar segir m.a. að aðildarríki samþykktarinnar skuli skuldbinda sig til að tryggja að ráðstafanir séu gerðar til að skipverjar njóti heilsuverndar og læknishjálpar, að því marki sem við verður komið, sem jafnist á við þá sem almenningur á kost á í landi.

Fimmta grein samþykktarinnar fjallar meðal annars um innihald lyfjakistu í skipum. Tekið er fram að hlutaðeigandi stjórnvöld skuli við setningu laga eða endurskoðun reglugerðarákvæða taka tillit til alþjóðlegra tillagna á þessu sviði, svo sem nýjustu útgáfu Alþjóðlegs leiðarvísis um lyf og læknishjálp og Lista yfir nauðsynleg lyf, sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin gefur út.

Í 6. gr. er tekið fram að í sérhverju skipi sem samþykktin tekur til skuli skylt að hafa leiðarvísi um læknisþjónustu sem hlutaðeigandi stjórnvöld hafi samþykkt. Í honum komi fram hvernig nota beri innihald lyfjakistu. Enn fremur skulu leiðbeiningarnar vera með þeim hætti að öðrum mönnum en lækni sé kleift að annast sjúka eða slasaða menn um borð með eða án ráðlegginga læknis um talstöð eða fjarskiptasamband um gervihnött.

Fjallað er um ábyrgð tiltekinna skipverja á læknisþjónustu og lyfjagjöf í 9. gr. Samkvæmt greininni skulu þessir skipverjar hafa lokið með fullnægjandi árangri námskeiði í fræðilegri og verklegri þjálfun í lækningum sem hlutaðeigandi stjórnvöld hafa samþykkt.

Í 13. gr. er kveðið á um samvinnu þeirra ríkja sem hafa fullgilt samþykktina í því skyni að stuðla að heilsuvernd skipverja og læknishjálp við þá um borð í skipi. Bent er á nokkur atriði sem hægt væri að vinna sameiginlega að í þessu sambandi. Til dæmis gæti þessi samvinna falist í að þróa samhæfðar leitar- og björgunaraðgerðir og veita skjóta læknisþjónustu og brottflutning hættulega sjúkra eða slasaðra um borð í skipum. Vísað er til ákvæða í Alþjóðasamþykkt um leit og björgun á hafi úti frá 1979, svo og í Handbók um leit að kaupskipum og björgun þeirra og Handbók Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) um leit og björgun.

Samþykktin er prentuð hér með í heild sinni sem fylgiskjal merkt II.

3.6. HEIMSENDING SKIPVERJA

Ein af þeim samþykktum ILO sem eru komnar til ára sinna er Samþykkt um heimsendingu farmanna frá árinu 1926. Á sínum tíma olli þessi samþykkt tímamótum og stuðlaði að auknu öryggi skipverja. Stórstígar tækniframfarir hafa átt sér stað frá afgreiðslu samþykktarinnar. Lög og reglugerðir um félags- og tryggingamál hafa gjörbreyst. Það var því orðið löngu tímabært að taka samþykktina frá 1926 til endurskoðunar.

Samþykktin um heimsendingu skipverja er í sex köflum, samtals 21 grein. Í fyrsta kaflanum er fjallað um gildissvið og skilgreiningar á hugtökum sem eru notuð. Tekið er fram í 2. tölul. 1. gr. að stjórnvöld skuli beita ákvæðum samþykktarinnar um fiskveiðar í sjó sem stundaðar eru í ábataskyni að því marki sem slíkt telst framkvæmanlegt.

Í 2. gr. eru talin upp tilvik þar sem skipverji á rétt á að vera sendur heim. Þessi grein er ítarlegri og er kveðið skýrar á um réttindi skipverja en í hliðstæðri grein í samþykktinni frá 1926. Benda má á staflið e í 1. tölul. Þar kemur fram að skipverji á rétt á heimsendingu ef útgerðarmaður getur ekki haldið áfram að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum eða skráningarsamningi sem atvinnurekandi sökum gjaldþrots, sölu skips, breyting á skráningu skips eða af annarri svipaðri ástæðu. Stafliður f olli nokkrum ágreiningi. Í honum er skipverja tryggður réttur til heimsendingar ef fyrirhugað er að senda hann, án samþykkis hans, með skipi inn á ófriðarsvæði, eins og það er skilgreint í landslögum, reglugerðum eða heildarsamningum.

Fjórði kaflinn hefur að geyma skilgreiningu á því hvað felist í kostnaði vegna heimsendingar skipverja. Í 1. tölul. 4. gr. kemur fram sú meginregla að útgerðarmaður beri kostnað við heimsendingu. Ef útgerðarmaður gerir ekki ráðstafanir vegna heimsendingar skipverja sem á rétt á henni, eru slegnir nokkrir varnaglar um skyldu stjórnvalda í þessum efnum, sbr. 5. gr. Í 5. kafla er kveðið á um aðrar ráðstafanir í sambandi við heimsendingu og m.a. tekið fram að ekki megi draga þann tíma sem skipverji bíður eftir því að verða sendur heim svo og ferðatíma frá áunnu orlofi á launum. Lokaákvæði eru í 6. kafla.

Samþykkt nr. 166 og tillaga nr. 174 um heimsendingu skipverja eru prentaðar hér með sem fylgiskjöl merkt IV og VI.

3. 7. ÞINGSÁLYKTANIR

Í samræmi við þingsköp Alþjóðavinnumálaþingsins var fjallað um tillögur til þingsályktana um mál utan dagskrár í ályktananefnd (Resolutions Committee).

Alls sátu 89 fullgildir þingfulltrúar í nefndinni. Fulltrúar ríkisstjórna voru 42, 25 voru fulltrúar atvinnurekenda og 22 úr röðum launafólks. Ríkisstjórnarfulltrúi Ástralíu, Poulter, var kosinn formaður nefndarinnar. Varaformenn voru kosnir Whitworth, atvinnurekendafulltrúi frá Bretlandi, og Tselentis, fulltrúi launafólks í Grikklandi.

Samtals bárust nefndinni til umfjöllunar 26 tillögur. Áður en gengið var til kosninga um það í hvaða röð nefndin tæki þær til afgreiðslu voru nokkrar efnislega samstæðar tillögur sameinaðar. Úrslit kosninga um forgangsröðun fór þannig:

1. Heilsuvernd skipverja með sérstöku tilliti til eyðni (tillagan hlaut 29.412 vegin atkvæði).
2. Samræming aðgerða sem varða aðbúnað skipverja (23.136 atkvæði).
3. Ráðningar skipverja og reglur um starfsemi vinnumiðlana sem taka gjald fyrir þjónustu sína (19.089 atkvæði).
4. Vinnuaðstæður skipverja (14.112 atkvæði).
5. Félags- og efnahagsleg áhrif af áframhaldandi stríði á milli Írak og Íran (8.230 atkvæði).

Næstu tillögum var skipað í forgangsröð af undirnefnd. Þær tillögur sem nefndinni vannst tími til að fjalla um voru:

Tillaga vegna árása á kaupskip.

Tillaga um átak til að fjölga fullgildingum á samþykkt nr. 147 um lágmarkskröfur á kaupskipum.

Fulltrúi Danmerkur lagði fram fyrir hönd aðildarríkja Evrópubandalagsins tillögu um að vísa frá ályktunartillögunni um stríðið á milli Írak og Íran þar sem hún fjallaði um málefni sem væri utan verksviðs Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Frávísunartillagan var samþykkt. Tillagan um stríðið á milli Írak og Íran kom því ekki til afgreiðslu þingsins. Aðrar framangreindar tillögur voru samþykktar.

Fylgiskjal I.

Samþykkt nr. 163, um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 74. þingsetu sinnar í Genf 24. september 1987 eftir kvaðningu stjórnar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

minnist ákvæða í Tillögu um velferðarmál sjómanna í höfn frá 1936 og Tillögu um velferðarmál farmanna frá 1970

og hefur samþykkt tilteknar ábendingar um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn sem er annað mál á dagskrá þessa þings og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar gerir þingið í dag, 8. október 1987, eftirfarandi samþykkt sem nefna má Samþykkt um aðbúnað skipverja, 1987:

1. gr.

1. Í þessari samþykkt táknar:
   a. hugtakið „skipverji" hvern þann mann sem ráðinn er til hvers konar starfa um borð í hafskipi, hvort sem það er í eigu opinberra aðila eða einkaaðila, öðru en herskipi,
   b. hugtakið „aðstaða og þjónusta vegna aðbúnaðar" aðstöðu og þjónustu vegna aðbúnaðar, menningarmála, afþreyingar og upplýsinga.

2. Sérhvert aðildarríki skal ákveða með lögum eða reglugerðum, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og sjómanna, hvaða skip, sem skráð eru í lögsögu þess, skuli teljast hafskip hvað varðar þau ákvæði þessarar samþykktar sem snerta aðstöðu og þjónustu vegna aðbúnaðar um borð í skipi.

3. Að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna fiskiskipa og fiskimanna, að því marki sem slíkt telst framkvæmanlegt, skulu stjórnvöld beita ákvæðum þessarar samþykktar varðandi fiskveiðar í sjó sem eru stundaðar í ábataskyni.

2. gr.

1. Sérhvert aðildarríki sem bundið er af þessari samþykkt skuldbindur sig til að tryggja það að fullnægjandi aðstaða og þjónusta vegna aðbúnaðar sé fyrir hendi jafnt í höfn sem um borð í skipi.

2. Sérhvert aðildarríki skal tryggja það að nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar til þess að fjármagna aðstöðu og þjónustu vegna aðbúnaðar sem veitt er samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

3. gr.

1. Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig til að tryggja það að aðstaða og þjónusta vegna aðbúnaðar sé fyrir hendi í viðeigandi höfnum landsins fyrir alla skipverja, hvert sem þjóðerni þeirra er, kynþáttur, litarháttur, kynferði, trúarskoðun, stjórnmálaskoðun eða félagslegur uppruni, óháð því í hvaða ríki skipið, sem þeir eru skipverjar á, er skráð.

2. Sérhvert aðildarríki skal ákvarða, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og sjómanna, hvaða hafnir skulu teljast viðeigandi vegna þessarar greinar.

4. gr.

Sérhvert aðildarríki heitir því að tryggja það að aðstaða og þjónusta vegna aðbúnaðar á hverju hafskipi, hvort sem það er í eigu opinberra aðila eða einkaaðila, sem er skráð í lögsögu þess, sé til reiðu öllum skipverjum um borð.

5. gr.

Aðstaða og þjónusta vegna aðbúnaðar skal oft tekin til endurskoðunar til þess að tryggja það að hún sé viðeigandi með tilliti til breyttra þarfa skipverja vegna tækniþróunar, breytts rekstrar eða annarrar þróunar í útgerð.

6. gr.

Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig til:

a. að hafa samvinnu við önnur aðildarríki í því skyni að tryggja að þessari samþykkt verði framfylgt og
b. að tryggja samvinnu milli þeirra aðila sem starfa að og hafa áhuga á að stuðla að velferð skipverja á hafi úti og í höfn.

7. gr.

Formlegar fullgildingar á þessari samþykkt skulu sendar forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

8. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem hafa látið forstjórann skrá fullgildingar sínar.

2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.

3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi að því er snertir hvert aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

9. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

10. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

11. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkvæmt 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

12. gr.

Þegar stjórn alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

13. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt sem breytir þessari samþykkt að öllu eða nokkru leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir um á annan veg, þá skal:
   a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, þrátt fyrir ákvæði 9. gr. hér að framan, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma þegar það gerist;
   b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt öðlast gildi.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu hvað snertir form og efni í þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

14. gr.

Enskur og franskur texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal II.

Samþykkt nr. 164 um heilsuvernd og læknishjálp við skipverja.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 74. þingsetu sinnar í Genf 24. september 1987 eftir kvaðningu stjórnar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

gefur gaum að ákvæðum Samþykktar um læknisskoðun (farmanna) frá 1946, Samþykktar um vistarverur áhafna (endurskoðaðrar) frá 1949, Samþykktar um vistarverur áhafna (viðbótarákvæða) frá 1970, Tillögu um innihald lyfjakista í skipum frá1958, Tillögu um læknisráð á sjó frá 1958 og Samþykktar og Tillögu um slysavarnir (farmanna) frá 1970 og gefur gaum að ákvæðum Alþjóðasamþykktar um reglur um þjálfun, réttindaveitingu og vaktstöðu farmanna frá 1978 varðandi þjálfun í sjúkrahjálp vegna slysa og veikinda sem líklegt er að orðið geti um borð í skipum og

gefur gaum að því að til þess að vel takist til við heilsuvernd og sjúkrahjálp fyrir skipverja sé mikilvægt að höfð sé náin samvinna milli Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar innan sérsviðs hverrar stofnunar og

gefur gaum að því að eftirgreindar reglur hafa verið settar í samvinnu Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og að lagt er til að leitað sé eftir áframhaldandi samvinnu þeirra í beitingu slíkra reglna og

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar um heilsuvernd og læknishjálp við skipverja, sem er fjórða mál á dagskrá þingsins og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar gerir þingið í dag, 8. október 1987, eftirfarandi samþykkt sem nefna má Samþykkt um heilsuvernd og læknishjálp við skipverja, 1987:

1. gr.

1. Þessi samþykkt nær til allra hafskipa, hvort sem þau eru í eigu opinberra aðila eða einkaaðila sem skráð eru innan lögsögu sérhvers aðildarríkis sem fullgilt hefur samþykktina og stundar að jafnaði siglingar í ábataskyni.

2. Að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðamanna fiskiskipa og fiskimanna, að því marki sem slíkt telst framkvæmanlegt, skulu stjórnvöld beita ákvæðum þessarar samþykktar varðandi fiskveiðar í sjó sem eru stundaðar í ábataskyni.

3. Ef vafi leikur á um það hvort tiltekin skip séu notuð til siglinga eða fiskveiða í ábataskyni, hvað varðar ákvæði þessarar samþykktar, skulu hlutaðeigandi stjórnvöld skera úr um það að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna, farmanna og fiskimanna.

4. Í þessari samþykkt táknar hugtakið „skipverji“ hvern þann mann sem ráðinn er til hvers konar starfa um borð í hafskipi sem þessi samþykkt nær til.

2. gr.

Þessi samþykkt skal öðlast gildi með lögum, reglugerðum, heildarsamningum, vinnureglum, gerðardómsúrskurðum eða dómsúrskurðum eða öðrum aðgerðum sem henta þykja í hverju landi.

3. gr.

Hverju aðildarríki er skylt að beita lögum eða reglugerðum til þess að gera útgerðarmenn ábyrga fyrir því að hreinlætis- og heilbrigðisástand í skipum sé fullnægjandi.

4. gr.

Sérhvert aðildarríki skal tryggja að ráðstafanir séu gerðar vegna heilsuverndar og læknishjálpar við skipverja um borð í skipum sem:

a. tryggja að allar almennar reglur um heilsuvernd við vinnu og læknishjálp sem eiga við sjómennsku nái til þeirra, svo og þær sérreglur sem eiga við um vinnu um borð;
b. miða að því að veita skipverjum, að því marki sem við verður komið, heilsuvernd og læknishjálp sem jafnast á við þá sem launafólk eiga almennt kost á í landi;
c. tryggja skipverjum rétt til að fara til læknis án tafar í viðkomuhöfnum þar sem því verður við komið;
d. tryggja, samkvæmt gildandi lögum og venjum í hverju landi, að læknishjálp og heilsuvernd sé veitt skipverjum ókeypis á meðan þeir starfa samkvæmt ráðningarsamningi;
e. eru ekki takmarkaðar við umönnun sjúkra eða slasaðra, heldur einnig fólgnar í varnaraðgerðum þar sem sérstök áhersla er lögð á ráðstafanir sem stuðla að bættri heilsu og heilsufræðslu til þess að skipverjar geti sjálfir tekið virkan þátt í því að fækka veikindatilfellum innan sinna raða.

5. gr.

1. Í sérhverju skipi sem þessi samþykkt nær til skal skylt að hafa lyfjakistu.

2. Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu segja fyrir um innihald lyfjakistunnar og þau lækningatæki sem hafa skal um borð og skal í því sambandi m.a. tekið tillit til tegundar skips, fjölda þeirra sem eru um borð, lengdar sjóferðar, eðlis hennar og ákvörðunarstaðar.

3. Við setningu eða endurskoðun reglugerðarákvæða í hverju landi um innihald lyfjakistu og þau lækningatæki sem hafa skal um borð skulu hlutaðeigandi yfirvöld taka tillit til alþjóðlegra tillagna á þessu sviði, svo sem nýjustu útgáfu Alþjóðlegs leiðarvísis um lyf og læknishjálp um borð í skipum og Lista yfir nauðsynleg lyf, sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin gefur út, svo og framfara í læknisfræðilegri þekkingu og viðurkenndum lækningaaðferðum.

4. Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu tilnefna ábyrga menn sem ber að sjá um lyfjakistuna, innihald hennar og að lækningatækjum, sem höfð eru um borð, sé vel við haldið og þau skoðuð reglulega, eigi sjaldnar en árlega, og skulu þeir aðgæta við hvaða aðstæður lyf eru geymd og hvort geymslutími þeirra er útrunninn.

5. Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu tryggja að innihald lyfjakistunnar sé skráð og merkt með tegundarheitum, auk þeirra sérlyfjaheita sem notuð kunna að vera, hámarksgeymslutíma og aðstæður við geymslu, svo og að þau séu í samræmi við ákvæði þess leiðarvísis um læknishjálp sem notaður er í landinu.

6. Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu tryggja það, þegar farmur sem flokkaður er sem hættulegur er ekki tilgreindur í nýjustu útgáfu af Leiðarvísi um bráða læknisþjónustu vegna slysa af völdum hættulegs varnings, sem Alþjóðasiglingamálastofnunin gefur út, að nauðsynlegar upplýsingar um eðli efnanna, hvaða hættu þau geta valdið, hvaða hlífðarbúnaður er hverjum manni nauðsynlegur, hvaða læknismeðferð á við og hvaða mótefni eiga við séu látnar í té skipstjóra, skipverjum og öðrum viðkomandi mönnum. Slík tiltekin mótefni og hlífðarbúnaður fyrir einstaklinga skal hafður um borð þegar hættulegar vörur eru teknar til flutnings.

7. Þegar mikið er í húfi og lyf, sem þar til bær læknisfróður maður hefur ávísað skipverja, er ekki til í lyfjakistu skal útgerðarmaðurinn gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að útvega það eins fljótt og auðið er.

6. gr.

1. Í sérhverju skipi sem þessi samþykkt nær til er skylt að hafa leiðarvísi um læknishjálp sem hlutaðeigandi stjórnvöld hafa samþykkt.

2. Í leiðarvísinum um læknishjálp skal koma fram hvernig nota beri innihald lyfjakistunnar og skulu leiðbeiningarnar vera með þeim hætti að öðrum mönnum en lækni sé kleift að annast um sjúka eða slasaða menn um borð með eða án ráðlegginga læknis um talstöð eða fjarskiptasamband um gervihnött.

3. Þegar hlutaðeigandi stjórnvöld samþykkja til notkunar eða endurskoða leiðarvísi um læknishjálp um borð í skipum, sem notaður er í landinu, skulu þau taka tillit til alþjóðlegra leiðbeininga á þessu sviði, þ.m.t. nýjustu útgáfu af Alþjóðlegum leiðarvísi um lyf og læknishjálp um borð í skipum og Leiðarvísi um skyndihjálp vegna slysa af völdum hættulegs varnings.

7. gr.

1. Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu tryggja það fyrirfram að læknisráð, þ.m.t. ráð sérfræðings, séu til reiðu um talstöð eða fjarskiptasamband um gervihnött til skipa hvenær sem er að degi eða nóttu.

2. Slík læknisráð, þ.m.t. flutningur slíkra boða um talstöð eða fjarskiptasamband um gervihnött til skips frá þeim sem þau gefa í landi, skulu vera til reiðu án endurgjalds öllum skipum, án tillits til í hvaða landi þau eru skráð.

3. Til þess að tryggja að sem best not séu af þeirri fyrirgreiðslu sem felst í að veita læknisráð um talstöð eða fjarskiptasamband um gervihnetti:

a. skulu öll skip sem hafa talstöð og þessi samþykkt nær til hafa innanborðs tæmandi skrá yfir fjarskiptastöðvar sem unnt er að fá læknisráð um;
b. skulu öll skip sem hafa tæki til fjarskiptasambands um gervihnött og þessi samþykkt nær til hafa innanborðs tæmandi skrá yfir strandastöðvar sem unnt er að fá læknisráð um;
c. skal ofangreindum skrám haldið við þannig að þær hafi ávallt að geyma nýjustu upplýsingar og skulu þær vera í vörslu þess manns um borð í skipi sem ber ábyrgð á fjarskiptum.

4. Þeir skipverjar um borð sem óska eftir læknisráði um talstöð eða fjarskiptasamband um gervihnött skulu fá leiðsögn í notkun leiðarvísis um læknishjálp um borð í skipum og þess kafla í nýjustu útgáfu af Alþjóðamerkjaskránni, sem Alþjóðasiglingamálastofnunin gefur út, til þess að gera þeim kleift að gera sér grein fyrir því hvaða upplýsinga er þörf frá ráðgefandi lækni og skilja læknisráðin sem gefin eru.

5. Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu tryggja að læknar sem veita læknisráð samkvæmt þessari grein fái viðeigandi þjálfun og geri sér grein fyrir aðstæðum um borð í skipum.

8. gr.

1. Á öll skip sem eru að jafnaði í millilandaferðum, sem taka meira en þrjá daga, og hafa innanborðs hundrað skipverja eða fleiri og þessi samþykkt nær til, skal ráða lækni sem er einn af áhöfninni og veitir læknishjálp.

2. Í lögum eða reglugerðum hvers lands skulu vera ákvæði um það hvaða öðrum skipum er skylt að hafa lækni sem einn af áhöfninni og skal þá m.a. tekið tillit til lengdar sjóferðar, eðlis hennar og aðstæðna í ferðinni, auk fjölda skipverja um borð.

9. gr.

1. Á öllum skipum sem þessi samþykkt nær til og hafa ekki lækni um borð skulu einn eða fleiri tilteknir skipverjar bera ábyrgð á læknishjálp og lyfjagjöf, auk annarra skyldustarfa sinna.

2. Þeir menn sem bera ábyrgð á læknishjálp um borð og eru ekki læknar skulu hafa lokið, með fullnægjandi árangri, námskeiði í fræðilegri og verklegri þjálfun í lækningum sem hlutaðeigandi stjórnvöld hafa samþykkt. Á slíku námskeiði skal fjallað um:

a. þegar um er að ræða minni skip en 1600 rúmlestir sem að jafnaði geta fengið fullkomna læknishjálp og náð til sjúkrahúsa innan átta klukkustunda, undirstöðuþjálfun sem gerir viðkomandi mönnum kleift að bregðast fljótt og vel við slysum eða sjúkdómum, sem líklegt er að beri að höndum um borð í skipum svo og að færa sér í nyt læknisráð sem berast um talstöð eða fjarskiptasamband um gervihnött;
b. þegar um er að ræða öll önnur skip, ítarlega læknisfræðilega þjálfun, þ.m.t. verklega þjálfun í slysadeild sjúkrahúss, þar sem því verður við komið, og þjálfun í tækni til lífsbjargar, svo sem næringar- og lyfjagjöf í bláæð, sem gerir viðkomandi mönnum kleift að taka virkan þátt í samhæfðum aðgerðum vegna læknishjálpar til handa skipum á hafi úti og veita hinum sjúku eða slösuðu viðunandi læknishjálp þann tíma sem líklegt má telja að þeir verði um borð. Þar sem því verður við komið skal slík þjálfun fara fram undir leiðsögn læknis sem hefur mikla þekkingu og skilning á læknisfræðilegum vandamálum og aðstæðum sem að sjómennsku lýtur, þ.m.t. sérþekkingu á læknishjálp um talstöð eða fjarskiptasamband um gervitungl.

3. Þau námskeið sem rætt er um í þessari grein skulu byggð á efni sem er að finna í nýjustu útgáfu Alþjóðlegs leiðarvísis um lyf og læknishjálp í skipum, Leiðarvísi um skyndihjálp vegna slysa af völdum hættulegs varnings, Leiðbeiningaskjals - Alþjóðlegs leiðarvísis um menntun og þjálfun sjómanna, sem Alþjóðasiglingamálastofnunin gefur út, og í þeim hluta Alþjóðamerkjaskrárinnar sem fjallar um læknisfræðileg efni, svo og í svipuðum leiðarvísum sem notaðir eru í hverju landi.

4. Þeir menn sem nefndir voru í 2. tölul. þessarar greinar, svo og aðrir skipverjar sem hlutaðeigandi stjórnvöld kunna að krefjast, skulu sækja upprifjunarnámskeið á u.þ.b. fimm ára fresti í því skyni að viðhalda þekkingu sinni og færni, auka við hana og fylgjast með þróun mála á þessu sviði.

5. Allir skipverjar skulu fá tilsögn í því á meðan á starfsþjálfun þeirra í sjómennsku stendur hvað þeir skuli taka til bragðs án tafar þegar að höndum ber slys eða önnur bráð sjúkdómstilvik.

6. Auk þess eða þeirra skipverja sem bera ábyrgð á læknishjálp um borð skal tiltekinn skipverji eða tilteknir skipverjar fá undirstöðuþjálfun í læknishjálp til þess að gera hann eða þá færa um að gera án tafar viðeigandi ráðstafanir þegar slys eða sjúkdóma ber að höndum sem líklegir eru um borð í skipum.

10. gr.

Öll skip, sem þessi samþykkt nær til, skulu veita öðrum skipum sem um það biðja alla mögulega læknisfræðilega þjónustu þar sem því verður við komið.

11. gr.

1. Á hverju skipi, sem er 500 rúmlestir eða stærra og hefur um borð 15 eða fleiri skipverja og er í ferð sem tekur fleiri en þrjá daga, skal vera sérstakur sjúkraklefi. Hlutaðeigandi stjórnvöld geta veitt undanþágu frá þessari kröfu varðandi strandferðaskip.

2. Þessi grein skal gilda um skip sem eru 200—500 rúmlestir, svo og dráttarbáta, þar sem það telst eðlilegt og því verður við komið.

3. Þessi grein á ekki við um skip sem fyrst og fremst eru knúin vindorku.

4. Sjúkraklefinn skal vera á hentugum stað þannig að greiður aðgangur sé að honum og vel fari um þá sem þar dveljast og þeir fái góða aðhlynningu í öllum veðrum.

5. Sjúkraklefinn skal vera þannig útbúinn að það auðveldi læknisskoðun og bráða læknishjálp.

6. Inngangur, sjúkrarúm, lýsing, loftræsting, hitun og vatnslögn skal vera með þeim hætti að það tryggi þægindi þeirra sem þar dvelja og auðveldi meðferð þeirra.

7. Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu mæla fyrir um þann fjölda sjúkrarúma sem krafist er.

8. Þeir sem dveljast í sjúkraklefunum skulu hafa aðgang að vatnssalerni sem er aðeins ætlað þeim til afnota, og skal það annaðhvort vera hluti af honum eða mjög nærri honum.

9. Sjúkraklefann skal ekki nota til annars en læknisþjónustu.

12. gr.

1. Hlutaðeigandi yfirvöld skulu láta í té staðlað eyðublað fyrir sjúkraskýrslu fyrir skipverja og skal hún vera fyrirmynd fyrir skipslækna, skipstjóra eða þá menn sem bera ábyrgð á læknisþjónustu um borð, svo og fyrir sjúkrahús og lækna í landi.

2. Eyðublaðið skal vera hannað sérstaklega í því skyni að auðvelda mönnum að skiptast á læknisfræðilegum og skyldum upplýsingum um einstaka skipverja milli skips og lands þegar sjúkdóma eða slys ber að höndum.

3. Upplýsingar í sjúkraskýrslum eru trúnaðarmál og er ekki heimilt að nota þær í neinum öðrum tilgangi en til að auðvelda meðferð skipverja.

13. gr.

1. Þau aðildarríki sem fullgilt hafa þessa samþykkt skulu hafa samvinnu sín á milli í því skyni að stuðla að heilsuvernd skipverja og læknisþjónustu við þá um borð í skipi.

2. Slík samvinna gæti verið fólgin í eftirfarandi:

a. að þróa og samhæfa leitar- og björgunaraðgerðir og veita skjóta læknisþjónustu og brottflutning hættulega sjúkra eða slasaðra um borð í skipi, t.d. með því að tilkynna reglulega um staðsetningu skipa og hafa stjórnstöðvar til að samhæfa björgunaraðgerðir og björgunarþyrluþjónustu samkvæmt ákvæðum Alþjóðasamþykktar um leit og björgun á hafi úti frá 1979, svo og Handbók um leit að kaupskipum og björgun þeirra og Handbók Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um leit og björgun sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur gefið út;
b. að nýta sem best fiskiskip, sem hafa lækni um borð og skip á hafi úti sem geta veitt aðstöðu til sjúkraþjónustu og aðstoð við björgun;
c. að taka saman og viðhalda alþjóðlegri skrá yfir lækna og aðstöðu til læknisþjónustu sem er skipverjum til reiðu víðs vegar um heim til bráðrar læknishjálpar;
d. að koma skipverjum í land til bráðrar læknismeðferðar;
e. að senda skipverja sem lagðir hafa verið á sjúkrahús erlendis heim svo fljótt sem auðið er, samkvæmt ráði viðkomandi lækna, og sé tekið tillit til óska og þarfa skipverjans;
f. að veita skipverjunum persónulega aðstoð á meðan á heimflutningi stendur, samkvæmt ráði viðkomandi lækna, og sé tekið tillit til óska og þarfa skipverjans;
g. að stuðla að stofnun heilsuverndarstöðva fyrir skipverja í því skyni:
   i. að framkvæma rannsóknir á heilsufari, læknismeðferð og heilsuvernd skipverja,
   ii. að veita læknum og hjúkrunarfólki þjálfun í læknishjálp fyrir skipverja;
h. að safna og vinna úr hagskýrslum um vinnuslys, sjúkdóma og dauðsföll skipverja og fella saman og samræma öðrum sambærilegum hagskýrslum í landinu um vinnuslys, sjúkdóma og dauðsföll annarra hópa launafólks;
i. að skipuleggja alþjóðleg skipti á tæknilegum upplýsingum, efni til þjálfunar og starfsfólki, svo og alþjóðleg þjálfunarnámskeið, námsstefnur og vinnuhópa;
j. að veita öllum skipverjum sérstaka heilsugæslu- og læknisþjónustu í höfn eða sjá þeim fyrir almennri heilsuverndar-, endurhæfingar- og læknisþjónustu;
k. að sjá um heimsendingu líks eða ösku látinna skipverja svo fljótt sem við verður komið, að ósk nákomnasta ættingja.

3. Alþjóðleg samvinna um heilsuvernd og læknishjálp fyrir skipverja skal vera byggð á gagnkvæmum eða fjölþjóða viðræðum eða samningum milli aðildarríkjanna.

14. gr.

Formlegar fullgildingar þessarar samþykktar skulu sendar forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

15. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem látið hafa forstjóra skrá fullgildingar sínar.

2. Hún skal öðlast gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.

3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

16. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að tíu árum liðnum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Hvert aðildarríki sem hefur fullgilt samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem getið er um í fyrri tölulið, þann rétt til uppsagnar sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

17. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skrásetningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar forstjóri tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á hvaða dag samþykktin öðlast gildi.

18. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar, skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

19. gr.

Þegar stjórn alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

20. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt sem breytir þessari samþykkt að öllu eða nokkru leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg skal:

a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, þrátt fyrir ákvæði 16. gr. hér að framan ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerist,
b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt hefur öðlast gildi.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu hvað snertir form og efni hvað snertir þau aðildarríki sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

21. gr.

Enskur og franskur texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal III.

Samþykkt nr. 165, um félagslegt öryggi skipverja (endurskoðuð).

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 74. þingsetu sinnar í Genf 24. september 1987 eftir kvaðningu stjórnar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

hefur samþykkt tilteknar ábendingar um almannatryggingar skipverja, þ. m. t. þeirra sem starfa á skipum sem sigla undir öðrum þjóðfána en þeirra eigin, sem er þriðja mál á dagskrá þessa þings og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, sem kemur í stað Samþykktar um sjúkratryggingar sjómanna frá 1936 og Samþykktar um félagslegt öryggi sjómanna frá 1946, gerir þingið í dag, 9. október 1987, eftirfarandi samþykkt sem nefna má Samþykkt um félagslegt öryggi skipverja (endurskoðuð), 1987:

I. KAFLI
ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Í þessari samþykkt:

a. táknar hugtakið „aðildarríki" hvert það aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem samþykktin nær til;
b. táknar hugtakið „landslög" allar reglur sem gilda um almannatryggingar, auk laga og reglugerða;
c. táknar hugtakið „skipverji" hvern þann mann sem ráðinn er til hvers konar starfa um borð í hafskipi, sem siglir með farm eða farþega í ábataskyni eða er notað með einhverjum öðrum hætti í ábataskyni eða dráttarbát, sem notaður er á hafi úti, að undanskildum þeim mönnum sem starfa á:
   i. litlum skipum, þ.m.t. skipum sem fyrst og fremst eru knúin vindorku, hvort sem þau eru búin hjálparvélum eða ekki;
   ii. skipum svo sem olíuborum og borpöllum, þegar þau eru ekki á siglingu; hlutaðeigandi stjórnvöld í hverju aðildarríki skulu ákvarða til hvaða skipa og mannvirkja málsgreinar i og ii ná að höfðu samráði við hlutaðeigandi heildarsamtök útgerðarmanna og sjómanna;
d. táknar hugtakið „ómagi" það sem tilgreint er í landslögum;
e. táknar hugtakið „eftirlifendur" þá menn sem eru skilgreindir eða viðurkenndir sem slíkir af þeim landslögum sem þeir hljóta bætur samkvæmt; þar sem menn eru skilgreindir eða viðurkenndir sem eftirlifendur í viðkomandi landslögum, aðeins með því skilyrði að þeir hafi verið í sambúð með hinum látna, telst þetta skilyrði uppfyllt hvað varðar þá menn sem hafa haft aðalframfæri sitt frá hinum látna;
f. táknar hugtakið „hlutaðeigandi aðildarríki" það aðildarríki þar sem viðkomandi maður getur krafist bóta;
g. táknar hugtakið „búseta" og „íbúi" venjulega búsetu;
h. táknar hugtakið „skammtíma íbúi" íbúa um stundarsakir;
i. táknar hugtakið „heimsending" flutning til þess staðar sem skipverjar eiga rétt á að vera sendir til samkvæmt lögum, reglugerðum eða heildarsamningum sem ná til þeirra;
j. táknar hugtakið „án iðgjalda" að bætur séu greiddar án beinna fjárframlaga frá bótaþega eða vinnuveitanda hans og án þess að krafist sé tiltekins undanfarandi starfstíma;

k. hefur hugtakið „flóttamaður“ þá merkingu sem því er gefin í 1. gr. Samþykktar um stöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951 og í 2. mgr., 1. gr., bókunar um stöðu flóttamanna frá 31. janúar 1967;
l. hefur hugtakið „ríkisfangslaus maður“ þá merkingu sem því er gefin í 1. gr. Samþykktar um stöðu fólks án ríkisfangs frá 28. september 1954.

2. gr.

1. Samþykktin nær til allra skipverja og, þar sem það á við, ómaga þeirra og eftirlifenda.

2. Að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðamanna fiskiskipa og fiskimanna, að því marki sem slíkt telst framkvæmanlegt, skulu stjórnvöld beita ákvæðum þessarar samþykktar varðandi fiskveiðar í sjó sem eru stundaðar í ábataskyni.

3. gr.

Aðildarríkjum er skylt að hlíta ákvæðum í 9. gr. eða 11. gr. hvað varðar a.m.k. þrjá af eftirtöldum flokkum almannatrygginga:

a. læknisþjónustu;
b. sjúkrabætur;
c. atvinnuleysisbætur;
d. ellilífeyri;
e. vinnuslysabætur;
f. fjölskyldubætur;
g. fæðingarstyrk;
h. örorkubætur;
i. eftirlifendabætur; þar með talinn einn af flokkunum sem tilgreindir eru í stafliðum c, d, e, h og i.

4. gr.

Sérhvert aðildarríki skal, við fullgildingu, tilgreina varðandi hvaða flokka, sem nefndir eru í 3. gr., það hyggst uppfylla skilyrði 9. eða 11. gr. og skal þá tilgreina sérstaklega varðandi hvern tiltekinn flokk hvort það hyggst beita lágmarkskröfum, skv. 9. gr., eða hámarkskröfum, skv. 11. gr.

5. gr.

Sérhvert aðildarríki getur síðar tilkynnt forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar að það samþykki, með gildistöku frá tilkynningardegi, þær skuldbindingar sem fram koma í einum eða fleiri flokkum, sem tilgreindir eru í 3. gr., sem ekki hafa þegar verið tilgreindir við fullgildingu samþykktarinnar, og skal þá tiltaka sérstaklega varðandi hvern þessara flokka hvort það hyggst beita lágmarkskröfum, skv. 9. gr., eða hámarkskröfum, skv. 11. gr.

6. gr.

Aðildarríki getur síðan, með því að senda tilkynningu um það til forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, með gildistöku frá tilkynningardegi, ákveðið að beita ákvæðum 11. gr. í stað ákvæða 9. gr. varðandi hvaða flokk sem það hefur samþykkt.

II. KAFLI
Tryggingarvernd: Almennar kröfur.

7. gr.

Í landslögum sérhvers aðildarríkis skal skipverjum, sem lögin ná til, veitt vernd almannatrygginga sem er ekki minni en launafólk í landi nýtur hvað varðar hvern flokk almannatrygginga sem nefndur er í 3. gr. og landslög kveða á um.

8. gr.

Gera skal ráðstafanir til þess að maður, sem er ekki lengur aðili að skyldutryggingu almannatrygginga fyrir skipverja, haldi réttindum sínum ef hann eignast hlutdeild í sams konar kerfi fyrir launafólk í landi í sama aðildarríki. Þessi regla gildir á báða vegu.

Lágmarkskröfur.

9. gr.

Þegar aðildarríki hefur skuldbundið sig til að beita ákvæðum þessarar greinar varðandi einhvern flokk almannatrygginga eiga skipverjar og, þar sem það á við, ómagar þeirra og eftirlifendur, sem njóta verndar landslaga í aðildarríki, rétt á almannatryggingabótum, sem eru ekki minni, hvað varðar þau tilfelli sem bótaskyld eru, skilyrði fyrir bótum, bótafjárhæð og bótatíma, en þær bætur sem tilgreindar eru í eftirfarandi ákvæðum Samþykktar um lágmark félagslegs öryggis frá 1952 hvað varðar viðkomandi flokk:

a. hvað varðar læknisþjónustu í 8. gr., 10. gr. (1., 2. og 3. mgr.), 11. gr. og 12. gr. (1. mgr.);
b. hvað varðar sjúkrabætur í 14. gr., 16. gr. (í tengslum við 65. eða 66. eða 67. gr.), 17. gr. og 18. gr. (1. mgr.);
c. hvað varðar atvinnuleysisbætur í 20. gr., 22. gr. (í tengslum við 65. eða 66. eða 67. gr.), 23. gr. og 24. gr.;
d. hvað varðar ellilífeyri í 26. gr., 28. gr. (í tengslum við 65. eða 66. eða 67. gr.), 29 gr. og 30 gr.;
e. hvað varðar vinnuslysabætur í 32. gr., 34. gr. (1., 2. og 4. mgr.), 35. gr., 36 gr. (í tengslum við 65. eða 66 gr.) og 38. gr.;
f. hvað varðar fjölskyldubætur í 40. gr., 42. gr., 43. gr., 44. gr. (í tengslum við 66. gr. þar sem hún á við) og 45. gr.;
g. hvað varðar fæðingarstyrk í 47. gr., 49. gr. (1., 2. og 3. mgr.), 50. gr. (í tengslum við 65. eða 66. gr.), 51. gr. og 52. gr.;
h. hvað varðar örorkustyrk í 54. gr., 56. gr. (í tengslum við 65. eða 66. eða 67. gr.), 57. gr. og 58. gr.;
i. hvað varðar eftirlifendabætur í 60. gr., 62. gr. (í tengslum við 65. eða 66. eða 67. gr.), 63. gr. og 64. gr.

10. gr.

Aðildarríki er heimilt, í því skyni að uppfylla skilyrði staflíða a, b, c, d, g (hvað varðar læknisþjónustu), h eða i í 9. gr., að taka tillit til verndar trygginga sem ekki er kveðið á um í landslögum að séu skyldutryggingar fyrir skipverja þegar slíkar tryggingar:

a. eru háðar eftirliti stjórnvalda eða þær lúta sameiginlegri stjórn útgerðarmanna og sjómanna samkvæmt sérstökum reglum;
b. ná til stórs hluta skipverja sem hafa ekki meiri tekjur en faglærður starfsmaður; og
c. eru í samræmi við viðeigandi ákvæði Samþykktar um lágmark félagslegs öryggis frá 1952, í tengslum við aðra tryggingarvernd þar sem hún á við.

Hámarkskröfur.

11. gr.

Þegar aðildarríki hefur skuldbundið sig til að beita ákvæðum þessarar greinar varðandi einhvern flokk almannatrygginga, eiga skipverjar og, þar sem það á við, ómagar þeirra og eftirlifendur, sem njóta verndar landslaga í aðildarríki, rétt á almannatryggingabótum, sem eru ekki minni, hvað varðar þau tilfelli sem bótaskyld eru, skilyrði fyrir bótum, bótafjárhæð og bótatíma en þær bætur sem tilgreindar eru:

a. hvað varðar læknishjálp í 7. gr. a, 8. gr., 9. gr., 13. gr., 15. gr., 16. gr. og 17. gr Samþykktar um læknishjálp og sjúkrabætur frá 1969;
b. hvað varðar sjúkrabætur í 7. gr. b, 18. gr., 21. gr. (í tengslum við 22. eða 23. eða 24. gr.), 25. gr. og 26 gr. (1. og 3. mgr.) Samþykktar um læknishjálp og sjúkrabætur frá 1969;
c. hvað varðar ellilífeyri í 15. gr., 17. gr. (í tengslum við 26. eða 27. eða 28. gr.), 18. gr., 19. gr. og 29 gr. (1. mgr.) Samþykktar um elli-, örorku- og eftirlifendabætur frá 1967;
d. hvað varðar vinnuslysabætur í 6. gr., 9. gr. (2. og 3. mgr. (upphafssetningu)), 10. gr., 13. gr. (í tengslum við 19. eða 20 gr.), 14. gr. (í tengslum við 19. eða 20. gr.), 15. gr. (1. mgr.), 16. gr., 17. gr.. 18. gr. (1. og 2. mgr.) (í tengslum við 19. eða 20. gr.) og 21. gr. (1. mgr.) Samþykktar um vinnuslysabætur frá 1964;
e. hvað varðar fæðingarstyrki í 3. og 4. gr. Samþykktar um mæðravernd (endurskoðaðrar) frá 1952;
f. hvað varðar örorkustyrki í 8. gr., 10. gr. (í tengslum við 26. eða 27. eða 28. gr.), 11. gr., 12. gr., 13. gr. og 29. gr. (1. mgr.) Samþykktar um elli-, örorku- og eftirlifendabætur frá 1967;
g. hvað varðar eftirlifendabætur í 21. gr., 23. gr. (í tengslum við 26. eða 27. eða 28. gr.), 24. gr., 25. gr. og 29. gr. (1. mgr.) Samþykktar um elli-, örorku- og eftirlifendabætur frá 1967;
h. hvað varðar atvinnuleysisbætur og fjölskyldubætur í hverri þeirri samþykkt sem gerð verður í framtíðinni þar sem miðað er við meiri kröfur en þær sem tilgreindar eru í 9. gr., stafliðum c og f, sem allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hefur, eftir að samþykktin hefur gengið í gildi, viðurkennt að eigi við um þessa efnisgrein, með bókun sem gerð er í tengslum við umfjöllun um tiltekið siglingamálefni á dagskránni.

12. gr.

Aðildarríki er heimilt, í því skyni að uppfylla skilyrði stafliða a, b, c, e (hvað varðar læknishjálp), f, g eða h (atvinnuleysisbætur) í 11. gr., að taka tillit til verndar trygginga, sem ekki er kveðið á um í landslögum að séu skyldutryggingar fyrir skipverja, þegar slíkar tryggingar:

a. eru háðar eftirliti stjórnvalda eða þær lúta sameiginlegri stjórn útgerðarmanna og sjómanna samkvæmt sérstökum reglum;
b. ná til stórs hluta skipverja sem hafa ekki meiri tekjur en faglærður starfsmaður; og
c. eru í samræmi við ákvæði þeirra samþykkta sem tilgreindar eru í framannefndum efnisgreinum 11. gr., í tengslum við aðra tryggingarvernd þar sem hún á við.

III. KAFLI

Ábyrgð útgerðarmanna.

13. gr.

Útgerðarmanni skal skylt að sjá skipverjum, sem þarfnast læknishjálpar á meðan þeir eru um borð í skipi eða hafa verið skildir eftir innan landamæra annars ríkis en fullgilds aðildarríkis vegna heilsufarsástands síns, fyrir:

a. viðeigandi og fullnægjandi læknishjálp þar til þeir hafa náð heilsu á ný eða þar til þeir hafa verið sendir heim, hvort sem gerist fyrr;
b. fæði og húsnæði þar til þeim tekst að fá vinnu við hæfi eða eru sendir heim, hvort sem gerist fyrr; og
c. heimsendingu.

14. gr.

Skipverjar, sem vegna heilsufarsástands síns hafa verið skildir eftir innan landamæra annars ríkis en fullgilds aðildarríkis, skulu halda rétti sínum til fullra launa (að undanskildum kaupaukum) frá þeim tíma sem þeir voru skildir eftir þangað til þeim býðst hæfileg vinna, eða eru sendir heim eða tiltekinn tími er liðinn(eigi skemmri en 12 vikur), eftir því sem mælt er fyrir í lögum eða reglugerðum aðildarríkis þess eða heildarsamningum, hvort sem verður fyrr. Útgerðarmanni er ekki skylt að greiða skipverjum laun í slíkum tilvikum frá þeim tíma sem skipverjar eiga rétt á bótagreiðslum samkvæmt landslögum fullgilds aðildarríkis.

15. gr.

Skipverjar, sem vegna heilsufarsástands síns hafa verið sendir heim eða settir í land innan landamæra fullgilds aðildarríkis, skulu halda rétti sínum til fullra launa (að undanskildum kaupaukum) frá þeim tíma þegar þeir voru sendir heim eða settir í land þangað til þeir hafa komist til heilsu á ný eða þangað til að liðnum tilteknum tíma (eigi skemmri en 12 vikum), svo sem mælt er fyrir í lögum eða reglugerðum aðildarríkisins eða heildarsamningum, hvort sem verður fyrr. Ef laun hafa verið greidd um einhvern tíma samkvæmt ákvæðum 14. gr. skal sá tími dreginn frá. Útgerðarmanni er ekki skylt að greiða skipverjum laun í slíkum tilvikum frá þeim tíma sem skipverjar eiga rétt á bótagreiðslum samkvæmt landslögum fullgilds aðildarríkis.

IV. KAFLI
Vernd erlendra skipverja eða farandskipverja.

16. gr.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um skipverja sem lúta eða hafa lotið landslögum eins eða fleiri aðildarríkja, svo og, þar sem það á við, um ómaga þeirra og eftirlifendur, hvað varðar sérhvern flokk almannatrygginga, eins og hann er skilgreindur í 3. gr., svo fremi hlutaðeigandi aðildarríki hafi í landslögum sínum ákvæði sem eiga við um skipverja.

17. gr.

Í því skyni að forðast lagaágreining og óheppilegar afleiðingar fyrir viðkomandi, annaðhvort vegna ónógrar tryggingarverndar eða óeðlilega margra framlaga, annarrar bótaskyldu eða bóta, skulu hlutaðeigandi aðildarríki ákveða hvaða landslög eiga við um skipverja samkvæmt eftirfarandi reglum:

a. skipverjar skulu aðeins lúta landslögum eins aðildarríkis;
b. að jafnaði skulu þetta vera:
- landslög þess aðildarríkis þar sem skipið er skráð; eða
- landslög þess aðildarríkis þar sem skipverji hefur búsetu;
c. þrátt fyrir þær reglur sem tilgreindar eru í framangreindum stafliðum geta hlutaðeigandi aðildarríki ákveðið með samkomulagi sín á milli að beita öðrum reglum um það hvaða landslög eigi við um skipverja, til hagsbóta fyrir hlutaðeigandi menn.

18. gr.

Skipverjar, sem lúta landslögum aðildarríkis en eru ríkisborgarar annars aðildarríkis eða eru flóttamenn eða ríkisfangslausir menn sem búa innan landamæra aðildarríkis, skulu, samkvæmt nefndum landslögum, njóta jafnræðis á við ríkisborgara fyrrnefnds aðildarríkis, jafnt hvað varðar umfang tryggingar og réttar til bóta. Þeir skulu njóta jafnræðis hvað þetta varðar án nokkurra skilyrða um búsetu innan landamæra fyrrgreinds aðildarríkis, svo fremi ríkisborgarar þess njóti verndar án nokkurs slíks skilyrðis. Þessi regla skal einnig gilda, þar sem það á við, hvað varðar rétt ómaga og eftirlifenda skipverja til bóta hvert sem ríkisfang þeirra er.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 18. gr. getur greiðsla óáunninna bóta verið háð því að bótaþegi hafi búið innan landamæra fullgilds aðildarríkis eða, þegar um eftirlifendabætur er að ræða, að hinn látni hafi búið þar um tíma sem má ekki ákveða að sé lengri en:

a. sex mánuðir áður en bótakrafan er sett fram þegar um er að ræða atvinnuleysisbætur og fæðingarstyrk;
b. fimm samfelld ár áður en bótakrafan er sett fram þegar um er að ræða örorkubætur eða fyrir dauða þegar um er að ræða eftirlifendabætur;
c. tíu ár frá 18 ára aldri til eftirlaunaaldurs og má krefjast þess að þar af séu fimm ár áður en bótakrafa er sett fram þegar um er að ræða ellilífeyri.

20. gr.

Lög og reglugerðir, tilgreind í 13.—15. gr., sem varða ábyrgð útgerðarmanna í hverju aðildarríki, skulu tryggja jafnan rétt skipverja hvar sem þeir hafa búsetu.

21. gr.

Sérhvert aðildarríki skal leitast við að hafa samvinnu við öll önnur aðildarríki sem hafa komið sér upp kerfi til viðhalds áunnum réttindum, hvað varðar sérhvern flokk almannatrygginga eins og hann er tilgreindur í 3. gr., og landslög ná til í sérhverju þessara aðildarríkja, til hagsbóta fyrir þá menn sem hafa sem skipverjar orðið að lúta landslögum eins aðildarríkis oftar en einu sinni eða landslögum téðra aðildarríkja til skiptis.

22. gr.

Í kerfi til viðhalds réttindum sem áunnist hafa, sbr. 21. gr., skal gera ráð fyrir því að lagður verði saman, að svo miklu leyti sem nauðsyn krefur, tryggingartími, starfstími eða búsetutími, eftir því hvað um er að ræða samkvæmt lögum hlutaðeigandi aðildarríkja, hvað varðar öflun, viðhald eða endurheimt réttinda, svo og, eftir atvikum, útreikningi bóta.

23. gr.

Í þeim kerfum um viðhald áunninna réttinda sem tilgreind voru í 21. gr. skal ákveðið eftir hvaða reglum skal farið við úthlutun ellilífeyris, örorku- og eftirlifendabóta, svo og, þar sem það á við, skiptingu tilheyrandi kostnaðar.

24. gr.

Sérhvert aðildarríki skal tryggja greiðslu örorku- og ellilífeyris og eftirlifendabóta í reiðufé, lífeyris vegna vinnuslysa og dauðsfalla, svo fremi réttur til slíkra bóta hafi verið áunninn samkvæmt landslögum þess, til bótaþega sem eru ríkisborgarar aðildarríkis eða flóttamenn eða ríkisfangslausir menn, hvar sem þeir hafa búsetu, og er þetta háð ráðstöfunum sem gerðar eru, ef nauðsyn krefur, með samkomulagi milli aðildarríkja eða hlutaðeigandi ríkja.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 24. gr. skulu hlutaðeigandi aðildarríki, með samkomulagi sín í milli, ákveða, þegar um er að ræða óáunnar bætur, með hvaða skilyrðum slíkar bætur verða tryggðar bótaþegum sem búsettir eru utan landamæra fullgilds aðildarríkis.

26. gr.

Aðildarríki, sem hefur tekið á sig skyldur Samþykktar um jafnrétti innlendra og erlendra manna til almannatrygginga frá 1962, hvað varðar einn eða fleiri flokka almannatrygginga sem tilgreindir eru í 24. gr., en ekki skyldur Samþykktar um stofnun alþjóðlegs kerfis til viðhalds tryggingaréttindum frá 1982, er heimilt, hvað varðar sérhvern flokk sem það hefur tekið á sig skyldur fyrir í fyrrgreindu samþykktinni, að víkja frá ákvæðum 24. gr. og beita þess í stað ákvæðum 5. gr. þeirrar samþykktar.

27. gr.

Hlutaðeigandi aðildarríki skulu leitast við að taka þátt í kerfi til að viðhalda réttindum sem fengist hafa samkvæmt landslögum þeirra, hvað varðar sérhvern af eftirfarandi flokkum almannatrygginga sem landslög sérhvers þessara aðildarríkja ná til, hvað varðar skipverja: læknishjálp, sjúkrabætur, atvinnuleysisbætur, vinnuslysabætur aðrar en lífeyri og greiðslu vegna dauðsfalls, fjölskyldubætur og fæðingarstyrk. Með kerfum sem þessum skal tryggja slíkar bætur þeim mönnum sem hafa fasta búsetu eða búa um stundarsakir innan landamæra eins þessara aðildarríkja, annars en hlutaðeigandi aðildarríkis, með þeim skilyrðum og innan þeirra marka sem ákveðin verða með samkomulagi milli hlutaðeigandi aðildarríkja.

28. gr.

Ákvæði þessa kafla eiga ekki við um félagslega þjónustu og læknishjálp.

29. gr.

Aðildarríki mega víkja frá ákvæðum 16.—25. gr. og 27. gr., með því að gera sérstakar ráðstafanir með gagnkvæmum eða fjölhliða samkomulagi milli tveggja eða fleiri ríkja, með því skilyrði að það hafi ekki áhrif á réttindi og skyldur annarra aðildarríkja en veiti erlendum skipverjum eða farandskipverjum vernd almannatrygginga samkvæmt ákvæðum sem eru þeim, þegar á heildina er litið, a.m.k. jafnhagstæð og þau ákvæði sem gert er ráð fyrir í framannefndum greinum.

V. KAFLI
Lögfræðileg og stjórnskipuleg vernd.

30. gr.

Sérhver hlutaðeigandi maður hefur rétt til áfrýjunar ef honum er neitað um bætur eða kvörtun er borin fram vegna eðlis bótakröfu, stigs, upphæðar eða gæða.

31. gr.

Þar sem ráðuneyti, sem er ábyrgt fyrir löggjafarsamkomu, er falin ábyrgð á stjórnun læknisþjónustu, skal sérhver hlutaðeigandi maður hafa rétt til þess, auk áfrýjunarréttar, sem veittur er í 30. gr., að krefjast rannsóknar hlutaðeigandi yfirvalda á kvörtun sinni yfir því að honum hafi verið neitað um læknisþjónustu eða honum hafi þótt sú læknisþjónusta sem hann hefur fengið ekki vera nægjanlega góð.

32. gr.

Sérhvert aðildarríki skal gera ráðstafanir til þess að útkljá deilur á skjótan og ódýran hátt varðandi ábyrgð útgerðarmanna sem kveðið er á um í 13. og 15. gr.

33. gr.

Aðildarríkin skulu taka á sig almenna ábyrgð á greiðslu bóta samkvæmt þessari samþykkt og gera allar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru í því skyni.

34. gr.

Aðildarríkin skulu taka á sig almenna ábyrgð á tilhlýðilegri stjórnun þeirra stofnana og þeirri þjónustu sem til þarf við að framfylgja ákvæðum þessarar samþykktar.

35. gr.

Þegar stjórnun er ekki falin stofnun, sem er undir eftirliti stjórnvalda eða ráðuneyti sem ber ábyrgð gagnvart löggjafarsamkomu:

a. skulu fulltrúar þeirra skipverja sem verndar njóta eiga aðild að stjórnun samkvæmt reglum í landslögum;
b. skal í landslögum, þar sem það á við, einnig gert ráð fyrir þátttöku fulltrúa útgerðarmanna;
c. má í landslögum einnig gera ráð fyrir þátttöku fulltrúa stjórnvalda.

VI. KAFLI
Lokaákvæði.

36. gr.

Þessi samþykkt kemur í stað Samþykktar um sjúkratryggingar sjómanna frá 1936 og Samþykktar um félagslegt öryggi sjómanna frá 1946.

37. gr.

Formlegar fullgildingar á þessari samþykkt skulu sendar forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

38. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem hafa látið forstjórann skrá fullgildingar sínar.
2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

39. gr.

Sérhvert aðildarríki sem fullgildir þessa samþykkt skuldbindur sig til að beita henni á þeim svæðum þar sem það ber ábyrgð á alþjóðasamskiptum samkvæmt ákvæðum stofnskrár Alþjóðavinnumálstofnunarinnar.

40. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

41. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

42. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkvæmt 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

43. gr.

Þegar stjórn alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

44. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt sem breytir þessari samþykkt að öllu eða nokkru leyti, og sú samþykkt mælir ekki fyrir um á annan veg, þá skal:

a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, þrátt fyrir ákvæði 9. gr. hér að framan, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma þegar það gerist;

b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt öðlast gildi.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu hvað snertir form og efni í þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

45. gr.

Enskur og franskur texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal IV.

Samþykkt nr. 166, um heimsendingu skipverja (endurskoðuð).

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 74. þingsetu sinnar í Genf 24. september 1987 eftir kvaðningu stjórnar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

gefur gaum að því að frá gerð Samþykktar um heimsendingu sjómanna frá 1926 og Tillögu um heimsendingu (skipstjóra og viðvaninga) frá 1926 hefur þróun í skipaútgerð valdið því að nauðsynlegt er að endurskoða samþykktina í því skyni að taka upp í hana viðeigandi þætti úr Tillögunni og

gefur einnig gaum að því að talsverðar framfarir hafa orðið með setningu laga hinna ýmsu ríkja, svo og framkvæmdum, við heimsendingu skipverja í ýmsum þeim tilvikum sem Samþykkt um heimsendingu sjómanna frá 1926 nær ekki til og

tekur tillit til þess að frekari aðgerðir, með nýrri alþjóðlegri gerð um tiltekna viðbótarþætti varðandi heimsendingu skipverja, væru þar af leiðandi æskilegar með hliðsjón af mikilli fjölgun erlendra skipverja við störf á skipum og

hefur samþykkt tilteknar ábendingar varðandi endurskoðun Samþykktar um heimsendingu sjómanna frá 1926 (nr. 23) og Tillögu um heimsendingu (skipstjóra og viðvaninga) frá 1926 (nr. 27) sem er fimmta mál á dagskrá þessa þings og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar gerir þingið í dag, 9. október 1987, eftirfarandi samþykkt sem nefna má Samþykkt um heimsendingu skipverja (endurskoðuð), 1987:

I. Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

1. Þessi samþykkt nær til allra hafskipa, hvort sem þau eru í eigu opinberra aðila eða einkaaðila, sem skráð eru innan lögsögu sérhvers aðildarríkis sem fullgilt hefur samþykktina og stundar að jafnaði siglingar í ábataskyni, svo og til útgerðarmanna og skipverja slíkra skipa.

2. Að höfðu samráði við viðkomandi samtök útgerðamanna fiskiskipa og fiskimanna, að því marki sem slíkt telst framkvæmanlegt, skulu hlutaðeigandi stjórnvöld beita ákvæðum þessarar samþykktar varðandi fiskveiðar í sjó sem eru stundaðar í ábataskyni.

3. Ef vafi leikur á um það hvort tiltekin skip séu notuð til siglinga eða fiskveiða í ábataskyni, hvað varðar ákvæði þessarar samþykktar, skulu hlutaðeigandi stjórnvöld skera úr um það að höfðu samráði við samtök viðkomandi útgerðarmanna, farmanna og fiskimanna.

4. Í þessari samþykkt táknar hugtakið „skipverji“ hvern þann mann sem ráðinn er til hvers konar starfa í hafskipi sem þessi samþykkt nær til.

II. Réttindi.

2. gr.

1. Skipverji á rétt á að vera sendur heim í eftirtöldum tilvikum:

a. ef ráðning í tiltekinn tíma eða fyrir tiltekna sjóferð endar erlendis;
b. við lok uppsagnartíma sem ákveðinn hefur verið samkvæmt samkomulagi eða ráðningarsamningi skipverja;
c. ef skipverji er sjúkur eða slasaður eða er haldinn öðrum kvilla sem veldur því að senda verður hann heim þegar hann er orðinn ferðafær;
d. ef skipið ferst;

e. ef útgerðarmaður getur ekki haldið áfram að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum eða ráðningarsamningi sem vinnuveitandi skipverja sökum gjaldþrots, sölu skips, breytingar á skráningu skips eða af annarri svipaðri ástæðu;
f. ef senda á skipið inn á ófriðarsvæði, eins og það er skilgreint í landslögum eða reglugerðum eða heildarsamningum, og skipverji samþykkir ekki að fara þangað;
g. ef ráðningu lýkur fyrir fullt og allt eða um stundarsakir samkvæmt gerðardómsúrskurði eða ákvæðum heildarsamnings eða ráðningu lýkur af svipuðum ástæðum.

2. Í landslögum eða reglugerðum eða heildarsamningum skulu vera ákvæði um hámarkslengd starfstíma skipverja um borð en eftir það á hann rétt á að vera sendur heim. Slík tímabil skulu vera styttri en 12 mánuðir. Við ákvörðun hámarkslengdar tíma skal taka tillit til þeirra þátta sem hafa áhrif á vinnuumhverfi skipverja. Sérhvert aðildarríki skal eftir föngum leitast við að stytta þessi tímabil með hliðsjón af breyttri tækni og þróun og getur í því skyni tekið tillit til tillagna frá alþjóðasiglingamálanefndinni.

III. Ákvörðunarstaður.

3. gr.

1. Í landslögum eða reglugerðum sérhvers aðildarríkis sem hefur fullgilt þessa samþykkt skal tilgreina til hvaða ákvörðunarstaða má senda skipverja þegar um heimsendingu er að ræða.

2. Meðal ákvörðunarstaða, sem þannig eru tilgreindir, skal vera sá staður þar sem skipverji réð sig á skipið, sá staður sem tilgreindur er í heildarsamningi, heimaland skipverjans eða annar staður sem samið var um við ráðningu. Skipverji hefur rétt til að velja um það til hvaða staðar hann vill láta senda sig til af þeim stöðum sem mælt er fyrir um.

IV. Ráðstafanir vegna heimsendingar.

4. gr.

1. Það á að vera á ábyrgð útgerðarmanns að gera ráðstafanir til heimsendingar skipverja með viðeigandi og skjótum hætti. Að jafnaði skal miðað við flugfar.

2. Útgerðarmaður skal bera kostnað við heimsendingu.

3. Ef heimsending hefur átt sér stað sökum þess að skipverji hefur vanrækt alvarlega skyldur sínar samkvæmt ákvæðum landslaga, reglugerða eða heildarsamnings, skal ekkert ákvæði þessarar samþykktar koma í veg fyrir að unnt sé að endurkrefja skipverja um allan kostnað eða hluta af honum samkvæmt landslögum, reglugerðum eða heildarsamningi.

4. Útgerðarmaður skal m.a. greiða eftirtalinn kostnað:
a. ferð til ákvörðunarstaðar, sem valinn er vegna heimsendingar, samkvæmt ákvæðum 3. gr. hér að framan;
b. fæði og húsnæði frá því að skipverji fer frá skipi þar til hann er kominn til ákvörðunarstaðar heimsendingar;
c. laun og dagpeninga frá því að skipverji fer frá skipi þar til hann er kominn til ákvörðunarstaðar heimsendingar ef svo er mælt fyrir um í landslögum, reglugerðum eða heildarsamningum;
d. flutning á 30 kg af persónulegum munum skipverja til ákvörðunarstaðar heimsendingar;
e. læknishjálp, ef hennar er þörf, þar til skipverji hefur náð nægilega góðri heilsu til þess að ferðast til ákvörðunarstaðar heimsendingar.

5. Útgerðarmanni er ekki heimilt að krefjast þess að skipverji greiði fyrirfram hluta af heimsendingarkostnaði við upphaf starfstíma síns og honum er heldur ekki heimilt að draga heimsendingarkostnað frá launum eða öðrum greiðslum til skipverjans nema samkvæmt ákvæðum 3. tölul. hér að framan.

6. Í landslögum eða reglugerðum skulu ekki vera nein ákvæði sem skerða rétt útgerðarmanns til þess að endurheimta kostnað vegna heimsendingar skipverja, sem ekki hafa verið ráðnir hjá honum, úr höndum vinnuveitenda þeirra.

5. gr.

Ef útgerðarmaður gerir ekki ráðstafanir til heimsendingar skipverja sem á rétt á henni eða greiðir ekki fyrir hana:

a. skulu hlutaðeigandi stjórnvöld í aðildarríki því þar sem skipið er skráð gera ráðstafanir vegna heimsendingar viðkomandi skipverja og greiða kostnað við hana; ef þau gera það ekki getur ríkið sem senda á skipverjann heim frá eða ríkið þar sem hann hefur ríkisfang gert ráðstafanir vegna heimsendingar hans og síðan endurheimt kostnaðinn frá aðildarríkinu þar sem skipið er skráð;
b. getur aðildarríkið, þar sem skipið er skráð, krafið útgerðarmanninn um endurgreiðslu kostnaðar;
c. skal aldrei krefja skipverja um greiðslu kostnaðar vegna heimsendingar nema samkvæmt ákvæðum 3. tölul., 4. gr. hér að framan.

V. Aðrar ráðstafanir.

6. gr.

Skipverjum, sem senda á heim, skal gert kleift að fá vegabréf sín og önnur skilríki vegna heimsendingarinnar.

7. gr.

Þann tíma sem skipverji bíður eftir heimsendingu, svo og ferðatíma, má ekki draga frá áunnu orlofi á launum.

8. gr.

Heimsendingu skipverja telst lokið þegar hann er kominn til ákvörðunarstaðar samkvæmt ákvæðum 3. gr. hér að framan eða ef hann neytir ekki réttar síns til heimsendingar innan eðlilegs tíma sem skilgreindur er í landslögum, reglugerðum eða heildarsamningum.

9. gr.

Ákvæði þessarar samþykktar skulu öðlast gildi með landslögum eða reglugerðum, svo fremi þau hafi ekki öðlast gildi með heildarsamningum eða með öðrum hætti, eftir aðstæðum í hverju landi.

10. gr.

Sérhvert aðildarríki skal auðvelda heimsendingu skipverja sem starfa á skipum sem hafa viðdvöl í höfnum þess eða sigla um landhelgi þess eða innsævi, svo og að aðrir fáist í þeirra stað.

11. gr.

Hlutaðeigandi stjórnvöld í sérhverju aðildarríki skulu tryggja það með fullnægjandi eftirliti að útgerðarmenn skipa, sem skráð eru innan landamæra þess, hlíti ákvæðum þessarar samþykktar og skulu þau veita alþjóðavinnumálaskrifstofunni upplýsingar þar að lútandi.

12. gr.

Texti þessarar samþykktar skal vera til reiðu á viðkomandi tungumáli fyrir skipverja á öllum skipum sem skráð eru innan landamæra sérhvers aðildarríkis sem fullgilt hefur hana.

VI. Lokaákvæði.

13. gr.

Þessi samþykkt kemur í stað Samþykktar um heimsendingu sjómanna frá 1926.

14. gr.

Formlegar fullgildingar þessarar samþykktar skulu sendar forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

15. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem hafa látið forstjórann skrá fullgildingar sínar.
2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

16. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar. Sérhvert aðildarríki sem fullgildir þessa samþykkt skuldbindur sig til að beita henni á þeim svæðum þar sem það ber ábyrgð á alþjóðasamskiptum samkvæmt ákvæðum stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

17. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

18. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkvæmt 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

19. gr.

Þegar stjórn alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

20. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt sem breytir þessari samþykkt að öllu eða nokkru leyti, og sú samþykkt mælir ekki fyrir um á annan veg, þá skal:

a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, þrátt fyrir ákvæði 9. gr. hér að framan, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma þegar það gerist;
b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt öðlast gildi.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu hvað snertir form og efni í þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

21. gr.

Enskur og franskur texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal V.

Tillaga nr. 173, um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 74. þingsetu sinnar í Genf 24. september 1987 eftir kvaðningu stjórnar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

minnist ákvæða í Tillögu um velferðarmál sjómanna í höfn frá 1936 og Tillögu um velferðarmál farmanna frá 1970 og

hefur samþykkt tilteknar ábendingar um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn, sem er annað mál á dagskrá þessa þings og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi tillögu gerir þingið í dag 8. október 1987, eftirfarandi tillögu sem nefna má Tillögu um aðbúnað skipverja, 1987:

I. Almenn ákvæði.

1. Í þessari tillögu táknar:

a. hugtakið „skipverji" hvern þann mann sem ráðinn er til hvers konar starfa um borð í hafskipi, hvort sem það er í eigu opinberra aðila eða einkaaðila, öðru en herskipi,

b. hugtakið „aðstaða og þjónusta vegna aðbúnaðar" aðstöðu og þjónustu vegna aðbúnaðar, menningarmála, afþreyingar og upplýsinga.

2. Að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna fiskiskipa og fiskimanna, að því marki sem slíkt telst framkvæmanlegt, skulu stjórnvöld beita ákvæðum þessarar tillögu varðandi fiskveiðar í sjó sem eru stundaðar í ábataskyni.

3. (1) Aðildarríkin ættu að gera ráðstafanir til þess að tryggja að fullnægjandi aðstaða og þjónusta vegna aðbúnaðar sé fyrir hendi fyrir skipverja jafnt í höfnum sem um borð í skipum og að skipverjum sé veitt nægileg vernd við störf sín.

(2) Við framkvæmd þessara ráðstafana ættu aðildarríkin að taka tillit til sérstakra þarfa skipverja, hvað varðar öryggi þeirra, heilsuvernd og tómstundastörf, einkum þegar þeir starfa utan heimalands síns og fara inn á ófriðarsvæði.

4. Ráðstafanir til eftirlits með aðstöðu og þjónustu vegna aðbúnaðar ætti að fela í sér þátttöku hlutaðeigandi samtaka sjómanna og útgerðarmanna.

5. Aðstaða og þjónusta vegna aðbúnaðar, sem veitt er samkvæmt þessari tillögu, ætti að vera til reiðu öllum skipverjum, hvert sem þjóðerni þeirra er, kynþáttur, litarháttur, kynferði, trúarskoðun, stjórnmálaskoðun eða félagslegur uppruni, og óháð því í hvaða ríki skipið, sem þeir eru skipverjar á, er skráð.

6. Aðildarríkin ættu að hafa samvinnu sín á milli um það að stuðla að velferð skipverja á hafi úti og í höfn. Slík samvinna ætti að vera fólgin í:

a. samráði milli hlutaðeigandi stjórnvalda í því skyni að sjá skipverjum fyrir aðstöðu og þjónustu vegna aðbúnaðar, jafnt í höfn sem um borð í skipum, svo og endurbótum á honum.

b. samningum um sameiginlega hagnýtingu og útvegun aðstöðu vegna aðbúnaðar í meginhöfnum í sparnaðarskyni.

c. að skipuleggja íþróttakappleiki þjóða í milli og hvetja skipverja til að taka þátt í íþróttum.

d. að skipuleggja alþjóðlegar ráðstefnur um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn.

II. Aðstaða og þjónusta í höfnum.

7. (1) Aðildarríkin ættu að sjá fyrir eða að tryggja að séð verði fyrir þeirri aðstöðu og þjónustu vegna aðbúnaðar sem gæti verið þörf fyrir í viðeigandi höfnum landsins.

(2) Aðildarríkin ættu að hafa samráð við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna og sjómanna þegar ákvarða skal hvaða hafnir eru viðeigandi.

(3) Aðstaða og þjónusta vegna aðbúnaðar skyldi oft tekin til endurskoðunar til þess að tryggja það að hún sé fullnægjandi með tilliti til breytinga á þörfum skipverja vegna tækniþróunar, breytts rekstrar og annarrar þróunar í útgerð.

8. (1) Aðstaða og þjónusta vegna aðbúnaðar skal í té látin, samkvæmt aðstæðum og venjum í hverju landi, af einum eða fleiri eftirtalinna aðila:

a. stjórnvöldum;
b. samtökum útgerðarmanna og sjómanna samkvæmt heildarsamningum eða öðru samþykktu fyrirkomulagi;
c. samtökum sjálfboðaliða.

(2) Ráðstafanir skulu gerðar eftir þörfum til þess að tryggja að tæknilega hæfir menn séu ráðnir í fullt starf við rekstur aðstöðu vegna aðbúnaðar og þjónustu fyrir skipverja, auk þeirra sjálfboðaliða sem þar kunna að starfa.

9. (1)Stofna ætti velferðarráð, sem ná til tiltekinnar hafnar, héraðs eða lands, eftir því sem við á, og ætti hlutverk þeirra að vera:

a. að fylgjast með því hvort sú aðstaða vegna aðbúnaðar sem er fyrir hendi er viðunandi og hvort þörf er fyrir viðbótaraðstöðu eða hvort leggja beri niður þjónustu sem er lítið nýtt;
b. að hjálpa og ráðleggja þeim sem bera ábyrgð á því að leggja til aðstöðu vegna aðbúnaðar og tryggja samhæfingu milli þeirra.

(2) Í velferðarráðum ættu að sitja fulltrúar samtaka útgerðarmanna og sjómanna, hlutaðeigandi stjórnvalda og, þar sem það á við, samtaka sjálfboðaliða og félagsmálastofnana.

(3) Þar sem það á við ættu ræðismenn strandríkja og fulltrúar erlendra velferðarsamtaka á staðnum að taka þátt í starfi velferðarráðs hafnar, héraðs og lands samkvæmt lögum og reglugerðum hlutaðeigandi lands.

10. (1) Aðildarríkin ættu að tryggja það að hæfileg og regluleg fjárhagsaðstoð sé veitt til aðstöðu og þjónustu vegna aðbúnaðar skipverja.

(2) Í samræmi við aðstöðu og venju í landi hverju ætti að haga þessari fjárhagsaðstoð á einn eða annan eftirtalinn hátt:

a. með fjárveitingum úr opinberum sjóðum;
b. með álögum á eða sérstöku gjaldi af siglingum;
c. með frjálsum framlögum útgerðarmanna, skipverja eða samtaka þeirra; og/eða
d. með frjálsum framlögum annarra.

(3) Fé, sem aflað er til aðbúnaðar með sköttum, álögum eða sérstöku gjaldi, má einungis nota í því skyni.

11. Hótel eða gistiheimili sem henta skipverjum ættu að vera fyrir hendi þar sem þörf er fyrir þau. Slík hótel eða gistiheimili ættu að vera undir góðu eftirliti, uppsett verð ætti að vera sanngjarnt og, þar sem það er nauðsynlegt og því verður við komið, ætti að sjá til þess að fjölskyldur skipverja geti einnig dvalist þar.

12. (1) Koma ætti upp eða stuðla að nauðsynlegri aðstöðu vegna aðbúnaðar og afþreyingar í höfnum, m.a. með:

a. herbergjum til fundahalds og afþreyingar eftir þörfum;
b. aðstöðu til íþróttaiðkana, þ.m.t. utan húss, einnig til kappleikja;
c. aðstöðu til kennslu;

d. aðstöðu til trúariðkana og fyrir persónulega ráðgjöf þar sem það á við.

(2) Til greina kemur að útvega skipverjum slíka aðstöðu eftir þörfum með því að nýta aðstöðu sem ætluð er til almennari nota.

13. Þar sem mikill fjöldi skipverja af ýmsum þjóðernum hefur þörf fyrir aðstöðu, svo sem hótel, klúbba og íþróttaaðstöðu í tiltekinni höfn, ættu hlutaðeigandi aðilar eða stjórnvöld í heimalandi skipverja og í því landi þar sem skipið er skráð, svo og hlutaðeigandi alþjóðleg samtök, að hafa samráð og samvinnu við hlutaðeigandi aðila og stjórnvöld í landinu þar sem höfnin er til þess að sameina kraftana í sparnaðarskyni.

14. (1) Koma ætti á framfæri við skipverja upplýsingum um aðstöðu fyrir almenning í viðkomuhöfnum, einkum hvað varðar samgöngutæki og aðstöðu vegna aðbúnaðar, skemmtanahalds, kennslu og trúariðkana, auk aðstöðu sem ætluð er skipverjum sérstaklega.

(2) Slíkum upplýsingum mætti t.d. dreifa þannig:

a. Dreifing bæklinga í landi og, að fengnu leyfi skipstjóra, um borð í skipi og séu bæklingarnir á viðeigandi tungumálum og komi fram í þeim skýrar upplýsingar um þá aðstöðu sem fyrir hendi er fyrir skipverja í viðkomuhöfn eða næstu viðkomuhöfn. Í slíkum bæklingum ætti að vera kort af borginni og hafnarsvæðinu.
b. Í stærri höfnum séu stofnaðar upplýsingaskrifstofur, sem eru aðgengilegar fyrir skipverja, og séu þar við störf menn sem geta gefið milliliðalaust þær skýringar og leiðbeiningar sem að gagni mega koma.

15. Þegar þess gerist þörf ættu að vera fyrir hendi fullnægjandi farartæki gegn sanngjörnu gjaldi á hentugum stöðum við höfnina til þess að gera skipverjum kleift að komast til þéttbýlissvæða.

16. Gera ætti allar viðeigandi ráðstafanir til þess að kynna skipverjum sem koma til hafnar:

a. hvers konar hættu og sjúkdóma sem þeir kunna að komast í tæri við og hvernig þeir geta forðast þá;
b. nauðsyn þess að þeir sem þjást af sjúkdómum fari strax í meðferð og hvar næsta aðstaða sé til reiðu til slíkrar meðferðar;
c. þá hættu sem er samfara neyslu ávana- og fíkniefna og áfengis.

17. Gera ætti ráðstafanir til þess að tryggja að skipverjar sem dvelja í höfn, hafi aðgang að:

a. göngudeild vegna veikinda og meiðsla;
b. sjúkrahúsvist þegar þörf krefur;
c. tannlæknaþjónustu, einkum í neyðartilfellum.

18. Hlutaðeigandi stjórnvöld ættu að gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að kynna útgerðarmönnum, svo og skipverjum, sem koma til hafnar, sérstök lög og venjur sem gætu valdið frelsissviptingu þeirra ef brotnar eru.

19. Hlutaðeigandi stjórnvöld ættu að sjá fyrir fullnægjandi lýsingu og merkingum á hafnarsvæði og vegum sem að því liggja, svo og reglulegu eftirliti til verndar skipverjum.

20. (1) Til verndar erlendum skipverjum ætti að gera ráðstafanir til að:

a. auðvelda þeim aðgang að ræðismanni sínum,
b. koma á virkri samvinnu milli ræðismanna og stjórnvalda hlutaðeigandi héraðs eða lands.

(2) Hvenær sem skipverji er handtekinn af einhverjum ástæðum á landsvæði aðildarríkis ættu hlutaðeigandi stjórnvöld, ef hann óskar þess, að tilkynna það án tafar til

stjórnvalda í því ríki þar sem skipið er skráð, svo og til stjórnvalda í heimalandi skipverja. Hlutaðeigandi stjórnvöld ættu án tafar að tilkynna skipverja rétt hans til þess að bera fram slíka ósk. Stjórnvöld í því ríki þar sem skipverji á ríkisfang ættu án tafar að senda tilkynningu um þetta til nánasta skyldmennis. Ef skipverji er kyrrsettur skyldu stjórnvöld í aðildarríki heimila starfsmönnum ræðismannsskrifstofu að heimsækja hann án tafar og síðan reglulega meðan á kyrrsetningu stendur.

(3) Mál kyrrsetts skipverja ætti að taka fyrir án tafar að landslögum og senda tilkynningu um framvindu mála til stjórnvalda í því landi þar sem skipið er skráð, svo og stjórnvalda í því landi sem skipverji á ríkisfang.

21. (1) Veita ætti skipverjum, sem komast í ógöngur í erlendri höfn, alla aðstoð sem við verður komið meðan beðið er heimsendingar þeirra.

(2) Ef töf verður á heimsendingu skipverja ættu hlutaðeigandi stjórnvöld að tryggja að ræðismanni eða staðbundnum fulltrúa ríkisins þar sem skipið er skráð sé tilkynnt það án tafar.

22. Aðildarríkin ættu að gera ráðstafanir, hvenær sem þess gerist þörf, til að tryggja öryggi skipverja fyrir árásum og öðru ólöglegu athæfi meðan skip eru innan landhelgi þeirra, einkum á leið til hafnar.

III. Aðstaða og þjónusta á sjó.

23. (1) Aðstöðu og þægindi vegna aðbúnaðar ætti að láta skipverjum í té um borð í skipum. Þar sem því verður við komið ætti slík aðstaða að vera fólgin í:

a. aðstöðu til að horfa á sjónvarp og hlusta á útvarp;
b. sýningu kvikmynda eða myndbandsmynda, og ættu birgðir þeirra að nægja ferðina á enda og ætti að endurnýja þær á hæfilegum fresti;
c. íþróttatækjum, þ.m.t. þrekþjálfunartæki, borðleikir og þilfarsleikir;
d. aðstöðu til sundiðkunar þar sem því verður við komið;
e. bókasafni með bókum um starfsmenntun og öðrum bókum og skyldi þess gætt að birgðirnar nægðu ferðina á enda og ætti að endurnýja þær með hæfilegu millibili;
f. aðstöðu fyrir tómstundavinnu við handíðir.

(2) Þar sem því verður við komið og það á við ætti að koma til álita að setja upp vínstúkur fyrir skipverja, svo fremi það brjóti ekki í bág við þjóðlegar, trúarlegar eða félagslegar venjur.

24. Á starfsfræðslunámskeiðum fyrir skipverja ætti, þar sem það á við, að fjalla meðal annars um fræðslu og upplýsingar um málefni sem snerta aðbúnað þeirra, þ.m.t. almenna hættuvalda varðandi heilsu þeirra.

25. (1) Gefa ætti skipverjum kost á að nota talsímasamband frá skipi til lands, þar sem það er fyrir hendi, og ætti gjald fyrir slíka þjónustu að vera sanngjarnt.

(2) Þess skyldi gætt af fremsta megni að póstur berist skipverjum eins fljótt og vel og kostur er. Þess skyldi einnig gætt að skipverjar séu ekki skyldaðir til að greiða viðbótarpóstburðargjald þegar nauðsynlegt reynist að skipta um áritun á póst af orsökum sem þeir ráða ekki við.

26. (1) Gera ætti ráðstafanir til þess að tryggja að skipverjar fái hvenær sem það er hægt og sanngjarnt heimild til að taka á móti mökum sínum, ættingjum og vinum sem gestum um borð í skipi þegar það er í höfn, svo fremi það brjóti ekki í bág við landslög, alþjóðalög eða reglugerðir.

(2) Hyggja ætti að þeim möguleika að heimila skipverjum að taka maka sína með í einstakar ferðir þar sem því verður við komið og eðlilegt má teljast. Slíkir makar skyldu vera

nægilega tryggðir fyrir slysum og veikindum og ættu útgerðarmenn að veita skipverja alla nauðsynlega aðstoð til þess að afla slíkrar tryggingar.

27. Þeir sem ábyrgð bera í höfnum og um borð í skipum ættu að gera sitt ítrasta til þess að auðvelda veitingu landgönguleyfa fyrir skipverja eins fljótt og auðið er eftir að skip kemur til hafnar.

IV. Sparifé og sending launa.

28. Í því skyni að hjálpa skipverjum til að spara fé og senda sparifé sitt til fjölskyldna sinna:

a. ætti að taka upp einfalt, fljótlegt og öruggt kerfi, sem rekið er með aðstoð ræðismanna eða annarra hlutaðeigandi stjórnvalda, skipstjóra, umboðsmanna útgerðarmanna eða áreiðanlegra peningastofnana, til þess að gera skipverjum, og einkum þeim sem dvelja erlendis eða starfa á skipi sem skráð er utan heimalands þeirra, kleift að leggja laun sín fyrir eða senda þau eða hluta þeirra,
b. ætti að koma upp eða gera aðgengilegra kerfi til þess að gera skipverjum, þegar þeir skrá sig á skip eða á meðan á ferð stendur, kleift, ef þeir óska þess, að senda hluta af launum sínum reglulega til fjölskyldna sinna,
c. ætti að senda fjárhæðir á réttum tíma og beint til þess einstaklings eða einstaklinga sem skipverji hefur tilgreint,
d. ætti að fá staðfestingu á því hjá óháðum aðila að peningasendingar skipverja berist í raun til þess einstaklings eða einstaklinga sem þeir hafa tilgreint.

Fylgiskjal VI.

Tillaga nr. 174, um heimsendingu skipverja.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 74. þingsetu sinnar í Genf 24. september 1987 eftir kvaðningu stjórnar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

hefur samþykkt tilteknar ábendingar varðandi endurskoðun Samþykktar um heimsendingu sjómanna frá 1926 (nr. 23) og Tillögu um heimsendingu (skipstjóra og viðvaninga) frá 1926 (nr. 27) sem er fimmta mál á dagskrá þessa þings og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðlegrar tillögu, sem verði viðauki við Samþykkt um heimsendingu skipverja (endurskoðuð) frá 1987, gerir þingið í dag, 9. október 1987, efirfarandi tillögu sem nefna má Tillögu um heimsendingu skipverja, 1987:

Ef skipverji á rétt á að vera sendur heim samkvæmt ákvæðum Samþykktar um heimsendingu skipverja (endurskoðuð) frá 1987 en hvorki útgerðarmaður né stjórnvöld í aðildarríki því þar sem skipið er skráð standa við skuldbindingar sínar samkvæmt þessari samþykkt hvað varðar að gera ráðstafanir vegna heimsendingar skipverja og greiða kostnað við hana ættu stjórnvöld í ríkinu sem senda á skipverjann heim frá eða stjórnvöld í ríkinu þar sem hann á ríkisfang að gera ráðstafanir vegna heimsendingar hans og endurheimta síðan kostnaðinn frá aðildarríkinu þar sem skipið er skráð, samkvæmt 5. gr. samþykktarinnar, staflið a.

Fylgiskjal VII.

Skipan stjórnarnefndar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kjörtímabilið 1987—1990.

Fulltrúar ríkisstjórna.

Fastafulltrúar sem eru tilnefndir af eftirtöldum 10 aðaliðnaðarríkjum:

Bandaríkin
Brasilía
Frakkland
Indland
Ítalía
Japan
Kína
Sovétríkin
Stóra-Bretland
Þýska sambandslýðveldið

Aðildarríki sem eru kjörin til að tilnefna aðalfulltrúa:

Antigua og Barbuda
Argentína
Ástralía
Benín
Botsvana
Búrúndí
Grikkland
Júgóslavía
Kanada
Kólumbía
Kúba
Kuvæt
Líbería
Líbýa
Malasía
Sri Lanka
Tansanía
Tékkóslóvakía

Aðildarríki sem eru kjörin til að tilnefna varafulltrúa:

Bangladess
Ekvador
Gínea
Hvíta-Rússland
Íran
Kamerún
Lesótó
Marokkó
Nikaragva
Sómalía
Svíþjóð
Sviss
Tæland
Tyrkland
Úganda
Úrúgvæ
Venesúela
Þýska alþýðulýðveldið

Fulltrúar atvinnurekenda.

Aðalfulltrúar:	**Varafulltrúar:**
Murat Eurnekian (Argentína)	Aqil Ahmad Al-Jasem (Kuvæt)
Henri Georget (Níger)	Ray Brillinger (Kanada)
Johan von Holten (Svíþjóð)	Francisco Diaz Garaycoa (Ekvador)
Abraham Katz (Bandaríkin)	Adel Gazarin (Egyptaland)
Wolf-Dieter Lindner (Þýska sambandslýðveldið)	Cornélie Hak (Holland)
Anne M. Mackie (Stóra-Bretland)	Nöel Kouadic (Fílabeinsströndin)
Marwan Nasr (Líbanon)	José María Lacasa Aso (Spánn)
Jean-Jacques Oechslin (Frakkland)	Moukoko Kingue (Kamerún)
Tom Diju Owuor (Kenýa)	Gabriel Okogwu (Nígería)
Aurélio Periquet (Filippseyjar)	Jorge de Regil Gomez (Mexíkó)
Nefib Said (Túnis)	James Rowe (Nýja-Sjáland)
Jones Santos Neves Filho (Brasilía)	Lucia Sasso-Mazzufferi (Ítalía)
Naval Tata (Indland)	Fanuel Sumbwe (Sambía)
Hiroshi Tsujino (Japan)	James Williams (Barbados)

Fulltrúar launafólks.

Aðalfulltrúar:	**Varafulltrúar:**
Niamkey Adiko (Fílabeinsströndin)	Khurshid Ahmed (Pakistan)
Ali Ibrahim (Sómalía)	Martin Allini (Gabon)
James Baker (Bandaríki N-Ameríku)	Ramön Baldassini (Argentína)
Simon Crean (Ástralía)	Marc Blondel (Frakkland)
Juan José Delpino (Venesúela)	Ali Chiroma (Nígería)
Madia Diop (Senegal)	Hassan Eid (Egyptaland)
Yasuo Maruyama (Japan)	Héribert Maier (Austurríki)
Richard Mercier (Kanada)	Democrito T. Mendoza (Filippseyjar)
John T. Morton (Stóra-Bretland)	Agus Sudono (Indónesía)
Gerd Muhl (Þýska sambandslýðv.)	József Timmer (Ungverjaland)
Anando Gopan Mukherjee (Indland)	Raffaele Vanni (Ítalía)
Alfonso Sanchez Madariaga (Mexíkó)	Frank Walcott (Barbados)
John Svenningsen (Danmörk)	Jiachong Wang (Kína)
Guennadi Yanaev (Sovétríkin)	Newsteed Zimba (Sambía)

Fylgiskjal VIII.

Skýrsla nefndar sem fjallar um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Eitt af því sem er grundvallaratriði í starfsháttum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er samstarf og samráð á milli ríkisvaldsins og aðila vinnumarkaðarins sem er útfært í öllum nefndum og ráðum stofnunarinnar. Árið 1976 afgreiddi Alþjóðavinnumálaþingið alþjóðasamþykkt nr. 144 sem fjallar um samstarf ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála. Hinn 12. mars 1981 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um að veita ríkisstjórninni heimild til að fullgilda samþykkt nr. 144. Á grundvelli hennar var skipuð 16. apríl 1982 samstarfsnefnd, ILO-nefnd. Í nefndinni eiga sæti þrír fulltrúar. Einn er fulltrúi heildarsamtaka atvinnurekenda, annar er fulltrúi heildarsamtaka launafólks og þriðji fulltrúi ríkisvaldsins og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

Á árinu 1987 var nefndin þannig skipuð: Fulltrúi Alþýðusambands Íslands, Lára V. Júlíusdóttir lögfræðingur, fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands, Kristján Þorbergsson lögfræðingur, fulltrúi félagsmálaráðuneytisins og jafnframt formaður nefndarinnar Gylfi Kristinsson deildarstjóri.

Vegna anna nefndarmanna á fyrri helmingi ársins hélt nefndin óvenju fáa fundi á árinu miðað við tvö næstu ár á undan eða tvo. Um haustið hvarf fulltrúi ASÍ til annarra starfa og það dróst nokkuð að skipa nýjan fulltrúa í hans stað. Á árinu voru helstu viðfangsefni nefndarinnar:

a. Skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta á sviði vinnumála.

Samkvæmt 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er aðildarríki skylt að gefa stofnuninni skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Þessi skylda er tvíþætt. Í fyrsta lagi skulu aðildarríkin gefa ILO reglulega skýrslur um framkvæmd þeirra samþykkta sem þau hafa fullgilt. Í annan stað getur stjórnarnefndin falið alþjóðavinnumálaskrifstofunni að óska eftir skýrslum frá aðildarríkjunum um framkvæmd ákvæða í öðrum samþykktum sem þau hafa ekki fullgilt.

Á árinu 1987 undirbjó ILO-nefndin skýrslur íslensku ríkisstjórnarinnar um framkvæmd eftirfarandi alþjóðasamþykkta:

Nr. 29 um lágmarksaldur barna við sjómennsku,

nr. 100 um jöfn laun kvenna og karla fyrir jafnverðmæt störf, og

nr. 105 um afnám nauðungarvinnu.

Auk þess undirbjó nefndin skýrslu um framkvæmd tillögu nr. 111 um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs.

Á síðari árum hefur Alþjóðavinnumálastofnunin lagt aukna áherslu á jafnrétti kynjanna á vinnumarkaðinum. Liður í því er að óska eftir ítarlegum skýrslum frá aðildarríkjunum um framkvæmd samþykkta sem snerta jafnrétti kynjanna í þessu tilliti. Hvað Ísland varðar er hér fyrst og fremst um að ræða framkvæmd á samþykkt nr. 100 og tillögu nr. 111.

Rétt er að geta þess að sérfræðinganefnd ILO um framkvæmd alþjóðasamþykkta hefur gert athugasemd við framkvæmd Íslands á ákvæðum samþykktar nr. 105. Nefndin telur að 81. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, brjóti í bága við samþykktina og hefur óskað eftir því að greininni verði breytt. Í skýrslu Íslands um framkvæmd samþykktarinnar er að finna lögskýringu samgönguráðuneytisins á greindu ákvæði. Þess er vænst að sérfræðinganefndin telji framkvæmdina í samræmi við ákvæði samþykktarinnar með hliðsjón af skýringu samgönguráðuneytisins.

b. Skýrsla um Alþjóðavinnumálaþingið 1986.

Kynning á alþjóðasamþykktum ILO fyrir löggjafarsamkomu er ein af þeim skyldum sem aðildarríkjum stofnunarinnar ber að uppfylla. Á Íslandi hefur þetta ákvæði verið uppfyllt með þeim hætti að félagsmálaráðherra hefur gefið Alþingi skýrslu um Alþjóðavinnumálaþingin. Í skýrslunum eru birtar í íslenskri þýðingu þær samþykktir og tillögur sem þingin hafa afgreitt. Á árinu 1987 var haft samráð við ILO-nefndina um skýrslu félagsmálaráðherra um 72. Alþjóðavinnumálaþingið 1986. Þetta þing afgreiddi samþykkt nr. 162, um öryggi við notkun asbests og tillögu nr. 172 um sama efni. Einnig afgreiddi 72. Alþjóðavinnumálaþingið umfangsmiklar breytingar á stofnskrá ILO.

c. Önnur erindi.

ILO-nefndin fjallaði um fjölmörg önnur málefni sem tengjast Alþjóðavinnumálastofnuninni. Benda má á skýrslur til undirbúnings 74. Alþjóðavinnumálaþinginu og Evrópuþingi ILO, en bæði þessi þing voru haldin haustið 1987. Nefndin hefur einnig rætt málefni sem eru á dagskrá 75. Alþjóðavinnumálaþingsins sem verður haldið dagana 1. — 22. júní 1988. Endurskoðun á samþykkt nr. 107, um réttindi frumbyggja, og síðari umræða um drög að samþykkt um öryggi og hollustuhætti í byggingariðnaði eru meðal dagskrármála.

Fylgiskjal IX.

Samþykktir Alþjóðavinnumálaþings 1919—1987.

Hér fer á eftir skrá yfir alþjóðasamþykktir sem hafa verið afgreiddar á Alþjóðavinnumálaþinginu 1919—1987. Athygli er vakin á athugasemdum neðanmáls við nokkrar af samþykktunum.

1. Samþykkt um takmörkun á vinnutíma í iðnaði við 8 stundir á dag og 48 stundir á viku (1919).
2. Samþykkt um ráðstafanir gegn atvinnuleysi (1919).
3. Samþykkt um vinnu kvenna fyrir og eftir barnsburð (1919).[2)]
4. Samþykkt um næturvinnu kvenna (1919).[2)]
5. Samþykkt um ákvörðun lágmarksaldurs barna við iðnaðarstörf (1919).[2)]
6. Samþykkt um næturvinnu unglinga í iðnaði (1919).[2)]
7. Samþykkt um ákvörðun lágmarksaldurs barna við sjómennsku (1920).[2)]
8. Samþykkt um bætur fyrir vinnutjón af völdum skipbrots (1920).
9. Samþykkt um ráðningu sjómanna í skiprúm (1920).
10. Samþykkt um lágmarksaldur barna við landbúnaðarstörf. (1921).[2)]
11. Samþykkt um rétt landbúnaðarfólks til að bindast samtökum og stofna félög (1921).
12. Samþykkt um slysatryggingar landbúnaðarverkafólks (1921).[2)]
13. Samþykkt um notkun blýhvítu í málningu (1921).
14. Samþykkt um vikulega hvíldardaga í iðnaði (1921).
15. Samþykkt um ákvörðun lágmarksaldurs unglinga við kyndara- og kolamokarastörf (1921).[2)]
16. Samþykkt um skylduskoðun læknis á börnum og unglingum við sjómennsku (1921).
17. Samþykkt um slysatryggingu verkamanna (1925).[2)]
18. Samþykkt um bætur til verkamanna vegna atvinnusjúkdóma (1925).[2)]
19. Samþykkt um jafnan rétt innlendra og erlendra verkamanna til slysabóta (1925).
20. Samþykkt um næturvinnu í brauðgerðarhúsum (1925).
21. Samþykkt um að gera einfaldara eftirlitið með útflytjendum um borð í skipum (1926).
22. Samþykkt um skiprúmssamninga sjómanna (1926).
23. Samþykkt um heimsendingu sjómanna (1926).
24. Samþykkt um sjúkratryggingu iðnaðarfólks, verzlunarfólks og heimilishjúa (1927).[2)]
25. Samþykkt um sjúkratryggingar landbúnaðarverkafólks (1927).[2)]
26. Samþykkt um aðferðir til að ákveða lágmarkslaun (1928).
27. Samþykkt um að þyngd skuli letruð á þunga hluti, sem fluttir eru með skipum (1929).
28. Samþykkt um slysavarnir hafnarverkamanna (1929).[3)]
29. Samþykkt um nauðungarvinnu eða skylduvinnu (1930).
30. Samþykkt um eftirlit með vinnutíma við verzlun og skrifstofustörf (1930).
31. Samþykkt um takmörkun vinnutíma í kolanámum (1931).[2)4)]
32. Samþykkt um slysavarnir hafnarverkamanna (endurskoðuð 1932).[3)]
33. Samþykkt um lágmarksaldur barna við önnur störf en iðnað (1932).[3)]
34. Samþykkt um vinnumiðlunarskrifstofur, sem taka greiðslur fyrir störf sín (1933).[3)]
35. Samþykkt um skyldutryggingar fólks, sem vinnur við iðnaðar- eða verzlunarstörf, heimavinnu, heimilisstörf o.fl. (1933).[3)]

36. Samþykkt um skylduellitryggingar landbúnaðarverkafólks (1933).[3)]
37. Samþykkt um skylduörorkutryggingar fólks, sem vinnur við iðnaðar- eða verzlunarstörf, heimavinnu, heimilisstörf o.fl. (1933).[3)]
38. Samþykkt um skylduörorkutryggingar landbúnaðarverkafólks (1933).[3)]
39. Samþykkt um skyldutryggingar til handa ekkjum og munaðarleysingjum manna, sem unnið hafa iðnaðar- eða verzlunarstörf, heimavinnu, heimilisstörf o.fl. (1933).[3)]
40. Samþykkt um skyldutryggingar til handa ekkjum og munaðarleysingjum landbúnaðarverkamanna (1933).[3)]
41. Samþykkt um næturvinnu kvenna (endurskoðuð 1934).[3)]
42. Samþykkt um bætur til verkamanna fyrir atvinnusjúkdóma (endurskoðuð 1934).[2)]
43. Samþykkt um vinnutíma í sjálfvirkum rúðuglerverksmiðjum (1934).
44. Samþykkt um bætur eða styrki til þeirra, sem eru atvinnulausir gegn vilja sínum (1934).
45. Samþykkt um vinnu kvenna neðanjarðar í hvers konar námum (1935).
46. Samþykkt um takmörkun vinnutíma í kolanámum (endurskoðuð 1935).[4)]
47. Samþykkt um fækkun vinnustunda niður í 40 á viku (1935).
48. Samþykkt um alþjóðlega skipan til viðhalds réttindum til örorku- og ellitrygginga og trygginga til handa ekkjum og munaðarlausum (1935).[3)]
49. Samþykkt um styttingu vinnutíma í glerflöskuverksmiðjum (1935).
50. Samþykkt um eftirlit með tilteknum aðferðum við ráðningu verkamanna (1936).
51. Samþykkt um styttingu vinnutíma í fyrirtækjum hins opinbera (1936).[4)]
52. Samþykkt um árlegt orlof með launum (1936).[3)]
53. Samþykkt um lágmarkskröfur til hæfni skipstjóra og yfirmanna á kaupskipum (1936).
54. Samþykkt um árlegt orlof með launum fyrir farmenn (1936).[3)4)]
55. Samþykkt um skyldur útgerðarmanns, er sjómenn veikjast, slasast eða deyja (1936).
56. Samþykkt um sjúkratryggingar sjómanna (1936).
57. Samþykkt um vinnutíma á skipum og stærð áhafnar (1936).[2)4)]
58. Samþykkt um lágmarksaldur barna við sjómennsku (endurskoðuð 1936).[2)]
59. Samþykkt um lágmarksaldur barna í iðnaði (endurskoðuð 1937).[2)]
60. Samþykkt um lágmarksaldur barna við önnur störf en iðnað (endurskoðuð 1937).[2)]
61. Samþykkt um styttingu vinnutíma í baðmullariðnaðinum (1937).[4)]
62. Samþykkt um öryggisreglur í byggingariðnaðinum (1937).
63. Samþykkt um hagskýrslur um laun og vinnutíma í veigamestu greinum námavinnslu og verksmiðjuiðnaðar, þar á meðal byggingavinnu, svo og landbúnaði (1938).[2)]
64. Samþykkt um skriflega vinnusamninga innfæddra verkamanna (1939).
65. Samþykkt um refsiákvæði við brotum innfæddra verkamanna á vinnusamningi (1939).
66. Samþykkt um skráningu, ráðningu og vinnukjör verkafólks, sem flytur milli landa í atvinnuleit (1939).[3)4)]
67. Samþykkt um vinnutíma og hvíldartíma við flutninga á landi (1939).[3)]
68. Samþykkt um fæði og þjónustu áhafna á skipum (1946).
69. Samþykkt um útgáfu hæfnisskírteina fyrir matsveina á skipum (1946).
70. Samþykkt um félagslegt öryggi sjómanna (1946).[1)]
71. Samþykkt um eftirlaun sjómanna (1946).
72. Samþykkt um orlof með launum fyrir farmann (1946).[3)4)]
73. Samþykkt um læknisskoðun farmanna (1946).
74. Samþykkt um hæfnisvottorð fullgildra háseta (1946).
75. Samþykkt um vistarverur skipverja um borð í skipum (1946).[3)4)]
76. Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (1946).[2)4)]
77. Samþykkt um læknisrannsóknir til ákvörðunar á hæfni barna og unglinga til iðnaðarstarfa (1946).

78. Samþykkt um læknisrannsóknir á hæfni barna og unglinga til starfa, sem ekki teljast til iðnaðar (1946).
79. Samþykkt um takmörkun á næturvinnu barna og unglinga við störf, sem ekki teljast til iðnaðar (1946).
80. Samþykkt um breytingar á framtíðarskipan á þeim framkvæmdastörfum, sem í samþykktum gerðum á 28 fyrstu allsherjarþingum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eru falin aðalritara Þjóðabandalagsins svo og um frekari breytingar, er leiðir af upplausn Þjóðabandalagsins og breytingum á stjórnarskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (1946).[4])
81. Samþykkt um vinnueftirlit í iðnaði og verzlun (1947).
82. Samþykkt um félagsmálapólitík í ósjálfstæðum löndum (1947).
83. Samþykkt um að beita lágmarksákvæðunum um vinnuskyldu í ósjálfstæðum löndum (1947).
84. Samþykkt um félagafrelsi og sættir í vinnudeilum í ósjálfstæðum löndum (1947).
85. Samþykkt um vinnueftirlit í ósjálfstæðum löndum (1947).
86. Samþykkt um hámarkslengd ráðningartíma innfæddra verkamanna (1947).
87. Samþykkt um félagafrelsi og verndun þess (1948).
88. Samþykkt um skipulagningu vinnumiðlunar (1948).
89. Samþykkt um næturvinnu kvenna í iðnaði (endurskoðuð 1948).
90. Samþykkt um næturvinnu ungmenna í iðnaði (endurskoðuð 1948).
91. Samþykkt um orlof með launum fyrir farmenn (endurskoðuð 1949).[3])
92. Samþykkt um vistarverur skipverja um borð í skipum (endurskoðuð 1949).
93. Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (endurskoðuð 1949).[2)4)]
94. Samþykkt um vinnuákvæði í opinberum samningum (1949).
95. Samþykkt um verndun vinnulauna (1949).
96. Samþykkt um vinnumiðlunarskrifstofur, sem taka laun fyrir störf sín (endurskoðuð 1949).
97. Samþykkt um inn- og útflutning fólks í atvinnuleit (endurskoðuð 1949).
98. Samþykkt um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega (1949).
99. Samþykkt um aðferðir til ákvörðunar á lágmarkslaunum við landbúnaðarstörf (1951).
100. Samþykkt um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafn verðmæt störf (1951).
101. Samþykkt um orlof með kaupi í landbúnaði (1952).[2])
102. Samþykkt um lágmark félagslegs öryggis (1952).
103. Samþykkt um mæðravernd (1952).
104. Samþykkt um brot innfæddra verkamanna á vinnusamningi (1955).
105. Samþykkt um afnám nauðungarvinnu (1957).
106. Samþykkt um vikulega hvíldardaga í verzlunum og skrifstofum (1957).
107. Samþykkt um frumbyggja og annað kynþáttafólk eða frumstætt innan sjálfstæðra ríkja (1957).
108. Samþykkt um persónuskírteini sjómanna (1958).
109. Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (1958).[1])
110. Samþykkt um vinnuskilyrði verkamanna á plantekrum (1958).
111. Samþykkt um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs (1958).
112. Samþykkt um lágmarksaldur fiskimanna (1959).[2])
113. Samþykkt um læknisskoðun fiskimanna (1959).
114. Samþykkt um skiprúmssamninga fiskimanna (1959).
115. Samþykkt um vernd verkamanna fyrir geislun (1960).
116. Samþykkt um breytingu á samþykktum, gerðum á þrjátíu og tveim fyrstu allsherjar-

þingum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, í því skyni að samræma ákvæðin um skýrslur stjórnar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um framkvæmd samþykkta (1961).[4]
117. Samþykkt um grundvallarmarkmið og reglur í félagsmálum (1962).
118. Samþykkt um jafnrétti innlendra og erlendra manna til almannatrygginga (1962).
119. Samþykkt um öryggisbúnað véla (1963).
120. Samþykkt um heilbrigðisráðstafanir í verzlunum og skrifstofum (1964).
121. Samþykkt um bætur vegna slysa við vinnu (1964).
122. Samþykkt um stefnu í atvinnumálum (1964).
123. Samþykkt um lágmarksaldur við vinnu neðanjarðar í námum (1965).[2]
124. Samþykkt um læknisskoðun ungmenna með tilliti til hæfni til vinnu neðanjarðar í námum (1965).
125. Samþykkt um hæfnisskírteini fiskimanna (1966).
126. Samþykkt um vistarverur í fiskiskipum (1966).
127. Samþykkt um hámarksþyngd þess, sem verkamaður má bera (1967).
128. Samþykkt um elli-, örorku- og eftirlifendabætur (1967).
129. Samþykkt um vinnueftirlit í landbúnaði (1969).
130. Samþykkt um læknishjálp og sjúkrabætur (1969).
131. Samþykkt um ákvörðun lágmarkslauna með sérstöku tilliti til þróunarlanda (1970).
132. Samþykkt um árlegt orlof með launum (endurskoðað 1970).
133. Samþykkt um vistarverur skipverja (viðbótarákvæði, 1970).[1]
134. Samþykkt um slysavarnir sjómanna (1970).
135. Samþykkt um vernd og aðstöðu trúnaðarmanna verkamanna á vinnustöðum) (1971).
136. Samþykkt um varnir gegn eitrunarhættu frá benseni (1971).
137. Samþykkt um félagsleg áhrif nýrra aðferða við meðhöndlun farms í höfnum (1973).
138. Samþykkt um lágmarksaldur við vinnu (1973).
139. Samþykkt um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna efna, sem valda krabbameini (1974).
140. Samþykkt um námsleyfi með launum (1974).
141. Samþykkt um félagssamtök verkafólks í sveitum og þátt þeirra í efnahagslegri og félagslegri þróun (1975).
142. Samþykkt um starfsfræðslu og starfsþjálfun sem þætti í þróun vinnuafls (1975).
143. Samþykkt um óhæfilegar aðstæður farandverkamanna og jafnrétti þeirra til atvinnumöguleika og aðbúðar (1975).
144. Samþykkt varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála (1976).
145. Samþykkt um atvinnuöryggi farmanna (1976).
146. Samþykkt um árlegt orlof farmanna (1976).
147. Samþykkt um lágmarkskröfur á kaupskipum (1976).
148. Samþykkt um verndun verkamanna gegn hættu frá loftmengun, hávaða og titringi á vinnustað (1977).
149. Samþykkt um atvinnu, vinnuskilyrði og lífskjör hjúkrunarfólks (1977).
150. Samþykkt um stjórn vinnumála: hlutverk, starfsemi og skipulag (1978).
151. Samþykkt um verndun félagafrelsis og aðferðir við ákvörðun starfskjara í opinberri þjónustu (1978).
152. Samþykkt um öryggi og heilbrigði í hafnarvinnu (1979).
153. Samþykkt um vinnustundir og hvíldartíma við akstur (1979).
154. Samþykkt um eflingu sameiginlegra samningsgerða (1981).
155. Samþykkt um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi (1981).

156. Samþykkt um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð (1981).
157. Samþykkt um stofnun alþjóðlegs kerfis til viðhalds tryggingaréttindum (1982).
158. Samþykkt um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda (1982).
159. Samþykkt um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra (1983).
160. Samþykkt um hagskýrslugerð um atvinnumál (1985).
161. Samþykkt um heilsugæslu á vinnustöðum (1985).
162. Samþykkt um öryggi við notkun asbests (1986).[1]
163. Samþykkt um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn (1987).[1]
164. Samþykkt um heilsuvernd og læknishjálp við skipverja (1987).[1]
165. Samþykkt um félagslegt öryggi skipverja (1987).[1]
166. Samþykkt um heimsendingu skipverja (1987).[1]

Af samþykktum þeim, sem taldar eru hér að framan, hefur Ísland fullgilt þessar:

1. Samþykkt nr. 2 um ráðstafanir gegn atvinnuleysi.
2. Samþykkt nr. 11 um rétt landbúnaðarfólks til að bindast samtökum og stofna félög.
3. Samþykkt nr. 15 um ákvörðun lágmarksaldurs unglinga við kyndara- og kolamokarastörf.
4. Samþykkt nr. 29 um nauðungarvinnu eða skylduvinnu.
5. Samþykkt nr. 58 um lágmarksaldur barna við sjómennsku.
6. Samþykkt nr. 87 um félagafrelsi og verndun þess.
7. Samþykkt nr. 91 um orlof með launum fyrir farmenn.
8. Samþykkt nr. 98 um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega.
9. Samþykkt nr. 100 um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.
10. Samþykkt nr. 102 um lágmark félagslegs öryggis.
11. Samþykkt nr. 105 um afnám nauðungarvinnu.
12. Samþykkt nr. 108 um persónuskírteini sjómanna.
13. Samþykkt nr. 111 um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs.
14. Samþykkt nr. 144 varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála.

Athugasemdir:

[1] Samþykkt sem ekki hefur verið fullgilt af nægilega mörgum aðildarríkjum til að öðlast gildi.
[2] Samþykkt sem hefur verið endurskoðuð með síðari samþykkt.
[3] Samþykkt sem ekki er hægt að fullgilda vegna þess að hún hefur verið endurskoðuð með nýrri samþykkt sem hefur tekið gildi.
[4] Samþykkt hefur ekki verið fullgilt af lágmarksfjölda aðildarríkja til að taka gildi. Ákvæði í nokkrum þeirra hafa verið tekin upp í aðrar síðari samþykktir.

Sþ. 618. Svar [149. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Þórhildar Þorleifsdóttur um tekjur, tekjuskatt og útsvar kvenna og karla á Íslandi árið 1986.

Upplýsingar þessar eru unnar fyrir ráðuneytið af Þjóðhagsstofnun upp úr skattframtölum einstaklinga fyrir árið 1987 vegna tekna ársins 1986.

1.–2. Heildar- og meðaltekjur karla og kvenna á árinu 1986 eftir skattumdæmum.

Heildar- og meðaltekjur karla og kvenna á árinu 1986 eftir skattumdæmum.

	Konur		Karlar		Konur og karlar	
	Heildar-tekjur M.kr.	Meðal-tekjur Þús. kr.	Heildar-tekjur M.kr.	Meðal-tekjur Þús. kr.	Heildar-tekjur M.kr.	Meðal-tekjur Þús. kr.
Reykjavík	13 081	358,1	22 248	660,8	35 329	503,3
Reykjanes	6 775	330,8	14 774	709,0	21 549	521,5
Vesturland	1 555	305,3	3 538	643,3	5 093	480,8
Vestfirðir	1 067	314,7	2 707	711,5	3 774	524,5
Norðurland v.	1 086	296,6	2 284	575,3	3 370	441,6
Norðurland e.	2 886	312,2	5 901	625,5	8 787	470,4
Austurland	1 322	294,6	3 078	618,4	4 400	464,8
Suðurland	2 087	310,4	4 543	604,7	6 630	465,7
Allt landið	29 859	333,2	59 073	658,5	88 932	495,9

Ekki kom fram í fyrirspurninni við hvaða tekjuskilgreiningu skyldi miðað, en hér eru tilfærðar svokallaðar heildartekjur sem eru samtala launa- og tilfærslutekna. Á skrá eru alls 179 317 framteljendur, þar af voru 89 611 konur og 89 706 karlar. Tekjulausir framteljendur voru 3984, þar af voru tveir af hverjum þremur konur, eða 2647 á móti 1337 körlum. Af töflunni má sjá að karlar öfluðu 66,4% teknanna árið 1986.

3.–4. Heildar- og meðaltekjuskattar karla og kvenna á árinu 1986 eftir skattumdæmum.

Þær tölur um tekjuskatta, sem hér eru sýndar, taka einvörðungu til álagðs tekjuskatts að frádregnum persónuafslætti, þannig er ekki tekið tillit til barnabóta og ekki heldur til sjúkratryggingagjalds eða gjalds til Framkvæmdasjóðs aldraðra.

Heildar- og meðaltekjuskattur karla og kvenna á árinu 1986 eftir skattumdæmum.

	Konur		Karlar		Konur og karlar	
	Heildar-tekju-skattar M.kr.	Meðal-tekju-skattar Þús. kr.	Heildar-tekju-skattar M.kr.	Meðal-tekju-skattar Þús. kr.	Heildar-tekju-skattar M.kr.	Meðal-tekju-skattar Þús. kr.
Reykjavík	549	4,5 (1,5)	2 202	10,8 (6,6)	2 751	8,5 (3,9)
Reykjanes	250	3,8 (1,2)	1 458	10,6 (7,0)	1 708	8,4 (4,1)
Vesturland	47	3,5 (1,0)	296	8,8 (5,4)	343	7,3 (3,2)
Vestfirðir	36	3,5 (1,1)	273	10,7 (7,2)	309	8,6 (4,3)
Norðurland v.	25	2,7 (0,7)	166	7,5 (4,2)	191	6,1 (2,5)
Norðurland e.	78	3,2 (0,8)	475	8,4 (5,1)	553	6,8 (3,0)
Austurland	37	3,1 (0,8)	249	8,3 (5,0)	286	6,8 (3,0)
Suðurland	59	3,1 (0,8)	362	8,1 (4,8)	421	6,6 (3,0)
Samtals	1 081	3,9 (1,2)	5 481	9,9 (6,1)	6 562	7,9 (3,7)

Meðaltekjuskattar eru hér reiknaðir á tvennan hátt. Annars vegar er reiknaður meðaltekjuskattur þeirra sem bera tekjuskatt. Í svigatölum er sýndur meðaltekjuskattur allra framteljenda, en um 46% framteljenda báru tekjuskatt á árinu 1986. Af töflunni að ofan má sjá að karlar báru 83,5% tekjuskattanna sem bera má saman við að þeir öfluðu um tveggja þriðju hluta teknanna. Þessi niðurstaða þarf ekki að koma á óvart í stighækkandi skattkerfi.

Skipting tekjuskatts eftir kyni skattgreiðenda er í reynd ákaflega hæpin hvað hjón varðar. Hér kemur til að þótt sérsköttun tekna hafi verið meginregla skattalaganna var engu síður um að ræða allnokkrar millifærslur milli hjóna. Annars vegar var hér um að ræða að næði tekjuskattsstofn annars hjóna ekki neðsta tekjuskattsþrepi (412 200 kr. við álagningu 1987) hækkaði neðsta tekjuskattsþrep hjá hinu hjóna þannig að lægsta skattprósenta reiknaðist af allt að fyrstu 618 þús. kr. tekjunum. Ónýttur persónuafsláttur annars maka gat enn fremur nýst hinum. Ætla má að þessar millifærslur hafi fyrst og fremst gengið til eiginmannanna. Samkvæmt ákvæðum skattalaganna um vaxtafrádrátt kom hann til frádráttar hjá því hjóna sem var tekjuhærra. Skattalögin kváðu á um að hjón skyldu nota sömu frádráttarreglu og þar með gat tekjulægri makinn ekki nýtt fastan frádrátt og hafði því eingöngu rétt til frádráttar lífeyrisiðgjalds, stéttarfélagsgjalds, auk nokkurra smærri frádráttarliða. Þessar millifærslur höfðu allar í för með sér lækkun á tekjusköttum karla.

5.–6. Heildar- og meðalútsvar karla og kvenna á árinu 1986 eftir skattumdæmum.

Hér eru tilfærðar tölur um álagt útsvar að frádregnum afslætti vegna fjölskyldu, en ekki er tekið tillit til hugsanlegrar færslu ónýtts persónuafsláttar til greiðslu útsvars.

Heildar- og meðalútsvar karla og kvenna á árinu 1986 eftir skattumdæmum.

	Konur		Karlar		Konur og karlar	
	Heildar-útsvar M.kr.	Meðal-útsvar Þús. kr.	Heildar-útsvar M.kr.	Meðal-útsvar Þús. kr.	Heildar-útsvar M.kr.	Meðal-útsvar Þús. kr.
Reykjavík	911	3,2 (2,5)	1 864	6,2 (5,5)	2 775	4,8 (4,0)
Reykjanes	497	3,1 (2,4)	1 290	6,7 (6,2)	1 787	5,0 (4,3)
Vesturland	114	2,8 (2,2)	312	6,1 (5,7)	426	4,6 (4,0)
Vestfirðir	82	2,9 (2,4)	247	7,0 (6,5)	329	5,2 (4,6)
Norðurland v.	80	2,6 (2,1)	196	5,4 (4,9)	276	4,2 (3,6)
Norðurland e.	211	2,8 (2,3)	516	6,0 (5,5)	727	4,5 (3,9)
Austurland	100	2,7 (2,2)	275	5,9 (5,5)	375	4,5 (4,0)
Suðurland	150	2,8 (2,2)	388	5,7 (5,2)	538	4,4 (3,8)
Samtals	2 145	3,0 (2,3)	5 088	6,2 (5,7)	7 233	4,7 (4,0)

Á sama hátt og í svari við 3. og 4. spurningu eru meðalútsvör reiknuð með tvennum hætti: Annars vegar meðalútsvar þeirra sem borga útsvar og hins vegar sem meðalútsvar allra framteljenda.

Taflan sýnir að karlar bera um 70% af útsvörunum. Samanburður við skiptingu teknanna og tekjuskattanna milli kynja sýnir að dreifing útsvaranna er svipuð og dreifing teknanna, enda eru útsvörin því sem næst hlutfallsleg og byrði þeirra hækkar aðeins lítillega með tekjum.

Sþ. 619. Svar [235. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um söluskatt af íslenskum bókum.

Til svars fyrirspurninni skal tekið fram að sala bóka- og ritfangaverslana á íslenskum bókum er ekki aðgreind á söluskattsskýrslu frá annarri sölu. Af þessum sökum verður að áætla þær tekjur sem hér um ræðir. Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar hefur verið áætlað að söluskattstekjur af íslenskum bókum á árinu 1987 hafi numið 180 millj. kr. Á sama hátt er áætlað að tekjur þessar verði um 220 millj. kr. á árinu 1988.

Sþ. 620. Nefndarálit [226. mál]

um till. til þál. um úrbætur í raforkumálum Norður-Þingeyjarsýslu.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna á fundum sínum og kallað til viðræðu fulltrúa frá Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns, Rafmagnsveitum ríkisins og Orkustofnun.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að gera ráðstafanir til úrbóta í raforkumálum Norður-Þingeyjarsýslu.

Alþingi, 25. febr. 1988.

Valgerður Sverrisdóttir, form., frsm.	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, fundaskr.	Eggert Haukdal.
Guðmundur H. Garðarsson.	Jón Sæmundur Sigurjónsson.	Ólafur Þ. Þórðarsson.

Geir Gunnarsson.

Sþ. 621. Fyrirspurn [312. mál]

til samgönguráðherra um flugvelli á Akureyri og Egilsstöðum.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

1. Hvað mundi kosta að gera Akureyrarflugvöll þannig úr garði að allar vélategundir í eigu íslenskra flugfélaga gætu notað hann þannig að fyllstu öryggiskröfum yrði mætt um flug, brautarlengd og styrkleika flugbrautar, svo og um fráflug?
2. Hver yrði viðbótarkostnaður við hinn nýja flugvöll á Egilsstöðum ef fullnægja ætti sömu kröfum og um getur í 1. lið?

Sþ. 622. Fyrirspurn [313. mál]

til forsætisráðherra um viðskiptahalla.

Frá Guðmundi G. Þórarinssyni.

Hvernig hyggst ríkisstjórnin bregðast við spám Þjóðhagsstofnunar um viðskiptahalla við útlönd sem nemi um 10 milljörðum króna á árinu 1988?

Sþ. 623. Fyrirspurn [314. mál]

til samgönguráðherra um framkvæmdir við Reykjanesbraut.

Frá Jóhanni Einvarðssyni.

1. Hefur verið könnuð hagkvæmni þess að tvöfalda Reykjanesbraut milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur og það borið saman við hagkvæmni þess að leggja rafknúna járnbraut milli þessara staða?
2. Eru uppi áætlanir um að lýsa helstu gatnamót á Reykjanesbraut?
3. Er fyrirhugað að leggja slitlag á „axlir“ Reykjanesbrautar?

Ed. 624. Frumvarp til laga [315. mál]

um breyting á lögum um grunnskóla, nr. 63/1974, með síðari breytingum.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Skylt er ríki og sveitarfélögum að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6 til 16 ára, eftir því sem nánar segir í lögum þessum. Skóli þessi nefnist grunnskóli og er öllum börnum og unglingum á aldrinum 6 til 16 ára skylt að sækja skóla. Undanþágu má þó veita frá skólaskyldu, sbr. 5., 7. og 8. gr.

2. gr.

2. mgr. 23. gr. laganna orðist svo:

Í hverju skólahverfi skal vera skólahúsnæði sem fullnægir þörfum grunnskóla við þær aðstæður sem þar eru. Við gerð eða breytingar skólamannvirkja skal m.a. tekið tillit til hvort nemendur ganga til skóla, er ekið þangað daglega, búa þar í heimavist eða um blandað fyrirkomulag er að ræða. Menntamálaráðuneytið ákveður að fenginni umsögn hlutaðeigandi fræðsluráðs, skólanefndar og sveitarstjórna hvaða gerð skólamannvirkja skuli reisa á hverjum stað. Stærð skólahúsnæðis grunnskóla fyrir nemendur í 1.–10. bekk skal miða við að fjöldi nemenda í skólanum fari ekki yfir 400, né fjöldi nemenda í skólum fyrir nemendur í 1.–7. bekk yfir 300 nemendur.

3. gr.

1. mgr. 25. gr. laganna orðist svo:

Í skólahúsi skal auk kennslurýmis gera ráð fyrir aðstöðu fyrir nemendur milli kennslustunda, aðstöðu til að neyta málsverðar og njóta hvíldar, snyrtiherbergjum, skrifstofu- og vinnuherbergjum skólastjóra og kennara, safni bóka og annarra námsgagna, aðstöðu til heilsugæslu, íþróttaiðkana, almennrar félagsstarfsemi í þágu nemenda og annars þess er lög þessi gera ráð fyrir. Ef henta þykir má ætla aðstöðu til íþrótta og verklegrar kennslu í öðru húsnæði.

4. gr.

1.–4. mgr. 34. gr. laganna orðist svo:

Ráðuneytið ræður, setur eða skipar skólabryta til forstöðu mötuneytis í heimavistarskólum og öðrum grunnskólum, sem starfrækja mötuneyti, samkvæmt tillögum skólastjóra og skólanefndar.

Heimilt er skólanefnd að setja skilyrði um menntun eða starfsþjálfun skólabryta.

Skólabrytar og annað starfsfólk við framreiðslu eða umsjón skólamáltíða eru ríkisstarfsmenn.

Skólastjóri ræður með samþykki skólanefndar stunda- og forfallakennara við skóla með nemendum færri en 30 og starfsfólk með uppeldisfræðimenntun til að annast nemendur í grunnskólum fyrir eða eftir eiginlegan skólatíma, svo og starfsfólk til aðstoðar í mötuneytum.

5. gr.

44. gr. laganna orðist svo:

Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt að hann fari í heild (kennslutími, stundahlé og sjálfsnám utan kennslustunda) ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska.

Vikulegur kennslutími á hvern nemanda í grunnskóla skal vera sem næst þessi:

a.	í 1. bekk	(6 ára)	1200	mínútur =	30 stundir.
b.	í 2. bekk	(7 ára)	1200	mínútur =	30 stundir.
c.	í 3. bekk	(8 ára)	1280	mínútur =	32 stundir.
d.	í 4. bekk	(9 ára)	1280	mínútur =	32 stundir.
e.	í 5. bekk	(10 ára)	1400	mínútur =	35 stundir.
f.	í 6. bekk	(11 ára)	1400	mínútur =	35 stundir.
g.	í 7. bekk	(12 ára)	1440	mínútur =	36 stundir.
h.	í 8. bekk	(13 ára)	1440–1480	mínútur =	36–37 stundir.
i.	í 9. bekk	(14 ára)	1440–1480	mínútur =	36–37 stundir.
j.	í 10. bekk	(15 ára)	1440–1480	mínútur =	36–37 stundir.

Í 1.–6. bekk er skólastjóra í samráði við kennararáð eða kennarafund og með samþykki fræðslustjóra heimilt að lengja eða stytta vikulegan kennslutíma nemenda um allt að 40 mínútur frá framangreindum ákvæðum. Skal þá hvors tveggja gætt að heildartímafjöldi nemenda skólans það skólaár fari sem minnst fram yfir ákvæðin og að samanlagður kennslutímafjöldi nemenda á skólaferli þeirra á umræddu skólastigi verði sem næst ákvæðunum.

Um lengd kennslustunda fer eftir ákvörðun skólastjóra í samráði við kennararáð eða kennarafund. Eigi má þó samfelld kennslustund vera lengri en 80 mínútur og eigi að jafnaði skemmri en 20 mínútur. Meðallengd kennslustunda í grunnskóla telst vera 40 mínútur.

Stundahlé í grunnskóla skulu að jafnaði vera 15 mínútur á móti hverjum 100 mínútum sem kenndar eru.

Daglegur kennslutími nemenda skal vera samfelldur með eðlilegum stundahléum og matartímum.

Nemendur skulu eiga þess kost að dveljast í umsjá kennara eða annarra með uppeldisfræðimenntun í skólanum utan kennslustunda, þ.e. frá kl. 8–9 að morgni, í hádegi og kl. 15–17 síðdegis.

6. gr.

1. mgr. 46. gr. laganna orðist svo:

Eftir að frá hafa verið taldir sérbekkir fyrir nemendur, sem ekki stunda nám í almennum bekkjum grunnskóla, sbr. 50. og 51. gr., skal við það miðað að meðaltal nemenda í 1. og 2. bekk, þ.e. 6 og 7 ára barna, hvers grunnskóla fari ekki yfir 14 né nemendafjöldi í einstakri bekkjardeild yfir 16. Á sama hátt skal við það miðað að meðaltal nemenda í 3.–10. bekk fari ekki yfir 18 né nemendafjöldi í einstakri bekkjardeild yfir 20.

7. gr.

74. gr. laganna (XII. kafli) falli brott.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 75. gr. laganna:

a. Orðin „eða forskóla, sbr. 74. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. falli brott.

b. Á eftir 1. mgr. bætist ný málsgrein er orðist svo:

Óheimilt er einkaaðila að reka skóla fyrir börn undir skólaskyldualdri nema með leyfi fræðslustjóra og að uppfylltum skilyrðum sem menntamálaráðuneytið setur um starfsáætlun, menntun kennara og annan aðbúnað barnanna.

9. gr.

5. mgr. 76. gr. laganna orðist svo:

Til kennslutíma skal hvorki telja kennslustundir utan námsskrár né kennslustundir umfram þann tíma sem ákveðinn er í 44. gr. nema hvað verja má einni stund á viku á hverja 20 nemendur í 1.-10. bekk grunnskóla til reglubundins náms á skólasafni undir leiðsögn kennara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 1. gr. um skólaskyldu 6 ára barna koma ekki til framkvæmda fyrr en á skólaárinu 1989–1990 og sömuleiðis ákvæði 7. gr. um niðurfellingu almennrar heimildar um rekstur forskóla. Fram að þeim tíma verður upphaf skólaskyldu við 7 ára aldur.

Ákvæði 5. gr. um vikulegan kennslutíma á hvern nemanda koma ekki til framkvæmda fyrr en á skólaárinu 1990–1991. Fram að þeim tíma gilda eftirfarandi ákvæði:

Fyrir skólaárið 1988–1989:

a.	6 ára börn		880	mínútur =	22 stundir.
b.	í 1. bekk	(7 ára)	1000	mínútur =	25 stundir.
c.	í 2. bekk	(8 ára)	1080	mínútur =	27 stundir.
d.	í 3. bekk	(9 ára)	1200	mínútur =	30 stundir.
e.	í 4. bekk	(10 ára)	1280	mínútur =	32 stundir.
f.	í 5. bekk	(11 ára)	1360	mínútur =	34 stundir.
g.	í 6. bekk	(12 ára)	1400	mínútur =	35 stundir.
h.	í 7. bekk	(13 ára)	1440–1480	mínútur =	36–37 stundir.
i.	í 8. bekk	(14 ára)	1440–1480	mínútur =	36–37 stundir.
j.	í 9. bekk	(15 ára)	1440–1480	mínútur =	36–37 stundir.

Fyrir skólaárið 1989–1990:

a.	í 1. bekk	(6 ára)	1000	mínútur =	25 stundir.
b.	í 2. bekk	(7 ára)	1080	mínútur =	27 stundir.
c.	í 3. bekk	(8 ára)	1200	mínútur =	30 stundir.
d.	í 4. bekk	(9 ára)	1280	mínútur =	32 stundir.
e.	í 5. bekk	(10 ára)	1360	mínútur =	34 stundir.
f.	í 6. bekk	(11 ára)	1400	mínútur =	35 stundir.
g.	í 7. bekk	(12 ára)	1440	mínútur =	36 stundir.
h.	í 8. bekk	(13 ára)	1440–1480	mínútur =	36–37 stundir.
i.	í 9. bekk	(14 ára)	1440–1480	mínútur =	36–37 stundir.
j.	í 10. bekk	(15 ára)	1440–1480	mínútur =	36–37 stundir.

Greinargerð.

Brýn þörf er á því að samræma betur vinnudag barna og foreldra hérlendis. Gera þarf vinnudag barna í skóla samfelldan, lengja kennslutíma yngstu árganganna og öll börn verða að hafa tækifæri til þess að matast í skólanum. Enn fremur er nauðsynlegt að börnin eigi þess kost að dveljast í skólanum utan kennslustunda og njóta þar umsjár kennara eða annarra með uppeldisfræðimenntun. Grunnskólar þurfa að verða einsetnir heilsdagsskólar þar sem

vinnutími og viðvera bæði nemenda og kennara er samfelld. Nauðsynlegt er að fækka nemendum í hverjum bekk þannig að nám og kennsla komi að sem bestum notum. Það er einkum mikilvægt í yngstu bekkjunum. Einnig þarf að gæta þess að skólar verði ekki of stórir eða fjölmennir.

Í þessu frumvarpi er lagt til að lögbundin verði fræðsluskylda 6 ára barna á skólaárinu 1988–1989, en skólaskylda 6 ára barna verði lögbundin á skólaárinu 1989–1990. Enn fremur að kennslutími yngri árganga verði lengdur í áföngum sem miði að einsetnum heilsdagsskóla fyrir öll börn þar sem nemendur eiga einnig kost á viðveru utan kennslustunda í þroskandi umhverfi og umsjá fullorðinna. Jafnframt er gert ráð fyrir aðstöðu til hvíldar, einkum fyrir yngri börn og aðstöðu fyrir öll börn til að matast. Einnig er gert ráð fyrir að nemendur í yngstu bekkjunum verði að meðaltali 14 en 18 að meðaltali í öðrum bekkjum.

Frumvarpið er lagt fram til að gera nauðsynlegar breytingar á grunnskólalögunum í þágu barna, foreldra og kennara. Breyting á samfélagsháttum á síðustu áratugum hefur leitt til þess að breyttar og vaxandi kröfur eru nú gerðar til kennara og skóla. Til þess að þeir geti svarað þessum kröfum og veitt þá þjónustu sem börn og foreldrar þurfa verður að breyta lögum og jafnframt að verja nægilegu fé til nauðsynlegra umbóta.

Undanfarin ár hafa umtalsverðar breytingar orðið á kennslu yngri barna (5/6–12 ára) í mörgum löndum Evrópu. Breytingarnar hafa aðallega falist í því að færa starf skólanna nær raunverulegum þörfum barna og fjölskyldna þeirra eins og þær birtast í nútímaþjóðfélagi og því varðað bæði starfið sjálft og starfstíma skólanna en einnig ýmsa aðra þætti.

Mikil vinna hefur verið lögð í að fjalla um og endurmeta markmið, stefnur og vandamál við kennslu þessara aldurshópa í öllum aðildarríkjum Evrópuráðsins. Þetta hefur verið meginverkefni menningarmálanefndar Evrópuráðsins frá árinu 1983 en þá var hafist handa við „Verkefni nr. 8, nýbreytnistarf í grunnskólum í Vestur-Evrópu“. (Project Nr. 8, Innovation in Primary Education in Western Europe.) Íslendingar hafa átt aðild að þessu verkefni og er Sigríður Jónsdóttir námsstjóri fulltrúi okkar, en hún hefur unnið í starfshópi sem fjallar um tilraunastarf nokkurra skóla í Evrópu sem tengjast verkefninu á einn eða annan hátt vegna nýbreytni í starfi.

Víðast hvar er megináherslan lögð á að lengja skólatíma yngstu barnanna og bjóða þeim jafnframt upp á dagvist fyrir eða eftir hinn eiginlega skólatíma. Þannig hefur áherslan hvarvetna verið að koma á og þróa heilsdagsskóla þar sem nemendur geta dvalist frá morgni og fram eftir degi við nám og leik í þroskandi og öruggu umhverfi með öðrum börnum og í umsjá fullorðinna. Mikil áhersla er lögð á að öll börn fái að þroskast með sínum eðlilega hraða bæði til líkama og sálar. Því er víðast reynt að hafa skóla yngri barna fámenna, allt frá skólum með um eða innan við 100 nemendur, t.d. í svonefndum grenndarskólum í Svíþjóð, til skóla með um 300–400 nemendur. Jafnframt er reynt að hafa bekki ekki of fjölmenna þannig að hægt sé að veita einstaklingsbundna kennslu.

Víða er reynt með ýmsum ráðum að koma á heimilislegum blæ í þessum skólum, t.d. með því að blanda saman árgöngum þar sem þau eldri „fóstra“ þau yngri, og gerðar sérstakar ráðstafanir varðandi búnað og umhverfi til að fegra og gera heimilislegra. Séð er fyrir líkamlegum jafnt sem andlegum þörfum nemenda meðan þau dveljast í skólanum eftir því sem framast er unnt, líkt og á góðum heimilum. Þannig hafa mörg samfélög brugðist við breytingum sem orðið hafa á högum barna í nútímaþjóðfélagi með því að bæta þjónustu við þau.

Helstu breytingar, sem orðið hafa á högum barna í öllum löndum Evrópu, eru fyrst og fremst stóraukin atvinnuþátttaka beggja foreldra utan heimilis.

Almenn atvinnuþátttaka kvenna hérlendis hefur aukist mjög á sl. 20 árum svo að nánast má líkja við félagslega byltingu. Árið 1960 stunduðu um 20% giftra kvenna einhverja vinnu utan heimilis en árið 1985 var sú hlutdeild komin upp í 83,1%.

Fjölskyldugerðin hefur einnig breyst á þessum tíma. Stórfjölskyldan er löngu horfin og kjarnafjölskyldur eru jafnvel minni en áður því að fæðingum fer fækkandi. Fleiri eru í óvígðri sambúð, hjónaskilnuðum hefur fjölgað um helming á sl. 25 árum úr u.þ.b. 5 í 10 á hver 1000 hjón á hverju ári. Einstæðum foreldrum fer fjölgandi, en þar eru einstæðar mæður í meiri hluta. Þessi síðastnefndi hópur stendur einna verst í þjóðfélaginu og er talið að stór hluti hans búi við afkomu sem er undir fátæktarmörkum. Er það ekki síst vegna þeirra lágu launa sem konur almennt fá en þær eru ekki nema hálfdrættingar á við karla í launum þrátt fyrir langan vinnudag.

Félagsleg staða einstæðra foreldra er mjög erfið hér á landi og það bitnar fyrst og fremst á börnum.

Tafla 1.

Meðalfjöldi í hverri fjölskyldugerð.

	1964		1985	
	Fjöldi fjölskyldna	**Meðalstærð fjölskyldna**	**Fjöldi fjölskyldna**	**Meðalstærð fjölskyldna**
Hjónabönd án barna	10 303	2.00	19 204	2.00
Hjónabönd með börnum	24 074	4.49	25 919	3.93
Óvígð sambúð án barna	606	2.00	938	2.00
Óvígð sambúð með börnum ...	1 453	4.19	4 632	3.59
Faðir með börn	254	2.50	453	2.23
Móðir með börn	3 420	2.55	6 274	2.33
Kjarnafjölskyldur alls	40 110	3.63	57 420	3.04
Einhleypingar	44 350	1.00	67 235	1.00

Heimild: Hagstofa Íslands, hér tekið úr „Gróandi þjóðlíf", bls. 185.

Fjölskyldan og heimilið voru áður sterkar félagslegar einingar sem mynduðu stoð og athvarf fyrir nokkuð stóran hóp einstaklinga og þar fór uppeldi barna að verulegu leyti fram. Ætla má að fjölskyldutengslin hafi að ýmsu leyti verið sterkari þá en nú og tengt traustum böndum hina ólíku aldurshópa. Nú þarf fámenn kjarnafjölskyldan að sinna hlutverkum sem margir sinntu áður.

Langur vinnutími og meira vinnuálag en gerist meðal nágrannaþjóða okkar leiða til fjarvista foreldra frá heimili og aukinnar streitu þeirra en vaxandi fjöldi heimila þarfnast vinnuframlags tveggja til framfærslu.

Börnin þurfa oft að hafa ofan af fyrir sér sjálf, jafnvel frá unga aldri.

Í skólaskýrslum úr Reykjavík frá 1975 kemur fram að um 40% 7–12 ára barna eru meira eða minna ein heima á daginn. Aðstaða einstæðra foreldra til að sinna börnum sínum er til muna erfiðari en annarra. Fram kemur t.d. í skýrslu landlæknis, „Mannvernd" frá því í desember 1987, að um fjórðungur barna einstæðra foreldra 7 ára og yngri og um 64% 7–12 ára gangi sjálfala á daginn.

Mörgum ógnar hve fjölmiðlar skipa stóran sess sem afþreying barna. Einkum hafa menn áhyggjur af því að mikil sjónvarps- og myndbandanotkun geri börn að óvirkum þiggjendum og margir óttast neikvæð uppeldisáhrif þess efnis sem þannig berst að ómótuðum barnshugum.

Mikið af myndefni því, sem börn horfa á, er á ensku og þar sem tími til mannlegra samskipta er oft allt of naumur gefst mörgum börnum of lítill tími til að tala við fullorðið fólk og þjálfa þannig móðurmál sitt. Tilfinningaleg áhrif slíks afskiptaleysis geta orðið alvarleg og valda mörgum foreldrum stöðugri sektarkennd. Kennarar hafa jafnframt veitt því athygli á síðustu árum að kunnátta grunnskólanemenda í íslensku fer minnkandi, bæði hvað varðar orðaforða, málfræði og stafsetningu.

Sú streita, sem leiðir af miklu vinnuálagi og ófullnægjandi tilfinningatengslum, hefur lítið verið rannsökuð hérlendis en í þeim rannsóknum, sem þó hafa verið gerðar, hefur hún fundist hjá börnum ekki síður en fullorðnum.

Segja má að mörg heimili séu vanbúin til að gegna hefðbundnu uppeldishlutverki vegna breyttra félagslegra aðstæðna og foreldrar hafa þegar gert eindregnar kröfur til samfélagsins um að það taki í ríkara mæli þátt í uppeldi barna. Langt er frá að það hafi brugðist við sem skyldi og er nú mikill skortur víða um land á samastað fyrir börn þar sem þau geta unað við nám, leik og hvíld í öruggu, uppeldislega jákvæðu umhverfi.

Lykill að því að stuðla að velferð fjölskyldunnar er að sjálfsögðu að minnka vinnuálag á foreldrum og gera þeim kleift að lifa af dagvinnulaunum sínum. Jafnframt þarf að finna viðunandi lausnir á húsnæðisvandanum sem er mikill streituvaldur og hvati að auknu vinnuálagi. Slíkar ráðstafanir mundu einar sér gefa fjölskyldum meiri tíma til samvista en þær hafa nú.

Á hinn bóginn eru síauknar kröfur gerðar í nútímaþjóðfélagi um menntun og þekkingu og ætla má að þær verði síst minni í framtíðinni.

Flestir eru sammála um að sú ráðstöfun hafi verið rétt að hefja kennslu fyrir 6 ára börn í grunnskólum og flestir eru einnig sammála um að kennslutíma þeirra þurfi að lengja.

Óþrjótandi forvitni og námfýsi ungra barna er þörf sem verður að svara og það getur skipt sköpum fyrir barn hvort, hvernig og hvenær slíkri þörf er svalað eða henni sinnt.

Fræðsluskylda og skólaskylda.

Í grunnskólalögunum er heimildarákvæði í 74. gr. þar sem segir:

„Heimilt er sveitarfélögum að setja á stofn við grunnskóla og undir sömu stjórn forskóla fyrir 6 ára börn, eða 5 og 6 ára börn, enda samþykki menntamálaráðuneytið starfsáætlun, húsnæði og annan aðbúnað skólans.“

Þessa heimild hafa flest sveitarfélög nýtt sér nú þegar og hefur skólasókn 6 ára gamalla barna verið 95% eða meiri allt frá því að reglulegt forskólahald hófst 1970 og er nú um 98%.

Þessar tölur segja þó ekki alla söguna því að kennslutími er afar misjafn, allt frá nokkrum dögum í senn á hverju ári upp í samfellda kennslu í 34 vikur á ári. Er það einkum í dreifbýli sem erfitt hefur verið að veita samfellda kennslu fyrir 6 ára börn.

Því er í þessu frumvarpi lagt til að fræðsluskylda verði þegar í haust lögbundin fyrir 6 ára börn og verði það áfangi á leið til skólaskyldu þeirra sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu að tekin verði upp árið 1989.

Árið 1907 voru í fyrsta sinn sett almenn fræðslulög hérlendis sem kváðu á um skólaskyldu barna frá 10 ára til 14 ára aldurs. Var heimilunum ætluð önnur fræðsla barnanna og þau áttu að koma nokkurn veginn læs og skrifandi í skólann.

Heimild var í þessum lögum til þess að færa skólaskyldu niður í 7 ára aldur þó að hún væri almennt ekki notuð.

Í fræðslulögum 1926 var svo prófskylda færð niður í 8 ára aldur og myndaði það aukna þörf fyrir kennslu yngri barna sem varð til þess að börn voru send fyrr í skóla en áður.

Á árinu 1936 voru síðan sett ný fræðslulög þar sem skólaskylda var færð niður í 7 ára aldur um allt land.

Um áratuga skeið voru þó reknir smábarnaskólar eða tímakennsla stunduð fyrir fjölda barna allt frá 5 ára aldri þar til þau hófu nám í barnaskólum. Allt frá árunum upp úr 1950 var þó alvarlega farið að huga að því að taka upp kennslu 6 ára barna í skólunum og vorið 1964 voru fyrst haldin tveggja vikna vornámskeið við alla skóla Reykjavíkur og sóttu þau yfir 90% allra barna sem urðu skólaskyld á árinu. Þessum námskeiðum var haldið áfram allt til 1970 þegar almenn forskólakennsla 6 ára barna hófst í Reykjavík.

Heimildarákvæði til kennslu 5 og 6 ára barna hafði þó verið í lögum allt frá 1946 (54. gr. laga nr. 34/1946). Þrýstingur foreldra og forráðamanna 6 ára barna var sívaxandi á árunum fyrir 1970 áður en forskólakennsla hófst og lýsti sér með fjölgun umsókna um innritun 6 ára barna í 7 ára bekk og aukinni aðsókn að tímakennslu og smábarnaskólum.

Síðan forskólakennsla hófst hefur verið mikil umræða bæði meðal foreldra og kennara um lengingu þess tíma sem yngri börn sækja skólann og nauðsyn þess að skólarnir sinni bæði aukinni kennslu- og umönnunarskyldu, einkum gagnvart yngri börnunum. Jafnframt hafa starfshópar og nefndir sinnt frekari athugun á kennslu, námsskrám, gerð náms- og kennslugagna og mörgum öðrum þáttum forskólans og tengingu hans við grunnskólann.

Í nóvember 1979 var skipuð nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins *„til að gera úttekt á vandamálum forskólans, marka stefnu og gera tillögur um aðgerðir á næstu árum“. Nefndin skilaði ítarlegri skýrslu í desember 1981 (skýrsla Forskólanefndar menntamálaráðuneytisins, desember 1981).* Nefndin lagði til m.a. að lögfest verði fræðsluskylda 6 ára barna en taldi rétt að stefna ákveðið að því að taka upp skólaskyldu þessa aldurshóps. Einnig taldi nefndin að fella bæri niður almennt heimildarákvæði til handa sveitarfélögum að starfrækja forskóla fyrir 5 ára börn.

Starfshópur um forskóla sem skipaður var haustið 1982 samkvæmt tillögum frá forskólanefnd lagði til í mars 1984 og í ágúst 1986 að komið yrði á skólaskyldu 6 ára barna og þau þannig viðurkennd sem fullgildir nemendur grunnskólans. Þetta var gert eftir samráð og samstarf við alla fræðslustjóra í landinu sem voru sammála um að gera 6 ára börn skólaskyld.

Nefndin taldi það *„mjög brýnt að viðurkenna þennan aldurshóp sem fyrsta námsár skólans með full réttindi bæði hvað varðar námsgögn og aðra þjónustu sem veitt er í skólum. Slík viðurkenning er m.a. forsenda þess að unnt sé að vinna að heildstæðu, samfelldu námi frá skólabyrjun. Ef taka á mið af þörfum í nútímaþjóðfélagi ber að sjálfsögðu að stefna að heilsdagsskóla fyrir öll börn.“*

Í frumvarpi til laga um grunnskóla (354. mál), sem lagt var fram á þingi 1987, var lagt til að fræðsluskylda verði fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6–16 ára. Skólaskyld samkvæmt því frumvarpi voru börn og unglingar frá 7–15 ára aldurs.

Í skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar um menntastefnu á Íslandi, sem gefin var út á íslensku í ágúst 1987, eru ekki gerðar beinar tillögur um breytingar á skólaskyldu en þó gerðar athugasemdir við það hve losaralegt skipulag ríki hérlendis í málefnum forskólans og umönnun barna sem enn eru ekki skólaskyld.

Heildarstefna Kennarasambands Íslands í skólamálum, skólastefna, var samþykkt á 4. fulltrúaþingi sambandsins í júní 1987. Í henni er lögð áhersla á fræðsluskyldu fyrir 6 ára börn, en ekki mælt með því að 5 ára börn séu tekin í grunnskólann. Í nágrannalöndum okkar

er þessu varið á ýmsan hátt. Í Svíþjóð er t.d. fræðsluskylda fyrir 6 ára börn og í Bretlandi hefst skólaskylda við 5 ára aldur.

Rétt þykir að hið opinbera marki skýra stefnu varðandi þátttöku í uppeldi og menntun 5 og 6 ára barna. Slík stefnumörkun auðveldar bæði uppbyggingu dagvistarheimila og skóla og menntun fóstra og kennara.

Ekki er tímabært að taka 5 ára börn inn í grunnskólann meðan aðbúnaði 6 ára barna og reyndar annarra aldurshópa er enn svo ábótavant sem raun ber vitni. Menntun grunnskólakennara hefur ekki verið miðuð við að kenna 5 ára börnum en menntun fóstra miðar hins vegar að því að sinna þessum aldurshópi, enda fær hann nú mun betri umönnun og þjónustu á dagvistarheimilum en í skólum.

Það þykir því ekki réttlætanlegt að bjóða 5 ára börnum lakari aðbúnað og þjónustu en þeim býðst nú þegar á dagvistarheimilum. Er þá höfð í huga tímalengd dvalar á hverjum degi, fjöldi barna í umsjá hvers fullorðins og mikil útivinna foreldra sem þurfa á öruggri gæslu barna að halda.

Enn fremur má búast við því að mikil eftirspurn yrði á þéttbýlissvæðum eftir skólarými fyrir 5 ára börn, meiri en í dreifbýli. Slíkt gæti aukið enn frekar á þann aðstöðumun sem þegar er of mikill milli þéttbýlis og dreifbýlis.

Flestum nágrannaþjóðum okkar hefur tekist að samræma vinnudag barna og foreldra að verulegu leyti. Á Norðurlöndum, í flestum öðrum Evrópulöndum og í Bandaríkjunum fara börn til skóla á morgnana kl. 8 eða 9 og dveljast þar til klukkan 2 til 4 síðdegis. Það er venja að börnin geta matast í skólanum, annaðhvort með því að kaupa þar heita máltíð, brauð eða annað létt fæði eða neyta þar nestis að heiman. Stundum gefst yngri börnum þess kostur að fara heim í hádeginu í fylgd fullorðinna til að borða ef aðstæður leyfa. Algengt er að skólinn beri ábyrgð á börnum meðan þau dveljast þar og er nemendum ekki ætlað að fara út af lóð skólans meðan á skólatíma stendur. Þessu banni er framfylgt og það virt. Yngri börnin eru gjarnan eitthvað skemur í skólanum en þau eldri og er vinnudegi þeirra jafnan lokið er heim kemur en þau eldri þurfa fremur að sinna einhverju heimanámi.

Þessi háttur hefur verið hafður á um margra ára eða áratuga skeið meðal nágrannaþjóða okkar óháð því hvort fjarvistir beggja foreldra frá heimili eða aðrar félagslegar aðstæður krefðust þess. Það er því verulegt umhugsunarefni hvers vegna þetta fyrirkomulag hefur ekki verið tekið upp hérlendis, einkum þegar litið er til þeirra félagslegu aðstæðna sem hefur verið lýst hér að framan og varða hag barna.

Lenging kennslutíma og hámarksfjöldi nemenda í bekk.

Í þessu frumvarpi er lagt til að lengja í áföngum kennslutíma barna frá 6–12 ára sem miði að einsetnum heilsdagsskóla. Börnum 6 og 7 ára er ætlað að vera samtals 30 kennslustundir á viku í skóla eða 20 klst.; 8 og 9 ára börnum er ætlað að vera 32 kennslustundir á viku eða 21 klst. og 20 mín.; 10 og 11 ára börnum 35 kennslustundir á viku eða 23 klst. og 20 mín. og 12 ára börnum er ætlað að vera 36 kennslustundir á viku í skóla eða 24 klst. Gert er ráð fyrir að allar kennslugreinar verði kenndar á þessum tíma, einnig list- og verkmennt og líkamsrækt. Vinnudegi barna er því lokið er heim kemur, a.m.k. yngri barna. Auk kennslutíma verður svo að ætla eðlileg stundahlé og matartíma sem lengir dvöl barna í skólanum. Síðan þykir nauðsynlegt að börn geti dvalist í skólanum utan kennslutíma í umsjá kennara eða annarra með uppeldisfræðimenntun, á morgnana frá kl. 8–9, í hádeginu og síðdegis eftir að skóla lýkur allt til kl. 17. Ætlast er til þess að börnin geti þá unnið, leikið sér eða hvílt sig, allt eftir þörfum. Gera þarf ráð fyrir starfsfólki til að sinna börnum á þessum tímum.

Tafla 2.

Aldur í árum	Kennslu-tími mín.	Stunda-hlé mín.	Matar-hlé mín.	Heildar-dvöl klst./mín.
6	240	36	90	6.06
7	240	36	90	6.06
8	256	38	90	6.24
9	256	38	90	6.24
10	280	42	90	6.52
11	280	42	90	6.52
12	288	43	90	7.01
13	296	44	90	7.10
14	296	44	90	7.10
15	296	44	90	7.10

Samkvæmt þeim hugmyndum, sem settar eru fram í þessu frumvarpi, má ætla að börn dvelji a.m.k. 6 klst. í skóla á degi hverjum ef með eru talin eðlileg stundahlé og matarhlé. Ef börnin nýta sér þá viðveru sem skólanum er ætlað að bjóða þeim upp á gæti dvöl þeirra orðið eitthvað lengri.

Fjöldi grunnskólakennara og forsvarsmanna barna, sem flutningsmenn ræddu við vegna þessa frumvarps, lögðu þunga áherslu á mikilvægi þess að fækka nemendum í einstökum bekkjardeildum grunnskólans. Sumir töldu það jafnvel brýnustu einstaka aðgerð til úrbóta í málefnum skólans. Má í þessu sambandi vísa til nýlegrar könnunar sem gerð var meðal grunnskólakennara af Þórólfi Þórlindssyni prófessor á vegum menntamálaráðuneytisins. Í henni kom fram að 23,75% aðspurðra töldu að nemendur ættu að vera færri en 15 í hverri bekkjardeild; 37,33% töldu að nemendur ættu að vera 15–17; 28,14% töldu að nemendur ættu að vera 18–20. Það eru því 89,22% grunnskólakennara sem telja að fækka þurfi í bekkjardeildum frá því sem nú er. Svör í þessari könnun bárust frá 83,9% aðspurðra.

Flestir þeirra, sem flutningsmenn ræddu við, töldu að við núverandi aðstæður væri ekki unnt að sinna sem skyldi öllum nemendum í fjölmennum bekkjardeildum með 20–28 nemendum. Reyndin væri sú að kennslan miðaðist fyrst og fremst við getu meðal nemenda en þeir sem þyrftu sérstaka aðstoð kennarans yrðu einfaldlega út undan. Ekki væri hægt fyrir einn kennara að veita einstaklingsbundna aðstoð í fjölmennum bekkjardeildum. Þeir sem þannig njóta ekki kennslu í samræmi við námshæfileika sína og verða út undan geta misst bæði áhuga og tök á námi og yfirgefið skólann með skerta sjálfsímynd. Slíkt er í fyllsta ósamræmi við markmið og anda grunnskólalaganna og stríðir gegn betri vitund kennara. Það er því tvímælalaust bæði nemendum og kennurum í hag að fækkað sé í bekkjardeildum. Brýnast er þetta í yngstu bekkjum skólans þegar börn eru að hefja skólanám.

Bæði forskólanefnd og starfshópur um forskóla lögðu til lengingu á kennslu 6 ára barna, nefndin allt að 20 kennslustundir á viku og starfshópurinn 20 kennslustundir á viku að lágmarki. Jafnframt lögðu báðir vinnuhóparnir til að hámarksfjöldi nemenda í bekk verði 16–18 miðað við einn kennara. Enn fremur að börn eigi kost á dvöl í skólanum utan kennslutíma frá kl. 8–9 á morgnana, í hádegi og frá kl. 16–17 síðdegis.

Gert er ráð fyrir því að boðið sé upp á viðfangsefni sem hæfi þroskastigi og áhuga hvers og eins. Í skýrslu forskólanefndar er fjallað um það hvort ætla megi 6 ára barni að hafa úthald til að stunda nám í skóla hálfan daginn fimm daga vikunnar. Fullyrða má að barn á þeim aldri hafi ekki þol til að sitja kyrrt og hljótt svo lengi enda slíkt ekki ætlunin. Miklu nær er að bera skólavist 6 ára barna saman við dvöl á dagvistarheimili þar sem börn eru daglega allt að 9 klst. á dag. Börn verða vitaskuld að fá útrás fyrir hreyfiþörf og leikþörf og taka verður mið af takmarkaðri einbeitingarhæfni þeirra. Námið verður að miðast við þroskastig barnsins; það er meginforsenda þess að svo ung börn geti notið og nýtt lengri skóladvöl. Meginskilyrði er þó að námshópar séu ekki of stórir þannig að veita megi einstaklingsbundna umönnun.

Sem dæmi má taka að 5 og 6 ára börn eru skólaskyld í Bretlandi og sækja þar skóla frá kl. 9–15:30 fimm daga vikunnar. Ekkert bendir til þess að þessi skóladagur sé þeim almennt ofviða.

Þegar skóladagur yngstu barnanna verður þannig lengdur skapast möguleikar á því að samræma kennslu yngstu aldurshópanna, þ.e. 6, 7 og 8 ára barna.

Í fámennum skólahverfum í dreifbýli þar sem samgönguerfiðleikar eru þarf að leita annarra lausna. Ýmislegt kemur þar til greina til að leysa vanda yngri barna, t.d. að hafa færri en fimm skóladaga í viku, en lengja daglegan skólatíma. Einnig mætti nefna vor- eða haustnámskeið ásamt bréfaskóla eða fjarkennslu yfir vetrarmánuði, skólasel o.fl. Mikilvægt er þó að öll börn sitji við sama borð án tillits til búsetu.

Einsetning í grunnskólum.

Einsetning í grunnskólum er eitt af frumskilyrðum fyrir því að samfelldur heilsdagsskóli komist á.

Á árunum 1983–1985 starfaði vinnuhópur undir forustu Salome Þorkelsdóttur alþingismanns sem skipaður var af þáverandi menntamálaráðherra, Ragnhildi Helgadóttur. Aðalviðfangsefni hópsins var að athuga tengsl fjölskyldu og skóla og gera tillögur um hvernig bæta mætti þau tengsl. Vinnuhópurinn skilaði skýrslu um störf sín og gerði tillögur í tveimur liðum í lok skýrslu sinnar (sjá Viðauka 2). Í könnunum, sem nefndin gerði meðal skólastjóra og foreldra í grunnskólum í Reykjavík og Reykjanesi, kom fram skýr ósk um að komið verði á samfelldum skóladegi sem fyrst en samfelldur skóladagur var þar skilgreindur sem samfelld viðvera fremur en samræmdur vinnudagur barna og foreldra. Efst á lista skólastjóra og foreldra yfir þau atriði sem talin voru stuðla að því að koma á samfelldum skóladegi var einsetning skóla, 97% skólastjóra og 90% foreldra töldu það meginatriði.

Einsetningu fylgir aukinn kostnaður í bráð og er nauðsynlegt að reyna að gera sér eins glögga grein fyrir honum og unnt er. Hins ber þó að gæta að hér er um byrjunarkostnað að ræða og bættur aðbúnaður barna í skólum er góð fjárfesting ef til framtíðar er litið. Hann mun skila sér í betri menntun og betri andlegri og líkamlegri heilsu þeirra sem byggja landið.

Jón Torfi Jónasson dósent hefur unnið að því að kanna og áætla þennan kostnað. Hefur það verið hluti af vinnu hans sem framkvæmd var fyrir tilstuðlan skólamálahóps framtíðarspárnefndar forsætisráðherra. Greinargerð, sem er hluti af niðurstöðum hans, er birt sem Viðauki 1 hér að aftan með leyfi höfundar.

Jón Torfi hefur að beiðni flutningsmanna gert afar grófa áætlun og sundurliðun á þeim kostnaði sem þetta frumvarp gæti haft í för með sér. Hann hefur gengið út frá svipuðum forsendum og koma fram í greinargerð hans í Viðauka 1.

Áætlunina ber þó alls ekki að túlka of nákvæmlega. Margir kostnaðarliðir eru óvissir og byggjast á viðmiðunum sem eru álitamál. Enn aðrir hafa ekki verið teknir með í þessa áætlun þar sem ekki er hægt að meta þá að svo stöddu.

Hins vegar er þessi kostnaðaráætlun að öllum líkindum rúmlega fremur en naumlega reiknuð. Hún gefur sannarlega nokkra vísbendingu um kostnaðarliði vegna óumflýjanlegra breytinga á grunnskólanum, breytinga sem í raun hefði átt að gera fyrir löngu. Ef til vill venur hún okkur einnig á að hugsa um þarfir grunnskólans í réttum stærðargráðum hvað kostnað varðar. Þess vegna er hún mjög gagnleg.

I. Almennur rekstrarkostnaður.

Rekstrarkostnaður grunnskóla 1988 er áætlaður um 3,2 milljarðar króna (sjá athugasemdir við fjárlagafrumvarp 1988, þskj. 1, bls. 246).

Vikulegur kennslustundafjöldi 6–15 ára er samkvæmt reglugerð 288 stundir (sjá töflu 3. Hér er miðað við að allar stærðir séu jafnar, m.a. árgangsstærðir, bekkjarstærðir o.fl. Alls kyns tilfallandi kostnaður er ekki dreginn frá því hann kemur á viðbótartímann líka, a.m.k. að einhverju leyti). Kostnaður á hverja stund er þá um 11 milljónir króna. Hér er allur kostnaður ríkisins reiknaður með þannig að væntanlega eru þessar tölur alveg í efri mörkum. Í viðauka 1 (JTJ) er talið að viðbótarstund kosti 0,2 milljónir króna (þ.e. 6,8 milljónir króna fyrir árið í stað 11 milljóna króna) en þar er fyrst og fremst miðað við launakostnað við kennsluna — og upphæðin því líklega í lægri mörkum.

Hér er miðað við að ástandið sé eins að öðru leyti en hvað varðar breyttan stundafjölda. Sjá töflu 3. Þá má búast við eftirfarandi aukningu í rekstrarkostnaði ríkisins (í milljónum króna):

Árið 1988–1989 er ráðgerð 25 stunda aukning: 11x25 = 275
Árið 1989–1990 er ráðgerð 14 stunda aukning: 11x14 = 154
Árið 1990–1991 er ráðgerð 11 stunda aukning: 11x11 = 121
(Hér er látið sem allar stundir séu jafndýrar. Svo er þó ekki.)

Heildaraukning í rekstrarkostnaði, þegar lögin hafa komið til framkvæmda, verður um 550 milljónir króna vegna almenns rekstrarkostnaðar.

Rekstrarkostnaður ríkisins vegna grunnskóla, sem nú er áætlaður um 3,2 milljarðar króna, yrði nær 3,8 milljörðum króna eftir að einsetningu er komið á. Kostnaður vegna gæslu og matar er ekki talinn með hér.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir fækkun nemenda í bekkjum miðað við það sem nú er. Ef meðalstærð bekkja er nú nálægt 22 (þessi tala kann að vera of lág, en hún er byggð á meðalfjölda nemenda í bekk í þeim skólum sem upplýsingar hafa fengist um), en skal vera 18 (14 hjá 6 og 7 ára börnum) þá fjölgar bekkjum um 22%. Miðist öll kennsla áfram við bekkjareiningar krefst sú breyting ein sér væntanlega um 22% viðbótar í rekstrarkostnaði. Þar á móti kemur að vísu einhver fækkun í árgöngum. Hér verður miðað við tæplega 20% aukningu í rekstrarkostnaði sem vex þá úr 3,8 milljörðum króna í 4,5 milljarða króna. Viðbót vegna fækkunar í bekkjum er því um 0,7 milljarðar króna.

Gæslukostnaður vegna veru barna utan skólatíma er ekki reiknaður hér, enda mjög óljóst hve mikið mun reyna á slíkt fyrirkomulag, eða hver bæri þennan kostnað.

II. Launakostnaður vegna matartíma.

Launakostnaður vegna mataraðstöðu er töluverður. Miðað við að ein manneskja á fjögurra tíma vakt anni um 100 manns, enda sé maturinn að einhverju leyti fyrir fram tilbúinn þá verður kostnaðurinn fyrir grunnskólann:

41 000/100x4x400x5x34 = 112 milljónir króna.

(Fjöldi grunnskólanemenda, stærð hóps, tímar á dag, tímakaup, dagar vikunnar, kennsluvikur.)

Sé þessari aukningu skipt á þrjú ár er um að ræða 37 milljónir króna á ári.

Gera má ráð fyrir einhverri niðurgreiðslu matar. Ekki er reiknaður stofnkostnaður vegna matartíma í skólum, en hann ræðst algerlega af því fyrirkomulagi sem notað verður.

III. Stofnkostnaður vegna kennsluaðstöðu.

Skólastofur vantar vegna einsetningar. Í viðauka 1 með frumvarpinu áætlar Jón Torfi Jónasson dósent að um 450 stofur vanti svo allar bekkjardeildir hafi aðstöðu samtímis. Samkvæmt því þarf að bæta við um 150 stofum á ári næstu þrjú árin svo þessu marki verði náð. Sérstakur kostnaður vegna þessa ræðst af þeim áætlunum sem þegar liggja fyrir um byggingu skólahúsnæðis. Ef giskað er á að nálægt 100 stofur verði tilbúnar á hverju ári samkvæmt þeim framkvæmdahraða, sem nú er, þá vantar enn 50 stofur á ári. Á árinu 1987 kostaði hver stofa nálægt 4 milljónum króna. Sú tala framreiknuð til 1988 er nálægt 5,5 milljónum króna; 50 stofur á ári kosta því nálægt 275 milljónum króna á ári.

Stofnkostnað vegna fækkunar í bekkjardeildum er erfiðara að reikna en hann fæst með því að telja þær stofur sem til eru, bæta við 450 og reikna 22% (til þess að fá fjölda stofanna). Séu til 1400 stofur, bætt við 450 vegna einsetningar, þá verða þetta um 407 stofur. Síðan er margfaldað með 5,5 til þess að fá stofnkostnaðinn. Þá verða þetta um það bil 407x5,5 = 2,2 milljarðar króna til viðbótar. Verði ekki miðað við einsetningu þá þarf mun færri stofur, en fer þó eftir skólum og umdæmum og hvernig tvísetningu yrði háttað.

Tafla 3.

Breytingar á fjölda kennslustunda samkvæmt frumvarpi.

	Reglugerð*	Þrep 1	Þrep 2	Þrep 3	Viðb.1	Viðb.2	Viðb.3	Viðb.
1. bekkur 6 ára	18	22	25	30	4	3	5	12
2. bekkur 7 ára	22	25	27	30	3	2	3	8
3. bekkur 8 ára	22	27	30	32	5	3	2	10
4. bekkur 9 ára	26	30	32	32	4	2	0	6
5. bekkur 10 ára	29	32	34	35	3	2	1	6
6. bekkur 11 ára	32	34	35	35	2	1	0	3
7. bekkur 12 ára	34	35	36	36	1	1	0	2
8. bekkur 13 ára	35	36	36	36	1	0	0	1
9. bekkur 14 ára	35	36	36	36	1	0	0	1
10. bekkur 15 ára	35	36	36	36	1	0	0	1
	288				25	14	11	50

* Stjtíð. B nr. 212/1984. Reglugerðin gefur til kynna færri kennslustundir á viku en grunnskólalögin kveða á um. Því verður viðbót sem svarar einni kennslustund fyrir þrjá elstu bekkina í þessu frumvarpi ef miðað er við reglugerð en engin viðbót ef miðað er við lögin.

IV. Samantekt.

Viðbótarkostnaður vegna **einsetningar**, sbr. þetta frumvarp (í milljónum króna):

Vegna skólaársins 1988–1989:	275+37+275 = 587
Vegna skólaársins 1989–1990:	154+275+74+275 = 778
Vegna skólaársins 1990–1991:	121+154+275+112+275 = 937

Sú rekstrarviðbót fyrir hvert ár þar á eftir sem þá hefur komið ofan á þann rekstur sem nú er: 550+112 = 662 milljónir króna.

Auk gæslu- og matarkostnaðar verður þetta einhvers staðar nálægt þessum tölum (í milljónum króna):

	Rekstur	Stofnkostnaður
Vegna einsetningar	662	+ 875
Vegna fækkunar í bekkjum ...	700	+ 2200

Slys á börnum.

Mikið skortir á að nógu vel sé almennt hugað að frumþörfum vaxandi barna eins og t.d. næringarþörf. Er undir hælinn lagt hvernig börnin bera sig að því að sinna henni í fjarveru foreldra en almennt er engin aðstaða til þess í skólum. Mikið áhyggjuefni eru einnig tíð slys á börnum. Á Íslandi er lægstur ungbarnadauði í heiminum. Hins vegar er börnum hérlendis búin meiri slysahætta en börnum í nágrannalöndum okkar bæði í umferðinni og í heimahúsum. Er ástæða til að ætla að skortur á umsjá fullorðinna og sundurslitin stundaskrá valdi þar mestu. Vinnudagur foreldra og barna hérlendis er ekki samræmdur. Stundaskrá og kennslutímar grunnskólabarna eru allt of oft ósamfelld og útheimta margar ferðir þeirra á degi hverjum til og frá skóla og börn hafa yfirleitt hvorki tök á því að fá mat í skólanum né hafa þau almennt aðstöðu til að matast þar.

Það er ótrúlegt skeytingarleysi um tíma og virðingarleysi gagnvart velferð barna að bjóða þeim upp á þann vinnudag í skóla sem við höfum látið viðgangast, fullorðna fólkið í samfélaginu. Við mundum tæplega bjóða fullorðnu fólki upp á slíkt, enda njóta flestir fullorðnir þess að hafa mötuneyti eða aðstöðu til að neyta nestis á vinnustað og finnst það sjálfsagt.

Í skýrslu landlæknis um barna- og unglingaslys á Íslandi frá því í september 1985 má finna eftirfarandi upplýsingar:

Í könnun Bjarna Torfasonar læknis, sem gerð var 1979, kom í ljós að slys á gangandi vegfarendum voru algengust meðal barna og unglinga og var hámarkið í 5–9 ára aldurshópnum. Í athugun Guðrúnar R. Briem á umferðarslysum á gangandi vegfarendum í Reykjavík 1981–1982 kom í ljós að 50% slysa á gangandi börnum 14 ára og yngri verða vegna þess að þau hlaupa skyndilega út á akbraut í veg fyrir ökutæki. Meðalaldur þeirra var 8 ár.

Á aldrinum 5–12 ára urðu 80% slysa eftir kl. 12:40 og 55% eftir kl. 14:20. Sú ályktun var því dregin að slys á leiðinni í skólann væru ekki algeng. Enn fremur að börn slasast fremur eftir skólatímann þegar þau eru að leik. Tæp 80% slysa á börnum verða á akbraut en 12% á gangbraut. Nær 60% barnanna slasast alvarlega og barn, sem slasast, er yfirleitt eitt á ferð eða með öðrum börnum.

Í könnun Bjarna Torfasonar kom fram að langflestir, sem slösuðust á reiðhjólum, voru á aldrinum 5–14 ára. Afleiðingar reiðhjólaslysa meðal barna eru m.a. tíð höfuðslys en 65% allra höfuðslysa í umferð verða á börnum 14 ára og yngri.

Slys á börnum verða helst þegar þau eru eftirlitslaus, án umsjónar fullorðinna, en nánari upplýsingar liggja ekki fyrir um aðstæður þeirra barna sem verða fyrir slysum. Brýnt er efla rannsóknir á umferðarslysum til að greina áhættuþætti og renna stoðum undir markvissa fræðslu. Hins vegar vitum við nú þegar nóg til þess að hafa ríka ástæðu til að bæta öryggi barna okkar og samræmdur vinnudagur barna og foreldra hlýtur að vera mikilvægur liður í því.

Mataræði barna.

Allt of fáar neyslukannanir hafa verið framkvæmdar hérlendis. Þó má draga nokkurn lærdóm af þeim sem hafa verið gerðar.

Á árunum 1977–1978 fór fram neyslukönnun meðal 10–14 ára skólabarna í Reykjavík á vegum manneldisráðs. Niðurstöður hennar voru eftirfarandi:

„1. *Heildarneysla fisks og brauðmetis hefur minnkað um 30% frá því á árinu 1938, kjötneysla hefur heldur aukist.*
2. *Sykurneysla hefur aukist gífurlega, aðallega vegna þess að neysla sælgætis, sætabrauðs og gosdrykkja hefur aukist og samsvarar um fjórðungi af heildarneyslunni, en árið 1938 var neysla þessara tegunda um 5% af heildarneyslu.*
3. *Grænmetis-, ávaxta- og mjólkurneysla hefur aukist mikið.*
4. *Fæðan er rýr af járni, D-vítamíni og B-vítamíni (folinsýru).*
5. *Allt að fjórðungur daglegrar neyslu kemur frá söluskálum.*“

Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurborgar lét gera svipaða athugun 1973, en hún sýndi m.a. að 17,2% nemenda neyttu ekki morgunverðar áður en þeir fóru í skólann og 35,7% höfðu ekki með sér nesti. Engar nýjar kannanir hafa verið gerðar í þessum efnum sem flutningsmenn vita um en margir telja að þetta ástand fari enn versnandi í grunnskólum, a.m.k. á höfuðborgarsvæðinu, og sé þó lakast í elstu bekkjum grunnskólanna og sumum framhaldsskólanna.

Íslensk börn hafa um tvisvar sinnum fleiri skemmdar og viðgerðar tennur en jafnaldrar þeirra á Norðurlöndum. Samt verjum við álíka stórum hluta opinberra útgjalda til tannlæknaþjónustu og aðrir og erum fimmta best setta þjóðin í heiminum hvað varðar fjölda tannlækna á íbúa. Tíðar tannskemmdir stafa fyrst og fremst af lélegri tannhirðu en ekki síður af hinni miklu sykur- og sælgætisneyslu Íslendinga. Nærri lætur að hver maður neyti að meðaltali um 53 kg af sykri á ári og eru börnin og unglingarnir með ansi drjúgan skerf á sinni könnu miðað við líkamsþyngd.

Í könnun manneldisráðs 1977–1978 voru þessi ráð m.a. gefin til úrbóta:

„1. *Meiri áróður ber að reka fyrir heilnæmum neysluvenjum á heimilum.*
2. *Mötuneytum verður að koma upp í heimangönguskólum. Þar eiga börn og unglingar að fá heilnæma máltíð ásamt vítamínum. Ýmis smærri sveitarfélög sinna þessu, en mörg stærri sveitarfélög hafa ekki komið málinu í framkvæmd.*
3. *Söluskálar (sjoppur) eru að verða ein aðaldreifingarstöð matvæla. Mikilvæg krafa er að þar séu á boðstólum sæmilegar fæðutegundir, s.s. brauð, grænmeti, ávextir og mjólk. Ef eigendur söluskála axla ekki þá ábyrgð sem rekstri þeirra er samfara ber að vanda betur til úthlutunar söluleyfa.*“

Vert er að vekja athygli á 2. lið en þar er þegar lögð áhersla á nauðsyn þess að börn geti matast í skólum. Þessi könnun er þó framkvæmd fyrir tíu árum en allt of lítið hefur þokast í þessum efnum síðan.

Eins og áður er getið kom fram í könnunum, sem vinnuhópur um tengsl fjölskyldu og skóla gerði meðal skólastjóra, foreldra og nemenda í grunnskólum í Reykjavík og Reykjanesi, skýr ósk um að komið verði á samfelldum skóladegi sem fyrst, en samfelldur skóladagur var þar skilgreindur sem samfelld viðvera fremur en samræmdur vinnudagur barna og foreldra.

Þau atriði, sem skólastjórar töldu að mundu stuðla að því að hægt yrði að koma á samfelldum skóladegi, voru eftirfarandi:

„— *einsetning* *(97%)*
— *skólasafn — lesstofa* *(94%)*
— *máltíðir í skóla* *(86%)*
— *skólanesti* *(78%)*
— *fámennir skólar* *(66%)*
— *viðmiðunarstundaskrá fyrir heildir* *(61%)*
— *sveigjanlegt skólastarf* *(50%)*“

Það sem foreldrar álitu að mundi auka líkur á samfelldum skóladegi voru eftirfarandi atriði:

„— *einsetning skóla* *(90%)*
— *skólasafn — lesstofa* *(90%)*
— *skólanesti afgreitt í skólanum* *(79%)*
— *máltíðir frambornar í skóla* *(77%)*
— *fámennir skólar (færri en 500 nemendur)* *(76%)*
— *óskir kennara um samfellda kennsluskrá* *(75%)*
— *starfsemi foreldra- og kennarafélaga* *(68%)*“

Enn fremur bentu foreldrar á aðra þætti sem betur mættu fara:

„— *byggja fleiri og smærri skóla*
— *upplýsa foreldra betur um skólamál*
— *miða rými í skólum við barnafjölda*
— *auka skilning á því að skóli er vinnustaður barna*
— *bæta skipulag í skólum*
— *auka gæslu utan kennslustunda*
— *koma á kerfi „matmæðra“ sem tækju að sér 6–8 nemendur í mat í hádeginu*
— *bæta kjör kennara og gera vinnutíma þeirra samfelldan*
— *fjölga starfsfólki skóla*
— *útbúa notalegt afdrep þar sem nemendur geta dvalist ef þeir þurfa að bíða*
— *efla skólasöfn og lesaðstöðu fyrir nemendur*
— *vinna stundaskrár í tölvu*
— *miða stundaskrár við nemendur en ekki við kennara.*“

Hvað nemendum í 7.–9. bekk við kom, en þeir voru einnig spurðir, vildu 81,3% geta fengið mat í skólanum, 83,6% vildu eiga þess kost að kaupa nesti í skólanum og 54,6% vildu líka geta farið heim til sín í hádeginu. Það fór greinilega ekki á milli mála að nemendur vildu gjarnan borða mat í hádeginu og lái þeim hver sem vill!

Í skýrslu frá vinnuhópnum segir í 3. kafla um skólanesti og skólamáltíðir:

„Enda þótt fæstir mæli því mót að skólamáltíðir eða afgreiðsla nestis í skólum auki líkur á samfelldum skóladegi virðast vera skiptar skoðanir um hvernig best verði staðið að framkvæmdum. Rökstyðja má þörf fyrir líkamlega næringu í skólum með fleiru en samfelldum skóladegi. Neyslukannanir sýna m.a. að skólanemendur skortir viss nauðsynleg næringarefni. Ákveðin stýring á mataræði í skólum gæti tryggt holla og rétt samsetta fæðu.“

Enn fremur:

„Varla er hægt að segja að íslensk börn og unglingar líði af hungri en augljóst er að nemendur, sem t.d. vegna útivinnu foreldra verða að sjá um matseld upp á eigin spýtur, eru að ýmsu leyti betur settir ef þeir eiga aðgang að næringu í skólanum.

Þá má nefna þau rök að á vinnustöðum gildir almennt sú regla að starfsfólk eigi aðgang að mat og aðstöðu til að matast. Skóli er vinnustaður nemenda og séu þeim ætluð sömu réttindi að þessu leyti og fullorðnum eiga þeir kröfu á sambærilegri aðstöðu til að matast.

Óskir um að skólar sinni þessum málum eru mjög ákveðnar bæði frá foreldrum og skólamönnum. Skoðanir eru hins vegar skiptar um fyrirkomulag, t.d. hvort eigi að sjá nemendum fyrir heitum máltíðum eða nestispökkum. Heitar máltíðir gera kröfu um sérstaka aðstöðu og starfsfólk. Fengist hefur mikilvæg reynsla af tilraun með nestispakka í skólum Reykjavíkur. Af þeirri tilraun má ráða að nemendur hafi ekki nýtt sér möguleikann á

nestispakka í eins ríkum mæli og upphaflega var vænst. Má e.t.v. skýra þetta á þann veg að pakkarnir hafi fyrst og fremst verið notaðir sem morgunverður í venjulegum nestistímum en ekki sem hádegisverður.“

Einnig:

„Af sömu ástæðu varð fyrirkomulagið líklega ekki til þess að auka samfelldni eins og vonir stóðu til. Enn fremur er ljóst að lipur afgreiðsla á skólanesti eða máltíðum krefst skipulags, vinnu og umsjónar sem kennarar eru ekki reiðubúnir að skilgreina sem hluta af starfi sínu nema sérstaklega sé umbunað fyrir þá vinnu.“

Oddur Helgason forstjóri gefur eftirfarandi upplýsingar um tilraunir Mjólkursamsölunnar til að leysa nestisvanda barna í leikskólum, dagheimilum og grunnskólum:

„Í rekstri leikskóla og dagheimila er gert ráð fyrir að börn séu nestuð að heiman. Þar er því engin kæligeymsla fyrir nestið. Afleiðingin var sú að börnin fengust ekki til að hafa mjólk að heiman því að hún var orðin volg og ólystug á matmálstímanum og því höfðu þau með sér sæta drykki. Á síðustu tveimur árum hafa mjólkursamlög um allt land því boðið öllum leikskólum og dagheimilum kælikistur að láni. Þær eru komnar í notkun á langflestum stöðum og 90–100% barnanna neyta nú mjólkur þar.

Það er ákaflega mikilvægt að börn á þeim aldri venjist ekki af mjólkurneyslu og þeim sama sið þurfa þau að halda þegar þau ganga síðan upp í grunnskóla og framhaldsskóla.

Á síðasta ári var tekin upp niðurgreiðsla á skólamjólk til grunnskólanema, 3 kr. á ¼ lítra nýmjólkur, og hefur haldist óbreytt síðan. Þátttaka hefur verið dræm víðast hvar en góð í einstaka skólum. Meðaltal er 10–15%.

Mjólkursamsalan gerði tilraun með kaldar skólamáltíðir fyrir fjórum árum. Sú tilraun gekk ekki; nú eru einungis samlokur seldar í nokkra skóla. Ef til vill hefur nestið ekki fallið í smekk nemenda en önnur meginástæða er að í skólakerfinu er ekki gert ráð fyrir slíku og starfið lendir að mestu á skólastjórum sem aukið vinnuálag. Tengja þyrfti líka nám í heilsufræðum við fyrirkomulag og val á skólanesti.“

Í raun hljóta allir að vera sammála um að það sé sjálfsagt réttlætismál barna að þeim sé tryggður samfelldur vinnudagur, holl og góð næring og öryggi gagnvart slysum. Flutningsmenn telja að skref sé stigið í rétta átt með þeim breytingum á grunnskólalögunum sem hér eru lagðar til. Ýmsar fleiri breytingar hefði þó mátt gera en aðeins hefur verið tekið á því sem brýnast þótti. Rétt þykir að grunnskólalögin séu endurskoðuð reglulega og er lagt til að slík endurskoðun fari fram að 5 árum liðnum.

Eins og fram kemur í þessari greinargerð telja flutningsmenn að nú verði ekki lengur beðið eftir því að koma betri skipan á málefni grunnskólans. Til þess þarf átak stjórnvalda og samvinnu allra þeirra sem telja sig ábyrga fyrir farsælli framtíð barna.

Kjörorð þessa átaks gætu verið:

„Öll börn eru á ábyrgð okkar allra.“

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er lagt til að lögleidd verði bæði fræðsluskylda og skólaskylda 6 ára barna. Gert er ráð fyrir því að fræðsluskylda verði lögbundin strax og lög þessi taka gildi, þ.e. á skólaárinu 1988–1989 en skólaskylda hins vegar ekki fyrr en á skólaárinu 1989–1990 eins og segir í bráðabirgðaákvæði.

Nauðsynlegt þykir að gefa aðlögunartíma fyrir skóla og þá einkum skóla í dreifbýli til að búa sig undir það að 6 ára börn verði skólaskyld.

Auk áskilins aðlögunartíma eru síðan jafnframt undanþáguákvæði í 5., 7. og 8. gr. grunnskólalaganna sem nota má þegar aðstæður leyfa ekki að 6 ára börn sæki skóla eins og ákvæði um skólaskyldu bjóða.

Um 2. gr.

Ástæða þykir til þess að taka skýrt fram í lögum um gerð eða breytingar skólamannvirkja hver æskileg stærð skólahúsnæðis eigi að vera.

Eins og fram kemur í greinargerð eru kennarar og skólamenn almennt þeirrar skoðunar að heppilegra sé að hafa grunnskóla smáa og fámenna en stóra og fjölmenna. Þetta á ekki síst við um skóla fyrir yngri börnin. Smærri skólar hafa reynst bæði nemendum og kennurum manneskjulegri og betri vinnustaðir. Auðveldara er að skapa þar heimilislegri aðstæður og mæta má ýmsum tæknilegum ókostum smærri skóla með aukinni samvinnu og samstarfi skóla og kennslumiðstöðvar og skóla innbyrðis.

Hér er miðað við tveggja hliðstæðna skóla, þ.e. þar sem tvær bekkjardeildir eru í hverjum árgangi. Lagt er til grundvallar það meðaltal nemenda í bekkjardeild sem frumvarpið gerir ráð fyrir eða 14 börn í 1. og 2. bekk og 18 börn í 3.–10. bekk. Í slíkum skóla yrðu því 344 börn.

Um 3. gr.

Rétt þykir að taka skýrt fram í meginskilgreiningu á skólahúsnæði að þar eigi nemendur að geta neytt málsverðar og hvíldar. Aðstaða til hvíldar er einkum nauðsynleg fyrir yngstu nemendurna þar sem kennslutími þeirra verður lengdur. Ekki er alls staðar nauðsynlegt að hafa sérstakt húsnæði sem eingöngu er notað til að neyta nestis eða málsverða. Víða má nota sali sem einnig þjóna öðrum tilgangi en gera þarf ráð fyrir því jafnframt að þar sé hægt að matast.

Um 4. gr.

Líklegt er að skólar velji ýmist að bjóða nemendum upp á heitar máltíðir, léttar, kaldar máltíðir eða að nemendur neyti nestis að heiman í skólanum.

Nauðsynlegt er því að kveða skýrt á um ráðningar og stöðu þess starfsfólks sem ætlað er að sjái um mötuneyti og framreiðslu eða umsjón skólamáltíða.

Einnig þarf að kveða skýrt á um ráðningar þeirra sem sinna börnum utan kennslustunda.

Um 5. gr.

Nauðsynlegt er að samræma betur vinnudag barna og foreldra og rétt þykir einnig námsins vegna að lengja kennslutíma yngri barna, þ.e. fram að 13 ára aldri.

Jafnframt er einnig mikilvægt að börnin eigi kost á því að dveljast í skólanum utan kennslustunda og þá í þroskandi og öruggu umhverfi og í umsjá fólks með uppeldisfræðilega menntun. Misjafnt getur verið hve lengi börn dveljast í skólanum á hverjum degi en nauðsynlegt er að það sé ævinlega ljóst og í samráði við bæði börn, foreldra og kennara hve lengi hverju barni er ætlað að dveljast í skólanum utan kennslustunda. Lenging kennslutímans er ráðgerð í áföngum til að leyfa aðlögun að þeim breyttu kröfum sem slíkt hefur í för með sér, en þeim áföngum er nánar lýst í bráðabirgðaákvæði.

Sú lenging, sem hér er ráðgerð, krefst þess í raun að skólar verði einsetnir heilsdagsskólar og víða þarf að bæta við einhverju kennslurými til þess að svo geti orðið. Jafnframt eigi öll börn kost á því að matast í skólanum.

Gert er ráð fyrir styttri kennslutíma fyrir yngri börnin en þau eldri en í kennslutíma eru að sjálfsögðu meðtaldar allar kennslugreinar, þar á meðal list- og verkmennt og líkamsrækt. Einnig má reikna með því að lengri kennslutími dragi mjög úr nauðsyn heimanáms, einkum hjá yngri bekkjardeildum, þannig að þegar börnin koma heim úr skóla er vinnudegi þeirra lokið.

Þegar frumvarp þetta verður að lögum má gera ráð fyrir því að dagleg skóladvöl grunnskólanemenda verði a.m.k. 6 klst. á dag að meðtöldum eðlilegum stundahléum og matarhléum.

Rétt þykir að taka fram að ákvörðun um breytingar á kennslutíma séu teknar af skólastjóra í fullu samráði við kennara.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að hámarksfjöldi barna í hverjum bekk verði takmarkaður og þá einnig að meðaltal verði lægra en nú er.

Einkum þykir mikilvægt að fjöldi nemenda í yngri bekkjum (6 og 7 ára) sé takmarkaður til þess að hægt sé að veita þeim einstaklingsbundna kennslu. Jafnframt þykir ástæða til þess að tryggja með lögum að eldri bekkjardeildir séu ekki fjölmennar þannig að einnig megi bjóða þeim upp á viðfangsefni sem samsvara þroskastigi hvers og eins eins og lögin gera ráð fyrir.

Um 7. gr.

Lagt er til að þegar skólaskylda 6 ára barna verður lögbundin verði 74. gr. felld niður og þar með almennt heimildarákvæði fyrir sveitarfélög að starfrækja forskóla fyrir 5 ára börn. Síðasta málsgrein greinarinnar flyst þá yfir í 75. gr. Þessi ákvörðun er í samræmi við þá stefnu sem hér er mörkuð varðandi þátttöku hins opinbera í uppeldi og menntun 5 og 6 ára barna og nánar er rökstudd í greinargerð.

Fimm ára börn eiga nú völ á mun betri umönnun og þjónustu á dagvistarheimilum en í skólum og þykir rétt að vanda fremur til aðbúnaðar þeirra aldurshópa sem þegar eru í grunnskóla en að auka við nýjum árgangi og bjóða honum upp á lakari kost en hann á völ á.

Um 8. gr.

Hér er fellt úr ákvæði til samræmingar en einnig aukið við ákvæði sem áður var í 74. gr. Er það fyrst og fremst til að tryggja áframhaldandi rekstur gróinnar stofnunar eins og skóla Ísaks Jónssonar.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að allir nemendur grunnskóla eigi tilskilinn rétt til reglubundins náms á skólasafni. Enn fremur er fellt niður að slíkt þurfi að vera hópnám heldur geti nemendur og kennarar ákvarðað hvernig slíkt nám fer fram.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér eru skilgreindir þeir áfangar sem rétt þykir að verði í þróun grunnskólans í átt að einsetnum heilsdagsskóla með samfelldri kennslu fyrir nemendur.

Viðauki 1.

Jón Torfi Jónasson dósent:

Einsetning í grunnskólum.

Oft er rætt um mikilvægi samfellds skóladags eða jafnvel einsetningar í skólum sem m.a. fæli í sér samfelldan skóladag. Í skýrslu starfshóps undir forsæti Salome Þorkelsdóttur alþingismanns var fyrri kosturinn einkum gerður að umtalsefni. Hér verður ræddur sá síðari, þ.e. einsetinn grunnskóli.

Röksemdir fyrir einsetningu í skóla eru margvíslegar, en sameiginlegt inntak þeirra er að við einsetningu gjörbreytist aðstaða til skólastarfs. Hér verða nefndar nokkrar.

Einsetinn skóli:
— opnar leiðir fyrir fjölbreyttara skólastarf,
— auðveldar skipulag vinnutíma kennara,
— auðveldar að ná til kennara utan kennslutíma til vinnufunda,
— gefur meiri festu fyrir börn útivinnandi foreldra,
— hefur alla kosti samfellds skóladags.

Við einsetningu í skóla skapaðist allt annað viðhorf til skólastarfs og skipulag þess yrði mun sveigjanlegra. Í fyrsta lagi yrði ramminn um skólastarfið auðveldari viðfangs, skólinn hæfist á tilteknum tíma á hverjum degi, en auðveldara væri að ráðskast með það hvenær nemendur hættu. Þetta þýddi m.a. að mun auðveldara væri að innleiða ýmsar nýjungar inn í skólastarfið, m.a. að taka upp ný vinnubrögð (sbr. heimavinnu í skóla) eða nýjar námsgreinar, tímabundið utan námsskrár. Rökin fyrir einsetningu eru mörg og sterk, en verða ekki skoðuð nánar hér. Fremur verður leitast við að skoða og meta þau rök sem helst hafa heyrst gegn þessu fyrirkomulagi.

Helstu rökin gegn einsetningu eru:
— stofnkostnaður yrði mun meiri en við tvísetningu og óeðlilega mikill,
— fleiri kennara þyrfti og yki það kostnaðinn,
— léleg nýting húsnæðis þar sem það yrði einungis nýtt hluta úr degi,
— fyrirsjáanleg fækkun nemenda mælir gegn fjárfestingu,
— erfiðara verður að skipuleggja skólastarfið þannig að kennarar fái eftirvinnu æski þeir þess.

Athugum nú þessi rök.

Stofnkostnaður. Helsti kostnaðarliðurinn er fjölgun skólastofa þannig að hver bekkur hafi sína heimastofu. (Það má hugsa sér aðrar leiðir en þær kæmu í sama stað niður — eða svipað.) Hvað vantar margar skólastofur nú á grunnskólastigi? Þessu verður svarað hér með vísbendingum eingöngu vegna þess að mörg álitamál koma upp. Tökum dæmi: Í 21 skóla í Reykjavík eru 480 deildir. Fjöldi almennra stofa er 338 en sérstofur af ýmsu tagi eru 192. Miðað við þessar tölur vantar þessa skóla 142 stofur ef hver deild ætti að hafa sína eigin almennu stofu í einsetnum skóla. Án þess að teygja sig mjög langt má telja 27 af þessum 192

stofum almennar (hugsanlega helmingi fleiri, en þá er ákveðin fórn færð). Með þessu móti fást 365 almennar stofur og þá vantar 115 almennar stofur í þessa skóla.

Sjá eftirfarandi töflu:

Reykjavík (21 skóli):	Deildir	Almennar stofur	Sérstofur	Stofur sem vantar*
Aðferð 1	480	338	192	142
Aðferð 2	480	365	165	115
Reykjanes:				
Aðferð 1	489	270	176	228
Aðferð 2	489	314	132	175
Vesturland:	172	136		36

* Deildir og almennar stofur.

Fjöldi nemenda í þessum skólum er nálægt 12 000 (1985–1986) eða um 30% nemenda á öllu landinu. Þetta þýðir að 3,8 stofur vantar fyrir hvert prósent nemenda sem þýðir um 380 almennar stofur ef svipað ástand er á landinu öllu. En það eru fleiri hliðar á þessu máli. Í fyrsta lagi má minna á að til eru fleiri stofur í þessum skólum en sem nemur fjölda bekkjardeilda, en fáir eru tilbúnir til þess að fórna öllum sérstofunum fyrir einsetningu. Það er því tómt mál um að tala. En ef svo væri þyrfti ekki að bæta við mörgum stofum. Á hinn bóginn má segja sem svo að ef sérstofurnar eru svo nauðsynlegar sem raun ber vitni og hlutfall milli sérstofa og almennra stofa í þeim skólum, sem teknir eru inn í þetta dæmi, er nálægt 6:10 virðist nauðsynlegt að margfalda þá tölu, sem áður var nefnd, með samsvarandi stuðli, þ.e. 1,6. En jafnvel þótt ekki væri gengið svo langt heldur notaður hálfur sérstofustuðull (t.d. 3:10) til þess að nálgast núverandi hlutfall væri ekki nóg að bæta við 380 stofum heldur 380 x 1,3 = 494 stofum. (Hér er byggt á tölum frá Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur haustið 1987. Allar samantektir, einfaldanir og ágiskanir eru þó höfundar.) Ekki eru teknir inn í þessar tölur nýjustu skólabyggingar í Reykjavík — svo sem Grandaskóli og Foldaskóli, en þeir breyta þessu eitthvað.

Í áðurnefndri skýrslu um samfelldan skóladag kom fram að í Reykjavík var lægst hlutfall nemenda í einsetnum skóla (10%). Næstlægst var þetta hlutfall á Vesturlandi. Ef þar eru taldar allar almennar stofur og sérstofur bóklegra greina teknar með vantar þar 36 stofur til einsetningar. (Þessar tölur eru byggðar á upplýsingum frá Fræðsluskrifstofu Vesturlands, haustið 1987.) Miðað við að í þessu umdæmi séu um 7% nemenda vantar u.þ.b. fimm stofur fyrir hvert prósent nemenda sem þýðir að það vanti 500 stofur á landinu öllu ef sama ástand ríkti. Í Reykjanesumdæmi eru 498 bekkjardeildir, 446 stofur og þar af 270 almennar stofur. (Þessar tölur eru fengnar frá Fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis, haustið 1987.) Strangt til tekið vantar þá 228 stofur. (Miðað við að rúmlega fjórðungur nemenda landsins eru í þessu umdæmi þýddi það að nálægt níu stofur þyrfti á hvert prósent nemenda.) Á sama hátt og gert var í umfjöllun um Reykjavík og Vesturland má reikna hluta sérstofa sem almennar stofur. Sé fjórðungur sérstofanna reiknaður þannig vantar 184 stofur á Reykjanesi svo að hægt sé að einsetja (eða rúmlega sjö stofur fyrir hvert prósent nemenda).

Samkvæmt skýrslu nefndar Salome Þorkelsdóttur voru ofangreind þrjú umdæmi verst sett hvað varðaði einsetningu í skóla (þ.e. lægst hlutföll nemenda í einsetnum skólum). Þrátt fyrir mörg álitamál má því ætla að milli 400 og 500 stofur þyrfti til viðbótar svo að hægt væri að koma við fullkominni einsetningu. (Þetta er byggt á tölum um fjölda bekkjardeilda og stofa frá Reykjavík, Reykjanesi og Vesturlandi en reiknað með að allt að fimmtungur núverandi sérstofa yrði notaður sem almennar stofur.) Ef miðað er við 450 stofur sem hver

kostar um 4 milljónir króna kostar þessi viðbót um 1,8 milljarða króna. Dreift á fjögur ár er hér um að ræða 450 milljónir króna á ári. Á fjárlögum 1987 er u.þ.b. 200 milljónum króna varið til skólabygginga fyrir grunnskólann en þar með er talið íþróttahúsnæði og fleira sem kemur þessu máli ekki beint við. Annað eins kemur frá sveitarfélögunum, en sú upphæð er oft hærri þegar á reynir. Ef stefna ætti að einsetningu grunnskólans innan fjögurra ára þýddi það því um 150 milljónir króna til viðbótar á ári (150 frá ríki + 150 frá sveitarfélögum + 150 viðbót = 450).

Það ætti að vera ljóst af því sem að framan er sagt að þegar til lengri tíma er litið vantar meira skólahúsnæði en þær almennu stofur sem nauðsynlegt er að hafa vegna einsetningar. En vilji menn einsetningu mætti komast langt á fjórum árum sé þessu verkefni gefinn forgangur með því að reisa 120–140 skólastofur á ári.

Í þeim tölum, sem hér voru nefndar, var gert ráð fyrir mun lægra hlutfalli sérstofa en nú er algengt. Sú einsetning, sem hér er talað um, væri því varla viðunandi þegar til lengri tíma er litið. Einnig er margt sem bendir til þess að annars konar húsnæði sé eftirsóknarvert fyrir yngstu árgangana en hentar þeim sem eldri eru og taka mætti mið af því þegar bætt er við húsnæði. Raunhæft er að ætla að í mörgum tilvikum verði 5–8 ára börn saman í skóla upp úr miðjum næsta áratug og ef gerð væri gangskör að því að leysa húsnæðisvanda vegna einsetningar væri vel til fundið að gera það með þessa aldurshópa sérstaklega í huga. En það er vissulega full ástæða til þess að taka mið af fækkun nemenda og nýta húsnæðið á fleiri en einn veg þegar fram í sækir. Vegna vandkvæða, sem skapast vegna mishraðrar uppbyggingar hverfa, má vel hugsa sér að einhver hluti þess húsnæðis, sem um er rætt, sé bráðabirgðahúsnæði sem jafnvel mætti flytja á milli staða eins og nú er gert í einhverjum mæli.

Aukinn launakostnaður kennara er oft nefndur í sambandi við einsetningu. Á því máli eru tvær hliðar. Ef ekki er gert ráð fyrir neinni viðbótarkennslu er ekki nauðsynlega um neinn viðbótarkostnað að ræða. Þótt sumir aldurshópar hafi færri kennslustundir en sem nemur kennsluskyldu kennara í fullu starfi eru fjöldamargir kennarar í hlutastarfi. Dæmið lítur svona út:

Kennslustundafjöldi kennara í fullu starfi er 29 stundir á viku en við beina kennslu bætast allar aðrar starfsskyldur hans og vinnuvikan er 46 stundir á veturna. Nokkrir árgangar barna (þ.e. 6–9 ára) eru færri tíma í skólanum en sem nemur vinnuskyldu kennara í fullu starfi auk þess sem hluti kennslustunda barnanna er hjá sérhæfðum kennurum, t.d. í handavinnu og leikfimi. Skólatími barna er þessi (Stjtíð. B, nr. 212/1984):

6 ára	breytilegur
7 ára	22 stundir
8 ára	22 stundir
9 ára	26 stundir
10 ára	29 stundir
11 ára	32 stundir
12 ára	34 stundir
13 ára	35 stundir
14 ára	35 stundir
15 ára	31–35 stundir

(Sex ára börn hafa ekki skólaskyldu en áætluð er í opinberum útreikningum ein kennslustund á viku á hvert barn. Skólatími þeirra er því breytilegur eftir umdæmum og fer eftir fjölda barna í hverjum bekk. Samkvæmt upplýsingum frá Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur eru 17–18 kennslustundir á viku algengur skólatími sex ára barna á höfuðborgarsvæðinu. Á landsbyggðinni er hann yfirleitt mun styttri.)

Síðan má benda á að stór hluti kennara er í hlutastarfi að eigin ósk. Þegar athugað var starfshlutfall 3100 kennara í skrá menntamálaráðuneytisins um starfandi skólastjóra og

kennara 1985–1986 fengust eftirfarandi hlutfallstölur. Í þessum tölum er aðeins miðað við þá sem eru settir eða skipaðir, stundakennarar eru ekki taldir með:

Í fullu starfi eru	63%
Í ⅔ úr starfi eru	15%
Í hálfu starfi eru	22%

Þegar á heildina er litið ætti því styttri starfsdagur yngstu hópanna ekki að valda sérstökum vandræðum hvað varðar skipulag vinnutíma kennara. Einsetning ætti því ekki endilega að eyðileggja möguleika kennara á eftirvinnu, en það hefur verið nefnt sem rök gegn henni. Það er því raunar ekkert sem bendir til þess að einsetning þyrfti út af fyrir sig að þýða breytingu á launakostnaði, enda þótt ýmislegt sem fylgdi í kjölfarið yrði væntanlega til þess að hækka þann lið, t.d. virðist eðlilegt að lengja skóladag yngstu aldurshópanna.

Þar kemur að hinni hlið launamála kennara. Setjum svo að árgangur sé um 4000 nemendur. Ef fjöldi nemenda er um 20 í meðalbekk eru um 200 bekkir í árgangi. Setjum svo að hver klukkustund kosti 1000 krónur í launum og vegna viðbótarrekstrarkostnaðar. Ein viðbótarstund fyrir árganginn kostar því 200 000 kr. Miðað við 34 kennsluvikur er hér um að ræða 6,8 milljónir króna á ári fyrir hverja viðbótarstund í árgangi. Sé bætt við tveim stundum á dag 5 daga vikunnar verður viðbótin fyrir þann árgang 68 milljónir króna. En sé dæmið sett upp á almennari hátt og reiknað með að 60 vikustundum sé bætt við í heildina, þannig að flestar fari þó til yngstu árganganna þá verður það viðbótarkostnaður við rekstur sem nemur 408 milljónum króna á ári.

Hvað varðar rök, sem lúta að lélegri nýtingu húsnæðis, er það að segja að ef starfsdagur í einsetnum skóla verður jafnstuttur og nú er raunin er það áhyggjuefni. Hins vegar má benda á margar leiðir til þess að nýta húsnæði skólanna. Í fyrsta lagi er sjálfsagt að lengja skóladag yngstu hópanna. Enn fremur má hugsa sér að nemendum væri í auknum mæli búin vinnuaðstaða í skólanum og starfsdagur í skólanum þannig lengdur þótt það fæli ekki alltaf í sér lengingu skóladags í venjulegum skilningi þess orðs. Það mætti einnig hugsa sér að hluti af nýju húsnæði yrði byggður með önnur not fyrir augum, t.d. stofur sem auðvelt væri að tengja saman og nota fyrir stærri hópa eða annað skólastarf svo sem námsflokka, fræðslustarf stofnana, ýmiss konar kvöldnámskeið, miðstöðvar fjarkennslu o.fl.

Það getur varla farið á milli mála að kostir einsetningar réttlæta þann stofnkostnað sem nauðsynlegur yrði og það húsnæði sem bættist við mundi verða vel nýtt jafnvel þótt fyrirsjáanleg sé nokkur fækkun nemenda. Launakostnaður mundi hugsanlega aukast í kjölfar einsetningar en ekki vegna hennar, en launakjör einstakra kennara ættu ekki að versna fyrir bragðið.

Viðauki 2.

Samfelldur skóladagur barna á grunnskólastigi.
(Fyrirspurn Unnar Stefánsdóttur og svar menntamálaráðherra, 114. mál þessa þings.)

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað eru margir skólar á landinu sem bjóða börnum á grunnskólaaldri samfelldan skóladag?*
2. *Hvenær er að vænta þess að allir grunnskólar á landinu hafi samfelldan skóladag?*

Um efni fyrri spurningarinnar eru ekki til nýrri upplýsingar en þær sem fram koma í skýrslu nefndar er fyrrverandi menntamálaráðherra, Ragnhildur Helgadóttir, skipaði til að fjalla um samfelldan skóla og tengsl heimila og skóla. Nefndin skilaði niðurstöðum sínum og heildartillögum í janúar 1986. Í framhaldi af störfum þessarar nefndar var skipuð önnur til að huga sérstaklega að samfelldum skóladegi í grunnskólum Reykjavíkur. Sú nefnd hefur ekki lokið störfum.

Skilgreining á „samfelldum skóladegi“ skiptir máli. Venja er að skilgreina samfelldan skóladag sem *samfellda viðveru*, þ.e. að nemendur þurfa aðeins að fara tvær ferðir á dag milli skóla og heimilis. Í þessu felst að þegar nemendur fara heim í hádegi er ekki um samfelldan skóladag að ræða.

Sumum foreldrum, kennurum og skólastjórum finnst eftirsóknarvert að börn komi heim í hádegismat og vilja skilgreina skóladag samfelldan þótt um fleiri en tvær ferðir sé að ræða á dag milli skóla og heimilis ef ekki eru aðrar eyður í stundatöflu. Hefur þá gjarnan verið talað um *samfelldan vinnutíma*.

Samkvæmt könnunum, sem gerðar voru á vegum fyrrnefndu nefndarinnar, má ætla að samfelldur skóladagur í merkingunni samfelld viðvera sé sem hér segir:

REYKJAVÍK (24 skólar, alls 12 709 nemendur).
Samfelld viðvera: 7 skólar eða 29% skóla með 3268 nemendum eða 26%.

REYKJANES (27 skólar alls, nemendur 10 454).
Samfelld viðvera: Að miklu leyti í 17 skólum (63%) með 7666 nemendum eða 73%.

VESTURLAND (17 skólar, nemendur alls 2851).
Samfelld viðvera: Í 9 skólum (flestir heimavistarskólar) 53% hjá 1020 nemendum eða 36%.

VESTFIRÐIR (23 skólar, nemendur alls 1863).
Samfelld viðvera: Í 13 skólum að mestu eða í 57% skóla hjá 1154 nemendum eða 62%.

NORÐURLAND VESTRA (20 skólar, nemendur alls 2041).
Samfelld viðvera: Í 16 skólum eða 80% skóla að mestu með 969 nemendum eða 47%.

NORÐURLAND EYSTRA (35 skólar, nemendur alls 4758).
Samfelld viðvera: Í 18 skólum eða 51% skóla með 1018 nemendum eða 21%.

AUSTURLAND (27 skólar, nemendur alls 2375).
Samfelld viðvera: Að mestu í 19 skólum eða 70% með 659 nemendum eða 28%.

SUÐURLAND (33 skólar, nemendur alls 3937).
Samfelld viðvera: Að mestu í 21 skóla eða 64% skóla með 1478 nemendum eða 38%.

Eins og þessar upplýsingar bera með sér er hlutfall skóla og hlutfall nemenda sem njóta samfelldrar viðveru mjög mismunandi eftir fræðsluumdæmum. Hlutfallið hækkar verulega ef spurt er um samfelldan vinnutíma. Má ætla að á landinu öllu sé samfelldur vinnutími í u.þ.b. 85% skóla og að u.þ.b. 60% nemenda hafi samfelldan vinnutíma.

Á þeim tíma, sem liðinn er síðan nefndin um samfelldan skóladag og tengsl heimila og skóla lét kanna stöðuna, má sjá ýmis merki þess að ástandið hafi batnað. Reykjavíkurnefndin lét athuga sérstaklega stöðuna í grunnskólum borgarinnar skólaárið 1986–1987 (sjá

fylgiskjal I). Þar kemur m.a. fram að í forskóla, 1., 2. og 3. bekk, er nánast um 100% samfellda viðveru að ræða. Aukaferðum milli heimilis og skóla fjölgar eftir því sem ofar kemur í grunnskólann. Í heild njóta rúmlega 70% grunnskólanemenda í Reykjavík samfelldrar viðveru og ef bætt er við þeim sem aðeins þurfa að fara eina aukaferð á viku milli heimilis og skóla er talan komin í tæp 83%.

Seinni spurningunni er ógjörningur að svara beint. Ef tryggja á samfellda viðveru fyrir alla nemendur grunnskóla þarf fjárfrekar aðgerðir. Þá þyrfti t.d. að koma upp íþróttaaðstöðu og mötuneyti við hvern skóla, fjölga starfsliði vegna gæslu o.fl. Samfelldri viðveru verður því varla komið á í einu vetfangi í öllum skólum landsins.

Ætla má að skemmri tíma taki að koma á samfelldum vinnutíma og í reynd hefur mjög þokast í þá átt á síðustu árum. Það sem líklega ræður úrslitum er stöðugleiki í kennaraliði og almenn aðstaða í skólum, svo sem skólasöfn.

Samfelld viðvera kennara í skólum er þó líklega mikilvægasta forsendan fyrir bæði samfelldri viðveru nemenda og samfelldum vinnutíma. Ráðuneytið hefur beitt sér fyrir því að skapa slíkar forsendur og jafnframt haft hliðsjón af tillögum nefndarinnar frá 1986 sem hér fara á eftir:

1. Stefnt verði að samfelldri viðveru nemenda í grunnskólum með því að:

1.1. Bæta skipulag og stundaskrárgerð.

Aukin tölvueign skóla gerir kleift að hagnýta þá tækni við stundaskrárgerð.

Við skipulag skólastarfsins verður nemandinn, tími hans og vinna að vera í brennidepli.

Þegar kennarar skipta vinnu sinni milli skóla verða þeir skólar sem í hlut eiga að hafa samráð um skiptinguna.

Fastur viðverutími kennara í skólum eykur líkur á samfelldni hjá nemendum.

1.2. Taka tillit til samfelldni við hönnun skólahúsnæðis og í framkvæmdum við skólabyggingar.

Miða stærð skóla eða stærð skipulagseininga innan skóla við 400–600 nemendur eða færri.

Hafa skóla einsetna eða því sem næst.

Gera ráð fyrir vinnuaðstöðu nemenda og kennara utan fastra kennslustunda.

Gera ráð fyrir aðstöðu til að afgreiða og neyta skólanestis eða aðstöðu til að framreiða og neyta skólamáltíða.

Stuðla þarf að frekari þróun í hönnun færanlegs skólahúsnæðis.

Hraða uppbyggingu aðstöðu fyrir list- og verkgreinar.

1.3. Efla skólasöfn og vinnuaðstöðu nemenda utan fastra kennslustunda.

Tryggja verður hverjum skóla lágmarksbókakost.

Auka þarf fjölbreytni gagna á skólasöfnum og gera þau að eins konar miðstöð skólastarfsins.

Koma þarf upp lesaðstöðu í tengslum við skólasöfn.

1.4. Gefa kost á nestispökkum eða máltíðum á skólatíma.

Ráða þarf sérstakt starfsfólk til að sjá um móttöku, afgreiðslu og fjárreiður vegna nestispakka.

Sjái nemendur og kennarar um skólanesti eða skólamáltíðir verður að umbuna þeim fyrir vinnu sína.

Til að auka líkur á að skólanesti eða máltíðir verði almennt notaðar og þar með auknar líkur á samfelldni þarf að stilla verði í hóf.
Skólamatur verður að vera í senn hollur, næringarríkur og fjölbreyttur og falla að síbreytilegum smekk nemenda.

1.5. Skipuleggja skólastarf á sveigjanlegan hátt.
Athuga þarf möguleika á að haga skipulagi starfsins þannig að nemendur geti byrjað og lokið skóladegi á mismunandi tíma.
Fella verður kennslu í list- og verkgreinum inn í aðra kennslu þannig að bæði viðvera og verkefni myndi eðlilega heild.
Losa þarf um fastmótað bekkjakerfi ef önnur hópaskipan eykur samfelldni.

Fylgiskjal I.

Samfelldur skóladagur í Reykjavík.
Forsendur og skýringar.

Á meðfylgjandi yfirliti er það talinn *samfelldur skóladagur* þegar nemandi þarf ekki, samkvæmt stundaskrá, að fara nema fimm ferðir í skólann á viku eða eina ferð á dag. Ferðir í skóla umfram þetta mark eru í yfirlitinu nefndar aukaferðir.

Kennsla í sérgreinum hindrar oft samfelldni. Sérgreinastofur, svo sem fyrir handmennt, myndmennt og tónmennt, rúma einfaldlega ekki á réttum tíma þann stundafjölda sem þar þarf að koma fyrir.

Sú sérgrein, sem þó er algengasta hindrunin, er leikfimi. Litlu salirnir, sem ekki rúma nema einn leikfimihóp í senn (tvær hálfar bekkjardeildir), hindra samfelldni í flestum tilvikum.

Hins vegar er það ekki talin aukaferð í skóla í yfirlitinu þegar nemendum er ekið í annan skóla til leikfimikennslu vegna þess að ekki er búið að byggja íþróttahús, enda er þá um bráðabirgðatilhögun að ræða. Þetta gildir m.a. um Foldaskóla og Selásskóla. Þá er það heldur ekki talin aukaferð þegar íþróttahúsið liggur of langt frá skólanum til að hægt sé að flétta leikfimitímana inn í stundaskrá hjá öllum bekkjardeildum. Þetta á við um Ölduselsskóla og Laugalækjarskóla.

Það er talin aukaferð hjá öllum nemendum þegar skólar gefa klukkustundar matarhlé um hádegi, t.d. Hagaskóli og Réttarholtsskóli. Þetta skýrir háa tíðni fimm aukaferða á viku hjá nemendum unglingadeilda (7., 8. og 9. bekkjar).

Ljóst er að tekist hefur að bæta verulega stundaskrá nemenda í grunnskólum borgarinnar að því er samfelldni varðar og hafa skólastjórar lagt sig mjög fram um það. Ekki er líklegt að öllu lengra verði komist í því efni. Þeir annmarkar, sem enn hindra samfelldni, felast því mestmegnis í ytri aðstæðum, þ.e. of þröngu sérgreinahúsnæði og vöntun á aðstöðu og starfskröftum til fullnægjandi hádegismatar. Þá þyrfti einhver aukning á heimiluðu kennslumagni að koma til.

Fylgiskjal II.

Daglegur fjöldi ferða hjá nemendum í forskóla og 1.–9. bekk í grunnskólum í Reykjavík veturinn 1986–1987.

Forskóli (5 og 6 ára): 1602 nemendur.	
Samfelldur skóladagur hjá öllum	100.0%
1. bekkur: 1478 nemendur.	
Þar af 1456 með samfelldan skóladag eða	98.5%
Þar af 22 með 1 aukaferð á viku eða	1.5%
2. bekkur: 1342 nemendur.	
Samfelldur skóladagur hjá öllum	100.0%
3. bekkur: 1281 nemandi.	
Þar af 1038 með samfelldan skóladag eða	81.0%
Þar af 132 með 1 aukaferð á viku eða	10.3%
Þar af 111 með 2 aukaferðir á viku eða	8.7%
4. bekkur: 1292 nemendur.	
Þar af 926 með samfelldan skóladag eða	71.7%
Þar af 212 með 1 aukaferð á viku eða	16.4%
Þar af 44 með 2 aukaferðir á viku eða	3.4%
Þar af 110 með 3 aukaferðir á viku eða	8.5%
5. bekkur: 1298 nemendur.	
Þar af 836 með samfelldan skóladag eða	64.4%
Þar af 264 með 1 aukaferð á viku eða	20.3%
Þar af 154 með 2 aukaferðir á viku eða	11.9%
Þar af 44 með 4 aukaferðir á viku eða	3.4%
6. bekkur: 1298 nemendur.	
Þar af 902 með samfelldan skóladag eða	69.5%
Þar af 88 með 1 aukaferð á viku eða	6.8%
Þar af 132 með 2 aukaferðir á viku eða	10.2%
Þar af 154 með 3 aukaferðir á viku eða	11.8%
Þar af 22 með 4 aukaferðir á viku eða	1.7%
7. bekkur: 1303 nemendur.	
Þar af 555 með samfelldan skóladag eða	42.6%
Þar af 198 með 1 aukaferð á viku eða	15.2%
Þar af 176 með 2 aukaferðir á viku eða	13.5%
Þar af 66 með 3 aukaferðir á viku eða	5.0%
Þar af 44 með 4 aukaferðir á viku eða	3.4%
Þar af 264 með 5 aukaferðir á viku eða	20.3%
8. bekkur: 1359 nemendur.	
Þar af 508 með samfelldan skóladag eða	37.4%
Þar af 322 með 1 aukaferð á viku eða	23.7%
Þar af 115 með 2 aukaferðir á viku eða	8.4%
Þar af 69 með 3 aukaferðir á viku eða	5.1%
Þar af 46 með 4 aukaferðir á viku eða	3.4%
Þar af 299 með 5 aukaferðir á viku eða	22.0%

9. bekkur: 1241 nemandi.

Þar af 344 með samfelldan skóladag eða	27.7%
Þar af 391 með 1 aukaferð á viku eða	31.5%
Þar af 69 með 2 aukaferðir á viku eða	5.6%
Þar af 184 með 4 aukaferðir á viku eða	14.8%
Þar af 253 með 5 aukaferðir á viku eða	20.4%

Samtals: 13 494 nemendur.

Þar af 9509 með samfelldan skóladag eða	70.5%
Þar af 1629 með 1 aukaferð á viku eða	12.1%
Þar af 801 með 2 aukaferðir á viku eða	5.9%
Þar af 399 með 3 aukaferðir á viku eða	2.9%
Þar af 340 með 4 aukaferðir á viku eða	2.5%
Þar af 816 með 5 aukaferðir á viku eða	6.1%

Viðauki 3.

Helstu heimildir.

Bjarni Torfason: *Umferðarslysin og afleiðingar þeirra.* (Heilbrigðisskýrslur 1984. Fylgirit nr. 1.)

Bolli Þór Bollason: „Hlutur kvenna á vinnumarkaðnum.“ *Morgunblaðið* 25. mars 1987.

Byggð og atvinnulíf 1985. Byggðastofnun desember 1986.

Fátækt á Íslandi. Ráðstefna haldin í Reykjavík í mars 1986 af samtökum félagsmálastjóra.

Frumvarp til laga um grunnskóla, 354. mál 109. löggjafarþings.

Fræðsluskrifstofa Reykjavíkur: Könnun varðandi morgunverð og nesti nemenda. *Skólaskýrsla barna- og gagnfræðaskóla Reykjavíkur 1973–74.*

Guðrún R. Briem: *Umferðarslys á gangandi vegfarendum í Reykjavík samkvæmt lögregluskýrslum 1981–82.*

Hafdís Hrönn Ottósdóttir: *Konan — vinnan — kjörin.* Kandídatsritgerð í viðskiptafræði við Háskóla Íslands, september 1987.

Ísland 2010. Gróandi þjóðlíf. Framkvæmdanefnd um framtíðarkönnun á vegum forsætisráðuneytisins 1987. (Sérrit 1.)

„Kennarar telja brýnt að ekki séu fleiri en 20 nemar í bekk. Könnun á högum og viðhorfum grunnskólakennara.“ *Morgunblaðið* 19. febrúar 1988.

Kristinn R. Guðmundsson: „Höfuðáverkar.“ *Læknablaðið* 1969 (5. tbl.), 1983, bls. 131–137.

Kvennalistinn: *Stefnuskrá í landsmálum 1987.*

Magnús R. Gíslason: „Svört skýrsla um tannheilsumál Íslendinga.“ *Morgunblaðið* 26. október 1984.

Manneldisráð: *Mataræði skólabarna í Reykjavík. Könnun Manneldisráðs 1977–78.* (Heilbrigðisskýrslur 1981. Fylgirit nr. 1).

Með fólki. Tímarit um uppeldismál. SAMFOK janúar 1988.
Oddur Helgason, Mjólkursamsölunni, persónulegar upplýsingar.
Ólafur Ólafsson: *Barna- og unglingaslys á Íslandi.* Landlæknisembættið september 1985.
Ólafur Ólafsson: *Mannvernd.* Landlæknisembættið desember 1987.
Skólastefna Kennarasambands Íslands 1987.
Skóli Ísaks Jónssonar 50 ára, 1926–1976. Skóli Ísaks Jónssonar 1979.
Skýrsla Efnahags- og framfarastofnunarinnar um menntastefnu á Íslandi. Menntamálaráðuneytið ágúst 1987.
Skýrsla forskólanefndar menntamálaráðuneytisins. Desember 1981.
Skýrsla frá landlæknisembættinu/lögreglunni í Reykjavík.
Skýrsla heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um íslenska heibrigðisáætlun. Lögð fyrir Alþingi 1986–87, 435. mál.
Tillögur starfshóps um forskóla, 15. mars 1984 og 15. ágúst 1986.
Vinnuhópur um tengsl heimila og skóla: *Samfelldur skóladagur. Tengsl heimila og skóla.* Menntamálaráðuneytið 1984.

Sþ. 625. Nefndarálit [7. mál]

um till. til þál. um undirbúning notkunar á blýlausu bensíni hér á landi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna á fundum sínum og fengið umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Iðntæknistofnun Íslands, Olíufélaginu Skeljungi hf., Hollustuvernd ríkisins og Bílgreinasambandinu.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er meti hvort taka eigi í notkun blýlaust bensín og hvaða aðgerða sé þörf til að svo geti orðið. Nefndin ljúki störfum eigi síðar en fyrir árslok 1988. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Vilhjálmur Egilsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. febr. 1988.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Kristín Halldórsdóttir, fundaskr.	Guðrún Helgadóttir.
Jón Kristjánsson.	Sverrir Hermannsson.	Árni Gunnarsson.

Sþ. 626. Svar [252. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um leiðbeiningarþjónustu í loðdýrarækt.

1. Leiðbeiningarþjónusta í loðdýrarækt, verkaskipting og samstarf félaga og stofnana.

Samkvæmt lögum er þannig skipað hlutverki þeirra stofnana sem spurt er um:

a. Búnaðarfélag Íslands og búnaðarsamböndin sjá um leiðbeiningarþjónustu við bændur, auk þess sem þau vinna ýmis úttektar- og eftirlitsstörf fyrir ríkissjóð (lög nr. 31/1973).
b. RALA (Rannsóknastofnun landbúnaðarins) sér um rannsóknir og tilraunir og kynnir þær niðurstöður sem þar fást fyrir öllum þeim er að málinu koma (lög nr. 64/1965).
c. Bændaskólarnir sjá um kennslu, fræðslu og námskeiðahald í loðdýrarækt, sem og í öðrum landbúnaði. Auk þess eru framkvæmdar tilraunir á skólabúunum (lög nr. 55 1978).
d. Yfirdýralæknir, héraðsdýralæknar og Tilraunastöð Háskólans að Keldum sjá um heilbrigðiseftirlit, varnir gegn sjúkdómum og almennt eftirlit. Auk þess er dýralæknir í hálfu starfi við eftirlit með innfluttum loðdýrum í sóttkví (lög nr. 11/1947 og lög nr. 77/1981).
e. Framleiðnisjóður landbúnaðarins hefur það hlutverk m.a. að styrkja uppbyggingu nýgreina og hefur því sett töluvert fjármagn í loðdýrarækt, þar á meðal til leiðbeiningarþjónustu og félagsstarfs. Hefur sjóðurinn t.d. veitt styrki til leiðbeinenda í framhaldsnámi í loðdýrarækt (lög nr. 189/1966 og lög nr. 46/1985).
f. Veiðistjóri skal annast útrýmingu refa og minka, auk rannsókna á háttum villtra dýra, og hefur sá þáttur starfseminnar aukist hin síðari ár (lög nr. 152/1957).
g. Samband íslenskra loðdýraræktenda er hagsmunasamtök loðdýrabænda.
h. Aðrir aðilar, svo sem Byggðastofnun og Rannsóknaráð ríkisins, hafa unnið að loðdýrarækt og veitt til hennar fjármagn.

Stofnanir þessar, sem eru um margt ólíkar, hafa í ýmsum verkefnum haft með sér samstarf. Má þar nefna t.d. námskeiðahald fyrir bændur, starfshóp um húsvist og byggingar og rannsóknir á íslenska melrakkanum.

2.–3. Fjármunir til leiðbeiningarþjónustu.

	1987 kr.	*1988* kr.
Hólar í Hjaltadal	2 500 000	3 100 000
Hvanneyri	2 676 000	3 000 000
Búnaðarfélag Íslands	5 749 961	
Byggðastofnun	700 000	
RALA	u.þ.b.4 500 000	
Framleiðnisjóður	7 497 000	
Yfirdýralæknir	u.þ.b.1 200 000	
Rannsóknastöð Keldum	u.þ.b.2 000 000	
SÍL	6 000 000	

Framangreint yfirlit gefur hugmynd um hversu miklu fjármagni er varið til leiðbeiningar, rannsókna og fræðslu í loðdýrarækt. Mjög erfitt getur verið í mörgum tilfellum að greina á milli verkefna, t.d. fastan kostnað, og gerir það niðurstöður ónákvæmari. Einnig er erfitt að áætla hversu mikið af fjármagni Framleiðnisjóðs kemur fram hjá öðrum aðilum. Í svari ofannefndra aðila kemur fram að fjármagn þessa árs verði með líkum hætti og mun hækka með verðbólgu. En vegna samdráttar, t.d. hjá Búnaðarfélagi Íslands, sé mjög erfitt að meta þetta nákvæmlega.

4. Skipan leiðbeiningarþjónustu og árangur hennar.

Skipan þessara mála í loðdýraræktinni er eins og mælt er fyrir í lögum og eins hjá öðrum búgreinum.

Allar þær stofnanir sem að málinu koma vinna sín verk eins vel og aðstæður leyfa, en ýmislegt hefur orðið til að þyngja róðurinn, t.d. skortur á sérmenntuðum starfsmönnum.

Þar sem loðdýrarækt er búgrein sem lýtur öðrum lögmálum á markaði en aðrar hefur hún ákveðna sérstöðu. Hagsmunasamtökin eru m.a. mjög öflug og innri starfsemi virk. Ráðuneytið hefur stutt þá og telur að það muni styrkja greinina í framtíðinni.

Loðdýrarækt hin síðari er „ung" búgrein og því vart tímabært að meta árangur af skipan leiðbeiningarþjónustu, rannsókna- og fræðslustarfsemi. Þessi mál eru mikið til umræðu um þessar mundir og skal í því sambandi bent á nefnd er landbúnaðarráðherra skipaði og hefur það meginverkefni að fjalla um framtíðarskipan leiðbeiningarþjónustu í landbúnaði. Nefnd þessi mun skila áliti fljótlega.

Sþ. 627. Svar [274. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Ríkharðs Brynjólfssonar o.fl. um forfalla- og afleysingaþjónustu bænda.

1. Forfallaþjónustu í sveitum var komið á með lögum nr. 31/1979 og tók hún til starfa um mitt ár 1980. Búnaðarfélag Íslands fer með yfirstjórn hennar í umboði landbúnaðarráðherra, en búnaðarsamböndin ráða starfsfólk, hvert á sínu svæði. Lögin kveða á um að ráða megi allt að 60 menn til afleysingastarfa á ári.

   Lögin kveða á um að fastráða eigi starfsmenn í þessi störf, en það hefur ekki tekist og því hefur orðið að samþykkja fólk er heimilin útvega sjálf.
2. Samkvæmt verðlagsgrundvelli landbúnaðarins eru heildarlaunagreiðslur í sauðfjár- og nautgriparækt um 2,96 milljarðar króna. Gert er ráð fyrir því að kostnaður við afleysingaþjónustuna muni nema um 30 milljónum króna á þessu ári sem er um 1% af heildarlaunum.

   Rétt er þó að benda á að hér er eingöngu miða við þær aðstæður er nú ríkja og engin afstaða er tekin til þess hvert þetta hlutfall yrði ef farin hefði verið samningaleiðin í sexmannanefnd og ekki væri beinlínis um lagaákvæði að ræða.
3. Til forfallaþjónustunnar var veitt á fjárlögum áranna 1980–1985, en árin 1986 og 1987 var lagt fram fé til forfallaþjónustunnar frá Stofnlánadeild landbúnaðarins með ákvæði í lánsfjárlögum og með tilvísun til laga nr. 31/1979. Fé til forfallaþjónustunnar verður með sama hætti árið 1988.

Ár	*Áætluð ársverk*	*Notuð ársverk*
1980	20	18.0
1981	25	26.0
1982	33	33.0
1983	38	51.5
1984	50	60.6
1985	60	61.5
1986	50	65.9
1987	60	66.1

4. Með bréfi landbúnaðarráðuneytisins frá 25. maí 1987 var heimilað að veitt yrði forfallaþjónusta í fjarvistum foreldra vegna sjúkrahúsdvalar barna, en að öðru leyti vísast til laga nr. 31/1979.

Sþ. 628. Tillaga til þingsályktunar [316. mál]

um bætta vettvangsþekkingu þingmanna.

Flm.: Unnur Sólrún Bragadóttir.

Alþingi ályktar að undirbúa skuli breytingu á starfi þingmanna, annarra en ráðherra, sem feli í sér að þingmönnum verði ár hvert skylt að starfa tvær vikur við almenn framleiðslu- eða þjónustustörf í sínu kjördæmi. Jafnframt skyldunni sé þetta réttur sem þingmanni ber. Þessar starfsvikur falli inn í starf þingmanna á jafneðlilegan hátt og viðvera á þingfundum gerir nú. Í þessu skyni verði sett á fót nefnd á vegum Alþingis til að undirbúa breytinguna. Nefndin starfi í náinni samvinnu við samtök launafólks og atvinnurekenda. Miðað skal við að nefndin skili áliti fyrir upphaf næsta þings.

Greinargerð.

Menntun og fyrri störf þingmanna eru margs konar og því saman komin margháttuð reynsla á Alþingi. Það er þó sláandi að fáir þingmenn koma úr almennum framleiðslu- eða þjónustustörfum, störfum sem stór hluti íslensku þjóðarinnar vinnur. Margir þingmenn hafa einhvern tíma unnið þessi störf en það er þó langt um liðið hjá flestum.

Það hefur margoft komið fram í tali þingmanna hve mikilvægt sé að bakgrunnur þeirra sé sem fjölbreytilegastur og að Alþingi endurspegli það samfélag sem best er það stjórnar. Til að svo geti orðið er nauðsynlegt að þingmenn afli sér reglulega þekkingar og reynslu á almennum framleiðslu- og þjónustustörfum, þeim störfum sem minnst eru metin og lægst eru launuð. Þeim er nauðsynlegt að vita af eigin raun hvaða kjör hinn almenni launamaður býr við og hvaða erfiði liggur að baki hverrar krónu sem þeir ráðstafa. Hálfur mánuður skipti ekki sköpum, en gæfi þingmönnum tækifæri til að komast í nána snertingu við kjör hins almenna launamanns og kynnast viðhorfum hans.

Flutningsmaður álítur eðlilegt að þau fyrirtæki sem tækju þingmenn í vinnu greiddu þeim ekki laun, en að föst þingmannslaun breyttust þann tíma og í staðinn kæmu laun samsvarandi þeim er þeir hefðu fengið á viðkomandi vinnustað.

Að sjálfsögðu er líkamlegt atgervi þingmanna ærið mismunandi en eflaust tækist að finna störf sem flestir gætu ráðið við. Þá yrðu þeir þingmenn undanskildir þátttöku í starfsvikunum sem ekki hefðu heilsu til.

Sþ. 629. Þingsályktun [108. mál]

um mótun opinberrar ferðamálastefnu.

(Afgreidd frá Sþ. 29. febr.)

Samhljóða þskj. 112.

Sþ. 630. Þingsályktun [107. mál]

um að setja upp lýsingu á Suðurlandsvegi um Hellisheiði.

(Afgreidd frá Sþ. 29. febr.)

Samhljóða þskj. 111.

Ed. 631. Frumvarp til laga [317. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

I. KAFLI

Um breytingu gjalda og tekna í fjárlögum 1988.

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1988 að hækka ríkisútgjöld um 453 000 þús. kr.

2. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1988 að hækka ríkistekjur um 488 000 þús. kr.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skuldbreyta lánum fyrirtækja í sjávarútvegi við ríkissjóð samkvæmt skuldabréfum sem út voru gefin á árunum 1984–1985 til greiðslu á opinberum gjöldum og lánum veittum skv. 1. gr. laga nr. 10/1984. Jafnframt er heimilt að skuldbreyta lánum fyrirtækja í útflutningsiðnaði allt að 10 000 þús. kr.

II. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 5/1988, lánsfjárlögum fyrir árið 1988.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1988 skal heimild Landsvirkjunar til að taka lán á árinu 1988 eigi nema hærri fjárhæð en 525 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1988 skal heimild Þróunarfélags Íslands hf. til að taka lán á árinu 1988 eigi nema hærri fjárhæð en 25 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

6. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1988 skal heimild Herjólfs hf. í Vestmannaeyjum til að taka lán á árinu 1988 eigi nema hærri fjárhæð en 75 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt að fengnu samþykki fjármálaráðherra, samgönguráðherra og fjárveitinganefndar Alþingis til hönnunar og smíði ferju.

7. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 27. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1988 skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 15 000 þús. kr. á árinu 1988.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 28. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1988 skulu greiðslur ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 1988 eigi nema hærri fjárhæð en 1 142 000 þús. kr.

III. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 14/1965, um launaskatt, með síðari breytingum.

9. gr.

1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 87/1987, orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt að fjárhæð 3,5% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Um hlutdeild opinberra byggingarsjóða í tekjum af launaskatti fer eftir ákvæðum laga nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, svo og ákvæðum lánsfjárlaga og fjárlaga hverju sinni.

10. gr.

3. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 87/1987, orðist svo:

Undanþegin skattskyldu eru vinnulaun og þóknanir:

1. Fyrir störf hjá fyrirtækjum sem flokkast undir fiskveiðar eða iðnað skv. 1., 2. eða 3. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands.
2. Fyrir störf við landbúnað, jafnt vinna bóndans sjálfs og þeirra sem hann greiðir laun, svo og vegna jarðræktarframkvæmda og annarra byggingarframkvæmda á bújörðum en þeirra sem tengjast fiskræktarstöðvum. Vinna við skógrækt telst landbúnaðarstarf í þessu sambandi.

11. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 87/1987, orðist svo:

Reki aðili fjölþættan atvinnurekstur eða starfsemi sem ýmist er launaskattsskyld eða er undanþegin launaskatti, sbr. 1. gr. og 3. mgr. 2. gr., skal hann aðgreina launagreiðslur í bókhaldi sínu þannig að séð verði hvað af þeim tilheyri hverjum þætti.

Greiðslum fyrir yfirstjórn og öðrum slíkum greiðslum, sem ekki eru beint tengdar ákveðnum þáttum starfseminnar, skal skipt í gjaldflokka launaskatts, sbr. 1. mgr. 1. gr. og 3. mgr. 2. gr., í sömu hlutföllum og eru milli heildargreiðslna í hvorum gjaldflokki, sbr. 1. mgr., áður en umræddar yfirstjórnargreiðslur eru meðtaldar og reikna launaskatt af þeim í samræmi við það.

IV. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

12. gr.

72. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur lögaðila, sbr. 2. gr., skal vera 48% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 62. gr.

V. KAFLI

Um gjald af erlendum lánum, leigusamningum o.fl.

13. gr.

Innlendir aðilar skulu greiða gjald til ríkissjóðs af erlendum lántökum, fjármögnunarleigu, kaupleigu og hliðstæðum samningum að því marki sem umsamdar lántökuheimildir eru notaðar og með þeim takmörkunum sem gerðar eru í lögum þessum. Gjaldskyldan hvílir á lántaka eða leigutaka.

Til innlendra aðila skv. 1. mgr. teljast einstaklingar, búsettir hér á landi, án tillits til ríkisfangs, stofnanir og fyrirtæki, skrásett hér á landi, og erlendir einstaklingar og fyrirtæki, búsettir eða skrásett erlendis, að því leyti sem þau reka starfsemi hér á landi.

14. gr.

Gjald skv. 13. gr. reiknast af höfuðstól gjaldskyldra samninga sem hér segir:

a. Samningur til 6 mánaða eða skemmri tíma 2%
b. Samningur til lengri tíma en 6 mánaða en þó ekki lengri tíma en eins árs 4%
c. Samningar til lengri tíma en árs 6%

Samanlagður gildistími samninga segir til um í hvaða gjaldflokk þeir falla.

15. gr.

Auk samninga um peningalán nær gjaldskylda skv. 13. gr. til samninga um kaup eða leigu á vöru, vinnu eða þjónustu gegn útgáfu hvers konar skuldaviðurkenninga eða formlegra lánssamninga. Sama gildir um hvers konar reikningsviðskipti til lengri tíma en 60 daga. Með reikningsviðskiptum er átt við vöruviðskipti, kaup á vinnu eða þjónustu, þar sem hvorki er gefin út formleg skuldarviðurkenning né formlegur lánssamningur gerður vegna viðskiptanna.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. telst aðeins gjaldskyld neikvæð nettóstaða banka og sparisjóða á reikningum þeirra hjá erlendum viðskiptabönkum vegna daglegra gjaldeyrisviðskipta eins og hún er að meðaltali á hverjum ársfjórðungi. Nettóstaðan reiknast eftir vikulegum skýrslum um gjaldeyrisjöfnuð og skal gjaldið reiknast af neikvæðri stöðu eins og hún er að meðaltali á hverjum ársfjórðungi.

16. gr.

Banki eða sparisjóður, sem hefur milligöngu um gerð eða framkvæmd gjaldskyldra samninga skv. 13. og 15. gr., skal innheimta gjald samkvæmt þessum kafla án endurgjalds. Gjaldið greiðist eigi síðar en við fyrstu afhendingu samningsandvirðis.

Innheimtu gjaldi skulu bankar og sparisjóðir skila inn á reikning ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands fyrir 10. dag næsta mánaðar eftir að innheimtan á sér stað. Greiðslu skal fylgja skilagrein í því formi og með þeim gögnum sem Seðlabanki Íslands ákveður. Gjald, sem ákvarðast skv. 2. mgr. 15. gr., skal greitt innan 10 daga frá lokum hvers ársfjórðungs.

Skili bankar og sparisjóðir ekki innheimtu gjaldi í síðasta lagi á gjalddaga skulu þeir greiða dráttarvexti, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, af hinni vangoldnu fjárhæð frá og með þeim degi.

17. gr.

Sé gjaldskyldur samningur samkvæmt þessum kafla gerður án milligöngu banka eða sparisjóðs skal skuldari leggja fram samningsskjöl í Seðlabanka Íslands innan fimm virkra daga frá því að samningur var gerður og greiða gjaldið um leið. Greiði þeir sem um ræðir í þessari grein ekki gjaldið innan tilskilins frests skal þeim gert að greiða álag er nemi 5% af þeirri fjárhæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir gjalddagann, þó ekki hærra en 25%. Eftir það skulu þeir greiða dráttarvexti, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, er reiknast skulu frá og með 15. degi næsta mánaðar eftir gjalddagann.

Heimflutningur lánsandvirðis, sem er í reiðufé, skal fara um hérlendan banka eða sparisjóð. Yfirfærsla gjaldeyris í banka eða sparisjóði vegna gjaldskyldra samninga samkvæmt ákvæðum þessa kafla er óheimil nema gjaldið hafi verið greitt.

18. gr.

Ríkissjóður skal undanþeginn gjaldi samkvæmt þessum kafla svo og stofnanir hans og ríkisfyrirtæki eftir því sem ráðherra kann að ákveða með reglugerð.

Skuldbreytingar milli sömu aðila á samsvarandi samningsfjárhæð útistandandi viðskipta, er stofnað var til fyrir gildistöku laga þessara, skulu undanþegnar gjaldi samkvæmt þessum kafla.

Fjármálaráðherra er heimilt að undanþiggja eftirtalda lánssamninga gjaldi samkvæmt þessum kafla:

1. Afurðalán vegna útflutnings, útflutningslán og birgðalán sem tekin eru erlendis eða endurlánað erlent lánsfé til útflytjenda í því skyni að flýta uppgjöri söluandvirðis við framleiðendur útflutningsafurða, svo og önnur lán sem falla undir auglýsingu nr. 309 1986 um erlend lán vegna útflutningsafurða.

2. Lán vegna hráefnakaupa fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisiðnaði. Sama á við um lán sem tekin eru erlendis vegna reksturs flugvéla og kaupskipa.
3. Ný lán sem tekin eru til greiðslu á ógjaldföllnum hluta eldra láns enda sé sýnt fram á að hin nýja lántaka hafi ekki í för með sér aukningu erlendra skulda viðkomandi aðila eða lengingu á lánstíma og að með hinni nýju lántöku sé aðeins stefnt að því að fá hagstæðari lánskjör.

19. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessa kafla. Getur hann m.a. kveðið nánar á um það sem fellur undir undanþáguheimildir 18. gr., svo og um önnur skilyrði sem hann telur nauðsynleg. Þá getur hann kveðið nánar á um að greiðslum megi skipta í fleiri en eina greiðslu til samræmis við afhendingartíma samningsandvirðis sé það reitt af höndum í áföngum.

Heimilt er að fela Seðlabanka Íslands að hafa með höndum umsjón og eftirlit með framkvæmd ákvæða þessa kafla.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

20. gr.

Ákvæði XII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um refsingar vegna brota gegn ákvæðum V. kafla.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur IV. kafli bráðabirgðalaga nr. 68/1987, um ráðstafanir í fjármálum, úr gildi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu ákvæði III. kafla laganna ekki öðlast gildi fyrr en 1. júlí 1988 og taka til launa vegna starfa sem unnin eru frá og með þeim tíma.

Ákvæði IV. kafla laganna skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1988 vegna tekna á árinu 1987 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði V. kafla laganna falla úr gildi 31. desember 1988.

Ákvæði til bráðabirgða.

Samningar, sem um ræðir í 13. og 15. gr. og gerðir voru og formlega gengið frá fyrir 10. júlí 1987, þó svo að afhending samningsandvirðis til skuldara fari ekki fram fyrr en eftir framangreint tímamark, eru undanþegnir gjaldskyldu skv. V. kafla.

Af samningum, sem um ræðir í 13. og 15. gr. og gerðir voru og formlega gengið frá á tímabilinu 10. júlí 1987 til gildistöku laga þessara, þó svo að afhending samningsandvirðis fari fram síðar, skal greiða gjald samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 68/1987.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið samstilltar aðgerðir í efnahagsmálum á sviði ríkisfjármála, lána- og peningamála og gjaldeyrismála. Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um þessar aðgerðir er fylgiskjal I með þessu frumvarpi. Tilgangur aðgerðanna er að bæta starfsskilyrði útflutningsgreina og hamla gegn viðskiptahalla og erlendri skuldasöfnun.

Þessar aðgerðir koma bæði við tekju- og gjaldahlið fjárlaga fyrir árið 1988. Jafnframt snerta þær niðurstöður lánsfjárlaga fyrir árið 1988.

Á gjaldahlið vegur þyngst sú ákvörðun ríkisstjórnar að endurgreiða að fullu uppsafnaðan söluskatt til sjávarútvegsfyrirtækja á árinu 1988, en við afgreiðslu fjárlaga var einungis gert ráð fyrir að um þriðjungur yrði endurgreiddur. Þetta hefur í för með sér tæplega 600 m.kr. útgjaldaauka fyrir ríkissjóð á þessu ári. Jafnframt hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður launaskatt í sjávarútvegi og samkeppnisgreinum iðnaðar frá 1. júlí næstkomandi. Þetta kostar ríkissjóð um 200 m.kr. á árinu.

Til þess að standa undir þessum útgjaldaauka og jafnframt halda fast við það meginmarkmið efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar að reka ríkissjóð án halla er nauðsynlegt að gera hvort tveggja í senn, skera niður ríkisútgjöld og afla ríkissjóði viðbótartekna. Þannig hefur verið ákveðið að lækka ríkisútgjöld um 300 m.kr. frá því sem ákveðið var á fjárlögum 1988, fyrst og fremst fjárfestingarútgjöld. Jafnframt hefur ríkisstjórnin ákveðið að fresta áformum um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga um eitt ár. Við þetta losnar fé sem átti að renna til sveitarfélaganna í gegnum Jöfnunarsjóð, tæplega 400 m.kr. Á móti koma aukin útgjöld vegna tilflutnings verkefna til ríkis um 131 m.kr. Samanlagt styrkist því fjárhagur ríkissjóðs um 260–270 m.kr. Til þess að mæta þeirri fjárþörf, sem eftir stendur, hefur verið ákveðið að afla ríkissjóði aukinna tekna. Tekjuöflunin felst í hækkun á tekjuskatti fyrirtækja og tvöföldun á gjaldi af erlendum lántökum sem samanlagt skilar um 300 m.kr. á þessu ári.

Með þessu móti er tryggt það meginmarkmið fjárlaganna að þau verði hallalaus á árinu 1988, enda er það forsenda þess að dregið verði úr þenslu innan lands og þar með stuðlað að hjöðnun verðbólgu á síðari hluta ársins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hækkun ríkisútgjalda um 453 m.kr. er vegna eftirfarandi liða:	M.kr.
Liðir til hækkunar	**753**
Endurgreiðsla söluskatts í sjávarútvegi	587
Starfsmenntun verkafólks	35
Útgjöld vegna frestunar á tilflutningi verkefna til sveitarfélaga	131
Liðir til lækkunar	**300**
Framlög til vegamála	125
Framlög til byggingarsjóða ríkisins	100
Framlög til K-byggingar	20
Framlög vegna lyfjakostnaðar og sérfræðiþjónustu	30
Framlög til Ríkisábyrgðasjóðs	25

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að endurgreiða að fullu uppsafnaðan söluskatt í sjávarútvegi. Þetta hefur í för með sér 587 m.kr. útgjaldaauka fyrir ríkissjóð á þessu ári og heildarframlag verður því 937 m.kr. Fjárhæðin skiptist þannig: Til fiskvinnslu renna 695 m.kr., til útgerðar 212 m.kr. og til Útflutningsráðs 30 m.kr. Framlag til Útflutningsráðs er tekið af hlut útgerðar sem annars hefði numið 242 m.kr.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir setningu laga um starfsmenntun verkafólks og á árinu 1988 verða 35 m.kr. lagðar fram í þessu skyni. Þá hefur verið ákveðið að fresta tímabundið tilflutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Sú ráðstöfun felur í sér að útgjöld ríkissjóðs hækka um 131 m.kr. og eru þau sundurliðuð á einstök verkefni í fylgiskjali III.

Jafnframt eru framlög til nokkurra útgjaldaliða lækkuð um alls 300 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlögum 1988. Þar ber helst að telja framlög til vegamála 125 m.kr. og húsbyggingarsjóða um 100 m.kr.

Um 2. gr.

Hækkun tekna ríkissjóðs um 488 m.kr. er áætluð sem hér segir:	M.kr.
Liðir til hækkunar	**688**
Hækkun á tekjuskatti fyrirtækja	130
Lækkuð skil til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	398
Hækkun á lántökugjaldi af erlendum lánum	160
Liðir til lækkunar	**200**
Niðurfelling launaskatts í sjávarútvegi og samkeppnisgreinum í iðnaði	200

Hækkun á tekjuskatti fyrirtækja felst í hækkun skatthlutfalls úr 45% í 48%. Með þeirri frestun á tilflutningi verkefna til sveitarfélaga, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, verður lögbundið framlag ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skert á sama hátt og á árinu 1987. Í þessu felst að framlagið lækkar um 398 m.kr. Enn fremur er lántökugjald af erlendum lánum tvöfaldað. Þá er gert ráð fyrir að launaskattur á fyrirtæki í sjávarútvegi og samkeppnisgreinum iðnaðarins falli niður frá 1. júlí 1988. Þetta kostar ríkissjóð 200 m.kr. á þessu ári.

Þessar aðgerðir þjóna því tvíþætta markmiði að draga úr útgjöldum innan lands og afla jafnframt nauðsynlegra tekna til að mæta aukinni endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti til fyrirtækja í sjávarútvegi, þ.e. halda fyrri markmiðum um jöfnuð í ríkisfjármálum.

Framangreind atriði skv. 1. og 2. gr. fela því í sér nokkra hækkun tekna og gjalda ríkissjóðs á fjárlögum ársins 1988. Hins vegar er óbreytt sem fyrr segir meginmarkmið fjárlaganna um jöfnuð í ríkisfjármálum eins og eftirfarandi yfirlit sýnir (allar fjárhæðir í m.kr.):

Afkoma A-hluta ríkissjóðs 1988.

	Fjárlög 1988	Endurskoðun 1988
1. Tekjur	63 091	63 579
2. Gjöld	63 065	63 518
3. Tekjur umfram gjöld (1-2)	**26**	**61**
Lánahreyfingar:		
4. Afborganir lána, veitt lán o.fl.	4 775	4 775
5. Viðskiptareikningar, nettó-útstreymi	400	400
6. Lánsfjárþörf brúttó (4+5-3)	**5 149**	**5 114**
7. Lántökur:		
Innlend lán	4 260	4 260
Erlend lán	905	905
8. Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting	**16**	**51**

Um 3. gr.

Hér er um tvo lánaflokka að ræða. Annars vegar eru útgefin skuldabréf á árinu 1984 og 1985 til greiðslu á þinggjöldum fiskvinnslufyrirtækja. Eftirstöðvar þessara lána voru um

síðustu áramót 429 m.kr. Á árinu 1988 eru afborganir 150 m.kr. og 100 m.kr. eru í vanskilum frá 1987. Lánum þessum verður skuldbreytt þannig að endurgreiðslutími verður lengdur um þrjú ár. Jafnframt verða þau afborgunarlaus á árinu 1988.

Hins vegar eru lán sem veitt voru með lögum nr. 10/1984 til hagræðingar í fiskiðnaði og til að leysa staðbundin vandamál. Eftirstöðvar þess hluta lánanna, sem varðar fiskvinnslu, voru um síðustu áramót 154 m.kr. Þessum lánum hefur verið haldið fyrir utan skuldbreytingar sem gerðar hafa verið á öðrum lánum Fiskveiðasjóðs. Á árinu 1988 verður greiðslubyrði létt um 100 m.kr. og er gert ráð fyrir að staðið verði að skuldbreytingu með hliðstæðum hætti og gert hefur verið við önnur lán Fiskveiðasjóðs.

Um 4.–6. gr.

Nauðsynlegt er að takmarka erlendar lántökur eins og kostur er. Í því skyni eru erlendar lántökur opinberra aðila lækkaðar um 100 m.kr., þar af hjá Landsvirkjun 75 m.kr. og Þróunarfélagi Íslands hf. 25 m.kr. Þá er lántökuheimild til smíði Herjólfs í Vestmannaeyjum lækkuð um 25 m.kr.

Jafnframt eru erlendar lántökur atvinnuvegasjóða lækkaðar um 175 m.kr. og skiptast þær þannig á sjóði: Fiskveiðasjóður vegna útlána 75 m.kr., Iðnlánasjóður 75 m.kr. og Iðnþróunarsjóður 25 m.kr.

Framangreindar ráðstafanir fela í sér að erlendar lántökur þjóðarbúsins til langs tíma eru lækkaðar um 300 m.kr., eða úr 9574 m.kr. í 9274 m.kr. Að öðru leyti vísast til fylgiskjals II.

Um 7. gr.

Vegna frestunar á tilflutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga um eitt ár er fallið frá því að skerða lögbundið framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs að fullu eins og gert er ráð fyrir í lánsfjárlögum 1988. Framlag ríkissjóðs í þessu skyni er áætlað 15 m.kr. á árinu 1988.

Um 8. gr.

Við afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1988 var framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga við það miðað að frumvarp um tilflutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga yrði samþykkt. Nú hefur verið ákveðið að fresta málinu um eitt ár og er því framlag ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga lækkað úr 1540 millj. kr. í 1142 m.kr., eða um 398 m.kr. Í þessu felst að lögbundið framlag ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er skert á sama hátt og á árinu 1987.

Um III. kafla.

Ákvæði þessa kafla fela í sér að 1% launaskattur, sem greiða skal samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/1987 af launum sem greidd eru í útgerð, fiskverkun og iðnaði, er felldur niður 1. júlí 1988. Áætlað er að tekjutap ríkissjóðs af þessum sökum verði um 200 millj. kr. á árinu 1988.

Um IV. kafla.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að tekjuskattur lögaðila verði 48% af skattskyldum tekjum. Við afgreiðslu fjárlaga var við það miðað að skatthlutfallið yrði 45%, sbr. lög nr. 2/1988.

Hækkunin nú er gerð í þeim tilgangi að afla ríkissjóði aukinna tekna. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1988 var tekjuskattur félaga áætlaður 1890 m.kr. Með þeirri hækkun skatthlutfallsins, sem hér er lögð til, er áætlað að tekjur ríkissjóðs hækki um 130 m.kr. á þessu ári.

Um V. kafla.

Ákvæðum þessa kafla er ætlað að leysa af hólmi gildandi ákvæði um gjald af erlendum lántökum sem nú er að finna í IV. kafla bráðabirgðalaga nr. 68/1987, um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Eðlilegt þykir að hafa þennan háttinn á í ljósi þess að umrædd bráðabirgðalög hafa enn ekki hlotið staðfestingu Alþingis.

Breytingar, sem þessi kafli hefur í för með sér frá gildandi ákvæðum umræddra bráðabirgðalaga, fela annars vegar í sér að gjaldið er tvöfaldað. Af lánum til allt að 6 mánaða verður það 2% í stað 1% áður, 4% vegna lána frá 6–12 mánaða í stað 2% áður og 6% af lánum til lengri tíma en eins árs í stað 3% áður. Hins vegar er uppsetningu og orðalagi fyrri ákvæða breytt nokkuð án þess að um efnisbreytingar sé að ræða. Með þessu er reynt að gera lögin skýrari og fyllri, jafnframt því sem styrkari lagastoðum er skotið undir framkvæmd skattheimtunnar en gert er í gildandi ákvæðum.

Um VI. kafla.

Kaflinn þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um efnahagsaðgerðir.

(29. febr. 1988.)

Ríkisstjórnin hefur ákveðið samstilltar aðgerðir á sviði gjaldeyrismála, ríkisfjármála og lána- og peningamála. Tilgangur aðgerðanna er að bæta starfsskilyrði útflutningsatvinnuvega og hamla gegn viðskiptahalla og erlendri skuldasöfnun. Einn þáttur þessara aðgerða er lækkun á gengi krónunnar um 6% sem Seðlabanki Íslands hefur ákveðið að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar. Stefnan í gengismálum verður framvegis við það miðuð að gengi krónunnar verði haldið stöðugu.

Á grundvelli stefnunnar í gengismálum og með þeim efnahagsaðgerðum, sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir, mun draga úr verðbólgu á síðari hluta ársins. Forsenda þessa er að þeirri almennu stefnu, sem mörkuð hefur verið í þeim kjarasamningum sem þegar hafa verið gerðir, verði fylgt í öðrum samningum.

Aðgerðir til að bæta hag útflutningsgreina.

* Uppsafnaður söluskattur verður að fullu endurgreiddur fyrirtækjum í fiskvinnslu og útgerðum skipa sem greiðsluskyld eru til Stofnfjársjóðs fiskiskipa, þó ekki vegna sjófrystingar og útflutnings á óunnum fiski. Endurgreiðsla þessi nemur 587 m.kr. umfram það sem fjárlög ársins 1988 gera ráð fyrir.

* Launaskattur í sjávarútvegi og samkeppnisgreinum iðnaðar fellur niður frá 1. júlí 1988. Þessi aðgerð svarar til um 200 m.kr.

* Skuldum sjávarútvegsfyrirtækja við ríkissjóð og greiðslum vegna lána ríkissjóðs, sem afgreidd voru frá Fiskveiðasjóði 1984, verður breytt í lán til lengri tíma. Áætlað er að skuldbreytingar þær, sem hér um ræðir, létti greiðsiustöðu þeirra fyrirtækja sem í hlut eiga um 370 m.kr. á árinu 1988.

* Áfram verður unnið að fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja í útflutningsgreinum í samstarfi viðskiptabanka, Byggðastofnunar og annarra lánastofnana.

* Seðlabankinn beitir sér fyrir því fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að vaxtamunur, sem bankarnir taka vegna gengisbundinna afurðalána, lækki um a.m.k. 0,25%. Seðlabankinn beitir sér einnig fyrir því að umsjónar- og eftirlitsgjald vegna afurðalána verði lækkað í fyrra horf hjá þeim bönkum sem hækkuðu gjaldið árið 1987.

* Seðlabankinn mun beina því til bankanna að þeir leysi með sveigjanlegum hætti rekstrarvandamál þeirra fyrirtækja sem þurfa á afurðalánafyrirgreiðslu umfram 75% af verðmæti birgða að halda.

* Tilhögun á greiðslu vaxta- og geymslugjalds sauðfjárafurða verður endurskoðuð.

* Olíuverð lækkar 1. mars með hliðsjón af stöðu innkaupajöfnunarreiknings, verði birgða og horfum um þróun olíuverðs á alþjóðamarkaði.

Bætt starfsskilyrði launafólks.

* Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir setningu laga um starfsmenntun verkafólks og mun ríkissjóður leggja fram fé á árinu 1988 í þessu skyni.

* Ákvæði laga og reglugerðar um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fastráðins fiskvinnslufólks verða endurskoðuð í samráði við hlutaðeigandi samtök.

Aðgerðir til að hamla gegn viðskiptahalla og erlendri skuldasöfnun.

* Ríkisútgjöld verða lækkuð um 300 m.kr. á þessu ári. Útgjöld til vegamála lækka um 125 m.kr., framlög í byggingarsjóði ríkisins lækka um 100 m.kr. og önnur útgjöld lækka um 75 m.kr.

* Áformum um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga verður frestað um ár. Við það styrkist fjárhagur ríkissjóðs um 260 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlögum ársins 1988.

* Gjald á erlendar lántökur verður tvöfaldað. Tekjuskattur félaga verður hækkaður. Samanlagt skila þessar ákvarðanir ríkissjóði 290 m.kr. á árinu. Gjald á erlendar lántökur fellur niður frá næstu áramótum.

* Erlendar lántökuheimildir fjárfestingarlánasjóða og ýmissa annarra aðila verða lækkaðar um 300 m.kr. Lántökur opinberra aðila eru lækkaðar um 100 m.kr., þar af hjá Landsvirkjun 75 m.kr. og Þróunarfélagi Íslands hf. 25 m.kr. Þá er lántökuheimild til smíði Herjólfs lækkuð um 25 m.kr. Erlendar lántökur atvinnuvegasjóða eru lækkaðar um 175 m.kr., þar af hjá Fiskveiðasjóði vegna útlána 75 m.kr., hjá Iðnlánasjóði 75 m.kr. og hjá Iðnþróunarsjóði 25 m.kr.

* Fylgt verður fast eftir framkvæmd gildandi reglna um erlendar lántökur. Hvað varðar lán, sem háð eru sérstökum leyfum, verður við það miðað að heildarfjárhæð slíkra lánsheimilda verði haldið innan tiltekinna marka á hverjum ársfjórðungi.

* Fiskveiðasjóði verður falið að fresta svo sem framast er unnt lánveitingum til nýsmíði og kaupa á fiskiskipum.

* Ríkisstjórnin mun beina því til sveitarfélaga og annarra framkvæmdaaðila að dregið verði úr framkvæmdum eftir því sem föng eru á. Mun ríkisstjórnin óska eftir viðræðum um þetta við Samband íslenskra sveitarfélaga og aðra viðkomandi aðila.

Vextir og fjármagnsmarkaður.

* Nafnvextir innlánsstofnana lækka almennt 1. mars um 1–4% eða um 2% að meðaltali.

* Seðlabankinn hefur ákveðið að lækka eigin vexti í viðskiptum við innlánsstofnanir um 2%. Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið frekari lækkun forvaxta ríkisvíxla um 1%.

* Í kjölfar efnahagsaðgerðanna verða raunvextir á spariskírteinum ríkissjóðs lækkaðir.

* Seðlabankinn mun beina því til innlánsstofnana að þær reikni dráttarvexti sem dagvexti í stað þess að reikna fulla mánaðarvexti fyrir brot úr mánuði. Ákvæði laga um dráttarvexti verða endurskoðuð.

* Lagt verður fram frumvarp um starfsemi fjármálastofnana, annarra en innlánsstofnana, sem meðal annars tryggi hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum. Jafnframt verður lagt fram frumvarp um skattskyldu fjárfestingarlánasjóða og veðdeilda banka.

Með þessum aðgerðum eru sköpuð bætt skilyrði fyrir jafnvægi í þjóðarbúskapnum sem er undirstaða framfara og batnandi lífskjara.

Fylgiskjal II.

Febrúar 1988.

Heildaryfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1988.

	Lánsfjárlög			Endurskoðun		
	Innl. lán	Erl. lán	Heildar-lán	Innl. lán	Erl. lán	Heildar-lán
I. Opinberir aðilar	**4.260**	**1.949**	**6.209**	**4.260**	**1.849**	**6.109**
Ríkissjóður, A-hluti	4.260	905[1])	5.165	4.260	905[1])	5.165
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	–	650	650	–	550	550
Sveitarfélög	–	394	394	–	394	394
II. Opinberar lánastofnanir	**6.690**	**750**	**7.440**	**6.690**	**750**	**7.440**
Byggingarsjóður ríkisins	4.800	–	4.800	4.800	–	4.800
Byggingarsjóður verkamanna	1.360	–	1.360	1.360	–	1.360
Byggðastofnun, almennar lánveitingar	250	550	800	250	550	800
Byggðastofnun, innlend skipasmíði	–	200	200	–	200	200
Framkvæmdasjóður	280	–	280	280	–	280
III. Atvinnufyrirtæki og sjóðir	**1.260**	**6.875**	**8.135**	**1.260**	**6.675**	**7.935**
Atvinnufyrirtæki	–	4.800	4.800	–	4.800	4.800
Herjólfur hf., Vestmannaeyjum	–	125[2])	125	–	100[2])	100
Flóabáturinn Baldur hf.	–	100	100	–	100	100
Fiskveiðasjóður, greiðsluhalli	150	150	300	150	150	300
Fiskveiðasjóður, útlán	250	350	600	250	275	525
Iðnlánasjóður	300	400	700	300	325	625
Iðnþróunarsjóður	50	100	150	50	75	125
Stofnlánadeild landbúnaðarins	60	–	60	60	–	60
Útflutningslánasjóður	50	50	100	50	50	100
Fjármögnunarleigur	400	800	1.200	400	800	1.200
Heildarlántökur (I+II+III)	**12.210**	**9.574**	**21.784**	**12.210**	**9.274**	**21.484**

1) Erlendar lántökur ríkissjóðs á árinu 1988 að fjárhæð 905 m.kr. eru ekki vegna eigin ráðstöfunar heldur vegna milligöngu ríkissjóðs um langtímalántökur til RARIK, raðsmíðaskipa og Mánabergsins á árinu 1988. Er hér um að ræða lántökur til að greiða upp erlend skammtímalán sem tekin voru á árinu 1987.
2) Þar af 25 m.kr. ónotuð heimild frá árinu 1987.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Fylgiskjal III.

Febrúar 1988.

Forsendur fjárlagafrumvarps og fjárlaga 1988 um tilfærslur verkefna til sveitarfélaga.

(Allar tölur í þúsundum króna.)

	Fjárlagafrumvarp 1988		Fjárlög 1988		Endurskoðun 1988[1])	
02–563 Tónlistarfræðsla		51.700		0		0
1.20 Aðrir tónlistarskólar	50.000		0		0	
6.90 Stofnkostnaðarstyrkir	1.700		0		0	
02–803 Dagvistarheimili		60.000		60.000		60.000
02–985 Félagsheimilasjóður		15.000		15.000		15.000
02–986 Íþróttasjóður		25.000		25.000		25.000
6.20 Bygging íþróttamannvirkja	25.000		25.000		25.000	
02–991 Húsfriðun		8.300		8.300		8.300
6.40 Byggða- og minjasöfn	8.300		8.300		8.300	
07–700 Málefni fatlaðra		–1.130		–1.130		–1.130
07–399 Vatnsveitur		12.000		12.000		20.000
6.01 Vatnsveitur	12.000		12.000		20.000	
08–271 Tryggingastofnun ríkisins		14.000		0		0
1.20 Heimaþjónusta aldraðra	14.000		0		0	
10–333 Landshafnir		3.800		3.800		3.800
Samtals		187.130		122.970		130.970

1) Framlög ríkissjóðs á árinu 1988 vegna frestunar á tilflutningi verkefna til sveitarfélaga.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Nd. 632. Nefndarálit [243. mál]

um frv. til l. um aðgerðir í sjávarútvegi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og fengið umsagnir frá Sjómannasambandi Íslands, Félagi íslenskra fiskmjölsframleiðenda, Félagi Sambandsfiskframleiðenda.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 1. mars 1988.

Kjartan Jóhannsson, varaform., frsm.	Unnur Sólrún Bragadóttir, með fyrirvara.	Ólafur G. Einarsson.
Alexander Stefánsson.	Kolbrún Jónsdóttir.	Einar Kr. Guðfinnsson.
	Guðni Ágústsson.	

Ed. 633. Nefndarálit [231. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 19 4. nóvember 1887, um aðför.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og það kom frá neðri deild.

Guðrún Agnarsdóttir og Eyjólfur Konráð Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Skúli Alexandersson sat fund nefndarinnar og er samþykkur þessu áliti.

Alþingi, 1. mars 1988.

Jóhann Einvarðsson, form., frsm. Guðmundur Ágústsson, fundaskr. Salome Þorkelsdóttir.

Eiður Guðnason. Stefán Guðmundsson.

Ed. 634. Frumvarp til laga [318. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Svavar Gestsson, Skúli Alexandersson.

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Tryggingaráð skipa sjö menn. Sameinað Alþingi kýs á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm menn í tryggingaráð og fimm til vara. Þá skulu Öryrkjabandalag Íslands og Landssamtökin Þroskahjálp tilnefna einn fulltrúa í ráðið sameiginlega og Öldrunarráð Íslands einn fulltrúa. Samtökin tilnefna varamenn á sama hátt.

Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi aðalmanna.

Ráðherra ákveður þóknun tryggingaráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp svipaðs efnis var flutt á síðasta löggjafarþingi en varð eigi útrætt. Flutningsmaður var Helgi Seljan. Frumvarp þetta gerði ráð fyrir tveimur viðbótarfulltrúum í tryggingaráði frá Landssamtökunum Þroskahjálp og Öryrkjabandalagi Íslands og skyldu þeir jafngildir þeim fimm fulltrúum sem Alþingi kýs í tryggingaráð.

Efri deild afgreiddi frumvarpið frá sér á þann veg að fulltrúar þessara samtaka skyldu eiga aðild að tryggingaráði sem áheyrnarfulltrúar með málfrelsi og tillögurétti. En í neðri deild var málið aðeins afgreitt til nefndar sem aldrei skilaði áliti. Nú er sú breyting gerð frá upphaflegu frumvarpi að Þroskahjálp og Öryrkjabandalagið tilnefni sameiginlega einn fulltrúa og Öldrunarráð Íslands annan.

Með tilliti til vaxandi og náins samstarfs milli Þroskahjálpar og Öryrkjabandalagsins, sem m.a. felst í samstarfshópi þeirra og sameiginlegri félagslegri framkvæmdaáætlun, þykir rétt að gera nú ráð fyrir einum fulltrúa í tryggingaráð frá þessum samtökum og að þau tilnefni hann sameiginlega. Til að koma svo til móts við, að mörgu leyti réttláta, gagnrýni á frumvarpið í fyrra, þar sem ekki var gert ráð fyrir fulltrúa aldraðra í ráðinu, þykir rétt að Öldrunarráð Íslands tilnefni fulltrúa sem eins konar samnefnara fyrir aldraða.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar með frumvarpinu frá í fyrra þar sem segir:

„Hér er gerð sú tillaga um skipan tryggingaráðs að til viðbótar hinum fimm þingkjörnu fulltrúum, sem þar sitja nú, komi tveir fulltrúar jafnréttháir, þ.e. frá Öryrkjabandalagi Íslands og Landssamtökunum Þroskahjálp.

Flutningsmaður hefur einnig hugleitt þann möguleika að fulltrúi aldraðra yrði í ráðinu einnig, en vandséð er hvaða aðili gæti tilnefnt fulltrúa þeirra í ráðið. Sé það unnt er um sjálfsagðan hlut að ræða sem ber að athuga í þeirri nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar.

Tryggingastofnun ríkisins er viðamikil og á hennar vegum fer fram víðfeðm og um leið vandasöm starfsemi. Gleggst sést þetta af frumvarpi til fjárlaga fyrir næsta ár þar sem gert er ráð fyrir að útgjöld stofnunarinnar nemi nálægt 10 milljörðum króna, eða u.þ.b. 25% ríkisútgjalda. Lífeyristryggingar eru þar upp á um 5,7 milljarða króna og sjúkratryggingar nema tæpum 3,9 milljörðum króna.

Hér er um málaflokk að ræða sem vissulega þarf og á að fá mikið fjármagn til skipta. Elli- og örorkulífeyrir er nú hvergi nærri því sem vera þyrfti til þess að allir fái þar unandi hlut. Sama er að segja um sjúkradagpeninga og svo mætti lengi telja.

Á borð þessarar stofnunar koma fjöldamörg verkefni til umfjöllunar og úrskurðar og oft mjög vandmeðfarin. Flutningsmaður fullyrðir að embættismenn þessarar stofnunar leggi sig mjög í líma við að leysa úr málum og veita sem sanngjarnasta úrlausn. Gagnrýni á ýmislegt, sem þar mætti enn betur fara, á eflaust vissan rétt á sér, enda undarlegt ef svo væri ekki með hliðsjón af þeim fjölmörgu vafaatriðum sem þar er kveðinn upp úrskurður um.

Æðsta ráð þessarar stofnunar er tryggingaráð sem m.a. setur reglur um fjölmargt á grundvelli laganna um almannatryggingar. Þangað er ýmsu því vísað sem málsaðilum þykir ekki hafa fengist viðunandi úrlausn á, auk þess sem tryggingaráð fer með yfirstjórn stofnunarinnar og hefur æðsta vald við helstu ákvarðanir.

Hér er ekki lögð til breyting á kjöri fimm fulltrúa í tryggingaráð á Alþingi og allra síst er hér verið að kasta nokkurri rýrð á þá ágætu fulltrúa sem þar sitja og hafa setið eða þeim vantreyst til góðra verka. Hins vegar eru flest vandasömustu úrlausnarefnin, álitaefnin, á þann veg að þau snerta þá aðila beint og óbeint sem lagt er til að eigi fulltrúa til viðbótar í tryggingaráði. Flutningsmaður telur það því bæði eðlilegt og sanngjarnt að þessi samtök eða fulltrúar þeirra setjist þarna inn til ákvörðunar ásamt þeim þingkjörnu fulltrúum sem fyrir eru.

Eflaust mun því haldið fram að hér komi þeir aðilar að málum sem eiga of ríkra hagsmuna að gæta fyrir umbjóðendur sína til að geta tekið hlutlausar ákvarðanir. Hitt vegur þó þyngra að mati flutningsmanns að hér munu koma að verki nákunnugir aðilar, fólk sem veit hvar skórinn helst kreppir og sem einnig getur eytt óþarfa misskilningi og tortryggni milli einstaklinga og hópa annars vegar og stofnunarinnar hins vegar.

Í stjórnarnefnd um málefni fatlaðra, sem úthlutar talsverðu fjármagni og kveður upp erfiða og vandasama úrskurði oft á tíðum, eiga fulltrúar þessara samtaka verðugan og réttmætan sess og ekki hefur heyrst um neina hagsmunaárekstra þar, miklu frekar telur flutningsmaður að þetta fyrirkomulag á skipun stjórnarnefndar hafi til heilla orðið og mælir þar af nokkurri reynslu.

Flutningsmaður telur einsýnt að á það verði látið reyna á Alþingi hver vilji þess er varðandi tryggingaráð, ekki síst með tilliti til farsællar reynslu af starfi stjórnarnefndar um málefni fatlaðra þar sem fulltrúar fatlaðra ráða svo mjög um mótun alla sem og ákvarðanatöku.

Lögin um málefni fatlaðra eru ung og þar þótti Alþingi nauðsyn til bera að hagsmunaaðilar kæmu ríkulega inn í myndina varðandi alla stjórn. Á þessum mikilvæga og víðfeðma vettvangi eru ekki síðri ástæður fyrir því að fulltrúar þessara þýðingarmiklu og öflugu samtaka komi að málum til heilla jafnt fyrir stofnunina sjálfa sem og umbjóðendur samtakanna. Því er frumvarp þetta flutt.“

Sþ. 635. Fyrirspurn [319. mál]

til fjármálaráðherra um staðgreiðslu skatta af orlofsfé.

Frá Guðmundi G. Þórarinssyni.

Með hverjum hætti fer fram staðgreiðsla skatta af orlofsfé sem launþegi fær ekki í hendur fyrr en að orlofi kemur?

Sþ. 636. Fyrirspurn [320. mál]

til menntamálaráðherra um hreindýr.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

1. Hve mörg hreindýr er talið að hafi fallið úr hor það sem af er vetri?
2. Hvaða ráðstafanir hefur ráðherra gert til að útvega fóður svo að ekki falli fleiri dýr?
3. Hefur ráðherra markað sér stefnu í þessu máli er tryggi að atburðir sem þessir eigi sér ekki stað í framtíðinni?

Nd. 637. Frumvarp til laga [321. mál]

um lyfjafræðslunefnd.

Flm.: Árni Johnsen, Geir Gunnarsson, Vilhjálmur Egilsson, Einar Kr. Guðfinnsson.

1. gr.

Markmið laga þessara er að skipuleggja og vinna að lyfjafræðslu til þess að draga úr því heilsutjóni sem misnotkun og ofnotkun lyfja veldur.

2. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, lyfjafræðslunefnd, til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti menn með þekkingu á vandamálum sem stafa af ofnotkun lyfja. Ráðherra skipar einn nefndarmann formann. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Hlutverk lyfjafræðslunefndar er:

1. Að gera tillögur til stjórnvalda um ráðstafanir til þess að sporna við ofnotkun og misnotkun lyfja.
2. Að vinna í nánu samstarfi við landlæknisembættið og Lyfjaeftirlit ríkisins.
3. Að veita alhliða leiðbeiningar varðandi lyf, m.a. með útgáfu fræðslurita og annarra fræðslugagna.
4. Að dreifa upplýsingum um skaðsemi misnotkunar og ofnotkunar lyfja.
5. Að gera tillögur til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um ráðstöfun fjár skv. 3. gr.

3. gr.

Greiða skal 1% gjald af cif-verði innfluttra lyfja og 0,8% gjald af heildsöluverði ákveðins stofns innlendrar lyfjaframleiðslu samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

4. gr.

Ráðherra setur í reglugerð, að fengnum tillögum lyfjafræðslunefndar, nánari ákvæði um framkvæmd lyfjafræðslunnar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lyfjaneysla Íslendinga hefur verið til umræðu síðustu missiri ekki síst vegna þess að fram hefur komið að Íslendingar neyti töluvert meira af sýklalyfjum heldur en nágrannaþjóðirnar. Nægir í þessu tilviki að benda á skýrslu norrænu lyfjanefndarinnar um notkun sýklalyfja á Norðurlöndum á árunum 1975–1983 en þar kemur eftirfarandi m.a. fram:



[a)] Upplýsingar fyrir 1977 ekki tiltækar.

Hins vegar hefur dregið verulega úr notkun róandi lyfja á undanförnum árum og er neyslan hér svipuð því sem gerist í nágrannalöndunum.

Skýringa á óhóflegri neyslu sýklalyfja hlýtur að vera að leita í þekkingarleysi jafnt leikra sem lærðra því að ekki verður því trúað að lyfjum sé af ásettu ráði ávísað öðruvísi hér á landi en í nágrannalöndunum. Er því fyllilega tímabært að reynt verði með fyrirbyggjandi aðgerðum að stemma stigu við þessari neyslu sem hlýtur að flokkast undir ofneyslu. Rétt er og að benda á að kostnaður samfélagsins vegna þessarar neyslu er gífurlegur og að hér ætti að vera hægt að spara verulegar fjárhæðir sé fyrirbyggjandi starfi í formi fræðslu og upplýsinga komið á fót. Mjög lítið hefur farið fyrir slíku starfi til þessa og engu sérstöku fé hefur verið varið til lyfjafræðslu. Frumvarp þetta byggist á þeirri hugmynd að hægt sé að minnka verulega skaðleg áhrif lyfjaneyslu með fyrirbyggjandi aðgerðum, séu þær markvissar og skipulegar. Til þess að ná því markmiði er nauðsynlegt að fela fræðslu- og upplýsingastarfið tilteknum aðila, lyfjafræðslunefnd, sem hafi til starfans ákveðnar fjárupphæðir sem séu það háar að fræðslan verði nógu öflug til að koma að gagni.

Samrýmist þetta þeim hugmyndum, sem fram koma í íslenskri heilbrigðisáætlun sem lögð var fram á síðasta þingi, að leggja beri áherslu fyrst og fremst á fyrirbyggjandi starf í heilbrigðisþjónustunni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Markmiðið er að draga úr misnotkun og ofnotkun lyfja og þar með því heilsutjóni sem af slíkri neyslu hlýst. Hér getur verið um að ræða bein áhrif á heilsu manna og ávanaáhrif sem geta verið hin sömu og hljótast af neyslu áfengis og annarra vímugjafa.

Um 2. gr.

Lagt er til að skipuð verði sérstök lyfjafræðslunefnd sem hafi það hlutverk að beita sér fyrir lyfjafræðslu til þess að sporna við misnotkun og ofnotkun lyfja. Um yrði að ræða fræðslu sem beint yrði jafnt til leikra sem lærðra og yrði hún unnin í samráði við landlækni og Lyfjaeftirlit.

Um 3. gr.

Lagt er til að varið verði sem nemur 1% af cif-verði innfluttra lyfja og 0,8% af heildsöluverði ákveðins stofns innlendrar lyfjaframleiðslu til fræðslustarfsins. Cif-verð lyfja á árunum 1984-1987 var sem hér segir:

1984	345 millj. kr.
1985	460 millj. kr.
1986	627 millj. kr.
1987	805 millj. kr.

Reikna má með að þáttur innlendu lyfjaframleiðslunnar sé um 10% af cif-verði innfluttu lyfjanna. Má því ætla að miðað við árið 1987 séu 8–9 milljónir króna til ráðstöfunar fyrir lyfjafræðslunefnd.

Um 4. gr.

Þegar reynsla kemst á lyfjafræðslustarfið kann að reynast nauðsynlegt að setja frekari og fyllri ákvæði um starfsemi lyfjafræðslunefndar og er gert ráð fyrir því að hægt sé að setja þau með reglugerð.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Nd. 638. Frumvarp til laga [322. mál]

um áfengisfræðslu.

Flm.: Árni Johnsen, Ólafur Þ. Þórðarson, Sverrir Hermannsson, Kristín Halldórsdóttir, Árni Gunnarsson.

1. gr.

Markmið laga þessara er að byggja upp skipulega áfengisvarnafræðslu til þess að draga úr því heilsutjóni sem misnotkun áfengis veldur.

2. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, áfengisfræðslunefnd, til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti menn sérfróðir um vandamál sem stafa af áfengisneyslu. Ráðherra skipar einn nefndarmann formann. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti:

Hlutverk áfengisfræðslunefndar er fyrst og fremst:

1. Að gera tillögur til stjórnvalda um ráðstafanir til þess að spyrna við misnotkun áfengis.
2. Að veita aðstoð og leiðbeiningar varðandi áfengisfræðslu, m.a. með útgáfu fræðslurita og annnarra fræðslugagna.
3. Að dreifa upplýsingum um skaðsemi af misnotkun áfengis.
4. Að vinna í nánu samstarfi við áfengisvarnaráð og aðra þá sem starfa á þessum vettvangi.
5. Að gera tillögur til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um ráðstöfun fjár samkvæmt 3. gr.

3. gr.

Skylt er að verja 2 prómillum af brúttósölu áfengis til áfenigsvarnafræðslu.

4. gr.

Ráðherra setur í reglugerð, að fengnum tillögum áfengisfræðslunefndar, nánari ákvæði um framkvæmd áfengisfræðslunnar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkisstjórnin skal vinna að endurskoðun áfengislaga, nr. 82/1969, með síðari breytingum, varðandi áfengisvarnir með það fyrir augum að sett verði sérstök lög um vímuefnavarnir á svipaðan hátt og gert hefur verið um tóbaksvarnir. Endurskoðuninni skal lokið fyrir 1. janúar 1989.

Greinargerð.

Eins og flestum er kunnugt hefur áfengisneysla aukist verulega á síðustu árum hér á landi. Að sama skapi hafa skaðleg áhrif neyslunnar aukist, enda hefur lítið verið gert til þessa að sporna við skaðlegum áhrifum með forvarnarstarfi þar sem lítið fé hefur verið veitt til slíkrar starfsemi. Nánast öll viðleitni samfélagsins til hjálpar hefur miðast við að veita áfengissjúklingum meðferð og ýmiss konar aðstoð eftir á. Er mál sérfróðra aðila að allvel sé að þessum þáttum staðið í dag og ber að fagna því. Miklu minna hefur verið gert í því að reyna að sporna við því að menn ánetjist áfengi, fyrst og fremst vegna þess að skilning hefur skort á því að til þess þurfi fjármuni. Einnig hefur töluvert skort á að áfengisvarnafræðslan væri nægjanlega skipuleg og markviss. Nægir þar að nefna áfengisvarnafræðslu í skólum sem varla hefur staðið undir nafni þrátt fyrir ýmiss konar opinberar reglur þar að lútandi. Er því kominn tími til að áherslum verði breytt og að meira verði lagt upp úr forvarnarstarfi en gert hefur verið m.a. til þess að ná fram þeim markmiðum sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunin vinnur að og mælt er fyrir um í íslenskri heilbrigðisáætlun sem lögð var fram á síðasta þingi og verður væntanlega lögð fram á nýjan leik innan tíðar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Það eru engin ný sannindi að misnotkun áfengis er eitt mesta þjóðfélagsböl sem Íslendingar búa við. Gildir það bæði um áfengi sem sjúkdómsvald og ekki síður um áfengi sem félagslegt vandamál. Allt of lítið hefur verið reynt til þess að sporna við misnotkun áfengis, miklu frekar er reynt að bæta orðinn skaða. Betra er heilt en gróið og er því fyllsta ástæða til þess að ryðja nýjar brautir í áfengisvarnarfræðslu sem því aðeins er mögulegt að til starfsins verði varið verulegum fjárhæðum skv. 3. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Lagt er til að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipi sérstaka nefnd, áfengisfræðslunefnd, sem hafi það að hlutverki að beita sér fyrir áfengisvarnafræðslu og öðru er henni tengjast samkvæmt frumvarpinu, t.d. ráðstöfun fjár til fræðslunnar. Nefndinni er ætlað að hafa náið samstarf við áfengisvarnaráð í öllu starfi sínu svo og aðra aðila er á þessu sviði vinna, t.d. SÁÁ.

Um 3. gr.

Lagt er til að varið verði til áfengisvarnastarfsins 2o/oo af brúttósölu áfengis. Er þetta ákvæði hliðstætt og ákvæði 15. gr. laga nr. 74/1984, um tóbaksvarnir. Um framkvæmdina mundi gilda hið sama en hún hefur gengið snuðrulaust fyrir sig.

Brúttótekjur af áfengi voru á árinu 1984, 1985 og 1986:

1984	1 408 541 milljarður
1985	2 108 934 milljarðar
1986	2 653 660 milljarðar

Má reikna með að sambærilegar tölur frá 1987 séu um 3 milljarðar sem yrðu 5–6 milljónir króna á ári til áfengisvarnafræðslu.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er lagt til að ríkisstjórnin láti vinna sérstakt frumvarp til laga um varnir gegn vímuefnum í stað þess að fela ákvæði um áfengisvarnir í lögum um framleiðslu, dreifingu og sölu áfengis eins og gert er í dag. Samkvæmt þessu er lögð til sama skipan og varðandi tóbaksvarnir. Fyllsta ástæða er til að taka til fleiri þætti en áfengi þar sem áfengi er aðeins einn hluti þeirra vímuefna sem notuð eru, að vísu sá langalgengasti. Flestir aðilar virðast sammála um að beita þurfi sömu aðferðum við varnarstarfið og er því óraunhæft að taka frekar á einum þætti en öðrum.

Rétt er að benda á að mikið verk hefur þegar verið unnið á þessum vettvangi ekki síst á vegum stjórnskipaðrar nefndar um áfengismál sem skilaði tillögum fyrir rúmu ári. Er kominn tími til að ríkisstjórnin taki afstöðu til tillagnanna og marki stefnu í þessum málum í heild.

Nd. 639. Frumvarp til laga [323. mál]

um breytingu á lögum nr. 40 7. maí 1982, um búnaðarmálasjóð.

Flm.: Árni Johnsen.

1. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein er verði 3. gr. og orðist svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða samkvæmt tillögu búgreinasambands, sem nýtur viðurkenningar samkvæmt lögum nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, eða er aðili að Stéttarsambandi bænda, að innheimta allt að 1% gjald af afurðum viðkomandi búgreinar til viðbótar gjaldi skv. 2. gr. Gjald þetta skal renna til þess búgreinasambands sem í hlut á að frádregnum kostnaði við innheimtu gjaldsins.

2. gr.

Upphaf 3. gr. laganna, er verður 4. gr., orðist svo:

Gjald það, sem ræðir um í 2. og 3. gr., o.s.frv.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1989.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur fjölbreytni aukist í félagsmálum og starfi bænda þar eð nýjar búgreinar hafa fest rætur og um þær hefur verið stofnaður félagsskapur; í kjölfar þessa hefur einnig verið stofnaður félagsskapur um hinar hefðbundnu búgreinar hverja um sig. Með lögum frá 1985, búvörulögunum, fengu þessar nýju greinar viðurkenningu löggjafans þar sem þeim var ætluð bein aðild að Stéttarsambandi bænda, en það hefur hins vegar háð starfsemi í þessum greinum að þær hafa ekki fastan tekjustofn til starfsemi sinnar. Það er út í hött að ætla búgreinafélögunum hlutverk, en engan fjárhagsgrundvöll. Nefna má Félag hrossabænda sem dæmi. Þeir þurfa nú að leigja flugvélar til þess að flytja út reiðhross, en hafa engan tryggan fjárhagslegan grundvöll að baki þessum áhættusama útflutningi og þó getur þessi útflutningur velt 60–80 milljónum króna á ári. Annað dæmi um misrétti í garð þeirra sem þessa búgrein stunda er að 25% söluskattur var settur á hrossakjöt og er það eina kjöttegundin á markaðnum sem fékk þann skatt á sig af fullum þunga og er það með öllu óviðunandi.

Meðfylgjandi fylgiskjöl eru samantekt í stuttu máli um búgreinafélögin eftir séra Halldór Gunnarsson í Holti undir Eyjafjöllum og álitsgerð Tryggva Gunnarssonar lögfræðings um breytingar á lögum um búnaðarmálasjóð, nr. 40/1982, vegna innheimtu á gjaldi til búgreinasambanda, samin fyrir búgreinasamböndin.

Fylgiskjal I.

Halldór Gunnarsson:

Stutt samantekt um búgreinafélögin.

Í nýju búvörulögunum frá 1985 var búgreinafélögunum fyrst veitt félagsleg þátttaka í Stéttarsambandi bænda og Framleiðsluráði landbúnaðarins. Fulltrúar þeirra hafa þó ekki enn tekið þátt í kosningum til stjórnar Stéttarsambandsins. Þau félög, sem hafa hlotið samþykki Stéttarsambands bænda, eru: Samband íslenskra loðdýraræktenda, Æðarræktarfélag Íslands, Landssamband kartöflubænda, Landssamband kúabænda, Félag hrossabænda, Svínaræktarfélag Íslands, Samband garðyrkjubænda, Samband eggjaframleiðenda, Landssamband sauðfjárbænda, Félag kjúklingabænda og Ferðaþjónusta bænda.

Þessi félög hafa starfað mismunandi lengi, sum yfir 10 ár, en flest formlega stofnuð sem landssamtök á árunum 1984 til 1986. Hvert félag hefur auk almennra félagsstarfa unnið einkum að markaðssetningu sinna afurða innan lands og erlendis. Mætti tilgreina verulegan árangur sumra þessara félaga.

Það sem hefur háð starfi þessara búgreinafélaga er að þeim hefur ekki verið veitt lagaheimild til gjaldtöku af afurðum til að sinna félags- og markaðsmálum. Ljóst virðist að ef þessi lagaheimild fæst ekki daga flest búgreinafélögin uppi.

Af þessari ástæðu hafa búgreinafélögin einkum sameinast um þetta baráttumál, ásamt því að endurskoðun færi fram á sjóðagjaldatöku af afurðum bænda og að gjöld til Bjargráðasjóðs og Stofnlánadeildar landbúnaðarins yrðu felld niður.

Árið 1986 lögðu búgreinafélögin fram tillögu fyrir landbúnaðarráðherra og landbúnaðarnefndir Alþingis um að lögum um búnaðarmálasjóð, nr. 40/1982, yrði breytt á þann veg að heimiluð yrði gjaldtaka af afurðaverði til bænda sem rynni til hvers búgreinafélags eða

sambands eftir afurðum hverrar búgreinar. Tillagan var rökstudd með álitsgerð frá Tryggva Gunnarssyni lögfræðingi. Flestir aðilar, sem um þetta fjölluðu á Alþingi, virtust vera þessu sammála, en formaður landbúnaðarnefndar efri deildar Alþingis var ósamþykkur því að heimiluð yrði frekari gjaldtaka, nema því aðeins að önnur gjöld yrðu felld niður. Hét hann því að vinna að framgangi þessa máls á næsta Alþingi.

Við lok Alþingis 1987 voru þessi mál enn til skoðunar. Búgreinafélögin hafa enn lagt fram tillögur fyrir landbúnaðarráðherra, þingflokka og landbúnaðarnefndir. Eftirfarandi ítrekun kom fram 12. febrúar frá Félagi kjúklingabænda, Svínaræktarfélagi Íslands og Sambandi garðyrkjubænda um afnám bjargráðasjóðsgjalds og endurskoðun sjóðagjalda:

Endurskoðun sjóðagjalda landbúnaðarins.

Við undirritaðir formenn Félags kjúklingabænda, Svínaræktarfélags Íslands og Sambands garðyrkjubænda viljum ítreka óskir okkar um að endurskoðun á sjóðagjaldakerfi landbúnaðarafurða verði lokið sem allra fyrst, en nú hafa verið starfandi nokkuð lengi fleiri en ein nefnd með þetta hlutverk án þess að sýnilegur árangur hafi orðið.

Við viljum leggja áherslu á að viðunandi lagi verði komið á sjóðagjaldatökuna og komið í veg fyrir að núverandi ófremdarástand verði enn framlengt, en innheimta núverandi gjalda er í ólestri eins og þeir vita sem til þekkja og tilviljunum háð hverjir greiða gjöldin og hverjir ekki.

Ástæða þessa ástands er m.a. sú að margir sjá ekki tilgang í að greiða sum núverandi sjóðagjöld eins og t.d. bjargráðasjóðsgjaldið sem er 0,6% af framleiðsluverðmæti og skapa ekki þann rétt sem fulltrúar neðangreindra búgreina telja að ætti að vera. Þess vegna förum við fram á að sú gjaldtaka verði felld niður.

Sama dag lögðu fulltrúar frá Landssamtökum sauðfjárbænda, Landssambandi kúabænda, Félagi hrossabænda og Sambandi eggjaframleiðenda fram tillögu um að lögum um búnaðarmálasjóð, nr. 40/1982, yrði breytt á þann veg að núverandi gjaldtaka, 0,6%, til Bjargráðasjóðs mundi verða látin renna til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins sem síðan með breyttri reglugerð yrði falið að greiða þessa gjaldtöku til viðkomandi búgreinafélags/sambands/samtaka, þó með þeirri undantekningu að 50% af gjaldtökunni af sauðfjár- og nautgripaafurðum mundi Framleiðnisjóður greiða til Bjargráðasjóðs, þar til frekari ákvörðun yrði tekin um framtíð sjóðsins.

Nákvæmur tillöguflutningur um lagabreytingu var ekki settur fram þar sem núgildandi lög um búnaðarmálasjóð, nr. 40/1982, virðast ekki heimila gjaldtöku til Bjargráðasjóðs, en í lögum um Bjargráðasjóð, nr. 51/1972, með síðari breytingum, segir í 5. gr.:

„Árlegar tekjur Bjargráðasjóðs eru:

a. Framlög sveitarfélaga, sem nema skulu 300 kr. fyrir hvern íbúa sveitarfélags miðað við 1. desember undanfarið ár. Fjárhæð þessi er miðuð við framfærsluvísitölu 1. janúar 1980 og skal síðan breytast árlega miðað við framfærsluvísitölu 1. janúar ár hvert.
b. 0,6% af söluvörum landbúnaðarins, sbr. 2. gr. laga nr. 38 frá 15. febrúar 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.
c. Framlag ríkissjóðs samkvæmt ákvörðun í fjárlögum ár hvert, þó eigi lægra en sameiginlegar tekjur samkvæmt a-lið og sem svarar 0,35% af söluvörum landbúnaðarins samkvæmt b-lið."

Þessi lagagrein er ekki virt hvað varðar a- og c-lið. Ríkissjóður hefur ekki greitt til Bjargráðasjóðs undanfarin ár, en stærsti tekjustofninn samkvæmt b-lið er gjaldtaka, einkum af hinum hefðbundnu búgreinum, sem bændur greiða af sínum tekjum, sem er þó ekki tilgreint í lögum um búnaðarmálasjóð og stendur því á veikum grunni lagalega séð, að ekki sé fastar að orði kveðið, því að lögin um búnaðarmálasjóð eru mjög skýr, hvað varðar gjald-

töku í 2. gr. þeirra laga, þar sem enginn möguleiki virðist á því að koma inn heimild um 0,6% gjaldtöku til Bjargráðasjóðs.

Búgreinafélögin studdu tillögu sína með eftirfarandi greinargerð:

Árið 1985 reyndu búgreinafélögin að fá fram breytingu á lögum nr. 40/1982 samkvæmt meðfylgjandi álitsgerð. Þá var ekki fallist á þá breytingu vegna þess að fram færi endurskoðun á sjóðagjöldum er rynni til landbúnaðarins. Nú tveimur árum síðar eru búgreinafélögin jafnfjárvana. Mikil nauðsyn er á því að ákveðið fjármagn renni til þess að vinna að markaðsöflun og á engum brennur þetta meira en búgreinafélögunum. Í nýju lögunum frá 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvara er í c-lið 1. gr. I. kafla sagt um tilgang laganna: „að nýttir verði sölumöguleikar fyrir búvörur erlendis eftir því sem hagkvæmt er talið". Hins vegar er svo hvergi nánar skilgreint í lögunum hvaða aðili eigi sérstaklega að sinna þessu verkefni. Markaðsnefnd landbúnaðarins hefur fengið fjármagn til að vinna að þessum málum, en það er skoðun búgreinafélaganna að hver búgrein verði að fá aðstöðu til að sinna þessum málum sérstaklega.

Breyting á gjaldtöku er rökstudd með eftirfarandi hætti:

1. Í skýrslu formanns Stéttarsambands bænda kemur fram að 1985 var innheimt gjald af afurðum bænda 39,3 milljónir króna, en greiddir tjónastyrkir 14,7 milljónir króna og jafnframt að ríkið greiddi ekki til sjóðsins lögbundin gjöld.
2. Innheimta þessara gjalda hefur gengið mjög illa af afurðum utan hinna hefðbundnu búgreina, en með þessari breytingu er álitið að auðveldara sé að vinna að innheimtu gjaldsins.
3. Lagt er til að helmingur gjaldtöku af sauðfé og nautgripum renni til Bjargráðasjóðs eða Tryggingastofnunar til að greiða tryggingagjöld fyrir þessar búgreinar. Miðað við síðustu ár virðist þessi greiðsla rífleg til þessa viðfangsefnis.

Ef alþingismenn ákveða með lögum þátttöku búgreinafélaga í starfi og stjórn landbúnaðarins ber þeim einnig að sjá svo um að þau geti starfað og unnið að markaðssetningu afurðanna.

Fylgiskjal II.

Álitsgerð.
(8. sept. 1985.)

Til: Halldórs Gunnarssonar f.h. búgreinasambanda.
Frá: Tryggva Gunnarssyni lögfræðingi.
Efni: Breytingar á lögum um búnaðarmálasjóð, nr. 40/1982, vegna innheimtu á gjaldi til búgreinasambanda.

Að beiðni yðar hef ég tekið saman eftirfarandi álitsgerð um atriði sem ég tel að verði að hafa í huga við umrædda lagabreytingu og þá tillögu að texta slíks lagafrumvarps. Áður en lengra er haldið skulu hér nefnd þrjú atriði varðandi núgildandi lög sem vert er að hugleiða áður en ráðist er í lagabreytingar:

a. Skipting tekna af búnaðarmálasjóðsgjaldi.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 40/1982 skulu árlegar tekjur búnaðarmálasjóðs skiptast að jöfnu milli búnaðarsambandanna annars vegar og Stéttarsambands bænda hins vegar, „er

hvort fyrir sig ráðstafar sínum hluta til nauðsynjamála bændastéttarinnar vegna verkefna þeirra, er þau hafa með höndum". Tekið er fram að Búnaðarfélag Íslands skipti milli búnaðarsambanda því fé er fellur í hlut þeirra með hliðsjón af áætluðu framleiðslumagni héraðanna af gjaldskyldum vörum og leigu. Sá rammi, sem lögin setja um til hvaða verkefna hin tilgreindu samtök verja þeim hluta tekna af gjaldinu sem kemur í þeirra hluta, er mjög rúmur.

Skilyrðið um að gjaldinu sé varið til verkefna „er þau hafa með höndum" verður ekki skilið svo þröngt að það heimili ekki Stéttarsambandi bænda að láta gjaldið eða hluta þess renna til búgreinasambanda sem önnuðust verkefni sem annars kæmu í hlut Stéttarsambands bænda. Stéttarsamband bænda getur því að óbreyttum lögum ráðstafað hluta tekna af búnaðarmálasjóðsgjaldi til búgreinasambanda sem starfsfé.

b. Innheimta gjalda af framleiðendum til félagsmála.

Í tillögum ykkar er lagt til að heimilað verði með lögum að innheimta allt að 1% gjald til viðbótar núverandi búnaðarmálasjóðsgjaldi sem ýmist er 0,25% eða 0,50% eftir framleiðslugreinum. Þó viðurkenna beri þörf búgreinasambandanna fyrir tekjur til að standa straum af kostnaði við starfsemi sína er full ástæða til þess að leiða hugann að því hversu hátt hlutfall af verði búvöru skuli innheimt sem gjald til félagsmála bænda. Menn keppast um að ræða leiðir til að draga úr framleiðslukostnaði búvara en búnaðarmálasjóðsgjaldið kemur beint til frádráttar á hlut bóndans í afurðaverðinu en verð vörunnar má ekki hækka vegna gjaldsins. Með tilkomu búgreinasambandanna ætti að öllu eðlilegu að vera hægt að draga úr verkefnum Stéttarsambandsins. Ég spyr því hvort ekki væri hugsanlegt að taka innheimtu búnaðarmálasjóðsgjaldsins í heild til endurskoðunar og huga þá að breyttri skiptingu gjaldsins og ef til vill heimild til að hækka það. Hugsanlegt væri að fara þá leið í lögum að hafa heimild fyrir ráðherra til að ákveða gjaldið mishátt eftir búgreinum að fengnum tillögum bændasamtakanna.

Varðandi starfsfé búgreinasambandanna er einnig rétt að vekja athygli á 3. mgr. 25. gr. laga nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, en þar er Framleiðsluráði landbúnaðarins heimilað að fengnu samþykki ráðherra að láta hluta af svokölluðu framleiðsluráðsgjaldi renna til samtaka framleiðenda í viðkomandi búgrein enda annist þau samtök sambærileg verkefni og Framleiðsluráði eru ætluð í lögunum vegna búgreinarinnar. Umrætt gjald má að hámarki vera 0,25% af heildsöluverði búvara, þ.e. greiðist af kaupanda vörunnar.

c. Erfiðleikar við innheimtu gjalda samkvæmt gildandi lögum.

Þó að heimildir núgildandi laga um búnaðarmálasjóð bjóði að innheimt skuli gjald af hinum ýmsu búgreinum og þar með er talin nýting hlunninda, hygg ég að þegar sleppir hinum „hefðbundnu búgreinum", þ.e. nautgripa- og sauðfjárrækt, séu skil á gjaldinu með ýmsu móti. Ég tek þó fram að ég hef ekki kannað þetta nákvæmlega. Ég hygg þó að þetta eigi sérstaklega við t.d. um veiðileigu. Ástæða þessa er ekki í öllum tilvikum sú að menn tregðist við að greiða gjaldið og standa skil á því, heldur hitt að í ýmsum greinum er gjaldstofninn óljós t.d. laxveiði er leigð og með í leigunni fylgir afnotaréttur af veiðihúsi og leiðsögn. Ég tel því ástæðu til að kanna hvernig tryggja megi betri innheimtu gjaldsins og þá hugsanlega hvort nota megi aðra gjaldstofna til innheimtu á gjöldum til félagsmála bænda.

Með tilliti til þess, sem sagt hefur verið hér að framan, er það eindregin skoðun mín að heppilegra væri að taka lögin um búnaðarmálasjóð til heildarendurskoðunar og þá í tengslum við hugsanlega endurskoðun á innheimtu gjalda til fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna. Ég tek þó fram að það er ekkert sem útilokar að slík lagabreyting, sem þið hafið

rætt um, verði gerð strax og þá fengist líka betri yfirsýn yfir frá hvaða búgreinum þessi gjöld eru komin.

Ég hef fengið í hendur tvær tillögur að breytingum á lögum nr. 40 7. maí 1982, um búnaðarmálasjóð, og mun önnur vera ættuð frá þér en hin frá Gauki Jörundssyni. Hér á eftir fylgja hugleiðingar, sem vöknuðu við lestur þessara tillagna:

1. Heimildarákvæði?

Ég tel eðlilegra að orða þetta sem heimild fyrir ráðherra eins og gert er í tillögu Gauks því að upphæð gjaldsins kann að verða mismunandi allt að 1% eftir búgreinum. Þarna er því löggjafarvaldið að framselja vald til ákvörðunar um tiltekna gjaldheimtu (skattur?) og því nauðsynlegt að atbeini ráðherra komi þar til.

2. Hvaða búgreinasambönd eiga að njóta gjaldsins?

Í lögunum er nauðsynlegt að ákvarða þau skilyrði, sem búgreinasamband verður að uppfylla til að það geti fengið slíkt gjald innheimt. Í þessu efni koma einkum þrjár leiðir til greina:

a. Hafa í lögunum sjálfstæð efnisleg skilyrði sem búgreinasamband þarf að uppfylla til að falla undir ákvæði laganna.
b. Leggja til grundvallar skilyrði og/eða viðurkenningu samkvæmt öðrum lagaákvæðum eða af þriðja aðila.
c. Hafa í lögunum engin önnur skilyrði en ráðherra ákveði hvað sé búgreinasamband í þessu sambandi og veiti því þessa heimild.

Almennt er ekki hægt að mæla með því að síðasta leiðin sé farin því að þar væri framsal löggjafarvaldsins komið út á hálan ís meðal annars með tilliti til hagsmuna gjaldendanna. En það eru reyndar ýmis atriði tengd hagsmunum gjaldendanna sem þarf að gæta að þegar ákvæði um slíka gjaldheimtu eru sett í lög. Eru það atriði eins og réttur gjaldenda til inngöngu í það félag sem gjaldsins nýtur og til þátttöku í ákvörðunum á vettvangi þeirra. Þá er óhjákvæmilegt að gera þá kröfu að aðild framleiðenda í viðkomandi grein að félaginu sé almenn og reyndar hefur þess nokkuð gætt í hliðstæðum tilvikum að slík innheimta væri bundin við félög þar sem um skylduaðild er að ræða. Viss lágmarksskilyrði verður því að setja fyrir því að búgreinasambönd geti notið slíkrar innheimtu.

Með setningu laga nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvara var landbúnaðarráðherra veitt heimild sbr. 2. mgr. 4. gr., að fengnu samþykki Stéttarsambands bænda, til að viðurkenna einstök landssamtök framleiðenda búvara til að fara með fyrirsvar vegna framleiðenda í viðkomandi grein við gerð samninga skv. a-lið 30. gr. og aðrar ákvarðanir samkvæmt lögunum. Slík viðurkenning er þó ekki í öllum tilvikum lagaskilyrði fyrir aðild búgreinasambands að ákvörðunum samkvæmt lögunum. Í greinargerð með 2. gr. þess frumvarps sem síðar urðu lög nr. 46/1985 segir m.a. um viðurkenningu búgreinasambandanna:

„Gengið er út frá því að aðeins verði viðurkennd ein samtök búvöruframleiðenda í hverri framleiðslugrein og verði það landssamtök, sem allir framleiðendur í viðkomandi grein eiga sama rétt til þátttöku í. Samtökin þurfa að hafa innan sinna vébanda a.m.k. fullan helming framleiðenda í viðkomandi búgrein, enda hafi þeir samsvarandi hlutdeild í framleiðslu hennar."

Á nýafstöðnum aðalfundi Stéttarsambands bænda voru samþykktar reglur um aðild búgreinasambanda að Stéttarsambandinu og segir þar að forsendur slíkrar aðildar séu:

1. Að búgreinasambandið sé landssamtök opið öllum framleiðendum í viðkomandi búgrein og með jafnan félagsrétt.
2. Að stjórn Stéttarsambands bænda samþykki samþykktir viðkomandi búgreinasambands.

3. Að aðeins eitt búgreinasamband sé viðurkennt í hverri framleiðslugrein.
4. Að hvert búgreinasamband kjósi á aðalfundi sínum fulltrúa á aðalfund Stéttarsambands bænda.

Samkvæmt framansögðu er ljóst að um tvenns konar viðurkenningar á búgreinasamböndum getur orðið að ræða. Almenna reglan verður sennilega sú að þessi sambönd eigi aðild að Stéttarsambandinu, einhver þeirra fái einnig viðurkenningu ráðherra og í einstaka tilvikum kunna sambönd að vera utan Stéttarsambandsins og afla sér viðurkenningar ráðherra. Til stuðnings þessu leyfi ég mér að benda á þau réttaráhrif sem viðurkenning ráðherra skv. 2. mgr. 4. gr. l. nr. 46/1985 hefur fyrir samböndin og Stéttarsambandið. Greinilegast er þetta þegar samtök sauðfjárbænda og mjólkurframleiðenda eiga í hlut. Verði þessi samtök viðurkennd af ráðherra taka þau við umboði Stéttarsambandsins til samningagerðar um heildarframleiðslumagn búvara, sbr. a-lið 30. gr. Það er því alls ekki víst að öll búgreinasamböndin kæri sig um að fá viðurkenningu ráðherra eða það verði talin heppileg skipan mála.

Tillaga mín er því sú að heimilt verði að innheimta gjald til búgreinasambanda að því skilyrði uppfylltu að þau hafi annaðhvort fengið aðild að Stéttarsambandi bænda eða viðurkenningu skv. 2. mgr. 4. gr. l. nr. 46/1985. Eftir sem áður væri það hlutverk ráðherra að meta í hverju tilviki hvort eðlilegt sé að veita búgreinasambandi slíka heimild og hlýtur þá m.a. að koma til skoðunar hvernig háttað sé þátttöku framleiðenda í viðkomandi grein í sambandinu. Séu menn hræddir við að láta þetta mat alfarið í hendur ráðherra mætti auðvitað setja tiltekin viðbótarskilyrði þegar aðeins væri um að ræða aðild að Stéttarsambandinu, t.d. um félagafjölda, framleiðslu o.fl. Ég sé ekki ástæðu til að orða slíkan texta nema fram komi óskir þar um.

Reynslan sýnir að innheimta gjalda til félagsmála í skjóli opinberra valdheimilda, svo sem með lögtaksrétti, er umdeild. Af vettvangi bænda má nefna málaferlin um innheimtu gjalda til Stofnlánadeildar landbúnaðarins og nú síðast um innheimtu gjalds til búnaðarmálasjóðs. Deilurnar um lögmæti kjarnfóðurgjaldsins snúast að hluta um þetta sama. Þó að löggjafarvaldið hafi stjórnskipulega heimild til að leggja fégjald á tiltekna þjóðfélagshópa til fullnægingar á þörfum þeirra hópa sem álögunum sæta verður að gera þá kröfu að slíkum gjöldum sé jafnað niður eftir „eðlisrökréttum og málefnalegum sjónarmiðum“ svo að notuð séu orð Hæstaréttar um þetta efni.

3. Umsagnarréttur.

Ég vek athygli á því að skv. 3. mgr. 3. gr. gildandi laga hafa tiltekin samtök tillögurétt við setningu reglugerðar um innheimtu búnaðarmálasjóðsgjalds. Íhugunarefni er hvort búgreinasamböndin eiga ekki að fá þarna aðild að því er varðar að lágmarki hið sérstaka gjald til þeirra.

Nd. 640. Frumvarp til laga [324. mál]

um öryggismálanefnd sjómanna.

Flm.: Árni Johnsen, Ólafur Þ. Þórðarson, Sverrir Hermannsson, Kristín Einarsdóttir, Árni Gunnarsson, Geir H. Haarde, Guðrún Helgadóttir.

1. gr.

Markmið laga þessara er að draga úr slysum á sjó með bættu öryggi og aðbúnaði sjómanna.

2. gr.

Samgönguráðherra skipar þrjá fulltrúa í öryggismálanefnd sjómanna til fjögurra ára í senn. Skal einn fulltrúi vera tilnefndur af samtökum sjómanna, annar af samtökum útgerðarmanna en formann skipar ráðherra án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Hlutverk nefndarinnar er:

1. Að beita sér fyrir auknu öryggi sjómanna með fræðslu og upplýsingum um fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir slys á sjómönnum við störf og aðgerðir til að bæta aðbúnað sjómanna til dvalar og vinnu á skipum.
2. Að vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um öryggismál sjómanna.
3. Að veita aðstoð og leiðbeiningar um öryggismál sjómanna.
4. Að fylgjast með og nýta reynslu og þekkingu annarra þjóða á sviði öryggismála sjómanna.

3. gr.

Tekjur öryggismálanefndar sjómanna eru:

1. 0,8% af vátryggingariðgjöldum íslenskra skipa.
2. 0,8% af slysatryggingum sjómanna á íslenskum skipum.

Nefndin gerir tillögur til ráðherra um ráðstöfun fjárins.

4. gr.

Ríkissjóður greiðir þóknun til nefndarmanna samkvæmt mati þóknananefndar.

Samgönguráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um störf öryggismálanefndar sjómanna.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1988.

Greinargerð.

Öryggismálanefnd sjómanna sem Matthías Bjarnason fyrrverandi samgönguráðherra skipaði níu alþingismönnum 1984 starfaði tímabundið til október 1986, en hluta starfstímans hafði nefndin úr fjármagni að spila til þess að reka áróður fyrir átaki í slysavörnum sjómanna. Fjármagnið sem kom til vegna uppstokkunar sjóðakerfis sjávarútvegsins skipti sköpum um það að skilningur og áhugi á öryggismálum sjómanna jókst bæði til sjós og lands, en íslenskir sjómenn búa við hæsta slysatíðni sjómanna allra nágrannalanda Íslendinga. Það er ljóst að það mun taka mörg ár að auka skilning sjómanna sjálfra á mikilvægi þess að vera vel á verði í öllu er lýtur að öryggi sjófarenda og efla virka þátttöku þeirra. Áróðursherferð þingmannanefndarinnar undir forustu Péturs Sigurðssonar fyrrverandi alþingismanns sannaði að það er hægt að gera stóra hluti í þessum efnum ef fjármagn er tryggt til verkefnisins. Hér er ætlast til fyrirbyggjandi aðgerða, áróðurs á opinberum vettvangi sem beint sé til þeirra sem á brennur. Lögin um tóbaksvarnanefnd eru ekki ósvipuð að uppbyggingu og eðli, en einnig þeim er ætlað fyrirbyggjandi starf þar sem um líf og dauða er að tefla. Markaður tekjustofn hefur ráðið úrslitum um árangur, en síðan lögin tóku gildi hefur mælst á Íslandi mesti samdráttur í heiminum í notkun tóbaks hjá einni þjóð. Nær 80% af gjaldeyristekjum Íslendinga koma frá sjávarútvegi. Sá tollur sem hafið tekur í harðri baráttu sjómanna við Ægi konung er ótrúlega mikill, nær daglega slys þar sem menn eru frá vinnu í tvær vikur eða meira og fjöldi sjómanna ferst árlega í hafi. Það er því til mikils að vinna og ekki óeðlilegt að af tryggingum skipastóls landsmanna og slysatryggingum sjómanna sé tekið gjald til þessa viðfangsefnis því að aukinn áróður og fræðsla í

öryggismálum sjómanna ætti að draga úr slysum og mannsköðum á sjó. 0,8% gjald af fyrrgreindum iðgjöldum hefði veitt öryggismálanefnd sjómanna um 6,4 millj. kr. til ráðstöfunar 1986.

Hér fer á eftir tafla yfir iðgjöld íslenska skipastólsins á árunum 1984–1986 og iðgjöld af atvinnuslysatryggingum sjómanna á sama tíma.

Iðgjöld af fiskiskipum undir 100 tonnum.

1984	109 millj. kr.
1985	118 millj. kr.
1986	153 millj. kr.

Iðgjöld af skipum yfir 100 tonnum.

1984	323 millj. kr.
1985	444 millj. kr.
1986	540 millj. kr.

Iðgjöld af öðrum skipum:

1984	65 millj. kr.
1985	71 millj. kr.
1986	80 millj. kr.

Iðgjöld af atvinnuslysatryggingu sjómanna:

1984	27 millj. kr.
1985	31 millj. kr.
1986	42 millj. kr.

Öryggismál sjómanna eru viðamikill málaflokkur sem lýtur bæði að fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir slys á sjó og aðgerðum til að bæta gerð og búnað skipa. Þar undir fellur m.a. hönnun og smíði skipa, búnaður þeirra, stöðugleiki og fjarskipti, þjálfun og menntun sjómanna og skipulag leitar og björgunar.

Á undanförnum árum hefur mikið áunnist í þessum efnum. Sett hafa verið lög og reglur sem gera auknar kröfur til gerðar og búnaðar skipa en ekki síður til útgerðarmanna og áhafna skipanna. Lögum og reglum þarf hins vegar að fylgja eftir. Aukinn öryggisbúnaður skipa og fræðsla sjómönnum til handa hefur skapað forsendu fyrir auknu öryggi þeirra sem síðan ætti að leiða til fækkunar slysa á sjó. Sjómenn sjálfir hafa sýnt þessum málum aukinn áhuga. Þrátt fyrir þetta hefur sjóslysum ekki fækkað og er mikilvægt að leitað sé allra leiða til að fækka slysum til sjós.

Í mars 1984 skipaði þáverandi samgönguráðherra Matthías Bjarnason nefnd níu alþingismanna til að gera tillögur um nauðsynlegar úrbætur í öryggismálum sjómanna. Nefndin skilaði ítarlegum tillögum sem flestar hafa þegar verið framkvæmdar. Óhætt mun því að fullyrða að árangur af starfi nefndarinnar hafi þegar komið í ljós.

Tvær ráðstefnur hafa verið haldnar um öryggismál sjómanna, 1985 og 1987. Voru þær mjög vel sóttar, ekki síst af sjómönnum sjálfum, og gagnlegar tillögur komu þar fram sem margar verða væntanlega framkvæmdar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er kveðið á um markmið laganna.

Um 2. gr.

Samkvæmt greininni skal skipa þriggja manna öryggismálanefnd sjómanna til fjögurra ára í senn.

Í greininni eru enn fremur nokkuð tæmandi ákvæði um störf öryggismálanefndarinnar.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að tekjustofn fyrir nefndina verði markaður sem 0,8% gjald af vátryggingariðgjöldum allra íslenskra skipa (skip sem eru skráð eða skráningarskyld hér á landi) og af slysatryggingum sjómanna. Sá sem tryggir þarf samkvæmt því að greiða umrætt gjald til viðfangsefnisins.

Um 4.–5. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 641. Tillaga til þingsályktunar [325. mál]

um sérstakt veiðieftirlitsskip.

Flm.: Árni Johnsen, Sverrir Hermannsson, Árni Gunnarsson,
Guðrún Helgadóttir, Margrét Frímannsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa nú þegar rekstur sérstaks veiðieftirlitsskips og kaupa eða leigja togara í því skyni eða láta Hafþór sinna því verkefni sem er hið brýnasta í sjávarútvegi Íslendinga í dag vegna smáfiskadráps. Hraðskreitt fiskveiðieftirlitsskip taki til starfa á árinu 1988.

Greinargerð.

Á vegum sjávarútvegsráðuneytisins starfa 14 menn við veiðieftirlit. Tveir þeirra eru við störf á skrifstofu, taka á móti skýrslum, svara fyrirspurnum útgerðarmanna um kvóta, reyna að koma upp um kvótasvindl, fylgjast með síldveiðum og fleira. Þriðji eftirlitsmaðurinn starfar fyrir loðnunefnd. Ellefu eftirlitsmenn skiptast á að fara út með togurum og fara í hinar ýmsu verstöðvar úti um land. Á togurum er reynt að vera með ekki færri en þrjá menn í senn og fer þá einn austur, annar norður og þriðji til Vestfjarða.

Ætlast er til að lengdarmælingar á þorski séu gerðar minnst tvisvar á dag og oftar ef þurfa þykir. Stærðarmörkin eru að ekki sé meira en 25% af 200 þorska úrtaki undir 55 sm að lengd. Á síðasta ári var viðmiðunin 30% undir 55 sm.

Í verstöðvum eiga eftirlitsmenn að fylgjast með smáfiski, vigtun fisks, samsetningu á afla dragnótabáta, fjölda neta í sjó (sem er óframkvæmanlegt) og öðru af svipuðum toga.

Fiskifræðingar Hafrannsóknastofnunar ákveða lokanir eftir tillögum eftirlitsmanna. Níu fiskifræðingar skipta þessu starfi á milli sín og er hver á vakt tíu daga í senn, svo að nýr maður þarf að setja sig inn í málin á tíu daga fresti. Enginn einn aðili hefur það að aðalstarfi að stjórna eftirlitinu.

Upplýsingaöflun hefur versnað til muna eftir að ríkismatsmenn voru lagðir af og veiðieftirlitsmenn sjávarútvegsráðuneytisins hafa lítinn sem engan tíma til þess að bera saman bækur, miðla upplýsingum hver til annars og gefa góð ráð til aukins árangurs.

Eftirlitsmaður sem fer á veiðar með togara er algjörlega háður ákvörðunum skipstjóra sem einn ræður ferðinni. Skipstjórinn getur, ef hann vill, breytt ákvörðun sinni, hætt við að veiða þorsk og farið á karfaveiðar austur í Rósagarð eða suður á Reykjaneshrygg.

Ákvörðun um skyndilokun í viku er tekin eftir því hve mörg prósent eru undir 55 sm, hve mörg skip eru á slóðinni og aflamagni. Ef t.d. fiskur undir 55 sm er undir 40% af 200 þorska úrtaki er talið þrisvar til að fullvissa sig um að fiskur á viðkomandi slóð sé of smár. Ef prósentan er hærri þá þykir ráðlegt að mæla með lokun fyrr. Alltaf er haft samband við fiskifræðing og honum sagðar niðurstöður og á hann að ákveða lokun svæðis.

Ýmsir annmarkar eru á þessari aðferð og er það helst að þetta gerist ekki nógu fljótt og markvisst og ætla ég að nefna fjögur dæmi:

I.

Ef menn byrja að veiða mikið á fiskislóð, hvar sem er á fiskimiðum við landið, flýgur fiskisagan um öll mið og flotinn siglir á fullri ferð, allir á þennan stað, tugir skipa.

Algengt er nú orðið að toga hvert tog allt að fjórum klukkutímum ef góður botn er, festur sjást á plotternum og á tækjum má sjá hvort varpan er ekki eins og hún á að vera.

Ef togari með eftirlitsmann togar hvert hal í fjóra tíma líða 13 tímar þangað til gögn eru tilbúin til að láta fiskifræðinginn vita. Það getur því verið mikið magn af smáfiski sem kannski 50 skip eru búin að afla þegar til lokunar kemur.

Svipað þessu sem ég er að lýsa gerðist á Austfjarðamiðum sl. vetur. Ganga af fjögurra ára fiski byrjaði að veiðast í Seyðisfjarðardýpi og gekk suður. Eftirlitsmenn lokuðu einu svæðinu á fætur öðru eftir því sem þeir höfðu upplýsingar. Veiðin færðist sífellt sunnar, alveg suður á Fót. Lokanirnar komu ekki að tilætluðu gagni. En skip sem hefði getað farið út fyrir svæðið hefði komið þarna að góðum notum.

II.

Skipstjóri með eftirlitsmann um borð hefur tilhneigingu, eftir að hafa aflað upplýsinga um afla og horfur, til að sneiða hjá því að fara þar sem meira er um smáfisk.

Dæmi um það: Togari siglir út Eyjafjörð, skipstjóri þarf að taka ákvörðun um að fara austur eða vestur er hann kemur út úr firðinum. Togarar á Sléttugrunni láta vita að þorskur sé smár og standist vart mælingu. Hann tekur ákvörðun um að halda vestur í von um að vera í friði. Þeir á Sléttugrunninu halda óáreittir áfram að veiða þann smáa.

III.

Frétt berst af því að nokkrir togarar séu að fá góðan afla á Rifsbanka. Togarar á Austfjarðamiðum eru að fá lítinn afla. Þeir hífa upp og setja stefnuna norður fyrir Langanes. Stímið er 8–10 tímar. Þá læðir einn skipstjóri því út úr sér á Rifsbankanum að þetta standist varla mælingu. Togarinn með mælingamanninn breytir stefnu út á Brettingsstað. Best að reyna þar. Til hvers er að sigla í flotann bara til þess að loka og þurfa að sigla til baka.

IV.

Algengast er að þorskur á togaraslóðum fari stækkandi eftir dýpi. Hann er smæstur upp á grunnunum en stækkar eftir því sem dýpkar niður í kantana. Nefna má sem dæmi um mælingu þorsks í vetur á Langanesgrunni. Á 115 faðma dýpi voru 30% undir mörkum, 18% á 130 föðmum, 8% á 150 föðmum og 3% á 170 föðmum.

Þetta vita menn reyndar af reynslunni en fá ekki tækifæri til að komast og mæla þar sem þörfin er þó að mælingamenn viti af skipum. Sum svæði, t.d. Digranesflak, Glettinganesflak og svæði út af Húnaflóa, mættu vera lokuð langtímum saman.

Það er augljóst að meiri árangur í veiðieftirliti fengist með því að hafa sérstakt skip til að fylgjast með smáfiski og er tilvinnandi að reyna það þá jafnvel fyrst um tíma og taka eftir það ákvörðun um framhaldið.

Þetta þyrfti að vera ganggott skip (líkt og Hafþór) með veiðarfæri, tæki og búnað, eins og aðrir togarar. Skipið héldi sig á togaraslóðum, tæki prufuhöl, þó aldrei lengri en 90 mínútur í senn, og lokaði svæðum ef niðurstöður mælinga sýndu að fiskur væri of smár, allt að viku í senn. Farið væri og lokuðu svæðin skoðuð og opnuð fyrr ef sú væri raunin að betur horfði með stærð fisks.

Þegar tími gæfist til frá því að fylgjast með smáfiskinum kannaði skipið önnur svæði, t.d. grálúðumið og djúpkanta, og miðlaði upplýsingum til flotans.

Til að fá upp í kostnað yrði fiskur seldur á mörkuðum eða settur í gáma, t.d. 1000 tonna afli á 50–70 milljónir. Gæta yrði þess að ekki hlæðust á skipið stjórar og skrifstofulið í landi.

Það vita allir sem vilja vita að smáfiskadrápið sem stundað er við landið er geigvænlegt, en það er opinbert leyndarmál að á margan hátt er spilað á það kvótakerfi sem nú er við lýði. Þar er smáfiskadrápið verst. Sumar togaraáhafnir eru svo forhertar að þær hafa aldrei séð smáfisk á togaramiðunum þótt áhöfn á skipi sem veiddi á sömu miðum skilaði nær 200 tonnum af undirmálsfiski á land, en sú áhöfn mátti eiga óskiptan smáfiskinn. Sama er að segja um frystitogarana þar sem stórherða þarf eftirlit með veiðum. Sérstakt veiðieftirlitsskip, sem er óháð stjórn annarra en veiðieftirlitsmanna og fiskifræðinga, er spor í rétta átt, mjög tímabært spor, því hvaða gagn er að veiðieftirliti þar sem veiðimaðurinn sjálfur, undir miklu álagi útgerðar og samkeppni, ræður stund, stað og dýpi þegar mæla skal fiskinn.

Sem dæmi um hrikalegt seiðadráp á miðum landsins má nefna hið yfirgengilega seiðadráp í rækjutrollinu við Eldey sl. haust. Því var ekki hætt fyrr en sumum rækjuskipstjórum ofbauð, en þarna var um ýsuseiði að ræða. Einnig væri vert að kynna sér hvernig þeir á dönsku togurunum við Grænland útbúa rækjutrollin þannig að smárækjan sleppur í gegn. Hérlendis er vitað um rækjuveiðiskip, og þau sum stór, sem smækka riðilinn þannig að ekki einu sinni marfló slyppi í gegn, enda eru engar reglur til um möskvastærð rækjutrolla.

Sþ. 642. Tillaga til þingsályktunar [326. mál]

um könnun á áhrifum steinatöku í náttúru Íslands og hertar reglur í þeim efnum til náttúruverndar.

Flm.: Árni Johnsen, Salome Þorkelsdóttir, Sverrir Hermannsson, Árni Gunnarsson, Guðrún Helgadóttir, Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra að láta Náttúrufræðistofnun Íslands kanna áhrif steinatöku á náttúru Íslands. Hert verði eftirlit til varnar náttúruskemmdum með steinatínslu og tollgæslu falið að fylgjast með útflutningi á íslenskum steinum.

Greinargerð.

Allt bendir til þess að steinatínsla sé nú orðin til skaða á nokkrum stöðum á landinu og vitað er að erlendir ferðamenn og íslenskir aðilar flytja út íslenska steina í stórum stíl og selja á erlendum markaði. Í erlendum ritum steinasafnara hefur það aukist undanfarin ár að birt eru kort og greinar frá Íslandi um forvitnilegustu steinatínslusvæði og er þar víða um að ræða svæði sem eru með sjaldgæfum steintegundum og í sumum tilvikum svæði þar sem bannað er að tína steina. Engin sérstök könnun hefur farið fram á vegum íslenskra vísindamanna. Dr. Sveinn Jakobsson jarðfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands telur fulla ástæðu til þess að kanna skipulega áhrif steinatöku á náttúru Íslands og er Náttúrufræðistofnun Íslands

reiðubúin til þess að taka það verkefni að sér. Samkvæmt kostnaðaráætlun dr. Sveins má áætla að slík könnun kosti um 170 þús. kr. (verðlag í des. 1986).

Meðfylgjandi er kostnaðaráætlun frá Náttúrufræðistofnun á könnun sem hægt er að draga ályktanir af og grípa til aðgerða eftir og einnig fylgir greinargerð dr. Sveins Jakobssonar um málið.

Fylgiskjal I.

Náttúrufræðistofnun:

Athugun á áhrifum steinatöku á Íslandi.

Aukakostnaður (verðlag des. 1986):	
Laun BS-jarðfræðings, 2 mánuðir	67 000
Laun BS-jarðfræðings, yfirvinna	13 500
Laun BS-jarðfræðings, dagpeningar í 30 daga	33 000
Akstur, 3000 km	35 000
Ýmislegt, útbúnaður o.fl.	20 000
Alls	168 000

Fylgiskjal II.

Dr. Sveinn Jakobsson:

Greinargerð um steinatöku á Íslandi.
(5. des. 1986.)

Steinn (steintegund) merkir í þessari greinargerð það sem á ýmsum öðrum málum heitir *mineral*: það fasta efni eða efnasamband sem finnst sjálfstætt í náttúrunni og ekki er af lífrænum toga.

Ísland hefur um langan aldur verið vel kynnt vegna fallegra holufyllinga, þ.e. steintegunda sem myndast hafa í holrými bergs við jarðhitaummyndun. Algengustu holufyllingarnar eru kvarssteinar, kalsít (silfurberg) og geislasteinar. Hér á landi eru þekkt 12 afbrigði kvars, 2 afbrigði kalsíts, en geislasteinar skiptast í 20 tegundir. Auk þess eru fágætari tegundir holufyllinga, en þær skipta mörgum tugum.

Holufyllingar er einkum að finna í bergmyndunum frá tertíertíma. Þessi svæði eru mikilvægust: Austurland, frá Hornafirði í Borgarfjörð eystri; Suðvesturland, frá Esju í Norðurárdal í Borgarfirði; Austur-Barðastrandarsýsla, frá Kollafirði í Gufufjörð; og Eyja-

fjarðarsýsla, frá Svalbarðsströnd í Siglufjörð. Síðan eru margir einstakir staðir utan þessara svæða sem of langt mál yrði að telja upp hér.

Bergmyndanir eru víðast hvar viðkvæmar fyrir steinatínslu. Stafar þetta af því að endurnýjun er mjög hæg. Það dæmi skal tekið að sé venjuleg fjallsskriða hreinsuð af holufyllingum má ætla að nokkrir áratugir líði áður en allt er komið í samt horf á ný.

Ásókn í þessar holufyllingar hefur aukist til muna, einkum undanfarinn áratug. Fyrir þessu eru eftirfarandi ástæður helstar: Áhugi almennings á steinafræði hefur vaxið mjög hér á landi, samfara auknum ferðalögum innan lands. Áhugi útlendinga á íslenskri steinafræði hefur aukist, m.a. vegna greina sem birst hafa í erlendum tímaritum um íslenska steinafræði.

Ástæða er til að ætla að steinatínsla sé nú orðin til skaða á nokkrum stöðum á landinu, einkum í Berufirði, Eskifirði, Breiðdal, Hvalfirði og á Hjallahálsi (milli Þorskafjarðar og Djúpafjarðar). Auk þess hefur öll umgengni á þessum stöðum versnað. Yfirleitt er útlendingum kennt hér um, en telja má öruggt að áhrif þeirra séu orðum aukin. Stór hópur Íslendinga fæst nú við steinasöfnun. Þannig eru nú 75 íslenskir steinasafnarar á skrá hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, en ætla má að þeir fari í söfnunarferðir reglubundið. Hitt ber á að líta, að söfnun útlendinga er alvarlegri að því leyti að sýnishornin hverfa úr landi.

Örðugt er að leggja hér fram ákveðnar tillögur til úrbóta án þess að kanna þessi mál nánar. Einar Þórarinsson, safnvörður í Neskaupstað, hefur rannsakað steinatöku á svæðinu frá Borgarfirði eystri til Hamarsfjarðar (skýrsla, mars 1981), en nauðsynlegt er að kanna allt landið í þessu tilliti, og þá ekki síður óbyggð svæði sem byggð. Sem dæmi má nefna að steinatínsla er veruleg í Hvalfirði, en engar kvartanir hafa borist þaðan vegna þess að ekki er um byggð svæði (bújarðir) að ræða.

Athuga þarf gaumgæfilega hvort friða eigi ákveðin svæði fyrir steinatínslu. Steintegundir eru mjög mismunandi að stærð, sama tegundin er í sumum tilvikum aðeins brot úr millimetra í þvermál, í öðrum tilvikum tugir sentimetra á lengd. Það er því ekki gerlegt að friða ákveðnar tegundir. Huga þarf að þýðingu fræðslustarfs í samráði við Náttúruverndarráð. Einnig má athuga hvort herða eigi eftirlit með farangri útlendinga, einkum á Seyðisfirði.

Ed. 643. Nefndarálit [317. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin ræddi frumvarpið á fundi sínum í morgun og komu til viðtals við hana: Tómas Árnason og Bjarni Bragi Jónsson Seðlabanka, Már Elísson Fiskveiðasjóði, Davíð Gunnarsson Ríkisspítölunum, Gunnlaugur Sigmundsson Þróunarfélagi Íslands, Gunnar Þorsteinsson Verðlagsstofnun, Halldór Jónatansson, Jóhann Már Maríusson og Örn Marinósson Landsvirkjun, Eggert G. Þorsteinsson Tryggingastofnun, Magnús Guðjónsson og Sigurgeir Sigurðsson Sambandi ísl. sveitarfélaga, Sigurður Guðmundsson og Hilmar Þórisson Húsnæðisstofnun og Þórður Friðjónsson Þjóðhagsstofnun. Með nefndinni störfuðu Gunnar Hall Fjárlaga- og hagsýslustofnun og Bolli Bollason fjármálaráðuneyti.

Tilgangurinn með frumvarpinu er annars vegar að styrkja stöðu útflutnings- og samkeppnisgreina og hins vegar að draga úr viðskiptahalla og erlendri skuldasöfnun. Liður í því er 6% gengislækkun, en jafnframt er kostnaðarliðum létt af þessum atvinnugreinum með niðurfellingu launaskatts frá 1. júlí nk. og endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts til fyrirtækja í fiskvinnslu og útgerða skipa sem greiðsluskyld eru til Stofnfjársjóðs fiskiskipa, þó ekki til sjófrystingar og útflutnings á óunnum fiski, auk annarra aðgerða. Þessar ráðstafanir kosta

ríkissjóð um 800 millj. kr., en þessum tekjumissi er mætt með lækkun útgjalda og með því að afla ríkissjóði nýrra tekna. Jafnframt er gert ráð fyrir að sveitarfélögin taki að sínum hluta þátt í þessum aðgerðum með því að lögfestingu frumvarpsins um verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er slegið á frest. Með því er haldið fast við það markmið að ríkissjóður verði rekinn án halla á árinu.

Stefnt er að því að draga úr erlendum lántökum á árinu með 300 millj. kr. lækkun á erlendum lántökuheimildum og tvöföldun lántökugjaldsins sem fellur niður um næstu áramót.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins og mun minni hl. skila séráliti. Meiri hl. mælir með samþykkt frumvarpsins.

Ingibjörg Daníelsdóttir sat fund nefndarinnar.

Jóhann Einvarðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. mars 1988.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Valgerður Sverrisdóttir.
	Eiður Guðnason.	

Ed. 644. Nefndarálit [317. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Ríkisstjórnin lagði fram í gær frumvarp um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Allt of skammur tími hefur því verið til þess að fjalla um málið. Enginn kostur var gefinn á því að senda málið út til umsagnar en fyrir nefndina voru kallaðir fulltrúar tíu aðila sem málið snertir. Kom mjög margt fróðlegt fram í þeim viðræðum sem nefndin átti við þessa fulltrúa frá klukkan hálf níu til klukkan hálf eitt í dag. Verður það nú rakið lauslega en í lok nefndarálitsins vikið að einstökum þáttum málsins.

Raunvextir hafa ekki lækkað.

Það kom fram í svari Tómasar Árnasonar, bankastjóra Seðlabankans, að raunvextir lækka ekki þessa dagana þrátt fyrir breytingar á nafnvöxtum enda ná þær breytingar einungis til óverðtryggðra lána. Það kom fram í máli Seðlabankamanna að raungengi íslensku krónunnar hækkar milli áranna 1987 og 1988 um 8% og er það til marks um þrönga stöðu útflutningsatvinnuveganna.

Skerðing sem kemur niður á fiskvinnslunni.

Það kom fram í máli Más Elíssonar, forstjóra Fiskveiðasjóðs, að forráðamenn sjóðsins höfðu engar upplýsingar fengið áður en frumvarpið var lagt fram um þær skyldur sem Fiskveiðasjóður á að axla samkvæmt frumvarpinu. Már taldi að skerðingin á erlendum lánsfjárheimildum Fiskveiðasjóðs kæmi fyrst og fremst niður á fiskvinnslunni í landinu. Hann skýrði frá því að fyrir lægju umsóknir um innflutning og nýsmíði 42 fiskiskipa fyrir 2,5 milljarða króna sem væri álíka upphæð og nam kaupum á fiskiskipum og nýsmíði samanlagt á árunum 1986–1987.

„Allt tekið aftur.“

Forstjóri Ríkisspítalanna var kallaður fyrir nefndina vegna áforma ríkisstjórnarinnar um að skera niður framlög til K-byggingar Landspítalans. Byggingin er þegar orðin þremur árum á eftir áætlun. Hann upplýsti að fyrrverandi formaður stjórnarnefndar Ríkisspítalanna, Friðrik Sophusson, hefði barist fyrir því að fá hækkun á framlögum til K-byggingar upp á 50 millj. kr., en hann hefði náð fram 20 millj. kr. „Nú er þetta allt tekið aftur,“ sagði forstjórinn.

„Kyrkjandi ríkisvald.“

Forstjóri Þróunarfélagsins, Gunnlaugur Sigmundsson, lagði það til í máli sínu að höggvið yrði á tengsl Þróunarfélagsins við ríkisvaldið að því er varðar erlendar lántökuheimildir. „Öll okkar samskipti við þetta kyrkjandi ríkisvald eru á einn veg,“ sagði Gunnlaugur. Hann skýrði frá því að þessi væri skoðun stjórnar Þróunarfélagsins. Minna má á að Þróunarfélagið var eitt óskabarna fyrrverandi ríkisstjórnar, einkum Sjálfstæðisflokksins innan þeirrar stjórnar. Átti Þróunarfélagið að beita sér fyrir nýjungum í atvinnulífinu. Ljóst virðist hins vegar að núverandi ríkisstjórn stefnir að því að leggja starfsemi Þróunarfélagsins niður.

Varaverðlagsstjóri kom á fund nefndarinnar. Skýrði hann frá því að lækkun á olíuverði hefði átt að koma til framkvæmda hvort eð var frá 1. mars.

Landsvirkjun vel sett.

Samkvæmt upplýsingum forráðamanna Landsvirkjunar skiptir niðurskurður lánsfjárheimilda til fyrirtækisins ekki miklu máli. Niðurskurðurinn nemur 75 millj. kr. Kom fram að fyrirtækið hefur skuldbreytt erlendum lánum og með því sparað við sig greiðslur sem nema 30 millj. kr. á þessu ári. Þó töldu forráðamenn fyrirtækisins að aðgerðir ríkisvaldsins í þá veru að þrengja möguleika fyrirtækisins til þess að skuldbreyta óhagstæðum erlendum lánum væru íþyngjandi og gætu valdið hækkun raforkuverðs.

260 millj. kr. frá sveitarfélögunum — 1000 kr. á hvern íbúa.

Á fundinn komu formaður og framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þeir mótmæltu ákvæðum frumvarpsins harðlega. Töldu þeir að skerðing Jöfnunarsjóðsins frá 1984 væri komin talsvert á annan milljarð króna. Þeir bentu á að framlög Jöfnunarsjóðsins næmu allt að 55% af tekjum minnstu sveitarfélaganna þannig að þessi skerðing um 260 millj. kr. væri verulegt högg fyrir einstök sveitarfélög.

Þriðjungur Jöfnunarsjóðsins er bundinn í margvíslegum verkefnum, en afgangurinn fer til sveitarfélaganna eftir höfðatölu.

Þeir töldu að skerðingin væri um það bil 1000 kr. á mann í sveitarfélögunum. Og það væri sérstaklega alvarlegt að þessi skerðing kæmi nú eftir að sveitarfélögin hefðu gengið frá fjárhagsáætlunum sínum. Þeir sögðu að Jöfnunarsjóðurinn hefði þegar gengið frá greiðslum til sveitarfélaganna miðað við fyrri fjárlagatölur þannig að sjóðurinn yrði nú að lækka þær tölur sem hann greiddi einstökum sveitarfélögum það sem eftir væri ársins. Sem dæmi var nefnt að skerðingin nemur um 15 millj. kr. á Akureyri en fjárhagsstaða Akureyrar væri á ýmsa lund erfiðari en annarra sveitarfélaga. Þar yrði ekkert eftir til eignabreytinga.

Talið var að velta sveitarfélaganna næmi um 12,5 til 13 milljörðum króna. Þar af væru 20% til eignabreytinga eða um 2,6 milljarðar króna. Skerðing Jöfnunarsjóðsins næmi því 10% niðurskurði á framkvæmdagetu sveitarfélaganna.

Talsmenn sveitarfélaganna lögðu áherslu á að ákvörðun ríkisstjórnarinnar nú um skerðingu á Jöfnunarsjóðnum væri „rothögg“ á samskipti ríkis og sveitarfélaga eftir það sem á undan var gengið.

Það er ekki of mikið sagt að gagnrýni sveitarstjórnarmanna á frumvarpið var harðari en frá nokkrum öðrum sem kom á fund nefndarinnar og er þá langt til jafnað.

Fram undir aldamótin.

Fulltrúar Húsnæðisstofnunar ríkisins komu á fund nefndarinnar. Þeir skýrðu frá því að niðurskurðurinn á framlögum til Byggingarsjóðs ríkisins kæmi sérstaklega niður á framkvæmdalánum þessa árs sem væru eini lánaflokkurinn sem ekki hefði þegar verið tæmdur og meira en það með lánsloforðum. Þessi lán hafa ekki síst runnið til sveitarfélaganna á undanförnum árum.

Þeir kvörtuðu undan því að lífeyrissjóðirnir hefðu ekki gengið frá kaupsamningum á skuldabréfum sem skyldi. Þannig væru aðeins 54 sjóðir af 76 búnir að ganga frá skuldabréfakaupum fyrir árið 1989 og aðeins 33 fyrir 1990.

Þeir skýrðu frá því að forgangshópar sem sæktu um núna gætu fengið afgreiðslu sinna mála þegar komið væri fram á árið 1990; allt árið 1989 væri upppantað!

Óafgreiddar umsóknir 12000 um næstu áramót!

Þá kom fram að frumvarp félagsmálaráðherra, sem samþykkt var fyrir jólin, hefur aukið eftirspurn eftir húsnæðislánum þar sem forgangshópurinn var stækkaður frá því sem áður var, en umsóknum fækkað óverulega vegna skerðingarákvæða.

Frá 13. mars 1987 til áramóta komu inn um 6000 umsóknir sem ekki verða afgreiddar fyrr en á árinu 1989. Gert er ráð fyrir 400–600 umsóknum á mánuði á þessu ári, þannig að stofnunin liggi með óafgreiddar umsóknir sem nemi um 12000 um næstu áramót!

Ágreiningur stofnunar og ráðuneytis.

Mikið var rætt um misvísandi upplýsingar fjármálaráðuneytis og Þjóðhagsstofnunar um viðskiptahalla á árinu. Þjóðhagsstofnun spáir því að hallinn verði um 10,6 milljarðar króna. Fjármálaráðuneytið spáir aftur á móti nærri tveimur milljörðum minni halla á viðskiptunum við útlönd. Munurinn liggur í því að fjármálaráðuneytið telur að einkaneysla muni dragast meira saman en Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir og jafnframt telur fjármálaráðuneytið að útflutningsframleiðslan verði um 600 millj. kr. meiri að verðmæti en Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir.

Fram kom að vaxtajöfnuðurinn er neikvæður um nærri 7 milljarða króna og innflutningur skipa kostar á þessu ári um 4 milljarða króna.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, taldi það „tálvonir" að gera ráð fyrir minni viðskiptahalla en Þjóðhagsstofnun bendir á. Taldi hann líklegra að viðskiptahallinn yrði enn meiri. Minnti hann í því sambandi einnig á að útflutningsgreinum er þröngur stakkur sniðinn með ákvörðunum stjórnvalda og það gæti skapað vaxandi þrýsting á gengið þegar kæmi fram á árið.

Einstök efnisatriði.

Minni hl. telur að það sé tvímælalaust til bóta í ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar er hún tekur aftur ráðstafanir þær gagnvart atvinnuvegunum sem hún sjálf knúði fram á Alþingi um áramótin. Margt í ráðstöfunum stjórnarinnar eru sjálfsagðir hlutir, en ráðstafanirnar eru ósamstæðar eins og við er að búast frá ósamstæðri og ráðvilltri ríkisstjórn. Ekki hefur komið fram hvað það hefur kostað atvinnuvegina og launafólk hve langur dráttur hefur orðið á óhjákvæmilegum aðgerðum sem allir sáu fyrir löngu að voru óumflýjanlegar.

Ríkisstjórnin hefur setið frá því í júlí 1987. Þá var gripið til efnahagsráðstafana.

Næst var gripið til ráðstafana þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram 10. október.

Næsti kafli var í desembermánuði, rétt fyrir lokaafgreiðslu fjárlaga. Þær ráðstafanir beindust einkum að því að leggja á aukna skatta.

Þetta frumvarp fjallar um fjórðu efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar á sjö mánuðum. Því verður spáð hér að ríkisstjórnin muni áður en langur tími líður neyðast til þess að gripa til ráðstafana einu sinni enn.

Minni hl. mun sitja hjá við afgreiðslu málsins þar sem ekki hefur verið kostur á að skoða það nægilega vel. Minni hl. áskilur sér þó rétt til þess að greiða atkvæði á móti einstaka tillögu í frumvarpi ríkisstjórnarinnar og til þess að styðja einstakar greinar eftir efni málsins.

Ingibjörg Daníelsdóttir sat fundinn fyrir hönd Kvennalista og er hún samþykk nefndaráliti þessu.

Alþingi, 2. mars 1988.

Svavar Gestsson, frsm. Júlíus Sólnes.

Ed. 645. Lög [231. mál]

um breytingu á lögum nr. 19 4. nóvember 1887, um aðför.

(Afgreidd frá Ed. 2. mars.)

Sþ. 646. Fyrirspurn [327. mál]

til sjávarútvegsráðherra um grásleppuveiðar.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

1. Hvernig verður grásleppuveiðum hagað vorið 1988?
2. Hvert er útlit með sölu grásleppuhrogna á þessu ári?

Ed. 647. Breytingartillögur [317. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988.

Frá Halldóri Blöndal.

1. Við l. gr. Í stað „453 000“ komi: 461 000.
2. Á eftir 6. gr. komi ný grein er orðist svo:
   25. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1988 falli brott.

Sþ. 648. Svar [245. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Níelsar Árna Lund um auglýsingar ríkissjóðs.

Heildarauglýsingagreiðslur fjármálaráðuneytisins og stofnana þess árin 1986 og 1987 voru sem hér segir (allar upphæðir í krónum):

		1986	1987
09 101	Aðalskrifstofa	228 345	21 090
09 103	Ríkisbókhald	11 220	34 158
09 104	Ríkisfjárhirsla	6 490	0
09 105	Ríkislögmaður	6 930	0
09 201	Ríkisskattstjóri	66 800	485 206
09 202	Skattstofan í Reykjavík	80 570	91 347
09 212	Skattstofur, sameiginlegt	715 335	4 019 559
09 214	Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd	0	6 534
09 292	Tollamál	0	211 808
09 402	Fasteignamat ríkisins	64 130	103 321
09 999	Ýmis verkefni	1 896 269	2 747 205
09	Spariskírteini og ríkisvíxlar	17 582 642	12 592 253
		20 658 731	20 312 481

Kostnaður ríkissjóðs við auglýsingagerð og birtingu auglýsinga um ríkisskuldabréf árin 1986 og 1987:

Auglýsingagerð:	**1986**	**1987**
Kvikmyndagerð	2 037 660	1 540 458
Gerð dagblaðaauglýsinga	711 454	1 205 391
Bæklingagerð	124 708	378 825
Bæklingagrindur (statíf)	84 476	0
„Direct Mail“ póstlisti	174 266	0
Filmuvinna og litgreining	264 242	525 988
Dreifibréf	0	795 766
Gjafamappa um gjafabréf	0	51 040
	3 396 806	4 497 468

Birting:	**1986**	**1987**
Alþýðublaðið	314 291	467 464
Dagblaðið/Vísir	801 103	1 347 912
Dagur	96 281	166 338
Helgarpósturinn	128 991	325 814
Lögbirtingablaðið	30 600	52 880
Morgunblaðið	2 550 663	3 439 670
NT	26 000	0
SÁÁ	0	64 835
Tíminn	192 345	502 826
Þjóðviljinn	384 914	730 364
Bylgjan	0	21 286
Hljóðvarp rás 1	941 388	824 359
Sjónvarpið	2 806 233	2 538 039
Stöð 2	241 129	1 546 499
Þóknun til auglýsingastofa	681 509	1 056 888
	9 195 447	13 085 174
Samtals	12 592 253	17 582 642

Sala spariskírteina	2 130 079 000	2 155 000 000
Auglýsingakostnaður í hlutfalli við sölu	0.6%	0.8%

Ed. 649. Frumvarp til laga [317. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. mars.)

I. KAFLI

Um breytingu gjalda og tekna í fjárlögum 1988.

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1988 að hækka ríkisútgjöld um 461 000 þús. kr.

2. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1988 að hækka ríkistekjur um 488 000 þús. kr.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skuldbreyta lánum fyrirtækja í sjávarútvegi við ríkissjóð samkvæmt skuldabréfum sem út voru gefin á árunum 1984–1985 til greiðslu á opinberum gjöldum og lánum veittum skv. 1. gr. laga nr. 10/1984. Jafnframt er heimilt að skuldbreyta lánum fyrirtækja í útflutningsiðnaði allt að 10 000 þús. kr.

II. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 5/1988, lánsfjárlögum fyrir árið 1988.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1988 skal heimild Landsvirkjunar til að taka lán á árinu 1988 eigi nema hærri fjárhæð en 525 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1988 skal heimild Þróunarfélags Íslands hf. til að taka lán á árinu 1988 eigi nema hærri fjárhæð en 25 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

6. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1988 skal heimild Herjólfs hf. í Vestmannaeyjum til að taka lán á árinu 1988 eigi nema hærri fjárhæð en 75 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt að fengnu samþykki fjármálaráðherra, samgönguráðherra og fjárveitinganefndar Alþingis, til hönnunar og smíði ferju.

7. gr.

25. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1988 falli brott.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 27. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1988 skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 15 000 þús. kr. á árinu 1988.

9. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 28. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1988 skulu greiðslur ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 1988 eigi nema hærri fjárhæð en 1 142 000 þús. kr.

III. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 14/1965, um launaskatt, með síðari breytingum.

10. gr.

1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 87/1987, orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt að fjárhæð 3,5% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Um hlutdeild opinberra byggingarsjóða í tekjum af launaskatti fer eftir ákvæðum laga nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, svo og ákvæðum lánsfjárlaga og fjárlaga hverju sinni.

11. gr.

3. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 87/1987, orðist svo:

Undanþegin skattskyldu eru vinnulaun og þóknanir:

1. Fyrir störf hjá fyrirtækjum sem flokkast undir fiskveiðar eða iðnað skv. 1., 2. eða 3. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands.
2. Fyrir störf við landbúnað, jafnt vinna bóndans sjálfs og þeirra sem hann greiðir laun, svo og vegna jarðræktarframkvæmda og annarra byggingarframkvæmda á bújörðum en þeirra sem tengjast fiskræktarstöðvum. Vinna við skógrækt telst landbúnaðarstarf í þessu sambandi.

12. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 87/1987, orðist svo:

Reki aðili fjölþættan atvinnurekstur eða starfsemi sem ýmist er launaskattsskyld eða er undanþegin launaskatti, sbr. 1. gr. og 3. mgr. 2. gr., skal hann aðgreina launagreiðslur í bókhaldi sínu þannig að séð verði hvað af þeim tilheyri hverjum þætti.

Greiðslum fyrir yfirstjórn og öðrum slíkum greiðslum, sem ekki eru beint tengdar ákveðnum þáttum starfseminnar, skal skipt í gjaldflokka launaskatts, sbr. 1. mgr. 1. gr. og 3. mgr. 2. gr., í sömu hlutföllum og eru milli heildargreiðslna í hvorum gjaldflokki, sbr. 1. mgr., áður en umræddar yfirstjórnargreiðslur eru meðtaldar og reikna launaskatt af þeim í samræmi við það.

IV. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

13. gr.

72. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur lögaðila, sbr. 2. gr., skal vera 48% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 62. gr.

V. KAFLI

Um gjald af erlendum lánum, leigusamningum o.fl.

14. gr.

Innlendir aðilar skulu greiða gjald til ríkissjóðs af erlendum lántökum, fjármögnunarleigu, kaupleigu og hliðstæðum samningum að því marki sem umsamdar lántökuheimildir eru notaðar og með þeim takmörkunum sem gerðar eru í lögum þessum. Gjaldskyldan hvílir á lántaka eða leigutaka.

Til innlendra aðila skv. 1. mgr. teljast einstaklingar, búsettir hér á landi, án tillits til ríkisfangs, stofnanir og fyrirtæki, skrásett hér á landi, og erlendir einstaklingar og fyrirtæki, búsettir eða skrásett erlendis, að því leyti sem þau reka starfsemi hér á landi.

15. gr.

Gjald skv. 13. gr. reiknast af höfuðstól gjaldskyldra samninga sem hér segir:

a. Samningur til 6 mánaða eða skemmri tíma 2%
b. Samningur til lengri tíma en 6 mánaða en þó ekki lengri tíma en eins árs 4%
c. Samningar til lengri tíma en árs 6%

Samanlagður gildistími samninga segir til um í hvaða gjaldflokk þeir falla.

16. gr.

Auk samninga um peningalán nær gjaldskylda skv. 14. gr. til samninga um kaup eða leigu á vöru, vinnu eða þjónustu gegn útgáfu hvers konar skuldaviðurkenninga eða formlegra lánssamninga. Sama gildir um hvers konar reikningsviðskipti til lengri tíma en 60 daga. Með reikningsviðskiptum er átt við vöruviðskipti, kaup á vinnu eða þjónustu, þar sem hvorki er gefin út formleg skuldarviðurkenning né formlegur lánssamningur gerður vegna viðskiptanna.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. telst aðeins gjaldskyld neikvæð nettóstaða banka og sparisjóða á reikningum þeirra hjá erlendum viðskiptabönkum vegna daglegra gjaldeyrisviðskipta eins og hún er að meðaltali á hverjum ársfjórðungi. Nettóstaðan reiknast eftir vikulegum skýrslum um gjaldeyrisjöfnuð og skal gjaldið reiknast af neikvæðri stöðu eins og hún er að meðaltali á hverjum ársfjórðungi.

17. gr.

Banki eða sparisjóður, sem hefur milligöngu um gerð eða framkvæmd gjaldskyldra samninga skv. 14. og 16. gr., skal innheimta gjald samkvæmt þessum kafla án endurgjalds. Gjaldið greiðist eigi síðar en við fyrstu afhendingu samningsandvirðis.

Innheimtu gjaldi skulu bankar og sparisjóðir skila inn á reikning ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands fyrir 10. dag næsta mánaðar eftir að innheimtan á sér stað. Greiðslu skal fylgja skilagrein í því formi og með þeim gögnum sem Seðlabanki Íslands ákveður. Gjald, sem ákvarðast skv. 2. mgr. 16. gr., skal greitt innan 10 daga frá lokum hvers ársfjórðungs.

Skili bankar og sparisjóðir ekki innheimtu gjaldi í síðasta lagi á gjalddaga skulu þeir greiða dráttarvexti, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, af hinni vangoldnu fjárhæð frá og með þeim degi.

18. gr.

Sé gjaldskyldur samningur samkvæmt þessum kafla gerður án milligöngu banka eða sparisjóðs skal skuldari leggja fram samningsskjöl í Seðlabanka Íslands innan fimm virkra daga frá því að samningur var gerður og greiða gjaldið um leið. Greiði þeir sem um ræðir í þessari grein ekki gjaldið innan tilskilins frests skal þeim gert að greiða álag er nemi 5% af þeirri fjárhæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir gjalddagann, þó ekki hærra en 25%. Eftir það skulu þeir greiða dráttarvexti, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, er reiknast skulu frá og með 15. degi næsta mánaðar eftir gjalddagann.

Heimflutningur lánsandvirðis, sem er í reiðufé, skal fara um hérlendan banka eða sparisjóð. Yfirfærsla gjaldeyris í banka eða sparisjóði vegna gjaldskyldra samninga samkvæmt ákvæðum þessa kafla er óheimil nema gjaldið hafi verið greitt.

19. gr.

Ríkissjóður skal undanþeginn gjaldi samkvæmt þessum kafla svo og stofnanir hans og ríkisfyrirtæki eftir því sem ráðherra kann að ákveða með reglugerð.

Skuldbreytingar milli sömu aðila á samsvarandi samningsfjárhæð útistandandi viðskipta, er stofnað var til fyrir gildistöku laga þessara, skulu undanþegnar gjaldi samkvæmt þessum kafla.

Fjármálaráðherra er heimilt að undanþiggja eftirtalda lánssamninga gjaldi samkvæmt þessum kafla:

1. Afurðalán vegna útflutnings, útflutningslán og birgðalán sem tekin eru erlendis eða endurlánað erlent lánsfé til útflytjenda í því skyni að flýta uppgjöri söluandvirðis við framleiðendur útflutningsafurða, svo og önnur lán sem falla undir auglýsingu nr. 309/1986 um erlend lán vegna útflutningsafurða.
2. Lán vegna hráefnakaupa fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisiðnaði. Sama á við um lán sem tekin eru erlendis vegna reksturs flugvéla og kaupskipa.
3. Ný lán sem tekin eru til greiðslu á ógjaldföllnum hluta eldra láns enda sé sýnt fram á að hin nýja lántaka hafi ekki í för með sér aukningu erlendra skulda viðkomandi aðila eða lengingu á lánstíma og að með hinni nýju lántöku sé aðeins stefnt að því að fá hagstæðari lánskjör.

20. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessa kafla. Getur hann m.a. kveðið nánar á um það sem fellur undir undanþáguheimildir 19. gr., svo og um önnur skilyrði sem hann telur nauðsynleg. Þá getur hann kveðið nánar á um að greiðslum megi skipta í fleiri en eina greiðslu til samræmis við afhendingartíma samningsandvirðis sé það reitt af höndum í áföngum.

Heimilt er að fela Seðlabanka Íslands að hafa með höndum umsjón og eftirlit með framkvæmd ákvæða þessa kafla.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

21. gr.

Ákvæði XII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum, skulu gilda um refsingar vegna brota gegn ákvæðum V. kafla.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur IV. kafli bráðabirgðalaga nr. 68/1987, um ráðstafanir í fjármálum, úr gildi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu ákvæði III. kafla laganna ekki öðlast gildi fyrr en 1. júlí 1988 og taka til launa vegna starfa sem unnin eru frá og með þeim tíma.

Ákvæði IV. kafla laganna skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1988 vegna tekna á árinu 1987 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði V. kafla laganna falla úr gildi 31. desember 1988.

Ákvæði til bráðabirgða.

Samningar, sem um ræðir í 14. og 16. gr. og gerðir voru og formlega gengið frá fyrir 10. júlí 1987, þó svo að afhending samningsandvirðis til skuldara fari ekki fram fyrr en eftir framangreint tímamark, eru undanþegnir gjaldskyldu skv. V. kafla.

Af samningum, sem um ræðir í 14. og 16. gr. og gerðir voru og formlega gengið frá á tímabilinu 10. júlí 1987 til gildistöku laga þessara, þó svo að afhending samningsandvirðis fari fram síðar, skal greiða gjald samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 68/1987.

Sþ. 650. Tillaga til þingsályktunar [328. mál]

um þjónustu og ráðgjöf sérskóla.

Flm.: Ingibjörg Daníelsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að beita sér fyrir því að auka og bæta þjónustu og ráðgjöf sérskólanna við fatlaða nemendur í grunnskólum, kennara þeirra og foreldra um allt land.

Greinargerð.

Samkvæmt grunnskólalögunum hefur þjóðin lofað sjálfri sér því að öll börn hennar búi við jafnrétti hvað nám varðar. Það er hins vegar fjarri lagi að tekist hafi að framfylgja þessum lögum, m.a. vegna þess að hún hefur verið svo upptekin af að eyða peningum í ýmiss konar veraldleg gæði.

Það eru margir hópar barna sem njóta ekki jafnréttis á við aðra til náms. T.d. er oft mikill mismunur á búnaði skóla hvað varðar kennslutæki og fer það fyrst og fremst eftir efnahag sveitarfélaga. Fötluð börn af landsbyggðinni búa við sérlega mikið misrétti þar sem flestir sérskólar eru á höfuðborgarsvæðinu og hinn almenni grunnskóli hefur ekki aðgang að ráðgjafarþjónustu nema í mjög litlum mæli. Öllum má vera ljóst hvaða erfiðleikar fylgja því að veita fötluðu barni úti á landi sambærilega skólagöngu og því sem býr nálægt sérskóla.

Úr þessu er að einhverju leyti hægt að bæta með því að gera sem flestum kleift að sækja venjulegan grunnskóla með viðeigandi stuðningi og aðstoð. Það eru reyndar mörg rök sem mæla með samskipan eða blöndun í skóla. Til þess að slíkt megi gera þarf hinn almenni grunnskóli m.a. að hafa aðgang að öflugri þjónustu frá þeim sérskólum sem starfa í landinu. Það er nauðsynlegt fyrir kennara að geta borið saman bækur sínar til þess að efla faglega þekkingu og víðsýni. Þetta á ekki síður við um sérkennara og reynslan hefur sýnt að hætta er á að þeir einangrist hver í sínum grunnskóla þar sem þeir eru að fást við verkefni sem eru að hluta til ólík þeim sem hinn almenni kennari sinnir. Sérskólarnir þurfa að koma á fót námskeiðum eða fræðslufundum fyrir foreldra og kennara fatlaðra barna þar sem boðið er upp á fræðslu, skipst á skoðunum og öðrum miðlað af þeirri reynslu sem hver einstaklingur býr yfir. Það er ómetanlegur styrkur fyrir fólk að ræða erfiðleika sína við þá sem hafa þar skilning og vit á.

Einnig þurfa sérskólarnir að vera færir um að veita fötluðum nemendum úr almenna grunnskólanum tímabundna þjónustu. Þessi starfsemi verður að vera mjög sveigjanleg en í sumum tilfellum er hægt að taka á móti nokkrum hópi nemenda, það fer allt eftir því hver fötlunin er.

Starfsemi af þessu tagi er hafin við Heyrnleysingjaskólann. Leyfum við flutningsmenn okkur að vitna hér í fréttabréf ráðgjafarþjónustu skólans frá 30. okt. 1987, en í fréttabréfinu þar á undan var kynnt námskeið fyrir heyrnarskert börn sem eru í almennum grunnskóla:

„Viðbrögð hafa verið góð við efni síðasta fréttablaðs. Það hafa mjög margir hringt, bæði foreldrar og kennarar, og sýnt þessari nýbreytni okkar mikinn áhuga. Tuttugu og sex nemendur hafa þegar beðið um að fá að komast á námskeið en því miður getum við ekki tekið á móti svo mörgum nú í vetur.

Við reynum að meta aðstæður og mynda þokkalega samstæða hópa. Þeir sem ekki komast að núna eiga forgang næsta ár. Umsóknir eru fleiri frá yngri aldurshópum. Því ákváðum við að hafa tvö námskeið fyrir yngri börn og eitt fyrir þau eldri.“

Aðeins eru ætlaðir ⅔ úr stöðu til þess að sinna ráðgjafarþjónustunni svo að ekki er að undra þótt einhverjir verði að bíða til næsta árs. Aðrir sérskólar hafa sinnt nemendum og kennurum úr grunnskólunum að einhverju marki. Starfsfólk þar hefur þurft að bæta þessari vinnu ofan á sína vinnuskyldu, en það gengur ekki til lengdar þar sem þörf fyrir þessa þjónustu hefur stóraukist á síðustu árum vegna þeirrar hugarfarsbreytingar sem orðið hefur varðandi setu fatlaðra barna í almennum grunnskólum.

Upp á síðkastið hefur sú jákvæða þróun orðið að sífellt fleiri fatlaðir nemendur sitja í almennum grunnskólum.

Öskjuhlíðarskóli er fyrir þroskaheft börn og hefur nú starfað á annan áratug. Nemendur skólans veturna 1982–1988 skiptust með eftirfarandi hætti eftir fræðsluumdæmum:

Fræðsluumdæmi	*1982–83*	*1983–84*	*1984–85*	*1985–86*	*1986–87*	*1987–88*
Reykjavík	67	64	62	63	69	71
Reykjanesumdæmi	41	45	43	43	47	47
Vesturlandsumdæmi	7	6	5	5	5	2
Vestfjarðaumdæmi	4	5	1		1	
Norðurland vestra	4	3	2	1	2	2
Norðurland eystra	4	2	1	1		1
Austurland	1		1	1	1	1
Suðurland	5	3	4	5	5	6
Alls	133	128	119	119	130	130

Þessi tafla sýnir að töluverð breyting hefur orðið á nemendafjölda af landsbyggðinni. Á sl. sex árum hefur nemendum í Öskjuhlíðarskóla úr öðrum fræðsluumdæmum en Reykjavík og Reykjanesi fækkað um helming. Þessar tölur segja okkur ýmislegt. Það er hægt að lesa úr þeim að fjölskyldur flytjast nú í ríkari mæli til höfuðborgarinnar þar sem er skóli fyrir þroskaheft börn.

Önnur ástæða fyrir þessum breytingum er að fatlaðir nemendur sækja sína heimaskóla og þá við æði misjafnar aðstæður. Fer það t.d. eftir dugnaði kennara, ýtni foreldra og því hvaða skoðun skólastjórinn hefur á málinu. Ef kennara vantar upplýsingar, ráðgjöf eða aðra aðstoð verður hann að leita hana uppi og er það undir hælinn lagt hvernig honum verður ágengt. Kennarinn á ekki að þurfa að eyða dýrmætum tíma sínum í þess konar leit, hann verður að geta leitað hindrunarlaust þangað sem hann fær nauðsynlega aðstoð.

Í skýrslu, sem norræn samstarfsnefnd um sérkennslu í framhaldsskólum gaf út nú í febrúar, eru færð rök fyrir samskipan eða blöndun í skóla, þannig að þeir sem eru fatlaðir og hinir heilbrigðu gangi í sama skóla. Þar koma m.a. fram eftirfarandi atriði:

1. Það er hollt fyrir alla að umgangast fatlaða vegna þess að það eykur víðsýni og fólk öðlast annars konar gildismat.
2. Þetta er einnig spurning um mannúð. Ef við álítum að hinir fötluðu hafi tilverurétt þá ber okkur skylda til að umgangast þá eins og annað fólk.
3. Almenni grunnskólinn er heppilegasti staðurinn fyrir fatlaða til þess að komast út í samfélagið. Þar er smækkuð mynd af umhverfinu utan dyra. Hinn fatlaði verður því betur undir það búinn að takast á við ýmis flókin mál sem bíða allra í lífinu.

Það er afar mikilvægt fyrir fólk af landsbyggðinni að grunnskólanum sé gert kleift að sinna fötluðum einstaklingum.

Foreldrar fatlaðra barna eiga við nóg að stríða þó að ekki bætist ofan á að þurfa að flytjast búferlum þangað sem barnið fær viðunandi þjálfun og kennslu. Slíkir flutningar raska lífi fólks bæði efnahagslega og félagslega. Ef fólk velur þann kostinn — eða er neytt til þess — að flytja ekki fylgja því miklar efasemdir, samviskubit og erfiðleikar. Það er því mikið jafnréttismál að byggja upp öfluga þjónustu við hina almennu grunnskóla svo að þeir geti sinnt skyldum sínum varðandi fötluð börn. Sennilega þurfum við þó alltaf að hafa sérskóla fyrir þau börn sem eru mjög mikið fötluð. Annað hlutverk sérskólanna ætti að vera að veita almennum grunnskólum ráðgjöf og aðra þá þjónustu sem þeir geta mögulega veitt. Reyndar eru ein rök fyrir tilvist sérskólanna þau að þeir eigi að vera bakhjarl grunnskólanna.

(*Skýringar:* Orðið *fatlaður* er hér notað í sömu merkingu og í lögum um málefni fatlaðra frá 1983. Orðið *sérskóli* merkir hér skóla sem er eingöngu fyrir fötluð börn.)

Sþ. 651. Svar [300. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Óla Þ. Guðbjartssonar um sölu veiðileyfa.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 8/1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990, er heimilt að færa aflamagn milli skipa sömu útgerðar eða skipa sem gerð eru út frá sömu verstöð, eftir því sem hlutaðeigandi útgerðir koma sér saman um. Sama gildir um skipti á aflamarki milli skipa sem ekki eru gerð út frá sömu verstöð, enda sé um jöfn skipti að ræða að mati ráðuneytisins. Annar flutningur á aflamarki er óheimill nema með samþykki sjávarútvegsráðuneytisins og að fenginni umsögn sveitarstjórnar og stjórnar sjómannafélags í viðkomandi verstöð. Flutning á aflamarki innan verstöðvar og þegar um jöfn skipti er að ræða ber að tilkynna sjávarútvegsráðuneytinu fyrir fram og öðlast hann ekki gildi fyrr en ráðuneytið hefur staðfest mótttöku tilkynningarinnar.

Óheimilt er að flytja aflamark yfir á skip sem ekki hefur veiðileyfi eða skip er valið hefur sóknarmark. Í lögunum er ráðherra enn fremur veitt heimild til að takmarka framsal þeirra skipa er sérveiðar stunda.

1. Sala veiðileyfa.

Sala á veiðileyfi er með öllu óheimil, enda er úthlutun þeirra bundin í lögum. Hins vegar geta útgerðir fiskiskipa framselt veiðikvóta ef um er að ræða tvö fiskiskip er bæði hafa valið veiðileyfi með aflamarki. Framsal er í mörgum tilvikum háð því að fiskiskipið, sem framselt er til, landi aflanum í heimahöfn þess fiskiskips sem framseldi. Ráðuneytið telur að listi með nöfnum aðila eða skipa þar sem skráð væri hver einstök færsla á aflakvóta, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum, varpi litlu ljósi á eðli og umfang þessa máls. Listinn yrði langur, mikla vinnu kostaði að útbúa hann og hæpið væri að birta nöfn aðila að einstökum færslum á aflakvóta án þess að nánari skýring fylgdi í hverju einstöku tilviki. Oftast er um að ræða færslu innan sömu útgerðar eða verstöðvar og vísast til fylgiskjals IV með frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða 1988–1991, sem er greinargerð eftir Ragnar Árnason, dósent við viðskiptadeild HÍ, er hann vann fyrir sjávarútvegsráðuneytið haustið 1987.

2.–3. Framsal veiðileyfa milli kjördæma 1984–1987.

Sem svar við 2. og 3. spurningu birtist eftirfarandi tafla er sýnir hversu mikill botnfiskkvóti í þorskígildum talið hefur verið framseldur á milli landsvæða árið 1984–1987. Sérstök athygli er vakin á því að skráning ráðuneytisins byggist öll á heimahöfnum fiskiskipanna þannig að framsal á afla frá einu landsvæði þarf ekki að þýða að aflanum hafi verið landað utan þess.

Framsal botnfiskkvóta milli kjördæma 1984–1987.
(Tonn af slægðum fiski í þorskígildum talið.)

	1984		1985		1986		1987	
	Frá	**Til**	**Frá**	**Til**	**Frá**	**Til**	**Frá**	**Til**
Reykjanes	2 749	1 058	9 122	2 892	970	1 844	972	1 029
Reykjavík	1 415	60	4 686	0	532	1 585	561	1 197
Vesturland	548	959	697	1 909	1 122	2 785	188	2 410
Vestfirðir	200	2 906	248	4 189	2 549	968	673	705
Norðurland v.	2 092	2 824	1 469	2 175	4 191	666	1 634	507
Norðurland e.	534	3 571	316	5 030	1 226	3 200	1 338	3 345
Austurland	2 586	3 391	856	2 550	824	860	743	1 050
Suðurland	5 050	404	1 870	519	1 389	895	4 373	239
	15 174	15 174	19 264	19 264	12 803	12 803	10 482	10 482

4. Verðmæti.

Ráðuneytið hefur ekki upplýsingar um greiðslur eða önnur verðmæti er hugsanlega hafa verið látin í skiptum fyrir aflakvóta. Sem fyrr vísast í greinargerð Ragnars Árnasonar en hann reynir þar að leggja mat á slík verðmæti.

Sþ. 652. Nefndarálit [83. mál]

um till. til þál. um nýtingu á kartöflum.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna á fundum sínum og sent hana til umsagnar til Landssambands kartöflubænda, Iðntæknistofnunar, Neytendasamtakanna og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Þau svör, sem bárust, voru öll jákvæð hvað snertir tillöguna sjálfa en um leiðir til nýtingar komu fram mismunandi sjónarmið.

Nefndin mælir með því að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:
Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvort hægt sé að nýta þær miklu kartöflubirgðir sem til eru í landinu.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Geir Gunnarsson og Guðmundur H. Garðarsson.

Alþingi, 3. mars 1988.

Valgerður Sverrisdóttir, form., frsm. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, fundaskr. Eggert Haukdal.

Ólafur Þ. Þórðarson. Jón Sæmundur Sigurjónsson.

Nd. 653. Frumvarp til laga [329. mál]

um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum.

Flm.: Alexander Stefánsson, Jón Kristjánsson.

1. gr.

5. mgr. 58. gr. laganna (sbr. lög nr. 54/1986) orðist svo:
Lán skv. b- og c-liðum 33. gr. eru til 43 ára, afborgunarlaus fyrsta árið, en endurgreiðast síðan að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu á eftirstöðvum lánstímans. Lánin skulu bera sömu vexti og lán skv. 49. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt 33. gr. laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins, er varðar Byggingarsjóð verkamanna og félagslegar íbúðabyggingar, er í b- og c-liðum gert ráð fyrir að lán verði veitt til byggingar leiguíbúða á vegum sveitarfélaga sem ætlaðar eru til útleigu við hóflegum kjörum annars vegar handa láglaunafólki eða öðrum þeim sem þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun af félagslegum ástæðum og hins vegar handa námsfólki, öldruðum og öryrkjum.

Lán Byggingarsjóðs verkamanna til slíkra leiguíbúða nema allt að 85% af byggingarkostnaði eða kaupverði. Hins vegar er lánstími í gildandi lögum 31 ár. Sveitarfélög og samtök þeirra, svo og samtök öryrkja og námsmanna, hafa sótt það fast að lánstími þessara lána yrði sá sami og til verkamannabústaða, þ.e. 43 ár, sem mundi auðvelda þessum aðilum að auka byggingu leiguíbúða og leigja þær út með viðráðanlegum kjörum.

Þetta frumvarp er flutt til að verða við þessum tilmælum.

Fylgiskjal I.

STUÐULL 4
LÁNSHLUTF. 85.00%

GREIÐSLUR LEIGJANDANS VERÐA SEM HÉR SEGIR:

FÉLAGSLEG LEIGUÍBÚÐ			A. LEIGA VEGNA 85% LÁNS, VEXTIR 1.0%, 43 ÁR VEXTIR KR	AFBORGUN KR	ÁRSGREIÐSLA KR	EFTIR-STÖÐVAR KR	B. LEIGA 7.0% VEXTIR FRAMLAG FR.KV.AÐILA KR	LEIGA Á ÁRI KR
		0	0		0			
SÖLUVERÐ	4,000,000	1	34,000		34,000	3,400,000	42000	76,000
ÚTBORGUN, FRAMKVÆMDARAÐILI	600,000	2	34,000	65,537	99,537	3,334,463	42000	141,537
LÁN ÚR BV, 85%	3,400,000	3	33,345	66,192	99,537	3,268,270	42000	141,537
		4	32,683	66,854	99,537	3,201,416	42000	141,537
		5	32,014	67,523	99,537	3,133,893	42000	141,537
A. ÁRSGREIÐSLA AF 85% LÁNINU,	99,537	6	31,339	68,198	99,537	3,065,695	42000	141,537
EINN GJALDDAGI Á ÁRI		7	30,657	68,880	99,537	2,996,815	42000	141,537
GREIÐSLA AF LÁNI Á MÁNUÐI	8,295	8	29,968	69,569	99,537	2,927,246	42000	141,537
		9	29,272	70,265	99,537	2,856,981	42000	141,537
B. ÁRSGREIÐSLA AF 15% FRAMLAGI	42,000	10	28,570	70,967	99,537	2,786,014	42000	141,537
FRAMKVÆMDAAÐILA ,7.0% VEXTIR		11	27,860	71,677	99,537	2,714,337	42000	141,537
GREIÐSLA Á MÁNUÐI	3,500	12	27,143	72,394	99,537	2,641,943	42000	141,537
		13	26,419	73,118	99,537	2,568,825	42000	141,537
		14	25,688	73,849	99,537	2,494,976	42000	141,537
		15	24,950	74,587	99,537	2,420,389	42000	141,537
LEIGA Á MÁNUÐI	11,795	16	24,204	75,333	99,537	2,345,056	42000	141,537
		17	23,451	76,087	99,537	2,268,969	42000	141,537
		18	22,690	76,847	99,537	2,192,122	42000	141,537
		19	21,921	77,616	99,537	2,114,506	42000	141,537
		20	21,145	78,392	99,537	2,036,114	42000	141,537
		21	20,361	79,176	99,537	1,956,938	42000	141,537
		22	19,569	79,968	99,537	1,876,970	42000	141,537
		23	18,770	80,767	99,537	1,796,203	42000	141,537
		24	17,962	81,575	99,537	1,714,627	42000	141,537
		25	17,146	82,391	99,537	1,632,237	42000	141,537
		26	16,322	83,215	99,537	1,549,022	42000	141,537
		27	15,490	84,047	99,537	1,464,975	42000	141,537
		28	14,650	84,887	99,537	1,380,088	42000	141,537
		29	13,801	85,736	99,537	1,294,351	42000	141,537
		30	12,944	86,594	99,537	1,207,758	42000	141,537
		31	12,078	87,460	99,537	1,120,298	42000	141,537
		32	11,203	88,334	99,537	1,031,964	42000	141,537
		33	10,320	89,217	99,537	942,746	42000	141,537
		34	9,427	90,110	99,537	852,637	42000	141,537
		35	8,526	91,011	99,537	761,626	42000	141,537
		36	7,616	91,921	99,537	669,705	42000	141,537
		37	6,697	92,840	99,537	576,865	42000	141,537
		38	5,769	93,768	99,537	483,097	42000	141,537
		39	4,831	94,706	99,537	388,390	42000	141,537
		40	3,884	95,653	99,537	292,737	42000	141,537
		41	2,927	96,610	99,537	196,127	42000	141,537
		42	1,961	97,576	99,537	98,552	42000	141,537
		43	986	98,552	99,537	0	42000	141,537
		SAMTALS:	814,559	3,400,000	4,214,559		1,806,000	6,020,559

Fylgiskjal II.

STUÐULL 4
LÁNSHLUTF. 85.00%

GREIÐSLUR LEIGJANDANS VERÐA SEM HÉR SEGIR:

FÉLAGSLEG LEIGUÍBÚÐ			A. LEIGA VEGNA 85% LÁNS, VEXTIR 1.0%, 43 ÁR				B. LEIGA	LEIGA Á ÁRI
			VEXTIR KR	AFBORGUN KR	ÁRSGREIÐSLA KR	EFTIR-STÖÐVAR KR	3.5% VEXTIR FRÁ LÁG FR.KV.ÁBÚLA KR	KR
		0	0			0		
SÖLUVERÐ	4,000,000	1	34,000		34,000	3,400,000	21000	55,000
ÚTBORGUN, FRÁMKVÆMDARÁÐILI	600,000	2	34,000	65,537	99,537	3,334,463	21000	120,537
LÁN ÚR BV, 85%	3,400,000	3	33,345	66,192	99,537	3,268,270	21000	120,537
		4	32,683	66,854	99,537	3,201,416	21000	120,537
		5	32,014	67,523	99,537	3,133,893	21000	120,537
Á. ÁRSGREIÐSLA AF 85% LÁNINU,	99,537	6	31,339	68,198	99,537	3,065,695	21000	120,537
EINN GJALDDAGI Á ÁRI		7	30,657	68,880	99,537	2,996,815	21000	120,537
GREIÐSLA AF LÁNI Á MÁNUÐI	8,295	8	29,968	69,569	99,537	2,927,246	21000	120,537
		9	29,272	70,265	99,537	2,856,981	21000	120,537
B. ÁRSGREIÐSLA AF 15% FRÁMLAGI	21,000	10	28,570	70,967	99,537	2,786,014	21000	120,537
FRÁMKVÆMDAAÐILA ,3.5% VEXTIR		11	27,860	71,677	99,537	2,714,337	21000	120,537
GREIÐSLA Á MÁNUÐI	1,750	12	27,143	72,394	99,537	2,641,943	21000	120,537
		13	26,419	73,118	99,537	2,568,825	21000	120,537
		14	25,688	73,849	99,537	2,494,976	21000	120,537
		15	24,950	74,587	99,537	2,420,389	21000	120,537
LEIGA Á MÁNUÐI	10,045	16	24,204	75,333	99,537	2,345,056	21000	120,537
		17	23,451	76,087	99,537	2,268,969	21000	120,537
		18	22,690	76,847	99,537	2,192,122	21000	120,537
		19	21,921	77,616	99,537	2,114,506	21000	120,537
		20	21,145	78,392	99,537	2,036,114	21000	120,537
		21	20,361	79,176	99,537	1,956,938	21000	120,537
		22	19,569	79,968	99,537	1,876,970	21000	120,537
		23	18,770	80,767	99,537	1,796,203	21000	120,537
		24	17,962	81,575	99,537	1,714,627	21000	120,537
		25	17,146	82,391	99,537	1,632,237	21000	120,537
		26	16,322	83,215	99,537	1,549,022	21000	120,537
		27	15,490	84,047	99,537	1,464,975	21000	120,537
		28	14,650	84,887	99,537	1,380,088	21000	120,537
		29	13,801	85,736	99,537	1,294,351	21000	120,537
		30	12,944	86,594	99,537	1,207,758	21000	120,537
		31	12,078	87,460	99,537	1,120,298	21000	120,537
		32	11,203	88,334	99,537	1,031,964	21000	120,537
		33	10,320	89,217	99,537	942,746	21000	120,537
		34	9,427	90,110	99,537	852,637	21000	120,537
		35	8,526	91,011	99,537	761,626	21000	120,537
		36	7,616	91,921	99,537	669,705	21000	120,537
		37	6,697	92,840	99,537	576,865	21000	120,537
		38	5,769	93,768	99,537	483,097	21000	120,537
		39	4,831	94,706	99,537	388,390	21000	120,537
		40	3,884	95,653	99,537	292,737	21000	120,537
		41	2,927	96,610	99,537	196,127	21000	120,537
		42	1,961	97,576	99,537	98,552	21000	120,537
		43	986	98,552	99,537	0	21000	120,537
		SAMTALS:	814,559	3,400,000	4,214,559		903,000	5,117,559

Sþ. 654. Þingsályktun [226. mál]

um úrbætur í raforkumálum Norður-Þingeyjarsýslu.

(Afgreidd frá Sþ. 3. mars.)

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að gera ráðstafanir til úrbóta í raforkumálum Norður-Þingeyjarsýslu.

Sþ. 655. Þingsályktun [7. mál]

um undirbúning notkunar á blýlausu bensíni hér á landi.

(Afgreidd frá Sþ. 3. mars.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er meti hvort taka eigi í notkun blýlaust bensín og hvaða aðgerða sé þörf til að svo geti orðið. Nefndin ljúki störfum eigi síðar en fyrir árslok 1988. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Sþ. 656. Svar [246. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Níelsar Árna Lund um auglýsingar á vegum fógeta og sýslumanna.

1. *Hverjar voru heildargreiðslur borgarfógeta, bæjarfógeta og sýslumanna fyrir birtingu auglýsinga á árinu 1987?*
2. *Hvernig skiptust greiðslur fyrir birtingu þessara auglýsinga til einstakra fjölmiðla?*
3. *Eftir hvaða reglum er farið þegar ákveðið er í hvaða fjölmiðlum skuli birta auglýsingar sem þessar?*

Af ofangreindum spurningum er erfitt að ráða hvað fyrirspyrjandi á við með heildargreiðslum fyrir birtingu auglýsinga. Ráðuneytið valdi þann kost að geta einungis um þann auglýsingakostnað sem færður var á reikningslið embættanna. Því er sleppt umfjöllun um auglýsingar nauðungaruppboða á fasteignum og lausafjármunum þar sem embættin innheimta allan kostnað við birtingu þeirra auglýsinga hjá uppboðsbeiðendum. Hvað varðar þessar auglýsingar skal þó tekið fram að hjá mörgum embættum er það áralöng hefð að auglýsa nauðungaruppboð í Dagblaðinu–Vísi (DV) eða Morgunblaðinu.

Að gefnum þessum forsendum var heildarauglýsingakostnaður embættanna árið 1987 3 638 814 kr. sem skiptist niður á einstök embætti á eftirfarandi hátt (allar upphæðir í krónum):

Borgarfógetinn í Reykjavík:

Spurning nr. 1: 19 544

Spurning nr. 2:

Lögbirtingablaðið	400
Alþýðublaðið	2 904
Morgunblaðið	1 610
Þjóðviljinn	3 630
Tímarit	11 000

Spurning nr. 3:

Auglýst er þar sem talið er hagkvæmast og þar sem góð reynsla er af viðskiptum.

Bæjarfógetinn á Akranesi:

Spurning nr. 1: 121 780

Spurning nr. 2:

Ríkisútvarpið	13 100
Alþýðublaðið	17 655
Héraðsblöð	77 325
Tímarit	13 700

Spurning nr. 3:

Auglýst þar sem talið er að auglýsingin komi að bestum notum.

Sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu:

Spurning nr. 1: 252 761

Spurning nr. 2:

Ríkisútvarpið	162 327
Lögbirtingablaðið	2 640
Dagblaðið–Vísir (DV)	3 630
Morgunblaðið	32 494
Tíminn	11 220
Héraðsblöð	29 750
Tímarit	10 700

Spurning nr. 3:

Engar sérstakar reglur.

Sýslumaðurinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, bæjarfógetinn í Ólafsvík:

Spurning nr. 1: 128 137

Spurning nr. 2:

Ríkisútvarpið	91 255
Lögbirtingablaðið	1 200
Morgunblaðið	28 492
Héraðsblöð	1 000
Tímarit	6 190

Spurning nr. 3:

Ríkisútvarpið og Morgunblaðið vegna mestrar útbreiðslu.

Sýslumaðurinn í Dalasýslu:

Spurning nr. 1: 0

Spurning nr. 3:

Talið rétt að auglýsa í þeim blöðum sem eru víðlesnust.

Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu:

Spurning nr. 1: 3 300

Spurning nr. 2:

Morgunblaðið	3 300

Spurning nr. 3:

Farið eftir útbreiðslu blaða og þar sem Dagblaðið–Vísir hefur mesta útbreiðslu í héraðinu er það valið sem auglýsingamiðill við embættið vegna nauðungaruppboða.

Bæjarfógetinn í Bolungarvík:

Spurning nr. 1: 22 026

Spurning nr. 2:

Ríkisútvarpið	4 542
Morgunblaðið	7 500
Héraðsblöð	9 984

Spurning nr. 3:

Auglýst þar sem talið er að auglýsingin hafi best áhrif.

Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu, bæjarfógetinn á Ísafirði:

Spurning nr. 1: 463 856

Spurning nr. 2:

Ríkisútvarpið	109 332
Morgunblaðið	9 438
Dagblaðið–Vísir (DV)	4 000
Héraðsblöð	326 086
Tímarit	15 000

Spurning nr. 3:

Þegar nægjanlegt þykir að birta auglýsingar í bæjarblöðum (staðbundnum blöðum) eru þær að jafnaði birtar í þeim öllum, a.m.k. þeim er koma út reglulega. Þegar ástæða þykir til að birta auglýsingar á landsvísu verður Morgunblaðið fyrir valinu vegna mikillar útbreiðslu þess. Ekki hefur þótt rétt að leggja í þann kostnað að birta auglýsingar í öllum dagblöðum enda eru auglýsingar, aðrar en uppboðsauglýsingar, greiddar af rekstrarfé embættisins. Auglýsingar eru sendar Ríkisútvarpinu af sérstökum ástæðum hverju sinni, svo sem til áhersluauka til dæmis við innheimtu.

Sýslumaðurinn í Strandasýslu:

Spurning nr. 1: 0

Spurning nr. 3:

Auglýst þar sem talið er að sem flestir heyri eða sjái viðkomandi auglýsingu.

Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu:

Spurning nr. 1: 31 910

Spurning nr. 2:

Ríkisútvarpið	3 750
Lögbirtingablaðið	3 560
Morgunblaðið	3 200
Héraðsblöð	13 900
Tímarit	7 500

Spurning nr. 3:

Sú aðalregla hefir verið viðhöfð að efni auglýsingar nái til sem flestra með sem minnstum kostnaði fyrir ríkissjóð.

Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu, bæjarfógetinn á Sauðárkróki:

Spurning nr. 1: 34 610

Spurning nr. 2:

Héraðsblöð	32 610
Tímarit	2 000

Spurning nr. 3:

Staðbundnar auglýsingar í heimablöðum en uppboðsauglýsingar og aðrar sem víðar þurfa að fara í einu sem víðlesnustu dagblaði.

Bæjarfógetinn á Siglufirði:

Spurning nr. 1: 33 020

Spurning nr. 2:

Morgunblaðið 4 000
Héraðsblöð 29 020

Spurning nr. 3:

Eftir atvikum.

Bæjarfógetinn í Ólafsfirði:

Spurning nr. 1: 50 041

Spurning nr. 2:

Ríkisútvarpið 33 261
Lögbirtingablaðið 1 600
Dagur 4 800
Morgunblaðið 3 200
Héraðsblöð 7 180

Spurning nr. 3:

Eftir atvikum.

Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu, bæjarfógetinn á Akureyri og Dalvík:

Spurning nr. 1: 167 241

Spurning nr. 2:

Lögbirtingablaðið 2 120
Dagur 66 207
Morgunblaðið 2 904
Héraðsblöð 96 010

Spurning nr. 3:

Auglýsingar einvörðungu birtar í blöðum ef nauðsyn er til. Þá fyrst og fremst í því blaði sem út kemur hér á Akureyri fimm daga vikunnar (alls 11). Það sjónarmið ræður alfarið. Sjö auglýsingar í tveimur blöðum, fjórar í einu, tvær í tveimur og loks ein í einu.

Þess má geta að á kosningaári verða auglýsingar óhjákvæmilega fleiri en ella því blöð verða þá fleiri og reynt að gera öllum jafnt undir höfði, t.d. að því er varðar auglýsingar um utankjörfundaratkvæðagreiðslu o.þ.h.

Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu, bæjarfógetinn á Húsavík:

Spurning nr. 1: 178 164

Spurning nr. 2:

Dagblaðið–Vísir (DV) 18 231
Dagur 9 251
Morgunblaðið 14 592
Þjóðviljinn 5 562
Héraðsblöð 109 828
Tímarit 20 700

Spurning nr. 3:

Engar sérstakar reglur nema að því er varðar Lögbirtingablað. Þar gilda landslög. Að öðru leyti fer það eftir því til hverra auglýsingin á að ná og verði auglýsinga.

Sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu, bæjarfógetinn á Seyðisfirði:

Spurning nr. 1: 127 232

Spurning nr. 2:

Ríkisútvarpið 76 724
Morgunblaðið 18 900
Héraðsblöð 31 608

Spurning nr. 3:

Auglýsingar um manntalsþing og bifreiðaskoðun hafa alltaf verið sendar gegnum Ríkisútvarpið en auglýsingar varðandi nauðungarsölur fasteigna og lausafé eru birtar í Morgunblaðinu vegna yfirburða dreifingarmöguleika. Að öðru leyti stefnum við að því að dreifa auglýsingum milli blaða og þó sérstaklega blaða sem dreift er á Austurlandi.

Bæjarfógetinn í Neskaupstað:

Spurning nr. 1: 31 080

Spurning nr. 2:

Héraðsblöð 31 080

Spurning nr. 3:

Austurland, eina blaðið sem kemur út hér.

Sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu, bæjarfógetinn á Eskifirði:

Spurning nr. 1: 123 379

Spurning nr. 2:

Ríkisútvarpið 65 339
Lögbirtingablaðið 7 900
Morgunblaðið 6 600
Héraðsblöð 43 540

Spurning nr. 3:

Auglýst þar sem ætla má að auglýsingin birtist flestum.

Sýslumaðurinn í Austur-Skaftafellssýslu:

Spurning nr. 1: 39 392

Spurning nr. 2:

Morgunblaðið 4 224
Héraðsblöð 35 168

Spurning nr. 3:

Farið eftir þjónustu og útbreiðslu blaða.

Sýslumaðurinn í Vestur-Skaftafellssýslu:

Spurning nr. 1: 28 430

Spurning nr. 2:

Ríkisútvarpið 15 200
Morgunblaðið 10 230
Tímarit 3 000

Spurning nr. 3:

Ef auglýst er í dagblaði er farið eftir útbreiðslu dagblaðsins, þ.e. hvar auglýsingin muni koma að bestum notum.

Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu:

Spurning nr. 1: 76 264

Spurning nr. 2:

Ríkisútvarpið	35 700
Lögbirtingablaðið	600
Héraðsblöð	32 425
Tímarit	7 539

Spurning nr. 3:

Haft er til hliðsjónar að fjölmiðillinn fari víða.

Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum:

Spurning nr. 1: 267 343

Spurning nr. 2:

Lögbirtingablaðið	960
Morgunblaðið	6 378
Héraðsblöð	260 005

Spurning nr. 3:

Almenna reglan er sú að auglýsing er birt einu sinni í hverju blaði sem kemur út áður en komið er fram úr þeim tímamörkum er auglýsing setur. Það er einungis í undantekningartilfellum að auglýst er í öðrum fjölmiðlum en innanbæjarblöðum.

Sýslumaðurinn í Árnessýslu, bæjarfógetinn á Selfossi:

Spurning nr. 1: 162 045

Spurning nr. 2:

Ríkisútvarpið	46 375
Lögbirtingablaðið	1 800
Morgunblaðið	11 880
Héraðsblöð	90 490
Tímarit	11 500

Spurning nr. 3:

Upplag viðkomandi blaða ræður mestu um hvert þeirra verður fyrir valinu og reynt að gæta þess að jafnvægi sé á milli blaða heima í héraði.

Sýslumaðurinn í Gullbringusýslu, bæjarfógetinn í Keflavík, Grindavík og Njarðvík:

Spurning nr. 1: 407 243

Spurning nr. 2:

Ríkisútvarpið	25 835
Lögbirtingablaðið	5 400
Morgunblaðið	24 992
Héraðsblöð	346 016
Tímarit	5 000

Spurning nr. 3:

Auglýst þar sem talið er að mestur árangur náist.

Sýslumaðurinn í Kjósarsýslu, bæjarfógetinn í Hafnarfirði, Garðakaupstað og á Seltjarnarnesi:

Spurning nr. 1:	396 212
Spurning nr. 2:	
Ríkisútvarpið	45 370
Alþýðublaðið	39 468
Dagblaðið–Vísir (DV)	16 797
Morgunblaðið	78 510
Tíminn	39 930
Þjóðviljinn	12 342
Héraðsblöð	158 795
Tímarit	5 000

Spurning nr. 3:

Eins og fram kemur í ofangreindu yfirliti dreifist kostnaðurinn á dagblöðin í landinu. Þá hefur skapast sú venja að á kosningaári hefur embættið látið birta eina auglýsingu í hverju hinna pólitísku blaða sem gefin eru út í umdæminu en þar eru kjósendur minntir á að standa ríkissjóði skil á opinberum gjöldum.

Bæjarfógetinn í Kópavogi:

Spurning nr. 1:	473 804
Spurning nr. 2:	
Ríkisútvarpið	121 890
Lögbirtingablaðið	750
Alþýðublaðið	8 000
Dagblaðið–Vísir (DV)	4 950
Morgunblaðið	46 314
Héraðsblöð	291 900

Spurning nr. 3:

Farið er eftir þeirri reglu að ná sem best til þeirra sem mesta þörf hafa fyrir vitneskju um það sem verið er að auglýsa.

Sþ. 657. Tillaga til þingsályktunar [330. mál]

um rannsóknarnefnd til að kanna hvort hugsanlegt sé að starfsmenn lögreglunnar virði ekki 66. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífsins.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Kristín Halldórsdóttir, Níels Árni Lund.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa sjö manna nefnd til að rannsaka hvort ásakanir um að lögreglan í Reykjavík hafi brotið gegn 66. gr. stjórnarskrárinnar, um friðhelgi einkalífsins, eigi við rök að styðjast. Í nefndinni skulu eiga sæti einn þingmaður frá hverjum þeirra stjórnmálaflokka er fulltrúa eiga á Alþingi en dómsmálaráðherra skal skipa sjöunda manninn og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Nefndin skal kanna hvort þess séu dæmi að persónunjósnir séu stundaðar, sími hleraður, póstur rannsakaður eða á annan hátt sé gengið á rétt einstaklinga til persónulegrar

friðhelgi án þess að dómsúrskurður eða sérstök lagaheimild liggi fyrir. Nefndinni er heimilt að kalla fyrir embættismenn og aðra þá er hún telur geta varpað ljósi á málið.

Nefndin skal skila Alþingi skýrslu um niðurstöður sínar fyrir lok septembermánaðar 1988. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Í 66. gr. stjórnarskrárinnar segir svo:

„Heimilið er friðheilagt. Ekki má gera húsleit né kyrrsetja bréf og önnur skjöl og rannsaka þau nema eftir dómsúrskurði eða eftir sérstakri lagaheimild."

Hvarvetna í samfélögum, sem kenna sig við lýðræðislegt stjórnarfar, er fyrrgreint ákvæði eitt af grundvallaratriðum mannréttinda og frelsis einstaklingsins til að lifa lífi sínu án íhlutunar yfirvalda. Í lýðræðisríkjum eiga menn að hafa óskorað frelsi til orða og athafna, svo fremi að það brjóti ekki í bága við landslög. Andhverfa lýðræðisríkisins er lögregluríkið þar sem stjórnvöld og lögregla hirða hvergi um mannhelgi eða frelsi til orðs og æðis, heldur beita valdi sínu í eigin þágu án minnsta tillits til mannréttinda. Enginn Íslendingur velkist í vafa um hvort stjórnarfarið hann kýs fremur og öll viljum við standa vörð um þá þjóðfélagsgerð sem við höfum kosið okkur, þjóðfélag lýðræðis og þingræðis.

Það er því alvarlegt mál sem krefst rannsóknar Alþingis þegar virt tímarit, í þessu tilviki tímaritið Þjóðlíf, 2. tölublað 4. árgangs, birtir viðtal við einstakling sem fullyrðir að hann hafi orðið fyrir persónunjósnum lögreglu, sími sinn hafi verið hleraður og póstur skoðaður án þess að dómsúrskurður hafi verið felldur eða heimild veitt. Enn alvarlegra verður að teljast að lögreglustjórinn í Reykjavík vill aðspurður „hvorki játa því né neita" að verið geti að þessar ásakanir eigi við rök að styðjast.

Hér skal ekkert fullyrt um stöðu þessara mála innan lögreglunnar. En ljóst er að ásakanir á borð við þær sem fram koma í viðtölum í umræddu tímariti hljóta að kalla á rannsókn málsins og það er ekki verkefni einstaklinga að inna hana af hendi eða leita réttar síns heldur umboðsmanna þeirra, Alþingis sjálfs. Það er ekki aðeins þetta eina mál sem rannsaka þarf heldur einnig hver áhersla sé lögð á það innan lögreglunnar almennt að hvergi sé gengið á rétt manna til friðhelgi í einkalífi sínu.

Það er grundvallaratriði í sérhverju lýðræðisríki að landsmenn eigi góð samskipti við lögregluna, virði störf hennar og líti á þau sem mikilvægan þátt í samstarfi beggja aðila við að halda uppi lögum og reglu í landinu. En því aðeins getur lögreglan búist við trausti manna að innan hennar starfi vel menntaður hópur manna sem ævinlega hefur að leiðarljósi þá óumdeildu kröfu að allir menn eigi afdráttarlausan rétt til friðhelgi svo lengi sem þeir gerast ekki brotlegir við landslög.

Það hlýtur því að vera okkur öllum í hag, lögreglunni og landsmönnum öllum, að úr því sé skorið svo að ekki verði um villst að lögreglan virði stjórnarskrá landsins til hins ýtrasta og standi vörð um mannréttindi okkar og friðhelgi einkalífs. Verði brestur í trúnaði lögreglu og annarra landsmanna kann að koma til örðugleika sem illt kann að reynast að lagfæra. Ekki síst kynni fólki að reynast torvelt að innræta börnum sínum þá virðingu fyrir lögreglunni sem eðlileg er og nauðsynleg er hverju siðmenntuðu samfélagi þar sem menn vilja lifa saman í sem bestri sátt og samlyndi.

Í trausti þess að unnt verði að taka af allan vafa um vilja lögreglunnar til að virða stjórnarskrá landsins og friðhelgi fólksins í landinu er þessi tillaga flutt.

Sþ. 658. Tillaga til þingsályktunar [331. mál]

um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis.

Flm.: Þorvaldur Garðar Kristjánsson, Karl Steinar Guðnason, Jón Kristjánsson, Ólafur G. Einarsson, Páll Pétursson, Eiður Guðnason, Steingrímur J. Sigfússon, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Alþingi ályktar að setja eftirfarandi

Reglur

um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis.

1. gr.

Hlutverk umboðsmanns Alþingis er að gæta þess að stjórnvöld virði rétt einstaklinga og samtaka þeirra. Hann hefur í því skyni eftirlit með því að jafnræði sé virt í stjórnsýslustörfum og að stjórnsýsla sé að öðru leyti í samræmi við lög og góða stjórnsýsluhætti.

2. gr.

Starfssvið umboðsmanns Alþingis tekur til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga með þeim undantekningum sem taldar eru í 3. gr.

3. gr.

Starfssvið umboðsmanns nær ekki til eftirtalinna starfa:

1. Starfa Alþingis og stjórnsýslu í þágu Alþingis sem háð er eftirliti þingforseta, sbr. 11. gr. laga nr. 52/1985, um þingsköp Alþingis.
2. Starfa nefnda sem Alþingi kýs og skila eiga Alþingi skýrslu til umfjöllunar.
3. Starfa yfirskoðunarmanna ríkisreikninga og ríkisendurskoðunar, sbr. lög nr. 12/1986, um ríkisendurskoðun.
4. Dómsathafna.
5. Ákvarðana og annarra athafna stjórnvalda sem bera skal undir dómstóla samkvæmt beinum lagafyrirmælum.
6. Stjórnsýslu sveitarfélaga, nema ákvarðana, sem skjóta má til ráðherra eða annars stjórnvalds ríkisins.

4. gr.

Umboðsmaður getur tekið mál til meðferðar eftir kvörtun eða að eigin frumkvæði. Umboðsmaður getur tekið mál til meðferðar samkvæmt eigin ákvörðun í tilefni af kæru sem ekki fullnægir skilyrðum 2. og 3. liðar 5. gr. í reglum þessum eða er ekki höfð uppi af réttum aðila.

5. gr.

Hver sá sem telur sig hafa verið beittan rangsleitni af hálfu einhvers þess aðila sem hefur á hendi stjórnsýslu getur kvartað af því tilefni til umboðsmanns enda sé eftirtöldum skilyrðum fullnægt:

1. Að kvörtunarefni sé á starfssviði umboðsmanns, sbr. 2. og 3. gr. reglna þessara.
2. Að máli hafi verið skotið til æðsta stjórnvalds sem bært er til að fjalla um málið ef þess er kostur.
3. Að kvörtun sé borin upp við umboðsmann innan árs frá því að lokaákvörðun var tekin í málinu, sbr. 2. lið þessarar greinar.

Kvörtun skal vera skrifleg og þar skal greina nafn, heimilisfang og kennitölu þess sem kvartar. Kvörtun skal undirrituð af þeim sem hana ber fram eða umboðsmanni hans, enda fylgi þá kvörtun skriflegt umboð. Umboðsmaður getur ákveðið að kvörtun skuli skilað á sérstöku eyðublaði sem skrifstofa umboðsmanns lætur í té.

Sá sem sviptur er frelsi á rétt til að bera mál undir umboðsmann í lokuðu bréfi.

Í kvörtun skal lýst þeirri úrlausn eða annarri háttsemi stjórnvalda sem er tilefni kvörtunar. Kvörtun skal fylgja rökstuðningur og þau sönnunargögn sem tiltæk eru og máli skipta.

Starfslið á skrifstofu umboðsmanns skal, eftir því sem við verður komið, veita aðstoð við samningu kvörtunar ef þess er óskað.

6. gr.

Umboðsmaður getur krafið stjórnvöld um þær upplýsingar sem hann þarfnast vegna starfs síns, þar á meðal um hvers konar skýrslur, skjöl, bókanir og önnur gögn sem mál varða.

Umboðsmanni er heimilt að kveðja stjórnsýslustarfsmenn á sinn fund til viðræðna um málefni sem eru á starfssviði umboðsmanns og til að veita munnlega upplýsingar og skýringar er varða einstök mál.

Umboðsmaður á frjálsan aðgang að starfsstöðvum stjórnvalda til athugana í þágu starfs síns og skulu starfsmenn láta honum í té alla nauðsynlega aðstoð af því tilefni.

Umboðsmaður getur ekki krafist upplýsinga sem varða öryggi ríkisins eða utanríkismál, er leynt skulu fara, nema með leyfi ráðherra þess, sem í hlut á.

7. gr.

Umboðsmaður getur óskað þess við sakadómara að hann kveðji mann fyrir dóm til að bera vitni um atvik sem máli skipta að dómi umboðsmanns. Við þá skýrslugjöf skal fara eftir reglum laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á. Heimilt er þeim manni, sem mál varðar sérstaklega, að vera viðstaddur skýrslugjöfina. Honum skal, ef þörf krefur, skipa réttargæslumann skv. 2. mgr. 80. gr. laga nr. 74/1974 á kostnað ríkissjóðs. Ákveða má að skýrsla sé gefin fyrir luktum dyrum.

Umboðsmanni er heimilt að leita aðstoðar sérfræðinga, þegar sérstaklega stendur á, og afla nauðsynlegra sérfræðilegra gagna.

8. gr.

Telji umboðsmaður að kvörtun fullnægi ekki lagaskilyrðum til að hljóta nánari athugun og meðferð skv. 9. gr. reglna þessara eða að kvörtun gefi ekki tilefni til þess af öðrum ástæðum skal hann tilkynna þeim, sem kvartað hefur, þá niðurstöðu. Er málinu þá lokið af hálfu umboðsmanns.

9. gr.

Ákveði umboðsmaður að taka mál til meðferðar skal hann skýra því stjórnvaldi, sem í hlut á, frá efni þess nema hætta sé á að rannsókn kunni að torveldast af þeim sökum.

Umboðsmanni er rétt að leggja fyrir stjórnvald að afhenda gögn og láta í té aðrar upplýsingar sem mál varða, svo og að skýra viðhorf sitt til málsins. Hann getur sett stjórnvaldi ákveðinn frest í þessu skyni.

Eftir því sem ástæða þykir til kynnir umboðsmaður þeim, sem kvartað hefur, þau gögn sem greinir í 2. mgr. nema um sé að ræða gögn er leynt eiga að fara samkvæmt þeim reglum er gilda um það stjórnvald sem málið varðar.

Jafnan skal gefa stjórnvaldi, sem mál beinist að, kost á að skýra málið fyrir umboðsmanni áður en hann lýkur málinu með álitsgerð skv. b-lið 10. gr. laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis.

10. gr.

Hafi umboðsmaður tekið mál til meðferðar, sbr. 9. gr. reglna þessara, er honum heimilt að ljúka því með eftirfarandi hætti:

1. Hann getur látið mál niður falla að fenginni leiðréttingu eða skýringu stjórnvalds.
2. Hann lætur í ljós álit sitt á því hvort athöfn stjórnvalds brjóti í bága við lög eða hvort annars hafi verið brotið gegn góðum stjórnsýsluháttum. Ef því er að skipta getur hann látið í ljós þá skoðun að stjórnvald hafi við mat, sem er í valdi þess, brotið bersýnilega gegn kröfum um sanngirni eða góða stjórnsýsluhætti.
3. Varði kvörtun réttarágreining, sem á undir dómstóla og eðlilegt er að þeir leysi úr, getur umboðsmaður lokið máli með ábendingu um það. Honum er heimilt að leggja til við dómsmálaráðuneyti að það veiti gjafsókn í því skyni.

Telji umboðsmaður að um sé að ræða brot í starfi er varði viðurlögum samkvæmt lögum skal hann gera viðeigandi yfirvöldum viðvart.

11. gr.

Ef umboðsmaður verður þess var að meinbugir séu á gildandi lögum, almennum stjórnvaldsfyrirmælum eða starfsháttum í stjórnsýslu skal hann tilkynna það Alþingi og jafnframt hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórn eftir því sem við á.

12. gr.

Umboðsmaður skal fyrir 1. mars ár hvert gefa Alþingi skýrslu um starf sitt á liðnu almanaksári. Skýrsluna skal prenta og birta opinberlega fyrir 1. september ár hvert.

Ef umboðsmaður verður áskynja stórvægilegra mistaka eða afbrota stjórnvalds getur hann gefið Alþingi eða hlutaðeigandi ráðherra sérstaka skýrslu um málið. Ef starfsmaður sveitarstjórnar á í hlut getur umboðsmaður gefið sveitarstjórn sérstaka skýrslu.

Umboðsmaður ákveður sjálfur hvort hann gefur opinbera tilkynningu um mál og á hvern hátt hann gerir það.

Ávallt er umboðsmaður lætur frá sér fara tilkynningu um mál skal hann greina hvað stjórnvald það, sem hlut á að máli, hefur fært fram sér til varnar.

13. gr.

Umboðsmaður ræður sjálfur starfsmenn sína eftir því sem fjárveitingar leyfa. Umboðsmanni er með sama skilorði heimilt að ráða menn til að vinna að einstökum verkefnum.

Forsetar Alþingis hafa aðild og úrskurðarvald um réttindi og skyldur starfsmanna umboðsmanns sbr. lög nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og gera kjarasamninga við starfsmenn umboðsmanns, sbr. 3. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

14. gr.

Ef umboðsmaður víkur sæti við meðferð einstaks máls skipa forsetar Alþingis mann til að fara með það mál.

15. gr.

Umboðsmanni ber að gæta þagnarskyldu um þau atvik sem honum verða kunn í starfi og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Sama gildir um starfsmenn umboðsmanns. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

16. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, segir svo í 15. gr.:

„Alþingi setur nánari reglur um störf og starfshætti umboðsmanns. Reglur þessar skulu settar með ályktun í sameinuðu Alþingi að loknum tveimur umræðum.“

Þá er tekið fram í 14. gr. laganna að um fjölda starfsfólks umboðsmanns og launakjör þess fari eftir reglum sem Alþingi setji skv. 15. gr. laganna.

Í samræmi við þessi lagaákvæði eru tillögur þessar að reglum um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis lagðar fram. Reglurnar eru byggðar á drögum sem forsetar fólu Gauki Jörundssyni, nýkjörnum umboðsmanni, að semja.

Athugsemdir við einstakar greinar reglnanna.

Um 1. gr.

Hér er áréttað hvaða tilgangi starf umboðsmanns á að þjóna, sbr. 2. gr. laga nr. 13/1987. Þá er skýrt nánar hvaða aðilar njóti verndar samkvæmt lögunum og reglum þessum. Í 2. gr. laga nr. 13/1987 segir að hlutverk umboðsmanns sé að tryggja rétt borgaranna. Þar getur ekki aðeins verið átt við íslenska ríkisborgara. Svo þröng skýring samræmist ekki grundvallarsjónarmiðum jafnræðis sem eru hornsteinn laga nr. 13/1987, sbr. síðari málslið 2. gr. Ber að skýra lögin svo rúmt að átt sé við alla einstaklinga sem stjórnvöld hafa afskipti af, svo og hvers konar samtök þeirra.

Um 2. gr.

Ákvæði þessarar greinar geyma meginreglu um starfssvið umboðsmanns Alþingis. Í greininni kemur fram að starfssvið umboðsmanns er bundið við stjórnsýslu. Samkvæmt því er meðferð löggjafarvalds og dómsvalds utan valdsviðs umboðsmanns, en nánari afmörkun ræðst af ákvæðum 3. gr.

Um 3. gr.

Hér er markað nokkru nánar hvert sé starfssvið umboðsmanns. Þar er veigamest að þingstörf og störf, sem eru beinlínis undir stjórn og eftirliti Alþingis, eru undanþegin starfssviði umboðsmanns. Sama máli gegnir um störf nefnda sem Alþingi kýs og skila eiga Alþingi skýrslu til umfjöllunar. Er um þessi atriði fjallað í 1. og 2. tölul., en samkvæmt sömu meginsjónarmiðum eru störf yfirskoðunarmanna ríkisreikninga og ríkisendurskoðunar undanþegin í 3. tölul.

Af meginreglu 2. gr. leiðir einnig að dómsathafnir falla utan starfssviðs umboðsmanns og er það tekið fram í 4. tölul. Þá er stundum ákveðið í lögum að leita beri leiðréttingar hjá dómstólum að því er varðar tiltekin atriði stjórnsýslustarfa, sbr. t.d. ákvæði um kjörskrár í V. kafla laga nr. 80/1987 og ákvæði um bætur til handa sökuðum mönnum í XVIII. kafla nr. 74/1974. Er á því byggt í 5. tölul. að yfirleitt sé rétt að málsmeðferð sé hagað í samræmi við slíkar reglur og kemur þá ekki til afskipta umboðsmanns af þeim atriðum sem dómstólar hafa skorið úr.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 13/1987 eru afskiptum umboðsmanns af stjórnsýslu sveitarfélaga veruleg takmörk sett. Er það áréttað í 6. tölul. þessarar greinar.

Um 4. gr.

Í 4. gr. er að finna meginreglur um það hver sé grundvöllur þess að umboðsmaður taki mál til meðferðar. Er það annars vegar kæra og hins vegar eigin ákvörðun umboðsmanns. Í síðara tilvikinu er heimild umboðsmanns rýmri eins og tekið er fram í niðurlagi greinarinnar.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að ekki hafa aðrir rétt til að bera fram kvörtun en þeir sem sjálfir hafa orðið fyrir rangsleitni af hálfu stjórnvalda eða halda slíku fram. Almenn kæruheimild er ekki viðurkennd í lögum nr. 13/1987, sbr. 2. mgr. 5. gr. laganna. Síðan er rakið í 1.–3. tölul. hvaða frekari skilyrðum þurfi að vera fullnægt til þess að umboðsmaður geti tekið kvörtun til meðferðar.

Í 2. og 4. mgr. er því nánar lýst hvernig kvörtun skuli úr garði gerð og hvernig að frágangi skuli staðið ef kvörtun er sett fram í umboði annars manns.

Í 3. mgr. eru sérákvæði um kæru manna sem eru sviptir frelsi.

Í 5. mgr. er mælt fyrir um aðstoð við þann er vill bera fram kvörtun. Gert er ráð fyrir því að útbúin verði eyðublöð til að skrá kvartanir á og að skriflegar leiðbeiningar verði samdar um það hvernig standa skuli að kvörtun.

Um 6. gr.

Í 6. gr. eru tekin að efni til ákvæði 1. og 2. mgr. 7. gr. laga nr. 13/1987, sbr. 1. og 4. mgr., en í 2. og 3. mgr. eru settar nánari reglur um heimildir umboðsmanns.

Um 7. gr.

1. mgr. er sama efnis og 3. mgr. 7. gr. laga nr. 13/1987, en tekið af skarið að sakadómur taki við skýrslu og að ríkissjóður beri kostnað af starfi réttargæslumanns.

Í 2. mgr. er umboðsmanni heimilað að leita aðstoðar sérfræðinga og afla nauðsynlegra sérfræðilegra gagna. Getur það verið nauðsynlegt þegar reynir á sérfræðileg atriði í starfi umboðsmanns.

Um 8. gr.

Gengið er út frá því að umboðsmaður kanni allar kvartanir sem honum berast. Ef frumathugun umboðsmanns leiðir í ljós að kvörtun fullnægir ekki lagaskilyrðum, sbr. 5. gr. reglna þessara, er málinu lokið. Sama máli gegnir ef þegar á þessu stigi er ljóst að ekki er ástæða til að umboðsmaður láti úrlausn eða framkomu stjórnvalds til sín taka. Jafnan skal umboðsmaður tilkynna þeim, sem kvartað hefur, um málalok, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 13/1987.

Um 9. gr.

Hér er áréttuð sú meginregla að stjórnvald það, sem í hlut á, fái þegar vitneskju um það ef umboðsmaður tekur mál til meðferðar er það varðar, sbr. 1. mgr. þessarar greinar. Enn fremur skal stjórnvald jafnan eiga þess kost að skýra málið fyrir umboðsmanni áður en hann lýkur málinu með álitsgerð, sbr. 4. mgr. þessarar greinar.

Í 2. mgr. eru ákvæði um skyldu stjórnvalds til að láta umboðsmanni í té upplýsingar varðandi mál sem hann hefur tekið til meðferðar og til að skýra sjónarmið sín í málinu. Tekið er fram að umboðsmaður geti sett stjórnvaldi frest í þessu skyni.

Meginreglan hlýtur að vera sú að sá sem kvörtun ber fram eigi þess kost að kynna sér öll gögn máls sem máli skipta. Eru tekin af tvímæli í þessu efni í 3. mgr. þessarar greinar en undantekningu verður þó að gera um gögn sem leynt eiga að fara.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. er rakið með hvaða hætti þeim málum verður lokið sem umboðsmaður hefur ákveðið að taka til meðferðar skv. 9. gr. reglna þessara. Eru ákvæði 1. mgr. í samræmi við a-

og b-liði 10. gr. laga nr. 13/1987, en bætt er við því ákvæði að ljúka megi máli með ábendingu um að eðlilegt sé að dómstólar leysi úr þeim réttarágreiningi sem um er að ræða. Jafnframt er umboðsmanni heimilað að leggja til við dómsmálaráðuneyti að þeim er kvörtun hefur sett fram verði veitt gjafsókn til að fá leyst úr mikilsverðum vafaatriðum fyrir dómstólum.

Þá er í lok 2. tölul. 1. mgr. gefin leiðbeining um afskipti umboðsmanns af stjórnsýslustörfum er byggjast á því sem í stjórnarfarsrétti hefur verið nefnt frjálst mat stjórnvalda.

2. mgr. er í samræmi við ákvæði b-liðar 10. gr. laga nr. 13/1987.

Um 11. gr.

Greinin er í samræmi við 11. gr. laga nr. 13/1987, en tekið fram að starfshættir í stjórnsýslu séu einnig á starfssviði umboðsmanns skv. 11. gr.

Um 12. gr.

1. mgr. er í samræmi við 1. mgr. 12. gr. laga nr. 13/1987, en tekið sérstaklega fram að skýrslu skuli skilað til Alþingis fyrir 1. mars ár hvert. Miðað við núverandi starfshætti gefst Alþingi þá kostur á að fjalla um skýrslu umboðsmanns áður en hún er gefin út og er rétt að tryggja að svo verði.

2.–4. mgr. eru í samræmi við 2.–4. mgr. laga nr. 13/1987.

Um 13. gr.

Hér eru þau ákvæði sem 14. gr. laga nr. 13/1987 mælir fyrir að séu í reglum um störf og starfshætti umboðsmanns.

Með hliðsjón af 2. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1986 þykir rétt að forsetar Alþingis geri kjarasamninga við starfsmenn umboðsmanns og að þeir eigi aðild og úrskurðarvald um réttindi þeirra og skyldur, sbr. 35. gr. laga nr. 38/1954.

Um 14. gr.

Engin ákvæði eru um það í lögum nr. 13/1987 hvernig með skuli fara ef umboðsmaður víkur sæti í ákveðnu máli. Er rétt að setja ákvæði í reglur þessar hvernig skipa eigi mann í stað umboðsmanns þegar svo stendur á.

Um 15. gr.

Hér vísast til 8. gr. laga nr. 13/1987.

Um 16. gr.

Ekki er tilefni til sérstakra athugasemda.

Nd. 659. Nefndarálit [317. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin ræddi frumvarpið á fundi í morgun. Eftirfarandi fulltrúar komu til fundar við nefndina: Þórður Friðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, Sigurður E. Guðmundsson og Hilmar Þórisson frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Kristján Guðmundsson, bæjarstjóri í

Kópavogi, Guðmundur Árni Stefánsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, og Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, bæjarritari í Hafnarfirði, Ásmundur Stefánsson, forseti ASÍ, og Ari Skúlason, hagfræðingur ASÍ, Kristján Thorlacius, formaður BSRB, og Björn Arnórsson, hagfræðingur BSRB, Þórir Daníelsson, framkvæmdastjóri VMSÍ, Tómas Árnason seðlabankastjóri og Bjarni Bragi Jónsson, aðstoðarbankastjóri Seðlabankans, Snæbjörn Jónasson vegamálastjóri og Hallgrímur Snorrason, formaður yfirstjórnar mannvirkjagerðar á Landspítalalóðinni.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Meiri hl. mælir með samþykkt frumvarpsins. Minni hl. skilar séráliti.

Guðmundur G. Þórarinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins, en Níels Árni Lund sat fund nefndarinnar í hans stað. Einnig sat Ingi Björn Albertsson fund nefndarinnar.

Alþingi, 4. mars 1988.

Páll Pétursson, form.	Geir H. Haarde, fundaskr., frsm.	Einar Kr. Guðfinnsson.
Kjartan Jóhannsson.		Níels Árni Lund.

Nd. 660. Nefndarálit [317. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarpi þessu var vísað til nefndarinnar árla sl. nætur og kl. 8.30 hóf nefndin störf. Málið var afgreitt út úr nefndinni kl. 11.40 og ætlunin er að málið verði tekið til 2. umr. núna kl. 13. Mjög skammur tími hefur því unnist til að athuga efni frumvarpsins.

Fyrir nefndina komu fulltrúar frá Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka, Húsnæðisstofnun og yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalóðinni, en þeim málum hafa verið gerð sérstaklega skil í nefndaráliti minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar og vísast til þess.

Auk þess komu á fund nefndarinnar fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, BSRB og Verkamannasambandinu og var rætt við þá um stöðuna í kjarasamningunum og horfur í þeim efnum. Kom þar fram að flest bendi nú til að nýgerðir kjarasamningar milli VMSÍ og atvinnurekenda verði felldir í miklum meiri hluta þeirra verkalýðsfélaga sem aðild áttu að samningnum. Einnig kom fram að þar sem samningar VMSÍ og BSRB væru með samanburðarákvæðum við aðra samninga — ef þar næðust meiri kjarabætur fram — gætu í raun flestallir samningar í landinu „losnað“ á næstunni. Þá mótmælti forseti Alþýðusambandsins niðurskurði til húsnæðismála sem bættist við fyrri vanefndir ríkisvaldsins um framlög til þeirra mála.

Fyrir nefndina komu einnig bæjarstjórar Hafnarfjarðar og Kópavogs og mótmæltu þeir harðlega skerðingu Jöfnunarsjóðs. Töldu þeir að tekjutap bæjarfélaganna yrði u.þ.b. 15 millj. kr. fyrir Hafnarfjarðarkaupstað og 16 millj. kr. fyrir Kópavogskaupstað. Þá lýstu bæjarstjórarnir einnig sérstökum vonbrigðum með þessa niðurstöðu þar sem hún hefði óhjákvæmilega mjög slæm áhrif á samskipti ríkis og sveitarfélaga, ekki síst þar sem ekkert samráð hefði verið haft við sveitarfélögin um þessa ákvörðun.

Einnig kom vegamálastjóri fyrir nefndina og upplýsti hann að niðurskurður til vegamála mundi ekki raska áður umsömdum verkefnum en ganga mundi á það fé sem óskipt er til nýframkvæmda. Kemur það Vegagerðinni til góða í þessu sambandi að tekjur voru nokkuð vanáætlaðar. Rétt er þó að minnast þess að langt er í land að staðið sé við ákvæði langtímaáætlunar um framlög til vegamála.

Minni hl. mun sitja hjá við afgreiðslu málsins. Ljóst er að forsendur þessara ráðstafana, eins og þeim var lýst af ríkisstjórninni, þ.e. að kjarasamningar VMSÍ og atvinnurekenda yrðu að almennu fordæmi, eru að hrynja. Ýmislegt af þessum ráðstöfunum er út af fyrir sig til bóta. Einkum það að ríkisstjórnin er nú að taka til baka margar af þeim ráðstöfunum gagnvart atvinnuvegunum sem anað var út í fyrir nokkrum mánuðum. Hitt er jafnljóst að ríkisstjórnin hefur misst öll tök á stjórn efnahagsmálanna. Stjórnin er innbyrðis sundurþykk og bæði ráðherrar og einstakir stjórnarþingmenn eru í beinni andstöðu við sumt í ráðstöfunum þessum. Alger óvissa ríkir því um framhaldið og ríkisstjórnin framlengir líf sitt með vonlausu jakahlaupi bráðabirgðaráðstafana í efnahagsmálum.

Stjórnarandstaðan tekur ekki þátt í slíku og mun sitja hjá við afgreiðslu málsins en áskilur sér rétt til að greiða atkvæði á móti einstökum tillögum í frumvarpinu en styðja aðrar eftir efni málsins.

Ingi Björn Albertsson sat fund nefndarinnar fyrir hönd Borgaraflokksins og er hann samþykkur nefndaráliti þessu.

Alþingi, 4. mars 1988.

Steingrímur J. Sigfússon, frsm.

Kristín Halldórsdóttir.

Sþ. 661. Fyrirspurn [332. mál]

til samgönguráðherra um Kolbeinsey.

Frá Stefáni Guðmundssyni.

1. Hverjar voru helstu niðurstöður úr rannsóknarferð sem farin var til Kolbeinseyjar í ágústmánuði 1985 samkvæmt þingsályktun frá Alþingi 20. apríl 1982?
2. Eru á döfinni einhverjar framkvæmdir á Kolbeinsey til að auka öryggi sjófarenda, svo sem uppsetning siglingamerkja og búnaðar til veðurathugana?
3. Hverjar voru helstu niðurstöður úr rannsóknarferð til Kolbeinseyjar sl. sumar undir stjórn Hafrannsóknastofnunar, BBC-útvarpsstöðvarinnar og hafrannsóknastofnunar í Bandaríkjunum þar sem hitasvæði í næsta nágrenni eyjarinnar voru rannsökuð?

Sþ. 662. Fyrirspurn [333. mál]

til landbúnaðarráðherra um hlunnindatekjur.

Frá Ingibjörgu Daníelsdóttur.

1. Hve margir bændur höfðu á árinu 1986 hlunnindatekjur á bilinu:
   a. 100–400 þús. kr.,
   b. 400–700 þús. kr.,
   c. 700 þús. kr. til 1 millj. kr.,
   d. 1 millj. kr. eða meira?
2. Hve stór voru bú þeirra í ærgildum talið?
3. Hve háar voru meðalnettótekjur sem þessir bændur höfðu af jörðum sínum?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 663. Fyrirspurn [334. mál]

til landbúnaðarráðherra um jarðakaup.

Frá Ingibjörgu Daníelsdóttur og Málmfríði Sigurðardóttur.

1. Hefur Jarðasjóður verið efldur eins og kveðið er á um í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar?
2. Hve margar jarðir keypti Jarðasjóður á árunum
   a. 1984,
   b. 1985,
   c. 1986,
   d. 1987?
3. Hversu margar jarðir er áætlað að kaupa á þessu ári?

Sþ. 664. Fyrirspurn [335. mál]

til dómsmálaráðherra um skólabifreiðar.

Frá Ingibjörgu Daníelsdóttur og Málmfríði Sigurðardóttur.

Hvaða reglur gilda um eftirlit með þeim bifreiðum sem notaðar eru til skólaaksturs?

Sþ. 665. Fyrirspurn [336. mál]

til landbúnaðarráðherra um fullvirðisrétt.

Frá Ingibjörgu Daníelsdóttur.

1. Hvað eru margar jarðir er hafa innan við 300 ærgildi í fullvirðisrétt, sundurliðað eftir sýslum?
2. Hver er aldursskipting þeirra bænda er hafa minna en 300 ærgilda fullvirðisrétt?
3. Hversu margir bændur eru með 300 ærgilda bú og minna og hafa ekki tekjur af öðru en búskap?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 666. Fyrirspurn [337. mál]

til heilbrigðisráðherra um greiðslur fyrir lyf og læknisþjónustu.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hverjar voru heildargreiðslur viðskiptamanna sjúkrasamlaga árin 1986 og 1987
   a. fyrir þjónustu heilsugæslu- og heimilislækna,
   b. fyrir þjónustu sérfræðinga,
   c. röntgengreiningu,
   d. lyf:
      1. innlend sérlyf,
      2. erlend sérlyf?
2. Hverjar voru greiðslur aldraðra fyrir sömu þjónustu, sundurliðað á sama hátt?
3. Hverjar verða greiðslurnar árið 1988 samkvæmt forsendum fjárlaga, sundurliðað á sama hátt og í 1. tölul.?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 667. Lög [317. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988.

(Afgreidd frá Nd. 4. mars.)

Nd. 668. Frumvarp til laga [338. mál]

um sölu notaðra bifreiða og annarra skráningarskyldra ökutækja.

Flm.: Ingi Björn Albertsson, Geir Gunnarsson, Guðmundur G. Þórarinsson, Jón Sæmundur Sigurjónsson, Kristín Halldórsdóttir, Stefán Valgeirsson.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Hver sá, sem reka vill verslun eða umboðssölu með notaðar bifreiðar eða önnur skráningarskyld ökutæki, skal hafa til þess sérstakt leyfi dómsmálaráðuneytis. Leyfi skal veitt til fimm ára í senn og aðeins þeim sem fullnægja skilyrðum laga nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, og fullnægja að öðru leyti þeim skilyrðum sem sett eru í lögum þessum.

Leyfishafi skal leggja fram tryggingu sem dómsmálaráðuneytið metur gilda, að fjárhæð 1,5 millj. kr., til að standa straum af skaðabótum sem honum kann að verða gert að greiða viðskiptamanni vegna starfsemi sinnar. Fjárhæð tryggingar skal taka mið af verðlagsþróun eftir nánari reglum sem dómsmálaráðherra setur með reglugerð.

Leyfishafi, svo og þeir sem starfa á hans vegum, skulu standast próf í samningarétti og skjalagerð eftir nánari reglum sem dómsmálaráðherra setur með reglugerð. Undanþegnir slíku prófi eru þó héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn.

Öðrum en þeim sem fengið hafa leyfi samkvæmt grein þessari er óheimilt að reka verslun eða umboðssölu með notaðar bifreiðar eða önnur skráningarskyld ökutæki.

2. gr.

Afturkalla má leyfi skv. 1. gr. ef sannað þykir að leyfishafi hafi brotið lög nr. 41/1968, ákvæði laga þessara eða lög um óréttmæta viðskiptahætti eða ef leyfishafi fullnægir ekki lengur skilyrðum til að mega reka starfsemina.

3. gr.

Dómsmálaráðuneytið skal láta útbúa almenn stöðluð afsalseyðublöð og sölukvittanir sem beri sömu númer og bifreiðasala er skylt að nota í viðskiptum með notaðar bifreiðar eða önnur skráningarskyld ökutæki. Skulu eyðublöð þessi þannig gerð að þau gegni einnig hlutverki sölutilkynningar til Bifreiðaeftirlits ríkisins.

Seljandi bifreiðar eða annars skráningarskylds ökutækis skal sanna með vottorði Bifreiðaeftirlits ríkisins að hann sé skráður eigandi þess. Bifreiðasala er óheimilt að annast sölu bifreiðar eða annars skráningarskylds ökutækis nema ótvírætt sé að seljandi sé skráður eigandi þess eða fyrir liggi skrifleg heimild frá skráðum eiganda sé hann annar en seljandi og að fyrir liggi veðbókarvottorð yfir ökutækið.

II. KAFLI

Réttindi og skyldur bifreiðasala.

4. gr.

Bifreiðasali skal í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Hann skal gæta þess að viðskiptamenn hans njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og þess að aðila séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir kostir í samningum. Telji bifreiðasali vafa leika á um greiðslugetu kaupanda skal hann gera seljanda um það viðvart.

5. gr.

Bifreiðasali skal afla upplýsinga sem staðfestar skulu skriflega af seljanda um ástand, akstur og ástand bifreiðar eða annars skráningarskylds ökutækis, svo og annarra þeirra upplýsinga sem kaupanda eru nauðsynlegar vegna kaupanna. Gögn þessi skal bifreiðasali varðveita í eitt ár frá söludegi viðkomandi ökutækis.

6. gr.

Bifreiðasali skal annast um að endanlega sé gengið frá afsölum og öðrum skjölum vegna viðskipta á hans vegum og skal nafn þess bifreiðasala, sem gengur frá samningi, koma fram á afsali. Þá skal bifreiðasali jafnframt annast um að Bifreiðaeftirliti ríkisins berist sölutilkynning vegna hverrar bifreiðar eða annars skráningarskylds ökutækis sem selt er á hans vegum.

Nú annast bifreiðasali eða annar aðili viðskipti með bifreiðar eða önnur skráningarskyld ökutæki, fyrir hönd kaupanda eða seljanda, og skal sá aðili þá hafa skriflegt dagsett umboð er heimili slíka milligöngu.

7. gr.

Nú hyggst bifreiðasali, bifreiðasalan sjálf eða starfsmenn hennar selja eigin bifreið eða annað skráningarskylt ökutæki í rekstri sínum eða kaupa bifreið eða annað skráningarskylt ökutæki sem þessum aðilum hefur verið falið að annast sölu á og skal þá viðskiptamanni kynnt það sérstaklega og þess jafnframt getið í afsali. Sama gildir um maka bifreiðasala og náin skyldmenni hans.

8. gr.

Þóknun bifreiðasala vegna aðstoðar við sölu bifreiðar eða annars skráningarskylds ökutækis skal ekki fara fram yfir 2% af söluverði ökutækisins en rétt er bifreiðasala að áskilja sér aukalega útlagðan auglýsingakostnað, enda hafi auglýsing verið birt sérstaklega að beiðni seljanda. Sé önnur bifreið eða skráningarskylt ökutæki notað sem greiðsla í viðskiptunum skal seljandi þess ökutækis greiða 1% þóknun vegna sölu þess.

III. KAFLI

Viðurlög.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að sex mánuðum. Mál vegna brota á lögum þessum skulu sæta meðferð að hætti opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi þau ákvæði laga nr. 61/1979 sem fjalla sérstaklega um bifreiðar eða samrýmast ekki ákvæðum laga þessara að öðru leyti.

Þeim sem við gildistöku laga þessara stunda starfsemi sem lögin taka til er heimilt án leyfis dómsmálaráðuneytis að reka starfsemi sína til 31. desember 1988.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur alloft orðið nokkur umræða um nauðsyn þess að setja löggjöf um starfsemi þeirra sem stunda verslun og umboðssölu með notaðar bifreiðar. Hefur umræðan oftar en ekki einkennst af neikvæðum viðhorfum í garð þeirra er þessa starfsemi stunda, oftast óverðskuldað. Því þykir full ástæða til að setja löggjöf um þessa starfsemi sem gæti orðið bæði bifreiðasölum og viðskiptamönnum þeirra til hagsbóta. Að vísu voru sett lög um sölu notaðra lausafjármuna, lög nr. 61/1979, en ákvæði þeirra um sölu notaðra bifreiða eru afar ófullkomin svo að ekki sé fastar að orði kveðið. Frumvarpi þessu er ætlað að bæta hér úr auk þess sem ætla má að löggjöf um þessi efni sé bæði bifreiðasölum og viðskiptamönnum þeirra til hagsbóta og geti dregið úr ágreiningi og deilum og létt af bílasölum óréttmætri gagnrýni vegna starfa þeirra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er mælt fyrir um það hvaða skilyrðum þurfi að fullnægja til að mega reka verslun eða umboðssölu með notaðar bifreiðar eða önnur skráningarskyld ökutæki. Í lögunum sjálfum er hugtakið bifreið ekki skilgreint, en stuðst er við þá skilgreiningu sem fram kemur í umferðarlögum, nr. 50/1987. Um skráningarskyld ökutæki að öðru leyti vísast til reglna sem dómsmálaráðherra setur skv. 64. gr. sömu laga.

Í 1. mgr. eru sett sömu skilyrði og í lögum nr. 61/1979, um sölu notaðra lausafjármuna, að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að leyfisveitingar verði í höndum dómsmálaráðherra í stað lögreglustjóra eins og mælt er fyrir í lögum nr. 61/1979. Þykir þetta eðlilegri skipan enda er dómsmálaráðherra ætlað að setja ýmsar reglur um bifreiðar samkvæmt lögum nr. 50/1987.

Í 2. mgr. kemur fram það nýmæli að bifreiðasala er gert að leggja fram tryggingu, sem dómsmálaráðherra metur gilda, til að standa straum af skaðabótum sem honum kann að verða gert að greiða viðskiptamanni vegna starfsemi sinnar. Ýmis tilvik getur borið að höndum sem kunna að leiða til bótaábyrgðar bifreiðasala eftir almennum reglum. Ákvæði þessu er ætlað að tryggja að bifreiðasali hafi ávallt nokkurt svigrúm til að greiða slíkar bætur, auk þess sem ákvæðið er nokkur trygging fyrir viðskiptamann sem kann að eiga rétt til bóta. Lagt er til í 2. mgr. að fjárhæð tryggingar taki mið af verðlagsþróun eftir nánari reglum sem dómsmálaráðherra setur með reglugerð.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að leyfishafi, svo og þeir sem starfa á hans vegum, skuli standast próf í grundvallaratriðum samningaréttar og skjalagerð. Þykir eðlilegt að gera þessar kröfur til þessara aðila, enda eru þessi atriði snar þáttur í starfi þeirra og nauðsynlegt að þeir hafi nokkra grunnþekkingu á þessu sviði.

Í 4. mgr. er loks ótvírætt tekið fram að einungis þeim sem til þess hafa fengið sérstakt leyfi skv. 1. gr. sé heimilt að stunda þá starfsemi sem lögin taka til.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir því að dómsmálaráðuneytið láti útbúa almenn stöðluð afsalseyðublöð og sölukvittanir sem bifreiðasala sé skylt að nota í viðskiptum með notaðar bifreiðar og önnur skráningarskyld ökutæki. Er að þessu leyti höfð nokkur hliðsjón af 4. gr. laga nr. 44/1979, um húsaleigusamninga. Ákvæðinu er ætlað að stuðla að því að rétt og

örugglega sé frá samningum þessum gengið og ekki séu í afsölum ólögmæt eða ósanngjörn ákvæði. Samræmd tölumerking afsala og sölukvittana er mikilvæg frá skattalegu sjónarmiði.

Þá er einnig gert ráð fyrir því nýmæli í 1. mgr. að afsalseyðublöð séu einnig sölutilkynningar til Bifreiðaeftirlits ríkisins en nánari útfærsla þess er lögð í hendur dómsmálaráðuneytisins. Slíkt fyrirkomulag yrði vafalaust til hagræðingar fyrir alla þá er gögn þessi varða.

Ákvæði 1. málsl. 2. mgr. er samhljóða 3. mgr. 7. gr. laga nr. 61/1979, að öðru leyti en því að bætt er við ákvæði um önnur skráningarskyld ökutæki. Auk þess er því bætt hér við að sé eignarhald á bifreið eða öðru skráningarskyldu ökutæki ekki ótvírætt eða fyrir liggi skrifleg heimild frá skráðum eiganda sé bifreiðasala óheimilt að annast sölu ökutækis. Er með þessu stefnt að auknu öryggi í þessum viðskiptum. Sömu forsendur liggja að baki því ákvæði 2. mgr. að bifreiðasala sé óheimilt að annast sölu nema fyrir liggi veðbókarvottorð.

Um 4. gr.

Í 4. gr. felst almennt ákvæði um skyldur bifreiðasala gagnvart viðskiptamönnum sínum. Áréttað er að bifreiðasali er í þjónustu beggja aðila, seljanda og kaupanda, og ber að gæta hagsmuna þeirra beggja við samningsgerð eins og kostur er. Þó má ætla að vegna reynslu sinnar sé bifreiðasala e.t.v. kunnugt um að kaupandi hafi litla sem enga raunhæfa möguleika á að standa við skyldur sínar samkvæmt tilboði og er þá eðlilegt að bifreiðasali geri seljanda um það viðvart. Áhættan hvílir eftir sem áður á seljanda taki hann tilboði eigi að síður.

Um 5. gr.

Í 5. gr. er sú skylda lögð á bifreiðasala að afla þeirra upplýsinga sem kaupanda eru nauðsynlegar vegna kaupa á bifreið eða öðru skráningarskyldu ökutæki. Ákvæðinu er hvorki ætlað að leysa seljanda undan ábyrgð vegna þeirra upplýsinga sem hann veitir né er því ætlað að slaka á hinni svokölluðu „rannsóknarskyldu“ sem hvílir á kaupanda skv. 47. gr. laga nr. 39/1922, um lausafjárkaup. Hins vegar er ákvæðinu ætlað að skerpa skyldu bifreiðasala til að miðla þeim upplýsingum sem hann veit um eða hefur aflað í starfi sínu sem bifreiðasali. Varðveisluskylda bifreiðasala á gögnum í eitt ár er í tengslum við ákvæði 54. gr. laga nr. 39/1922. Ákvæði um skriflega staðfestingu seljanda á þeim upplýsingum, sem hann veitir, tryggir sönnun málsatvika ef til ágreinings kemur vegna viðskipta með notaðar bifreiðar eða önnur skráningarskyld ökutæki.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er leitast við að tryggja endanlegan frágang skjala vegna bifreiðaviðskipta. Ákvæðinu er m.a. ætlað að sporna við hinum svokölluðu „opnu afsölum“ sem lengi hafa tíðkast og oft leitt til vandræða, ekki síst vegna opinberrar skráningar bifreiða og réttaráhrifa hennar. Þá þykir eðlilegt að fram komi á afsali hvaða bifreiðasali annaðist samningsgerð. Sérstaklega skal bent á það ákvæði greinarinnar að bifreiðasali skuli annast um að sölutilkynning berist Bifreiðaeftirliti ríkisins. Nú hvílir þessi skylda á seljanda bifreiðar samkvæmt reglugerð um Bifreiðaeftirlit ríkisins. Misbrestur hefur því miður orðið á að seljendur sinni þessari skyldu sinni og þykir því tryggilegast að bifreiðasali annist þetta atriði. Hins vegar þurfa kaupendur eftir sem áður að framvísa sölutilkynningu er þeir umskrá bifreið á sitt nafn.

Ákvæði 2. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Ákvæði 7. gr. er ætlað að koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun bifreiðasala eða starfsmanna hans á aðstöðu sinni. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Ákvæði 1. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Samkvæmt 2. mgr. er þeim sem við gildistöku laga þessara stunda starfsemi sem lögin taka til veittur nokkur aðlögunartími vegna breyttrar löggjafar á þessu sviði. Eðlileg sanngirnissjónarmið mæla með þessu ákvæði.

Sþ. 669. Tillaga til þingsályktunar [339. mál]

um Björgunar- og slysavarnaskóla Íslands.

Flm.: Ólafur Gränz, Hreggviður Jónsson, Albert Guðmundsson, Júlíus Sólnes, Ingi Björn Albertsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Guðmundur Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á stofn Björgunar- og slysavarnaskóla Íslands. Stofnkostnaður og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Það var 26. mars árið 1920 að fyrsta björgunar- og gæsluskip Íslendinga, vélskipið Þór, kom til landsins frá Danmörku. Þaðan höfðu Vestmanneyingar keypt skipið en áður hafði skipið verið hafrannsóknaskip og borið nafnið Thor.

Á þeim tíma, sem vélskipið Þór var keypt, ríkti mikill einhugur í þessari stóru verstöð um kaup á góðu björgunar- og gæsluskipi sem væri til taks ef slys bæri að höndum eða aðstoðar væri þörf á hafi úti. Miklar fórnir höfðu verið færðar og hafa verið færðar síðan í þessum undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar.

Björgunarskipið Þór þjónaði sjómönnum við Vestmannaeyjar um nokkurt skeið, en var síðan selt íslenska ríkinu og afhent 1. júlí 1926 og má segja að það sé stofndagur Landhelgisgæslu Íslands.

Með tilkomu skólaskipsins Sæbjargar, sem núverandi formaður Borgaraflokksins, þáverandi fjármálaráðherra, afhenti Slysavarnafélagi Íslands fyrir 1000 kr., var stigið enn eitt gæfu- og framfarasporið í björgunar- og slysavarnamálum Íslendinga. Nú, eftir tveggja ára rekstur skipsins, liggja fyrir staðreyndir sem sýna svo að ekki verður um villst að miklum slysum og skipsköðum hefur verið bægt frá, framar öllu vegna þess að sjómenn höfðu hlotið þjálfun og menntun í slysavarnaskólanum í Sæbjörgu. Mikilvægi þess að menn kunni til verka á örlagastundu verður aldrei metið til fulls því að ekkert er dýrmætara en mannslíf.

Skólaskipið Sæbjörg annar nú hvergi nærri þeirri þörf sem fyrir er. Með tilkomu veglegs björgunar- og slysavarnaskóla mundi skipið nýtast áfram fullkomlega, en væntanlega breytist rekstrarfyrirkomulag skipsins.

Nú er greinilegra en nokkru sinni fyrr hve mikilvægt er að sinna þessum þætti slysavarna- og björgunarmála og eru þá einkum hafðir í huga sjómenn á fiskiskipum og farskipum auk fjölmargra annarra eins og slökkviliðsmanna, björgunar- og hjálparsveitarmanna o.fl. Í nágrannalöndum okkar eru reknir fjölmargir slíkir skólar með mjög góðum árangri.

Það er mikilvægt að sem bestri fræðslu verði komið á í slysavarna- og björgunarmálum þannig að aðstaða sé til að kenna það nýjasta og haldbesta sem völ er á hverju sinni. Miklu máli skiptir að slíkur skóli sé settur á stofn í útvegsplássi. Vestmannaeyjar eru ákjósanlegur staður fyrir slíkan björgunar- og slysavarnaskóla, m.a. vegna þess að þar er fyrir lifandi starf sjómanna að þessum málum. Einnig er þar starfandi Stýrimannaskóli og námsbraut fyrir vélgæslumenn. Í slíkum skóla er þörf á gistirými, heimavist o.fl. fyrir nemendur sem sækja skólann frá öðrum landshlutum.

Greinargerð þessari fylgir skeyti til fjármálaráðherra frá skipshöfnum 90 skipa og báta, hugsanlega um 1000 manns. Í skeytinu leggja þessir sjómenn áherslu á mikilvægi fjárveitinga í slysavarnaskóla sjómanna þannig að hann geti orðið öflugur liðsstyrkur í von um færri slys og manntjón vegna þekkingarleysis. Í skeytinu ljúka sjómennirnir einnig lofsorði á þjónustu starfsmanna Sæbjargar.

Í Noregi eru nokkrir slysavarnaskólar starfandi og þjóna þeir sjómönnum á fiskiskipum, kaupskipum o.fl. Einn þessara skóla, líklega af þeirri stærð sem gæti hentað okkur, er Statens Skole for Sikkerhetsopplæring í Sund á Hörðalandi. Skólinn rúmar samtímis um þrjá tuttugu manna hópa eða um 60 nemendur alls. Hann er að flatarmáli um 1700 m^2 að öllu meðtöldu. Starfsmenn eru átta kennarar (leiðbeinendur) auk skólastjóra, skrifstofumanns og tveggja manna sem annast viðhald, umsjón og þrif. Skipulag skólans er þannig að reynt er að veita þjálfun og kennslu á sem flestum sviðum sem að gagni mega koma og reynt er m.a. að líkja sem best eftir aðstæðum um borð í skipum og bátum.

Þar sem fjölmargir skólar eru starfræktir hjá nágrannaþjóðunum er nærtækt að nýta sér reynslu þeirra við uppbyggingu skóla og forðast þannig stór útgjöld og hugsanleg mistök. Þannig er einnig hægt að átta sig betur á umfangi, kostnaði og forgangsverkefnum.

Í þingsályktunartillögu þeirri sem hér er flutt er lýst framtíðarhlutverki Björgunar- og slysavarnaskóla Íslands sem þó væri hægt að laga að breyttum aðstæðum hverju sinni en hann gæti orðið ómetanlegt framlag í björgunum og slysavörnum Íslendinga.

Með því að stofna skólann í Vestmannaeyjum er stigið skref til jafnvægis í byggðamálum og er það í fullu samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Flutningsmenn telja að hrinda beri þessu nauðsynjamáli í framkvæmd hið allra fyrsta og stefna beri að því að Björgunar- og slysavarnaskóli taki til starfa árið 1990 er 70 ár verða liðin frá því að fyrsta björgunar- og gæsluskip Íslendinga kom til landsins.

Fylgiskjal.

Skeyti til fjármálaráðherra frá skipshöfunum á 90 skipum og bátum.

Við eftirtaldar skipshafnir krefjumst þess eindregið með þessu skeyti til háttvirts fjármálaráðherra að hann beiti sér fyrir því að gert verði ráð fyrir slysavarnaskóla sjómanna á fjárlögum, svo að hann geti starfað með eðlilegum hætti og orðið öflugur styrkur í framtíðinni í von um færri slys og eða manntjón og að sjómenn séu ekki að farast eða slasast að óþörfu einungis vegna fáfræði í notkun björgunartækja sem hefur komið svo berlega í ljós hjá þeim sem sótt hafa þennan skóla. Þarna erum við með einhverja þá hæfustu kennara sem völ er á. Þetta hefur verið þeirra ævistarf og þeir umgengist svo átakanlegar aðstæður sem aðrir þekkja ekki. Með fyrir fram þökk um öflugan fjárstuðning til slysavarnaskóla sjómanna:

Tálknfirðingur, Örvar, Freri, Ásbjörn, Ýmir, Höfðavík, Krossvík, Framnes, Arnar, Sveinn Jónsson, Otur, Stakfell, Karlsefni, Skapti, Stálvík, Bergey, Sigluvík, Snæfell, Jón Baldvinsson, Sturlaugur H. Böðvarsson, Einir, Arnarnes, Skipaskagi, Dagrún, Sölvi Bjarnason, Dagfari, Haukur, Baldur, Gyllir, Kaldbakur, Hrímbakur, Sigurbjörg, Stapavík, Akurnesingur, Sólberg, Þórður Jónasson, Svalbakur, Hegranes, Akureyrin, Hersir, Mánaberg, Hjörleifur, Bergvík, Sjóli, Súlan, Albert, Gísli Árni, Víkurberg, Svanur, Jón Finnsson, Magnús, Skarðsvík, Guðmundur Ólafur, Fífill, Örn, Ísleifur, Sigurður, Rauðsey, Höfrungur, Eskfirðingur, Helga 2., Bergur, Sigurður Pálmason, Stakkanes, Eyborg, Árni á Bakka, Dröfn, Margrét, Pétur Jónsson, Hafþór, Geisli, Jöfur, Röst, Júlíus Hafstein, Bliki, Geiri Péturs, Sólfell, Þórir, Galti, Oddeyrin, Júpiter, Sólrún, Nökkvi, Þrymur, Gissur hvíti, Halkíon, Gídeon, Klakkur, Smáey, Þórshamar.

Sþ. 670. Tillaga til þingsályktunar [340. mál]

um áætlun um varnargarða gegn landbroti sunnan nýju Markarfljótsbrúarinnar.

Flm.: Árni Johnsen, Egill Jónsson, Halldór Blöndal,
Margrét Frímannsdóttir, Guðmundur H. Garðarsson, Eyjólfur Konráð Jónsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að fela Vegagerðinni að gera áætlun um byggingu varnargarða gegn landbroti sunnan nýju Markarfljótsbrúarinnar.

Áætlunin liggi fyrir áður en endanlega verður lokið við hönnun brúarinnar, brúarstæði og fjármögnun og áður en framkvæmdir hefjast árið 1990. Áætlunin miði að stöðvun landbrots neðan Markarfljótsbrúar og flóðahættu vestur og austur með strandlengjunni.

Greinargerð.

Stórfelldar landskemmdir hafa orðið á undanförnum árum á ræktuðu landi sunnan Markarfljótsbrúar, en á nær hálfrar aldar tímabili hefur landbrot við neðanvert Markarfljót átt sér stað á þúsundum hektara, en landbrotið er mest á 8 km löngu ræktuðu landi og þar hefur fljótið rutt sér leið allt að tveggja kílómetra leið til vesturs. Verulegt landbrot hefur einnig orðið austan fljótsins. Eins og landið er nú óvarið vestan fljótsins er mikil flóðahætta vestur með strandlengjunni allt vestur á Krosssand og þar með er byggð í Austur-Landeyjum og Vatnsveita Vestmannaeyja á ströndinni í verulegri hættu. Sveitarstjórnir á svæðinu hafa hvatt til þess að ráðist verði í gerð varnargarða vegna landbrotsins og fyrrgreindrar hættu.

Vegagerð ríkisins hefur undirstrikað að smíði nýrrar brúar yfir Markarfljót og bygging nýs vegarstæðis að brúnni sé með arðsömustu framkvæmdum í vegagerð á Suðurlandi. Áætlað er að framkvæmdir við brúna hefjist árið 1990, en allt mælir með því að þeim framkvæmdum verði flýtt. Gamla brúin er farin að gefa sig og um hana er eina leiðin yfir Markarfljót. Framkvæmdir við varnargarða á svæðinu ofan og neðan brúar eru tengdar brúarframkvæmdinni sjálfri og kalla á framkvæmdir vegna flóðahættu, leiðin með suðurströndinni styttist allnokkuð með nýju brúnni og ekki er unnt að ljúka lagningu varanlegs slitlags frá Landeyjum og undir Eyjafjöll fyrr en með smíði brúarinnar.

Fordæmi eru fyrir því í framkvæmdum Vegagerðar ríkisins að í stærri verkefnum á sviði brúarsmíði gangi Vegagerðin einnig frá smíði nauðsynlegra varnargarða. Vegagerðin hefur þegar undirbúið gerð varnargarða ofan Markarfljótsbrúarinnar og er því eðlilegt að

Vegagerðin sjái jafnframt um áætlanagerð neðan brúar þótt hluti áætlunar hljóti að verða unninn í samvinnu við Landgræðslu ríkisins eins og lög gera ráð fyrir. Mikilvægt er að bygging varnargarða neðan Markarfljótsbrúar verði ákveðin samhliða brúarsmíðinni eða í nánum tengslum við hana til þess að nýta vélakost og flýta brýnu verki.

Markarfljót er tíunda vatnsmesta fljót landsins með um 60 rúmmetra rennsli á sekúndu. Á einum sólarhring skilar fljótið um 5 milljónum tonna af vatni til sjávar og á einum sólarhring ber fljótið fram um 6000 tonn af sandi eða um 250 tonn á klukkustund að sögn dr. Hreins Haraldssonar sem hefur skrifað doktorsritgerð um Markarfljót. Þarna er á ferð mikið magn af vatni og sandi og því rík ástæða til þess að bregða við með viðráðanlegum aðgerðum áður en yfirvofandi hætta verður að vandamáli.

Meðfylgjandi fylgiskjal er grein Grétars Haraldssonar bónda í Miðey í Landeyjum, en hann er gjörkunnugur þróun landbrots við Markarfljót um áratuga skeið.

Fylgiskjal.

Grétar Haraldsson:

MARKARFLJÓT

Langt inn á fjöllum, hundrað kílómetra frá sjó, á upptök sín fljót. Sá staður, sem hér er átt við, heitir Hrafntinnusker, fyrirferðarmikil og há bunga, 1128 metrar yfir sjó, og telst hún til Torfajökulssvæðis. Frá rótum þessa fjalls rennur Fljótið, en svo er það nefnt þarna, meinleysislegt og lygnt, en svo bætast í það heil ósköp af ám eftir að ferð þess er hafin hina löngu leið til sjávar.

Fyrst eru það kvíslarnar í Reykjadölum, svo koma Blautakvísl, Laufalækur, Hagafellskvísl, Ljósá, Hvítmaga, Torfakvísl, Bratthálskvísl, Bláfjallakvísl, Kaldaklofskvísl, Innri-Emstruá, Þverá, Fremri-Emstruá, Ljósá, Þröngá, Gilsá, Krossá, Steinholtsá og Jökulsá.

Á þessari leið hefur nafn þess lengst í Markarfljót og nú er það löngu hætt að vera meinleysislegt. Það hefur grafið sér djúpan farveg, grjótmylsna, sem það ber með sér, sagar og sagar aldirnar út í gegn. Bakkarnir orðnir allt upp í tvö hundruð metra háir þar sem það hefur ekki getað fært sig úr stað.

En eftir að það kemur niður úr fjöllunum horfir málið öðruvísi við, þangað færði það jarðefni og setti á sjávarbotn svo upp komu víðar lendur, sem seinna urðu grasigrónar og víst víðivaxnar. Og sjá, menn komu siglandi og settust að á sléttunum hjuggu viðinn og gerðu sér hús.

En fljótið átti þennan stað, það lék sér um hann til og frá óbeislað og frjálst, svo ýmist varð svartur sandur þar sem það fór um eða greri á milli á meðan það var annars staðar.

Þannig urðu til dæmis Landeyjarnar til. Bæirnir voru byggðir þar sem hærra var og bera sumir nafn kennt við Hólma og Ey, en landið, sem lægra liggur, er sums staðar kennt við fljótsfarvegi.

Stundum vildu mennirnir ráða yfir fljótinu, þeir settu sand í poka eða heybagga í farveg þess, stundum bar það árangur og fljótið fann sér annan farveg. Á vetrum var líka stungin skán úr gripahúsum og hlaðið í dyrnar svo fljótið kæmi ekki inn.

Þannig var sjálfsagt barist öld af öld, sambúðin við það misjafnlega erfið eftir því hvar búið var, vatnsmagnið mismikið, mikill munur þar á. En svo hóf tæknin innreið sína og Markarfljót fór að hlýða mönnunum, þeir gerðu garða, stærri og styrkari eftir því sem styrkur vélanna óx, og nú ráða þeir rennsli hinnar miklu elfar, svo langt sem vilji þeirra nær, og þar kom reiðarslagið.

Greinarhöfundi finnst endilega að vilji þeirra, sem valdið hafa yfir fjármagni, þurfi að ná lengra því Markarfljót er í dag mikill skaðvaldur.

Frá því ráðamenn í þeim málum hófu að gera garða við það hefur það látið mátt sinn og heift yfir að vera í fjötrum að nokkru leyti bitna á grasivöxnu fallegu landi annars staðar, landi sem gaf líf fólki og fénaði.

Þar sem nú er orðinn aur vegna þess að Markarfljót flæmdist þar um, sjálfsagt á annað hundrað þúsund hektarar, lifði fénaður ekki verr en á öðrum stöðum. Þetta var valllendi þakið bragðgóðu grasi, en ekki var þar næðisgott fyrir heimafénað vegna ágangs úr nágrenninu, skepnur sem einu sinni komu þangað komu aftur og aftur. Ekki hefði þurft að grafa skurði til að rækta þetta land og milt hefði það verið undir tönn tækjanna.

Þú sem lest þetta hugsar máski úr fjarlægð vegna þess sem hér er um fjallað að ekki vanti haga nú á tímum offramleiðslu.

Ég sem þessar línur rita vil með þeim sýna þér að þetta mál er alvarlegt, þarna eru farin í sand stór flæmi sem áður voru græn og falleg og eftir því sem aurinn stækkar verður eyðilegging örari.

Markarfljót malar niður bakkana sandborna og hleður undir sig, hækkar sjálft sig uns það lónar upp á þá, og finnur sér nýjar leiðir. Þess á milli tekur það til við að bera með sér fram það sem rutt hefur verið niður og þá myndast mjög háir bakkar. Þá hefur kannske orðið til rás einhvers staðar úti á aurnum þar sem það unir sér í einhvern tíma. Þannig hefur það fært sig til og frá svo skiptir kílómetrum síðan farið var að hafa áhrif á rennsli þess síðustu fjörutíu fimmtíu árin. Af þessari sandauðn fýkur svo yfir grasið sem nálægt er og gerir eyðilegginguna fljótvirkari. Þetta er ljótur sannleikur um sinnuleysi þeirra sem þarna gátu og geta stoppað af eyðilegginguna, því það er hægt að hemja vatnið, en það verður ekki auðveldara eða auðunnara eftir því sem lengra líður. Einhvern tíma verður það að gerast, því Markarfljót veit um mátt sinn og sparar hann ekki í hamförum sínum. Óðum minnkar Tjarnarhólminn sem hér hefur verið fjallað um og þá taka við Landeyjar.

Enn er ótalin Vatnsveita Vestmannaeyja, hún liggur frá Syðstu-Mörk og út úr Landeyjasandi. Nú hefur Markarfljót útfall þar miklu fjær en var fyrir nokkrum árum, en álar þeir sem það rann saman við höfðu í vetur leið útfall eitt til tvö hundruð metra frá dælustöð Vatnsveitunnar.

Þarna niður við sjó gerast líka hamfarir, sjórinn kemur með fíngerðan fjörusandinn og hleður honum upp og stíflar farveg fljótsins, uns það hefur safnað í sig meiri styrk, þá opnar það sér leið gegnum sjávarkambinn, þar sem auðveldast er, hvort heldur er nær eða fjær vatnsveituhúsi, sem eins og er skilur á milli hvort lífvænlegt er í Vestmannaeyjum eða ekki. Og hvað er svo til ráða?

Nú þegar þarf að gera garða út á aurnum til að bægja vatninu frá graslendi því sem það liggur við og brýtur stöðugt niður, sem um leið mundu þá stýra rennsli þess áfram. Það þarf ekki að vera mjög kostnaðarsamt því auðunnið verk er að ýta upp þeim jarðvegi sem þarna er. Það sýnist vera að stór jarðýta geti gert heilmikið á degi, einnig sýnist vera fljótlegt að gera rásir í aurinn til að stjórna rennsli árinnar. Þeir sem fóru þarna um sáu hvað það hafði mikil áhrif á rennslið til ótrúlega langs tíma er þurfti að veita vatninu vegna viðgerða á varnargarði við Seljaland. Garðar gerðir á réttum stað í samræmi við heildarskipulag þyrftu ekki að vera langir eða miklir í upphafi, síðan má bæta við þá, bæði lengja þá og styrkja.

Sumir halda því fram að ekkert sé hægt að gera þarna niður frá fyrr en komin er ný brú á Markarfljót. Þetta er ekki rétt, vegna þess hvað svæðið er breytt sem rennsli þess færist til um, frá austri til vesturs, og vegna þess hvað vatnsmagnið er mismikið. Það er auðvelt með þessum stóru verkfærum, sem nú eru til, að breyta rennsli fljótsins á meðan unnið er við það. Þannig má færa það allt að vesturbakkanum, á meðan gerður er farvegur austar á aurnum, þar sem því yrði ákveðinn staður. Og þá er stutt í grjótnámu, þar sem er hin heljarmikla náma, sjálf Eyjafjöll. Með þessu móti þarf ekki að nota neina brú til að keyra grjóti á varnargarða þá sem hér um ræðir. Svo eftir að leið fljótsins hefur verið ráðin og hún gerð, þá þegar það er vatnslítið má færa það á sinn stað og þá grefur það sig niður beina braut til sjávar.

Auðvitað gerist þetta ekki svona í fyrsta áfanga, Markarfljót hleypur út undan sér á meðan það á möguleika á því, en smám saman vinnst það ef vilji er fyrir hendi.

Frá Stóra-Dímoni að Markarfljótsbrú liggur varnargarður gerður af manna höndum. Fyrstu árin var hann stundum að bresta, en nú um áratuga skeið hefur hann staðið óskemmdur, þó að oft liggi Markarfljót í miklum ham allt við hann, enda búið að setja mikið grjót þar á. Vatnið rennur á grjóti og getur ekkert grafið sig niður. Þarna er sönnun þess að hægt er að hemja hina sterku óhemju Markarfljót sem réð svo miklu allt frá Þjórsá og austur með öllum Eyjafjöllum.

Frá bernsku heyrði greinarhöfundur nábúa fljótsins tala um stokkun þess í beinan og tiltölulegan þröngan farveg og þá bæri það með sér hreyfingu þá, sem alltaf er á jarðefnum við botn þess, alla leið til sjávar og græfi sig niður eins og dæmin sanna þar sem þrengt er að því.

En vissulega voru á sínum tíma deildar meiningar um það eins og svo margt annað. Varnir voru í mörgum tilfellum framkvæmdar á þann hátt að malargörðum var ýtt upp þannig að þeir vísuðu á ská á stefnu vatnsrennslis og síðan var ekið grjóti á þá til styrkingar vatns megin í stað þess að leggja þá með fram ánni í sömu stefnu og henni var ætlað að renna. Með þessu móti var hægt að setja garða bara þar sem helst þurfti til varnar og svo var bil á milli þeirra. Síðan voru þeir lengdir og styrktir eftir því sem fjármagn leyfði. En ókostur þessa var að þegar áin rann frá enda garðsins þá vildi hún halda sömu stefnu og réðst á bakkann hinum megin. Því var eðlilegt að bændur á sunnanverðum Hólmabæjum væru ósáttir við það þegar vatninu var að því er virðist beinlínis veitt á jarðir þeirra með görðum við Dalsás, við Kattarnef og syðst með þriggja kílómetra garði við Seljalandsmúla. En hans stefna er að miklum hluta beinlínis á Tjarnabæinn sem var.

Til þess að afstýra þessum óskaplegu skemmdum, sem orðnar eru, hefði auðvitað þurft að setja garða til varnar hinum megin líka, en það er ógert enn þarna suður frá eins og þegar hefur verið sagt.

Allt garðakerfið við Markarfljót er orðið mikið mannvirki, það nær innan frá Þórólfsfelli nyrst og um það bil sjö kílómetra frá sjó syðst. Á meðfylgjandi korti má sjá hvernig það vinnur örugglega það sem því er ætlað, en vitanlega þarf það eftirlit og endurbætur eftir því sem reynslan kennir. Og þá geta þeir sem eru í skjóli þessa kerfis verið óhultir fyrir Markarfljóti í öllu venjulegu. Enda verður svo að vera þar sem um gamla farvegi þess liggur sjálfur hringvegurinn, vegur nr. 1.



Svörtu strikin sýna varnargarðana.

En brúin yfir Markarfljót er alls ófullnægjandi, hún er meira en hálfrar aldar gömul, byggð þá er bifreiðir voru allt annarrar gerðar en nú er og miklu léttari, og ætluð til að bera svo miklu minni þunga en bifreiðir þær sem nú aka þarna um. Samt má hún ekki bresta. Á hennar fótum, er staðið hafa svona lengi og mátt þola stríðan straum vatnsins, núning grjótmylsnunnar sem berst með botninum og jakana í hamförum leysinganna, hvílir umferðin frá og til alls Suðurlands austan við hana og til Austurlands að ógleymdri húsvatnsveitu Vestmannaeyja og Landeyja.

Það er nauðsyn að gera nýja brú á Markarfljót og nýja vegi báðum megin við hana, enda eru þeir á eftir öðrum vegum óslitlagðir og holóttir og ekki lagfærðir vegna þess að fyrir liggur að gera brú og færa veginn sem verður þá nálægt 6 kílómetrum sunnar en nú er og við það styttist hringvegurinn um sex kílómetra.

Af framansögðu er ljóst að mörg verkefni eru óleyst en aðkallandi við Markarfljót. Vantar peninga, vantar peninga, segja ráðamenn, en hvað með allan þungaskattinn og bensíngjaldið sem hinir mörgu vegfarendur sem aka um Suðurlandsveg greiða. Ströndin er hafnlaus frá Stokkseyri eða öllu heldur væri rétt að segja ef miðað er við nýtanlega höfn frá Þorlákshöfn að Höfn í Hornafirði. Því er það réttlætismál að gera hinn fjölfarna Suðurlandsveg sem bestan.

Um Markarfljótsbrú fóru að meðaltali 275 bílar hvern einasta dag allt árið 1985. Þeir keyrðu sex kílómetrum lengra þarna yfir heldur en verður þegar gerð hefur verið ný brú því þá styttist leiðin um þessa vegalengd eins og áður hefur verið getið. Ef þessar tölur eru svo margfaldaðar, þ.e. 6 x 275 eru það 1650 kílómetrar á dag allt árið sem er 239 kílómetrum lengri vegalengd en hringvegurinn í kringum landið. Svona er dýrt að vera fátækur. En verðum við ekki alltaf fátæk ef við framkvæmum ekki það sem arðbært er að framkvæma?

Skoðum málið frá þeirri hlið. Meiri hluti þeirra bíla, sem aka þarna um, er auðvitað fjölskyldubílar sem við getum kannske sagt að ekki kosti meira að aka en 12 kr. á km — varla er hægt að fara neðar ef raunhæft á að meta. En einnig fer þarna um mjög mikið af stórum bílum, gæti verið ⅕ til ¼ hluti af umferðinni. Þá er ekki ólíklegt að helmingur þeirra dragi vagna sem sýnist þá vera bílar á lengri leiðum, þ.e. bílar frá Austurlandi. Taxti vörubíla mun vera nálægt 40 kr. á km en taxti vörubíla með vagna nálægt 60 kr. Ef þessar forsendur eru notaðar kostar þessi sex kílómetra krókur umferðina á bilinu frá 32 340 kr. til 35 478 kr. alla daga ársins sem þýðir 11,8 til 12,9 milljónir króna á ári, eftir því hvað stórir bílar eru mikill hluti af umferðinni. Þarna er miðað við umferðina árið 1985 eins og fyrr segir, en sjálfsagt var hún meiri 1986.

Ef farið væri nú fljótlega í að leggja nýjan veg frá Ossabæ að Seljalandsmúla, gera garða við Markarfljót að brú og brú yfir það segir áætlun að það muni kosta kringum 120 milljónir króna. Það er upphæð sem umferðin á leiðinni frá núverandi brú að Seljalandi, greiðir á 9,3 til 10,2 árum samkvæmt ofansögðu, þessir 1650 kílómetrar á dag. Já, það er dýrt að vera fátækur.

Á liðnum árum hefur oft og víða verið rætt um nauðsyn aðgerða við Markarfljót. Landbrot af völdum þess verður að stöðva. Sveitarstjórnir báðum megin fljótsins hafa sent yfirvöldum beiðni um aðgerðir, en það hefur hreint ekkert verið gert til varnar þar sem þörfin er mest. Alþingismenn, landgræðslustjóri og verkfræðingar hafa farið og litið á skemmdirnar, talað um að aðgerða sé þörf, en svo ekki meir. Samgöngunefnd samtaka sunnlenskra sveitarfélaga leggur áherslu á að varnir og stokkun Markarfljóts hafi algjöran forgang. Núverandi ráðherrar bæði fjármála og samgöngumála landsins hafa í blaðagreinum lýst yfir að eðlilegt sé að varnargarðar verði styrktir og gerðar ráðstafanir til að girða fyrir landeyðingu, svo og áhuga á að hraða framkvæmdum við brúargerð, samt gerist ekkert í þeim málum.

„Reistu í verki viljans merki, vilji er allt, sem þarf," sagði Einar Benediktsson. Þessi orð hafa mikið verið notuð upp á síðkastið og þá vegna þess hvað þau eiga víða við. Ég leyfi mér að segja að þau eiga líka við hér. Það stendur ekki til að gagnrýna annað sem tekið hefur verið fyrir að gera, en það er stór ábyrgðarhluti að gera ekkert í því fyrr en árið 1989 til 1990 að hefja framkvæmdir við fljótið eins og áætlanir herma. Stórflóð, að ekki sé nú talað um náttúruhamfarir svo sem jarðskjálfta eða eldgos, eru hættuleg heilsu hinnar gömlu Markarfljótsbrúar og ef hún gefst nú upp á að standa hvað þá með mjólkurflutninga austan hennar og alla aðdrætti, hvað þá með vatnið til Vestmannaeyja og Landeyja?

Þannig mætti áfram halda, en það verður ekki gert hér, heldur aðeins borin fram von um að menn, sem mega, vilji vinna þessu máli það sem nauðsynlegt er á meðan enn er eftir túnið á Tjörnum og á meðan enn stendur Markarfljótsbrú sem vígð var árið 1934. Æð vatns og umferðar um Suðurland og Vestmannaeyjar, þar sem unninn er svo mikill hluti af sjávarafla sem talinn hefur verið undirstaða alls velfarnaðar á Íslandi.

Nd. 671. Frumvarp til laga [341. mál]

um þjóðfund um nýja stjórnarskrá.

Flm.: Jón Bragi Bjarnason.

1. gr.

Kveðja skal saman þjóðfund er ályktа skal um nýja stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

2. gr.

Þjóðfundur skal skipaður 60 fulltrúum, kosnum með jöfnum atkvæðisrétti allra landsmanna sem kosningarrétt hafa.

Fulltrúar á þjóðfund skulu kosnir hlutfallskosningu í núverandi kjördæmum og skulu um kosningu þeirra gilda lög um kosningar til Alþingis eftir því sem við getur átt, þar á meðal um kosningu varafulltrúa.

Forsætisráðherra skal setja nánari reglur um kosningar til þjóðfundar, m.a. um fresti til framlagningar kjörskráa, framboð og atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

3. gr.

Kosningar til þjóðfundar skulu fara fram síðasta laugardag í maí 1990.

4. gr.

Þjóðfundur skal koma saman í fyrsta sinn 17. júní 1990. Hann skal standa þrjá mánuði hvert sumar og skal ljúka störfum innan tveggja ára.

5. gr.

Forseti sameinaðs Alþingis skal setja þjóðfund, stýra fundum hans og slíta honum.

Þjóðfundur skal starfa í einni málstofu. Þrjár umræður skulu fara fram um ályktun fundarins. Að öðru leyti skulu þingsköp Alþingis gilda sem fundarsköp þjóðfundar.

Forseti sameinaðs Alþingis skal leggja fram tillögu um nefndaskipun á þjóðfundi og aðra vinnutilhögun.

6. gr.

Forsætisráðherra skal leggja fyrir þjóðfund skýrslu um störf og tillögur nefnda sem unnið hafa að endurskoðun stjórnarskrárinnar frá því að hún var fyrst sett.

7. gr.

Þjóðfundur skal haldinn í húsakynnum Alþingis og skulu starfsmenn Alþingis vera starfsmenn þjóðfundar. Heimilt skal að ráða til starfa, meðan þjóðfundur situr, sérfróða menn um einstaka þætti stjórnarskrárinnar.

Þjóðfundarmenn skulu njóta sömu kjara og alþingismenn frá kjördegi til fundarloka ár hvert.

8. gr.

Er þjóðfundur hefur lokið störfum skal forsætisráðherra leggja ályktun þjóðfundar fyrir Alþingi sem frumvarp til sjórnarskipunarlaga.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Inngangur.

Frumvarp þetta hefur áður verið flutt á tveimur þingum en hefur ekki hlotið afgreiðslu. Það er nú endurflutt í næstum óbreyttri mynd.

Í rúmlega 40 ár hafa nefndir á vegum Alþingis unnið að endurskoðun stjórnarskrárinnar í þeim tilgangi að færa þjóðinni nýja stjórnarskrá. Svo virðist sem þingmenn telji sig þar í hlutverki konungs sem á sínum tíma færði þjóðinni frelsisskjal sem rómað er í ljóðum. Í þessari afstöðu þingmanna og flokksforingja felst lítilsvirðing á hugmyndum upplýsts fólks um uppruna valds og hlutverk þjóðkjörinna þinga í nútímanum. Það er augljóslega ekki hlutverk Alþingis að færa þjóðinni nýja stjórnarskrá. Það er þjóðin sjálf sem á að setja sér stjórnarskrá. Með henni ákveður hún hvers konar stjórnarfar hún vill og hvaða grundvallarreglur eigi að gilda í samfélaginu. Á sama hátt og það er hlutverk Alþingis að setja þegnunum almennar reglur er það hlutverk þegnanna að setja Alþingi reglur. Þetta gerir þjóðin með því að kjósa til sérstaks stjórnlagaþings sem hefur einungis það hlutverk að setja saman stjórnarskrá, ekki í samræmi við skammtímahagsmuni stjórnmálaflokka eða vilja flokksforingja heldur í takt við vilja þjóðarinnar sjálfrar.

Sú venja að fjalla um stjórnarskrá hérlendis sem innanhússmál stjórnmálaflokka er vond og lýðræðinu beinlínis skaðleg við okkar aðstæður. Stjórnarskrá er ekki ætlað að tryggja tilveru eða hagsmuni stjórnmálaflokka, heldur réttindi, skyldur og hagsmuni þegnanna. Fólk á heimtingu á því að segja álit sitt á stjórnarskránni og fyrirhuguðum breytingum á henni með beinni og ótvíræðari hætti en í almennum þingkosningum þar sem eins víst er að það henti ekki frambjóðendum að gefa kjósendum nokkurra kosta völ. Alþingismenn hafa ekkert siðferðilegt umboð til þess að semja sín á milli um breytingar á stjórnarskránni án þess að þjóðinni gefist kostur á að láta álit sitt í ljósi á ótvíræðan hátt. Stjórnmálaflokkar verða alltaf til, margir eða fáir, stórir eða smáir, sem farvegir skoðana og vettvangur stjórnmálastarfs af ýmsu tagi. Það er óréttlátt að miða stjórnarskrá við að halda óbreyttu ástandi og breyta henni til þess eins að framlengja líf og völd stjórnmálaflokka. Alþingi hefur í fjóra áratugi reynt að afgreiða nýja stjórnarskrá og enn sem komið er hefur ekki tekist að ná samkomulagi um aðrar breytingar en þær sem snerta skammtímahagsmuni stjórnmálaflokka. Slíkt má ekki viðgangast. Þess vegna er hér lagt til að kvatt verði saman stjórnlagaþing sem hafi það hlutverk eitt að setja saman nýja stjórnarskrá til þess að leggja fyrir Alþingi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Frumvörp um sama efni hafa áður komið fram, bæði á Alþingi og eins í stjórnarskrárnefnd, en ekki fengið afgreiðslu.

Fyrsta grein skýrir sig sjálf.

Um 2. gr.

Fjölda þjóðfundarfulltrúa má ákveða á ýmsum forsendum. Hér er tekið mið af aðstæðum í þinghúsinu.

Rétt þykir að forsætisráðherra, í svo víðtæku samráði sem hann kýs, sjái um undirbúning kosninga til þjóðfundar, svo og að jafna niður fjölda þingmanna í kjördæmum þannig að því markmiði greinarinnar að jafna atkvæðisréttinn verði náð.

Um 3. gr.

Hagkvæmt virðist að kosningar til þjóðfundar fari fram samtímis sveitarstjórnarkosningum.

Um 4. gr.

Ljóst er að fundinum er ætlað allmikið starf.

Augljóslega er allmikillar umræðu þörf um aðgreiningu valdþáttanna þriggja, dómsmál og réttarfar, mannréttindi og jafnræði þegnanna, um þjóðaratkvæðagreiðslur, svo að eitthvað sé nefnt. Í ljósi þess hve lengi þessi umræða hefur staðið má ætla að unnt sé að ljúka verkinu á tveimur árum.

Um 5. gr.

Það er eðlilegt, bæði með hliðsjón af frumkvæðisrétti Alþingis til stjórnarskrárbreytingar og einnig til að treysta tengsl Alþingis og þjóðfundar, að hafa þann hátt á að forseti sameinaðs Alþingis stýri fundum þjóðfundar.

Aðrar greinar frumvarpsins skýra sig sjálfar.

Fylgiskjal.

Fyrri hluta ársins 1983 birtist í DV greinaflokkur sem nefndist **Um stjórnskipun og stjórnarskrá.** Greinarnar voru birtar undir höfundarheitinu **Lýður,** en að skrifunum stóðu Halldór Guðjónsson, Jónas Gíslason, Páll Skúlason, Vilhjálmur Árnason, Sigurður Líndal og Þórður Kristinsson.

I. grein:

AÐ RÆÐA STJÓRNARSKRÁ

(28. mars 1983.)

Kveikjan.

Í þeim greinum sem fylgja þessari á næstu vikum er ætlunin að ræða stjórnarskrármál almennt. Kveikja þessarar tilraunar er sú að fram er komið frumvarp á Alþingi að nýrri stjórnarskrá þjóðarinnar, en slíka atburði er ekki unnt að sitja af sér með þögninni. Reyndar hefur Stjórnarskráin 1944 verið lengi í endurskoðun og er frumvarpið niðurstaða hennar. En ljóst er hins vegar að ærin ástæða er til að vekja máls á fjölmörgum efnisatriðum er snerta stjórnarskrársmíði og reyndar samfélagið allt; efnisatriðum sem ekki er unnt að sleppa í umræðu um stjórnarskrá.

Þegar hugað er að stjórnarskrá þjóðar skiptir öllu máli hvernig þjóðin vill lifa lífi sínu. Og það sem einkum ætti að gera henni lífið þess virði að lifa því er hún sjálf; leikreglurnar skráir hún í stjórnarskrá. Þess vegna er mikilvægt að gera sér grein fyrir hvað hér er um að ræða og að leitast við að finna svör við þeim spurningum er skipta máli: Hvað er stjórnarskrá og til hvers er hún? Hvert er eða á að vera efni hennar? Hvernig viljum við sem þjóð haga sameiginlegum málum okkar?

Ekki einkamál.

Umræða um stjórnarskrá er ekkert einangrað efni, hún snertir alla þætti þjóðlífsins, en ekki einungis svonefnd „bráðabirgðalög" eða það sem menn kalla „kjördæmamál" — svo dæmi séu tekin. Hún er ekki einkamál þingmanna og á aldrei að vera tilefni

hagsmunatogstreitu stjórnmálaflokka. Ráðamenn flokkanna eiga ekki þjóðina og hafa engan siðferðilegan rétt til að versla með sameiginleg mál hennar sem væru þau séreign þeirra. Þegar rætt er um breytingar eða nýsmíði stjórnarskrár, verður að huga að efnisatriðum og spyrja spurninga um eðli þeirra og tilgang. Og auk spurninga um eðli stjórnarskrár ber að gaumgæfa fjölmörg tengd atriði sem beinlínis leiðir af svörum við þeim spurningum. Íhuga verður hvað ríki er og síðan hvers konar ríki það er sem við viljum búa okkur. Hvaða ástæður liggja að baki endurskoðun Stjórnarskrárinnar 1944? Hvert er eðli þeirra galla er menn þykjast finna á henni? Og hverjar eru nýjungarnar? Og hvað býr að baki nýjungum og breytingum?

Stjórnarskráin 1944 og það sem við getum kallað uppkastið 1983, greinast efnislega í svipaða þætti: Fyrst kemur yfirlýsing um að Ísland sé lýðveldi með þingbundinni stjórn og að valdið sé þrískipt. Þetta er forsendan sem byggt er á; efni beggja skránna er að öðru leyti nánari útfærsla forsendunnar. Í öðrum kafla eru ákvæði um hlutverk forseta og kjör. Í hinum þriðja og fjórða reglur sem lúta að hlutverki Alþingis og kjöri til þess. Þá koma í fimmta kafla ákvæði um dómsvaldið og í hinum sjötta um þjóðkirkjuna og sveitarfélög. Loks eru kaflar um friðhelgi einkalífs, borgarlega réttindi, mannréttindi og siðaboð ýmis.

Það sem einkum ber á milli Stjórnarskrárinnar 1944 og uppkastsins 1983 eru ólíkar áherslur á einstök atriði og verður rætt um þær síðar í þessum greinum. Hins vegar er vert að geta þess þegar að stjórnmálastarfsemi ber keim af þeirri stjórnarskrá sem um hana er sett og að því leyti hefur vaxið misræmi á milli stjórnhátta og stjórnmála. En það sem vekur athygli er að þeir ágallar sem birtast í stjórnmálastarfinu og í stjórnsýslunni — og eiga sér rætur í Stjórnarskránni 1944 — eru að miklu leyti látnir óáreittir í uppkastinu 1983.

Ríkið á villigötum.

Í þessu sambandi ber meðal annars að huga að réttmæti gildandi verkaskiptingar á milli hinna ýmsu valdsþátta ríkisins, en hún virðist einmitt mjög á reiki. Eru t. d. þeir er fara með löggjafar- og framkvæmdavald á réttri braut í starfsháttum? Hafa þeir reynst vel? Ljóst er að umsvif ríkisins eru gífurleg og hljóta því að krefjast réttlætingar, einkum þar eð sú stjórnskipan, sem myndar ramma um stjórnmálastarfsemina, hefur leitt til þess að ríkið birtist í senn sem ágengt og vanmáttugt ferlíki. Og það hefur gert villur sem enginn er kallaður til ábyrgðar á. Af þeim sökum gerir þjóðin sér óljósari grein fyrir eiginlegu eðli og hlutverki ríkisins. Hinn svonefndi almenni borgari lítur það einatt sem óvin sem beri að klekkja á eða komast undan; stjórnmálamenn líta það hins vegar tíðum sem eins konar tæki til að vasast með hvers kyns hagsmuni í nafni heildarinnar — og með því að skýla sér á bak við það drepa þeir allri ábyrgð á dreif. Þessar ranghugmyndir um ríkið virðast jafnvel ganga svo langt að það birtist nánast sem útlendingur gagnvart þjóðinni. En þessu verður trauðla breytt nema með breyttum stjórnháttum og hugsunarhætti.

Sú stjórnskipan, sem nú er við lýði, er ekkert náttúrulögmál, langt í frá. Stundlegir hagsmunir og þrætur mega ekki ráða ferð okkar í þessu máli né öðrum. Það sem hér er um að tefla er framtíð þjóðarinnar — og leiðarljósið verður að felast í svari við spurningunni um það hvað sé besti kosturinn fyrir þjóðina. Hvaða stjórnhættir eru mögulegir og æskilegir? Og öllu öðru fremur: Hver eru tengsl þjóðar og ríkis? Um þessa síðari spurningu verður fjallað í næstu grein.

II. grein:
RÍKIÐ OG ÞJÓÐIN
(5. apríl 1983.)

Í I. greininni að „tillögum um endurskoðun stjórnarskrárinnar“ stendur: „Ísland er frjálst og fullvalda lýðveldi.

Lýðræði, þingræði og jafnrétti eru grundvallarreglur stjórnskipunar Íslands.

Stjórnvöld fara með vald sitt í umboði þjóðarinnar.“

Ríki sem lýðveldi.

Hvað felst í þessum staðhæfingum? Í grófum drættum virðist það vera eftirfarandi:

1) Að þeir sem byggja Ísland — Íslendingar eða íslenska þjóðin — lýsi því yfir að þeir myndi ríki sem er lýðveldi.

Síðan segir í athugasemd með greininni að orðunum „frjálst og fullvalda“ sé bætt við „af augljósum ástæðum“ frá því sem segir í stjórnarskránni frá 1944. Þetta er léttvæg athugasemd því að af enn augljósari ástæðum má segja að þessum orðum sé ofaukið: Það felst í hugmyndinni um ríki sem lýðveldi að það er „frjálst og fullvalda“, þ. e. a. s. ekki öðrum ríkjum háð varðandi ákvarðanir um mál sín. Hitt er svo annað mál að í reynd eru ríki heimsins ævinlega hvert öðru háð um ótal einstakar ákvarðanir um eigin málefni. Með orðunum „frjálst og fullvalda“ er kannski á óbeinan hátt verið að minna á þessa staðreynd að við erum ekki og verðum aldrei algerlega sjálfstætt ríki.

2) Að þeir sem byggja Ísland vilji láta lýðræði, þingræði og jafnrétti gilda í öllum sínum stjórnmálum.

Þetta eru stór orð sem bersýnilega kalla á ítarlegar skýringar því að leggja má mismunandi skilning í þau. Auk þess er engan veginn ljóst hvernig tengslin milli þessara reglna — lýðræðis, þingræðis og jafnréttis — eru yfirleitt hugsuð. Ef þetta eiga að vera meira en falleg, innantóm orð, þarf að skýra málið nánar. Verður rætt um þetta í síðari greinum.

3) Síðustu setningu þessarar fyrstu greinar virðist eðlilegast að skilja sem nánari útfærslu á lýðveldishugmyndinni og lýðræðisreglunni, þ. e. að stjórnvöld ríkisins sæki vald sitt til þjóðarinnar — til þeirra sem mynda ríkið.

Ríki og þjóð.

Hér er komið að hinu mikilvægasta máli sem rætt verður um í framhaldi þessarar greinar: Hvernig myndar þjóð ríki? Og hvernig má tryggt vera að handhafar ríkisvaldsins sæki vald sitt til þjóðarinnar.

Þessar spurningar snúast um það sama — þ. e. tengsl ríkis og þjóðar — frá tveimur sjónarmiðum. Annars vegar er spurt hvernig þjóð mótar með sér ákveðna stjórnskipun og hins vegar hvernig tryggt sé að starfsemin, sem fram fer eftir þessari stjórnskipun, sé í samræmi við það sem þjóðin vill.

Tengsl ríkis og þjóðar þarf að skoða frá báðum þessum sjónarmiðum, en fyrst skulum við leiða hugann að spurningunni: Hvernig myndar þjóð ríki? Í næstu grein mun ég ræða um hina hlið málsins.

Sögulega séð er ekki til neitt einfalt eða einhlítt svar við spuringunni hvernig þjóðir mynda ríki. Þjóðir heimsins hafa myndað ríki með ýmsum og ólíkum hætti í sögunnar rás, stundum tvær eða fleiri saman, stundum einar sér, og eftir mjög frábrugðnum leiðum. Þó má merkja tvö megineinkenni á ríkismyndunum. Fyrra megineinkennið er að tilraunum til ríkismyndunar virðist ævinlega fylgja barátta tiltekinna ætta, höfðingja eða stétta til að styrkja hagsmuni sína. Baráttunni hefur síðan lyktað ýmist með því að samkomulag náðist eða að annar aðilinn (eða margir) varð að láta í minni pokann, lúta hinum eða fara af landi

brott. Þetta einkenni kemur mjög skýrt fram nú á dögum í þeim löndum þar sem þjóðirnar hafa ekki áður deilt sameiginlegri stjórnskipun en eru í þann mund að mynda ríki.

En tilraunir til ríkismyndunar hafa jafnframt annað einkenni til að bera sem er í sjálfu sér miklu jákvæðara. Þeim er ætlað að styrkja þjóð eða þjóðir sem eina heild andspænis annarri þjóð eða þjóðum, auka velmegun og hagsæld. Ríkið á að efla og tryggja farsæld þegna sinna, þ. e. þjóðarinnar eða þjóðanna sem mynda það. Það á að standa vörð um þá hagsmuni og þau verðmæti sem viðkomandi þjóð eða þjóðir leggja mesta áherslu á.

Þessi tvö megineinkenni við mótun ríkisins, sem hér eru nefnd, skírskota til þjóðarinnar með tvennum hætti:

Annars vegar er þjóð eining sinnar tegundar, afmarkaður hópur manna sem deilir sameiginlegu landi, sameiginlegri tungu, menningu og sögu og á því augljóslega vissra sameiginlegra hagsmuna að gæta. Frá þessu sjónarmiði er ljóst að ríkið er viðleitni þjóðar til að tryggja innri samheldni sína og ytra öryggi sitt.

Hins vegar er þjóð fjarri því að vera sameinaður hópur, hún er þvert á móti ákaflega sundurgreind heild og virðist einu gilda hvort hún er fjölmenn eða fámenn; hjá fámennri þjóð kann þessi sundurgreining (ef ekki sundurþykkja) að koma skýrar fram en hjá fjölmennari þjóðum þar sem sérkennin eru duldari eða svo mörg að þau fá ekki notið sín. Frá þessu sjónarmiði er augljóst að mótun ríkis verður barátta milli ólíkra hópa, stétta, ætta eða höfðingja.

Lýðræðisreglan og einingin.

Það hefur löngum verið eitt helsta keppikefli þjóða, sem hafa viljað móta ríki eða efla ríki sitt, að draga úr þeim óæskilegu áhrifum sem sundurgreining og valdabarátta hafa í för með sér við mótun ríkis. Segja má að lýðræðisreglan sé einmitt merkilegasta tilraunin til þess að móta ríkið á grundvelli einingar þjóðarinnar eða lýðsins og til þess að stilla valdabaráttu manna í hóf, þ. e. til að koma í veg fyrir að sundurgreiningin og sundurþykkjan fái að setja svip sinn á mótun og rekstur ríkisins. Þess vegna var þeirri aðferð beitt um skeið meðal Grikkja, sem mótuðu lýðræðisregluna, að varpa hlutkesti um það hverjir skyldu sitja í ráðum og stjórnum. Kosturinn við þessa aðferð er sá að gera miklu fleiri en ella virka við ákvarðanir sem varða þjóðina alla. En á því hvílir einmitt lýðræðið.

Lýðræðið er reist á þessu: Þjóðin sjálf, lýðurinn, skipar þá aðila sem skulu gæta sameiginlegra hagsmuna og fara með sameiginleg mál lýðsins; þeir sem kosnir eru eða valdir til að sitja í ráðum, á þingum eða í stjórnum á vegum ríkisins eru því þjónar þjóðarinnar og starfa í umboði hennar.

Í næstu grein verður því rætt um þá leið sem á að tryggja, eftir því sem við verður komið, að handhafar valds lúti vilja þjóðarinnar. Þessi leið hefur verið kennd við svonefnd réttarríki, þ. e. að stjórnað sé með lögum, ekki eftir geðþótta manna.

Að því búnu mun ég huga að rótum réttarreglna í vitund og starfi þjóðarinnar, þ. e. hvers konar grundvallarreglur það eru sem þjóð kýs að stjórnað sé eftir.

Þessar greinar verða ósögulegar og því mun ég í fjórðu greininni huga að sögulegum rótum stjórnskipunar og stjórnarskrárreglna.

III. grein:
RÉTTARRÍKIÐ
(25. apríl 1983.)

Grundvöllur þess að menn telja vert að setja ríki stjórnarskrá er sú hugmynd að unnt sé og æskilegt að skipa málum ríkisins með lögum, þ. e. að setja megi og setja eigi fastar og opinberar reglur sem gera annars vegar kleift að úrskurða hin erfiðustu deilumál manna og ráði hins vegar aðgerðum og umsvifum í þágu samfélagsheildarinnar. Þessi hugmynd um

réttarríkið, ríki þar sem lög stjórna en ekki menn, er svo samgróin öllu sem vestrænir menn hugsa um stjórnskipan að erfitt er að ímynda sér nokkra aðra skipan mála. Að vísu er ljóst að andstaðan við réttarlega skipan er bein beiting valds, stjórn tiltekinna manna eftir geðþótta og án hömlu, en óhugsandi virðist að slík skipan geti staðið lengi eða náð til nema tiltölulega lítils hóps. Jafnvel ríki sem reisa stjórnun á beinu valdi verða að koma sér upp lögum, gera þau opinber og halda þeim nokkuð stöðugum. Þegar slíkt ríki hefur þroskast með þessum hætti er ekkert sem formlega greinir það frá réttarríkinu. Af þessu má sjá að hugmyndin um hið formlega réttarríki felur ekki í sér neina vísbendingu um það hvernig hin föstu og opinberu lög eiga að vera.

Lögin og stjórnarskráin.

Þótt hugmyndin um réttarríki bindi þannig ekki tiltekna efnislega skipan stjórnar og samfélagslífs bendir hún þó til tveggja mikilvægra atriða sem huga verður að við stjórnarskrársmíði. Í fyrsta lagi það að lögin eru frumatriði í allri skipan samfélagsins og stjórn þess. En í öðru lagi að lögin sjálf og þær hugmyndir sem í þeim verða skráð nægja ekki til að tryggja æskilega og skynsamlega skipan; lögin verða að vera reist á og vísa til hugmynda, mælikvarða, siða og afstöðu sem ekki verða bundin í lögunum sjálfum. Lagasetning er þannig ekki þess eðlis að henni verði lokið í eitt skipti fyrir öll. Og ber tvennt til. Annars vegar það að mælikvarðarnir, sem standa ofar lögunum en verða ekki til fullnustu bundnir í þeim, breytast. Hins vegar að ævinlega koma upp ný efnisatriði og nýir samskiptahættir sem koma verður fastri og opinberri reglu á. Stjónarskrárgerð er tilraun til að festa almennustu, víðfeðmustu, mikilvægustu og mikilsverðustu þætti löggjafarinnar þannig að innan ramma stjórnarskrárinnar megi með almennri lagasetningu bregðast við breytilegum áherslum og aðstæðum.

Til þess að stjórnarskrá geti verið þannig fastur rammi um breytilega löggjöf, er ljóst að í henni megi ekki vera ákvæði um efni sem eru undirorpin öðrum breytingum, hvort heldur það er vegna þess að afstaða manna til þeirra breytist eða vegna þess að efnisatriði og aðstæður breytast. Eina vonin til þess að stjórnarskrá geti verið stöðugur og fastur rammi um almenna og oft breytilega löggjöf er því sú að stjórnarskráin sé eins knöpp og almenn og kostur er, en taki þau fáu og almennu atriði sem hún fjallar um föstum og ákveðnum tökum. Af þessu er meðal annars ljóst að óvænlegt er að miða gerð stjórnarskrár mjög nákvæmlega við aðstæður, viðhorf og hagsmuni sem eru ríkjandi þegar stjórnarskráin er sett.

Löggjafinn og stjórnarskráin.

Þetta felur það í sér að þess er ekki að vænta að hinn almenni löggjafi setji vænlega (góða) stjórnarskrá. Hann á meðal annars að taka náið tillit til samtímaaðstæðna og tímabundinna hagsmuna. Ef hinn almenni löggjafi er kosinn almennri lýðkosningu hlýtur athygli hans að mótast af þessum brýnu en hversdagslegu málefnum. Það eru þessi málefni sem líklegust eru til að hafa áhrif á kjósendur. Til að tryggja sér fylgi hljóta þingmenn því að helga sig þessum málum fyrst og fremst. Hversu mikilvæg og brýn sem þessi úrlausnarefni kunna að vera þá eiga þau ekki erindi í mótun stjórnarskrárinnar, vegna þess að þau eru samtímaleg og tímabundin. Hugmyndir og hugarfar sem einkum mótast af þessum viðfangsefnum eiga þá ekki heldur erindi í mótun stjórnarskrárinnar.

Það er enn annað sem veldur því að hinn almenni löggjafi er ekki líklegur til að setja góða stjórnarskrá og að hver sú stjórnarskrá sem hann setur verður tortryggileg. Löggjafinn á að starfa undir ákvæðum stjórnarskrárinnar og leita samræmis við hana í öllum gerðum sínum. Af þessum sökum á hann sjálfur mestra hagsmuna að gæta í mótun stjórnarskrárinnar. Hann verður því, ef hann setur stjórnarskrána sjálfur, dómari í eigin sök. Því blasir við honum sú freisting að haga stjórnarskránni sjálfum sér í hag, og setja sig, meðlimi sína,

hagsmuni sína og hagsmuni þeirra ofar lögum og hugmyndum og hugsjónum sem að baki þeim búa. Slík aðstaða gengur greinilega gegn hugmyndum manna um réttarríki.

Þessar almennu athugasemdir benda þegar á heildargalla á stjórnarskránni 1944, á breytingunum sem nú er í ráði að gera á henni og á aðferðunum sem notaðar hafa verið við að ná tillögunum um breytinguna fram. Um ýmsa þessara ágalla verður fjallað ítarlegar síðar í þessum greinum, en hér er látið nægja að drepa aðeins á nokkur almenn atriði, sem nánast tengjast því sem þegar hefur verið sagt í þessari grein.

Núverandi staða.

Í fyrsta lagi er stjórnarskráin 1944 ekki virkur heildarrammi um samfélagslíf okkar, bæði vegna þess að ákvæði hennar virðast ekki skipta máli og vegna þess að í hana virðist skorta ákvæði er gætu skipt máli. Mikilsverðustu ágreiningsmál og álitamál í stjórnmálalífi okkar virðast þannig vera utan ramma stjórnarskrárinnar. Gleggsta dæmið um þetta eru bráðabirgðalög.

Í öðru lagi er stjórnarskráin ekki nógu föst og stöðug eins og gleggst má sjá af því að í henni eru ákvæði um búsetuskiptingu á landinu. Það er einmitt þessi nákvæmni ákvæða stjórnarskrárinnar sem nú er gerð að tilefni til að breyta henni.

Í þriðja lagi er hvatinn til þess að breyta stjórnarskránni nú einkum sá að koma fyrir innan hennar eða með henni nákvæmlega tilteknum og tímabundnum hagsmunum; þ. e. hagsmunum landshluta og stjórnmálaflokka. Hér eru hagsmunir líðandi stundar látnir móta það hvernig taka megi hagsmuni saman í óvissri framtíð.

Í fjórða lagi hefur löggjafinn, mennirnir sem hana skipa og flokkarnir sem að honum standa í tillögum sínum um breytingar fyrst og fremst hugsað um eigin hag. Það sem greinilega skiptir mestu máli í umræðum stjórnmálamanna um kjördæmamálið er að þeir og flokkarnir vilja tryggja núverandi aðstöðu sína. Með þessu er hversdagsleg stjórnmálabaráttа, sem á að lúta stjórnarskránni, sett ofar henni.

IV. grein:
ÞÖRFIN Á STJÓRNARSKRÁ
(2. maí 1983.)

Ef litið er til sögunnar er ljóst að stjórnarskrá sérhverrar þjóðar leggur þær línur sem stjórna á eftir, m. ö. o. kveður hún á um þá stjórnhætti, sem taldir eru best hæfa þjóðinni — hún geymir þær reglur sem allar aðrar reglur samfélagsins miðast við. Hún er undirstaðan; hin röklega forsenda sem gengið er út frá.

Spurning: Hvaða stjórnhættir hæfa þjóð best? Svar við þessari spurningu er ekki eitt fyrir allar þjóðir, heldur eitt fyrir hverja um sig að öllu jöfnu — og ræður ýmislegt svarinu. Hver eða hverjir eru það sem taka sér fyrir hendur að semja stjórnarskrá og hvert er takmark hans eða þeirra? Er hún gerð af fúsum og frjálsum vilja allrar þjóðar? Af valdaaðilum til að tryggja eigin hagsmuni? Með vilja þjóðar, en af hópi manna sem ekki bera hag allrar þjóðar fyrir brjósti? Eða á einhvern annan hátt? — Allar þessar spurningar eru siðferðilegs eðlis.

Þjóðin setur sér reglur.

Unnt er að halda því fram að stjórnarskrá eigi að lýsa almennt viðurkenndum stjórnunarháttum eða stjórnskipan þjóðar sem mótast hafa sögulega. Í lýðræðissamfélagi felur svarið í sér, í víðum skilningi, að þjóð vilji lúta tilteknum reglum sem hún setur sér sjálf og sem kveða á um tiltekin réttindi hvers og eins og með hvaða hætti samfélaginu sé best stjórnað. Í stjórnarskrá lýðræðisríkis eru þá settar þær reglur um réttindi manna og skyldur

sem telja verður að eigi að komast næst því að allir séu sammála um. Menn eru ekki að afsala sér réttindum í hendur þriðja aðilja, þeir eru að sammælast um reglur sem eiga að tryggja rétt allra — og reglur sem þeir telja að beri að viðhafa svo að samfélaginu sé sem „best" stjórnað út frá „hagsmunum" allra manna samfélagsins. Ef hins vegar er um einveldi að ræða — eða einhverja aðra mynd fámennisstjórna — felur svar við spurningunni í sér að líklegast er að stjórnarskrá sé ekki samin með hag þjóðar að leiðarljósi, heldur ráði sérhagsmunir þess er setur hana. Í slíku tilviki er stjórnarskrá sett þjóðinni af einhverjum öðrum en henni sjálfri. Þjóðin er þá ekki að sammælast um eitt eða neitt, henni eru settir kostir, sem hún verður að lúta — væntanlega í krafti valds sem tíðum styðst við ofbeldi. Í skilningi lýðveldisins er hún að afsala sér réttindum í hendur þriðja aðilja. Afsal af þessu tagi getur einnig orðið með þjóð, sem kennir sig við lýðræði, eins og ég vék að í hugvekjunni um réttarríkið; þegar smáir eða stórir hagsmunaaðiljar laga stjórnarskrána eftir þröngum sérhagsmunum sem þeir vitandi eða óafvitandi sjá ekki út yfir. En þá getur þjóðin sjálfri sér um kennt, því að lýðrétturinn á einmitt að koma í veg fyrir að slík brot séu framin gegn henni. Hún hefur þennan rétt og verður mikilvægi hans seint nægilega ítrekað. Þjóð má aldrei láta það henda sig að sofa hann af sér.

Málfræði stjórnmálanna.

Þörf þjóðar fyrir stjórnarskrá er að ýmsu leyti hliðstæð þörf tungumáls fyrir málfræði. Tungumál lýtur kerfi reglna um það hvernig á að beita því; slíkt kerfi kallast málfræði. Mikilvægur hæfileiki mannsins, og sá er greinir hann hvað skýrast frá öðrum skepnum, er að hann getur sett reglur og farið eftir þeim; og hann getur brotið þessar reglur. Menn geta talað tungumál án þess endilega að geta vitnað beint til reglnanna, sem þeir fara eftir, þ. e. talið þær upp eða rakið þær. Málið er þeim eðlilegt til að koma hugsun sinni á framfæri, sem er forsenda mannlegra samskipta, verða þeir að lúta ákveðnum reglum um skipan setninga o. s. frv.

Það er einkum tvennt sem er mikilvægt í þessu samhengi: Málfræði kemur til sögunnar eftir að málið er orðið til, hún er nauðsynleg leið til að varðveita málið, verja það breytingum; m. ö. o. er hún umgerð, sem verður að vera, ef málið á ekki smám saman að týnast. Og það sem ef til vill er mikilvægara í samlíkingunni við stjórnarskrá er að málfræði einnar tungu gegnir því hlutverki að skera úr um hvern þann ágreining sem upp kann að koma um beitingu málsins. Hún gerir grein fyrir réttri og rangri beitingu þess og er leiðbeinandi um það hvað er gott mál og vont, hún bindur ekki efni málsins, né útilokar breytingar á því. Málfræði er málinu eins og stjórnarskrá stjórnmálunum í víðri merkingu: engum rétti er afsalað, heldur er sammælst um að hlýða reglum. Í málfræði birtist almennt samkomulag um það hvernig tala á málið — í stjórnarskrá á að koma fram almennt samkomulag um það hvernig stjórna beri samfélagi. Og á sama hátt og mál heldur áfram að lifa lítið breytt vegna þess að það lýtur tilteknum reglum, þá heldur lýðræðislegt samfélag áfram að vera til einungis ef í gildi eru almennt viðurkenndar undirstöðureglur um athafnir manna innan þess.

Stjórnhættir og stjórnmál.

Stjórnarskrá kveður á um stjórnhætti samfélags; stjórnmál eru iðkuð innan ramma stjórnháttanna. Þessi greinarmunur er mikilvægur í þeim skilningi að stjórnarskrá setur stjórnmálum leikreglur — stjórnhættina; allar gerðir stjórnmálamanna eiga að miðast við þær reglur sem stjórnarskráin kveður á um.

Brot á reglum stjórnarskrárinnar er brot á stjórnháttum þeim er þjóð hefur sammælst um að miða við; slíkt brot er því brot gegn þjóðinni. Í lýðræðisríki er starf stjórnmálamannsins einkum það að fara með tvenns konar vald eftir fyrirmælum stjórnar-

skrár: löggjafarvald og framkvæmdarvald. Dómsvaldið og stjórnmálastarfsemi er hins vegar tvennt, en eins og stjórnmálin er dómsvaldið iðkað innan ramma stjórnháttanna; rót þess býr í stjórnarskránni og þar er kveðið á um hlutverk þess og takmörk. Brjóti iðkendur stjórnmálanna þær stjórnskipunarreglur, sem kveðið er á um í stjórnarskrá, kemur til kasta dómsvaldsins að dæma hinn brotlega — eftir þeim viðmiðunarreglum sem því eru sett í stjórnarskrá. Um nánara hlutverk og takmörk hinna einstöku valdsþátta verður rætt síðar.

Við sjáum að stjórnarskrá lýðræðisríkis er ekkert einnar nætur tjald. Henni er ætlað að lýsa veigamiklum þáttum í hugarfari, lífsskoðunum og markmiðum þjóðar; hver hún telur meginréttindi sín og skyldur; hvernig hún telur sig best mega búa í sátt og samlyndi og með hvaða hætti samstjórn sé best borgið; m. ö. o. vitnar hún um það á hvern veg þjóð vill lifa lífi sínu sem þjóð. Ljóst er að við verðum að gera okkur grein fyrir efninu ef við viljum ræða það af einhverju viti. En ýmislegt virðist einmitt skorta á að iðkendur stjórnmálanna kunni yfirleitt að ræða um þau efni sem þeir telja sig þó vera að fjalla um. Umræðan um stjórnarskrá verður að hæfa efninu, hún verður að vera hafin yfir vettvang dagsins og þá togstreitu um vindinn sem einkennir málatilbúnað stjórnmálamanna. Sú togstreita hefur þegar orðið okkur of dýrkeypt. Menn verða að gera sér ljóst að stjórnarskrá þjóðar — og reyndar öll málefni er snerta samfélagið í heild — er ekki tæki til vísvitaðra breytinga, ekki kaupslag á torgi hégómans.

V. grein:
UPPRUNI STJÓRNARSKRÁA
(9. maí 1983.)

Stjórnarskrár og handfestur miðalda.

Stjórnarskrá kallast lög sem geyma meginákvæði um stjórnskipan ríkis. Í lýðræðisríki gilda sérstakar reglur um setningu þeirra sem miða að því að betur sé til vandað en almennra laga, enda er stjórnarskrárákvæðum ætlað varanlegt gildi. Efni flestra stjórnarskráa lýtur einkum að tvennu: Stjórnskipulagi ríkisins og afstöðu einstaklinga til samfélagsins. Annars er það nokkuð breytilegt meðal þjóða heims, hvaða reglum er skipað í stjórnarskrá. Þetta ræðst meðal annars af hefð, venju og sérstöku sögulegu tilefni.

Ekki eru allar reglur um íslenska stjórnskipan í stjórnarskránni. Sumar eru í almennum lögum, t. d. helstu ákvæðin um dómstóla og sveitarfélög, aðrar eru reistar á venju og enn aðrar teljast til óskráðra grundvallarreglna sem ætla má að sé almenn samstaða um.

Stjórnarskrár í nútímaskilningi eiga rætur að rekja til miðalda. Þá var almennt litið svo á að lögin sameinuðu landsfólkið í félagsskap af ýmsu tagi: Gildi, þorp og önnur sveitarfélög, bæi og svo samfélög sem náðu yfir víðáttumikil svæði og lutu konungi. Hin síðastnefndu eru einna helst sambærileg við ríki nútímans. Lögin voru innbyrðis ólík eftir því hvar menn bjuggu og hver þjóðfélagsstaða þeirra var, en annars var litið á þau sem forna óhagganlega venju sem öllum væri skylt að hlíta, jafnt valdamönnum sem almúga. Við konungstekju var á þetta minnt með því að konungur hét að virða hin fornu landslög. Nú var reyndar oft óljóst hvers efnis einstök ákvæði voru — meðal annars vegna vandkvæða á að varðveita lögin óbrengluð. Því var smám saman aukið við loforðum konunga um ákveðin efni eftir því sem tilefni gafst. Af þessu varð til sú venja að konungar og þegnar gerðu með sér gagnkvæma sáttmála sem oft eru kallaðir handfestar.

Athygli vekur að þar er sjaldan eða ekki að finna almennt orðaðar yfirlýsingar um réttindi lýðsins heldur tóku menn á sig afmarkaðar **skyldur** — bæði þegnar og þeir sem völdin höfðu. Hér er ekki gert ráð fyrir neinu alvalda ríki heldur því að menn séu frjálsir og sjálfstæðir.

Oftast er málum skipað svo að þegnarnir taka á sig þá skyldu að sýna konungi hollustu og gangast undir tilteknar kvaðir í þágu hans. Konungur skuldbindur sig á móti til að virða

tiltekin réttindi þegnanna. Einkum lutu loforð hans að því að leggja ekki á skatta nema með samþykki oddvita samfélagsins, að halda uppi lögum með því að dæma friðarspilla, að handtaka menn ekki að geðþótta og fleira þessu áþekkt.

Til nánari skýringar er nærtækast að líta á Gamla sáttmála 1262–64 en það er stjórnskipunarplagg í ætt við handfesturnar.

Íslendingar játa konungi „land og þegna“ — eða m. ö. o. hollustu og svo skattgjaldi sem nánar er tiltekið.

Þessi loforð eru bundin þeim skilyrðum að konungur gangist undir ákveðnar skyldur sem taldar eru upp: Að láta landsmenn ná friði og íslenskum lögum, að láta sex skip ganga af Noregi til Íslands tvö sumur hin næstu, að gefa upp erfðir í Noregi fyrir íslenskum mönnum o. s. frv.

Gera verður ráð fyrir að konungur hafi gengist undir þessar skyldur þótt heimildir greini ekki frá. En hugsunin bak við sáttmálann er alveg ljós: Báðir aðiljar taka á sig skyldur sem frjálsir menn og sjálfráðir.

Upphaf stjórnarskráa á 17. og 18. öld.

En þegar nálgaðist hámiðaldir tók það viðhorf að ryðja sér til rúms að konungur gæti sett lög að eigin vilja og án samráðs við landsfólkið. Til grundvallar lá sú hugmynd sem rekja má til Rómaréttar að konungur væri alvaldur og óbundinn af lögum. Þessari skoðun óx ásmegin þegar á leið uns hún náði mjög almennri viðurkenningu á 17. og 18. öld þegar einveldisskipan komst á víða í Evrópu.

En andstæðingar einveldis leituðust við að tryggja forn lýðréttindi með því að skrá þau í einn bálk. Enn fremur voru festar á bók þær gundvallarreglur sem þjóðfélagið skyldi almennt lúta. Hér var farið inn á þá braut að bókfesta samfellt regluverk þar sem kveðið væri á um réttarstöðu landsfólksins og stjórnskipan samfélagsins. Með þessu var hafinn nýr áfangi í stjórnskipunarsögunni.

Úr stjórnskipunarsögu Englendinga má nefna plögg eins og þjóðarsamþykktina 1649 (The Agreement of the People) þar sem þess var freistað að skilgreina valdstjórn ríkisins á þeirri forsendu að hún væri öll frá þjóðinni runnin. Var markmiðið með henni að styrkja þingið gegn hernum, jafnframt því sem valdi þess voru settar skorður.

Einnig má benda á að stjórnskipunarlögin 1653 (Instrument of Government) sem oft hafa verið nefnd eina ritaða stjórnarskrá Englendinga. Þar var að verki Oliver Cromwell með stuðningi hersins. Mikilvæg ákvæði þessara stjórnlaga lutu að því að skipta valdi milli einstakra stjórnstofnana og kveða á um hlutverk þeirra og réttarstöðu.

Þessi viðleitni til setningar stjórnlaga spratt einkum af átökum sem urðu milli hers og þings þegar sigrast hafði verið á konungsvaldinu í borgarstyrjöldunum 1642—1649. En ekki hafði þessi viðleitni nein varanleg áhrif á stjórnskipan Englendinga.

Á meginlandinu var hið sama reynt en þau stjórnlög urðu ekki réttindaskrár í anda miðalda, heldur lögðu þau grundvöll að miðstýrðu kerfi sem að lyktum varð stjórntæki einvaldshöfðingja.

Í stjórnmála- og trúarbragðaátökum í Englandi á fyrri hluta 17. aldar tóku minnihlutahópar sig upp og hófu landnám í Norður-Ameríku. Landnemarnir fluttu með sér fornar frelsishugmyndir sem þeir töldu best tryggðar í samfelldum stjórnlögum eins og Englendingar höfðu reynt. Íbúar hinna einstöku nýlenduríkja settu sér því slík lög — stjórnarskrár — þar sem kveðið var á um meginatriði stjórnskipunarinnar og ákvæði sett til að tryggja réttindi þegnanna, einkum gegn alræði löggjafans. Réttindi manna voru þó stundum bókfest í sérstökum réttindaskrám og er sú frægust sem Virginíumenn samþykktu 12. júní 1776. Var hún meðal annars fyrirmynd mannréttindayfirlýsingar Frakka 1789. Stjórnarskrár einstakra nýlenduríkja — og þá ekki síst stjórnarskrá Bandaríkjamanna 1789 urðu síðan fyrirmynd stjórnarskrár Frakka 1791, en eftir henni voru sniðnar flestar stjórnrskrár Evrópu á 19. öld. Þannig skiluðu Bandaríkjamenn Evrópu hinum forna arfi.

Stjórnarskrá Íslands 1874—1944.

Stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands frá 5. janúar 1874 var sniðin eftir grundvallarlögum Dana frá 5. júní 1849. Helsta fyrirmynd þeirra var stjórnarskrá Belgíu frá 1831 sem átti rót að rekja til frönsku stjórnarskrárinnar 1791. Þannig á hún rætur í andófi gegn einveldinu á 18. og 19. öld og setur það svipmót á hana. Það var raunar einvaldskonungur sem gaf Íslendingum hana „af frjálsu fullveldi" án þess að Íslendingar ættu neitt atkvæði um.

Þessari stjórnarskrá var breytt með stjórnskipunarlögum nr. 16/1903 þegar komið var á heimastjórn, embætti innlends ráðherra stofnað og stjórnarráðið flutt frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur. Aftur var stjórnarskránni breytt með stjórnskipunarlögum nr. 12/1915 en aðalatriði þeirra breytinga voru rýmkun kosningarréttar – meðal annars það að konur fengu kosningarrétt.

Með sambandslögunum frá 1. desember 1918 varð sú breyting á réttarstöðu Íslands að setja varð nýja stjórnarskrá. Henni — stjórnarskrá konungsríkisins Íslands nr. 9/1920 — var breytt með stjórnskipunarlögum nr. 22/1934 og nr. 78/1942 sem bæði lutu að lagfæringu á kjördæmaskipan og kosningafyrirkomulagi. Enn var gerð á henni breyting með stjórnskipunarlögum nr. 97/1942, þar sem heimilað var að gera þær breytingar á stjórnarskránni sem leiddu af sambandsslitum við Dani og stofnun lýðveldis með sérstökum hætti. Var lýðveldisstjórnarskráin sett á grundvelli þessara laga.

Við lýðveldisstofnunina 17. júní 1944 var samþykkt ný stjórnarskrá, nr. 33/1944. Ekki voru aðrar breytingar gerðar á stjórnarskrá konungsríkisins en þær sem beint leiddu af stofnun lýðveldisins. Stjórnarskránni nr. 33/1944 hefur svo verið breytt tvisvar. Með stjórnskipunarlögum nr. 51/1959 þegar nýskipan var gerð á kjördæmum landsins, þeirri sem enn stendur, og stjórnskipunarlögum nr. 9/1968, er kosningaaldur var lækkaður í tuttugu ár og fimm ára búseta felld niður sem skilyrði fyrir kosningarrétti.

Við svo búið hefur staðið síðan.

VI. grein:
NÁNAR UM UPPRUNA ÍSLENSKU STJÓRNARSKRÁRINNAR
(16. maí 1983.)

Nú þegar umræður fara fram hér á landi um stjórnarskrá íslenska lýðveldisins og breytingar á henni, gætir langmest umræðna um einstök atriði hennar; minna hefur gætt umræðu um heildarinnihald stjórnarskrárinnar. Þessi umræða þarf svo sem ekki að koma mikið á óvart; þegar breytingar hafa verið gerðar á íslensku stjórnarskránni í fortíðinni, hefur umræðan einmitt á sama hátt snúist mest um einstök atriði, einkum um kosningafyrirkomulag og kjördæmaskipan. Oftast hefur kveðið mest að alþingismönnum og öðrum fulltrúum stjórnmálaflokkanna, sem eiga þar beinna hagsmuna að gæta umfram aðra menn.

Mér virðist þessi umræða öll hafa byrjað á skökkum stað og verið miðuð við rangar forsendur; mér virðist, að nær hefði verið að spyrja um grundvallaratriðin sjálf: Hver er eðlileg skipan íslenskra stjórnlaga? Við hvað þarf hún að miðast? Hvaða atriði skipta þar mestu máli?

Ég hygg vart ofmælt, þótt sagt sé, að grundvallarumræða um skipan íslenskrar stjórnarskrár hafi raunar aldrei farið fram.

Sjónarmið Dana.

Hvernig er stjórnarskrá íslenska lýðveldisins til komin? Að meginstofni til stafar hún frá þeim tíma, þegar Ísland var í ríkjasambandi við Danmörku og Danakonungur fór hér með völd þjóðhöfðingja. Danakonungar höfðu þá um aldir ákveðið stjórnskipan Íslands sem og Danmerkur sjálfrar. Einveldi konungs lauk í Danmörku árið 1849. Hins vegar lauk einveldi

konungs á Íslandi raunverulega ekki fyrr en 1874. Þegar Íslendingar höfnuðu uppkasti Dana að stjórnarskipan fyrir Ísland á þjóðfundinum 1851, framlengdist einveldi konungs hér á landi.

Það var því Danakonungur, sem setti Íslandi stjórnarskrá 1874; við tókum við henni úr konungs hendi. Eins og nærri má geta, var sú stjórnarskrá alls ekki samin út frá íslenskum sjónarmiðum og hagsmunum fyrst og fremst, þótt þar væri tekið nokkurt tillit til ýmissa þeirra atriða, sem deilum höfðu valdið með Íslendingum og Dönum fram að þeim tíma um stöðu Íslands í danska ríkinu. Þessi stjórnarskrá var fyrst og fremst samin út frá dönskum hagsmunum með það fyrir augum að tryggja áframhaldandi samband laganna um ófyrirsjáanlega framtíð. Og grundvallaratriði hennar fjallaði um stöðu konungs sem erfðaþjóðhöfðingja á Íslandi.

Sambandsslit.

Deilur héldu áfram enn um stund með þessum frændþjóðum um samband landanna; þeim deilum lauk fyrst með sambandslögunum 1918, sem ætlað var að gilda næsta aldarfjórðung. Þá voru gerðar þær breytingar einar á íslensku stjórnarskránni, sem nauðsynlegar voru vegna breyttrar stöðu Íslands í danska ríkinu. Nú var um að ræða tvö ríki með sameiginlegan konung.

Vart þarf að efa, að Danir munu margir hafa vonast til, að þarna væri fundin sú lausn á gömlum deilum þjóðanna um stöðu Íslands í danska ríkinu, sem mundi haldast um langa hríð, a. m. k. að því er snerti konungssambandið. Hitt er jafnljóst, að Íslendingar hugðust frá upphafi nota rétt sinn til þess að segja sambandslögunum upp að 25 árum liðnum.

Svo fór sem alkunna er, að sambandi Íslands og Danmerkur var að fullu slitið 1944, þótt þau sambandsslit yrðu með talsvert öðrum hætti en búist hafði verið við. Aðstæður voru þá þannig, að lítill tími gafst til þess að hefja grundvallarumræður um gerð og innihald íslenskrar stjórnarskrár, sem tæki mið af óskum og þörfum þjóðarinnar sjálfrar og miðuð væri við gjörbreyttar aðstæður, m. a. stöðu íslensks þjóðhöfðingja, er forseti kom í stað konungs.

Auðvitað voru breytingar gerðar á íslensku stjórnarskránni, en þær voru aðeins hugsaðar til bráðabirgða, þar til betra tóm gæfist til þess að undirbúa nýja stjórnarskrá frá grunni. Fæstum hefur þá til hugar komið, að þessi umbreytta bráðabirgðastjórnarskrá mundi gilda jafnlengi og raun ber vitni.

Tími til grundvallarumræðu.

Það hlýtur að valda vonbrigðum, að núverandi tillögur um breytingar á íslensku stjórnarskránni eru miðaðar við það í grundvallaratriðum að gera enn breytingar á þeirri stjórnarskrá, sem okkur var færð af Danakonungi fyrir rúmri öld. Enn virðast menn ekki hafa gefið sér tóm til þess að setjast á rökstóla og hugsa málið frá grunni út frá gjörbreyttum forsendum í íslensku þjóðlífi. Vart er við því að búast, að stofninn frá 1874 dugi enn við þjóðfélagsaðstæður nútímans.

Og því miður virðist enn stefna í sama far og jafnan áður, er breytingar hafa verið gerðar á stjórnarskránni, að mestur tími og áhugi hefur farið í eitt atriði hennar, kosningafyrirkomulag og kjördæmaskipan. Og það eru einmitt fulltrúar stjórnmálaflokkanna, sem hafa alfarið haft þessa endurskoðun með höndum.

Þetta ber að harma. Við hljótum að geta ætlað okkur tíma til þess að setjast niður til grundvallarumræðna um íslenska stjórnarskrá út frá því sjónarmiði, hvern veg íslensk þjóð best hyggur sér fært að skipa meginatriðum stjórnskipunar sinnar. Og mér finnst vafalaust, að fyrri reynsla hafi kennt okkur, að þessi viðkvæmu atriði, kosningafyrirkomulag og kjördæmaskipan, eru betur komin í almennum lögum en stjórnarskránni, nema aðeins í

aðalatriðum, svo að við neyðumst ekki til þess á tiltölulega fárra ára fresti að endurskoða og breyta stjórnarskránni.

Það er algjörlega gegn anda og tilgangi stjórnarskrárinnar. Hún á að vera rúmur heildarrammi utan um eðlilegt og farsælt mannlíf á Íslandi miðað við þær hugmyndir um mannréttindi og frelsi, sem við búum við nú, þannig að ekki sé þörf á tíðum breytingum, enda á að setja slíkum breytingum allþröngar skorður. Ég mun síðar koma nánar að því, í hverju þessi rúmi rammi stjórnarskrárinnar á að vera fólginn.

Að þessu sinni langar mig aðeins til þess að leggja megináherslu á þá staðreynd, að okkur hlýtur að vera nauðsyn á að hefja grundvallarumræðu um stjórnarskrána og miða þá fyrst og fremst við þarfir okkar sjálfra, en ekki stjórnarskrá, sem okkur var færð af erlendum aðila fyrir meira en einni öld; sú stjórnarskrá hentar ekki lengur nútímaaðstæðum á Íslandi. Og við skulum ekki flana að þessari umræðu, heldur gefa okkur góðan tíma. Á sama hátt er brýn nauðsyn á, að fleiri en stjórnmálamennirnir einir taki þátt í þessari umræðu og móti þá nýju stjórnarskrá, sem ætti að henta íslenskri þjóð helst um langan aldur.

VII. grein:
ALMENN TILEFNI TIL STJÓRNARSKRÁRBREYTINGA
(30. maí 1983.)

Í greinunum hér á undan hef ég rakið ýmsar hugmyndir um hvað stjórnarskrá eigi að vera og hvernig líta megi á hana. Ég hef skoðað hana sem samband ríkis og þjóðar, sem grundvallarreglur réttarríkisins, sem málfræði stjórnmálanna og handsal réttar þjóðarinnar til umboðsmanna sinna. Að auki hef ég skoðað uppruna stjórnarskrár okkar. Þessar hugmyndir lúta að stjórnarskrám yfir höfuð. Í þessum hugmyndum einum og út af fyrir sig felst ekki sérstakt tilefni til að gera breytingar á stjórnarskránni 1944 eða til að gagnrýna uppkastið 1983. En breytinga er þörf og vil ég í þessari grein og nokkrum næstu reyna að rökstyðja að svo sé og grípa þá til þeirra almennu hugmynda sem settar hafa verið fram í greinunum hér á undan.

Rökstuðnings fyrir breytingum á stjórnarskránni má helst leita í tvennu. Annars vegar í almennum rökum þess efnis að aðstæður séu nú almennt og yfir höfuð aðrar en þegar stjórnarskráin var sett og hún hæfi okkur því ekki í heild við núverandi aðstæður, en hins vegar í afmarkaðri rökum þess efnis að við búum nú við sérstök vandamál og úrlausnarefni sem stjórnarskráin eða uppkastið 1983 nái ekki til. Í þessari grein vil ég leita raka af fyrra taginu, almennra raka um það að stjórnarskráin og uppkastið 1983 séu bæði í heild sniðin við aðstæður sem eru breyttar. Eins og sagt var frá í seinustu grein, er það eina mikilsverða breytingin á stjórnarskrá okkar allt frá upphafi að 1944 var þjóðkjörinn forseti settur í stað arfakonungs.

Söguslit, valdaröskun.

Þótt þessi grundvallarbreyting á stjórnarskránni hafi verið svona einföld í sniðum og svo farsæl sem raun ber vitni, er það einkum hún sem ræður því að stjórnarskráin er nú í heild úrelt. Í konungsríki þar sem konungsvald er mikið og konungdómur gengur í erfðir þarf allt aðra sýn á valdastofnanir, dreifingu og farvegi, valda og ábyrgðar en í lýðveldi með nánast valdalausan lýðkjörinn forseta. Gleggsta merkið um þetta er ef til vill að óhugsandi er að valdalaus lýðkjörinn forseti geti gefið þjóð sinni stjórnarskrá. Þetta merki er líka dæmigert um vankantana á hinum gamla stofni stjórnarskrárinnar og uppkastsins 1983 við aðstæður okkar í dag. Stjórnarskráin 1874 afmarkaði valdstofnanir okkar gagnvart stöðugu veldi konungs, og miðaði að því að skapa jafnvægi milli þessara valda. Þegar konungur er tekinn burt og í stað hans settur valdalaus forseti sem aðeins situr skamman tíma er þessu jafnvægi raskað, og þar sem því valdi sem konungur hafði um langan aldur er ekki fundinn staður eða

forsvar hefur það dreifst án skipulags, umhugsunar eða ábyrgðar. Í þessu er að finna rótina að því sem menn hafa oft kvartað um hjá okkur að framkvæmdavaldið sé of veikt.

Í ljósi þess að forseti getur ekki gefið þjóð sinni stjórnarskrá má líka sjá það að stjórnarskrársaga okkar er rofin að fullu við lýðveldisstofnunina 1944. Eins og rakið var í einni af fyrri greinum eru stjórnarskrár sögulega og að hluta röklega framhald af handfestum miðalda. Þær byggðust á því að einhver einn maður var bundinn skilmálum og batt aðra skilmálum. Forseti hefur ekki þá stöðu að þessu megi koma fram við hann eða að hann geti komið því fram við aðra, og enginn annar aðili samfélagsins getur að þessu leyti komið í stað konungs fyrrum. Þar með er stjórnarfarssögunni slitið og mörgu öðru með. Líklega á þetta drjúgan þátt í því að lagatúlkun á Íslandi er mjög ósöguleg en horfir fyrst og fremst til gildandi lagabókstafs og tímabundinna aðstæðna.

Þingræði, valdaskipting.

Við þessi slit sögunnar hefur einnig glatast upphaflegur og eðlilegur skilningur á tilgangi og nauðsyn þingræðisins og tengist það aftur ofannefndu vandamáli okkar um styrkari framkvæmdastjórn. Þingræði mótaðist þannig í sögunni að löggjafarsamkundur settu framkvæmdavaldi konungs og beinna þjóna hans smátt og smátt ítarlegri skilyrði og þrengri mörk. Oftast gerðist þetta með þeim hætti að löggjafarsamkundan náði fyrst neitunarvaldi um nýjar álögur og þá jafnframt nokkrum heildartökum á öllum umsvifum framkvæmdavaldsins þótt hún réði litlu um aðgerðir þess í einstökum málum eða atriðum. Síðar færðu löggjafarsamkundurnar sig upp á skaftið með fjármálavaldið að vopni. Víða um lönd og þá einkum í engilsaxneskum löndum er fjármálavald löggjafans enn meginfarvegur ábyrgðar framkvæmdarvaldsins gagnvart löggjafarvaldinu. Þó hefur það alls staðar færst í vöxt að framkvæmdarvaldið verði að leita ítarlegrar samþykktar löggjafans um nákvæm atriði í gerðum sínum en ekki aðeins um heildarumfang umsvifa sinna. Þetta ítarlega eftirlit löggjafans með framkvæmdarvaldinu – sem greinilega hefur veikt framkvæmdarvaldið – er þó sprottið af sömu afstöðu og upphaflegt neitunarvald löggjafans um álögur. Eftirlitið lýtur að því að hafa hemil á því sem framkvæmdarvaldið tekur sér fyrir hendur. Eftirlitið er reist á rökstuddri tortryggni um það að framkvæmdarvaldið, sem einkum horfir til og mótast af knýjandi daglegri nauðsyn og tæknilegri ráðagerð, taki nægilegt tillit til sögulegs samhengis, heildarsjónarmiða og hinna almennustu undirstöðuhagsmuna allra. Löggjafanum bar áður og ber enn að gæta þess að áleitið starf framkvæmdarvaldsins íþyngi þegnunum ekki um of og alls ekki nema með vilja þegnanna. En tillögurétturinn um það hvað á að takast fyrir hendur og hvernig eigi að bera sig að við framkvæmd er enn í höndum framkvæmdarvaldsins svo sem óhjákvæmilegt er.

Aðhaldssamt löggjafarvald.

Hvarf konungsvaldsins hefur valdið því að þingið sem upphaflega átti að veita framkvæmdum aðhald hefur í raun yfirtekið framkvæmdahlutverkið, svo illa sem það er til þess fallið að allri gerð. Þegar sá formlegi aðskilnaður valdanna þriggja sem mælt er fyrir um í stjórnarskránni 1944 og uppkastinu 1983 styðst ekki lengur við raunverulegar aðstæður, er borin von að ákvæðin virki eins og til er ætlast. Þegar enginn einn sterkur aðili er í forsvari fyrir framkvæmdarvaldið og þegar framkvæmdarvaldið sjálft er fremur fákunnandi, eins og hlýtur að vera með nýsjálfstæðum ríkjum, er nánast óhjákvæmilegt að hin fjölmenna löggjafarsamkunda hrifsi til sín framkvæmdarvaldið sem áður var sjálfstætt. Löggjafanum hefur reynst framkvæmd og valdið sem henni fylgir svo heillandi að hann er nánast með öllu horfinn frá störfum að þeim efnum sem hann á í eðli sínu að gegna og honum er falin í stjórnarskránni. Ákaflega lítið fer fyrir almennum löggjafarstörfum þingsins. Það fjallar nánast einvörðungu um framkvæmdir og rekstur ríkisins og gleymist þá oft að sérhver nýmæli í framkvæmd, hvort heldur er í umfangi eða aðferðum, eru íþyngjandi fyrir

borgarana. Eftirlits- og aðhaldshlutverk þingsins eru þannig líka horfin og enginn hefur tekið við þeim. Þetta hefur gerst þannig að framkvæmdarvaldið – eða öllu heldur framkvæmdin og nauðsyn hennar — hafa yfirtekið löggjafarsamkunduna, svo að segja má að okkur skorti nú aðhaldssaman löggjafa fremur en sterkt framkvæmdarvald.

Þó er það líka á sinn hátt rétt að framkvæmdavaldið er veikt og þá einmitt af því að það er svo mjög í höndum löggjafans. Það gefur auga leið að sextíu manna samkoma væri illa fallin til framkvæmdastjórnar, jafnvel þótt menn væru til hennar valdir með sérstöku tilliti til kunnáttu. Þegar menn eru valdir til samkundunnar vegna þess að þeir njóta ótiltekinnar lýðhylli er lítil von til þess að þeir kunni sérstaklega til framkvæmda en mikil hætta á að þeir noti framkvæmdir og vald sitt yfir þeim til að auka lýðhylli sína. Einmitt þetta síðasta er án efa meginástæðan fyrir því að umsvif ríkisins aukast sífellt: í kapphlaupi um lýðhylli og atkvæði er það greinilega freistandi að bjóða við kosningar nýja þjónustu og nýja aðstoð og að reyna síðan að fylgja fyrirheitunum fram á þingi þar sem engin fyrirstaða er að ráði, þar sem aðrir þingmenn hafa búið sér sömu aðstöðu.

Þær aðstæður sem hér hefur verið lýst og stjórnarskráin 1944 og uppkastið 1983 lúta, eru greinilega mjög ótryggar og ólíklegar til að leiða til styrkrar og hagkvæmrar stjórnar í góðu samræmi við getu þjóðarinnar, vilja og samstöðu, enda eru mörg stærri og smærri dæmi þess að stjórnmálalíf okkar hafi alls ekki leyst áríðandi vandamál, heldur jafnvel magnað þau. Í slíkum dæmum er að finna sérstakari rökstuðning fyrir nauðsyn stjórnarskrárbreytinga. Nokkur slík dæmi verða rakin í næstu grein.

VIII. grein:
SÉRSTÖK TILEFNI TIL STJÓRNARSKRÁRBREYTINGA
(8. júní 1983.)

Sérstökum tilefnum til að breyta stjórnarskránni vil ég skipta í tvo kafla. Annars vegar mun ég í þessari grein fjalla um heildarumsvif hins opinbera og ágang þess við almenning. Hins vegar mun ég í næstu grein ræða um árangur af opinberum umsvifum og aðgerðum og galla á honum.

Skipting opinberra umsvifa.

Almennt má greina umsvif í þrjú höfuðsvið: svið stjórnunarmála, svið efnahagsmála og svið velferðarmála. Hvert þeirra greinist í ýmis undirsvið: Til sviðs stjórnunarmála teljast (má telja) hinar hefðbundnu athafnir ríkisvaldsins að löggjöf, framkvæmd og réttarvörslu. Til efnahagsmálasviðs teljast rekstur opinberra fyrirtækja, stjórn peningamála, uppbygging burðarkerfa alls efnahagslífs — samgöngukerfis, fjarskiptakerfis, orkukerfis — aðstoð við atvinnugreinar og einstök fyrirtæki og loks afskipti af verðlagi og launakjörum. Til sviðs velferðarmála teljast heilbrigðismál, mennta- og menningarmál, trúmál, uppeldismál, tryggingamála og mál aldraðra, húsnæðismál.

Greinilegt er að opinber umsvif ná til allra athafna borgaranna. Í vissu tilliti er eðlilegt að svo skuli vera, t. d. er ljóst að almenn löggjöf og starf dómstóla nær til nánast hvers þess sem fram fer milli manna. En umsvif hins opinbera hér á landi teygja sig langt út fyrir almenna löggjöf og hefðbundna réttarvörslu. Hið opinbera hefur sjálft á hendi mestan hluta af rekstri og framkvæmd á þessum sviðum og hefur nákvæmt eftirlit með rekstri og framkvæmd einkaaðila. Reyndar virðist óhjákvæmilegt að einkaaðilar leiti styrks, stuðnings, hlutdeildar og velvildar opinberra aðila í hverju því sem þeir taka sér fyrir hendur.

Ágangur og álögur.

Af þessum umsvifum og stöðugri aukningu þeirra verður hið opinbera æ ágengara við borgarana. Rekstur, þjónusta og framkvæmdir opinberra aðila valda því í fyrsta lagi að borgararnir verða stöðugt að hafa náin samskipti við opinbera aðila þegar þeir ganga einkaerinda sinna; menn verða að fá leyfi fyrir gerðum sínum, skrásetja þær og láta líta eftir þeim. En þó er það mikilvægara að þessi umsvif eru öll greidd af almannafé og eru því undirrót gífurlegrar skattheimtu. Skattheimtan ein út af fyrir sig er ein meginástæða þess að einkaaðilar verða að leita stuðnings opinberra aðila við allar fyrirætlanir sínar, þar sem hið opinbera eftirlætur þeim ekki fé til að standa sjálfir undir framkvæmdum.

Það er að vonum að beinn ágangur og áreitni hins opinbera í einkagerðir borgaranna og álögurnar, sem nauðsynlegar eru til að fjármagna þennan ágang og áreitni, séu illa þokkuð af öllum almenningi. Mönnum virðist ríkið og hið opinbera almennt vera íþyngjandi í öllu starfi og athöfnum. Það eykur enn á þennan óþokka að opinber þjónusta er stirð, stirfin og óskilvirk. Siða- og lagareglur — einkum í viðskiptum — eru allt aðrar en þær reglur sem ríkið skipar einstaklingum að lúta. Flestir virðast líta á hið opinbera sem andstæðing sinn, ódælan og illan virðureignar, eða sem ríkt flón sem sjálfsagt er að blekkja og reyna að hafa gott af. Ágangurinn hefur leitt til þess að flestir hafa sagt sig úr siðum við ríkisfélagið og margir nánast sagt sig úr lögum, eins og sjá má á skattsvikum og smygli. Og vegna þess að kröfur og kvaðir hins opinbera eru ítarlegar og umfangsmiklar hafa siðferðilegar og óbókfestanlegar skyldur borgaranna við ríkið og samfélagið orðið að engu.

Vöxtur opinberrar forsjár.

Forsjá ríkisins í stóru og smáu er hér án efa meiri en tíðkast með öðrum vestrænum þjóðum. Smæð þjóðfélagsins er eflaust mikilvægasta skýringin á þessu. Við þurfum að ráða til lykta viðlíka mörgum málum og málaflokkum og aðrar sjálfstæðar þjóðir og þess vegna verða aðilar og aðstandendur hvers máls eða málaflokks svo fáir og vanmáttugir að þeir verða að leita á víðari vettvang en þeir geta skapað sér sjálfir. Því er eðlilegt að þeir sem bera mikilsverð mál fyrir brjósti leiti með þau inn á hið víðasta svið, svið stjórnmála og opinberra ákvarðana, þar sem stjórnmálamenn styðjast einkum við hagsmunahópa er starfi þeirra er fyrst og fremst metinn á mælikvarða árangurs í framkvæmd eða fyrirgreiðslu, og því hljóta þeir að taka öllum nýmælum til framfara vel og reyndar þakksamlega. Það er lítill vafi á því að umsvif ríkis og annarra opinberra aðila hafa vaxið með vilja þeirra sem áhuga hafa á hverju máli eða málaflokki og vegna áhuga borgara í einstökum efnum.

En ágallarnir á þessari þróun eru ljósir og má skipta þeim í tvennt. Annars vegar hefur vöxturinn orðið fyrir áeggjan sérgreindra hópa og á aðgreindum sviðum þjóðlífsins án tillits til samhengis og heildarsýnar. Leitað er stjórnmálalegrar samstöðu með hagsmunaaðilum einstakra mála, en ekki horft til sjónarmiða eða heildarhagsmuna þess mikla meiri hluta borgaranna sem ekki eru aðilar að þessu tiltekna einstaka máli. Þannig er viljinn til vaxtar hverju sinni aðeins vilji fárra, þótt árangurinn og álögurnar komi niður á öllum. Á hinn bóginn hlýtur stjórnmálaleg umfjöllun og ákvörðun að hneigjast í þá átt að greina á milli gildis tillagðra framkvæmda annars vegar og kostnaðarins sem af henni hlýst hins vegar. Það er aðall stjórnmálamanna að leita óska og vilja almennings um heillavænlegar aðgerðir. Þess vegna kemur viljayfirlýsing um tiltekna aðgerð eða fyrirætlan á undan umræðu um fjármögnunarleiðir eða aðrar afleiðingar aðgerða eða fyrirætlana og jafnvel á undan náinni áætlun um endanlega framkvæmd, enda er slík áætlanagerð ekki í hendi stjórnmálamanna, heldur embættismanna og sérfræðinga sem undir þá eru settir.

Hversu mikil á opinber forsjá að vera?

Það er út af fyrir sig mikið álitamál hversu mikil forsjá hins opinbera á að vera. Það er að minnsta kosti að rökum hugsanlegt að opinber forsjá sé meiri en hér og gefist þó vel.

Vegna þess að opinber forsjá er einlægt álitamál er vert að ræða hana við stjórnarskrárbreytingu og haga stjórnarskránni þannig að vilji þjóðarinnar í þessu efni geti komið fram á hverjum tíma. En óþökkin, sem almenningur hefur á umsvifum hins opinbera og ágallarnir sem á þessum stjórnarháttum eru, benda á að af hafi verið gengið í raun. Það eru allar líkur á að almenningur kysi heldur að minnka umsvif hins opinbera, en stjórnmálum okkar er þannig háttað að þessi vilji almennings nær ekki fram að ganga. Stjórnarhættir okkar eru til þess fallnir að veita framgang einstökum málum og verja tiltekna hagsmuni, en þeir leyfa varla að samræmi í heildaraðgerðum komi til álita. En það er einmitt heildarsvipur og umfang umsvifa hins opinbera sem almenningi hugnast ekki.

Í síðari greinum verður vikið að hugsanlegum úrbótum í þessu efni, en í næstu grein verður lýst ágöllum í starfi hins opinbera og árangri þess.

IX. grein:
ÁGALLAR Í STARFI STJÓRNVALDA
(15. júní 1983.)

Í síðustu grein var fjallað um ágang og álögur sem hljótast af því hversu mikil og víðtæk umsvif hins opinberra eru orðin hér á landi. Í þessari grein verður fjallað um ágalla í sjálfu starfi hins opinberra hér á landi. Þessa ágalla má sjá í því þrennu að stjórnvöld eru afar óskilvirk í öllu sem þau ná til, að þau nái ekki til meiri háttar vandamála sem hrjá samfélagið allt og að þeim hafa orðið á meiri háttar mistök sem stórlega íþyngja þjóðinni allri.

Góð stjórnun er endanlega í því fólgin að taka ákvarðanir sem standast dóm hlutlægrar skynsemi og að þessum ákvörðunum er í reynd hrundið í framkvæmd. Góð stjórn krefst því í fyrsta lagi að upplýsingar séu fyrir hendi til að unnt sé að taka ákvarðanir af skynsemi, í öðru lagi að vilji sé til að vinna úr upplýsingum, taka ákvörðun og ráðast í framkvæmd og í þriðja lagi að tæki séu til að framkvæma það sem ákveðið er. Í pólitískri stjórnun getur allt þetta þrennt brugðist og bregst gjarnan og kemur fram óskilvirkni, vanmætti og villum stjórnvalda.

Óskilvirkni.

Óskilvirkni sést vel í gangi opinberra framkvæmda, vegagerð, hafnargerð og húsbyggingum. Slíkar framkvæmdir ganga gjarnan seint og fjármagn til þeirra nýtist illa vegna þes að ráðist er í mörg smáverk í senn, en stærri verkum verður ekki lokið. Í slíkum efnum skortir hvorki upplýsingar né heldur tæki til framkvæmda heldur aðeins vilja til að taka ákvörðun og setja eitt verkefni ofar öðru. Svipaða sögu er að segja af sviði menntamála þar sem skólabörnum eru ekki látin í té þau námsgögn sem þau eiga samkvæmt lögum, reglugerðum og fyrirskipunum yfirvalda að styðjast við í námi sínu. Hér eru upplýsingar fyrir ákvörðunina og tækin til framkvæmda aftur fyrir hendi en viljann skortir til að nota hvort tveggja.

Vanmáttur.

Vanmátt stjórnvalda má greinilegast sjá á sviði efnahagsmála og þó sérstaklega í viðureign stjórnvalda við verðbólguna, en það er orðinn nær fastur siður að líta á verðbólguna sem sérstakt og sjálfstætt efnahagslegt vandamál og ábyrgðarefni stjórnvalda. Þótt öllum komi saman um hvert vandamálið er og vitað sé í grófum dráttum hvenig megi leysa það og flestir vilji líkleg leysa það verður stjórnvöldum afar lítið ágengt í þessu efni. Hér skortir þannig hvorki þekkinguna né viljann heldur aðeins tækin til að taka á vandanum. Staðreyndin er sú að verðlag ræðst endanlega af atriðum og atvikum sem ekki eru háð beinum ákvörðunum stjórnvalda þótt það sé háð öllum ákvörðunum stjórnvalda óbeint. Allar ákvarðanir stjórnvalda í stjórnunarmálum, efnahagsmálum og velferðarmálum

eiga þátt í að skapa það umhverfi sem verðmyndun fer fram í, en að auki koma við verðmyndun til skjalanna atriði sem stjórnvöld hafa engin tök á og geta aldrei haft nein tök á.

Þetta samhengi verðlagsmála og annarra málefna kemur greinilega fram í kjarasamningum. Það verður æ tíðara að ekki sé samið um kaup og kjör ein heldur jafnframt um það sem venja er að kalla „félagsmálapakka", félagsleg málefni sem stjórnvöld gangast undir að hrinda í framkvæmd. Í þessu er í senn fólgin viðurkenning á vanmætti íslenskra stjórnvalda til að ráða úrslitum í verðlagsmálum og ein undirrót vanmáttar stjórnvalda á öðrum sviðum. Við samningsgerð binda stjórnvöld hendur sínar um margs konar mál sem ekki koma launakjörum beint við og selja þar með lögmætt og nauðsynlegt vald sitt í hendur aðila sem ekki hafa bolmagn, þekkingu né rétt til að fara með valdið. Eitt afkáralegasta dæmið um þetta er að í kjarasamningum hefur verið samið um byggingu barnaheimila, þótt ljóst sé að kjarasamtökin hafa aldrei sinnt uppeldismálum og geta ekki sinnt þeim af viti. Það ofurvald sem dregist hefur í hendur stjórnvalda og veldur áganginum og álögunum sem um var fjallað í seinustu grein, drepast hér á dreif og verður til einskis góðs. Kjaraaðilar leita á vit stjórnvalda með vandamál sín vegna þess að stjórnvöld virðast hafa tök á hverju sem er. En einmitt vegna þess að stjórnvöld hafa allt undir í senn geta þau aldrei einbeitt sér að neinu einstöku vandamáli né heldur leyst nokkurs manns vandræði.

Villur.

Gleggstu dæmin um villu stjórnvalda er án efa að finna í orku- og stóriðjumálum en framkvæmdir við Kröflu eru ef til vill skýrast allra slíkra dæma. Það sem þar skorti var þekking og skilningur á málefnunum sem um var fjallað. Bæði vilji og tæki til framkvæmda voru fyrir hendi. En þegar ákvarðanir um slík mál eru teknar á vettvangi stjórnmálanna hverfa tæknileg og fræðileg atriði sem lúta að framkvæmdinni sjálfri í skugga viljans og valdsins til að framkvæma. Þekkingaratriði falla ekki að stjórnmálalegri umræðu og þeim er því ýtt til hliðar þegar skerst í odda á sviði stjórnmálanna. Það er greinileg tilhneiging með stjórnmálamönnum að velja sér einn ráðgjafa í fræðilegum og tæknilegum efnum og leggja þannig allar áherslur á eitt þekkingarlegt sjónarmið. Þetta er í fullu samræmi við þá einbeitingu viljans og valdsins sem stjórmálin leita eftir en andstætt þeim siðum sem hafa verið þegar hins sanna er leitað í hverju máli.

Hvorki þau örfáu dæmi sem hér hafa verið rakin né heldur hin grófa greining sem notuð hefur verið til að rekja þau nægja til að gera grein fyrir þeim vanda sem við blasir á sviði íslenskra stjórnmála, en hann er einfaldlega sá að stjórnmálin skila ekki þeim árangri sem vænta má og vænta ætti af þeim. En í þeim má þó sjá vísbendingu um skýringar á þessu ástandi. Stjórnmálin taka greinilega til allt of mikils og til of margra hluta, þar á meðal hluta sem þau geta vegna eðlis stjórnmálalegrar umræðu ekki gert rétt skil. Það er því af þessum örfáu dæmum þegar ljóst að stjórnarhættir okkar og stjórnarskrá skipta málum ekki rétt í flokka og stuðla ekki að málsmeðferð sem tekur tillit til mismunandi eðlis þeirra mála sem um er fjallað. Það er öllum ljóst að menntamál lúta í ýmsum efnum öðrum rökum og lögmálum en efnahagsmál og hin þriðja tegund raka og lögmála á við stjórnunarmál. Það getur ekki borið góðan árangur að farið sé með öll mál á sama hátt og af einum aðila, sem einkum og sér í lagi horfir til almennrar lýðhylli en er ekki fær um að skoða mál til grunns og í samhengi.

X. grein:
STJÓRNMÁLAÁRANGUR
(29. júní 1983.)

Sú gagnrýni sem rakin hefur verið í síðustu greinum kynni að vekja þá hugmynd að íslensk stjórnmál hljóti að hafa verið með öllu ónýt um langan aldur, og að sá sem þetta ritar telji hvers konar umsvif og afskipti stjórnvalda af hinu illa. Hvorug þessara hugmynda er rétt

og verða rök gegn því rakin í þessari grein, áður en vikið verður aftur að nákvæmari og jákvæðari gagnrýni á stjórnarskránni 1944 og uppkastinu 1983 í næstu greinum.

Helstu afrek.

Á þessari öld hafa íslensk stjórnmál horft til tveggja meginviðfangsefna; þess að vinna þjóðinni stjórnmálalegt sjálfstæði og hins að gera hana efnahagslega sjálfbjarga. Síðara viðfangsefnið er án efa miklu fjölþættara en hið fyrra, enda er það ekki fyrst og fremst — hvað þá eingöngu — á hendi stjórnvalda. En þó hafa stjórnvöld átt drjúgan þátt í efnahagslegri uppbyggingu. Greinilegust merki um þetta er annars vegar það að við höfum nú náð yfirráðum yfir fiskimiðunum umhverfis landið, en hins vegar að við höfum nú komið upp öllum mikilvægustu burðarvirkjum nútíma efnahagslífs: peningakerfi, samgöngu- og fjarskiptakerfi, orkuvinnslu og orkuveitum og menntakerfi. Hvorugt hefði áunnist nema fyrir stjórnmálalega umfjöllun og aðgerðir stjórnvalda. Um landhelgismálið er þetta augljóst þar sem um var að ræða það að íslenska ríkið sótti gæði í hendur annarra ríkja. Það mál hlaut því, eins og sjálfstæðisbaráttan, að falla undir stjórnmál hvaða augum sem stjórnmál eru litin. Rökin fyrir því að uppbygging burðarvirkja efnahagslífsins falli undir stjórnmál og stjórnvöld eru ekki eins einföld eða einhlít, eins og sjá má af því að víða um lönd hafa einkaaðilar staðið að þessari uppbyggingu, bera enn fulla ábyrgð á henni og hafa af henni hag. Smæð, fámenni og fjármagnsskortur valda því að erfitt er að ímynda sér að einkaaðilar hér hefðu getað eða gætu valdið þessu hlutverki.

Líklegt er að þessi mikli og ágæti árangur stjórnmálanna sé ein undirrót þess að nú þykir sjálfsagt að leita á náðir stjórnvalda með öll vandamál og að stjórnvöldum þykir jafnsjálfsagt að þau taki að sér verkefni og gefi sínum fyrirætlunum forgang yfir annað sem gerist með þjóðinni.

Framtíðarviðhorf.

En staðreyndin er sú að þessum meginverkefnum stjórnmála okkar — sjálfstæðisbaráttu og almennri efnahagsuppbyggingu — er í megindráttum lokið og það blasa ekki við nein viðlíka stórkostleg og vænleg viðfangsefni á sviði stjórnmála okkar. Þótt margt megi betur fara og mörg tækifæri séu enn ónýtt, einkum á sviði efnahagslífs, er hvergi að eygja heildarverkefni sem krefjast og gefa tilefni til sameinaðs vilja og sameinaðs átaks allrar þjóðarinnar. Þvert á móti er ljóst að þau málefni sem nú eru brýnust í stjórnmálum — eins og t. d. frekari og sundurgreindari uppbygging atvinnulífs á grunni burðarkerfanna sem komið hefur verið upp — gefa tilefni til togstreitu fremur en samstöðu. Sé reynt að leiða slík mál til lykta á sviði stjórnmálanna, hlýtur togstreitan að sitja í fyrirrúmi og standa í vegi þess að einstakar framkvæmdir til hags og heilla nái fram um leið. Þetta kæfir tæknilega og fræðilega umfjöllun, sem ein getur leitt til hagkvæmrar framkvæmdar í einstöku efni. Þannig er lítil von til þess að sterk framkvæmdastjórn geti leitt til vaxandi hagsældar, eins og hún hefur hingað til tvímælalaust gert meðan viðfangsefnin voru fá og viðamikil og náðu í einhverjum skilningi til landsmanna allra. Verkefnunum sem vinna þarf að og tækifærunum sem vinna þarf úr hefur fjölgað og fjölbreytni þeirra hefur aukist svo og kröfurnar til skilvirkni og árangurs í framkvæmd. Sterk miðstjórn í hendi tiltölulega fárra manna er ólíkleg til að ná yfir þessi verkefni öll og geta gert sér ítarlega grein fyrir þeim öllum svo margbreytileg og flókin sem þau eru.

Fornar áherslur.

Í breyttum aðstæðum felst það alls ekki að mikilvægi stjórnvalda og stjórnunar minnki eða rýrni; þvert á móti er ljóst að viðfangsefnin, sem að stjórnvöldum snúa, eru miklu flóknari og erfiðari en áður. Það þarf mikið lag til að nýta vel sjálfvirkt afl og atorku einkaaðila í þágu heildarinnar. En þeirri eindregnu miðstýringu, sem við höfum svo lengi

látið vaxa með okkur, verður ekki við komið við breyttar aðstæður. Það er greinilegt að allur þungi stjórnunarinnar verður að færast á almenna löggjöf af framkvæmdalöggjöf og framkvæmdarvaldi, þannig að frumkvæði um aðgerðir og athafnir og ábyrgðin á þeim færist frá stjórnvöldum til borgaranna, þótt heildarstefna og meginskilyrði séu mótuð í lögum.

Að byggja land þannig með lögum og stýra því með lögum — þar sem lög eru skoðuð sem samskiptareglur borgaranna, eins og gert var í upphafi þegar við gengumst allir undir ein lög — krefst breyttra viðhorfa og víðari sýnar en lengi hafa tíðkast, meðan mest reið á að einbeita og sameina vilja landsmanna. Það krefst meðal annars nokkurs afturhvarfs til forns skilnings á eðli og skipulagi ríkisins. Í framkvæmdagleði seinustu áratuga hafa hið almenna löggjafarvald og dómsvaldið í rauninni gleymst og þó er hvort tveggja þetta undirstaða samfélags sem byggja vill land sitt með lögum.

Í næstu greinum verður aftur vikið að nákvæmari gagnrýni á stjórnarskránni 1944 og uppkastinu 1983.

XI. grein:
HLUTVERK STJÓRNARSKRÁR
(13. júlí 1983.)

Skipting stjórnvalds.

Stjórnarskrá hefur það hlutverk að geyma fyrirmæli um skipulag þess samfélags sem nú er oftast kallað einu nafni ríki. Einn veigamesti þáttur í slíku skipulagi er að skipta stjórnvaldi milli helstu stofnana sem þar er gert ráð fyrir. Ýmis sjónarmið koma þar til greina: Eðli starfsemi ræður skiptingu í löggjafarvald, framkvæmdavald og dómsvald, en svæðisbinding skiptingu milli miðstjórnar ríkis og sveitarfélaga svo að dæmi séu tekin.

Meginhugsunin bak við það að skipta valdi með framangreindum hætti er sú að tryggja landsfólkinu nokkra vernd gegn óhóflegum ágangi ríkisins. Ef einn valdhafi hafi eftirlit með öðrum og beri ábyrgð gagnvart honum tempri þau umsvif beggja og með því sé fengin nokkur trygging fyrir því að ekki sé gegnið of nærri frelsi manna. Þá viðbótarröksemd má einnig hafa í huga að almennt er það vænlegra til árangurs að kröftum sé beint að einu markmiði en drepið á dreif. Sú samfélagsstofnun sem helguð sé afmörkuðu hlutverki verði því til meiri nytja en hin sem ekki verði fundin nein ákveðin viðfangsefni.

En þessum markmiðum verður þó ekki náð nema verksvið hvers handhafa ríkisvalds sé sem skýrast afmarkað. Mikið vantar þó á að svo sé gert í íslenskum stjórnlögum og stjórnarframkvæmd og má hér sérstaklega minna á raunverulegan samruna löggjafarvalds og framkvæmdarvalds.

Eitt brýnasta viðfangsefni á sviði stjórnlagasetningar er að koma hér á gleggri skipan.

Ákvæði um aðrar valdastofnanir.

En umbætur að þessu leyti á ákvæðum núgildandi stjórnarskrár eru ekki einhlítar. Í þjóðfélaginu eru valdamikil samtök sem hafa seilst til áhrifa með sívaxandi þunga og náð þar tökum engu minni en hinar lögskipuðu stjórnarstofnanir ríkisins. Hér eru einkum hafðir í huga stjórnmálaflokkarnir og hagsmunasamtök vinnumarkaðarins. Þessar valdastofnanir hafa í reynd úrslitaáhrif á fjölmargar og ekki síður mikilvægar ákvarðanir í þjóðmálum án þess að lúta þeim leikreglum sem stjórnlög gera ráð fyrir.

Annað brýnt viðfangsefni í nýskipan stjórnarhátta er að fella þjóðmálaumsvif þessara valdastofnana undir stjórnlög, þar á meðal að marka þeim hlutverk. Öðrum kosti verða stjórnlögin að nokkru leyti óvirk.

Hliðstæður vandi hefur raunar blasað við mönnum fyrr. — Þegar kirkjan efldist á miðöldum og lét æ meira málefni þjóðfélagsins til sín taka olli það miklum vanda. Því var

það löngum viðfangsefni stjórnspekinga og stjórnlagasmiða að leitast við að móta reglur um samband ríkis og kirkju. Hafa ákvæði þar að lútandi lengst af síðan verið í stjórnlögum flestra ríkja þar sem kristin trú hefur átt ítök.

Óglögg valdskipting veldur óstjórn og hamlar framþróun.

Illa skilgreint og lítt afmarkað valdssvið stjórnarstofnana veldur ekki aðeins óstjórn og óreglu heldur hamlar allri markvísri framþróun. Víst er að hverjum þeim sem ætlar að koma hér á gleggri skipan er mikill vandi á höndum; meðal annars þarf hann að íhuga vandlega hlutverk og eðli hinna mörgu og margs konar stjórnarstofnana. Þegar til framkvæmda kemur þarf að leysa úr ótal álitaefnum. En ávinningurinn er sá að meiri gaumur er gefinn að þróun og viðgangi þjóðfélagsins en ella. Til samlíkingar má hér taka íþróttir eins og skák: Hvert yrði gildi hennar ef hver taflmaður gegndi ekki ákveðnu hlutverki og lyti ekki ströngum reglum — ef hver léki sinn leik nokkuð að geðþótta?

Íslenskar stjórnarstofnanir gegna allt of margar óljósu hlutverki. Stjórnmálamenn og oddvitar þrýstihópa leika leiki sína nokkuð eftir hentugleikum hverju sinni. Og aftur má spyrja: Hvert er gildi þeirrar þjóðmálastarfsemi sem þannig fer fram?

Í stjórnarskráruppkastinu 1983 er það til umbóta að hlutverk forseta Íslands er betur skýrt og skilgreint en verið hefur og svo hlutverk dómstóla en þessar úrbætur verða þó tæplega taldar knýjandi. Á hinn bóginn er ekki sjáanleg nein viðleitini til að skipta glögglegar verkum milli handhafa löggjafarvalds og framkvæmdarvalds en nú er gert, né heldur að reynt sé að fella athafnir stjórnmálaflokka og aðilja vinnumarkaðarins undir stjórnlög.

Ástæður virðast augljósar: Hér eiga þeir í hlut sem vilja ekki hlíta föstum leikreglum. Fyrirgreiðslu- og úthlutunarstjórinn sem mest fer nú fyrir á sviði stjórnmálanna vill hvorki sleppa tökum á löggjafar- né framkvæmdarvaldi og baráttutæki sitt – stjórnmálaflokkinn – vill hann nota að vild og geðþótta.

Þrýstihópsstjórinn sem er önnur aðalpersónan á stjórnmálasviðinu vill einnig hafa óbundnar hendur til umsvifa sem best má marka af því að oddvitar verkalýðshreyfingarinnar hafa ávallt staðið eins og steinrunnin tröll gegn því að ítarlegri lög væru sett um starfsemi hennar en nú gilda — hverju nafni sem nefnast.

Stjórnarskráruppkastið 1983 sýnir svo glögglega sem frekast má vera að starfandi stjórnmálamenn leysa ekki þann stjórnskipunarvanda sem heitastur brennur á þjóðinni. Ástæðan er augljós: Þeir eru sjálfir mesta vandamálið sakir þess hversu rígbundnir þeir eru ríkjandi stjórnarháttum.

Sþ. 672. Fyrirspurn [342. mál]

til menntamálaráðherra um nýja löggjöf um háskóla.

Frá Jóni Braga Bjarnasyni.

Hver er tilgangurinn með nýrri löggjöf um háskóla sem boðuð er í starfsáætlun ríkissjórnarinnar og hvernig miðar því verki?

Sþ. 673. Fyrirspurn [343. mál]

til menntamálaráðherra um vísindastefnu.

Frá Jóni Braga Bjarnasyni.

Hver er vísindastefna ríkisstjórnarinnar og hvenær ætlar hún að ná svipuðum markmiðum og nágrannalöndin um framlög til rannsókna sem hlutfall af þjóðartekjum?

Sþ. 674. Fyrirspurn [344. mál]

til iðnaðarráðherra um stofnun smáfyrirtækja og fyrirtækja á sviði nýrrar tækni.

Frá Jóni Braga Bjarnasyni.

Hvernig hyggst ríkisstjórnin greiða fyrir stofnun og starfsemi smáfyrirtækja á sviði fjarskipta- og upplýsingatækni sem byggist á hugviti og markaðsþekkingu og fyrirtækja á sviði nýrrar tækni, t.d. líf- og rafeindatækni, og hagnýtingu slíkrar tækni í hefðbundnum atvinnugreinum svo sem boðað er í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar?

Sþ. 675. Fyrirspurn [345. mál]

til menntamálaráðherra um Fulbright-stofnunina.

Frá Jóni Braga Bjarnasyni.

1. Hvernig skiptast framlög Íslendinga og Bandaríkjamanna til Menntastofnunar Íslands og Bandaríkjanna, Fulbright-stofnunarinnar, hlutfallslega?
2. Hvert er hlutfallslegt framlag Íslendinga borið saman við framlög annarra landa til sams konar samstarfs?

Sþ. 676. Fyrirspurn [346. mál]

til forsætisráðherra um endurskoðun kosningalaga.

Frá Jóni Braga Bjarnasyni.

Að hvaða markmiðum stefnir ríkisstjórnin með endurskoðun kosningalaga sem boðuð er í stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun hennar og hvernig miðar því starfi?

Sþ. 677. Fyrirspurn [347. mál]

til fjármálaráðherra um lífeyrissjóði.

Frá Alexander Stefánssyni.

1. Hverjar voru heildartekjur allra lífeyrissjóða í landinu árin 1984, 1985, 1986 og 1987, sundurliðað á hvert ár?
2. Hverjar voru ráðstöfunartekjur allra lífeyrissjóða í landinu sömu ár og hvernig var því fjármagni ráðstafað, sundurliðað á hvert ár?
3. Eru í gildi samræmdar reglur um upplýsingaskyldu, uppgjör og skil lífeyrissjóða og hvernig er háttað opinberu eftirliti og upplýsingaöflun um starfsemi lífeyrissjóða í landinu?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 678. Fyrirspurn [348. mál]

til félagsmálaráðherra um skuldabréfakaup lífeyrissjóða af Húsnæðisstofnun ríkisins vegna byggingarsjóðanna.

Frá Alexander Stefánssyni.

Hver voru heildarskuldabréfakaup allra lífeyrissjóða hjá Húsnæðisstofnun ríkisins vegna Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna 1986 og 1987 og samkvæmt gerðum samningum fyrir árin 1988, 1989 og 1990? Svör óskast sundurliðuð eftir sjóðum ásamt upplýsingum um hlutfall ráðstöfunarfjár hvers sjóðs.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 679. Fyrirspurn [349. mál]

til kirkjumálaráðherra um framlagningu frumvarps til laga um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.

Frá Halldóri Blöndal.

Hefur ráðherra í hyggju að endurflytja frumvarp til laga um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, eða hvað dvelur framlagningu þess?

Sþ. 680. Fyrirspurn [350. mál]

til kirkjumálaráðherra um skipan prestakalla og prófastsdæma.

Frá Halldóri Blöndal.

Hvað líður endurskoðun á skipan prestakalla og prófastsdæma í landinu?

Ed. 681. Nefndarálit [243. mál]

um frv. til l. um aðgerðir í sjávarútvegi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á einum fundi og fékk til sín Árna Kolbeinsson ráðuneytisstjóra sem gerði grein fyrir málinu.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 8. mars 1988.

Karvel Pálmason, form.	Stefán Guðmundsson, fundaskr.	Guðmundur H. Garðarsson, frsm.
Halldór Blöndal.	Ingibjörg Daníelsdóttir.	Jóhann Einvarðsson.
	Skúli Alexandersson, með fyrirvara.	

Nd. 682. Frumvarp til laga [351. mál]

um lágmarkslaun.

Flm.: Þórhildur Þorleifsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir.

1. gr.

Óheimilt er að greiða lægri grunnlaun fyrir 40 dagvinnustundir á viku en sem nemur 50 þús. kr. á mánuði, miðað við framfærsluvísitölu 1. mars 1988. Þessi lágmarkslaun breytast á þriggja mánaða fresti í samræmi við breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis hafa Kvennalistakonur flutt tvisvar áður og er það nú endurflutt lítið breytt.

Lægstu grunnlaun fyrir 40 stunda vinnuviku eru nú um það bil 29 000–31 500 kr., eftir því hvort miðað er við þá kjarasamninga sem verið hafa í gildi undanfarið eða nýgerða samninga aðila vinnumarkaðarins sem reyndar er nú verið að fella unnvörpum. Gildir einu hvor talan er tekin til viðmiðunar, þessi laun duga ekki til framfærslu.

Vera má að fáir vinni í raun á allægstu töxtum, en þó klifrað sé upp eftir umsömdum launastiga breytist myndin ekki ýkjamikið. Á almennum taxta verða launin hæst 34 200 kr., eftir 12 ára starf hjá sama fyrirtæki.

Framfærslukostnaður vísitölufjölskyldu, sem telur hjón og 1,66 börn, er hins vegar nú í byrjun febrúar 1988 115 400 kr. á mánuði. Hvað sem líður yfirborgunum af margvíslegu tagi liggur ljóst fyrir að fjölmargir launþegar, þar á meðal stærsti hluti kvenna á vinnumarkaði, hafa innan við 50 þús. kr. á mánuði í grunnlaun og geta því ekki framfleytt sér af afrakstri fullrar dagvinnu. Ómæld vinna, sem óhjákvæmilega bitnar á heilsufari og fjölskyldum viðkomandi, er þess vegna ein leið fjölmargra til að láta enda ná saman, þ.e. þeirra sem ekki kikna undan byrðinni og leita á náðir opinberra stofnana með afkomu sína.

Í landi þar sem nauðsynjavörur eru dýrar, félagsleg aðstaða að mörgu leyti bágborin, sérstaklega hvað varðar gæslu, umönnun og uppeldi barna, húsnæði dýrt og fáir kostir, er ógnvekjandi að dagvinnulaun skuli vera eins lág og raun ber vitni. Slíkt ástand er ekki með nokkru móti verjandi í íslensku velferðarþjóðfélagi.

Í frumvarpinu er gengið út frá því að það sé siðferðilegur réttur hvers vinnandi manns að geta framfleytt sér af afrakstri fullrar dagvinnu. Markmið þess er að koma í veg fyrir að fólk beri minna úr býtum fyrir fulla vinnu en sem nægir til að sjá sér farborða. Frumvarpið tekur aðeins til þeirra sem hafa laun undir 50 þús. kr. á mánuði, en hreyfir ekki við launum sem hærri eru.

Því er þetta frumvarp flutt einu sinni enn að yfirstandandi kjarasamningar hafa tekið af öll tvímæli um það að kjör hinna lægstlaunuðu verða ekki leiðrétt í kjarasamningunum, þrátt fyrir miklar og margvíslegar yfirlýsingar þar um. Launabilið eykst í sífellu, launamisrétti viðgengst leynt og ljóst.

Frumvarpið er í raun neyðarráðstöfun þar sem það á að vera hlutverk aðila vinnumarkaðarins en ekki Alþingis að sjá til þess að full dagvinnulaun nægi einstaklingi til framfærslu. Þegar aðilar vinnumarkaðarins bregðast þessu hlutverki sínu getur Alþingi hins vegar ekki setið hjá aðgerðarlaust.

Yfirlýst markmið ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins um að bæta kjör hinna lægst launuðu hafa ekki náð fram að ganga. Því skal horfið að því að lögbinda lágsmarkslaun. Aðrar lausnir eru ekki í sjónmáli.

Samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar, dags. 29. feb. 1988, hefur kaupmáttur tekna rýrnað um rúm 3% frá síðasta ári, framfærsluvísitalan hækkað um 25% frá síðasta ári og spáð 15,5% hækkun hennar á árinu. Verðhækkanir, sem verða í kjölfar gengisfellingarinnar, hækkun þjónustu ýmiss konar og stórfelld hækkun tryggingariðgjalda bifreiða renna stoðum undir nauðsyn þess að hækka allverulega lægstu laun. Þessar hækkanir auk matarskattsins vega þyngra hjá þeim launalægstu en þeim sem betur eru staddir.

Að öllu þessu sögðu er ljóst að 50 þús. kr. er engin ofrausn, einungis raunsætt mat á aðstæðum. Viðmiðunin er framfærsla einstaklings. Samtök um kvennalista hafa farið þess á leit við Hagstofu Íslands að reikna út framfærslu einstaklings svipað og gert er nú við framfærslu vísitölufjölskyldu sem eins og áður er sagt miðast nú við stærðina 3,66 en minnkar í nýjum útreikningi sem væntanlegur er 1. maí. Þótt Hagstofan hafi sagt að það sé erfiðleikum bundið að reikna út framfærslu einstaklings er það verkefni nú í vinnslu hjá henni en niðurstaðan er ekki væntanleg fyrr en eftir nokkrar vikur. Í ljósi yfirstandandi

kjarasamninga þótti okkur ekki stætt á því að bíða eftir þeim útreikningum og leggjum því þetta frumvarp fram nú.

Hagstofan hefur auk þess bent á að könnun þeirra sé fyrst og fremst neyslukönnun og segi því lítið um raunverulega þörf. Þessu vísum við á bug því að neysla er endurspeglun á efnahagslegum aðstæðum fólks og fátt sem réttlætir að auðugt þjóðfélag dæmi stóra hópa fólks til að stilla eyðslu sinni í það hóf að veita sér ekkert umfram nauðþurftir.

Árið 1987 hafði hver fjögurra manna fjölskylda að meðaltali 2,2 millj. til einkaneyslu. Sýnir þetta meðaltal glöggt hve misskipting auðs og tekna er mikil, nú þegar verið er að reyna að fá fólk til að samþykkja árslaun sem nema 400–500 þús. kr. fyrir dagvinnu.

Hvað varðar þau rök að lögbinding lágmarkslauna sé skerðing á samningsrétti vísum við Kvennalistakonur því algjörlega á bug. Lögbindingin skerðir einungis rétt til að semja um mun lægri laun en lágmarkslaun, en skerðir ekki á nokkurn hátt rétt hvorki einstaklinga eða hópa til að semja um hærri laun. Samningsréttur er mannréttindi sem ekki má skerða að því er sagt er. Gott og vel! En þau mannréttindi að geta séð sér farborða með skaplegum hætti eru miklu dýrmætari.

Því er hér lagt til að Alþingi hækki einhliða lægstu launin í landinu og tryggi þau sjálfsögðu mannréttindi hvers vinnandi manns að geta framfleytt sér af afrakstri fullrar dagvinnu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

1. gr.

Greinin kveður á um að óheimilt sé að greiða lægri laun fyrir 40 stunda dagvinnu en sem nemur 50 þús. kr. á mánuði miðað við framfærsluvísitölu 1. mars 1988. Framfærslukostnaður vísitölufjölskyldu, þ.e. hjóna með 1,66 börn að meðaltali, er 115 400 þús. kr. á mánuði miðað við 1. feb. 1988. Þessi vísitölugrundvöllur gekk í gildi í febrúar 1984 og er byggður á neyslukönnun hjóna á höfuðborgarsvæðinu 1978–1979.

Enn er ekki til að dreifa sambærilegri könnun á framfærslukostnaði einstaklings, en eins og um er getið í greinargerð er það verkefni nú í vinnslu hjá Hagstofu Íslands. Það byggir þó ekki á sérkönnun heldur er það unnið upp úr fyrrgreindri neyslukönnun, en Hagstofan býst við að þar sé að finna haldbærar upplýsingar í útreikningi á framfærslukostnaði einstaklinga. Framfærslukostnaður einstaklings er viðurkenndur hlutfallslega talsvert hærri en fjölskyldu og því má ætla að 50 þús. kr. séu ekki fjarri lagi.

2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Sþ. 683. Fyrirspurn [352. mál]

til sjávarútvegsráðherra um stofngerðarannsóknir á þorski við Ísland.

Frá Jóhanni A. Jónssyni.

Eru í gangi eða áformaðar stofngerðarannsóknir á þorski við Ísland er gætu sýnt hvort um einhverja staðbundna stofna sé að ræða hér við land?

Sþ. 684. Fyrirspurn [353. mál]

til viðskiptaráðherra um vexti og peningamál í sjávarútvegi og landbúnaði.

Frá Hreggviði Jónssyni.

Hvaða meðalvexti, verðbætur og gengisálag (gengismun) hafa afurðalán í sjávarútvegi og landbúnaði borið á tímabilinu 1. janúar 1983 til 1. janúar 1988:

a. í hverjum mánuði,
b. að meðaltali hvert ár?

Skriflegt svar óskast.

Ed. 685. Lög [243. mál]

um aðgerðir í sjávarútvegi.

(Afgreidd frá Ed. 9. mars.)

Samhljóða þskj. 536.

Sþ. 686. Tillaga til þingsályktunar [354. mál]

um jafna skólaskyldu.

Flm.: Arndís Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita allra leiða til að jafna skólaskyldu þannig að árið 1990 verði allir grunnskólar í landinu níu mánaða skólar. Enn fremur að ríkisstjórnin undirbúi breytingar á grunnskólalögum sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að ná þessu markmiði.

Greinargerð.

Samkvæmt upplýsingum menntamálaráðuneytis hafa nú 75,79% allra grunnskólanemenda níu mánaða skóla. 24,21% nemenda búa við skemmri skólatíma. Eftir könnunum, sem gerðar hafa verið á árangri nemenda á prófum, virðist vera fylgni milli árangurs og skólatíma. Þeir skólar, sem starfa skemur en níu mánuði, eru allir utan höfuðborgarsvæðisins. Utan þess svæðis er einnig merkjanlegur munur að þessu leyti sem erfitt er að útskýra.

Það er í anda grunnskólalaganna og yfirlýstrar menntastefnu stjórnvalda að allir skuli hafa jafna aðstöðu til náms. Hér er því í senn um að ræða jafnréttismál og mikilvægt byggðamál.

Kostnaðarauki ríkis og sveitarfélaga yrði óverulegur þó að sú skipan yrði tekin upp sem hér er lögð til. Lengd starfstímans í skólum hefur ekki áhrif á laun kennara. Kostnaðaraukinn felst því eingöngu í kostnaði við skólaakstur og þá þætti í rekstri skólahúsnæðis sem eru breytilegir eftir því hvort skólinn er starfandi eða ekki. Hér er um að ræða mikilvægt en auðtekið skref í þá átt að gera ríkjandi menntastefnu trúverðuga.

Sþ. 687. Tillaga til þingsályktunar [355. mál]

um haf- og fiskirannsóknir.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Kristín Einarsdóttir, Kjartan Jóhannsson, Guðmundur H. Garðarsson, Hreggviður Jónsson, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um auknar fjárveitingar á næstu fimm árum til haf- og fiskirannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunar. Áætlun þessi taki mið af langtímaáætlun stofnunarinnar, ekki síst þörfinni á stórauknum umhverfisrannsóknum og að því er varðar vistkerfi íslenska hafsvæðisins svo og eldi sjávarlífvera.

Áætlun þessi verði lögð fyrir Alþingi í byrjun þings haustið 1988.

Greinargerð.

Verkefni í haf- og fiskirannsóknum hafa aukist síðustu áratugi eftir að Íslendingar færðu út fiskveiðilögsöguna í áföngum. Sóknargeta fiskveiðiflotans hefur farið ört vaxandi á þessu tímabili og þörfin á þekkingu til að stjórna veiðunum á fræðilegum forsendum vaxið að sama skapi. Síðustu árin hefur síðan komið til mikil fjárfesting í fiskeldi án þess að þar væri byggt á umtalsverðum innlendum rannsóknum.

Mönnum er nú ljósari en áður þýðing innbyrðis tengsla nytjastofna, samkeppni þeirra um æti og áhrif veiða úr einstökum stofnum á vistkerfið. Umhverfisskilyrði, svo sem ástand sjávar, valda miklum sveiflum í svifdýra- og plöntusamfélögum hafsins sem síðan endurspeglast í nýliðun og afrakstursgetu nytjastofnanna á hverjum tíma. Þekking á þessu samhengi er hins vegar mjög í molum og því þarf að auka mjög rannsóknir á vistkerfum íslenskra hafsvæða.

Í nýlegum lögum um Hafrannsóknastofnun, nr. 72/1984, eru helstu verkefni stofnunarinnar og starfsmarkmið skilgreind (sjá fskj. II). Fólu þau í sér auknar skyldur um rannsóknir og þjónustu. Fjárveitingar til stofnunarinnar hafa hins vegar ekki aukist að raungildi sl. 10 ár, sbr. mynd 1 aftast í fskj. I, þótt verðmæti útfluttra sjávarafurða hafi meira en tvöfaldast á sama tíma, sbr. mynd 2 aftast í fskj. I.

Eins og fram kemur í fjölriti Hafrannsóknastofnunar (Haf- og fiskirannsóknir 1988–1992, fskj. I), er hérlendis varið til haf- og fiskirannsókna aðeins sem nemur rúmlega hálfu prósenti af verðmæti útfluttra sjávarafurða, en það er miklu lægra hlutfall en gerist hjá nágrannaþjóðum. Eiga þær þó langtum minna undir sjávarútvegi komið í sínum þjóðarbúskap en við Íslendingar.

Eitt af mikilvægum atriðum í tengslum við hafrannsóknir er að fylgst sé vel með styrk og áhrifum mengunar í hafinu við landið. Þar þarf að koma til samvinna stofnana, en Hafrannsóknastofnun hlýtur að leggja þar til drjúgan skerf.

Þar eð í tillögunni er vísað til langtímaáætlunar Hafrannsóknastofnunar er sú áætlun birt í heild sem fylgiskjal með tillögunni. Rannsóknaráð ríkisins átti þátt í mótun þessarar áætlunar en hún er unnin á ábyrgð Hafrannsóknastofnunar. Er þar tekið fram að tillögur um fjölgun starfsmanna á tímabilinu 1988–1992 séu lágmark þess sem stefna beri að.

Vert er að vekja sérstaka athygli á þörfinni á endurnýjun rannsóknaskipa stofnunarinnar þar eð bæði Árni Friðriksson og Bjarni Sæmundsson eru orðin gömul skip. Mikilvægt er að lagður verði fjárhagslegur grundvöllur að endurnýjun rannsóknaskipanna á áætlunartímabilinu, þ.e. á næstu fimm árum.

Sjálfsagt er að náið samráð verði haft við stjórn og ráðgjafarnefnd Hafrannsóknastofnunar við mótun fjárhagsáætlunar fyrir næstu fimm ár eins og tillagan gerir ráð fyrir. Aðrir aðilar, sem æskilegt er að þar komi við sögu auk sjávarútvegsráðuneytis, eru m.a. Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tillagan gerir ráð fyrir að áætlunin verði tilbúin og lögð fyrir næsta reglulegt Alþingi strax og það kemur saman í október 1988. Slíkt er fyllilega raunsætt markmið þar eð fyrir liggur nýleg langtímaáætlun Hafrannsóknastofnunar. Með því gefst Alþingi kostur á að fjalla um þessi mál áður en fjárlög fyrir árið 1989 koma til afgreiðslu og stefna ríkisstjórnar varðandi fjárveitingu til stofnunarinnar getur legið fyrir í fjárlagafrumvarpi.

Einn ávinningur af fjármögnunaráætlun þeirri, sem tillagan gerir ráð fyrir, er að litið verði til annarra tekjumöguleika fyrir Hafrannsóknastofnun en eingöngu framlaga úr ríkissjóði. Er þá fyrst og fremst um að ræða samtök í sjávarútvegi og fiskeldi sem hafa beina hagsmuni af því að hér séu stundaðar öflugar haf- og fiskirannsóknir. Samvinna við þessa aðila hefur þegar gefið góða raun, m.a. í samstarfsverkefni sjómanna og útgerðarmanna annars vegar og hafrannsóknamanna hins vegar um stofnmælingu botnfiska á Íslandsmiðum frá árinu 1985. Það verkefni er þó kostað af fjárveitingu Hafrannsóknastofnunar. Í desember sl. var svo stigið nýtt skref þegar Landssamband ísl. útvegsmanna tók að sér að fjármagna næstu þrjú árin stóraukna skýrslugerð um afla bátaflotans við botnfiskveiðar.

Mikil umræða um stöðu hafrannsókna í tengslum við stjórn fiskveiða ætti að hafa fært framkvæmdar- og löggjafarvaldi heim sanninn um hversu brýnt og sjálfsagt það ætti að vera fyrir fiskveiðiþjóð eins og Íslendinga að búa vel að rannsóknum í tengslum við undirstöðuatvinnuveg landsmanna. Það verk, sem Hafrannsóknastofnun hefur skilað á undanförnum árum, ætti að vera mönnum hvatning til að bæta aðbúnað og aðstöðu Hafrannsóknastofnunar til að rækja það hlutverk af myndarskap eins og lög kveða á um.

Fylgiskjal I.

HAFRANNSÓKNASTOFNUN:

HAF- OG FISKIRANNSÓKNIR

1988 - 1992

1. ÞRÓUNARHORFUR Í SJÁVARÚTVEGI

1.1 Stærð nytjastofna og aflahorfur

Í síðustu langtímaáætlun var ekki talið líklegt að umtalsverð aukning yrði á afla af Íslandsmiðum á næstu árum. Þetta hefur gengið eftir að undanteknum rækjuveiðunum sem hafa aukist mjög á seinustu árum. Flest bendir þó til þess að hámarki sé náð og rækjuafli muni ekki halda áfram að aukast úr þessu. Að því er best verður séð eru allir stærstu nytjastofnar nýttir til hins ýtrasta og vaxtarmöguleikar felast því nær eingöngu í nýtingu tegunda eins og gulllax, spærlings og kolmunna, úthafskarfa, langlúru skrápflúru og tindaskötu auk hryggleysingja svo sem krabba- og skelfisktegunda svo og ígulkerja. Hugsanlegt er að vísu að norska vorgotsíldin hefji ætisgöngur á Íslandsmið aftur, en um það er ekki hægt að fullyrða. Enda þótt ólíklegt virðist að framlag þessara tegunda vegi þungt í samanburði við þá stofna sem nú eru burðarásar sjávarútvegsins ætti ekki að gera lítið úr þeim möguleikum sem felast í nýtingu sjódýrastofna sem nú eru lítið sem ekki veiddir. Þar felast áreiðanlega tækifæri til að auka enn fjölbreytni framleiðslunnar.

Ástand nytjastofna á Íslandsmiðum ræðst að meira eða minna leyti af umhverfisaðstæðum á hverjum tíma. Ekki er fullljóst með hvaða hætti en afleiðingarnar birtast í breytingum á ýmsum líffræðilegum eiginleikum stofnanna svo sem nýliðun, vexti og kynþroska. Þá er algengt að umhverfisþættir hafi áhrif á göngur og veiðanleika. Vegna óvissu um breytingar á umhverfisaðstæðum á næstu árum er eðlilegast að gera ráð fyrir að hið sveiflukennda ástand, sem verið hefur á Íslandsmiðum frá 1965 haldist áfram.

Eins og að framan segir er hörð sókn í margar af hinum langlífari tegundum og segja má að sumargotssíldin sé nánast eina undantekningin. Sérstaklega á þetta við um þorskinn þar sem aflinn er mjög háður sífelldum breytingum í nýliðun. Þessu verður ekki breytt nema dregið verði verulega úr sókn frá því sem nú er. Í annan stað byggjast veiðarnar að umtalsverðum hluta á loðnunni, sem er skammlíf tegund. Því verður, eðli málins samkvæmt að gera ráð fyrir miklum sveiflum í aflamagni. Aflabrögð munu því væntanlega verða jafn sveiflukennd eins og verið hefur að undanförnu.

1.2 Stærð veiðiflotans og afköst - stjórn fiskveiða

Eins og margoft hefur komið fram er íslenski fiskiskipaflotinn talinn of stór. Í áliti nefndar þeirrar sem Rannsóknaráð ríkisins skipaði 1985 til þess að fjalla um þróun sjávarútvegsins er áætlað að fiskiskipaflotinn sé um þriðjungi of stór miðað við afrakstursgetu fiskistofnanna og hagkvæmni veiðanna frá sjónarmiði þjóðarheildar.

Sívaxandi tækni á sviði fiskleitar- og staðsetningartækja ásamt stærri og afkastameiri veiðarfærum hefur valdið byltingu í veiðihæfni og sóknarmætti skipa. Ekki sér fyrir endann á þessari þróun enn og gera verður ráð fyrir að bilið milli afkastagetu veiðiflotans og afrakstursgetu nytjastofna sem hann getur nýtt eigi enn eftir að vaxa. Enda þótt lengi megi um það deila hver sé heppilegasta stærð fiskiflotans er næsta ljóst að hann er alltof stór. Í framtíðinni mun því þurfa að stjórna veiðum úr flestum nytjastofnum á Íslandsmiðum.

Til þess að unnt sé að áætla afrakstursgetu nytjastofna í sjó og haga sókn í þá eftir því sem við á þarf öfluga og markvissa rannsóknastarfsemi. Á þetta bæði við um nytjastofnana sjálfa og lífsskilyrði þeirra. Stjórnvöld hafa tekið upp kvótakerfi í einhverri mynd fyrir veiðar flestra fisktegunda og virðist það vænlegasti kosturinn í fyrirsjáanlegri framtíð. Nauðsynlegt er þó að endurskoða forsendur og fyrirkomulag kvótakerfisins reglulega.

Að öðru leyti er langsamlega áhrifaríkasta leiðin til þess að bæta og tryggja afkomu sjávarútvegsins sú að fækka veiðiskipum frá því sem nú er og draga þannig úr veiðiálagi. Með því móti yrði tilkostnaður minni og afkoma útgerða jafnari og betri. Þar að auki myndu slíkar aðgerðir gera stjórn fiskveiða margfalt auðveldari og áhrifameiri en nú er mögulegt, ekki síst með tilliti til friðunar ungfisks.

Líklegt er að hér eftir sem hingað til verði leitað nýrra og enn betri aðferða við stjórnun fiskveiða. Mjög erfitt hefur þó reynst að hafa stjórn á framvindunni í þessum efnum ekki síst þar sem byggðasjónarmið og sérhagsmunir eru annars vegar.

1.3 Eldi sjávardýra

Eldi sjávar- og vatnadýra hefur aukist hröðum skrefum á síðastliðnum árum bæði hérlendis og í nágrannalöndunum. Margir sérfræðingar telja að hafin sé ræktunarbylting í vatni og sjó hliðstæð þeirri sem átti sér stað á landi þegar jarðræktin tók við af hjarðbúskap og veiðimennsku. Forsenda þessarar byltingar er öflug rannsókna- og þróunarstarfsemi þar sem virkjuð verður háþróuð þekking á sviði lífvísinda, verkfræði, stjórnunar- og markaðskunnáttu og verkþekking úr hefðbundnum fiskveiðum og landbúnaði.

Meðal nágrannaþjóða hefur Noregur ótvíræða forystu bæði hvað varðar rannsókna- og framleiðslugetu í fiskeldi og framleiddu árið 1986 um 44000 tonn af eldislaxi. Eldi sjávarlífvera er sérstakt áherslusvið í norskri atvinnumálastefnu og er miklu fé varið til rannsókna, menntunar og fjárfestingar á þessu sviði. Íslendingar eru mörgum árum á eftir Norðmönnum og nam framleiðsla á eldisfiski einungis 340 tonnum hér á landi árið 1986 þrátt fyrir mikla fjárfestingu í íslensku fiskeldi á allra síðustu árum.

Til skamms tíma hafa rannsóknir varðandi eldi sjávardýra verið í lágmarki. Má nefna sem dæmi að einungis einn starfsmaður Hafrannsóknastofnunar hefur fengist við eldisrannsóknir en á hafrannsóknastofnuninni í Bergen voru unnin um eitt hundrað ársverk við fiskeldisdeild þeirrar stofnunar 1985. Á þessu er þó að verða mikil breyting til batnaðar með tilkomu húsnæðis til tilrauna í eldi sjávardýra á stað við Grindavík, sem gert er ráð fyrir að taka í notkun

snemma á árinu 1988. Í menntunarmálum eru Íslendingar einnig langt á eftir Norðmönnum.

Íslendingar standa nú á tímamótum í nýtingu hafsins. Nytjastofnar eru flestir fullnýttir en margt bendir hins vegar til þess að auka megi sjávarafurðir með eldi ýmissa sjávarlífvera, bæði fiska og hryggleysingja. Eins og er vitum við ekki hvaða lífverur og hvaða eldisaðferðir henta best við íslenskar aðstæður og þeirri spurningu verður ekki svarað nema með mikilli rannsókna- og þróunarstarfsemi. Hin síðari ár hefur árlega verið fjárfest fyrir hundruð milljóna króna í fiskeldi á Íslandi. Því er brýnt að efla rannsóknir til að koma í veg fyrir stórfelld mistök við uppbyggingu þessarar nýju atvinnugreinar.

2. STARFSMARKMIÐ HAFRANNSÓKNASTOFNUNAR

2.1 Skilgreining markmiða

Megindrættir starfsmarkmiða Hafrannsóknastofnunar skilgreindir í lögum nr. 72, 30. maí 1984 um breytingar á lögum nr. 64, 31. maí 1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna þannig:

Markmið Hafrannsóknastofnunarinnar skulu meðal annars vera:

1. Að afla alhliða þekkingar um hafið og lífríki þess, einkum til að meta hvernig hagkvæmt og skynsamlegt er að nýta auðlindir þess.

2. Að afla þekkingar um eðlis- og efnafræðilega eiginleika sjávar umhverfis Ísland með tilliti til áhrifa á lífríkið.

3. Að afla þekkingar um lögun, gerð og jarðfræðilega eiginleika landgrunnsins, einkum með tilliti til fiskveiða.

4. Að rannsaka lífsskilyrði og lífnaðarhætti sjávargróðurs, dýrasvifs og botndýra, einkum vistfræðileg tengsl hinna ýmsu samfélaga og samhengi þeirra við nytjastofna.

5. Að treysta undirstöður vísindalegrar ráðgjafar um nýtingu hefðbundinna nytjastofna er stefni að hámarksafrakstri Íslandsmiða.

6. Að gera tilraunir með og þróa veiðarfæri og veiðibúnað í þeim tilgangi að bæta hagkvæmni sóknar og koma í veg fyrir skaðleg áhrif á lífríki sjávar.

7. Að stunda rannsóknir á eldi sjávarlífvera.

8. Að stunda rannsóknir sem miða að aukinni fjölbreytni í öflun sjávarfangs.

9. Að veita stjórnvöldum, sjávarútvegi og öðrum aðilum ráðgjöf og þjónustu varðandi nýtingu á auðlindum Íslandsmiða.

10. Að koma á framfæri upplýsingum til stjórnvalda, hagsmunaaðila í sjávarútvegi og almennings um niðurstöður rannsóknastarfseminnar.

2.2 Staða haf- og fiskirannsókna á Íslandi

Af þeim markmiðum sem Alþingi hefur sett Hafrannsóknastofnun, og talin eru hér að ofan, má ljóst vera að haf- og fiskirannsóknir eru taldar gegna mikilvægu hlutverki. Og miðað við mikilvægi sjávarútvegs í íslenskum þjóðarbúskap er þetta ekkert undarlegt. Í hnotskurn er stofnuninni sem sé ætlað að haga starfsemi sinni þannig að ráðleggingar hennar leiði til hámarksafraksturs lifandi auðlinda sjávar í framtíðinni.

Það eru almenn sannindi að árangur af hvers konar rannsóknastarfsemi er mjög háður því hvernig að henni er búið. Á þetta bæði við um menntun, fjölda og aðbúnað starfsmanna svo og fjármagn, tæknibúnað og tækninýjungar hvers konar. Hérlendis er árlega varið til haf- og fiskirannsókna um þessar mundir sem svarar um eða rúmlega hálfu prósenti af verðmæti útfluttra sjávarafurða. Þetta er miklu lægra hlutfall en gerist meðal nágrannaþjóða, sem við miðum okkur gjarnan við, þótt þær séu þó hvergi nærri jafn háðar þessum atvinnuvegi. Núverandi fjárveitingar til haf- og fiskirannsókna nægja ekki til þess að hægt sé að halda uppi þeirri starfsemi sem þjóðfélagið ætlast til og íslenskur sjávarútvegur á skilið. Með tilliti til starfsmarkmiða er Hafrannsóknastofnunin rekin af vanefnum. Það er verðugt umhugsunarefni að miðað við verðmætasköpun sjávarútvegsins þarf í rauninni tiltölulega litlu við að bæta til þess að á Íslandi sé hægt að stunda haf- og fiskirannsóknir af myndarskap.

2.3 Tengsl Hafrannsóknastofnunar við sjávarútveginn

Tengsl Hafrannsóknastofnunar við sjávarútveginn hafa mikið verið til umræðu. Er það að vonum þegar litið er til þeirra eðlisbreytinga sem orðið hafa á störfum stofnunarinnar síðustu 10-15 árin og felast í miklu minni fiskimiðaleit og annarri slíkri þjónustu við veiðiflotann en vaxandi áherslu á stofnstærðarrannsóknir ýmis konar sem gjarnan leiða til veiðitakmarkana í einhverri mynd. Á þetta var bent í síðustu langtímaáætlun um leið og ræddar voru leiðir til úrbóta.

Á tengslum Hafrannsóknastofnunar við sjávarútveginn hefur orðið umtalsverð breyting til batnaðar á allra síðustu árum. Í framhaldi af tillögum stofnunarinnar til sjávarútvegsráðuneytisins um aflakvóta og nýtingu fiskistofna eru haldnir fundir ráðuneytis, stofnunar og hagsmunaaðila þar sem tillögur stofnunarinnar eru kynntar og ræddar eins og þurfa þykir í öllum landsfjórðungum. Þá taka starfsmenn stofnunarinnar nú orðið þátt í öllum fjórðungsþingum Fiskifélagsins og kynna síðan starfsemi ársins og helstu niðurstöður á Fiskiþingi. Kynningar á starfi, niðurstöðum og hugmyndum á ársþingum og fundum með ýmsum hagsmunasamtökum í sjávarútvegi hafa farið mjög vaxandi og valdið því að skoðanaskipti hafa aukist til muna. Þá hefur verið meira en áður um greinargerðir einstakra starfsmanna og vinnuhópa, um þá starfsemi sem þeir hafa með höndum, í hinum ýmsu sérritum sjávarútvegsins. Loks er árlega gerð grein fyrir rannsóknastarfseminni og niðurstöðum hennar í ritum stofnunarinnar sjálfrar.

Í síðustu langtímaáætlun var einnig bent á möguleika til vísindalegrar gagnasöfnunar og ekki síður til skoðanaskipta milli fiskifræðinga og sjómanna um borð í fiskiskipum. Þetta hefur verið gert í verulegum mæli og með ágætum árangri. Árið 1985 var komið á fót umfangsmiklu samstarfsverkefni sjómanna og útgerðarmanna annars vegar og hafrannsóknamanna hins vegar um stofnmælingu botnfiska á Íslandsmiðum. Síðan hefur þessi rannsókn farið fram árlega á 5 togurum og tekur tæpar þrjár vikur í hvert skipti. Í henni taka þátt 25 manns af stofnuninnni auk áhafna skipanna og hefur þetta samstarf án efa átt mikinn þátt í að auka skilning á vinnubrögðum á Hafrannsóknastofnun við rannsóknir á botnfiskum. Þessu skyldar eru kannanir á rækjustofnum innfjarða sem oft eru gerðar á heimabátum. Þá er hafin samvinna skipstjórnar- og rannsóknamanna um tilraunir við að mæla þorskgengd með bergmálsaðferð. Við þær tilraunir er hins vegar notað rannsóknaskip enda engin önnur skip búin tækjum sem hægt er að beita til bergmálsmælinga á stærð fiskstofna. Allt þetta samstarf þyrfti að halda áfram og taka ætti að nýju upp þátttöku skipstjórnarmanna í mælingum á stærð loðnustofnsins sem vísir var kominn að fyrir nokkrum árum.

Um árabil hefur verið náið og vaxandi samstarf við Hampiðjuna um rannsóknir á veiðarfærum og hefur fyrirtækið borið umtalsverðan kostnað af þeim verkefnum. Athuga ætti möguleika á því hvort ekki er grundvöllur fyrir hliðstæðu samstarfi Hafrannsóknastofnunar og fleiri aðila í sjávarútvegi, til dæmis varðandi skilyrði til eldis sjávarfiska og mannvirkjagerðar. Þá má benda á tengsl við atvinnuveginn í gegnum rannsóknasjóð Rannsóknaráðs ríkisins. Vísir að þessu er raunar þegar fyrir hendi þar sem eru rannsóknir þær á lúðueldi sem nú fara fram á Stað við Grindavík.

Oft hefur verið bent á að hefja ætti eða auka verulega kennslu í fiskifræði og haffræði í menntastofnunum tengdum sjávarútvegi, einkum í Stýrimannaskólanum. Auk alhliða fræðslu á umræddum og skyldum sviðum hefði slík kennsla jafnframt þann tilgang að stuðla að hagnýtri notkun fiskifræði og haffræði við fiskveiðar og auka og styrkja tengsl Hafrannsóknastofnunar við útveginn.

2.4 Starfshættir og aðstaða á Hafrannsóknastofnun

2.4.1 Stjórnunar- og starfshættir

Í síðustu langtímaáætlun var bent á að taka þyrfti upp nýja stjórnunarhætti þar sem lögð væri áhersla á að auka fagleg skoðanaskipti og samvinnu hinna ýmsu verkhópa innan stofnunarinnar. Var hugmyndin sú að tryggja sem best að fjallað yrði um tillögur stofnunarinnar um stjórnun fiskveiða á breiðum faglegum grundvelli líkt og í vinnunefndum Alþjóða hafrannsóknaráðsins. Þar var einnig bent á nauðsyn þess að stjórn og ráðgjafanefnd taki virkan þátt í umfjöllun um málefni stofnunarinnar til að stuðla að auknum tengslum sjávarútvegsins við rannsóknastarfsemina.

Eins og fram kemur í kafla 4.1 voru Hafrannsóknastofnun sett ný og endurskoðuð lög í maí 1984. Auk endurskoðunar starfsmarkmiða voru í samræmi við og í framhaldi af hinni nýju lagasetningu gerðar meiri háttar breytingar á stjórn og innra skipulagi stofnunarinnar í því skyni að gera starfsemina sveigjanlegri og stuðla þannig að sem bestri

nýtingu á mannafla, tækjum og fjármagni á hverjum tíma. Aðalatriði nýja skipulagsins eru eftirfarandi:

1. Auk forstjóra og faglegs aðstoðarforstjóra var fenginn að stofnuninni rekstrarlegur aðstoðarforstjóri til að sjá um daglegan rekstur, einkum að því er varðar fjármál, mannahald og skiparekstur.

2. Eins og áður er stofnuninni sett stjórn og ráðgjafanefnd sem eru þannig skipaðar að traust tengsl verði milli rannsóknastarfseminnar og sjávarútvegsins. Það er nýmæli að fulltrúi starfsmanna á nú sæti í stjórn stofnunarinnar.

3. Í framkvæmdaráði, sem skipað er forstjóra, aðstoðarforstjórum, sviðsstjórum og þremur öðrum starfsmönnum, er rannsóknastarfsemin rædd, stefna mörkuð og meginlínur lagðar.

4. Fyrri deildaskipting var lögð niður og rannsóknastarfseminni skipt á tvö aðalsvið undir stjórn sviðsstjóra. Þetta eru sjó- og vistfræðisvið annars vegar og nytjastofnasvið hins vegar.

5. Vinnuhópar starfsmanna af öðru hvoru eða báðum rannsóknasviðum vinna undir stjórn verkefnisstjóra að tilteknum forgangsverkefnum, um lengri eða skemmri tíma eftir atvikum. Dæmi um slík verkefni eru fiskveiðiráðgjöf, bergmálsmælingar á stærð fiskstofna, skipulagning og framkvæmd stofnmælinga með botnvörpu og vistfræðirannsóknir í Ísafjarðardjúpi.

6. Önnur starfsemi stofnunarinnar skiptist í viðeigandi rekstrareiningar svo sem útgerð rannsóknaskipanna, reiknideild, raftæknideild, og bókasafn auk útibúanna sem rekin eru á Húsavík, Höfn í Hornafirði, Ísafirði, í Ólafsvík og í Vestmannaeyjum.

7. Stjórnendur eru nú allir ráðnir til takmarkaðs tíma í senn.

8. Hið nýja fyrirkomulag reksturs og rannsóknastarfsemi á Hafrannsóknastofnun er sýnt á meðfylgjandi skipuriti.

Bæði stjórn og ráðgjafanefnd hafa verið mun virkari en áður, en megin breytingin kemur þó fram í störfum á stofnuninni sjálfri. Fjármálastjóri (rekstrarlegur aðstoðarforstjóri) hefur umsjón með rekstri rannsóknaskipanna og sér til þess að upplýsingar varðandi rekstrarstöðu hinna ýmsu þátta þessarar og annarrar starfsemi liggi jafnan fyrir. Hann hefur og umsjón með gerð árlegra tillagna um fjármagn til haf- og fiskirannsókna eftir að rannsóknastefnan hefur verið mörkuð. Starf fjármálastjóra er oft ákaflega tafsamt vegna hins lélega og seinvirka bókhaldskerfis ríkisins. Sviðsstjórar vinna að mótun rannsóknastefnunnar í samráði við forstjóra og framkvæmdaráð og hafa umsjón með gerð rannsóknaáætlana og nánari skipulagningu starfsins. Í framkvæmdaráði er einnig fjallað um rannsóknaáætlanir einstakra starfsmanna eða vinnuhópa og teknar ákvarðanir um aðalatriði framtíðarstarfsins með hliðsjón af rannsóknaþörf, fjárveitingum og fyrirsjáanlegum kostnaði.

Nú orðið fjallar sérstök nefnd um alla veiðiráðgjöf, hvort sem hún leiðir af beinum stofnmælingum eða öðrum upplýsingum og semur síðan álitsgerð þar að lútandi. Enda þótt þessi málsmeðferð taki vitanlega

meiri tíma en áður er hún mun öruggari og leiðir til markvissari ráðgjafar auk þess sem fram koma ýmsar ábendingar um önnur og betri vinnubrögð í ýmsum tilvikum. Sama gildir um vinnuhópa, sem forstjóri skipar til þess að skipuleggja og annast framgang sérstakra forgangsverkefna á hverjum tíma.



Hið nýja fyrirkomulag á Hafrannsóknastofnun er í raun enn í mótun og reynsla af því er takmörkuð. Þó hefur það þegar stuðlað að mun meiri sveigjanleika og markvissari vinnubrögðum en áður og enginn vafi er á því að miðað hefur að þessu leyti verulega í þá átt sem vörðuð var í langtímaáætluninni frá 1982.

2.4.2 Starfsfólk á rannsóknasviðum

Á áttunda áratugnum breyttust viðfangsefni Hafrannsóknastofnunar í þá veru að meira var lagt í rannsóknir á afrakstursgetu nytjastofna og tengsl þeirra innbyrðis og við umhverfið en fiskileit og aðstoð við veiðiflotann minnkaði og lagðist raunar að mestu af. Jafnframt fjölgaði starfsfólki Hafrannsóknastofnunar verulega enda varð svo að vera til þess að mæta aukinni gagnavinnslu sem þessu fylgdi.

Á síðustu fimm árum eða svo hefur starfsmönnum hins vegar ekki fjölgað,

þegar á heildina er litið, þrátt fyrir að vaxandi kröfur hafi verið gerðar til stofnunarinnar um úttekt á stærð og afrakstursgetu fleiri dýrastofna auk flókinna vistfræðirannsókna. Þessu hefur hingað til verið mætt með hækkandi hlutfalli sérfræðinga og rannsóknamanna og aukinni vélvæðingu gagnavinnslunnar.

2.4.3 Gagnasöfnun

Gagnasöfnun fer einkum fram á þremur rannsóknaskipum. Auk þess er mikilvægum gögnum safnað af veiðieftirlitsmönnum og starfsmönnum stofnunarinnar, bæði um borð í veiðiskipum og í verstöðvum svo og í útibúum. Þá er hafin gagnasöfnun með sjálfvirkum straummælum, sem lagt er á landgrunninu, og sjálfvirk skráningartæki eru notuð við mælingar á sjávarhita á ýmsum stöðum við ströndina eins og þegar hefur komið fram.

2.4.4 Tæknimál

Árangur hafrannsókna, að ekki sé talað um framfarir í greininni, er mjög háður því að beitt sé háþróaðri tækni við gagnasöfnun og úrvinnslu. Á það var bent í síðustu langtímaáætlun að tæknibúnaður rannsóknaskipanna hefði dregist mjög aftur úr hinni öru þróun á þessu sviði auk þess sem skortur væri á tæknimenntuðu fólki. Nokkuð hefur áunnist í tæknivæðingu skipanna á síðustu árum. Þannig eru bæði eldri skipin nú búin helstu tækjum til bergmálsmælinga á stærð fiskstofna og vélvæddri úrvinnslu slíkra gagna og hafinn er undirbúningur að tölvuvæðingu hvers konar gagnasöfnunar um borð í Bjarna Sæmundssyni. Í Dröfn eru hins vegar engin tæki til bergmálsmælinga og aðstaða til rannsókna að öðru leyti af mjög skornum skammti. Almennt séð þarf enn að stórauka og bæta tækjakost, sérstaklega á sviði vistfræðirannsókna og vélvirkrar skráningar gagna til sjós.

Vaxandi tæknivæðingu fylgir aukin þörf sérhæfðs starfsfólks til þess að annast viðhald, viðgerðir og uppsetningu tölvunar- og annars tækjabúnaðar og vinna með sérfræðingum við notkun hans. Enda þótt stofnunin hafi á að skipa slíku starfsliði er það alltof fámennt og verður þetta sífellt tilfinnanlegra eftir því sem verkefni og tæknibúnaður aukast og breytast.

2.4.5 Reiknideild

Tölvutækni er nú beitt í miklum mæli við gagnavinnslu á Hafrannsóknastofnun og hefur reiknideild þróast nokkuð í þá veru sem lagt var til í síðustu langtímaáætlun. Hefur þetta stuðlað að nákvæmari og margfalt umfangsmeiri gagnavinnslu en annars hefði verið möguleg og að nokkru komið í stað rannsókna- og aðstoðarfólks. Á þetta einkum við á nytjastofnasviði en í umhverfisrannsóknum bíða mörg verkefni úrlausnar.

Segja má að tölvuvæðing í húsakynnum stofnunarinnar sjálfrar sé allvel á veg komin. Talsvert er þó ógert varðandi reiknibúnað og reiknideild er enn of mannfá til þess að hún geti sinnt hlutverki sínu varðandi gagnavörslu, forritun og reiknifræðilega úrvinnslu með fullnægjandi hætti. Enn hefur ekki verið hægt að sinna þörfum útibúanna að því er tölvukost varðar.

2.4.6 Húsnæði - vinnuaðstaða

Frá síðustu langtímaáætlun hafa nær engar breytingar orðið á húsnæði stofnunarinnar ef frá er talið húsnæði til geymslu og viðhalds veiðarfæra sem raunar er í niðurníðslu. Mjög er orðið kreppt að skrifstofuhúsnæði að ekki sé minnst á bókasafnið, sem er nánast ónothæft vegna þrengsla. Húsrými og aðstaða til viðhalds, viðgerða og geymslu rannsóknatækja og veiðarfæra er ófullnægjandi. Úr húsnæðismálunum rætist væntanlega í bili þegar starfsemi útvarpsins verður flutt af Skúlagötu 4, en það verður að því tilskyldu að jafnframt fáist fé til verulegra breytinga sem gera þarf til þess að húsnæðið henti til rannsóknastarfsemi. Einnig þyrfti að gera breytingar á því húsnæði sem fyrir er, og í heild að gera húsnæði stofnunarinnar þannig úr garði að það samsvari kröfum starfseminnar.

Enda þótt húsnæðið aukist verulega við ofangreindar breytingar er fyrirsjáanlegt að það rétt nægir til að leysa úr brýnustu vandræðum en dugir ekki til að hýsa fleiri starfsmenn, sem þó er nauðsynlegt að ráða. Má í því sambandi benda á að sem stendur eru umfangsmiklar hvalarannsóknir reknar til bráðabirgða í Landssmiðjuhúsinu við Sölvhólsgötu, aðeins einn starfsmaður vinnur nú við rannsóknir í fiskeldismálum og skapa þarf tæknimönnum vinnuaðstöðu og geymslurými.

2.4.7 Rannsóknaskipin

Rannsóknaskipin eru yfirleitt að allan sólarhringinn meðan þeim er haldið til rannsókna. Á undanförnum árum hafa stjórnvöld gjarnan miðað við að þeim væri hverju um sig haldið úti ákveðinn hluta ársins, t.d. 6-9 mánuði eftir atvikum. Í raun hafa þær áætlanir sjaldnast staðist, einkum vegna þess að viðhaldsfé hefur verið af alltof skornum skammti. Tvö elstu rannsóknaskipin eru nú 17 og 20 ára gömul og gefur auga leið að þau þurfa orðið mikið viðhald og þeim mun meira sem viðhaldið var vanrækt um árabil. Gera þarf breytingar á rannsóknaaðstöðu um borð í Árna Friðrikssyni og endurskipuleggja vinnu- og íbúðarrými um borð í Dröfn, auk þess sem það skip er mjög vanbúið tækjum eins og áður hefur verið nefnt. Dröfn var upphaflega smíðuð til fiskveiða og hefur enn ekki verið breytt þannig að hún henti hinu nýja hlutverki sínu.

Eins og að framan greinir eru tvö af þremur rannsóknaskipum stofnunarinnar orðin gömul. Þó þetta séu að mörgu leyti góð skip er orðið mjög brýnt að gera áætlun um smíði nýrra rannsóknaskipa enda ekki gert á einni nóttu. Umfram allt þarf að marka þessu verkefni tekjustofn þannig að hægt sé að hefjast handa í samræmi við þær ákvarðanir sem teknar verða um framvindu málsins. Bent er á að í "eigu" stofnunarinnar eru tvö skip, Hafþór, sem leigður er til rækjuveiða, og gamla Dröfn, sem liggur ónotuð. Þessi skip mætti að ósekju selja og leggja andvirði þeirra sem upphafsframlag í byggingarsjóð. Hafrannsóknastofnun hefur engar tekjur af þessum skipum þar sem leigutekjur fyrir Hafþór lækka ríkisframlag til stofnunarinnnar um sömu upphæð.

2.5 Verkefnaval Hafrannsóknastofnunarinnar

2.5.1 Almennt

Á hverjum tíma miðast val verkefna að sjálfsögðu við það að

fullnægja þeim markmiðum sem stofnuninni eru sett. Fjármagn hefur þó ævinlega verið takmarkandi þáttur og stofnunin orðið að sníða sér stakk eftir vexti. Á síðari árum hefur áhersla verið lögð á að sinna verkefnum sem tengjast veiðiráðgjöf beint eða óbeint og mun svo verða framvegis. Hér er um að ræða stofnmælingar, nýliðunarrannsóknir, veiðitilraunir og rannsókir á umhverfisaðstæðum. Í framtíðinni verður, eins og síðar mun að vikið, að gera ráð fyrir stóraukinni starfsemi, einkum á sviði umhverfisrannsókna og að því er varðar hin ýmsu vistkerfi íslenska hafsvæðisins svo og eldi sjávarlífvera.

2.5.2 Stærð og afrakstursgeta nytjastofna

Á síðari árum hefur starfsemin beinst mjög að því að þróa aðferðir til þess að meta stærð og afrakstursgetu nytjastofnanna. Hér er bæði um að ræða aðferðir sem byggjast á aldursgreiningu afla og nota má við langlífari tegundir og stofnmælingar sem eru óháðar veiðum. Stærð síldar- og loðnustofnanna er nú t.d. mæld með svokallaðri bergmálsaðferð og ráðgjöf um nýtingu þeirra er nær alfarið byggð á þessum mælingum. Nýliðunarrannsóknir á aldursflokkum 0-3 ára hafa verið stundaðar á ýmsum nytjastofnum um allmörg ár og stofnmæling botnlægra fisktegunda á Íslandsmiðum hefur verið gerð árlega á 5 togurum frá 1985. Þá eru tillögur um aflamark af humri, hörpudiski og rækju að miklu leyti gerðar í samræmi við niðurstöður stofnmælinga.

Ofangreindum rannsóknum verður að halda áfram í fyrirsjáanlegri framtíð ef stofnunin á að geta gegnt hlutverki sínu varðandi nýtingu dýrastofna í hafinu við landið. Leitast verður við að bæta enn þær aðferðir sem nú er beitt til að meta stærð hinna ýmsu nytjastofna. Nefna má mælingar á endurvarpsstuðlum og áhrifum mismunandi atferlis þeirra tegunda sem mældar eru með bergmálsaðferð á niðurstöður um stofnstærð, frekari þróun og endurbætur varðandi framkvæmd og úrvinnslu stofnmælinga með botnvörpu og öðrum veiðarfærum sem notuð eru við botnlægar tegundir svo og rannsóknir á viðbrögðum fisktegunda við þeim, m.a. með myndatöku neðansjávar. Þá eru nákvæmar veiðiskýrslur mikilvæg grunngögn við mat á stærð og afrakstursgetu fiskstofna og enn eru aflaskýrslur ófullnægjandi þrátt fyrir góðan vilja og lipurð margra fiskimanna. Brýnt er að úr þessu verði bætt og unnið er að því.

2.5.3 Vannýttar tegundir

Á næstu árum er gert ráð fyrir að sinna rannsóknum á ýmsum tegundum á grunnslóð sem nú eru lítið eða ekki nýttar. Þetta eru einkum krabbadýr og skeldýr ýmis konar auk kolategunda sem nýlega er farið að veiða. Þá má einnig nefna gulllax, langhala og djúpkarfa, sem finnast á djúpslóð hér sunnan- og vestanlands og margir binda vonir við. Eins og fram hefur komið er ekki talið að hugsanlegur afrakstur þessara tegunda muni vega þungt í heild, en hann gæti þó orðið sjávarútveginum umtalsverð búbót.

2.5.4 Veiðarfæri

Á Hafrannsóknastofnun eru stundaðar rannsóknir á veiðarfærum, bæði með tilliti til hagkvæmni í gerð þeirra og notkun, svo og rannsókn á kjörhæfni veiðarfæra og atferli fisks gagnvart þeim. Um þessar rannsóknir hefur verið góð samvinna við framleiðendur og seljendur veiðarfæra sem og útgerðarmenn og er gert ráð fyrir að svo verði áfram.

Vegna breytinga, sem verið er að gera á vertíðar- og loðnuflotanum, er fyrirsjáanlegt að togskipum muni fjölga á næstu árum. Þetta mun leiða til aukinna togveiða ásamt því að ungfiskdráp mun áfram verða stórvandamál. Því er gert ráð fyrir að efla þurfi rannsóknir á kjörhæfni hinna ýmsu gerða af botn- og flotvörpum og áhrifum þessara veiða á aflasamsetningu og aflabrögð almennt.

2.5.5 Sjávarspendýr

Á Hafrannsóknastofnun hafa lengi verið stundaðar rannsóknir á sjávarspendýrum. Slíkar rannsóknir hafa þó lengst af verið unfangsminni en æskilegt getur talist með tilliti til mikilvægis þessara dýra í fæðukeðjunni á miðunum í kringum landið og á nálægum hafsvæðum. Á þessu hefur hins vegar orðið mikil breyting nýlega. Gerð hefur verið heildaráætlun, sem nú er unnið eftir, um rannsóknir á hvalategundum á hafsvæðinu kringum Ísland. Hér er bæði um að ræða rannsóknir á líffræði, göngum og stofnstærð og stefnt er að heildarúttekt á stöðu hinna ýmsu hvalastofna í lífríkinu og veiðiþoli þeirra fyrir 1990. Ákvarðanir um frekari hvalarannsóknir verða síðan teknar í ljósi niðurstaðna úttektarinnar.

Rannsóknum á selum er lítið sem ekki sinnt á Hafrannsóknastofnun sem stendur. Má segja að selarannsóknir séu nær alfarið í höndum Hringormanefndar, sem sett var á laggirnar fyrir nokkrum árum og er fjármögnuð af ýmsum fyrirtækjum sjávarútvegsins. Þessar rannsóknir ætti hins vegar að stunda á vegum Hafrannsóknastofnunar, enda óheppilegt að íslenskir hagsmunaaðilar séu beinlínis í forsvari fyrir rannsóknum í svo alþjóðlega pólitísku máli.

2.5.6 Eldi sjávardýra

Í samvinnu við Íslandslax hf. voru hafnar tilraunir með lúðueldi í útikerjum á Stað við Grindavík haustið 1985. Þessar tilraunir hafa gefið góða raun og verður haldið áfram. Þá var hafin bygging 500 fermetra rannsóknaaðstöðu á sama stað árið 1986 á vegum stofnunarinnar þar sem unnt mun verða að gera tilraunir með eldi sjávardýra við breytilegar aðstæður. Gert er ráð fyrir að eldishúsið verði tekið í notkun 1988. Það er athyglisvert að þrátt fyrir hina miklu fjárfestingu í fiskeldi að undanförnu hefur sáralítið af opinberu fjármagni verið veitt til rannsókna á þessu sviði hingað til.

Gert er ráð fyrir að þátttaka Hafrannsóknastofnunar í rannsóknum og tilraunastarfsemi við eldi sjávardýra fari vaxandi, því verkefni eru ærin. Má þar bæði nefna eigin tilraunastarfsemi ýmis konar sem möguleg verður með tilkomu þeirrar aðstöðu sem verið er að koma upp við Grindavík og að framan greinir, og samstarf og ráðgjöf við einkaaðila í eldismálum hvers konar. Eins og stendur er stofnunin þó lítils megnug og skilyrði þess að breyting verði til batnaðar eru fyrst og fremst mjög aukið fjármagn og mannafli.

2.5.7 Vistkerfi og afrakstursgeta Íslandsmiða

Um nokkurra ára skeið hafa Hafrannsóknastofnun, Háskóli Íslands og fleiri aðilar unnið að því að þróa líkan af innbyrðis fæðutengslum ýmissa dýrategunda á íslenska hafsvæðinu í því skyni að meta afrakstursgetu nytjastofna. Þetta er mjög áhugavert verkefni sem

verður áfram á verkefnaskrá. Aðstöðu til tilrauna varðandi meltingar- og vaxtarhraða, t.d. miðað við tiltekinn sjávarhita og fæðuframboð, verður væntanlega komið upp í hinu nýja eldishúsi, en tilraunir af því tagi eru nauðsynlegur liður í þeirri viðleitni að öðlast fyllri skilning á innbyrðis áhrifum dýrastofna með sérstöku tilliti til fiskveiða.

Þegar gerðar hafa verið áætlanir um afrakstur nytjastofna hefur hingað til aðallega verið byggt á beinum eða óbeinum mælingum á stofnstærð, upplýsingum um nýliðun og meðalvaxtarferlum viðkomandi tegunda. Með vaxandi þekkingu hefur komið sífellt betur í ljós hversu náin og flókin tengsl eru milli nýliðunar og afrakstursgetu nytjastofnanna á hverjum tíma annars vegar og breytinga á svifdýra- og plöntusamfélögum hafsins svo og ástandi sjávar hins vegar. Enda þótt mikið verk hafi þegar verið unnið varðandi einstaka þætti vistkerfisins er mikilvægt að hefja sem fyrst samhliða rannsóknir á ofangreindum þáttum með það fyrir augum að tengja betur en nú er hægt, upplýsingar um neðstu hlekki fæðukeðjunnar, ólífræna umhverfisþætti og fiskifræðileg gögn. Hér er raunar um að ræða nánari útfærslu á líkani af vistkerfum íslenskra hafsvæða og afrakstursgetu þeirra sem þegar er hafin vinna við og greint er frá í fyrri málsgrein. Þetta mun einkum kalla á mjög aukna starfsemi á sviðum plöntu- og dýrasvifsrannsókna.

2.5.8 Sjálfvirkni í umhverfisrannsóknum

Við umhverfisrannsóknir hefur árlega farið mikil vinna í að skrá ástand sjávar og ætisskilyrði á miðunum við landið og á nálægum hafsvæðum. Gagnasöfnun af þessu tagi mun að sjálfsögðu halda áfram en leitast verður við að gera hana sjálfvirkari þar sem því verður við komið. Raunar er þegar kominn vísir að slíku þar sem eru síritandi straummælar og hitamælar sem nú eru á nokkrum stöðum við landið. Gert er ráð fyrir því að með vaxandi sjálfvirkni (mælingum með síritum) og fjarkönnun (mælingum úr flugvélum og gervihnöttum) verði unnt að auka rannsóknir á áhrifum mismunandi ytri aðstæðna (t.d. sjávarhita, þörungagróðurs, hafstrauma og veðurfars) á vistkerfi Íslandsmiða. Auka þarf tilraunir í þessa veru, en á mjög mörgum sviðum vistfræðirannsókna verður þó áfram að beita hefðbundnum og mannfrekum aðferðum við söfnun gagna og frumúrvinnslu í fyrirsjáanlegri framtíð.

2.5.9 Myndun og nýting lífrænna efna

Margir telja að sívaxandi styrkur koltvísýrings í andrúmslofti muni leiða til loftslagsbreytinga á jörðinni. Hafrannsóknastofnun hefur átt samvinnu við erlendar stofnanir um rannsóknir á flutningi koltvísýrings *milli lofts og sjávar*. Koltvísýringur er, ásamt öðrum ólífrænum næringarefnum, í aðalhlutverki við myndun lífrænna efna í yfirborðslögum sjávar. Líklegt er að samstarf við erlendar stofnanir aukist um rannsóknir á þeim atburðum sem eiga sér stað í hafinu og stýra myndun og nýtingu lífrænna efna.

2.5.10 Jarðfræði hafsbotnsins

Áformað er að rannsóknir, sem lúta að nýtingu og jarðfræði hafsbotnsins, fari vaxandi. Starfsemi þessi hefur á undanförnum árum beinst að ýmsum þjónustuverkefnum, svo sem byggingarefnaleit og verkefnum tengdum mannvirkjagerð í og við sjó. Auk þess hafa verið

gerðar ýmsar grundvallarrannsóknir í fjörðum og flóum svo og úti á landgrunninu. Við þessar ransóknir hefur stofnunin átt gott samstarf við erlenda vísindamenn og er fyrirhugað framhald á því.

Áhersla verður lögð á það á næstu árum að auka þekkingu á sögu og jarðlagaskipan í íslenskum fjörðum og flóum. Í því skyni verður m.a. beitt seismiskum endurvarpsmælingum og sýnatöku, setkjarnar rannsakaðir og aldursgreindir út frá steingervingum. Auk þessa verður leitast við að fá yfirlit yfir ytri og innri gerð íslenska landgrunnsins með seismiskum mælingum víðs vegar við landið. Þær upplýsingar yrðu síðan notaðar við skipulagningu frekari rannsókna.

2.6 Mannafli og aðstaða - forgangsröðun

Miðað við kröfur þjóðfélagsins er fyrirsjáanlegt að Hafrannsóknastofnunin gerir ekki betur en að halda í horfinu varðandi allra nauðsynlegustu starfsemi með núverandi fjölda starfsmanna, aðstöðu til rannsókna og fjárveitingum. Á þessu þurfa að verða eftirfarandi megin breytingar af ástæðum sem einnig verða greindar.

2.6.1 Starfslið og launakjör

Í allmörg ár hefur starfsmönnum á rannsóknasviðum ekki fjölgað þrátt fyrir breyttar og vaxandi kröfur. Er nú svo komið að ekkert má út af bera til þess að stofnunin anni ekki þeim verkum sem fyrir liggja. Á þetta nánast við alla starfsemi en á sér ýmsar orsakir. Fyrst ber að nefna að lengi hefur ríkt mikil tregða varðandi beiðnir um nýráðningar og þeim oftast synjað. Þetta hefur haft í för með sér að atvinnumöguleikar fiskifræðinga hafa verið taldir afar litlir með þeim afleiðingum að engir hafa farið til náms í greininni í a.m.k. 5 ár. Sama gegnir á haf- og vistfræðisviðinu þó ástandið þar sé raunar lítið eitt skárra. Varla þarf að fara nánar út í þá sálma hve alvarleg þessi þróun er. Hún hefur leitt til þess að framboð af sérmenntuðu fólki er sáralítið og mun svo verða á næstunni enda tekur 6-7 ár að mennta sérfræðing til haf- eða fiskirannsókna. Í annan stað eru launakjör ríkisstarfsmanna talin léleg miðað við það sem gerist á almennum vinnumarkaði.

Samanburður launa er ríkisstarfsmönnum sérstaklega óhagstæður á tölvunarsviðum og öðrum tæknisviðum. Á tölvunarsviðinu hefur stofnunin raunar á að skipa fámennum hópi mjög hæfra starfsmanna og er aðalástæðan sú að verkefni stofnunarinnar þykja áhugaverðari og fjölbreyttari en gengur og gerist. Öðru máli gegnir um tæknideild, þar sem ástandið er afar slæmt svo erfiðlega sem gengið hefur að ráða þjálfaða menn, hvort heldur sem er til tækni vinnu í landi eða á sjó. Við þetta getur ekki staðið til frambúðar, svo mjög byggjast haf- og fiskirannsóknir á háþróuðum tækjakosti til gagnasöfnunar og úrvinnslu.

Til þess að Hafrannsóknastofnun geti gegnt hlutverki sínu til frambúðar þarf starfsfólki að fjölga á næstu árum bæði á rannsóknasviðum og á tæknisviðum. Vanta mun sérfræðinga og rannsóknafólk til að vinna við mælingar á stærð fiskstofna og margs konar umhverfisrannsóknir svo dæmi séu tekin. Ráða þarf starfsfólk til reiknideildar, svo og tæknimenn eins og áður hefur verið nefnt. Enn er framlag stofnunarinnar til tilrauna og ráðgjafar varðandi eldi sjávardýra varla nema nafnið. Svo

mun verða meðan einum manni er ætlað að sinna því starfi og er ekki vansalaust, sérstaklega þegar litið er til þeirrar þróunar sem orðið hefur í fiskeldi í grannlöndunum og raunar víðar. Brýnt er að farið sé að vinna að því að starfsmönnum fjölgi í samræmi við þarfir stofnunarinnar og hlutverk samkvæmt lögum. Verður þá bæði að huga að kjaramálum og hvetja til þess að efnilegt fólk fari til náms í þeim greinum þar sem skórinn kreppir.

Tillögur um fjölgun starfsmanna á hinum ýmsu verksviðum eru sýndar í töflu 1. Líta ber á þessar tillögur sem lágmark þess sem stefna ber að, einkum á sviði fiskeldismála þar sem þörfin gæti orðið miklu meiri en þessi áætlun gerir ráð fyrir. Almennt er litið svo á að á flestum sviðum öflunar og úrvinnslu gagna hafi aukin tækni í för með sér mikinn vinnusparnað og aukna nákvæmni. Þetta er vissulega hárrétt en á það er bent að aukin tæknivæðing veldur því einnig að umfangsmeiri upplýsingar fást um fleiri atriði sem máli skipta, að því tilskildu að hægt sé að vinna úr gögnunum. Það kallar hins vegar í mörgum tilvikum á aukið starfslið.

2.6.2 Húsnæðismál

Þegar hefur verið drepið á húsnæðismál stofnunarinnar og nauðsyn þess að núverandi og framtíðar húsnæði hennar verði innréttað að nýju í samræmi við það starfsfyrirkomulag sem nú tíðkast og áformað er að verði á komandi árum. Núna er vinnuaðstaða með þeim hætti að ómögulegt er að koma starfsmönnum fyrir eins og hentar miðað við þau störf sem þeim er ætlað að inna af höndum. Ítrekað er að fyrirhuguð stækkun á húsnæði stofnunarinnar gerir ekki stórum betur en að rúma núverandi starfsmenn.

2.6.3 Rannsóknaskip

Viðhald rannsóknaskipanna hefur verið alls ófullnægjandi miðað við aldur þeirra. Var raunar svo komið um tíma að leiðangrar hófust sjaldnast samkvæmt áætlun vegna þess að ólokið var viðgerðum sem dregnar höfðu verið fram á síðustu stundu af fjárhagsástæðum. Þetta hefur þó lagast til muna á síðustu tveimur árum.

Lagfæra þarf og auka rannsóknaaðstöðu í Árna Friðrikssyni auk þess sem gera þarf gagngerar breytingar á Dröfn og búa hana fiskleitar- og mælitækjum sem fullnægja rannsóknakröfum eins og áður er nefnt. Ef viðhaldi og lagfæringum væri komið í viðunandi horf má til sanns vegar færa að skipakostur stofnunarinnar svari nokkurn veginn þörfum eins og er. Hins vegar eru Árni Friðriksson og Bjarni Sæmundsson orðin það gömul skip að hefja þarf tafarlaust undirbúning að smíði nýrra rannsóknaskipa til að taka við af þeim og finna því verkefni tekjustofn. Það. eru almenn sannindi að rekstur rannsóknaskipa er dýr miðað við kostnað við tæki og laun rannsóknamanna. Því liggur í augum uppi að útbúa verður rannsóknaskipin eins vel og frekast er kostur ef hámarksnýting á að nást á því fjármagni sem sett er í rekstur þeirra.

2.6.4 Tæknimál

Án þess að farið sé út í smáatriði má segja að hingað til hafi Hafrannsóknastofnun ekki getað fylgst nægilega vel með tækninýjungum á

sínu sviði. Töluverð breyting til batnaðar hefur þó orðið á allra síðustu árum og má þar nefna tæki til bergmálsmælinga á stærð fiskstofna, reiknigetu og sjálfvirkan búnað til mælinga á hafstraumum. Margt er þó enn ógert í tæknimálum, einkum á sviði vistfræðirannsókna og gagnaskráningar til sjós, og brýnt er að tölvukostur stofnunarinnar komist sem fyrst í það horf sem áætlað er að vera þurfi.

2.6.5 Fjármögnun

Eins og sýnt er á 1. mynd hafa fjárframlög til haf- og fiskirannsókna ekki aukist að raungildi seinustu 10 árin. Á föstu verðlagi ársins 1986 hefur verðmæti útfluttra sjávarafurða á hinn bóginn meira en tvöfaldast á ofangreindu tímabili.

MYND 1:



Mynd 2 sýnir fjármagn til haf- og fiskirannsókna sem prósentuhlutfall af verðmæti útfluttra sjávarafurða á verðlagi hvers árs á tímabilinu 1971-1987, þ.e. eftir að stofnunin fór að gera út 3-4 rannsóknaskip.

MYND 2:



Eins og sjá má hefur hlutfallið lækkað mikið á tímabilinu eða úr um 0.9% ef miðað er við meðaltal áranna 1971-1977 í um 0.5% síðustu tvö árin. Að miðað sé við að verja ákveðnu hlutfalli af útflutningstekjum atvinnuvegarins er í sjálfu sé ekki keppikefli. Hins vegar er alveg ljóst að á seinustu árum hefur þjóðfélagið ekki varið fé til haf- og fiskirannsókna í neinu samræmi við stórauknar tekjur af sjávarfangi, þrátt fyrir það að á sama tíma hafi verið gerðar sívaxandi kröfur til rannsókna og ráðgjafar varðandi nýtingu sífellt fleiri dýrastofna. Við svo búið má ekki standa því eins og þegar hefur komið fram má næsta lítið út af bera til þess að Hafrannsóknastofnunin valdi ekki lengur grundvallarhlutverkum sínum hvað þá meiru. Það er raunar fyrst og fremst bættri úrvinnslutækni og miklu vinnuframlagi starfsmanna að þakka að tekist hefur að halda nokkurn veginn í horfinu enn þá.

Til þess að rannsóknastarfsemin geti þróast með eðlilegum hætti og uppfyllt þær kröfur sem til hennar verður að gera og þjóðfélagið setur þarf aukið fjármagn. Í samræmi við þær starfsáætlanir sem að framan greinir, og með hliðsjón af brýnni nauðsyn þess að skipakostur Hafrannsóknastofnunar verði endurnýjaður á næstu 5-10 árum, er fyrirsjáanlegt að auka þarf árlegt fjármagn til haf- og fiskirannsókna um a.m.k. 50% frá því sem nú er. Verði það ekki gert mun starfseminni sniðinn of þröngur stakkur þegar til lengri tíma er litið, til þess að vænta megi viðunandi úrlausna þeirra verkefna sem Hafrannsóknastofnunin glímir við.

Hingað til hafa íslenskar haf- og fiskirannsóknir svo til alfarið verið fjármagnaðar með ríkisframlögum. Á síðari árum hefur orðið mikil umræða um vaxandi þátt atvinnufyrirtækja í fjármögnun hvers konar rannsóknastarfsemi og er það vel. Ef frá eru taldar rannsóknir og ráðgjöf varðandi eldismál, þróun veiðarfæra og tæknibúnaðar, mannvirkjagerð og hugsanlega leit að nýjum fiskimiðum er á hinn bóginn erfitt að koma auga á fyrirtæki sem væru líklegir viðskiptavinir Hafrannsóknastofnunar. Starfsemi stofnunarinnar er og verður fyrst og fremst miðuð við þarfir sjávarútvegsins í heild. Það er þess vegna nauðsynlegt að samtök hans styðji rannsóknastarfsemina með beinum fjárframlögum. Sennilega yrði þetta best gert með því að sjávarútvegurinn stofnaði öflugan sjóð sem samtök hans stjórnuðu. Með því móti gætu þau stutt eða kostað að meira eða minna leyti þau verkefni hafrannsókna sem sjávarútvegurinn teldi nauðsynleg og áhugaverð. Að öðru leyti er líklegt að fjárveitingar samkvæmt fjárlögum verði í náinni framtíð helstu tekjustofnar Hafrannsóknastofnunar.

TAFLA 1

Starfsmenn Hafrannsóknastofnunar

Verkefni	Starfsheiti	Fjöldi í reynd 1982	Fjöldi í reynd 1987	Fjöldi í till.LTA 1987	Fjöldi í till.LTA 1992
Stjórnun	Sérfr.	1.1	2.3	1.1	2.3
	Rannsóknam.	1.0	1.8	1.0	2.0
Sjó/vistfr.	Sérfr.	7.0	9.5	8.5	13.0
	Rannsóknam.	7.4	7.0	9.8	10.0
Nytjastofnar	Sérfr.	16.0	17.0	18.0	20.0
	Rannsóknam.	16.2	12.2	19.2	15.0
Eldi	Sérfr.	0.0	1.0	1.0	4.0
	Rannsóknam.	0.0	0.0	0.5	2.0
Sjávarspend.	Sérfr.	1.0	3.5	1.0	3.0
	Rannsóknam.	0.0	2.0	1.0	2.0
Veidarfæri	Sérfr.	1.0	1.0	1.0	2.0
	Rannsóknam.	1.0	1.0	1.0	2.0
Reiknideild	Sérfr.	1.0	3.0	3.0	4.0
	Rannsóknam.	0.0	1.0	0.0	2.0
Tæknideild	Sérfr.	2.0	2.0	4.0	4.0
	Rannsóknam.	1.0	0.0	2.0	4.0
Bókasafn	Sérfr.	1.0	1.0	1.0	1.0
	Rannsóknam.	0.0	0.5	0.3	1.0
Útibú	Sérfr.	4.0	5.0	4.0	5.0
	Rannsóknam.	0.5	0.0	0.0	0.0
Eldishús	Sérfr.	0.0	1.0	0.0	1.0
	Rannsóknam.	0.0	0.0	0.0	1.0
Samtals		61.2	71.8	77.4	101.3
Skip:					
Bjarni Sæmundsson		14.0	13.0	14.0	13.0
Árni Friðriksson		11.0	10.0	11.0	10.0
Dröfn		5.0	6.0	5.0	6.0
Rekst. og	Sérfr.	1.0	1.0	1.0	1.0
Veiðarfæri	Rannsóknam.	2.0	2.0	2.0	2.0
Skip samtals		33.0	32.0	33.0	32.0
Samtals starfsmenn		94.2	103.8	110.4	133.3

Fylgiskjal II.

LÖG

um breyting á lögum nr. 64 31. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

III. kafli laganna, sem ber heitið **Hafrannsóknastofnunin**, verði svohljóðandi:

10. gr.

Hafrannsóknastofnunin er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið.

11. gr.

Í stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar skulu vera fimm menn, skipaðir af sjávarútvegsráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af Fiskifélagi Íslands, einn tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna, einn tilnefndur af starfsmönnum Hafrannsóknastofnunarinnar og einn tilnefndur sameiginlega af Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Sömu aðilar tilnefna varamenn.

Ráðherra skipar formann stjórnar.

12. gr.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn stofnunarinnar og tekur ákvarðanir um meginatriði í stefnu og starfi hennar. Stjórnin gerir tillögur til ráðherra um starfs- og fjárhagsáætlun og staðfestir reikninga stofnunarinnar að loknu ársuppgjöri. Stjórnin gerir tillögur til ráðherra um skipulag stofnunarinnar og skipun ráðgjafarnefndar skv. 15. gr. Stjórnin skal staðfesta áætlun um rannsóknaleiðangra að fengnum tillögum forstjóra og umsögn ráðgjafarnefndar.

13. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar forstjóra að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Hann skipar einnig tvo aðstoðarforstjóra að fengnum tillögum stjórnar og forstjóra stofnunarinnar. Forstjóri og aðstoðarforstjórar skulu skipaðir til 5 ára í senn.

Forstjóri ræður deildarstjóra að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Einnig ræður hann annað starfslið stofnunarinnar. Forstjóri og annar aðstoðarforstjórinn skulu hafa lokið háskólaprófi og vera sérfróðir um hafrannsóknir. Hinn aðstoðarforstjórinn skal hafa háskólamenntun eða aðra sambærilega menntun og vera sérfróður á sviði stjórnunar og rekstrar.

14. gr.

Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn stofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfsliðs.

Annar aðstoðarforstjórinn, sbr. 13. gr., skal vera forstjóra til aðstoðar um vísindaleg málefni stofnunarinnar og hinn um fjármálalegan rekstur stofnunarinnar, þ. á m. skiparekstur og starfsmannahald. Aðstoðarforstjórar eru fulltrúar forstjóra og aðstoða hann við daglegan rekstur stofnunarinnar.

15. gr.

Við Hafrannsóknastofnunina er ráðgjafarnefnd. Ráðherra ákveður að fengnum tillögum stjórnar hvernig ráðgjafarnefndin skuli skipuð til fjögurra ára í senn. Nefndin kýs sér formann og á hann rétt til setu á fundum stjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

Ráðgjafarnefndin fylgist með rekstri Hafrannsóknastofnunarinnar og er m. a. tengiliður milli hennar og sjávarútvegsins. Nefndin er forstjóra og stjórn til ráðuneytis. Hún skal fjalla um starfsáætlanir stofnunarinnar og gerir tillögur varðandi verkefnaval og starfshætti hennar.

Sjávarútvegsráðherra setur ráðgjafarnefndinni erindisbréf.

16. gr.

Hafrannsóknastofnuninni er heimilt að starfrækja útibú utan Reykjavíkur samkvæmt ákvörðun ráðherra og Alþingis að fengnum tillögum stjórnar og forstjóra stofnunarinnar. Leita skal samstarfs við hagsmunaaðila og menntastofnanir á viðkomandi svæði og er ráðherra í því skyni heimilt að setja á stofn starfsnefndir við útibúin.

Hafrannsóknastofnunin skal leita samstarfs við aðrar rannsóknastofnanir um rekstur og samnýtingu útibúa eftir því sem kleift þykir.

17. gr.

Markmið Hafrannsóknastofnunarinnar skulu meðal annars vera:

1. Að afla alhliða þekkingar um hafið og lífríki þess, einkum til að meta hvernig hagkvæmt og skynsamlegt sé að nýta auðlindir þess.
2. Að afla þekkingar um eðlis- og efnafræðilega eiginleika sjávar umhverfis Ísland, einkum með tilliti til áhrifa á lífríkið.
3. Að afla þekkingar um lögun, gerð og jarðfræðilega eiginleika landgrunnsins, einkum með tilliti til fiskveiða.
4. Að rannsaka lífsskilyrði og lífnaðarhætti sjávargróðurs, dýrasvifs og botndýra, einkum vistfræðileg tengsl hinna ýmsu samfélaga og samhengi þeirra við nytjastofna.
5. Að treysta undirstöður vísindalegrar ráðgjafar um nýtingu hefðbundinna nytjastofna er stefni að hámarksafrakstri Íslandsmiða.
6. Að gera tilraunir með og þróa veiðarfæri og veiðibúnað í þeim tilgangi að bæta hagkvæmni sóknar og koma í veg fyrir skaðleg áhrif veiða á lífríki sjávar.
7. Að stunda rannsóknir á eldi sjávarlífvera.
8. Að stunda rannsóknir sem miða að aukinni fjölbreytni í öflun sjávarfangs.
9. Að veita stjórnvöldum, sjávarútvegi og öðrum aðilum ráðgjöf og þjónustu varðandi nýtingu á auðlindum Íslandsmiða.
10. Að koma á framfæri upplýsingum til stjórnvalda, hagsmunaaðila í sjávarútvegi og almennings um niðurstöður rannsóknarstarfseminnar.

18. gr.

Til að ná markmiðum, sem um getur í 17. gr., skal stjórn gera tillögur um skipulag Hafrannsóknastofnunarinnar sem skal staðfest af ráðherra. Leitast skal við að skipulag stofnunarinnar sé sveigjanlegt og stuðli að sem bestri nýtingu á mannafla, tækjum og fjármagni stofnunarinnar á hverjum tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1984.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

Sþ. 688. Tillaga til þingsályktunar [356. mál]

um jafnréttisráðgjafa.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Kristín Einarsdóttir, Árni Gunnarsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að ráða á vegum félagsmálaráðuneytisins þrjá jafnréttisráðgjafa til þriggja ára sem hafi það verkefni að vinna að leiðréttingu á stöðu kvenna í stofnunum og fyrirtækjum um land allt í samvinnu við starfsmenn og stjórnendur.

Laun ráðgjafanna og annar kostnaður vegna starfa þeirra greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillögu þessari um ráðningu jafnréttisráðgjafa er ætlað að vera liður í átaki til að fylgja eftir ákvæðum laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Þrátt fyrir lagaákvæði um jöfnuð kvenna og karla eru konur verr settar en karlar á flestum sviðum þjóðlífsins og mikið skortir á markviss viðbrögð stjórnvalda til úrbóta. Nægir að minna á að konur eru í miklum meiri hluta í láglaunastörfum og meðallaun þeirra hafa farið lækkandi undanfarin ár í samanburði við laun karla. Fáar konur eru í áhrifastöðum í atvinnulífinu og hlutur þeirra er langtum minni en karla í stjórnmálalífi og í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka. Staða kvenna annars staðar á Norðurlöndum er mun skárri en hér að þessu leyti og kemur þar vafalaust margt til, ekki síst betri félagslegar aðstæður og þróað velferðarkerfi.

Talsverð reynsla er fengin af starfi jafnréttisráðgjafa á Norðurlöndum utan Íslands. Í *Svíþjóð* hafa slíkir ráðgjafar verið starfandi í 17 ár við vinnumálaskrifstofur lénanna og voru þeir um 100 talsins þegar flest var. Nú hefur ný skipan verið innleidd í Svíþjóð þar sem jafnrétti á að ganga sem rauður þráður í gegnum allt starf þeirra sem vinna að atvinnumálum. Í *Danmörku* hafa jafnréttisráðgjafar verið starfandi í tengslum við ömtin frá því 1981 og hefur þeim nýlega verið fjölgað um helming og eru nú alls 28. Sérstök deild í vinnumálaráðuneytinu danska sér um stjórn og samræmingu á starfi ráðgjafanna. Í *Noregi* voru ráðnir svonefndir kvennaráðgjafar á vegum fimm fylkja árið 1975. Nú starfa þar jafnréttisráðgjafar í hverju fylki, m.a. við að bæta atvinnustöðu kvenna og auðvelda þeim að stofna eigin fyrirtæki. Í *Finnlandi* er fyrirhugað að taka upp jafnréttisráðgjöf í hverju hinna 12 vinnumálaumdæma.

Fyrir utan störf á vegum Jafnréttisráðs hérlendis til að rétta hlut kvenna er rétt að geta um þátttöku Íslands í verkefni Norrænu ráðherranefndarinnar um fjölbreyttari atvinnuþátttöku kvenna undir nafninu „Brjótum múrana“ eða „Bryt“. Þetta er fjögurra ára verkefni sem lýkur um áramótin 1989 til 1990. Starfsmaður þess hér á landi er Valgerður H. Bjarnadóttir á Akureyri. Undir merkjum „Bryt“ hefur fengist mikilsverð reynsla og sambönd tekist við hliðstæða starfsemi annars staðar á Norðurlöndum. Væri æskilegt að tengja þessa reynslu starfi þeirra jafnréttisráðgjafa sem hér er fjallað um þótt viðfangsefni þeirra séu af flutningsmönnum hugsuð í mun víðara samhengi.

Í tillögunni er gengið út frá að ráðnir verði þrír jafnréttisráðgjafar til þriggja ára á vegum félagsmálaráðuneytisins sem m.a. á að tryggja tengsl þeirra við Jafnréttisráð og við aðgerðir sem stjórnvöld stefna að til þess að ná fram jafnri stöðu kynjanna. Ekki er í tillögunni kveðið á um einstök verkefni ráðgjafanna né heldur um verkaskiptingu. Varðandi hið síðarnefnda er bent á að æskilegt geti verið að þeir sinni verkefnum svæðisbundið, einn t.d á höfuðborgarsvæðinu og tveir á landsbyggðinni. Þótt ekki sé í tillögunni kveðið sérstaklega á um búsetu ráðgjafanna á þessu reynslutímabili er nauðsynlegt að þeir séu í sem nánustum tengslum við það umhverfi sem þeim er ætlað að starfa í. Félagsmálaráðuneytinu er hins vegar ætlað að tryggja sem besta samvinnu þeirra.

Meðal fyrirhugaðra verkefna jafnréttisráðgjafanna til að ná fram leiðréttingu á stöðu kvenna í stofnunum og fyrirtækjum má nefna:

— Söfnun upplýsinga um hindranir í vegi jafnréttis og aukinna áhrifa kvenna á vinnumarkaði.
— Aðstoð við starfsmenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana við að móta og fylgja eftir áætlunum um jafnréttisaðgerðir.
— Upplýsinga- og skipulagsstörf þar sem m.a. verði miðlað reynslu milli fyrirtækja og stofnana um aðgerðir í jafnréttismálum svo og vitneskja erlendis frá.
— Stuðningur við mótun og framkvæmd sérstakra verkefna á vegum stofnana og fyrirtækja sem miða að því að bæta stöðu kvenna.
— Fræðslu- og útgáfustarfsemi um jafnréttismál og vinnumarkaðinn.
— Samvinna og tengsl við starfsmannafélög, verkalýðsfélög, atvinnurekendur, ráðuneyti og ríkisstofnanir svo og sveitarfélög um aðgerðir til að bæta stöðu kvenna.
— Hvatning til stærri fyrirtækja og stofnana um að koma upp jafnréttisráðgjöf á eigin vegum.

Gert er ráð fyrir að á umræddu þriggja ára tímabili beri ríkissjóður kostnað af starfi ráðgjafanna. Ef litið er til reynslu af kostnaði við störf iðnráðgjafa í landshlutunum undanfarin ár má reikna með að heildarkostnaður vegna eins jafnréttisráðgjafa nemi 3–3,5 milljónum króna á ári (verðlag 1988), eða um 10 milljónir króna samtals vegna þriggja ráðgjafa.

Eðlilegt má telja að félagsmálaráðherra leiti umsagnar Jafnréttisráðs um umsækjendur um stöður jafnréttisráðgjafa áður en í þær er ráðið og konur hafi forgang sem ráðgjafar á þessu sviði.

Rétt er að meta árangur af starfi jafnréttisráðgjafanna að fenginni tveggja ára reynslu og móta að því búnu stefnu um áframhaldandi tilhögun slíkrar ráðgjafarstarfsemi.

Sþ. 689. Fyrirspurn [357. mál]

til landbúnaðarráðherra um innflutning á gleráli.

Frá Ólafi Gränz.

Eru í undirbúningi hugsanlegar breytingar á lögum um lax- og silungsveiði er heimila landbúnaðarráðherra að leyfa innflutning á lifandi gleráli til eldis hér á landi?

Sþ. 690. Tillaga til þingsályktunar [358. mál]

um hálendisvegi og möguleg áhrif þeirra á byggðaþróun.

Flm.: Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Halldór Blöndal, Jón Kristjánsson, Jóhann A. Jónsson, Málmfríður Sigurðardóttir, Guðni Ágústsson, Arndís Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að safna saman og láta vinna úr tæknilegum og náttúrufræðilegum upplýsingum sem nú liggja fyrir hjá ýmsum stofnunum og mundu nýtast við áætlanagerð um vegaframkvæmdir á hálendinu.

Einnig fari fram könnun á áhrifum slíkrar vegagerðar á þróun byggðar í landinu með sérstöku tilliti til bættra samgangna milli Suður-, Norður- og Austurlands, svo og á nýtingu náttúruauðæfa hálendisins og ferðamál.

Greinargerð.

Alltaf annað veifið hafa komið upp umræður um varanlega vegagerð á hálendinu. Oft hefur sú umræða einkennst af fordómum og því að tæknilegar og náttúrufarslegar upplýsingar hafa ekki verið til staðar til þess að byggja á.

Nú hefur sú breyting orðið á að fyrir liggja miklar upplýsingar um náttúrufar hálendisins með tilliti til mannvirkjagerðar þar. Þessar upplýsingar er að finna hjá ýmsum opinberum og hálfopinberum stofnunum, svo sem RARIK, Landsvirkjum, Orkustofnun, Veðurstofu Íslands og Vegagerðinni. Þessum upplýsingum þarf öllum að safna saman með tilliti til vegagerðar um hálendið. Einnig þarf að samræma allar framkvæmdir á hálendinu þannig að t.d. framkvæmdir við virkjanir og línulagnir geti nýst sem grunnur að því sem seinna kann að koma, svo sem varanlegri vegagerð. Slík samræming gæti orðið hluti af landsskipulagi sem óhjákvæmilega hlýtur að koma í náinni framtíð.

Það sem hér er lagt til að kannað verði er í fyrsta lagi varanlegur vegur yfir Sprengisand, sem tengir Suðurland og Norðausturland, og í öðru lagi vegur norðan Vatnajökuls austur á Fljótsdalshérað. Færa má sterk rök að því að slík vegagerð sé alls ekki fjarlægur möguleiki þannig að fyrst um sinn yrði um að ræða varanlegan veg með 7–8 mánaða opnunartíma á ári. Benda má á að nú þegar hefur verið lagður vegur í tengslum við virkjunarframkvæmdir upp á miðjan Sprengisand. Það sem nú vantar er tenging niður í byggðir Norðurlands, 80 km að Tjörnum í Eyjafirði og 115 km að Mýri í Bárðardal.

Tenging við Austurland af Sprengisandsvegi yrði seinni tíma verkefni. Tímasetning þess verks færi sennilega eftir því hvenær ráðist yrði í Auturlandsvirkjanir.

Hugsanleg áhrif hálendisvegagerðar á byggðaþróun eru margþætt. Flestar meiri háttar umbætur í vegamálum síðustu áratugi hafa miðast við að bæta samgöngur viðkomandi landshluta við höfuðborgarsvæðið. Vissulega hefur slíkt verið til hagsbóta fyrir landsbyggðina, en í flestum tilfellum hefur hagur Reykjavíkur og nágrennis orðið enn meiri; staða hennar sem miðstöðvar samgangna hefur styrkst.

Vegur þvert yfir hálendið með tengingu til Austurlands mundi gjörbylta öllum skorðum sem vegalengdir hafa sett samvinnu og samstarfi þeirra landshluta sem málið varðar.

Eftirfarandi tafla sýnir mismunandi vegalengdir milli staða eftir hringveginum og eftir hálendisvegum.

Ákvörðunarstaðir	**Um hring-veginn**	**Um hálendið**	**Stytting á akstursleið**
Reykjavík–Akureyri	432 km	Um 360 km	Um 70 km
Reykjavík–Egilsstaðir	710 km	Um 460 km	Um 250 km
Selfoss–Akureyri	487 km	Um 300 km	Um 190 km
Þjórsárvirkjun–Akureyri	556 km	Um 235 km	Um 320 km
Kirkjubæjarklaustur–Akureyri	704 km	Um 335 km*	Um 380 km

* Fjallabaksleið.

Slíkir vegir tengdu saman þau landsvæði sem hafa frá náttúrunnar hendi mestu þróunarmöguleika til þess að mynda mótvægi gegn höfuðborgarsvæðinu. Vafasamt er að nokkur einstök framkvæmd í samgöngumálum geti haft eins víðtækar afleiðingar til þess að draga úr áhrifamætti höfuðborgarsvæðisins á byggðaþróun sem þessi.

Til þess að leggja endanlegt arðsemismat á slíka framkvæmd verður að beita öðrum aðferðum en tíðkast almennt við slíka vinnu hérlendis. Leggja verður vinnu í að meta áhrif hennar á samvinnu fyrirtækja á viðkomandi svæðum, stækkun markaðssvæða, ávinning í ferðamálum o.s.frv. og meta arðsemina út frá því. Fyrsti ávinningur slíkrar vegagerðar, sem hér um ræðir, yrði án efa í ferðamálum þar sem góður vegur um hálendið tengdi saman fjölförnustu ferðamannasvæði landsins og opnaði nýjar hringleiðir um landið. Slíkt yki væntanlega aðdráttarafl landsins fyrir útlendinga og ferðalög Íslendinga innan lands og á þann hátt mætti bæði afla gjaldeyris og spara hann.

Benda má á að efni þessarar þingsályktunartillögu fellur að starfsáætlun núverandi ríkisstjórnar þar sem segir í kafla um byggðastefnu og samgöngumál: „Átak verði gert í samgöngumálum og fyrirliggjandi áætlanir á sviði samgangna samræmdar í þeim tilgangi að bæta tengsl milli byggðalaga og stuðla að stækkun atvinnu- og þjónustusvæða.“

Þeim sem vilja kynna sér þessi mál betur má benda á að dr. Trausti Valsson skipulagsfræðingur hefur sett fram rökstuddar hugmyndir um hálendisvegakerfi og áhrif þess á byggðaþróun.

Að lokum má geta þess að Verkfræðingafélag Íslands mun gangast fyrir ráðstefnu um þessi mál dagana 7.–8. maí næstkomandi.

Nd. 691. Frumvarp til laga [359. mál]

um sérstaka fjáröflun til Skáksambands Íslands.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson, Albert Guðmundsson, Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

Greiðslukortafyrirtæki skulu greiða í ríkissjóð sérstakt gjald eins og nánar er kveðið á um í 2. gr. Tekjum af gjaldinu skal verja óskiptum til Skáksambands Íslands.

2. gr.

Gjaldið skal nema 20 kr. af hverju greiðslukorti og skal greiðslukortshafi inna það af hendi. Gjaldinu skal ásamt skilagrein skila fyrir hvern mánuð til ríkisféhirðis sem skilar því mánaðarlega til Skáksambands Íslands.

Eindagi gjalds er 15. næsta mánaðar eftir uppgjörsmánuð.

3. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að höfðu samráði við fjármálaráðherra að setja nánari ákvæði í reglugerð um gjaldtöku þessa.

4. gr.

Undanþegin gjaldi þessu skulu kort sem eigi er greitt af útskriftargjald.

5. gr.

Gjald þetta miðast við framfærsluvísitölu 235,37 og skal leiðrétt með breytingu á framfærsluvísitölu einu sinni á ári í janúar ár hvert í fyrsta skipti í janúar 1989.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fátt hefur vakið meiri athygli hérlendis að undanförnu en frammistaða íslenskra skákmanna. Er nú svo komið að í landinu eru margir afreksmenn í skák og fjöldi ungra efnilegra skákmanna.

Félagsmál skákmanna eru unnin af áhugamönnum í sjálfboðavinnu og er starfið ótrúlega mikið. Skákhreyfingin nýtur lítils fjárstuðnings frá opinberum aðilum en viðfangsefnin fara stöðugt vaxandi. Ljóst er að skákhreyfingunni verður ofviða að leysa þau verkefni, sem fram undan eru, vegna fjárskorts ef ný fjáröflunarleið kemur ekki til.

Gjald á greiðslukort, um 20 kr. á mánuði fyrir hvert kort, gæti fært SÍ um 1,5 millj. kr. mánaðarlega. Tæplega verður því trúað að nokkur greiðslukortshafi telji eftir sér að greiða til skákhreyfingarinnar sem svarar gjaldi í stöðumæli tvisvar í mánuði. Fé þetta væri skákhreyfingunni hins vegar ómetanlegur stuðningur.

Íslendingar eru frægir af skákmeisturum sínum víða um heim. Íslendingar eiga nú sex stórmeistara og fimm alþjóðlega meistara í skák. Auk þess eiga þeir tvo heimsmeistara í yngri aldursflokkum, bæði innan 12 ára og innan 16 ára, og Evrópumeistara unglinga innan 16 ára. Nú er Norðurlandameistari í skák Íslendingur og hápunkturinn er þátttaka Jóhanns Hjartarsonar í keppninni um heimsmeistaratitilinn og sigur hans yfir Viktor Kortsnoj. Á síðasta Ólympíuskákmóti hafnaði íslenska skáksveitin í 5. sæti meðal rúmlega hundrað þjóða.

Þannig mætti lengi telja.

Íslendingar eru einnig frægir víða um heim af skákmótum sínum og skáksagan hér á landi er merkileg. Um aldamót var gefið út hér á landi vandað tímarit um skák prentað í Flórens og útgáfa skákbóka er hér lífleg.

Hið gróskumikla skáklíf í landinu gæti leitt til meiri afreka ef hlúð væri að því. Til þess að svo megi verða þarf að sjá skákhreyfingunni fyrir föstum tekjustofni.

Ed. 692. Frumvarp til laga [360. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

Í stað „þéttbýli“ í fyrirsögn á undan 23. gr. komi: þéttri umferð.

2. gr.

2. mgr. 64. gr. falli niður.

3. gr.

Við 65. gr. bætist ný málgrein, svohljóðandi:

Fela má hlutafélagi, sem ríkissjóður á hlut í, að annast skráningu ökutækja, skoðun þeirra og eftirlit, sbr. 1. mgr. Tekur hlutafélagið þá við hlutverki Bifreiðaeftirlits ríkisins samkvæmt nánari ákvörðun dómsmálaráðherra sem einnig fer með mál er varða eignaraðild ríkisins að hlutafélaginu.

4. gr.

108. gr. breytist þannig:

a. a- og b-liðir 1. mgr. orðist svo:
   a. ákvæðum 4. mgr. 7. gr. og 3. mgr. 27. gr.,
   b. ákvæðum a-, b-, h- og i-liða 1. mgr. 28. gr.

b. Í stað 3. málsl. 3. mgr. komi: Hann getur og ákveðið, að ósk sveitarstjórnar, að álagning og innheimta gjaldsins fari, að öllu leyti eða að hluta, fram á vegum sveitarfélagsins. Rennur gjaldið þá í sveitarsjóð og skal því varið til að gera og reka bifreiðastæði og bifreiðageymslur til almenningsnota.

c. Í stað 5. og 6. mgr. komi:

   Dómsmálaráðherra ákveður fjárhæð gjaldsins. Fari álagning fram á vegum sveitarfélags getur sveitarstjórn þó ákveðið fjárhæðina í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir. Verði álagt gjald ekki greitt innan tilskilins frests hækkar það um 50%.

   Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um hvernig gjaldið skuli lagt á og innheimt, þar á meðal um greiðslu- og kærufrest. Má þar ákveða að álagt gjald, sem eigi er greitt innan nánar tiltekins frests, hækki um 100%.

5. gr.

6. mgr. 110. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að fenginni ósk sveitarstjórnar, að framkvæmd ákvæða í grein þessari fari, eftir því sem við á, að öllu leyti eða að hluta fram á vegum sveitarfélagsins. Hann getur og sett nánari reglur um framkvæmdina, þar á meðal um greiðslu geymslukostnaðar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er í 1. gr. gerð tillaga um lagfæringu á villum í texta umferðarlaganna. Í 2. gr. er gerð tillaga um breytingu á skráningarkerfi ökutækja og í 3. gr. er gerð tillaga um heimild til þess að breyta fyrirkomulagi á skoðun ökutækja. Í 4. og 5. gr. er gerð tillaga um lagabreytingar í tilefni af því að Reykjavíkurborg hefur óskað eftir því að taka við meðferð stöðvunarbrota að hluta til.

Mikilvægustu breytingarnar felast í 2. og 3. gr. frumvarpsins. Dómsmálaráðherra skipaði í september 1987 sjö manna nefnd til þess að fjalla um fyrirkomulag á skoðun og skráningu ökutækja. Nefndin skilað áliti sínu 11. febr. sl. og er þar m.a. lagt til að breytt verði skráningarkerfi ökutækja og að stofnað verði hlutafélag með þátttöku ríkissjóðs og ýmissa aðilja er tengjast bifreiðaeign og bifreiðaþjónustu og verði ráðherra heimilað að semja við hlutafélagið um að það taki við lögbundinni skoðun og skráningu ökutækja. Álitsgerð nefndarinnar er prentuð sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Í álitsgerð nefndarinnar kemur m.a. fram að verulegur sparnaður verði af því að sama bifreiðanúmer fylgi ökutæki frá nýskráningu þess til endanlegrar afskráningar af ökutækjaskrá og lagt er til að ný vinnubrögð verði tekin upp við skoðun ökutækja.

Með bréfi dags. 20. jan. sl. óskaði borgarstjórinn í Reykjavík eftir því að yfirtaka meðferð stöðvunarbrota í borginni og að dómsmálaráðherra beitti sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum í því sambandi. Fallist hefur verið á þessa beiðni og eru ákvæði 4. og 5. gr. frumvarpsins af því tilefni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er leiðrétt villa sem komst inn í frumvarp til umferðarlaga á árinu 1986.

Um 2. gr.

Breyting sú, sem hér er lögð til, felur í sér að tekið verður upp fastnúmerakerfi á ökutækjum og getur dómsmálaráðherra sett um það nánari ákvæði í reglugerð. Er miðað við að ökutæki beri sama skráningarmerki frá nýskráningu til afskráningar og að númerin verði í samræmi við fastnúmerakerfi Bifreiðaeftirlits ríkisins. Þó haldist þau númer sem eru á ökutækjum við gildistöku breytingarinnar þar til ökutækin verða afskráð nema eigandi þeirra óski eftir að fá skráningarmerki í samræmi við fastnúmerakerfi Bifreiðaeftirlitsins, en það byggist á tveimur bókstöfum og þremur tölustöfum.

Um 3. gr.

Breyting þessi heimilar dómsmálaráðherra að semja við hlutafélag, sem ríkissjóður á hlut í, um að félagið yfirtaki skoðun og skráningu ökutækja.

Um 4. gr.

Breytingar í a-lið eru leiðrétting á villu. Að öðru leyti felur tillagan í sér að kveða nánar á um stöðu sveitarfélags, sem annast álagningu og innheimtu gjalds vegna stöðvunarbrota. Er þá m.a. lagt til að heimilt verði að ákveða aukaálag á gjald ef óhæfilegur dráttur verður á greiðslu þess og innheimta þarf það með sérstökum aðgerðum.

Um 5. gr.

Lagt er til að fela megi sveitarstjórn að öllu leyti eða að hluta framkvæmd ákvæða er varða brottflutning ökutækja. Er talið eðlilegt að sá aðili, sem annast álagningu gjalds vegna stöðvunarbrota, geti jafnframt beitt heimildum til brottflutnings ökutækja sem standa þannig að brjóti í bága við reglur um stöðvun og lagningu ökutækja.

Fylgiskjal.

Nefndarálit

um fyrirkomulag á skoðun og skráningu ökutækja.

Með bréfi dags. 24. september s.l. var skipuð nefnd til þess að fjalla um fyrirkomulag á skoðun og skráningu ökutækja. Í nefndinni sátu þessir menn:

Björn Friðfinnsson, aðstoðarm. ráðherra
Birgir Ágústsson, verkfræðingur
Einar G. Þorsteinsson, framkvæmdastjóri
Guðmundur Hilmarsson, formaður Félags bifvélavirkja
Ingi R. Helgason, forstjóri Brunabótafélags Íslands
Jónas Þór Steinarsson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins
Stefán O. Magnússon, stjórnarformaður í Félagi ísl. bifreiðaeigenda.

Með nefndinni störfuðu þeir Leifur Eysteinsson deildarstjóri og Ágúst Þór Jónsson vélaverkfræðingur.

Nefndin hélt samtals 8 fundi og fjallaði þar um þau gögn, sem safnað hafði verið á vegum dómsmálaráðuneytisins um fyrirkomulag bifreiðaskoðunar hér á landi og í nágrannaríkjunum. Þá aflaði nefndin einnig aukinna gagna og fór í skoðunarferð í tjónaskoðunarstöð Almennra trygginga hf. og Brunabótafélags Íslands.

Nefndin er sammála um eftirfarandi niðurstöður:

1. Bifreiðaskoðun.

Af hálfu hins opinbera er leitast við að gera umferðina á götum og vegum landsins eins örugga og kostur er. Það er m.a. gert með því að setja umferðarreglur og reglur um gerð og búnað ökutækja, með sérstakri áherslu á að öryggisbúnaður ökutækjanna sé tryggur og í góðu lagi. Rannsóknir sýna að oft má rekja orsakir slysa í umferðinni að einhverju eða öllu leyti til bilana í ökutækjunum sjálfum. Af þeirri ástæðu er nauðsynlegt að hafa eftirlit með ástandi ökutækja. Tilgangur reglubundins eftirlits með ökutækjum er að tryggja að farið sé að settum reglum og vinna þannig að verndun lífs, heilsu og eigna.

Með lögum frá 1927 var fyrst kveðið á um að haft skyldi eftirlit með ökutækjum hér á landi. Fyrsta reglugerð um bifreiðaskoðun var gefin út 1. febrúar 1928. Núgildandi reglugerð um gerð og búnað ökutækja var gefin út 1964, en þess er vænst að ný reglugerð um gerð og búnað ökutækja taki gildi um leið og ný umferðarlög hinn 1. mars 1988.

Þrátt fyrir að stjórnvöld hafi snemma gert sér ljóst, að nauðsynlegt er að hafa eftirlit með ökutækjum verður ekki sagt að skoðunaraðferðir og skoðunaraðstaða hafi fylgt eftir þeirri miklu tækniþróun sem átt hefur sér stað í smíði ökutækja. Aðferðir þær sem notaðir eru nú við skoðun ökutækja hafa haldist nær óbreyttar síðan 1928 eða í 60 ár. Öll vinna við skoðunina fer fram utanhúss og byggist á persónulegu mati skoðunarmanns. Ekki er unnið skv. fyrirfram ákveðnum vinnulýsingum né notuð tæki við skoðunina önnur en lítilfjörleg vökvalyfta.

Að því sem að framan er sagt og fram kemur í gögnum þeim, er nefndin hefur kynnt sér, er ljóst að skoðun ökutækja hér á landi er alls óviðunandi og ekki í samræmi við

nútímakröfur um eftirlit með ástandi tækjanna. Sem dæmi má nefna að í Svíþjóð og í Sambandslýðveldinu Þýskalandi hafa verið sett á fót sérstök óháð fyrirtæki, sem annast skoðun á ökutækjum. Öll skoðun fer fram í sérhönnuðum skoðunarstöðvum. Unnið er skv. fyrirfram ákveðnu vinnuferli og vinnulýsingum yfir hvern þann hlut sem skoða á. Notuð eru mælitæki þar sem það er unnt og matsatriði flokkuð til samræmingar. Gerðar eru ýtrustu kröfur til gæðaeftirlits og að fyllsta hlutleysis sé gætt gagnvart viðskiptavinum.

Nefndin telur að taka beri upp sams konar vinnubrögð hér á landi.

2. Bifreiðaeftirlit ríkisins eða stofnun nýs fyrirtækis.

Nefndin hefur ítarlega rætt um, hvort efla beri Bifreiðaeftirlit ríkisins til þess að byggja fullkomnar skoðunarstöðvar og taka upp þau vinnubrögð sem að framan eru nefnd eða hvort fylgja eigi fordæmi t.d. V.-Þjóðverja og Svía og setja á stofn sjálfstætt fyrirtæki, er starfi í hlutafélagsformi og taki að sér skoðun og skráningu ökutækja og skyld verkefni.

Niðurstaða nefndarinnar er að leggja til, að Bifreiðaeftirlit ríkisins verði lagt niður og stofnað verði hlutafélagið Bifreiðaskoðun Íslands með þátttöku ríkissjóðs, tryggingafélaga, fyrirtækja og samtaka er tengjast bifreiðaeign og bifreiðaþjónustu. Helstu rök nefndarinnar fyrir þessari niðurstöðu eru þau, að með stofnun nýs fyrirtækis gefist kostur á að virkja frumkvæði og afla stjórnunarþekkingar og fjármagns frá þeim aðilum, sem hafa sérstakra hagsmuna að gæta varðandi ástand ökutækja landsmanna auk þess sem hlutafélagsformið veiti rekstrinum aðhald. Nefndin leggur til að aflað verði lagaheimildar, sem heimili dómsmálaráðherra að semja við fyrirtækið um, að það taki að sér skoðun og skráningu ökutækja og skyld verkefni og verði í fyrstu samið við fyrirtækið um að það taki þessi verkefni að sér í 12 ár, þ.e. 1989–2000.

Hafa verið gerð drög að slíkum samningi, ásamt stofnsamningi og samþykktum félagsins og eru þau fylgiskjöl með áliti þessu. Er þar reiknað með því að hlutafé hins nýja félags verði 80 milljónir króna. Einnig hefur verið gerð lausleg framkvæmdaáætlun ásamt áætlun um stofnkostnað og rekstur félagsins og fylgja þau gögn einnig hjálagt.

Formaður nefndarinnar hefur gert tillögu um að ríkissjóður eigi 41 milljón króna af 80 milljóna króna stofnfé félagsins, en sú skoðun hefur einnig komið fram í nefndinni að óæskilegt sé að ríkið eigi meirihluta í félaginu. Þau drög að stofnsamningi og samþykktum, sem fylgja hjálagt gera ráð fyrir meirihlutaeign ríkisins, en nefndin telur rétt að vekja athygli ráðherra á þessum skoðanamun.

3. Verkefni Bifreiðaskoðunar Íslands hf.

Bifreiðaskoðun Íslands skal annast eftirlit með ástandi og búnaði ökutækja eins og lög og reglugerðir gera ráð fyrir. Verkefni félagsins eru sem hér segir:

a. Árleg skylduskoðun skoðunarskyldra ökutækja.
b. Gerðarskoðun ökutækja.
c. Nýskráning ökutækja, sem eigi eru skráð af bifreiðaumboðum.
d. Aðrar skoðanir á ökutækjum í samræmi við reglugerð þar að lútandi.
e. Tölvuskráning upplýsinga um skoðuð ökutæki og útgáfa á tölfræðilegum upplýsingum um ökutæki á Íslandi.
f. Framleiðsla og/eða sala númeraskilta á ökutæki.
g. Aðgerðir til þess að auka öryggi í umferðinni.
h. Ýmis eftirlitsverkefni eftir nánari ákvörðun stjórnar félagsins.
i. Varðveisla og viðhald bifreiðaskrár.
j. Aflestur ökumæla í dísilbifreiðum eftir nánari samkomulagi við fjármálaráðherra.

Í því skyni að ná tilgangi sínum skal félagið fylgja þeirri meginreglu að öll ökutæki verði skoðuð í sérstaklega búnum skoðunarstöðvum. Gert er ráð fyrir að félagið geti samið við aðila sem til þess hafa nægilega aðstöðu og búnað, um að þeir taki að sér tiltekin

skoðunarverkefni undir eftirliti starfsmanna félagsins. Starfsemi félagsins yrði í samræmi við reglur um gerð og búnað ökutækja og önnur fyrirmæli í lögum og reglugerðum er hana varða. Þá er gert ráð fyrir að félagið geri tillögur um skoðunarreglur til dómsmálaráðuneytisins og þurfi þær staðfestingu þess. Í reglunum yrði kveðið á um hvernig staðið skuli að skoðun (mælingum og mati) og um málsmeðferð á grundvelli skoðunarinnar.

4. Fjöldi aðalskoðana.

Nefndin hefur fjallað um, hvað oft skuli kalla ökutæki til aðalskoðunar. Í núgildandi reglum eru ákvæði um, hversu oft skuli skoða ökutæki og leggur nefndin til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á þeim reglum:

a. Skylt verði að færa fólksflutningabifreiðir fyrir færri en 9 farþega, sem notaðar eru í atvinnuskyni til aðalskoðunar ár hvert, í fyrsta sinn einu ári eftir nýskráningu þeirra á Íslandi eða erlendis.
b. Skylt sé að láta fara fram milliskoðanir á sex mánaða fresti á bifreiðum til annarra nota en fólksflutninga, svo og á hópferðabifreiðum, leigubifreiðum til mannflutninga, bifreiðum sem ætlaðar eru til útleigu án ökumanns, kennslubifreiðum, lögreglu- og sjúkrabifreiðum, léttum bifhjólum og tengi- og festivögnum sem eru 1500 kg eða meira að heildarþyngd.
c. Önnur ökutæki skal skoða árlega almennri skoðun frá og með öðru ári eftir nýskráningu þeirra á Íslandi eða erlendis.

5. Skráningarkerfi ökutækja.

Öll skráningarskyld ökutæki eru nú skráð í tvöföldu númerakerfi. Annars vegar eru ökutæki skráð samkvæmt númeraskiltum þeim sem á þau eru sett og hins vegar eru þau skráð samkvæmt svokölluðu fastnúmerakerfi, er fram kemur m.a. í skráningarvottorði hverrar bifreiðar. Byggist það númer á tveimur bókstöfum og þremur tölustöfum.

Núverandi kerfi er byggt á því, að ökutæki skuli einkennd eftir lögheimili eiganda, þ.e. að bókstafur í byrjun númers gefi til kynna í hvaða lögsagnarumdæmi eigandi ökutækisins búi.

Flytji eigandi milli lögsagnarumdæma eða sé ökutæki selt kaupanda í öðru lögsagnarumdæmi þarf því að skipta um einkennisnúmer hennar.

Fastnúmerakerfi byggist hins vegar á því að sama einkennisnúmer fylgi bifreið frá nýskráningu til endanlegrar afskráningar hennar af bifreiðaskrá.

Eins og bifreiðaeigendum er ljóst, er mikið óhagræði og umstang bundið eigendaskiptum í núverandi númerakerfi. Þeir sem flytjast búferlum og þeir sem kaupa eða selja notaða bifreið þurfa að hafa umtalsverða fyrirhöfn af númeraskiptum og sama er að segja um umsjónaraðila ökutækjaskrárinnar, vátryggingafélög og fleiri aðila.

Nefndin hefur aflað upplýsinga um kostnað vegna núverandi kerfis frá Bílgreinasambandinu og Bifreiðaeftirliti ríkisins og fylgja greinargerðir þessara aðila með nefndaráliti þessu. Af þeim má sjá að áætlaður árlegur heildarkostnaður þessara aðila, sem spara mætti með öðru fyrirkomulagi, nemur um 98 milljónum króna. Hér við bætist kostnaður annarra aðila svo sem tryggingafélaga, þinglýsingaraðila og síðast en ekki síst bifreiðaeigenda sjálfra í formi tapaðra vinnustunda.

Nefndin leggur því til að hætt verði að skrá ökutæki eftir lögsagnarumdæmi eigenda, en þess í stað verði notað fastnúmerakerfi Bifreiðaeftirlits ríkisins með tveimur bókstöfum og þremur tölustöfum.

Númeraskilti í samræmi við þetta verði tekin upp 1. júní n.k., en þó haldist þau númeraskilti er þá eru á ökutækjum meðan þau eru á ökutækjaskrá, nema eigandi óski eftir að einkenna þau með nýjum skiltum í samræmi við fastnúmer ökutækis. Telur nefndin að af

þessari breytingu verði mikil hagræðing og sparnaður og að núverandi fyrirkomulag standi í vegi fyrir bættum vinnubrögðum við nýskráningar, skráningu eigendaskipta og upplýsingagjöf úr bifreiðaskrá.

Nefndin hefur látið gera tillögu að nýjum númeraskiltum fyrir ökutæki. Er lagt til að númeraskiltin verði úr áli með hvítum endurskinsgrunni og dökkbláum bókstöfum og rönd við brún. Númerin verða með tveimur bókstöfum og þremur tölustöfum eins og áður segir og rúmast alls um 575 þús. númer innan þessa kerfis. Á númeraskiltunum verður afmarkaður reitur fyrir skoðunarmiða og annar reitur verður fyrir miða er sýni merkingu íslenskra bifreiða, sem ekið er erlendis (IS) eða merki sveitarfélags eiganda. Yrði þá slíkur miði settur á númeraskilti, ef eigandi óskar þess. Lagt er til að unnt verði að velja milli númeraskilta með einni eða tveimur línum, en síðari gerðin hentar betur sumum bifreiðategundum en skilti með einni línu. Stærðir númeraskiltanna fylgja alþjóðlegum stöðlum.

6. Eftirlit á vegum úti.

Bifreiðaeftirlit ríkisins hefur með höndum eftirlit með ökutækjum á vegum úti. Nefndin telur að það verkefni hljóti að verða utan við eðlilegt verksvið bifreiðaskoðunar með nýju sniði og leggur hún því til að slíkt eftirlit verði falið lögreglunni. Gætu lögregluyfirvöld þá þjálfað löggæslumenn sérstaklega til slíks verkefnis, en mælt er með því að komið verði á nánu samstarfi milli lögreglunnar og Bifreiðaskoðunar Íslands hf., þannig að tölfræðilegar niðurstöður skoðana í skoðunarstöðvum verði lagðar til grundvallar við ákvörðun á úrtaki þeirra ökutækja sem skoða á á vegum úti.

Hins vegar er lagt til að Bifreiðaskoðun Íslands hf. annist tæknilega úttekt á ökutækjum sem lent hafa í meiri háttar umferðaróhöppum að ósk lögreglu eða tryggingafélaga.

7. Aflestur ökumæla í dísilbifreiðum.

Bifreiðaeftirlitsmenn hafa annast aflestur ökumæla í dísilbifreiðum, en þar er um að ræða eftirlit í tengslum við innheimtu fjármálaráðuneytisins á þungaskatti af dísilbifreiðum. Lagt er til að aflesturinn verði falinn Bifreiðaskoðun Íslands hf. eftir nánara samkomulagi félagsins við fjármálaráðuneytið, en einnig aðstoði löggæslumenn við eftirlit með því að ökumælar dísilbifreiða séu rétt tengdir.

Nefndin bendir hins vegar á, að komast mætti hjá ökumælum og þeirri fyrirhöfn, sem þeim fylgir, ef selt væri eldsneyti á dísilbifreiðir með litarefni og mætti þá innheimta gjald til vegagerðar með eldsneytinu, jafnframt því sem settur væri sérstakur þungaskattur á þyngstu bifreiðir.

8. Sérstök eftirlitsverkefni.

Nefndin telur að Bifreiðaskoðun Íslands gæti tekið að sér ýmiss konar eftirlitsverkefni fyrir einkaaðila og hið opinbera skv. nánari ákvörðun stjórnar félagsins. Má til samanburðar nefna að það fyrirtæki, sem annast skoðun ökutækja í Sambandslýðveldinu Þýskalandi, TÜV, hefur megintekjur sínar af slíkum verkefnum.

9. Ökukennsla og ökupróf.

Nefndin telur að sérstaklega þurfi að fjalla um það hvar vista skuli ökupróf og kennslu til meiraprófs, þegar Bifreiðaeftirlit ríkisins verður lagt niður. Nefndin telur að þessi verkefni falli ekki eðlilega að verkefnum Bifreiðaskoðunar Íslands hf.

Hún leggur því til að sett verði á fót sérstök nefnd með þátttöku fulltrúa frá ökukennurum og menntamálaráðuneyti, sem fjalli um hvernig ökukennslu og fyrirkomulagi á ökuprófum verði best fyrir komið í tengslum við skólakerfi og löggæslu.

10. Fjárhagsmálefni.

Við yfirtöku hlutafélags á skoðunum og skráningu ökutækja eiga bifreiðaeigendur að greiða því þann kostnað, sem það hefur af þeim verkefnum, en niður falla annars vegar ábyrgð ríkissjóðs á hallarekstri bifreiðaskoðunar og hins vegar tekjur ríkissjóðs af skoðunar- og skráningargjöldum, sem verða kunna umfram kostnað.

Rekstrarniðurstaða Bifreiðaeftirlits ríkisins árin 1984–1986 og rekstraráætlun fyrir 1987 var sem hér segir (í þús. kr.):

Ár	Af fjárlögum	Sértekjur	Rekstrarkostn.
1984	38 825	13 867	52 692
1985	49 734	15 929	65 663
1986	76 944	29 228	106 172
1987 (áætl.)	92 151	43 567	135 714

Tekjur af skoðunar- og skráningargjöldum af bifreiða ásamt prófgjaldi voru sem hér segir á árunum 1984–1986:

Ár	Skoðunargjald	Skráningargjald	Prófgjald	Alls
1984	15 211	33 918	1 523	50 652
1985	22 668	47 390	2 051	72 109
1986	80 867	102 971	3 141	186 979

Endanlegar rekstrarniðurstöður fyrir 1987 liggja ekki fyrir en ljóst er að árin 1986 og 1987 hafa verið innheimt verulega hærri skoðunar- og skráningargjöld, en sem nemur kostnaði Bifreiðaeftirlits ríkisins.

Ef farið er að tillögu nefndarinnar um stofnun hlutafélags um bifreiðaskoðun og skráningu mun ríkissjóður eigi hafa tekjur af þessum verkefnum né ábyrgð á kostnaði við þau umfram það sem nemur arði af hlutafé ríkissjóðs og áhættu af hugsanlegri rýrnun hlutafjárins.

Gert er ráð fyrir að gjaldskrá fyrir aðalskoðun og skráningu bifreiða sé háð staðfestingu ráðherra og skal við þá ákvörðun m.a. miðað við að arður hluthafa í hlutafélaginu sé á bilinu 5,5—10%. En gert er ráð fyrir að afkoma félagsins byggist ekki síst á nýjum eftirlitsverkefnum, sem það afli sér.

Með nefndaráliti þessu fylgir áætlun um kostnað við byggingar og útbúnað skoðunarstöðva. Er þar gert ráð fyrir að bygging skoðunarstöðvar og skrifstofuaðstöðu í Reykjavík kosti um 75 milljónir króna og hver skoðunarstöð, sem byggð verður utan Reykjavíkur kosti 14,3 milljónir króna. Annar stofnkostnaður fyrirtækisins nemi 26 milljónum króna (verðlag í des. 1987).

Rekstraráætlun gerir ráð fyrir að jöfnuður náist við 160 milljón króna árstekjur (verðlag í des. 1987).

11. Eignaraðild að hlutafélagi.

Nefndin hefur kannað áhuga hagsmunaðila á því að gerast hluthafar í Bifreiðaskoðun Íslands hf. og er þá reiknað með því að hlutafé verði 80 milljónir króna og að eignarhlutur ríkissjóðs verði annaðhvort 41 eða 39 milljónir króna.

Nefndin telur ljóst, að aðilar innan Bílgreinasambandsins, tryggingafélög, Félag bifvélavirkja og Félag ísl. bifreiðaeigenda muni fús til að leggja fram nægilegt hlutafé á móti hlut ríkissjóðs, eins og hann verður ákveðinn.

12. Lokaorð.

Ef fallist verður á tillögur nefndarinnar, leggur hún til að stefnt verði að því að Bifreiðaskoðun Íslands hf. taki að fullu til starfa 1. janúar 1989 og að Bifreiðaeftirlit ríkisins verði lagt niður frá sama tíma. Þetta er þó miðað við að nauðsynlegar lagaheimildir verði veittar eigi síðar en í marsmánuði n.k. Að öðrum kosti mun eigi gefast tími til þess að koma upp fyrirhugaðri skoðunaraðstöðu í tæka tíð þannig að unnt verði að taka í notkun ný vinnubrögð við skoðun bifreiðanna í ársbyrjun 1989. Þá er og vakin athygli á málum núverandi starfsmanna Bifreiðaeftirlits ríkisins, sem leysa verður með nokkrum fyrirvara.

Eftirfarandi fylgiskjöl fylgja nefndaráliti þessu:

1. Drög að stofnsamningi Bifreiðaskoðunar Íslands hf.
2. Drög að samþykktun Bifreiðaskoðunar Íslands hf.
3. Drög að samningi milli dómsmálaráðherra og Bifreiðaskoðunar Íslands hf. um bifreiðaskoðun.
4. Teikningar af skoðunarstöð í Reykjavík og frumteikningar af lítilli staðlaðri skoðunarstöð, til nota utan höfuðborgarsvæðisins.
5. Áætlun Ágústs Þórs Jónssonar vélaverkfræðings dags. 5. desember 1987 um stofn- og rekstrarkostnað Bifreiðaskoðunar Íslands hf.
6. Tillaga að nýjum númeraskiltum fyrir bifreiðir.
7. Greinargerð Jónasar Þórs Steinarssonar dags. 16. nóvember 1987 um kostnað við núverandi númerakerfi, sem komast mætti hjá með fastnúmerakerfi.
8. Greinargerð Bifreiðaeftirlits ríkisins dags. 13. nóvember 1987 um kostnað við núverandi númerakerfi.
9. Tillaga um breytingar á 64. og 65. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
10. Drög að reglugerð um almenna skoðun ökutækja.

Reykjavík, 11. febrúar 1988.

Fylgiskjal 1.

Drög.

Stofnsamningur

fyrir Bifreiðaskoðun Íslands hf.

1. Heiti hlutafélagsins er Bifreiðaskoðun Íslands.
2. Heimili og varnarþing félagsins er í Reykjavík.
3. Tilgangur félagsins er að hafa með höndum eftirlit með ástandi og búnaði ökutækja og varðveislu og viðhald ökutækjaskrár í samvinnu við yfirvöld og að vinna að auknu umferðaröryggi í landinu. Nánar tiltekið eru verkefni félagsins sem hér segir:
   a. Árleg skylduskoðun skoðunarskyldra ökutækja.
   b. Gerðarskoðun ökutækja.
   c. Nýskráning ökutækja, sem eigi eru skráð af bifreiðaumboðum við gerðarskoðun.
   d. Aðrar skoðanir á ökutækjum í samræmi við reglugerðir.
   e. Varðveisla og viðhald ökutækjaskrár, sem er í eigu ríkisins.
   f. Tölvuskráning upplýsinga og útgáfa á tölfræðilegum upplýsingum um ökutæki á Íslandi.
   g. Framleiðsla og/eða sala númeraskilta á ökutæki.
   h. Aðgerðir í því skyni að auka umferðaröryggi.
   i. Ýmis eftirlitsverkefni skv. nánari ákvörðun stjórnar félagsins.
   j. Aflestur ökumæla í dísilbifreiðum eftir nánara samkomulagi við fjármálaráðuneytið.

   Félagið er stofnað á grundvelli samnings við dómsmálaráðherra dags. — um yfirtöku á skoðun ökutækja fyrir hönd hins opinbera til á tímabilinu 1989–2000, en stjórn félagsins getur einnig ákveðið að félagið taki að sér fleiri eftirlitsverkefni, jafnt fyrir hið opinbera sem og fyrir einkaaðila.
4. Hlutafé félagsins er 80 milljónir króna og skiptist það í 500 þús. króna hluti.
5. Stofnendur félagsins eru eftirtaldir aðilar:
   Ríkissjóður Íslands

   (nöfn annarra stofnenda)

6. Stofnendur munu veita einfalda ábyrgð á bráðabirgðalánum, sem nauðsynlegt verður að taka til uppbyggingar á skoðunarstöðvum félagsins þar til þær eru veðhæfar fyrir nýbyggingarlánum, en ekki er um frekari ábyrgðir stofnenda að ræða vegna félagsins.
7. Félagið greiðir sjálft þann kostnað, sem af stofnun þess leiðir svo sem skrásetningarkostnað, stimpilgjald af hlutabréfum og lögmannsaðstoð.
8. Hlutabréf skulu hljóða á nafn. Eigi eru lagðar hömlur á sölu eða veðsetningu þeirra af hálfu félagsins.
   Eigi fylgja nein sérréttindi hlutafjáreign í félaginu önnur en réttur til þess að skrá sig fyrir nýjum hlutabréfum í hlutfalli við hlutafjáreign sína í félaginu. Hverju hlutabréfi fylgir atkvæði.
   Hluthöfum er eigi skylt að sæta innlausn á hlutum sínum.

8. Stofnfund félagsins skal halda fyrir 1. apríl 1988 og verða þar lagðar fram til meðferðar samþykktir fyrir félagið, sem stofnendur hafa komið sér saman um.
9. Stofnsamningi verður eigi breytt án samþykkis allra hluthafa.
   Stofnsamningur þessi er gerður í einu eintaki, sem afhent verður hlutafélagaskrá, en allir stofnendur fá í hendur afrit samningsins.
   Framangreindu til staðfestu eru undirskriftir aðilja.

Reykjavík,

Fylgiskjal 2.

Drög.

Samþykktir

fyrir
Bifreiðaskoðun Íslands hf.

1. Heiti félagsins, heimili og tilgangur.

1.01. Félagið er hlutafélag. Nafn þess er: **Bifreiðaskoðun Íslands.**

1.02. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

1.03. Tilgangur félagsins er að hafa með höndum eftirlit með ástandi og búnaði ökutækja og skráningu þeirra í samvinnu við yfirvöld og að vinna að auknu umferðaröryggi í landinu. Nánar til tekið eru verkefni félagsins sem hér segir:

a. Árleg skylduskoðun skoðunarskyldra ökutækja.
b. Gerðarskoðun ökutækja.
c. Nýskráning ökutækja sem eigi eru skráð af bifreiðaumboðum.
d. Aðrar skoðanir á ökutækjum í samræmi við reglugerð.
e. Varðveisla og viðhald ökutækjaskrár, sem er í eigu ríkisins.
f. Tölvuskráning upplýsinga og útgáfa á tölfræðilegum upplýsingum um ökutæki á Íslandi.
g. Framleiðsla og/eða sala númeraskilta á ökutæki.
h. Aðgerðir í því skyni að auka umferðaröryggi.
i. Ýmis eftirlitsverkefni skv. nánari ákvörðun stjórnar félagsins.
j. Aflestur ökumæla í dísilbifreiðum eftir nánara samkomulagi við fjármálaráðuneytið.

Félagið er stofnað á grundvelli samnings við dómsmálaráðherra dags. um yfirtöku á skoðun ökutækja og viðhaldi ökutækjaskrár fyrir hönd hins opinbera á tímabilinu 1989 — 2000, en stjórn félagsins getur ákveðið að félagið taki að sér fleiri eftirlitsverkefni, jafnt fyrir hið opinbera sem og fyrir einkaðila.
Í því skyni að ná tilgangi sínum skal félagið byggja fullkomnar skoðunarstöðvar fyrir ökutæki á nokkrum stöðum á landinu en á öðrum stöðum skal framkvæma skoðanir með aðstoð færanlegra skoðunartækja. Félaginu er jafnframt heimilt að veita viðurkenndum aðilum með skoðunaraðstöðu heimild til að annast almenna skoðun eða tiltekna þætti skoðunar skv. nánari ákvörðun stjórnar félagsins.

2. Hlutafé félagsins.

2.01. Hlutafé félagsins er kr. 80 000 000 og skiptist það í 500 þús. króna hluti.

2.02. Þegar hluthafi hefur greitt hlut sinn að fullu skal honum afhent hlutabréf, sem stjórnin gefur út og veitir honum full réttindi, sem lög eða samþykktir félagsins mæla fyrir um.

2.03. Hlutabréf félagsins skulu vera tölusett með áframhaldandi númerum. Þau skulu hljóða á nafn.

Yfir hlutabréfin skal halda hlutaskrá í löggiltu formi. Skal hún ætíð geymd á skrifstofu hlutafélagsins og eiga allir hluthafar og stjórnvöld aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar. Í hlutaskrá skal greina:
2.03.01. Nöfn eigenda hlutabréfa.
2.03.02. Heimilisfang eigenda og kennitölu.
2.03.03. Fjölda hluta og númera á hlutabréfum.
2.03.04. Útgáfudag hlutabréfs.
2.03.05. Breytingar, sem verða kunna á skiptum félagsins og eigenda einstakra bréfa svo sem ef bréfið er ógilt með dómi.
Hlutabréf skal árita um þau atriði, sem talin eru upp í 21. gr. hlutafélagalaganna. Skulu stjórnarmenn félagsins allir setja nöfn sín undir hlutabréf og einn þeirra að minnsta kosti skal rita nafn sitt eigin hendi.
Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu og skal arður á hverjum tíma, svo og tilkynningar allar, sendast til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutabréfa á hlutaskrá félagsins. Ber félagið enga ábyrgð á því, ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna félaginu um breytingar á heimilisfangi. Nú glatast hlutabréf og skal þá eigandi fá nýtt bréf, jafnskjótt og félagsstjórninni hafa verið færðar sönnur á, að fenginn hafi verið ógildingardómur á hinu glataða bréfi. Ef hlutabréf skemmist, en þó verður eigi villst á tölu þess og efni getur eigandi þess fengið nýtt hlutabréf á sinn kostnað gegn því að skila aftur hinu skemmda bréfi.

2.04. Engar skorður eru á framsali hlutabréfa milli íslenskra aðilja skv. samþykktum þessum.

2.05. Hver hluthafi skal tilkynna stjórninni utanáskrift sína og má senda til hans allar tilkynningar um félagsmálefni með þeirri utanáskrift. Láti einhver hluthafi hjá líða að skýra frá slíkri utanáskrift, á hann ekki heimtingu á að fá tilkynningar, sem stjórnin kynni að ákveða að senda hluthöfum einum, nema því aðeins, að stjórn félagsins sé kunnugt um heimilisfang hans. Eigi á hann þá heldur rétt á, að fá arðgreiðslur sendar sér. Arðs getur hann hins vegar vitjað í skrifstofu félagsins innan þriggja ára frá því að hann varð gjaldkræfur, en geri hann það ekki, fellur arðurinn til félagsins.

2.06. Hver hluthafi er skyldur til án sérstakrar skuldbindingar að lúta samþykktum félagsins eins og þær eru nú eða þeim síðar kann að verða breytt á löglegan hátt. Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu. Þessu ákvæði verður ekki breytt né það fellt niður í ályktunum hluthafafundar.

3. Stjórnskipulag.

3.01. Með stjórn félagsins fara:
3.01.01. Hluthafafundir
3.01.02. Stjórn félagsins
3.01.03. Framkvæmdastjóri

4. Hluthafafundir.

4.01. Æðsta vald í öllum málefnum félagsins, innan þeirra takmarka, sem samþykktir þess og landslög setja er í höndum lögmætra félagsfunda. Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Umboð gildir aldrei lengur en 5 ár frá dagsetningu þess. Hluthafi má sækja fund ásamt ráðgjafa, en ráðgjafi hefur hvorki málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum.

4.02. Aðalfund skal halda fyrir lok apríl mánaðar ár hvert. Fundinn skal halda í Reykjavík eða á þeim stað, er stjórnin ákveður á hverjum tíma.
Til aðalfundar skal boða með tilkynningu til hvers hlutahafa í ábyrgðarbréfi, með símskeyti eða á annan sannanlegan hátt. Fundarefnis skal getið í fundarboði. Ef taka skal til meðferðar breytingar á samþykktum þessum skal greina meginefni breytingartillögu í fundarboði.
Fundinn skal boða með minnst einnar viku fyrirvara. Boðun skal ná til allra þeirra hluthafa, sem þess hafa óskað og skráðir eru í hlutaskrá. Aðalfundur er lögmætur, ef hann sækja fulltrúar, sem hafa yfir að ráða helmingi hlutafjárins hið minnsta. Nú reynist aðalfundur ólögmætur og skal þá kvatt til nýs fundar innan mánaðar með a.m.k. 7 daga fyrirvara og þess skal þá getið í fundarboði, að fundurinn sé haldinn í stað þess fyrri fundar, sem ekki varð lögmætur. Er hinn síðari fundur þá lögmætur til ákvarðana um þau mál, er ræða átti á fyrri fundi, hversu fáir sem sækja hann.

4.03. Stjórn félagsins skal kveðja til félagsfundar, þegar hún telur þess þörf svo og skv. fundarályktun eða þegar kjörnir endurskoðendur eða hluthafar, sem ráða fyrir minnst tíunda hluta hlutafjárins krefjast þess skriflega og greina fundarefni. Stjórnin tilkynnir hluthöfum fundarefnið með fundarboðinu. Slíkir aukafundir sem og aðrir venjulegir hluthafafundir skulu boðaðir á sama hátt og aðalfundur, þ.e. með minnst einnar viku fyrirvara. Þegar lögmæt krafa um fundarhald er fram komin, skal stjórninni skylt að boða til fundar í síðasta lagi innan tveggja vikna frá því, er henni barst krafan. Hafi félagsstjórnin eigi boðað til fundar innan þess tíma er heimilt að krefjast þess að ráðherra sá, er fer með málefni hlutafélaga, láti boða til fundarins. Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið fyrir á hluthafafundi, ef hann gerir skriflega kröfu um það til félagsstjórnar með nægilegum fyrirvara til þess að hægt sé að setja málið á dagskrá fundarins.

4.04. Á dagskrá aðalfundar skal taka þessi mál til afgreiðslu:
4.04.01. Skýrslu stjórnar um starfsemi félagsins s.l. starfsár.
4.04.02. Rekstrar- og efnahagsreikning félagsins fyrir liðið starfsár ásamt athugasemdum endurskoðenda, en reikningarnir skulu lagðir fram til staðfestingar fundarins.
4.04.03. Kosningu stjórnar, sbr. gr. 5.01.
4.04.04. Kosningu endurskoðenda, sbr. gr. 7.02.
4.04.05. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
4.04.06. Ákvörðun um þóknun til endurskoðenda.
4.04.07. Ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps félagsins á reikningsárinu.
4.04.08. Önnur mál.
Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/5 hluta hlutafjárins krefjast þess skriflega á aðalfundi, skal fresta ákvörðunum um liði 4.04.02 og 4.04.07. til framhaldsaðalfund-

ar, sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

4.05. Hluthafafundi stýrir fundarstjóri. Fundurinn kýs fundarstjóra úr hópi hluthafa eða umboðsmanna þeirra eða lögfróðra manna, sem stjórnin stingur upp á. Formaður félagsstjórnar eða annar fulltrúi, sem stjórnin tilnefnir í hans stað setur fundinn og stjórnar kjöri fundarstjóra. Þegar fundur hefur verið settur, skal gerð skrá yfir hluthafa og umboðsmenn hluthafa, er fund sækja, til þess að ljóst sé, hversu mörgum hlutum og atkvæðum hver þeirra ræður yfir. Skrá þessi skal notuð, þar til hluthafafundur samþykkir breytingar á henni.
Fundarstjóri skal kjósa fundarritara, sem heldur fundargerðabók. Í fundargerðabók skal skrá allar fundarsamþykktir og gagnorðar fundargerðir. Þá er fundargerð hefur verið lesin upp og samþykkt, skal fundarstjóri undirrita hana ásamt fundarritara.
Aðalfundi er heimilt að setja sérstök fundarsköp um fundi hluthafa og fundarstjóra skal jafnan fengið í hendur eintak hlutafélagalaganna og eintak af samþykktum þessum.

4.06. Á hlutahafafundum fylgir eitt atkvæði hverjum hlut í félaginu. Á hluthafafundi ræður afl atkvæða, nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða landslögum. Ef tillaga fær jafnmörg atkvæði með og móti telst hún fallin. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, þegar kjósa skal menn til starfa fyrir félagið skal hlutkesti ráða. Samþykki allra hluthafa þarf til þess að ráða til lykta málefnum þeim er greinir í 77. grein hlutafélagalaganna nr. 32/1978, sbr. þó grein 9.02. samþykkta þessara.

4.07. Rétt til að sitja hluthafafundi hafa, auk hluthafa og umboðsmanna þeirra, framkvæmdastjóri og endurskoðendur félagsins, þótt eigi séu þeir hluthafar. Hafa þeir fullt málfrelsi og tillögurétt. Einnig er stjórninni heimilt að bjóða sérfræðingum setu á einstökum fundum, ef leita þarf álits þeirra eða aðstoðar.

5. Stjórn félagsins.

5.01. Aðalfundur kýs árlega 7 menn í stjórn félagsins. Einnig 7 varamenn. Stjórnarmenn þurfa ekki að vera hluthafar í félaginu. Þeir skulu allir hafa búsetu hér á landi.
Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal.
Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst ¼ hlutafjárins krefjast þess, skal beita hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanns. Krafa um þetta skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir aðalfund. Ef atkvæði falla jöfn við stjórnarkjör, skal beita hlutkesti.

5.02. Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi. Formaður boðar stjórnina til funda og stýrir þeim. Fundi skal halda hvenær, sem hann telur þess þörf. Formanni er auk þess skylt að boða stjórnarfund að kröfu eins stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra. Stjórnarfundir eru ákvörðunarbærir, þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið, sé þess kostur. Ef stjórnarmaður forfallast vegna veikinda, fjarveru o.þ.h. skal varamanni veittur kostur á þátttöku í stjórnarfundum meðan forföllin standa.
Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum, falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns.

Stjórnin skal halda gerðabók um það, sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni.
Hún skal einnig halda sérstaka bók um hlutafjáreign stjórnarmanna, og framkvæmdastjóra, ef um það er að ræða, og hún skal færa í hana yfirlýsingar þær er um getur í hlutafélagalögum nr. 32/1978.

5.03. Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda.
Meginskyldur hennar eru:
5.03.01. Að ráða framkvæmdastjóra, ákveða laun hans og ráðningarkjör, ákvarða starfsskipulag, setja erindisbréf, veita prókúruumboð og skera úr um ágreining, sem upp kynni að koma milli framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna.
5.03.02. Að hafa stöðugt og ítarlegt eftirlit með öllum rekstri félagsins, sjá um að fylgt sé settum reglum, jafnt lagareglum sem reglum er hluthafafundir eða stjórn hafa ákveðið og sjá um að gerðar séu áætlanir um rekstur félagsins til skemmri og lengri tíma.
Sérstaklega skal stjórnin gæta þess að nægilegt eftirlit sé með bókhaldi og fjármunameðferð og hún skal taka ákvarðanir um þau framtíðarmarkmið, sem stefnt skal að á hverjum tíma.
5.03.03. Að koma fram fyrir félagsins hönd gagnvart dómstólum og stjórnvöldum.
5.03.04. Að taka ákvörðun um gjaldskrá félagsins fyrir veitta þjónustu. Ákvörðun stjórnar um gjald fyrir skoðun ökutækja þarf þó að hljóta samþykki dómsmálaráðherra hverju sinni.
5.03.05. Að ráða fram úr öðrum málum, sem hún telur nauðsyn á hverju sinni og þeim málum, sem vísað er til sérstakrar úrlausnar hennar af hluthafafundi.

5.04. Stjórn félagsins hefur heimild til að skuldbinda það og er undirskrift stjórnarmanna nægileg, þ. á m. til veðsetningar og sölu einstakra eigna félagsins. Ákvarðanir um sölu á meginhluta eða öllum eignum félagsins þurfa staðfestingar hluthafafundar.

6. Framkvæmdastjóri.

6.01. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem félagsstjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert skv. sérstakri heimild frá félagsstjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsmenn félagsins. Í slíkum tilvikum skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.
Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn félagsins, hafa skal hann samráð við stjórnina um ráðningu starfsmanna í stjórnunarstörf. Hann segir og upp starfsmönnum og fjallar um launamál þeirra.

6.02. Framkvæmdastjóri er skyldur að hlíta öllum fyrirmælum stjórnar. Hann skal veita henni og endurskoðendum allar þær upplýsingar, sem óskað er eftir.
Framkvæmdastjóri er ekki kjörgengur í stjórn félagsins.

7. Ársreikningar og endurskoðun.

7.01. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skal gerð ársreiknings lokið í síðasta lagi mánuði fyrir aðalfund ár hvert og hann þá afhentur endurskoðendum til endurskoðunar.

7.02. Á aðalfundi skal kjósa tvo endurskoðendur til eins árs í senn og skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfirma.
Endurskoðendur mega þó ekki vera stjórnarmenn félagins, framkvæmdastjóri eða aðrir stjórnendur né í þjónustu þeirra.
Endurskoðendur skulu rannsaka allt reikningshald, meðferð fjármuna og samræmi milli rekstrarárangurs annars vegar og settra markmiða, áætlana og ákvarðana stjórnar hins vegar.
Halda skal sérstaka endurskoðunarbók í samræmi við 39. gr. hlutafélagalaganna og skal þar skrá ábendingar og athugasemdir, sem endurskoðendur vilja koma á framfæri við stjórn eða framkvæmdastjóra.
Endurskoðendur skulu gera endurskoðunarskýrslu í samræmi við 68. gr. hlutafélagalaga og skal hún vera komin í hendur stjórnar í síðasta lagi 10 dögum fyrir aðalfund.

7.03. Ársreikningar skulu samdir fyrir hvert reikningsár og skulu þeir hafa að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning og efnahagsreikning og uppsetningu þeirra hagað svo sem fyrir er mælt í XII. kafla hlutafélagalaga.

8. Eigið hlutafé félagsins.

8.01. Félaginu er heimilt að eiga eigið hlutafé allt að 10% — tíu af hundraði — en leitast skal stjórnin við að losa félagið á heilbrigðan hátt við þau hlutabréf, sem eðlilegt væri talið að kaupa innan félagsins. Óheimilt er að taka eigin hlutabréf að veði til tryggingar lánum til hluthafa. Aldrei má nota atkvæði þau, sem fylgja hlutum, er félagið kynni að eiga sjálft og skulu þau talin frá við ákvörðun atkvæðamagns í félaginu.

9. Breytingar á samþykktum félagsins.

9.01. Samþykktum félagsins má breyta á löglega boðuðum aðalfundum félagsins enda sé þess rækilega getið í fundarboði, að slíkar breytingar séu fyrirhugaðar og í hverju þær felist í meginatriðum. Með breytingunni þurfa að greiða atkvæði a.m.k. ⅔ hlutar greiddra atkvæða svo og hluthafar, sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess hlutafjár, sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.

9.02. Ákvæðum samþykkta þessara um atkvæðisrétt hluthafa og jafnrétti þeirra á milli verður þó ekki breytt nema með samþykki meira en 9/10 hluta atkvæða allra hluthafa, sbr. 77. gr. hlutafélagalaga nr. 32/1978.

10. Slit á félaginu.

10.01. Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu og fer þá um tillögur þar að lútandi sem um lagabreytingar, sbr. 114. gr. hlutafélagalaga nr. 32/1978. Hið sama á við um hvers konar samruna eða sameiningu félagsins við önnur félög og um sölu á öllum eignum þess. Fundur sá sem samþykkir á lögmætan hátt að slíta félaginu, kveður og á

um, hvernig ráðstafa skuli eignum þess og greiðslum skulda í samræmi við XIV. kafla hlutafélagalaga.

11. Önnur ákvæði.

11.01. Ákvæði samþykkta þessara eru sett í samræmi við hlutafélagalög nr. 32/1978 og í mörgum tilvikum til nánari útfærslu á ákvæðum þeirra, en um öll vafaatriði vísast til ákvæða laganna. Verði lögum nr. 32/1978 breytt á einhvern þann hátt, að það geti hugsanlega raskað gildi samþykkta þessara eða breytt efni þeirra frá birtingardegi, skal stjórn félagsins tafarlaust láta kanna áhrif lagabreytinganna og ef ástæða þykir til breytinga á samþykktum þessum að mati eins eða fleiri stjórnarmanna, skal taka málið til meðferðar á næsta aðalfundi félagsins.

Þannig samþykkt á stofnfundi félagsins, hinn 1988.

Fylgiskjal 3.

Drög.

Samningur dómsmálaráðherra.

Dómsmálaráðherra skv. heimild í lögum nr. ... **annars vegar** og eftirtaldir aðilar, sem ásamt ríkissjóði hyggjast stofna hlutafélag undir nafninu: Bifreiðaskoðun Íslands **hins vegar** gera með sér svohljóðandi:

s a m n i n g

1. gr.

Bifreiðaskoðun Íslands hf. tekur að sér skoðun ökutækja, sbr. 67. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Framkvæmir félagið skoðun ökutækja en er jafnframt heimilt að veita viðurkenndum aðilum með skoðunaraðstöðu heimild til að annast almenna skoðun eða tiltekna þætti skoðunar skv. nánari ákvörðun stjórnar félagsins.

2. gr.

Bifreiðaskoðun Íslands hf. tekur að sér að uppfæra og annast rekstur á ökutækjaskrá, sem er í eigu ríkisins og í umsjá dómsmálaráðuneytisins. Skráin er tölvuskráð og varðveitt hjá Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar.

Bifreiðaskoðun Íslands hf. er heimilt að selja aðgang að bifreiðaskrá og upplýsingar úr skránni skv. reglum, sem dómsmálaráðuneytið staðfestir til annarra en þeirra stofnana ríkisins, er fara með löggæslu, innheimtu og hagtölugerð, en þær skulu hafa ókeypis aðgang að skránni.

3. gr.

Bifreiðaskoðun Íslands hf. annast nýskráningu ökutækja og framleiðslu og/eða sölu á númeraskiltum í því sambandi. Er þá miðað við að ökutæki beri sama skrásetningarnúmer frá nýskráningu til þess tíma er notkun bifreiðarinnar er endanlega hætt. Fyrirtækið tekur einnig að sér aflestur á ökumælum fyrir dísilbifreiðir eftir nánara samkomulagi við fjármálaráðuneytið og því er ætlað að taka að sér önnur eftirlits- og skoðunarverkefni eftir nánari ákvörðun stjórnar félagsins.

4. gr.

Markmið félagsins er að byggja upp fullkomna skoðunaraðstöðu fyrir aðalskoðun ökutækja og að veita eigendum þeirra aukna þjónustu jafnframt því sem unnið sé að auknu umferðaröryggi í landinu.

Félagið mun í upphafi byggja nýja skoðunarstöð í Reykjavík og á 3–4 stöðum utan Reykjavíkur, en jafnframt verður kappkostað að bæta jafnframt aðstöðu til skoðunar ökutækja á öðrum stöðum.

5. gr.

Stjórn félagsins ákveður gjaldskrá þess fyrir veitta þjónustu, en gjald fyrir aðalskoðun ökutækja skal þó háð staðfestingu dómsmálaráðherra.

Skal við það miðað, að rekstrartekjur fyrirtækisins nægi fyrir eðlilegum rekstrarútgjöldum og að hluthöfum skuli árlega greiddur eigi lægri en 5,5% arður af hlutafjáreign sinni að teknu tilliti til heimilaðrar útgáfu jöfnunarhlutabréfa og eigi hærri en 10%.

Hagnaði félagsins skal að öðru leyti varið til þess að byggja upp fullkomna skoðunaraðstöðu fyrir ökutæki og efla almennt umferðaröryggi í landinu.

6. gr.

Dómsmálaráðherra hefur fyrir sitt leyti samþykkt stofnsamning og samþykktir fyrir Bifreiðaskoðun Íslands hf.

Fylgiskjal 4.




2. HÆÐ
1. HÆÐ



VESTURHLIÐ



AUSTURHLIÐ



BIFREIÐAEFTIRLIT RÍKISINS, LYNGHÁLSI

ÚTLIT, VESTUR OG AUSTUR, SKURÐUR, MÆLIKVARÐI 1:100, ÁGÚST '87

SVERRIR NORÐFJÖRÐ ARKITEKT F.A.Í., VINNUSTOFAN HREFNUGÖTU 8, 105 R., S. 27320

Sverrir Norðfjörð



NORÐURHLIÐ



SUÐURHLIÐ

BIFREIÐAEFTIRLIT RÍKISINS, LYNGHÁLSI

ÚTLIT, SUÐUR OG NORÐUR, MÆLIKVARÐI 1:100, ÁGÚST '87

SVERRIR NORÐFJÖRÐ ARKITEKT F.A.Í., VINNUSTOFAN HREFNUGÖTU 8, 105 R., S.27320

Þingskjal 692

2949



BÍFREIÐAEFTIRLIT, DÆMI UM LAUSN, PLAN, M: 1:100

SVERRIR NORÐFJÖRÐ ARKITEKT, HREFNUGÖTU 8, 105 R., SEPT. '87

Fylgiskjal 5.

Ágúst Þór Jónsson, verkfræðingur
Túngötu 6
Reykjavík
Sími 26305

5. desember 1987

Til nefndar um bílaskoðun.

Að ósk nefndarinnar hefi ég gert áætlanir um stofnkostnað og rekstrarkostnað Bifreiðaskoðunar Íslands hf. Áætlanir eru byggðar á teikningum sem gerðar hafa verið af fyrirhuguðum skoðunarstöðvum og athugunum á hugsanlegu rekstrarformi hins nýja fyrirtækis.

Stofnkostnaður.

Í tillögum þeim sem gerðar hafa verið um uppbyggingu á Bifreiðaeftirliti Íslands hf. er gert ráð fyrir að byggð verði stór skoðunarstöð í Reykjavík og fjórar úti á landi. Skoðunarstöðin í Reykjavík verður með 6 brautum fyrir litla bíla og einni fyrir stóra bíla. Þá er gert ráð fyrir að aðalstöðvar félagsins verði í Reykjavík og því aðalskrifstofa félagsins þar. Úti á landi er gert ráð fyrir að í stöðvunum verði ein braut og skrifstofuaðstaða.

Kostnaður við byggingar og útbúnað í stöðvarnar áætlast að verða eins og hér segir:

Skoðunarstöð og skrifstofuaðstaða í Reykjavík.

	kr.
1) Bygging húss	41.847.000,00
2) Tæki í skoðunarstöð	20.874.000,00
3) Lóð	12.120.000,00
Alls kr.	74.814.000,00

Skoðunarstöð úti á landi.

	kr.
1) Bygging húss	8.488.000,00
2) Tæki í skoðunarstöð	4,850.000,00
3) Lóð	1,500.000,00
Alls kr.	14.338.000,00

Ef byggðar verða fjórar skoðunarstöðvar verður heildarfjárfesting í skoðunarstöðvum úti á landi kr. 57.352.000,00

Annar stofnkostnaður.

Við stofnsetningu fyrirtækisins má einnig reikna með eftirfarandi kostnaði:

	kr.
1) Tölvur	6.500.000,00
2) Kaup á lóðum, í Reykjavík og fjórar úti á landi.	11.000.000,00
3) Tækniaðstoð við kerfissetningu skoðunarinnar	2.500.000,00
4) Ýmis annar búnaður	6.000.000,00
Alls	26.000.000,00

Heildarstofnkostnaður.
Stofnkostnaður verður því sem hér segir:

1) Skoðunarstöð í Reykjavík	74.814.000,00
2) Fjórar skoðunarstöðvar úti á landi	57.352.000,00
3) Annar stofnkostnaður	26.000.000,00
Alls	158.166.000,00

Kostnaðartölur þessar eru miðaðar við verðlag 1. desember 1987.
Í byggingarkostnaði er innifalinn allur kostnaður við byggingarnar þ.m.t. hönnunar- og stjórnunarkostnaður.

Rekstrarkostnaður.
Undirritaður hefur gert lauslega áætlun um rekstrarkostnað Bifreiðaskoðunar Íslands hf., fyrir eitt ár.

Við gerð þessarar áætlunar hafa m.a. eftirfarandi forsendur verið lagðar til grundvallar:

a) Gert er ráð fyrir að í rekstri verði skoðunarstöðin í Reykjavík og fjórar stöðvar úti á landi, en að verkstæði annist skoðanir þar sem skoðunarstöðvar eru ekki.
b) Reiknað er með að fastnúmerakerfi verði komið á.
c) Gert er ráð fyrir að númeraplötur verði framleiddar af undirverktaka.
d) Gert er ráð fyrir að heildarstarfsmannafjöldi verði 56 menn.
e) Við ákvörðun launataxta er ekki stuðst við gildandi kauptaxta heldur er reynt að meta laun miðað við raungreiðslur eins og þær gerast á markaðnum nú, hjá hverjum fagmanni fyrir sig.
f) Reiknað er með að flestar endurskoðanir í Reykjavík fari fram á verkstæðum.

Rekstrarkostnaður:

1) Launakostnaður	kr.	83.500.000,00
2) Tölvukostnaður	kr.	9.000.000,00
3) Ferðakostnaður	kr.	4.800.000,00
4) Húsnæðiskostnaður	kr.	5.000.000,00
5) Fjármagnskostnaður	kr.	17.000.000,00
6) Tækjakostnaður	kr.	3.900.000,00
7) Fyrningar	kr.	11.080.000,00
8) Skattar	kr.	5.050.000,00
9) Arður til huthafa	kr.	6.000.000,00
10) Ýmis kostnaður	kr.	15.000.000,00
Alls	kr.	160.330.000,00

Tekjur:		
1) Sala á númeraplötum	kr.	16.500.000,00
2) Sala á upplýsingum	kr.	5.500.000,00
3) Tekjur af verktökum	kr.	6.000.000,00
4) Ýmsar tekjur, s.s. vegna sölu á heimamerkingum, endurskoðunum, milliskoðunum og sérþjónustu við lögreglu og tryggingafélög	kr.	21.000.000,00
5) Tekjur vegna aðalskoðunar	kr.	111.330.000,00
Alls	kr.	160.330.000,00

Athugasemdir við sundurliðun:

Um 1) Við ákvörðun launataxta er ekki stuðst við gildandi kauptaxta, heldur er reynt að meta laun miðað við raungreiðslur eins og þær gerast á markaðnum í dag hjá hverjum hóp fyrir sig.
Um 2) Með tölvukostnaði er átt við uppbyggingu og viðhald á forritum, kostnað vegna samskipta milli staða o.fl.
Um 3) Hér er reiknað með kostnaði vegna ferða starfsmanna við eftirlit með verkstæðum, samskipti við samstarfsaðila erlendis o.fl.
Um 4) Reiknað er með kostnaði vegna hita og rafmagns, ásamt kostnaði við viðhald.
Um 5) Hér er reiknað með greiðslu vaxta og afborgana af lánum.
Um 6) Hér er reiknað með viðhaldskostnaði á tækjum og minni háttar tækjakaupum.
Um 7) Reiknað er með 4% fyrningum á fasteignum, miðað við stofnkostnað og 20% fyrningum á tækjum miðað við stofnkostnað.
Um 8) Hér er reiknað með aðstöðugjöldum (1,3%), eignarskatti (1,1% af stofnkostnaði fasteigna), fasteignasköttum (0,4% af stofnkostnaði fasteigna) og tekjuskatti af arði greiddum hluthöfum. Þá er reiknað með 1% til greiðslu á ýmsum ótilgreindum smágjöldum.
Um 9) Arður reiknast sem 7,5%.
Um 10) Hér er reiknað með ýmsum breytilegum kostnaði sem er tilfallandi.

Ekki er nauðsynlegt að gera sérstaka grein fyrir sundurliðun á tekjum.

Við gerð þessarar áætlunar er ljóst að mat á mörgum þáttum rekstrarins er bundið mikilli óvissu og ber því að taka áætluninni með þeim fyrirvörum sem þar af leiðir.

Uppbyggingarhraði.

Í umræðu þeirri sem fram hefur farið að undanförnu um Bifreiðaskoðun Íslands hf. hefur verið stefnt að því að félagið verði stofnað í byrjun ársins 1988 og að þá verði strax hafist handa við uppbyggingu þess, og þess vænst að starfsemi í skoðunarstöðinni í Reykjavík verði að fullu hafin 1. janúar 1989.

Í áætlunum þeim sem lýst er hér að framan er reiknað með að fyrirtækið sé fullbyggt, en aðstaða félagsins til skoðana ekki fullnýtt, sérstaklega ekki úti á landi. Við uppbyggingu félagsins þarf í byrjun að gera framkvæmdaáætlun, sem tekur mið af því að sem skemmstur tími líði þar til bifreiðaskoðun um land allt verði orðin sambærileg við skoðunina í Reykjavík.

Megindrættir framkvæmdaáætlunar gætu verið þessir:

Árið 1988.

Félagið stofnað, framkvæmdastjóri ráðinn strax ásamt helstu lykilmönnum, en stefnt að því að fullráða til félagsins eigi síðar en í desember 1988.

Skoðunarstöðin verði hönnuð og framkvæmdir hafnar eigi síðar en í apríl og við það miðað að byggingarvinnu og uppsetningu tækja verði lokið 1. desember 1988.

Unnið verði að gerð skoðunarreglna og skipulag fyrirtækisins ákveðið.

Starfsfólk verði menntað og við það miðað að prufuvinna í stöðinni geti hafist 15. desember.

Ákveðið verði fyrirkomulag skoðunar úti á landi þegar Bifreiðaeftirlit ríkisins hættir störfum 1. janúar 1989.

Áætlaður stofnkostnaður ársins er kr. 93.314.000,00.

Árið 1989.

Full starfsemi fyrirtækisins hefjist 1. janúar. Leitast verði við að treysta reksturinn og lagfæra það sem miður hefur tekist í skipulagningunni.

Áætlaður stofnkostnaður ársins er enginn.

Árið 1990.

Reynsla af starfsemi félagsins fyrsta árið verði metin, sérstaklega með tilliti til gæða skoðunarinnar og hafist verði handa við hönnun lítillar staðlaðrar skoðunarstöðvar og byggingu einnar lokið.

Áætlaður stofnkostnaður ársins er kr. 17.239.000,00.

Árið 1991.

Byggðar verði tvær skoðunarstöðvar úti á landi.

Áætlaður stofnkostnaður ársins er kr. 31.743.000,00

Árið 1992.

Byggð verði ein skoðunarstöð úti á landi.

Áætlaður stofnkostnaður ársins er kr. 15.870.000,00

Gerð hefur verið framkvæmdaáætlun um byggingu stöðvarinnar í Reykjavík sem fylgir hér með.

Greiðsla hlutafjár.

Samkvæmt tillögu dómsmálaráðherra er gert ráð fyrir að hlutafé félagsins verði kr. 80.000.000,00. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður leggi fram kr. 40.800.000,00 sem hlutafé, þ.e. 51%, en að aðrir leggi fram kr. 39.200.000,00 eða 49%.

Verði greiðsla hlutafjár miðuð við stofnkostnað félagsins gætu innborganir til félagsins orðið sem hér segir:

	Ríkissjóður kr.	Aðrir kr.	Alls kr.
Árið 1988	12.036.000	11.564.000	23.600.000
Árið 1989	12.036.000	11.564.000	23.600.000
Árið 1990	4.447.200	4.272.800	8.720.000
Árið 1991	8.185.500	7.864.500	16.050.000
Árið 1992	4.095.300	3.934.700	8.030.000
Alls	40.800.000	39.200.000	80.000.000

Virðingarfyllst

Ágúst Þór Jónsson, verkfræðingur.

Fylgiskjal 6.

Skoðunarmiði, þar sem fram kemur númer ökutækis og skoðunarmánuður.

Afmarkaður reitur, þar sem setja má ÍS-merki, merki sveitarfélags eða lögsagnarumdæmis.



Tillaga að númeraspjöldum
(Stærð 70% af heildarstærð)



FRAMKVÆMDA'ÁÆTLUN 1988





Fylgiskjal 7.

Reykjavík, 13.11. 1987.

Punktar v/kostnaðar við núverandi númerakerfi.

Ljóst er að meirihluti notaðra bíla er seldur milli einstaklinga beint eða gegnum almennar bílasölur. Eigi að síður er vaxandi að notaðir bílar séu teknir upp í nýja í bílaumboðunum. Þá sér umboðið um að umskrá og hef ég kannað hvern kostnað þessir aðilar telja vera í þessu sambandi. Hér er um að ræða beinan kostnað en hjá þeim sem þekkja kerfið og vinna við það. Ekki er hægt að ætla kostnað einstaklinga minni, þó hann sé oft óbeinn.

Skv. ársskýrslu Bifreiðaeftirlitsins voru umskráningar á árinu 1986 um 30 þúsund og reikna má með að þær séu þó nokkuð fleiri í ár. Ég bað nokkra aðila að huga að því hve mikill kostnaður væri því samfara, að þurfa alltaf að vera að skipta um númer á bílunum og áætla hver kostnaður hjá þeim væri við hverja umskráningu. Þær niðurstöður sem menn komust að voru almennt í kringum 2000—3000 kr. Aðeins er reiknuð sú vinna sem er aukalega við það, að umskrá þurfi bíla og skipta um númer. Ef reiknað er með kr. 2.500.- að meðaltali og 30 þúsund umskráningum er hér um að ræða 75 milljón króna kostnað.

Hér er að sjálfsögðu um að ræða reiknaðan kostnað því í mörgum tilfellum sjá menn um hlutina sjálfir, en ekki fyrirtækin, þannig að menn umskrá sína bíla sjálfir en þá kemur að sjálfsögðu til vinnutap og sá tími sem menn missa frá vinnu við að sjá um umskráningu og allt annað umstang í kringum þetta. Ef við lítum á dæmi frá einu umboði um, hvernig hlutirnir ganga fyrir sig þegar Jón Jónsson kaupir nýjan bíl af umboði og umboðið tekur bíl upp í andvirði nýja bílsins. Við reiknum með að Jón sé með gamalt númer sem hann vill halda og það númer á að fara á nýja bílinn hans. Umboðið skráir bílinn á sitt nafn og selur bílinn síðan Birni sem skráir bílinn á sitt nafn og sitt númer.

Dæmi:		Kostnaður	Númer	Tími
Jón á bíl	K-301			
Umboðið kaupir bílinn	R-96001 Umskr. og eigendask.	2200	1200	1½
Umboðið selur bílinn	R-96001			
Björn kaupir bílinn	R-90100 umskr. og eigendask.	4400	1200	1½
Jón kaupir nýjan bíl	K-301	2200	2200	1½
		8800	4600	4½

Af þessu má sjá að það sem greitt er Bifreiðaeftirlitinu er kr. 8800 + fyrir númerin kr. 4600 því Jón hafði m.a. viljað fá sérstök númer með endurskini og var það því aðeins dýrara hjá honum. Kostnaðurinn við umskráningu og eigendaskipti er í þessu dæmi dýrasti hlutinn eða um kr. 9000 fyrir tvær umskráningar og eigendaskipti eða um 135 milljónir fyrir 30 þúsund umskráningar og eigendaskipti. Ljóst er að ef farið yrði yfir í það kerfi að númerin yrðu föst á bílnum og eigendaskipti ekki annað en að viðkomandi söluaðili skrái

eigendaskiptin inn í bifreiðaskrá í tölvu sinni á starfsstað þá er þar um lítinn kostnað að ræða og engan veginn þær háu tölu sem eru í þessu dæmi. Tíminn hér í dæminu að ofan er aðeins verktíminn við að sinna þessu og miðast við að allt sé í lagi, allir pappírar svo sem hreint veðbókarvottorð, sölutilkynning og tryggingar séu fyrir hendi og tíminn sem fer í að afla slíkra hluta er ekkert reiknaður með. Til viðbótar er önnur vinna í umboðinu sem tengist þessu. Einnig er gert ráð fyrir að viðkomandi sé kunnugur í Bifreiðaeftirlitinu og viti hvernig kerfið virkar. Þá kemur ekki inn í þau tilvik þegar númeraplötur finnast ekki, þegar búið er að eyðileggja plötur af því þær hafa legið of lengi inni, eða plötur ekki komnar utan af landi eða hafa týnst. Af þeim sökum dregst afhending nýrra bíla oft og alls konar vandræði hljótast af þessum flutningi á númeraplötum fram og til baka. Eins og fram kemur þá áætla þeir sem ég ræddi við, að kostnaður við þessa vinnu sé 2—3 þúsund á bíl. Til viðbótar kemur það sem greitt er Bifreiðaeftirlitinu.

Það er ljóst að fastnúmerakerfi mundi spara verulega og minnka til muna kostnað og umstang bifreiðaeigenda. Er ekki út í hött að maður í Reykjavík sem kaupir sér nýjan bíl og er jafnvel ekkert að velta fyrir sér að halda númerinu á gamla bílnum, geti komið af stað keðjuverkun umskráninga og eigendaskipta með því t.d. að kaupa bíl af umboði sem staðsett er í Kópavogi? Hann fær nýjan bíl á nýju númeri þannig að þar er aðeins um nýskráningu að ræða, en gamli bíllinn sem umboðið tók upp í það færist yfir á nafn umboðsins. Þar sem maðurinn átti heima í Reykjavík en umboðið staðsett í Kópavogi þá fer bíllinn á Y-númer. Síðan er þessi bíll seldur einhverjum sem býr utan Kópavogs og þá þarf aftur að umskrá bílinn. Því er hér um að ræða alveg að þarflausu tvær umskráningar og ef við reiknum með tölunni 2.500.- eins og gert var í upphafi þá er það kostnaður upp á kr. 5000.- og síðan er Bifreiðaeftirlitinu greitt a.m.k. 6.800.- fyrir þetta eða um 11.800.- kostnaður. Hér hefur kannski verið um að ræða bíl sem var að verðmæti í kringum 100.000.- og er því kostnaður í kringum 10% af verðmæti bílsins. Í þessu dæmi hafði enginn áhuga á að halda númeri aðeins er um að ræða kostnað vegna kerfisins sjálfs.

Hægt er að hafa langt mál um þetta númerakerfi, en ljóst er að ef því er ekki breytt, er það verulegur þröskuldur í vegi fyrir þeirri hagræðingu sem unnið hefur verið að varðandi nýskráningar auk þess kostnaðar sem hlýst af þessum eilífu umskráningum. Þá verður að hafa í huga að tölvusamskipti milli aðila gera nú eigendaskipti að sáralitlu máli og að í raun má segja að nærri allur sá kostnaður sem fer í umskráningu og eigendaskipti í dag geti sparast.

Reykjavík, 16. nóvember 1987.

Jónas Þór Steinarsson.

Fylgiskjal 8.

Til athugunar.

Meðf. greinargerð var gerð að beiðni Gunnars G. Schram 26. febr. sl. vegna umræðna í þingnefnd.

Í greinargerðinni er miðað við rauntölur úr rekstri bifreiðaeftirlitsins árið 1986 með 15% verðbótum.

Í greinargerðinni kemur fram áætlaður sparnaður í rekstri Bifreiðaeftirlits ríkisins miðað við að fastnúmerakerfi bifreiða sé tekið upp og núverandi kerfi aflagt.

Allar niðurstöður greinargerðarinnar eru enn í fullu gildi.

F.h. Bifreiðaeftirlits ríkisins,
Haukur Ingibergsson,
framkvæmdastjóri.

Hr. alþingismaður,
Gunnar G. Schram,
Alþingi v/Austurvöll,
Reykjavík.

Reykjavík, 26.02. 1987.

Í símtali okkar hinn 24. febrúar s.l. beindir þú þeirri spurningu til mín hver árlegur sparnaður mundi verða í rekstri Bifreiðaeftirlits ríkisins ef tekið yrði upp fastnúmerakerfi í bifreiðar í stað þess tvöfalda kerfis sem nú er á skráningu bifreiða. Svarið við spurningunni er þetta.

1. Forsendur.

Svarið miðað við eftirgreindar forsendur.

1.1. Rauntölur úr rekstri Bifreiðaeftirlitsins árið 1986.
1.2. Að fastnúmerakerfi sé alfarið tekið upp og engar undantekningar á því gerðar.
1.3. Að önnur starfsemi Bifreiðaeftirlitsins sé óbreytt.
1.4. Að fjöldi umskráninga á ári sé 37.381 (rauntala 1986).

2. Mat á sparnaðarmöguleikum.

Við mat á sparnaði í rekstri er einkum höfð hliðsjón af þremur atriðum:

2.1. Úttekt sem Hagvangur gerði á starfsemi Bifreiðaeftirlitsins árið 1979 en þá voru einstakir starfsþættir tímamældir og var niðurstaða Hagvangs sú að umskráning með númeraskiptum tæki að meðaltali 29 mínútur auk þess sem gera mætti ráð fyrir öðrum eins dauðum tíma vegna ójafns aðstreymis verkefna.
2.2. Útreikningi Bifreiðaeftirlitsins sem kemur fram í ársskýrslu fyrirtækisins um skiptingu vinnuafls á milli verkefna árin 1984 og 1985 en þar kemur eftirfarandi fram:

Skipting á milli verkefna.

	1984			1985		
Nýskráningar	2.2	menn	3.1%	2.4	menn	3.2%
Afskráningar	1.8	menn	2.4%	1.2	menn	1.6%
Umskrán. og eig.skipti	28.1	menn	38.4%	30.0	menn	40.3%
Skoðanir	29.0	menn	39.6%	28.7	menn	38.5%
Aflestur ökumæla	3.8	menn	5.2%	4.0	menn	5.3%
Almenn próf	8.3	menn	11.3%	8.2	menn	11.1%
Alls	73.2	menn	100.0%	74.5	menn	100.0%

2.3. Mat á þeim breytingum og einföldun sem mun verða á öllu afgreiðslukerfi og ýmsum öðrum verkþáttum Bifreiðaeftirlitsins við númerakerfisbreytingu.

3. Niðurstaða.

Áætlaður sparnaður í rekstri Bifreiðaeftirlits ríkisins árið 1987 á ársgrundvelli miðað við að fastnúmerakerfi væri í notkun allt árið er sem hér segir:

3.1. Launakostnaður.

11 bifreiðaeftirlitsmenn	× 877 þús. kr.	9.647 þús. kr.
4 skrifstofumenn	× 491 þús. kr.	1.964 þús. kr.

3.2. Annar kostnaður.

Annar kostnaður en launakostnaður nam 610 þús. kr. á hvern starfsmann árið 1986. Miðað er við að ⅔ hlutar þessa kostnaðar hverfi á hvern starfsmann sem sparast 406 þús. kr. x 15 starfsmenn. 6.090 þús. kr.

3.3. Verðhækkun milli ára 1986/87.

Miðað er við að verðlagshækkun á milli ára verði 15%

17.701 þús. kr. × 15%.	2.655 þús. kr.
Áætlaður sparnaður 1987.	20.356 þús. kr.

Við þennan sparnað Bifreiðaeftirlitsins bætist verulegt hagræði fyrir ýmsar opinberar stofnanir t.d. tekjudeild fjármálaráðuneytisins, ríkisbókhald, tollstjóra, sýslumenn og fógeta auk tryggingafélaganna. Er þá ótalið hagræði einstaklinganna af því að þurfa ekki að umskrá þótt keypt sé notuð bifreið.

F.h. Bifreiðaeftirlits ríkisins,
Haukur Ingibergsson,
framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal 9.

Tillaga um breytingu á umferðarlögum.

Frá nefnd sem fjallar um bifreiðaskoðun og bifreiðaskráningu.

Eftirfarandi breytingar verði gerðar á umferðarlögum nr. 50 30. mars 1987, vegna breytinga á bifreiðaskoðun og skráningu.

1. gr.

2. mgr. 64. gr. falli niður.

2. gr.

Við 65. gr. bætist ný málsgr. svohljóðandi:

Fela má hlutafélagi sem ríkissjóður á hlut í að annast skráningu ökutækja, skoðun þeirra og eftirlit, sbr. 1. mgr. Tekur hlutafélagið þá við hlutverki Bifreiðaeftirlits ríkisins skv. nánari ákvörðun dómsmálaráðherra, sem einnig fer með mál er varða eignaraðild ríkisins í hlutafélaginu.

Greinargerð.

Um rök fyrir þessum tillögum vísast til álits nefndarinnar dags. 11. febrúar 1988.

Athugasemdir við einstakar greinar:

Við 1. gr.

Breyting sú, sem hér er lögð til, felur í sér að tekið verður upp fastnúmerakerfi á ökutækjum og getur dómsmálaráðherra sett um það nánari ákvæði í reglugerð. Er lagt til að ökutæki beri sama skrásetningarnúmer frá nýskráningu til afskráningar og er þá miðað við að númerin séu í samræmi við fastnúmerakerfi Bifreiðaeftirlits ríkisins. Þó haldist þau númer sem eru á ökutækjum við gildistöku breytingarinnar þar til ökutækin verða afskráð nema eigandi þeirra óski eftir að fá númeraskilti í samræmi við fastnúmerakerfi bifreiðaeftirlitsins, sem byggist á tveimur bókstöfum og þremur tölustöfum. Áætlað er að breytingin hafi í för með sér um 100 milljón króna sparnað á ársgrundvelli fyrir hið opinbera, fyrirtæki og einstaklinga.

Við 2. gr.

Breyting þessi heimilar ráðherra að semja við hlutafélag, sem ríkissjóður á hlut í, um að félagið yfirtaki skoðun og skráningu ökutækja.

Fylgiskjal 10.

Dög.

Reglur

um almenna skoðun ökutækja.

1. gr.

Ökutæki skráð hér á landi skal færa til skoðunar samkvæmt því sem segir í reglum þessum, þannig að ganga megi úr skugga um hvort þau séu í lögmætu ástandi.

2. gr.

Eftirtalin ökutæki skal skoða árlega almennri skoðun frá og með næsta ári eftir nýskráningu á Íslandi eða erlendis.

a. Bifreiðir til annara nota en fólksflutninga.
b. Hópbifreiðir.
c. Leigubifreiðir til mannflutninga.
d. Bifreiðir sem ætlaðar eru til leigu í atvinnuskyni án ökumanns.
e. Kennslubifreiðir.
f. Lögreglu-, sjúkra- og björgunarbifreiðir.
g. Létt bifhjól.
h. Tengi- og festivagna, sem eru meira en 1.500 kg að heildarþyngd.
i. Fólksflutningabifreiðir fyrir 9 farþega eða minna sem notaðar eru í atvinnuskyni.

Ökutæki, sbr. liði a, b, c, d, e, f, h og i, skal færa til milliskoðunar sex mánuðum eftir aðalskoðun.

3. gr.

Önnur ökutæki en greinir í 2. gr. skal skoða árlega almennri skoðun frá og með öðru ári eftir nýskráningu ökutækis á Íslandi eða erlendis.

4. gr.

Bifreiðaskoðun Íslands h.f. ákveður hvenær ökutæki sem skráð eru skulu færð til skoðunar samkvæmt reglum þessum, og er eiganda (umráðanda) þá skylt að færa ökutækið til skoðunar hjá Bifreiðaskoðun Íslands hf. Fyrirkomulag innköllunar er háð samþykki dómsmálaráðuneytisins.

Sþ. 693. Tillaga til þingsályktunar [361. mál]

um eflingu Menningarsjóðs félagsheimila.

Flm.: Jón Kristjánsson, Guðmundur G. Þórarinsson.

Alþingi ályktar að efla beri Menningarsjóð félagsheimila og felur menntamálaráðherra að láta fara fram endurskoðun á lagaákvæðum um sjóðinn. Endurskoðunin skal fela það í sér að sjóðurinn geti stuðlað að auknu menningarstarfi á landsbyggðinni og auðveldað þeim menningarstofnunum sem eiga að þjóna landinu öllu að gegna því hlutverki sínu. Miðað skal við að ný löggjöf um sjóðinn taki gildi 1. janúar 1989.

Greinargerð.

Núgildandi lagaákvæði um Menningarsjóð félagsheimila er að finna í lögum nr. 107 frá 28. október 1970, um félagsheimili. Þar er gert ráð fyrir að í Félagsheimilasjóð renni skemmtanaskattur svo sem segir í lögum um skemmtanaskatt, en 10% af tekjum sjóðsins skuli varið til Menningarsjóðs félagsheimila sem hafi það hlutverk að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilum. Einnig hefur sjóðurinn heimild til þess að styrkja menningarstarfsemi utan félagsheimila „ef sérstaklega stendur á“, eins og það er orðað í lögunum.

Þótt afgreiðslu frumvarps um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hafi verið frestað nú um sinn eru enn uppi áform um að bygging og rekstur félagsheimila færist yfir á sveitarfélögin. Frumvarpið um verkaskiptinguna gerði ráð fyrir að Menningarsjóður félagsheimila héldi tekjustofni sínum, óháð þeim breytingum.

Augljóst er að það er ástæða til þess nú að endurskoða hlutverk Menningarsjóðs félagsheimila, efla hann og skapa honum víðara verksvið. Spurning er hvort ástæða er til að tengja starfsemi sjóðsins svo náið starfsemi félagsheimila sem í upphafi var gert ráð fyrir. Menningarstarfsemi fer í miklum mæli fram utan félagsheimila í kirkjum, skólum og öðrum stöðum þar sem aðstaða er fyrir hendi.

Sérstök ástæða er til þess að kanna sérstaklega með hverjum hætti sjóðurinn getur stutt menningarstarfsemi á landsbyggðinni og stuðlað að því að tengja starfsemi ýmissa stofnana hér í höfuðborginni betur landsbyggðinni. Má í því sambandi nefna Listasafn Íslands, sem nú hefur fengið mjög glæsilega starfsaðstöðu, ásamt öðrum söfnum, leikhús og aðrar menningarstofnanir. Einnig má benda á fordæmi Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem leitast hefur við á seinni árum flytja tónlist úti um land. Mælist sú starfsemi mjög vel fyrir.

Efling Menningarsjóðs félagsheimila gæti létt undir með þessum stofnunum í starfsemi þeirra, og ekki er síður nauðsynlegt að sjóðurinn haldi áfram því starfi sem innt hefur verið af hendi og komið að mjög miklu gagni, því atvinnu- og áhugafólki sem sinnt hefur menningarmálum og því hlutverki að auka menningarstarfsemi, einkum á landsbyggðinni. Þar er þörfin mjög brýn og mikill áhugi fyrir hendi.

Tillögugreinin kveður á um eflingu sjóðsins og felur í sér að auka beri tekjur hans. Nauðsyn er einnig á því að endurmeta hlutverk sjóðsins miðað við breyttar aðstæður.

Eðlilegt þykir að nokkur tími gefist til þessarar endurskoðunar, en frumvarp til laga um sjóðinn gæti legið fyrir á komandi hausti og við gerð fjárlaga fyrir árið 1989 yrði tekið mið af þeim tillögum sem fyrir liggja um framtíð sjóðsins.

Sþ. 694. Tillaga til þingsályktunar [362. mál]

um sérstakar tímabundnar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna.

Flm.: Kristín Einarsdóttir, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Guðmundur G. Þórarinsson, Ingibjörg Daníelsdóttir.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra í samráði við Jafnréttisráð að móta og leggja fyrir Alþingi tillögur um sérstakar tímabundnar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna þannig að koma megi sem fyrst á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna, sbr. 3. gr. laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Greinargerð.

Þriðja grein laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, er svohljóðandi:

„Hvers kyns mismunun eftir kynferði er óheimil. Þó teljast sérstaklega tímabundnar aðgerðir, sem ætlaðar eru til að bæta stöðu kvenna til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna, ekki ganga gegn lögum þessum. Það telst ekki mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar og barnsburðar.“

Þessa grein má telja eina merkustu viðbót við lög um jafnrétti kvenna og karla sem fyrst voru sett árið 1976. Enn sem komið er hefur ekki verið gripið til neinna „sérstakra tímabundinna aðgerða“ til að bæta stöðu kvenna. Því er fyllilega tímabært að mótaðar verði tillögur um slíkar aðgerðir ekki síst í ljósi þess hve seint og illa miðar að að koma á jafnstöðu kynjanna eftir þeim leiðum sem hingað til hafa verið farnar.

Svipuð ákvæði eru í löggjöf hinna Norðurlandaþjóðanna og víðar í Evrópu svo og í Bandaríkjunum og hefur verið gripið til séraðgerða til að bæta stöðu kvenna. Ýmsar alþjóðastofnanir og samtök hafa einnig gripið til slíkra aðgerða innan sinna vébanda og má þar nefna Alþjóðavinnumálasambandið og Sameinuðu þjóðirnar. Liður í undirbúningi að mótun tillagna um séraðgerðir til að bæta stöðu kvenna hérlendis er að afla vitneskju um aðgerðir annars staðar og reynsluna af þeim.

Atriði, sem hljóta að koma til athugunar í þessu sambandi, eru meðal annarra:

— Aðgerðir til að hækka laun í hefðbundnum kvennastörfum miðað við laun í hefðbundnum karlastörfum.
— Aðgerðir sem koma í veg fyrir launaskrið og þar með hækkun til þeirra sem hærri laun hafa þó að lægstu laun hækki.
— Tímabundinn forgangur kvenna við stöðuveitingar á vegum hins opinbera.
— Hvernig auka má hlut kvenna í ráðum og nefndum hjá opinberum aðilum.
— Ráðgjöf, námskeið og fjárstuðningur við konur vegna endurmenntunar og atvinnuþátttöku.

Hér eru aðeins talin nokkur atriði en mörg fleiri hljóta að koma upp þegar farið er að kynna sér aðgerðir annarra þjóða.

Vel getur komið til greina að stofna opinberan sjóð til að standa undir kostnaði og styrkjum við séraðgerðir til að jafna stöðu kvenna jafnframt því sem veitt yrði til þess fé á fjárlögum hverju sinni. Eðlilegt verður að telja að haft sé samráð við aðila vinnumarkaðarins þegar þessar tillögur eru mótaðar þar sem þær koma sérstaklega við þá og samninga milli þeirra.

Rétt er að minna á aðild Íslands að alþjóðasamningi um afnám allrar mismununar gagnvart konum sem samþykktur var af Alþingi 13. júní 1985 og staðfestur af ríkisstjórninni 18. júní 1985. Í 4. gr. hans er m.a. kveðið á um „... sérstakar bráðabirgðaráðstafanir sem

miða að því að flýta fyrir að raunverulegt jafnrétti karla og kvenna náist ...“ Ísland hefur tekið á sig margháttaðar skuldbindingar með aðild sinni að þessum samningi. Með flutningi þessarar þingsályktunartillögu er ýtt á eftir því að tekið verði á þessum málum.

Ed. 695. Frumvarp til laga [363. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

71. gr. laganna breytist þannig:

a. 2. mgr. hljóði svo:

Ríkisstjórn Íslands tekur ákvörðun um vexti af innlánum á skyldusparnaðarreikningum hjá Byggingarsjóði ríkisins, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og umsögn Seðlabankans. Vextir skulu ákveðnir til eins árs í senn frá áramótum að telja. Við ákvörðun vaxta skal hafa hliðsjón af ávöxtunarkjörum hjá ríkisbönkum og þeim sem ríkissjóður býður á hverjum tíma. Vextir reiknast frá þeim tíma sem fjármagn er lagt í sjóðinn að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands skv. 39. gr. laga frá 10. apríl 1979. Nánari ákvæði skal setja í reglugerð.

b. Aftan við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Innstæða á skyldusparnaðarreikningi sem reikningseigandi leysir ekki út við 26 ára aldur skal bera sömu ávöxtun og að ofan greinir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sjöundi kafli laga um Húsnæðisstofnun ríkisins fjallar um skyldusparnað ungs fólks til íbúðabygginga. Allt frá því að lög um skyldusparnað voru fyrst sett 1957 hefur tilgangur þeirra einkum verið tvíþættur, annars vegar að tryggja það að ungt fólk legði fyrir fé af launum sínum, sem nýttist því síðar þegar það keypti sér húsnæði, hins vegar að tryggja Byggingarsjóði ríkisins greiðan aðgang að fjármagni sem nota ætti til útlána.

Þeir annmarkar, sem komið hafa fram á því fyrirkomulagi skyldusparnaðar sem nú er til staðar, eru einkum þeir að ávöxtun skyldusparnaðar hefur dregist aftur úr sambærilegum sparnaðarleiðum. Síðastliðin áramót tóku gildi ný skattalög en samkvæmt eldri lögum var skyldusparnaður frádráttarbær til skatts. Þegar skatthagræði fyrri skattalaga féll niður varð þessi samanburður enn óhagstæðari skyldusparnaði.

Þann 28. desember sl. skipaði félagsmálaráðherra nefnd sem ætlað var að gera tillögur um breytingu á VII. kafla laga um Húsnæðisstofnun ríkisins. Í nefndina voru skipuð Georg Tryggvason lögfræðingur, Guðmundur Gylfi Guðmundsson hagfræðingur, Sigurbjörn Magnússon framkvæmdastjóri og Lára V. Júlíusdóttir, aðstoðarmaður ráðherra, sem jafnframt var skipuð formaður nefndarinnar. Áður hafði starfshópur skipaður fulltrúum Húsnæðisstofnunar ríkisins, veðdeildar Landsbankans og félagsmálaráðuneytisins fjallað um málið.

Á fundi nefndarinnar komu fulltrúar frá ASÍ og VSÍ auk þess sem nefndin fékk ýmsar upplýsingar frá Húsnæðisstofnun ríkisins og Seðlabanka.

Nefndin var sammála um það að bæta þyrfti ávöxtun skyldusparnaðar frá því sem nú er. Nefndin samþykkti að leggja til:

að nú þegar verði gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til að bæta ávöxtun á skyldusparnaði og að tryggt verði að sama ávöxtun haldist áfram eftir að 26 ára aldri er náð.

Til þess þarf lagabreytingu.

Nefndin var sammála um eftirfarandi markmið þeirrar lagasetningar:

1. Að ávöxtun hækki eftir því sem skyldusparnaður liggur lengur óhreyfður inni á reikningi.
2. Við ákvörðun vaxta skuli hafa hliðsjón af ávöxtun í ríkisbönkum og við það miðað að hún verði ekki lakari en ríkissjóður býður á hverjum tíma.

Leitast hefur verið við að framfylgja framangreindum markmiðum við samningu þess frumvarps sem hér liggur fyrir. Að auki má benda á að frumvarpið var til umfjöllunar í húsnæðismálastjórn sem er sammála þeirri breytingu sem hér er lögð til.

Með þessari breytingu mun Byggingarsjóður ríkisins þurfa að greiða hærri vexti fyrir skyldusparnað en hingað til. Þegar mat er lagt á kostnað verður einnig að líta til þess að samkvæmt nýjum skattalögum er skyldusparnaður ekki lengur frádráttarbær til skatts. Samkvæmt upplýsingum vararíkisskattstjóra nam frádráttur vegna skyldusparnaðar árið 1986 samtals 465 milljónum króna. Samkvæmt upplýsingum starfsmanns fjármálaráðuneytis var talið að tekjutap ríkissjóðs vegna þessa liðar hafi numið 80–90 milljónum króna á sl. ári.

Vextir á skyldusparnaði árið 1987 námu 64,7 milljónum króna. Vaxtaprósentan var 3,5%. Tvöföldun á vaxtaprósentunni þýðir viðbót um sömu fjárhæð. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að við ákvörðun vaxta skuli hafa hliðsjón af ávöxtunarkjörum ríkisbanka og þeim vöxtum sem ríkissjóður býður á hverjum tíma. Sem dæmi má nefna að samkvæmt upplýsingum Seðlabanka 10. febrúar sl. voru meðalvextir á 6 mánaða verðtryggðum bankareikningum 3,9% og á spariskírteinum ríkissjóðs til 2–3 ára 8,5% vextir auk verðtryggingar. Vextir af ríkistryggðum skuldabréfum eru ívið hærri í dag.

Erfitt er að áætla svo nákvæmt sé kostnað við þessa breytingu. En samkvæmt því sem að ofan greinir má ætla að með þessari aðferð fái skyldusparendur til baka það fé sem þeir urðu af með skattkerfisbreytingunni. Séu þessar forsendur lagðar til grundvallar því sem að ofan greinir má áætla að ekki verði um meiri viðbótarkostnað að ræða frá því sem var fyrir skattalagabreytingu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

a. Gert er ráð fyrir að ríkisstjórn Íslands taki ákvörðun um vexti af innlánum á skyldusparnaðarreikningum hjá Byggingarsjóði ríkisins, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og umsögn Seðlabanka. Er þetta sama aðferðin og notuð er við vaxtaákvörðun á lánum Byggingarsjóðs, sbr. 3. mgr. 30. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984. Gert er ráð fyrir að vaxtaákvörðun sé tekin til eins árs í senn frá áramótum að telja. Árlegri endurskoðun vaxta er ætlað að tryggja að vextir skyldusparnaðarreikninga séu sambærilegir þeim vöxtum sem annars staðar bjóðast. Gert er ráð fyrir að skyldusparnaður beri ætíð hagstæðustu vexti og mið sé tekið af ávöxtunarkjörum ríkisbanka og ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir nánari útfærslu í reglugerð. Þar verður því mögulegt að tryggja það að ávöxtun hækki eftir því sem skyldusparnaður liggur lengur óhreyfður inni á reikningi.
b. Hér er kveðið á um að sama ávöxtun verði eftir að skyldusparandi hefur náð 26 ára aldri. Hingað til hafa kjör breyst þegar þeim aldri hefur verið náð og sparnaður borið

almenna sparisjóðsvexti eftir það. Það hefur leitt til þess að allir hafa talið sér hag í því að ná skyldusparnaði eins fljótt út frá Byggingarsjóði ríkisins og kostur hefur verið. Þetta ákvæði á að stuðla að því að fólk velji í auknum mæli að ávaxta fé sitt áfram á skyldusparnaðarreikningi eftir að 26 ára aldri er náð.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 696. Tillaga til þingsályktunar [364. mál]

um starfsskilyrði atvinnugreina og byggðaþróun.

Flm.: Jóhann A. Jónsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Björn Gíslason, Málmfríður Sigurðardóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd sjö manna er kanni mismunandi starfsskilyrði atvinnugreina og þróunarforsendur byggða með sérstöku tilliti til stjórnarstefnunnar í gengis- og peningamálum.

Nefndin skal skila niðurstöðum sínum í skýrslu til Alþingis svo fljótt sem auðið er og geri í henni tillögur til úrbóta.

Greinargerð.

Það er skoðun flutningsmanna að við þær aðstæður, sem skapast hafa í þjóðfélaginu vegna fastgengisstefnu ríkisstjórnarinnar en aðhaldsleysis á öðrum sviðum, verði ekki unað öllu lengur. Ljóst er að núverandi fyrirkomulag gengisskráningar stenst ekki án þess að innlendu verðlagi sé jafnframt stýrt. Þessi stefna að stýra tekjugrundvelli útflutningsatvinnugreinanna en hafa frjálsræði í verðmyndun innan lands leiðir ekki til neins annars en skipsbrots útflutningsatvinnugreinanna með ákveðnu millibili og skapar óstöðugleika í efnahagslífinu. Það er í rauninni ótrúlegt hvernig sjónarmið útflutningsgreinanna verða algerlega undir við mótun og framkvæmd slíkrar stefnu þegar haft er í huga mikilvægi þeirrar starfsemi fyrir rekstur og viðgang þess velferðarþjóðfélags sem skapast hefur í þessu landi.

Launamismunur í landinu hefur sennilega aldrei verið meiri en nú og stafar það ekki síst af mismunandi tekjuforsendum atvinnugreinanna. Þetta gerist þrátt fyrir stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun núverandi ríkisstjórnar um að bæta kjör hinna lægst launuðu og stuðla að betra jafnvægi í þróun byggða.

Nefnd sú, er tillagan gerir ráð fyrir að skipuð verði, þarf að leita svara við þeirri spurningu hvernig megi tryggja með varanlegum hætti afkomu útflutningsatvinnugreinanna og þeirra sem þar starfa þannig að ekki sé þörf á síendurteknum efnahagsaðgerðum til að tryggja framhald þessarar atvinnustarfsemi.

Í fljótu bragði virðast aðeins tvær leiðir koma til greina út úr þeirri „pattstöðu“ sem útflutningsstarfsemin býr nú við. Hin fyrri er að samfara fastgengisstefnu sé einnig stýrt öðrum helstu kostnaðarþáttum í rekstri útflutningsfyrirtækjanna, en hin síðari að láta „frelsið“ ná alla leið og þar með einnig að láta framboð og eftirspurn ráða verði á þeim gjaldeyri sem útflutningsgreinarnar skapa.

Það er ljóst að við svo búið verður ekki lengur unað og því brýnt að nefndin vinni sín störf fljótt og vel og að fram komi hnitmiðuð og glögg skýrsla um nýskipan þessara mála.

Ed. 697. Frumvarp til laga [365. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

2. mgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Í kaupstöðum og bæjum nefnist sveitarstjórn bæjarstjórn, framkvæmdastjóri sveitarfélagsins bæjarstjóri og byggðarráð sveitarfélagsins bæjarráð. Ákveða má í samþykkt um stjórn sveitarfélags, þar sem meiri hluti íbúanna býr í þéttbýli og íbúafjöldi hefur náð a.m.k. 1000 í þrjú ár samfellt, að sveitarfélag nefnist kaupstaður eða bær, þótt annað heiti sé notað í einstökum lögum. Réttarstaða bæja skal vera sú sama og kaupstaða samkvæmt sérlögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Orðin kaupstaður og bær hafa í löggjöf og mæltu máli verið notuð jöfnum höndum án þess að á þeim væri gerður merkingarmunur. Í sérlögum um kaupstaðarréttindi til handa einstökum sveitarfélögum, sem sett voru fyrir gildistöku sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, er þó ætíð notað orðið kaupstaður. Í daglegri málnotkun hefur hins vegar viðgengist að nota bæði orðin kaupstaður og bær yfir þau sveitarfélög.

Í 2. mgr. 10. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 er svo fyrir mælt að þéttbýlissveitarfélög með 1000 íbúa eða fleiri geti ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélags að það nefnist bær. Félagsmálaráðuneytið hefur þegar staðfest fimm samþykktir sveitarfélaga sem nefnast bær á grundvelli 2. mgr. 10. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Vegna orðalags 2. mgr. 10. gr. fyrrgreindra laga hafa komið fram efasemdir um hver réttarstaða hinnu nýju bæja sé samkvæmt sérlögum.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum er réttarstaða allra sveitarfélaga, með fáum undantekningum, hin sama hvort sem þau nefnast hreppur, bær eða kaupstaður. Í ýmsum sérlögum er að finna ákvæði, annars vegar um hreppa og hins vegar um kaupstaði. Nefna má hér að fjöldi þeirra laga, sem er að finna í Lagasafni 1983 og hafa að geyma orðið kaupstað, er yfir 100 talsins. Ef til vill ekki öll í notkun nú en þó mörg, sjá fylgiskjal. Sú spurning hefur því vaknað, hver sé réttarstaða bæja gagnvart ofangreindum sérlögum. Í athugasemdum við 10. gr. frumvarps til sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 kemur fram að tilgangur ákvæðisins í 2. mgr. sé að gera löggjöf um kaupstaðarréttindi einstakra sveitarfélaga óþarfa. Réttarstaða bæjanna skyldi því ekki verða önnur eða síðri en staða kaupstaðanna, en þar sem þetta kemur ekki skýrt fram í framangreindum lögum þykir rétt, til þess að taka af öll tvímæli, að leggja þetta frumvarp fram.

Óskir hafa borist frá bæjarstjórnum ýmissa kaupstaða um að mega nota orðið bær í stað kaupstaðar í heiti sveitarfélagsins. Þannig hefur formlegt erindi borist frá bæjarstjórn Garðakaupstaðar þess efnis að félagsmálaráðuneytið beiti sér fyrir breytingu á 1. gr. laga nr. 83/1975 á þann veg að heiti sveitarfélagsins verði framvegis Garðabær. Að athuguðu máli er það skoðun ráðuneytisins að með breytingu á ákvæðum 2. mgr. 10. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 þá opnist leið fyrir allar sveitarstjórnir, sem uppfylla skilyrði ákvæðisins um lágmarksfjölda, að ákveða sjálfar í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins hvort orðið bær nota um heiti sveitarfélagsins, kaupstaður eða bær.

Réttarstaða allra kaupstaða og bæja skal vera sú sama og gildir það jafnt um þá kaupstaði sem slík réttindi fengu með sérstökum lögum og um þá bæi sem slíka nafngift hafa fengið á grundvelli 2. mgr. 10. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

Fylgiskjal.

Skrá yfir sérlög sem hafa að geyma orðið kaupstað, unnin af Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar.

1/1890 Lög um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina.
1/1900 Lög um stofnun veðdeildar í Landsbankanum í Reykjavík.
3/1945 Lög um kirkju- og manntalsbækur (sálnaregistur).
6/1977 Vegalög.
6/1986 Lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl.
7/1953 Lög um hundahald og varnir gegn sullaveiki.
8/1966 Lög um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.
8/1978 Lög um kaupstaðarréttindi til handa Selfosskauptúni.
9/1955 Lög um Brunabótafélag Íslands.
10/1958 Farsóttalög.
11/1917 Lög um þyngd bakarabrauða.
11/1936 Lög um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar.
15/1922 Lög um ákvörðun verzlunarlóðarinnar í Bolungarvík í Hólshreppi.
15/1923 Vatnalög.
16/1947 Lög um menntun kennara.
16/1951 Lög um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Akureyrar.
16/1974 Lög um kaupstaðarréttindi til handa Seltjarnarneshreppi.
17/1949 Lög um bæjarstjórn í Keflavík.
17/1965 Lög um landgræðslu.
17/1974 Lög um kaupstaðarréttindi til handa Bolungarvíkurkauptúni.
18/1974 Lög um kaupstaðarréttindi til handa Grindavíkurhreppi.
18/1985 Lög um vinnumiðlun.
19/1974 Lög um kaupstaðarréttindi til handa Eskifjarðarhreppi.
20/1974 Lög um kaupstaðarréttindi til handa Dalvíkurkauptúni.
22/1928 Hjúalög.
22/1932 Lög um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o.fl.
22/1960 Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins, og um eignarnámsheimild á lóðar- og erfðafesturéttindum.
23/1917 Lög um heimild handa bæjar- og sveitarstjórnum til að taka eignarnámi eða á leigu brauðgerðarhús o.fl.
24/1973 Námulög.
25/1921 Lög um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks.

26/1918 Lög um bæjarstjórn Vestmannaeyja.
28/1931 Lög um sjóveitu í Vestmannaeyjum.
28/1985 Lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.
29/1885 Lög um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.
30/1887 Lög um stækkun verzlunarstaðarins á Eskifirði.
30/1910 Lög um bæjarstjórn á Siglufirði.
30/1955 Lög um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað.
80/1947 Framfærslulög.
80/1969 Læknalög.
82/1969 Áfengislög.
83/1975 Lög um kaupstaðarréttindi til handa Garðahreppi.
84/1933 Lög um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum.
84/1975 Lög um eignarnámsheimild fyrir Neskaupstað á hluta jarðarinnar Nes í Norðfirði með hjáleigunum Bakka og Naustahvammi.
85/1936 Lög um meðferð einkamála í héraði.
86/1811 Opið bréf (frá kansellíinu) um meðferð á fundnu fé í kaupstöðum.
86/1917 Lög um fiskveiðasamþykktir og lendingasjóði.
86/1975 Lög um kaupstaðarréttindi til handa Njarðvíkurhreppi.
93/1947 Lög um aðstoð til vatnsveitna.
94/1954 Lög um heimild til að fella niður manntal í Reykjavík.
105/1973 Lög um húsbyggingar á vegum Viðlagasjóðs eða Vestmannaeyjakaupstaðar.
107/1935 Lög um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna.
109/1949 Lög um bæjarstjórn í Húsavík.
14b/1842 Opið bréf, viðvíkjandi fullgildingu Seyðisfjarðar í Íslands norður- og austuramti, svo og Portlands eður Dyrhóla í Íslands suðuramti, til að vera kaupskaparpláss.
33/1897 Lög um stækkun verzlunarlóðarinnar á Eskifirði.
34/1954 Sóttvarnarlög.
34/1983 Lög um kaupstaðarréttindi til handa Ólafsvíkurhreppi.
35/1953 Lög um bæjarnöfn o.fl.
35/1970 Lög um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.
36/1970 Lög um leigubifreiðar.
39/1978 Þinglýsingalög.
50/1987 Umferðarlög.
41/1919 Lög um landamerki o.fl.
41/1983 Lög um málefni fatlaðra.
42/1903 Lög um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð.
42/1913 Lög um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.
42/1926 Lög um skipströnd og vogrek.
42/1978 Iðnaðarlög.
44/1964 Lög um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum.
44/1971 Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað hluta af landi jarðarinnar Dysja í Garðahreppi og Dalvíkurhreppi jörðina Háagerði í Dalvíkurhreppi.
44/1979 Lög um húsaleigusamninga.
45/1940 Lög um hlutarútgerðarfélög.
45/1941 Lög um bæjarstjórn á Akranesi.
46/1971 Lög um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar.
48/1909 Lög um löggilding Dalvíkur.

48/1928 Lög um bæjarstjórn í Neskaupstað í Norðfirði.
49/1927 Lög um sorphreinsun og salernahreinsun á Akureyri.
50/1976 Lög um almenningsbókasöfn.
52/1959 Lög um kosningar til Alþingis.
53/1966 Lög um vernd barna og ungmenna.
54/1962 Lög um þjóðskrá og almannaskráningu.
54/1978 Byggingarlög.
57/1947 Lög um bæjarstjórn á Sauðárkróki.
58/1915 Lög um mælingar á túnum og matjurtagörðum.
8/1986 Sveitarstjórnarlög.
58/1967 Orkulög.
58/1970 Lög um skemmtanaskatt.
60/1944 Lög um bæjarstjórn í Ólafsfirði.
60/1984 Lög um Húsnæðisstofnun ríkisins.
61/1919 Lög um bæjarstjórn á Seyðisfirði.
61/1942 Lög um málflytjendur.
64/1962 Lög um dánarvottorð.
64/1976 Ábúðarlög.
65/1976 Jarðalög.
66/1985 Lög um Þjóðskjalasafn Íslands.
67/1971 Lög um almannatryggingar.
73/1952 Lög um tilkynningar aðsetursskipta.
74/1974 Lög um meðferð opinberra mála.
79/1972 Jarðræktarlög.
101/1940 Lög um breyting á lögum nr. 11 1. febr. 1936 (Eignarnámsheimild á nokkrum löndum o.fl.).
102/1847 Opið bréf um nokkrar ákvarðanir þeim til trausts, er þinggjaldi eiga að lúka.
19b/1693 Tilskipun um uppboðsþing í Danmörku og Noregi.
216/1793 Tilskipun um takmörkin milli lögsagna hinna einstöku uppboðshaldara og skiptaráðenda.
28b/1836 Opið bréf, innihaldandi nákvæmari ákvarðanir, með tilliti til tilskipananna um þá íslensku kauphöndlun og skipaferðir.
32/1918 Lög um mjólkursölu á Ísafirði.
32/1957 Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Kópavogskaupstað land jarðanna Kópavogs og Digraness og um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum.
33/1915 Lög um verkfall opinberra starfsmanna.
34/1895 Lög um stækkun lögsagnarumdæmis og bæjarfélags Akureyrarkaupstaðar.
35/1914 Lög um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.
36/1967 Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Kópavogskaupstað nýbýlalönd og hluta jarðarinnar Kópavogs og um eignarnámsheimild á ábúðarréttindum.
42/1911 Lög um gjöld til holræsa og gangstétta í Reykjavík o.fl.
56/1903 Lög um löggilding verzlunarstaðar í Bolungarvík í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.
58/1919 Lög um breytingar á lögum nr. 30 22. nóvembe· 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði.
63/1941 Lög um heimild fyrir kaupstaði og hreppsfél· til að koma á þegnskylduvinnu.

Sþ. 698. Fyrirspurn [366. mál]

til samgönguráðherra um vegamál.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

1. Eftir hvaða reglum eru stikur settar meðfram vegum?
2. Hverjar eru forsendur þeirrar ákvörðunar að mjókka stofnbrautir svo mikið að ekki er hægt að mætast á þeim nema önnur bifreiðin fari út af bundna slitlaginu?
3. Hefur ráðherra hugleitt slysahættu af því að byggja til skiptis á sömu stofnbrautinni brýr með einni akrein og tveimur akreinum?

Sþ. 699. Tillaga til þingsályktunar [367. mál]

um iðgjöld vegna bifreiðatrygginga.

Flm.: Skúli Alexandersson, Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við bifreiðatryggingar hér á landi þannig að tryggingaiðgjöld bifreiða verði ekki hærri hér á landi en í grannlöndum okkar.

Í því skyni skal m.a. taka eftirfarandi til athugunar:

1. Samruna tryggingafélaga og sparnað við rekstur þeirra og alla starfsemi, en hér á landi eru nú 8 tryggingafyrirtæki með bílatryggingar.
2. Afnám tvísköttunar vegna bifreiðatrygginga en nú fara 40 kr. af hverjum 100 iðgjaldakrónum í ríkissjóð.
3. Aukna umferðarfræðslu.
4. Markvissa eflingu almenningssamgangna, einkum á þéttbýlissvæðum.
5. Tryggingaflokka og hvort um getur verið að ræða tvöfalda eða margfalda tryggingu á sama tjóninu.
6. Kostnað tryggingafélaganna við viðgerðarþjónustu á bifreiðum.
7. Sameiginlega innheimtu á tekjum til þess að standa undir tjónakostnaði við bifreiðatryggingar þannig að tryggingaiðgjöld tengist að einhverju leyti akstri eða eldsneytisnotkun.

Greinargerð.

Nýverið hækkuðu iðgjöld bifreiðatrygginga um nærri 100% ef með er talin sérstök hækkun ökumannstryggingar. Fimmtungur þessarar hækkunar átti rætur að rekja til verðlagsbreytinga milli ára, en allt hitt, 4/5, átti aðrar rætur, m.a. breytingar á örorkubótum og dánarbótum og breytingar sem nýju umferðarlögin hafa í för með sér.

Tvöföldun bóta fyrir líkamstjón.

Hvað eftir annað hafa spunnist umræður um hækkun tryggingaiðgjalda á Alþingi. Það má heita árviss viðburður. Í tilefni slíkrar umræðu 1986 skrifaði Þórir Bergsson tryggingastærðfræðingur sterka ádrepu á þingmenn vegna tryggingaiðgjaldanna og umræðu sem fram

fór um þau á Alþingi. Þar kemur m.a. fram að í kjölfar hæstaréttardóms, sem var kveðinn upp 1984, hækkuðu bætur fyrir líkamstjón verulega, eða tvöfölduðust að jafnaði. Hefur sú hækkun nú verið tekin inn í iðgjaldagrunninn að fullu.

40 krónur af hverjum 100 í ríkissjóð.

Talið er að um 30% af tjónagreiðslum fari til þess að greiða fyrir líkamstjón sem verður í umferðinni, en um 70% til þess að greiða fyrir munatjón. Tryggingafélögin greiða 25% söluskatt af allri þjónustu verkstæðanna. Þess ber þó að geta í þessu sambandi að tryggingafélögin kaupa æ fleiri tjónabíla og er þá ekki greiddur söluskattur.

Þegar tryggingafélögin áætla iðgjöld sín ber þeim að gera ráð fyrir því að þau standi undir þeim tjónum sem þau taka að sér að tryggja. Þegar tryggingafélagið snýr sér að viðskiptamönnunum leggur það síðan 25% ofan á þau iðgjöld til þess að greiða aftur í ríkissjóð. Þegar lagður er saman sá söluskattur sem tryggingafélögin greiða vegna munatjóns og sá söluskattur sem þau innheimta af viðskiptamönnum sínum kemur í ljós að 40% af hverri iðgjaldakrónu sem viðskiptamaður tryggingarinna greiðir rennur í ríkissjóð.

Talið er að bifreiðaeigendur greiði með þessum hætti um 800 milljónir króna í ríkissjóð á þessu ári og má gjarnan geta þess í leiðinni að ekkert af þessum peningum fer í vegaframkvæmdir því að undangengin ár hefur ekki farið króna úr ríkissjóði í vegina.

Þriðjungi fleiri tjón.

Þegar sú hækkun er greind sem nú átti sér stað kemur eftirfarandi fram:

1. Vegna verðlagshækkana um 20%.
2. Vegna nýrra umferðarlaga 14%.
3. Aukin tjónatíðni um 37%.

Á sl. ári hækkuðu bílar í verði um 19%, varahlutir um 14% og útseld vinna á verkstæðum um 40–50% að mati Tryggingaeftirlitsins.

Ekki hafa samskipti tryggingafélaganna við bílaverkstæðin verið könnuð sérstaklega, en nauðsynlegt er að kanna hvort þar sé alltaf allrar hagkvæmni gætt. Verður að draga í efa að svo sé.

Furðulegt verður að telja að breytingar tryggingaiðgjaldanna eigi sér stað einu sinni á árinu en ekki oftar þegar mikil verðbólga geisar eins og löngum hefur verið hér á landi.

Þrátt fyrir há tryggingaiðgjöld er talið að 27% tap hafi verið á bifreiðatryggingum hér á landi á sl. ári.

Sameining fremur sem samkeppni.

Það hefur vakið athygli þeirra þingmanna sem ræða um þetta mál að ekki er nægileg samkeppni milli tryggingafélaganna. Þessi samkeppni getur aðeins átt sér stað að ákveðnu marki og þá umfram þær kvaðir sem lögbundnar eru. Auk þess verður að draga í efa að lausn á vanda bifreiðatrygginganna sé fólgin í því að auka herkostnað tryggingafélaganna. Þau félög, sem nú tryggja bíla, eru 8 talsins. Miklu vænlegra virðist því að stuðla að sameiningu eða a.m.k. að samstarfi tryggingafélaganna. Margvísleg rök má færa fyrir því að unnt væri að spara verulegar fjárhæðir með því að hafa allar bílatryggingar á einum stað. Og í raun eru sömu rök fyrir einu bílatryggingafélagi og fyrir einu bifreiðaeftirliti sem starfar eftir tilteknum lögbundnum reglum.

Bílar eru veigamikill þáttur þjóðlífsins á Íslandi. Vafalaust mætti draga úr kostnaði við bifreiðatjón með því að bæta umferðarfræðslu og með því að bæta umferðarmannvirki. Annar veigamikill þáttur málsins er efling almenningssamgangna a.m.k. á höfuðborgarsvæðinu.

Tryggingagjöld eftir akstri.

Í Noregi hefur sá háttur verið lengi á tryggingaiðgjöldum að þau eru greidd eftir eknum kílómetrum, þ.e. því meiri akstur því hærri iðgjöld. Á bak við þessa viðmiðun eru eðlileg rök. Í umræðum utan dagskrár í efri deild fyrir nokkru var því hreyft að hluti af kostnaði tryggingafélaganna yrði innheimtur í bensínverði.

Á árinu 1986 hækkuðu tryggingaiðgjöld fjórum sinnum í Noregi um samtals 47% í 9% verðbólgu. Á síðasta ári hækkuðu tryggingaiðgjöldin um 30% í 8% verðbólgu. Hér er um að ræða stórfelldar raunhækkanir langt umfram verðlag.

Ef borin eru saman tryggingaiðgjöld í Noregi og á Íslandi fyrir sambærilega bíla verður niðurstaðan þessi um þrjár bílategundir, allt ábyrgðartryggingar:

Bifreið	**Noregur**	**Ísland**
Honda Civic	18 904	28 272
Golf 1.6	18 904	28 272
Volvo 740	19 965	38 570

Eins og sést af þessum tölum, sem miðast í Noregi við bíl sem er ekið 12 000 kílómetra, eru iðgjöldin miklu hærri hér en þar. Hluti af skýringunni liggur í mismunandi skattlagningu, hluti í umferðarómenningu hér og lélegum umferðarmannvirkjum sem ekki ráða við allan þann bílaflota sem hellist hér yfir þjóðina. Hluti skýringarinnar liggur í minni einingum m.a. á verkstæðum og hliðstæðri þjónustu — og í litlum tryggingafélögum.

Flutningsmenn telja óhjákvæmilegt að fundin verði skýring á þessum mikla mismun og gerð grein fyrir niðurstöðunni opinberlega.

Fylgiskjal I.

Benedikt Jóhannesson:

Iðgjöld ábyrgðartrygginga ökutækja tryggingarárið 1988–1989.
(Álitsgerð til samstarfsnefndar um bifreiðatryggingar, 16. febrúar 1988.)

Nefndin hefur falið mér að meta nauðsynleg iðgjöld í ábyrgðartryggingum ökutækja á komandi tryggingarári. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem mér hafa borist frá einstökum tryggingafélögum svo og upplýsingum sem koma fram í skýrslum Tryggingaeftirlitsins hef ég metið iðgjaldagrunninn fyrir komandi ár. Hliðsjón er höfð af útreikningum undangenginna ára sem unnir voru af Bjarna Þórðarsyni cand. act.

1. Við mat á iðgjaldaþörfinni var beitt ýmsum aðferðum en í fyrstu fylgt þeim leiðum sem notaðar eru við mat á óuppgerðum tjónum í ársskýrslu nr. 13 frá Tryggingaeftirlitinu. Þar er þó bent á að ekki hafi verið til staðar nægilega glöggar upplýsingar um aðgreiningu í muna- og slysatjón til þess að matið sé viðunandi. Þess var því freistað að afla upplýsinga um skiptinguna og fengust upplýsingar frá fimm félögum. Nokkrir ágallar hafa verið á þeim upplýsingum sem borist hafa frá félögunum en þó gefa þær glögglega til kynna að þróun slysatjóna er með talsvert öðrum hætti en munatjóna. Sú

aðferð sem notuð er við mat á tjónum af Tryggingaeftirlitinu í skýrslu þess byggir á því að reikna hvert hlutfall tjóna er greitt á ári hverju á föstu verðlagi. Aðferðin hentar illa við áætlun slysatjóna í lok 1. árs því þau greiðast að mjög litlu leyti á 1. ári. Hins vegar er aðferðin mjög heppileg við uppgjör munatjóna sem greiðast nær algjörlega á fyrstu tveimur árum eftir að tjónið gerist. Hér er það lagt til grundvallar að 85% munatjóna greiðist á 1. ári eftir tjónsatburð. Þetta hlutfall er mjög nærri reynslu félaganna fimm sem upplýsingar lágu fyrir um.

Varðandi slysatjónin var fyrst notuð sú aðferð að metin voru slysatjón ársins 1985 hjá fimm félögum. Uppgjör þess árs er mun lengra komið en ársins 1987. Hjá félögunum fimm reyndust slysatjónin á verðlagi jan. 1988 nema samtals 268,5 millj. kr. (sjá gögn sem afhent voru Tryggingaeftirlitinu 1. febr. 1988). Þessi fimm félög hafa um 82,5% markaðarins þannig að í heild eru slysatjón þessa árs metin 325,5 millj. kr. Vandinn er hins vegar að framreikna þá tölu. Í fyrstu var var þess freistað að nota fjölgun bíla en á það var bent af Tryggingaeftirlitinu að alls ekki væri víst að fjölgun slysa væri línuleg miðað við fjölda bíla. Einnig reyndust nokkrir ágallar á gögnum þannig að horfið var frá því að nota þessa leið.

Ein aðferð við að meta tjón er svonefnd „chain ladder"-aðferð en henni er lýst í ýmsum bókum um tryggingastærðfræði, t.d. Introductory Statistics with Applications in General Insurance eftir Hossack og fleiri. Þar eru tjónin metin miðað við hlutfall heildargreiðslna á seinni árum uppgjörs af greiðslum fyrri ára. Vegna þess að grunsemdir voru um að breytingar hafi orðið á eðli tjóna hin seinni ár þótti eðlilegt að nota aðferðina á þrjú ár í senn. Þannig fæst ákveðið jafnvægi en þó finnast breytingar fremur fljótt. Útreikningar þessir koma fram í töflum sem afhentar verða Tryggingaeftirlitinu. Þar sést að þrátt fyrir að reynt sé að nota þessa bragarbót þá er enn nokkur hlutdrægni (bias) í flestum tilfellum, þ.e. fyrstu spár hafa vanmetið endanleg tjón í flestum tilfellum. Þess er freistað að leiðrétta þennan mismun með aðferðum hliðstæðum þeim sem Tryggingaeftirlitið notar á bls. 93 í ársskýrslu 13. Þannig fékkst endanleg niðurstaða. Eins og aðrar aðferðir er þessi ýmsum göllum undirorpin en þó virðist samanburður á spágildi þessarar aðferðar við fyrri niðurstöður gefa viðunandi útkomu í flestum tilfellum.

Hins vegar verður sú breyting á ábyrgðartryggingu ökutækja að upp er tekin ný trygging, slysatrygging ökumanns og fleiri. Sú trygging mun bæta tjón sem ökumaður og eigandi ökutækis verða fyrir áður en ábyrgðartryggingin tekur við. Þak á bótum úr ökumannstryggingunni er 10 millj. kr. á hvern slasaðan. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef getað aflað mér munu tvö tjón á undangengnu ári hafa farið yfir þessa upphæð en með verðbólgu má búast við því að fleiri tjón nái þessu þaki.

Samkvæmt tölum sem Umferðarráð gefur upp hefur hlutfall ökumanna á undanförnum árum farið hækkandi sem hlutfall af slösuðum. Undanfarin þrjú ár eru hlutföllin: 44,5%, 46,5% og 52,4%. Samtals slösuðust á árinu 1987 1038 manns, og sé miðað við að helmingur hinna slösuðu sé ökumenn eru það samtals 519 aðilar. Segjum að 10% farþega sem slasast séu eigendur bifreiða. Það eru samtals 35 aðilar. Samtals munu þá falla undir hina nýju tryggingu 554 aðilar. Reiknum með því að meðalslysatjón í apríl 1988 sé 419 324. Samtals lækka slysabætur í ábyrgðartryggingu um 232 304 millj. kr. Hins vegar verður að taka það með í reikninginn að nokkur stærstu slysatjón ökumanns og eiganda munu eftir sem áður lenda á ábyrgðartryggingunni að hluta. Sú upphæð er hér áætluð 30 millj. kr. Lækkunin vegna nýju tryggingarinnar er því nettó 202 305 millj. kr.

2. Hér er búið að draga frá greidda og áætlaða sjálfsábyrgð sem er metin á 78 732 millj. kr. Þessi sjálfsábyrgð fellur niður samkvæmt nýju lögunum og verður því að bæta við tjónin til þess að finna heildartjón.

3. Breytingar á umferðarlögum hafa þau áhrif að bótasvið rýmkar og hækkanir þess vegna eru metnar um 3,5% af tjónum. Sú upphæð er metin 37 826 millj. kr.
4. Gert er ráð fyrir því að 2,7% iðgjalda ársins verði rekstrarafgangur. Þetta er í samræmi við útreikninga sem lagðir hafa verið fyrir Tryggingaeftirlitið.
5. Samkvæmt mati á afkomu ársins 1987 var stórfellt tap í ábyrgðartryggingum ökutækja. Nemur tapið hundruðum milljóna króna. Þessi afkoma er svo alvarleg að hún stefnir rekstarafkomu félaganna í stórhættu en sýnir jafnframt hve nauðsynlegt er að fyllsta öryggis sé gætt og sterkir sjóðir byggðir upp af tryggingafélögunum til þess að mæta áföllum af þessu tagi. Mér virðist því að lágmarksálag til öryggis sé 5%. Má minna á það að í skýrslu Tryggingaeftirlitsins er tap bifreiðatryggingafélaganna vegna áranna 1984–86 metið sem hér segir (sem hlutfall af iðgjöldum ársins):

1984	5,5%
1985	6,5%
1986	5,0%

Útreikningar sem ég hef lagt fyrir Tryggingaeftirlitið benda til þess að þetta hlutfall sé vanmetið þannig að eðlilegra væri að miða við 7–8% öryggisálag.

6. Verðlagsforsendur eru sem hér segir:
Allt verðlag er metið miðað við mars 1988. Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar hefur verðlag á útseldri vinnu verkstæða hækkað um 48,8% frá janúar 1987 til janúar 1988. Á sama tíma hafa varahlutir hækkað um 14,1% og nýir bílar um 18,9%. Vísitala neyslu hefur hækkað um 26,8% og heildarlaun samkvæmt tölum Kjararannsóknanefndar um 43,4% frá 3. ársfjórðungi 1986 til sama ársfjórðungs 1987. Af öllum stærðum var reiknað vegið meðaltal á árinu 1987 og gerð spá fyrir mars 1988. Forsendur eru þær að verðlag hækki jafnt fyrir alla þætti nema varahluti. Á þeim er gert ráð fyrir 20% lækkun frá janúarverðlagi vegna tollalækkana. Miðað við þá útreikninga sem sýndir eru í töflu hér á eftir reiknast mér vegin meðalhækkun verða 20,6% frá meðalverðlagi ársins 1987 til mars 1988.
7. Kostnaðarhlutfall 1987 er reiknað í samræmi við þær tölur sem Tryggingaeftirlitið gaf í ársskýrslu 13. Hækkun á kostnaði er talin fylgja vísitölu neyslu, en líklega væri eðlilegra að miða við hækkun heildarlauna því að rúmur helmingur kostnaðar er laun og launatengd gjöld.
8. Fjármunatekjur eru teknar inn í áætlunina þannig að gert er ráð fyrir því að þær mæti annars vegar hækkunum á verðlagi innan ársins og hins vegar hækkunum á áætluðum tjónum eftir lok tryggingaársins. Auk þess er gert ráð fyrir 10% afvöxtun á tjónum greiddum eftir 1. ár. Þetta þýðir að gert er ráð fyrir að félögin geti ávaxtað það fjármagn sem kemur ekki til greiðslu á 1. ári með 10% raunvöxtum. Þessir útreikningar miða að sjálfsögðu við það að iðgjaldið sé rétt ákvarðað í upphafi, þannig að peningar sem hægt er að ávaxta innheimtist af félögunum. Ef iðgjaldið er of lágt metið myndast ekki nægir sjóðir og þá þýðir ekki að miða við raunávöxtun hvað þá svona háa ávöxtun. Þessi tala er langt umfram það sem félögin náðu á árinu 1986 (3,8%).
9. Iðgjöld ársins eru ákveðin þannig að yfirfærslur í iðgjaldasjóði eru metnar annars vegar á meðalverðlagi ársins 1987 til þess að meta afkomuna það ár. Varðandi iðgjaldaþörfina 1988 er notað verðlag vorið 1988.
Áætlun um tjón, kostnað og iðgjöld í milljónum króna er því (slysatrygging ökumanns og fleiri innifalin):

Útreikningur á hækkun frá meðalverðlagi 1987 til vors 1988, miðað við 10% afvöxtun.

	1987	Áætlað 1988
Greidd tjón	632 726 146	
Áætlað óuppgert	369 292 720	
Sjálfsábyrgð	78 732 952	
Vegna annarra breytinga	37 826 314	
Tjón samtals	1 118 578 132 +20.6%	1 349 216 275
Vegna nýrra slysa (ökumannstrygging)		84 000 000
Alls		1 433 216 275
Kostnaður	191 473 340 +19.5%	228 807 629
Umboðslaun	65 838 164	121 752 914
Tjón og kostnaður	1 375 889 636	1 783 776 818
Rekstrarafgangur	40 248 126	52 179 820
Öryggisálag	74 533 566	96 629 297
Alls	1 490 671 328	1 932 585 934
Iðgjöld ársins	1 045 050 224	1 932 585 934
Iðgjaldasjóður frá fyrra ári		355 395 119
Iðgjaldasjóður til næsta árs		462 280 067
Bókfærð iðgjöld		2 039 470 882
Hækkunarþörf		97.0%

Hér hefur hækkunarþörf vegna ábyrgðartryggingarinnar og nýju ökumannstryggingarinnar verið reiknuð saman en iðgjaldinu þarf að skipta á tvær tryggingar. Áður hefur verið getið um það að reiknað er með því að 550 ökumenn sem áður féllu undir ábyrgðartryggingu reiknist með hinni nýju tryggingu. Auk þess er gert ráð fyrir því að 200 ökumenn í sök komi undir nýju tryggginguna. Samtals eru þetta 750 ökumenn. Þessir 200 „nýju“ tjónþolar eru reiknaðir á 84 millj. kr. en að sjálfsögðu fylgir nokkur kostnaður og umboðslaun hinni nýju tryggingu. Ef tjónin eru rétt metin þá verða þau samtals að upphæð 202+84=286 millj. kr. en sú upphæð er 20% af tjónum alls fyrir tryggingarnar tvær. Ef iðgjaldaþörfinni er skipt í sama hlutfalli þá er iðgjald samtals í hinni nýju tryggingu 386,5 millj. kr., deilt á 120 þúsund ökumenn gerir þetta iðgjald um 3200 kr. á hverja tryggingu.

Drögum þessa upphæð frá 2039 millj. kr. (reiknuðum bókfærðum iðgjöldum fyrir tryggingarnar tvær). Þá fást 1653 millj. kr. í bókfærð iðgjöld ábyrgðartrygginga. Árið 1987 voru bókfærð iðgjöld 1035 millj. kr. Iðgjaldataxtar ábyrgðartryggingar þurfa því að hækka að meðaltali um 59,7%.

Vegna þess að iðgjaldahækkunin er samsett af þremur þáttum, hækkun vegna of lágrar iðgjaldaskrár undanfarið ár, hækkun vegna verðlagsbreytinga og hækkun vegna lagabreytinga, þá er eðlilegt að sundurgreina þessar hækkanir:

Hækkun vegna of lágrar iðgjaldaskrár u.þ.b. 33,6%.

Þar ofan á hækkun vegna verðhækkana og umboðslauna u.þ.b. 22,6%.

Alls 1,336 x 1,226 = 1,638 eða 63,8%.

Þessar tölur eiga við iðgjöld ársins en vegna mismunandi iðgjaldayfirfærslu þurfa bókfærð iðgjöld að hækka talsvert meira eða um 69,5%. Hækkanir umfram þessar tölur eru vegna nýrra laga.

Sérstaka athygli þarf að vekja á því að breyting á bónusflokkum og tilfærsla milli flokka veldur því að hækkun á grunntöxtum þarf að vera hærri en fyrrnefnd prósenta. Hækkunarþörfin er miðuð við meðaliðgjald, en hækkun á grunntaxta þarf að vera hærri.

Fylgiskjal II.

Sigurjón Pétursson, f.h. samstarfsnefndar íslensku bifreiðatryggingafélaganna:

Iðgjöld ökutækjatrygginga 1. mars 1988.

(Bréf samstarfsnefndar tryggingafélaganna til Tryggingaeftirlitsins.)

Með tilvísun í fyrri samtöl og fundi um ofangreint mál sendir samstarfsnefnd íslensku bifreiðatryggingafélaganna yður greinargerðir og útreikninga Benedikts Jóhannessonar Ph.D. varðandi ofangreint.

Niðurstöður útreikninga Benedikts eru þær að þann 1. mars næstkomandi þurfa grunntaxtar lögboðinna ábyrgðartrygginga ökutækja að hækka um 59,7%, iðgjald fyrir lögboðna slysatryggingu ökumanns og eigenda að verða 3200 kr., framrúðutryggingar að hækka um 38,6% og iðgjöld fyrir húftryggingar að hækka um 28,0% hjá þeim félögum sem endurnýja sínar húftryggingar 1. mars en 34,1% hjá þeim félögum sem endurnýja sínar húftryggingar 1. maí.

Athuganir Benedikts og nefndarinnar leiða enn fremur í ljós að iðgjöld þau sem bifreiðar með skrásetningarnúmerum með A í upphafsstaf eru óeðlilega lág miðað við tjón þau sem þeir valda. Niðurstöður eru þær að færa A bifreiðar af 2. áhættusvæði yfir á 1. áhættusvæði. Jafnhliða þessu er talið rétt að sameina 3. og 2. áhættusvæði í eitt áhættusvæði sem veldur iðgjaldalækkun um 6,9% fyrir 2. áhættusvæði og iðgjaldahækkun fyrir 3. áhættusvæði sem nemur 4,5%.

Förum við þess á leit við Tryggingaeftirlitið að það geri athugasemdir við þessa áformuðu iðgjaldahækkun ef einhverjar eru.

Fylgiskjal III.

Minnisblað til nánari útskýringar á útreikningi samstarfsnefndar bifreiðatryggingafélaganna á hækkunarþörf iðgjalda í lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækja 1. mars 1988.

Útreikningarnir miða að því að finna þær breytingar sem gera þarf á gildandi iðgjaldaskrá frá 1. mars 1987 til þess að iðgjaldatekjur á árinu 1988 nægi til að mæta tjónbótum ársins 1988 og rekstrarkostnaði. Matið á iðgjaldaþörfinni er reist á upplýsingum um iðgjöld, tjón og rekstrarkostnað vátryggingarfélaganna á árinu 1987, verðlagsbreytingum sem áhrif hafa á uppgjör tjóna frá meðalverðlagi 1987 til 1. mars 1988 og mati á þeim breytingum sem ný umferðarlög hafa í för með sér.

Mat samstarfsnefndarinnar er sem hér segir (í millj. kr.):

Bókfærð iðgjöld vátryggingarfélaganna 1987		1.035
Tjónabætur 1988:		
Að óbreyttum umferðarlögum	1.305	
Þar af greitt úr nýrri slysatr. ökumanns	-202	1.103
Vegna nýrra umferðarlaga:		
Niðurfelling sjálfsábyrgðar		95
Rýmkun bótasviðs		46
Slysatrygging ökumanns		286
Rekstrarkostnaður og fleira		457
Rekstrarafgangur		52
Iðgjaldaþörf 1988		2.039
Hækkun að meðaltali		97.0%
Þar af að óbreyttum umferðarlögum		69.5%

Hækkunarþörf grunntaxta ábyrgðartryggingarinnar er talin 59,7% en til viðbótar kemur ný slysatrygging ökumanns (og eiganda) og er iðgjaldið talið þurfa að nema 3200 kr. fyrir hana. Talan 59,7% kemur þannig fram:

	Millj. kr.	**%**
Bókfærð iðgjöld 1987	1.035	100
Tjónabætur ábyrgðartr. 1988 miðað við ný lög	1.244	
Rekstrarkostnaður og fleira	357	
Rekstrarafgangur	52	
Iðgjaldaþörf 1988	1.653	159.7
Ný slysatrygging ökumanns og eiganda	386	
Iðgjaldaþörf 1988	2.039	197.0

Hluti tjóna sem áður var greiddur úr ábyrgðartryggingu greiðist nú úr nýrri slysatryggingu ökumanns (og eiganda).

Samanburður á hækkun að óbreyttum umferðarlögum og eftir breytingar á þeim verður sem hér segir, samkvæmt niðurstöðum samstarfsnefndarinnar (í millj. kr.):

	Millj. kr.	%
Bókfærð iðgjöld	1.035	100
Tjónabætur að óbreyttum umferðarlögum	1.305	
Rekstrarkostnaður og fleira	397	
Rekstrarafgangur	52	
Iðgjaldaþörf (óbreytt umferðarlög)	1.754	169.5
Vegna nýrra umferðarlaga	285	16.2
Iðgjaldaþörf 1988	2.039	197.0

Ef miðað er við meðaliðgjöld 1987 um 10 000 kr. (að frádregnum bónus) yrði iðgjaldið 1988 án söluskatts:

Ábyrgðartrygging 10.000 x 1,597	= 15.970
Slysatrygging	3.200
Samtals	19.170

Tekið skal fram að hér er einvörðungu um að ræða útreikninga samstarfsnefndarinnar sem Tryggingaeftirlitið hefur ekki tekið afstöðu til.

Fylgiskjal IV.

Erlendur Lárusson,
Tryggingaeftirlitinu:

Bréf frá Tryggingaeftirlitinu til formanns samstarfsnefndar bifreiðatryggingafélaganna.

Tryggingaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 10. febr. 1988, varðandi breytingar á iðgjaldaskrám ökutækjatrygginga við endurnýjun á gjalddögum á árinu 1988.

Er hér með staðfest sú niðurstaða að iðgjöld ábyrgðartrygginga ökutækja þurfi að hækka að meðaltali um 60% frá iðgjaldaskrá 1. mars 1987, en um 44% sé samið um 15 000 kr. eigin áhættu. Iðgjald slysatryggingar ökumanns og eiganda sem farþega í eigin ökutæki verði 3200 kr. Jafnframt verði gerðar breytingar á skiptingu áhættusvæða þannig að 2. og 3. áhættusvæði verði sameinuð er hefur í för með sér 6,9% iðgjaldalækkun fyrir 2. áhættusvæði en 4,5% iðgjaldahækkun fyrir 3. áhættusvæði. Ökutæki með skrásetningarbókstaf A flytjist á 1. áhættusvæði. Framrúðutryggingar hækki um 39% og húftryggingar um 28% (gjalddagi 1. mars) og 34% (gjalddagi 1. maí).

Ákvörðun iðgjalda í ábyrgðartryggingum ökutækja er nú háð meiri óvissu en nokkru sinni fyrr. Þessi óvissa er þríþætt.

Í fyrsta lagi þurfti að gera leiðréttingu á gildandi iðgjaldaskrá (1. mars 1987) vegna þróunar slysatjóna frá árunum 1984–1986, bæði vegna breyttra bótareglna og aukinnar

slysatíðni. Grundvallarbreyting verður 1984 (og með fullum þunga frá 1985) á því mynstri tjónagreiðslna, sem stuðst hefur verið við við mat áætlaðs heildartjónakostnaðar. Vísbending um þróunina 1984 og 1985 kom fram í gögnum félaganna við iðgjaldsákvörðun 1987, en það er fyrst í árslok 1987 að áhrifin verða skýr varðandi tjónaárin 1984–1986. Má segja að mun ítarlegri sundurliðanir á slysatjónunum hefðu þurft að liggja fyrir þegar iðgjaldaþörfin á árinu 1987 var metin.

Í öðru lagi reynist árið 1987 mjög tjónaþungt ár og lakara en árin á undan. Mikið launaskrið varð á árinu er bæði hefur áhrif á uppgjör slysatjóna og rekstrarkostnað félaganna. Nánast engar upplýsingar liggja fyrir um það hvort félögin hafi í áætlunum sínum um tjónakostnað á árinu 1987 tekið nægilegt tillit til þessa þáttar og óvíst hvort leiðrétting sé að fullu komin til skila í iðgjaldagrundvelli 1988.

Í þriðja lagi koma til sögunnar ný umferðarlög 1. mars 1988 með miklum breytingum á fébótaábyrgð og bótareglum. Áhrif þeirra á iðgjaldaþörf er ákaflega erfitt að meta nú og því brýn nauðsyn vegna mats á iðgjaldagrundvellinum í framtíðinni að tölulegar upplýsingar liggi fyrir aðgreindar um tímabilið frá 1. mars 1988, í ábyrgðartryggingunni og slysatryggingu ökumanns og eiganda.

Segja má að skipta megi ábyrgðartryggingum ökutækja í þrjú aðskilin tímabil með tilliti til þróunar tjónakostnaðar, fyrst tímabilinu fyrir 1984, þegar unnt var með tiltölulega lítt sundurliðuðum gagnagrunni að spá um iðgjaldaþörf komandi árs, þá 1984–1987 og fram að 1. mars 1988 (á árinu 1988 þarf að aðgreina mánuðina jan.–febr. frá mars–des.) þegar forsenda mats á iðgjaldaþörfinni er vitneskja um slysatjónin og ekki er lengur unnt að byggja á eldra grunni, og loks tímabilið frá 1. mars 1988 með tilkomu nýrra umferðarlaga, þegar grundvöllur bótagreiðslna er allur annar en áður.

Leggur Tryggingaeftirlitið því mikla áherslu á nauðsyn endurskipulagningar á tölulegri úrvinnslu hjá félögunum en það er alger forsenda þess að unnt verði að meta réttmæti iðgjalda að ári og spá um iðgjaldaþörf í framtíðinni.

Einnig er lögð áhersla á fræðslu um þær breytingar sem eiga sér stað 1. mars 1988 bæði til þeirra sem um tjónauppgjör fjalla hjá félögunum og til þeirra sem rétt eiga á bótum úr hendi félaganna. Hjálagt fylgir yfirlit yfir hina auknu ábyrgð samkvæmt skaðabótareglum hinna nýju umferðarlaga.

Væntir Tryggingaeftirlitið áframhaldandi samstarfs við samstarfsnefnd bifreiðatryggingafélaganna um þessi mál.

Þá vill Tryggingaeftirlitið minna á að hinar nýju iðgjaldaskrár ber að senda eftirlitinu jafnskjótt og þær liggja fyrir.

Aukin ábyrgð samkvæmt skaðabótareglum nýrra umferðarlaga nr. 50/1987.
(Greinargerð Tryggingaeftirlitsins dags. 29. febr. 1988.)

Umferðarlög nr. 50/1987 öðlast gildi 1. mars 1988, jafnframt falla úr gildi umferðarlög nr. 40/1968, með áorðnum breytingum. Hin nýju umferðarlög hafa ýmis nýmæli í för með sér varðandi fébætur og vátryggingu. Má nefna í því sambandi:

1. *Hlutlæg ábyrgð skv. 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.*

   Hlutlæg ábyrgð (ábyrgð án sakar) gildir um tjón á mönnum og munum sem fluttir eru með ökutæki hvort sem flutt er gegn gjaldi eða ekki, með öðrum orðum felld hefur verið niður takmörkun á hinni hlutlægu ábyrgð sem felst í 2. mgr. 67. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, þar sem kveðið er á um að ábyrgðarreglan (hlutlæg ábyrgð), gildi ekki um slys eða tjón á mönnum eða munum sem ökutækið flytur nema flutt sé gegn gjaldi.

   Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess, enda þótt tjónið verði

ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Ætla má að hugtakið notkun verði skýrt á sama veg og til þess hefur verið. Orsakatengsl þurfa að vera fyrir hendi milli notkunar og tjóns.

Ábyrgðarreglan er mun víðtækari samkvæmt hinum nýju lögum og felur í sér aukna ábyrgð vátryggðs (vátryggingarfélaga) gagnvart viðkomandi tjónþola.

2. *Einfalt gáleysi skv. 2. mgr. 88. gr. (tjónþoli meðábyrgur).*

Samkvæmt 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, má lækka fébætur og jafnvel láta þær niður falla ef sá sem fyrir slysi eða tjóni varð er meðvaldur þess eða meðábyrgur.

Sú meginbreyting á sér stað með 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, að bætur fyrir líkamstjón eða vegna missis framfæranda má lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni eða lést var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Einfalt gáleysi skerðir því ekki bótarétt manns sem slasast eða missir framfæranda. Gáleysi verður að vera nokkuð mikið til þess að vera talið stórkostlegt. Nýmæli 2. mgr. 88. gr. hefur veruleg áhrif á réttarstöðu þess sem fyrir tjóni verður. Má nefna réttarstöðu farþega í ökutæki, gangandi vegfarenda, hjólreiðamanna o.s.frv.

Þess ber að geta í þessu sambandi að 89. gr. hinna nýju umferðarlaga er fjallar um árekstur skráningarskyldra vélknúinna ökutækja er efnislega samhljóða umferðarlögum, nr. 40/1968, varðandi bætur fyrir tjón af árekstri. Hin nýja regla 2. mgr. 88. gr. (einfalt gáleysi) gildir ekki um líkamstjón ökumanns eða eigenda ökutækja.

3. *Slysatrygging ökumanns o.fl.*

Ökumaður getur ekki reist kröfu á ábyrgðarreglu 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga ef hann ætlar að krefja eiganda ökutækisins um bætur vegna slyss eða annars tjóns sem verður meðan hann er við stjórn ökutækisins. Ökumaður verður að geta reist kröfu á grundvelli sakar eða á ólögfestri reglu um hlutlæga ábyrgð vegna bilunar eða galla. Það er oftast svo að ökumaður sem slasast við akstur á oftast sök og getur því ekki krafið eiganda um bætur (hér er ekki verið að fjalla um árekstur ökutækja).

Hin nýju umferðarlög auka til muna réttarstöðu ökumanns. Samkvæmt 92. gr. skal eigandi skráningarskylds vélknúins ökutækis tryggja ökumann þess og gildir vátryggingin fyrir hvern ökumann sem tækinu stjórnar. Vátryggingarfjárhæð er 10 millj. kr. vegna hvers tjónsatburðar og skal vátryggt hjá sama vátryggingarfélagi og ábyrgðartryggir ökutækið.

a. Slysatrygging ökumanns er vátrygging sem takmarkast við umferðarslys sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækis. Vátryggingin gildir fyrir hvern þann sem ökutækinu stjórnar hvort sem það er eigandi eða aðili sem tekið hefur ökutæki ófrjálsri hendi.

Vátryggingin tekur, sem áður segir, einungis til umferðarslysa og falla því utan hennar ýmis tilvik svo sem er óhapp á sér stað við viðgerð á ökutækinu o.fl.

Ökumaður (tjónþoli) þarf ekki að sanna sök á aðila til að njóta þessarar vátryggingar. Án efa skerðir bótagreiðsla samkvæmt þessari vátryggingu, bótarétt er ökumaður (eða aðstandandi) kann að eiga á hendur þeim sem ábyrgð ber vegna slyss. Ökumaður (tjónþoli) getur misst rétt til vátryggingarbóta að einhverju eða öllu leyti samkvæmt reglum vátryggingaréttar.

b. Slysatrygging eiganda ökutækis er viðbótartrygging til handa eiganda ökutækis sem slasast sem farþegi í eigin ökutæki. Samkvæmt skilmálum greiðast bætur fyrir tjón vegna umferðarslyss. Sömu skilmálar gilda um vátryggingu þessa og fyrir slysatryggingu ökumanns.

4. *Hækkun vátryggingarfjárhæða.*

Vátryggingarfjárhæðir hækka mikið með tilkomu hinna nýju umferðarlaga.

Samkvæmt gildandi lögum (umferðarlögum, nr. 40/1968) er vátryggingarfjárhæð 38,8 millj. kr. fyrir hvert vélknúið ökutæki sem flytja má fleiri farþega en tíu og 19,4 millj. kr. fyrir önnur ökutæki.

Samkvæmt 2. mgr. 91. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, skal vátrygging vegna líkamstjóns eða vegna missis framfæranda tryggja allt að 250 millj. kr. og vegna tjóns á munum allt að 50 millj. kr. sem hlýst af hverjum einstökum tjónsatburði.

5. *Lögboðin sjálfsábyrgð fellur niður.*

Með tilkomu hinna nýju umferðarlaga fellur niður lögboðin sjálfsábyrgð þess sem fébótaábyrgð ber á tjóni.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur ákveðið að heimila með reglugerð um breytingu á reglugerð um ábyrgðartryggingar ökutækja, nr. 238/1984, að almennt megi áskilja að eigin áhætta vegna hvers tjónsatburðar skuli vera tiltekin fjárhæð, allt að 15 000 kr. Ráðuneytið getur, að fengnum tillögum Tryggingaeftirlitsins, árlega breytt fjárhæð þessari í samræmi við verðlagsbreytingar.

Framanritað í samantekt:

1. Hlutlæg ábyrgð gildir um tjón á mönnum og/eða munum sem fluttir eru með ökutæki, hvort sem flutt er gegn gjaldi eða ekki.
2. Einfalt gáleysi skerðir ekki bótarétt þess sem slasast eða missir framfæranda sbr. 2. mgr. 88. gr.
3. Slysatrygging ökumanns o.fl. Annars vegar skyldutrygging ökumanns og hins vegar viðbótartrygging eiganda sem slasast sem farþegi í eigin ökutæki.
4. Hækkun vátryggingarfjárhæða.
5. Lögboðin sjálfsábyrgð fellur niður. Vátryggingarfélögum er heimilt, samkvæmt reglugerð, að bjóða sjálfsábyrgð allt að 15 000 kr.

Sþ. 700. Tillaga til þingsályktunar [368. mál]

um samvinnu Íslands, Færeyja og Grænlands á sviði markaðsmála og viðskipta.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Alexander Stefánsson, Árni Gunnarsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Friðjón Þórðarson, Óli Þ. Guðbjartsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samráði við Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins að láta kanna hvernig unnt sé að auka samstarf og samvinnu Íslendinga, Færeyinga og Grænlendinga á sviði markaðsmála og viðskipta. Sérstaklega verði athugað hvernig þjóðirnar, með auknu samstarfi og bættum samgöngum sín í milli, geti styrkt stöðu útflutningsstarfsemi sinnar og aukið innbyrðis viðskipti.

Endanlegar niðurstöður þessara athugana skulu lagðar fyrir Alþingi í formi skýrslu fyrir árslok, en bráðabirgðaniðurstöður unnar fyrir mitt sumar fyrir Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins.

Greinargerð.

Á fundi Vestnorræna þingmannaráðsins í Þórshöfn í Færeyjum sl. haust var aukið samstarf hinna vestnorrænu þjóða á sviði markaðsmála og viðskipta talsvert til umræðu. Fyrir fundi ráðsins lágu þá tvær tillögur sem að þessu lúta, sbr. fylgiskjöl, og voru þær ræddar auk þess sem allmikil almenn umræða varð um málið.

Ljóst er að áhugi granna okkar á auknu samstarfi á þessu sviði er mikill og ber að fagna því. Flutningsmönnum tillögunnar þykir því fyllsta ástæða til að þessi mál verði könnuð af hálfu okkar Íslendinga, þar með talið hvernig vænlegast sé að auka samstarf og styrkja böndin milli þjóðanna þriggja á þessu sviði með tilliti til mismunandi stöðu þeirra. Verður í því sambandi að hafa sérstaklega í huga aðild Íslands að EFTA og tengsl Færeyja og Grænlands við Danmörku. Hvorki Færeyjar né Grænland eru þó aðilar að Evrópubandalaginu og er af þeim sökum eðlilegt að hugleiða möguleikana á aukinni samstöðu eyþjóðanna þriggja í Norðvestur-Atlantshafi í alþjóðlegum samskiptum a.m.k. á þessu sviði.

Óþarft er að fjölyrða um nauðsyn þess og gagnkvæmt hagræði að þjóðirnar þrjár sem byggja þessi grannlönd eigi sem best samstarf sín í milli og snúi bökum saman gagnvart umheiminum, jafnt á sviði viðskipta sem annars staðar. Er því frekari rökstuðningur fyrir tillögu þessari þarflaus og það einlæg von flutningsmanna að hún fái skjóta afgreiðslu.

Fylgiskjal I.

Tillaga að ályktun um markaðsmál og viðskipti.

Víst er að aukin viðskipti milli hinna vestnorrænu landa og aukið samstarf á sviði markaðsmála, einkum hvað varðar útflutning, mundi styrkja böndin milli þjóðanna og auka hagsæld þeirra.

Íslenska sendinefndin leggur því til að ráðið samþykki eftirfarandi ályktun:

Vestnorræna þingmannaráðið beinir því til landsstjórna Færeyja og Grænlands og til ríkisstjórnar Íslands að kanna hvernig auka megi samstarf landanna á sviði markaðsmála og viðskipta. Sérstaklega verði kannað hvernig löndin geti með auknu samstarfi styrkt stöðu útflutningsstarfsemi sinnar og aukið gagnkvæm viðskipti sín í milli og annarra ríkja á Norðurlöndum.

Fylgiskjal II.

Tillaga að ályktun um aukna samvinnu á sviði viðskipta.

Flutningsmaður: Adolf V. Hansen.

(Þórshöfn, 10. sept. 1987.)

Nauðsynlegt er fyrir lítil samfélög að huga að þróun á öllum sviðum ef þau eiga að geta spjarað sig efnahagslega.

Telja má þau þrjú landssvæði sem við erum hér fulltrúar fyrir til lítilla samfélaga og þau hafa allan þann tilvistarvanda sem smáríki verða að dragnast með. Þessi vandi er að mörgu leyti sá sami hjá öllum löndunum þremur.

Ímyndum okkur lítið samfélag, smáeyju með þremur byggðum, og byggðirnar hafa ekki nein viðskipti sín á milli heldur leita þau annað um alla verslun, vinnu og þjónustu.

Afleiðingin af þessu verður sú að þessar þrjár byggðir stuðla ekki sameiginlega að uppbyggingu og þróun hver hjá annarri, heldur styrkja þær þvert á móti hvort tveggja á næstu eyju eða eyjum. Á þennan hátt hamla þær þróun hver hjá annarri en styrkja hins vegar þróun utan eyjar.

Á hinn bóginn geta byggðirnar stutt hver aðra verulega í þróunarmálum ef hver byggð tengist nágrannabyggð með alla verslun, vinnu og þjónustu, sem ekki er unnt að veita í heimabyggðinni áður en leitað er út fyrir eyna. Ef þetta væri gert mundi allur gróði og sparifé haldast á eynni í stað þess að rjúka út í veður og vind.

Sömu áhrifum gætu Grænland, Ísland og Færeyjar náð. Þetta þýðir að við vinnum að gagnkvæmri þróun landanna og vinnum um leið að þróun í eigin landi. Við eflum iðnað grannlandsins um leið og við eflum eigin iðnað.

Með tilvísun til þess sem að framan greinir er eftirfarandi lagt til:

Vestnorræna þingmannaráðið hvetur ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Grænlands og Færeyja til þess að koma á fót gagnkvæmri (þróunar)samvinnu með því að tollalögum á viðkomandi svæðum verði breytt með það markmið í huga að verslun innan þess svæðis, sem samvinnan tekur til, verði hagkvæmari, ef vara, sem ella væri flutt inn, er framleidd eða úr henni unnið á svæðunum. Lagt er til að samvinnan hljóti nafnið *North Atlantic Mutually Islands Development,* skammstafað *NAMID.*

Fylgiskjal III.

Markaðs- og viðskiptanefnd.
Til Vestnorræna þingmannaráðsins.

Nefndin beinir þeim tilmælum til ráðsins að það samþykki að hvetja ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Grænlands og Færeyja til að kanna kosti og galla við það að löndin komi hvert fyrir sig í framkvæmd „tillögu (7,6) til ályktunar um bætta möguleika á samvinnu á sviði viðskipta“ (tillaga Adolfs Hansens).

Ráðið óskar þess að álit landanna þriggja, hvers um sig, liggi fyrir á fundi ráðsins á Grænlandi árið 1988.

Sþ. 701. Tillaga til þingsályktunar [369. mál]

um forvarnir gegn of háum blóðþrýstingi.

Flm.: Ólafur Gränz, Albert Guðmundsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Ingi Björn Albertsson, Guðmundur Ágústsson, Kolbrún Jónsdóttir, Hreggviður Jónsson.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að láta nú þegar hefja undirbúning að stórauknu forvarnarstarfi gegn of háum blóðþrýstingi. Í þessum tilgangi skal ráðherrann m.a. beita sér fyrir setningu laga og reglugerðar um rekstur sérbúinna eftirlitsbifreiða þar sem færu fram blóðþrýstingsmælingar og annað forvarnarstarf. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Fyrir nokkrum árum fóru fram miklar umræður hér á landi um of háan blóðþrýsting, heilsutjón og dauðsföll af hans völdum. Þá var hvatt til aukins forvarnarstarfs, en sú umræða skilaði ekki miklum árangri. Dauðsföllum af völdum þessa sjúkdóms fjölgar stöðugt og aldur þeirra sem hann leggur að velli færist sífellt neðar þannig að ungu fólki stafar nú æ meiri hætta af of háum blóðþrýstingi.

Þrátt fyrir lofsvert forvarnar- og eftirlitsstarf ýmissa stofnana og félagssamtaka nær starfsemi þeirra því miður ekki nægilega vel til landsmanna og er það í samræmi við reynslu annarra þjóða. Háþrýstingur er dulinn sjúkdómur sem í flestum tilfellum gerir ekki vart við sig fyrr en um seinan og menn fara ekki reglulega til þess að láta athuga blóðþrýstinginn.

Í nokkrum nágrannalöndum okkar hefur verið brugðið á það ráð að starfrækja sérstakar eftirlitsbifreiðar sem fara víða, m.a. um strjálbýl svæði til þess að annast almennt forvarnar- og eftirlitsstarf. Reynslan af þessum bifreiðum er ótvírætt mjög góð og því er lagt til að Íslendingar komum á slíkri þjónustu hér.

Úr bifreiðum þessum má dreifa hvers konar upplýsingum um hollustu og forvarnir. Þær þurfa að vera útbúnar nægilegum rannsóknartækjum til þess að mæla blóðþrýsting og athuga önnur sjúkdómseinkenni eða taka sýni eftir því sem henta þykir.

Ekki er lagt til að komið verði á fót sérstakri stofnun til þess að annast þennan þátt heilbrigðisþjónustunnar, en þess í stað er gert ráð fyrir að heimastöðvar þessara bifreiða verði nokkrar stærstu heilsugæslustöðvarnar.

Ákjósanlegt væri að koma á virku samstarfi og reglulegum samskiptum milli eftirlitsbifreiða og fjölmennra íverustaða, svo sem skóla og vinnustaða þar sem trúnaðarmenn hefðu milligöngu. Blóðþrýstingsmælingar eru tiltölulega auðveldar í framkvæmd og kalla hvorki á mikinn né dýran tækjabúnað og þess vegna þyrfti að koma á námskeiðum fyrir trúnaðarmenn svo að þeir gætu annast slíkar mælingar og létt þannig undir með eftirlitsþjónustunni.

Tillagan um þessa þjónustu er hugsuð sem endurskipulagning og að hluta viðbót við núverandi eftirlitsstarf með of háum blóðþrýstingi. Með tillögunni er á engan hátt verið að áfellast núverandi eftirlit, heldur einungis verið að efla það með sem minnstum tilkostnaði.

Tillaga þessi er til áréttingar ákvæði tölul. 5.12 í 19. gr. laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, þar sem segir að á heilsugæslustöðvum skuli m.a. stunda hópskoðanir og skipulagða sjúkdómaleit, og í anda laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og frumvarps til laga um breytingu á þeim á þskj. 518 sem nú liggur fyrir Alþingi.

Nd. 702. Frumvarp til laga [370. mál]

um breytingu á vegalögum, nr. 6 frá 25. mars 1977.

Flm.: Páll Pétursson.

1. gr.

Við e-lið 19. gr. laganna bætist: auk þess vega að loðdýrahúsum og fiskiræktarstöðvum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér er lagt til að heimilt verði í sýsluvegaáætlun að veita fé til vega að loðdýrahúsum og fiskiræktarstöðvum ef sýslunefnd svo kýs.

Sþ. 703. Tillaga til þingsályktunar [371. mál]

um aðgerðir til jöfnunar á orkuverði.

Flm.: Alexander Stefánsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Jón Kristjánsson, Stefán Guðmundsson, Guðni Ágústsson, Valgerður Sverrisdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir næsta þing tillögur um aðgerðir til jöfnunar á orkuverði í landinu.

Sérstök áhersla verði lögð á jöfnun kostnaðar við upphitun húsa. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1989 verði gert ráð fyrir fjármagni til slíkra aðgerða.

Greinargerð.

Þegar hin mikla hækkun varð á olíu á heimsmarkaði sem orsakaði alvarlega röskun á efnahagskerfi heimsins hafði hún þau áhrif hér að við blasti alvarleg efnahagskreppa þar sem innflutt olía var einn aðalorkugjafi hér á landi.

Við þessu var brugðist með því að ráðast í stórframkvæmdir í virkjun innlendra orkugjafa, reist raforkuver og hitaveitur og tekin til þess erlend lán í stórum stíl.

Jafnframt gerðu stjórnvöld ráðstafanir til að hvetja fólk til að leggja af olíuupphitun og þeir landsmenn, sem ekki voru svo lánsamir að fá hitaveitu, notuðu raforku í stað olíu.

Þjóðin var samstiga í þessum aðgerðum og á örskömmum tíma má segja að öll híbýli manna á Íslandi væru annaðhvort tengd hitaveitu eða raforku. Niðurgreiðslum á olíu til upphitunar var hætt. Stjórnvöld lofuðu jöfnun á orkuverði, var miðað við að orkuverð yrði sambærilegt um land allt. Það var sjálfsögð skylda stjórnvalda þar sem þjóðin hafði sinnt kalli um að nýta innlenda orku í stað innfluttrar sem tók stærstan hluta af gjaldeyristekjum landsins. Ekki þarf að rekja þessa sögu frekar í þessari stuttu greinargerð.

Áform stjórnvalda um að jafna orkuverð í landinu hafa því miður ekki tekist. Mikilvægar hitaveitur hafa lent í miklum þrengingum vegna erfiðra erlendra lána, verðið því ekki lækkað eins og áætlað var. Miklu alvarlegra er þó að verð á raforku til upphitunar hækkar jafnt og þétt og jafnhliða er dregið úr niðurgreiðslum.

Landsvirkjun ræður heildsöluverði raforku og Rafmagnsveitur ríkisins eru reknar með auknum halla.

Verð á raforku til húshitunar hefur hækkað frá 1. janúar 1987 til loka febrúar 1988 um allt að 50%. Það sem er alvarlegast í þessum samanburði er að sé miðað við heimsmarkaðsverð á gasolíu í dag er 80% dýrara að hita upp atvinnuhúsnæði með rafmagni og 35% dýrara að hita upp íbúðarhúsnæði — þrátt fyrir niðurgreiðslur á rafhitun til íbúðarhúsa — heldur en með innfluttri gasolíu. Þetta háa orkuverð hjá rafveitum og sumum hitaveitum bitnar nær eingöngu á íbúum landsbyggðarinnar; eru þar mýmörg dæmi um upphitunarkostnað sem er tvöfalt til fjórfalt hærri en hér á höfuðborgarsvæðinu.

Orkukostnaður í atvinnurekstri út um land er orðinn fyrirferðarmesti liðurinn í rekstri fyrirtækja, ekki síst í fiskvinnslu og orkufrekum iðnaði.

Ekki er hægt að ætlast til að fólk almennt taki á ný upp kyndingu með olíu þar sem öll slík kerfi hafa verið fjarlægð og eingöngu miðað við útbúnað fyrir raforku og/eða hitaveitu. Slíkar breytingar mundu kosta stórfé og hafa í för með sér ýmis vandamál.

Við þessum vanda verður að bregðast með áþreifanlegum aðgerðum. Það má ekki dragast annars verða afleiðingar þessa alvarlegri en menn sjá nú fyrir. Hluti þjóðarinnar, sem er þolendur þessa háa orkuverðs, getur ekki lengur við þetta búið, afleiðingarnar verða stórfelldur tilflutningur fólks frá landsbyggðinni sem getur haft í för með sér stærri efnahagsvanda fyrir þjóðarbúið í heild en nú blasir við.

Þessi þingsályktunartillaga er flutt sem tilraun til þess að fá Alþingi til að láta í ljósi ákveðna viljayfirlýsingu um að láta leysa þetta mál á þessu ári og yrði hún staðfest með afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár.

Sþ. 704. Fyrirspurn [372. mál]

til viðskiptaráðherra um gjaldtöku innlánsstofnana.

Frá Alexander Stefánssyni.

1. Hvernig er háttað gjaldtöku innlánsstofnana vegna afurðalána og hvernig hefur hún breyst frá 1. nóvember 1986?
2. Hvaða áhrif hafa breytingar á gjaldtöku skv. 1. tölul. haft á fjármagnskostnað atvinnuveganna vegna afurðalána?
3. Hvert er hlutfall gjaldskrártekna innlánsstofnana af samanlögðum vaxta- og gjaldskrártekjum á árinu 1987 og hvert var sambærilegt hlutfall á árunum 1984, 1985 og 1986?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 705. Tillaga til þingsályktunar [373. mál]

um launajöfnun, lágmarkslaun og nýja launastefnu.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Geir Gunnarsson, Guðrún Helgadóttir, Hjörleifur Guttormsson, Margrét Frímannsdóttir, Ragnar Arnalds, Skúli Alexandersson, Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að brýna nauðsyn beri til að skapa víðtæka þjóðfélagslega samstöðu um nýja launastefnu er miði að því að draga úr hinum óhóflega launamun sem ríkir í landinu og tryggi að lægstu laun dugi fyrir nauðsynlegum framfærslukostnaði.

Hin nýja launastefna feli í sér eftirfarandi meginatriði:

1. Launamunur í landinu taki mið af því að hæstu laun nemi á næstu árum ekki hærri upphæð en nemur fjórföldum lágmarkslaunum og á hverjum vinnustað verði lægstu laun aldrei lægri en ⅓ af hæstu launum sem þar eru greidd. Stefnt verði að enn frekari launajöfnuði þannig að launamunur verði í framtíðinni aldrei meiri en tvöfaldur.
2. Reiknuð verði út sérstök lágmarkslaunavísitala sem miðist við nauðsynleg útgjöld venjulegs launafólks til heimilisreksturs. Þessi nýja lágmarkslaunavísitala verði reiknuð út fjórum sinnum á ári. Takist ekki með kjarasamningum að tryggja að lægstu laun séu í samræmi við þann framfærslukostnað, sem hin nýja lágmarkslaunavísitala mælir, verði sett lög um lágmarkslaun fyrir dagvinnu sem tryggi nauðsynlegar framfærslutekjur. Kauptaxtar samkvæmt þeim launum verði viðmiðun fyrir yfirvinnu og annað það sem áður tók mið af lægri töxtum, svo og fyrir elli- og örorkulífeyri og tekjutryggingu. Slík lög um lágmarkslaun gildi þar til niðurstöður almennra kjarasamninga gera þau óþörf.

   Þar til útreikningur á nýrri lágmarkslaunavísitölu hefur farið fram verði, ef til lagasetningar kemur, tekið mið af 45 000–55 000 kr. dagvinnutekjum á mánuði.
3. Gerðar verði sérstakar ráðstafanir, lögbundnar ef með þarf, til þess að stuðla að fullum jöfnuði í launum karla og kvenna.
4. Unnið verði að því að fella yfirborganir og aðrar umframgreiðslur inn í launataxta þannig að umsamdir launataxtar endurspegli hin raunverulegu laun.
5. Jafnframt verði í tengslum við hina nýju launastefnu eftirfarandi atriði gerð að forgangsverkefnum:
   a. Stytting vinnutímans.
   b. Úrbætur í dagvistarmálum og húsnæðismálum.
   c. Aukið öryggi og bættur aðbúnaður á vinnustað.
   d. Aðstaða til starfsmenntunar.

Alþingi samþykkir að kjósa þingmannanefnd sem í samráði við aðila vinnumarkaðarins hafi forgöngu um að afla nauðsynlegra gagna og upplýsinga um þessi mál. Nefndin vinni einnig að því að skapa samstöðu um nýja launastefnu á grundvelli ofangreindra stefnuatriða.

Nefndin skal skila niðurstöðum sínum — hvort sem þær eru í formi tilmæla, tillagna eða frumvarpa — til Alþingis, aðila vinnumarkaðarins, ríkisins eða sveitarfélaga.

Nefndin skal hraða störfum sínum þannig að ný launastefna geti komið til framkvæmda hið fyrsta.

Nefndin ræður sér starfsfólk eftir þörfum, kýs sér formann og starfar alfarið á ábyrgð Alþingis. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga þessi um mörkun nýrrar launastefnu er flutt í ljósi vaxandi misréttis, misskiptingar og ranglætis í launamálum í landinu. Á sama tíma og verðmætasköpun er meiri, þjóðartekjur eru hærri en nokkru sinni fyrr og laun þeirra hæstlaunuðu nema 15–20-földum lágmarkslaunum, þarf margföld dagvinnulaun verkamanns til að framfleyta meðalfjölskyldu.

Ljóst er að góðæri undangenginna ára hefur ekki fært þann hluta launamanna, sem lakast eru settir, nær því takmarki að geta lifað mannsæmandi lífi af dagvinnulaunum. Þvert á móti eru lægstu laun fyrir dagvinnu í almennri verkamannavinnu, um 30 þús. kr., líklega fjær því nú en oft áður að duga venjulegri fjölskyldu til lífsviðurværis.

Óstjórn og úrræðaleysi tveggja ríkisstjórna undanfarin ár hefur leitt yfir þjóðina jafnvægisleysi og óvissuástand í efnahagsmálum þrátt fyrir undangengið góðæri. Blind oftrú á lögmál markaðarins hefur valdið ofvexti og þenslu í ýmsum greinum meðan aðrir berjast í bökkum. Vaxta- og peningamál eru í ólestri.

Þá hafa ýmsar aðgerðir ríkisstjórnarinnar svo sem í skattamálum, einkum matarskatturinn, valdið því að brýnustu nauðsynjar hverrar fjölskyldu eru nú dýrari en áður. Húsnæðiskostnaður margra fjölskyldna, sem leigja eða eru að berjast við að eignast eigið húsnæði, er gífurlegur. Eru þau dæmi örugglega ófá þar sem útgjöld vegna húsnæðis ein sér eru hærri en lægstu laun.

Niðurstöður kjarasamninga undanfarið hafa valdið vonbrigðum hvað það snertir að ekki hefur tekist að rétta hlut þeirra sem eru allra verst settir og hafa einungis laun fyrir dagvinnu samkvæmt lægstu kauptöxtum sér til lífsframfæris. Það samræmist ekki ríkidæmi og menningarstigi þjóðarinnar að láta slík laun viðgangast.

Ljóst er af ýmsum ummerkjum að launamunur hefur farið vaxandi undanfarin ár og vinnutíminn hefur jafnframt verið að lengjast. Verður ekki notað annað orð en þrælkun um það hvernig fjölmennir hópar launamanna neyðast út í óheyrilega langan vinnudag til að auka tekjur sínar. Þetta tvennt, vaxandi aðstöðu- og launamunur og óheyrilega langur vinnudagur, hlýtur að teljast höfuðmeinsemd á íslenska vinnumarkaðinum í dag og krefst tafarlausra aðgerða.

Eitt alvarlegasta vandamálið er verulegur launamunur kynjanna. Sem dæmi um þann launamun má nefna eftirfarandi:

— Árið 1986 voru karlar við almenn skrifstofustörf með um 16% hærri mánaðartekjur með álögum en konur.
— Árið 1986 höfðu 30–39 ára karlar við afgreiðslustörf rúmlega 63% hærri mánaðartekjur með álögum en konur á sama aldri. Á þeim aldri ná bæði kynin hæstu tekjum afgreiðslufólks.
— Árið 1986 voru karlar í fiskvinnu með 15% hærri mánaðartekjur með álögum en konur.
— Árið 1986 voru karlar við verksmiðjuvinnu með 44% hærri mánaðartekjur með álögum en konur.

— Á grundvelli skattframtala fyrir árið 1985 höfðu karlar í tannlækna- og læknastétt 81% hærri meðaltekjur en konur í sömu stétt. Hér eru framteljendur með reiknaðar eða áætlaðar tekjur undanskildir.
— Á grundvelli skattframtala fyrir árið 1985 fékk um það bil ein kona á móti hverjum fjórum körlum greiddan bílastyrk. Konur fengu að meðaltali innan við helming þeirrar upphæðar sem körlum var að jafnaði greidd.

Sérstök ástæða er til að benda á að lág laun kvenna hafa komið illa við öll umönnunar- og uppeldisstörf sem þó hljóta að vera undirstöðuþættir í nútímaþjóðfélagi.

Engin deila er um það að æskilegast er að aðilar vinnumarkaðarins nái án afskipta opinberra aðila að semja um kaup og kjör. Sú niðurstaða, sem þar fæst, verður þó að vera ásættanleg fyrir þjóðfélagið og í samræmi við velmegun og réttlætistilfinningu þjóðarinnar. Ef svo er ekki geta tímabundin afskipti löggjafans verið óhjákvæmileg til að tryggja viðunandi lágmarkslaun og á þeim grundvelli m.a. er tillaga þessi flutt. Rétt er að leggja áherslu á að tillögunni er ætlað að vera stuðningur við baráttu lifandi verkalýðshreyfingar og þar með liður í alhliða sókn til betri lífskjara.

Það er einnig ákjósanlegt að sem mest samstaða ríki í þjóðfélaginu, jafnt á hinum pólitíska vettvangi sem úti á vinnumarkaðinum, um þau meginatriði sem lögð eru til grundvallar við skiptingu þjóðarteknanna og aðrar ákvarðanir sem snerta lífskjör og umhverfi fólks.

Alþýðubandalagið telur enga aðra stefnu geta komið til greina í þessum efnum en þá sem leggur til grundvallar jöfnuð í launum og lífskjörum. Eigi að takast sátt í þjóðfélaginu um nýja launastefnu til að vinna eftir, hljóta réttlát jöfnunarsjónarmið að verða hornsteinar þeirrar stefnu.

Stefna vinnuþrælkunar og vaxandi launamunar samfara auknu geðþóttavaldi einstakra atvinnurekenda hefur haft undirtökin í þjóðfélaginu um sinn. Hún leiðir til vaxandi stéttaskiptingar, óstöðugleika og síðan óhjákvæmilegra aðgerða þeirra sem verr eru settir til að reyna að rétta hlut sinn.

Forsenda friðar á vinnumarkaði er því ekki sú að verkafólk láti af réttmætum kröfum sínum um mannsæmandi laun eins og ríkisstjórn og atvinnurekendur virðast halda, heldur þvert á móti að tekin verði upp *gerbreytt stefna í launamálum*, ný launastefna sem allur almenningur unir við. Sú launastefna, sem gerir fáeina íhaldssama stjórnmálamenn, efnahagsráðunauta þeirra og verslunar- og stóratvinnurekendaauðvald ánægða en allan þorra vinnandi fólks óánægðan, fær ekki staðist í lýðræðisþjóðfélagi nema tímabundið og þá með sífelldum ófriði.

Athugasemdir við einstaka liði tillögunnar.

Í inngangi tillögunnar er lýst meginmarkmiðum með hinni nýju launastefnu sem eru launajöfnun og að lægstu laun dugi fyrir nauðsynlegum útgjöldum venjulegra fjölskyldna.

Síðan eru talin upp meginatriði hinnar nýju launastefnu og eru þau:

Í *fyrsta lagi* að launamunur verði hvergi meiri en fjórfaldur og á sama vinnustað verði hann aldrei meiri en þrefaldur. Auk þess er sett fram sem framtíðartakmark að launamunur verði hvergi meiri en tvöfaldur. Taka má sem dæmi um áhrif þessarar tillögu að ef samið yrði um, eða lögfest, lágmarkslaun að upphæð 50 þús. kr. á mánuði yrðu hæstu leyfileg laun 200 þús. kr. Ef hins vegar yrði samið á tilteknum vinnustað um 165 þús. kr. laun handa einum eða fleiri starfsmönnum yrði óheimilt að greiða á sama stað lægri laun en þriðjung þeirrar upphæðar eða 55 þús. kr.

Í *öðru lagi* er gert ráð fyrir að reiknuð verði út sérstök lágmarkslaunavísitala sem miðist við nauðsynlegar þarfir heimilanna. Takist ekki að tryggja þessi laun í kjarasamningum verði sett lög um lágmarkslaun sem gildi meðan þörf krefur. Sá kostur að lögbinda lágmarkslaun hefur oft áður komið fram af hálfu Alþýðubandalagsins.

Fulltrúar Alþýðubandalagsins í stjórnarmyndunarviðræðum sl. vor ræddu þann möguleika við aðra flokka að bæta hag þeirra verst settu á vinnumarkaðinum með lögum. Miðstjórn Alþýðubandalagsins samþykkti á fundi sínum að Varmalandi sl. vor tillögu um lögbindingu lágmarkslauna og í nýlegri ályktun miðstjórnar Alþýðubandalagsins um kjaramál er m.a. mörkuð stefna um að lágmarkslaun verði a.m.k. 45–50 þús. kr. Þá má minna á þá staðreynd að skattfrelsismörk eru nú 42 þús. kr., en breytingartillögur Alþýðubandalagsins gerðu ráð fyrir skattfrelsismörkum sem væru nú á milli 49 og 50 þús. kr. Hér er hins vegar lagt til að fremur en að miða upphæð lágmarkslauna við ákveðna krónutölu verði hún fundin út með hliðsjón af eðlilegum framfærslukostnaði heimilanna í landinu og taki þá að sjálfsögðu breytingum samfara þeim kostnaði. Komi til lagasetningar um lágmarkslaun áður en hin nýja lágmarkslaunavísitala hefur verið reiknuð út er gert ráð fyrir að miðað verði við 45–55 þús. kr. dagvinnutekjur á mánuði.

Í *þriðja lagi* er gert ráð fyrir að gripið verði til sérstakra ráðstafana til að bæta úr miklu misrétti sem nú er í launum milli kynja. Þyrftu slíkar ráðstafanir að taka bæði til launamunar milli starfsstétta þar sem hlutföll kynjanna eru áberandi ójöfn og eins til launamunar milli kynja innan starfsstétta og einstakra vinnustaða.

Í *fjórða lagi* gerir tillagan ráð fyrir því að eitt meginmarkmið hinnar nýju launastefnu verði að gera kauptaxtana aftur að raunverulegum mælikvarða á hin eiginlegu laun. Á síðustu árum hafa menn horfið áratugi ef ekki aldir aftur í tímann og geðþóttavald einstakra atvinnurekenda til að ákveða kauptaxta með yfirborgunum er orðið með ólíkindum. Að sama skapi má segja að þegar eftirspurn eftir vinnuafli er mikil geta þeir sem sterkasta hafa aðstöðuna látið bjóða í starfskrafta sína, ef svo má að orði komast, upphæðir sem eru úr öllu samhengi við hlutskipti annarra. Þannig hlýtur það að verða þegar til lengri tíma er litið *allra hagur* að umsamdir kauptaxtar endurspegli raunveruleg laun.

Í *fimmta lagi* gerir tillagan ráð fyrir því að ýmis brýn hagsmunamál vinnandi fólks önnur en hærri laun verði gerð að forgangsverkefnum. Eru þar sérstaklega nefndir til þættir eins og stytting vinnutímans, úrbætur í dagvistarmálum og húsnæðismálum o.s.frv. Óþarft er að hafa mörg orð um gildi þess að stjórnvöld sýni skilning og taki á brýnustu hagsmunamálum almennings á hverjum tíma. Frammistaða ríkisvaldsins og flestra sveitarfélaganna í dagvistarmálum, þrátt fyrir sívaxandi atvinnuþátttöku beggja foreldra, er dæmi um sofandahátt eða skeytingarleysi af því tagi sem bæta verður úr.

Tillagan gerir að lokum ráð fyrir að kosin verði nefnd þingmanna sem í samráði við aðila vinnumarkaðarins vinni að hinni nýju launastefnu.

Eitt af því sem nauðsynlegt er að nefndin hafi forgöngu um er að safna saman eða afla eftir atvikum ítarlegra gagna um laun, launamun og lífskjör í landinu. Greinargóð svör verða að fást við eftirfarandi spurningum:

1. Hver er launamunur hér á landi og hvernig er launadreifingu háttað?
2. Hvernig er launamunur karla og kvenna?
3. Hver er launamunur í þéttbýli og dreifbýli og er verulegur munur á launum eftir landshlutum?
4. Hver er munur á lífskjörum að því er varðar laun, verðlag og félagslega þjónustu eftir landshlutum?
5. Að hve miklu leyti eru lægstu laun bundin einstökum atvinnugreinum, hversu þungt laun vega að meðaltali í rekstrarútgjöldum helstu greina atvinnulífsins og að hve miklu leyti eru sértækar ráðstafanir nauðsynlegar gagnvart hinum ýmsu greinum til að unnt sé að hækka laun þar sem þau eru lág?
6. Hvaða ráðstafanir eru skilvirkastar til þess að minnka launa- og lífskjaramun hér á landi?

Nauðsynlegt er að nefndin hraði störfum eftir mætti og verður að kosta því til sem þarf til þess að svo megi verða.

Fylgiskjal I.

Úr Fréttabréfi kjararannsóknarnefndar.
(Febrúar 1988.)

2.2 LAUNADREIFING - 3. ársfj. 1987

TAFLA 2.8

Launadreifing miðað við greitt tímakaup.

	Fjöldi	Neðri fjórðungur kr.	Mið-tala kr.	Meðal-tal kr.	Efri fjórðungur kr.
VERKAMENN	5.499	199	229	245	271
VERKAKONUR	3.876	199	234	238	271
IÐNAÐARMENN	1.129	287	340	358	409
AFGREIÐSLU-FÓLK, KARLAR	699	190	230	287	314
AFGREIÐSLU-FÓLK, KONUR	1.682	183	203	223	221
SKRIFSTOFU-FÓLK, KARLAR	713	257	349	401	502
SKRIFSTOFU-FÓLK, KONUR	1.062	218	260	281	316

VÍSITÖLUR Meðaltal = 100	Neðri fjórðungur	Mið-tala	Meðal-tal	Efri fjórðungur
VERKAMENN	81	93	100	110
VERKAKONUR	84	98	100	114
IÐNAÐARMENN	80	96	100	115
AFGREIÐSLU-FÓLK, KARLAR	66	80	100	109
AFGREIÐSLU-FÓLK, KONUR	83	92	100	100
SKRIFSTOFU-FÓLK, KARLAR	64	87	100	125
SKRIFSTOFU-FÓLK, KONUR	78	93	100	112

Neðri fjórðungur gefur til kynna greitt tímakaup þess launþega, sem er þannig staðsettur í launastiganum, að fjórðungur launþega hefur lægra tímakaup en hann, en þrír fjórðu launþega eru með hærra tímakaup. Miðtala sýnir greitt tímakaup þess sem er í miðjum launastiganum, helmingur launþega nær ekki því tímakaupi sem miðtalan gefur til kynna, hinn helmingurinn er með tímakaup yfir miðtölu. Efri fjórðungur sýnir tímakaup launþega sem er með hærra tímakaup en 3/4 hlutar launþegahópsins, en einn fjórðungur hefur tímakaup sem er yfir mörkum efri fjórðungs.

Á það skal bent, að efri fjórðungur afgreiðslukvenna er nálægt meðaltali þess hóps. Þetta skýrist með því að við útreikning á meðaltalinu er greitt kaup vegið með vinnutíma. Hjá stórum hópi afgreiðslukvenna í hlutastarfi fer saman tiltölulega skammur

vinnutími og lægra tímakaup en hjá þeim hópi, sem er í hálfu eða fullu starfi. Fyrrtaldi hópurinn vegur lítið við útreikning á meðaltali, en í launadreifingu hópsins vegur hver einstaklingur jafnt, án tillits til vinnutíma.

Í töflum 2.9 og 2.10 sést dreifing mánaðarlauna fólks í fullu starfi í úrtaki Kjararannsóknarnefndar.

Tafla 2.9 sýnir dreifingu greidds dagvinnukaups (þ.e. hreins tímakaups með bónus) á mánuði.

Tafla 2.10 sýnir dreifingu heildarmánaðarlauna.

Yfirlitið sýnir laun þeirra einstaklinga sem unnu meira en 400 dagvinnustundir á 3. ársfjórðungi. Launin eru færð upp til samræmis við fulla dagvinnu.

Töflurnar sýna uppsafnaðar prósentur. Tölurnar í 2.- 9. dálki sýna hve mörg prósent fullvinnandi fólks voru með lægri mánaðarlaun en nefnd eru í fyrsta dálki. Til dæmis sýnir talan 96 í 2. dálki í töflu 2.9 að 96% verkamanna voru með minna en 65.000 krónur í greitt dagvinnukaup á mánuði á 3. ársfjórðungi 1987, samkvæmt könnuninni.

Tölurnar eru óvegnar, nema hvað dreifing allra, í síðasta dálki, er vegin með stéttum.

TAFLA 2.9 Launadreifing - greitt dagvinnukaup á mánuði

krónur	Verka-menn	Verka-konur	Iðn-menn	Afgr-karlar	Afgr-konur	Skrst-karlar	Skrst-konur	Alls
30.000	4	5	-	6	10	5	13	5
35.000	18	25	-	18	39	10	26	18
40.000	44	52	4	37	75	15	43	38
45.000	67	78	11	49	88	23	58	55
50.000	82	92	25	59	92	32	70	68
55.000	88	96	38	68	94	39	78	75
60.000	93	98	51	74	95	45	86	81
65.000	96	99	63	81	97	51	90	75
70.000	97	99	76	86	98	59	93	90
75.000	98	100	81	89	99	65	96	92
80.000	99	100	84	90	100	69	97	94
85.000	99	100	88	93	100	77	98	95
90.000	100	100	92	94	100	82	98	97
95.000	100	100	94	95	100	85	98	97
100.000	100	100	96	95	100	87	99	98
Fjöldi	1772	628	659	379	444	505	565	4952

TAFLA 2.10 Launadreifing - heildarmánaðarkaup

krónur	Verka-menn	Verka-konur	Iðn-menn	Afgr-karlar	Afgr-konur	Skrst-karlar	Skrst-konur	Alls
30.000	0	0	-	0	1	1	7	1
35.000	3	10	-	4	6	4	15	5
40.000	8	23	-	8	30	7	28	13
45.000	14	41	1	20	55	12	40	23
50.000	23	55	4	32	69	18	54	32
55.000	34	68	9	41	81	25	65	42
60.000	44	80	14	51	87	30	73	50
65.000	55	88	19	58	92	35	78	58
70.000	63	93	29	66	95	44	85	66
75.000	70	95	37	70	97	50	88	71
80.000	76	97	44	74	98	56	91	76
85.000	80	98	52	80	99	62	94	80
90.000	85	99	58	85	99	69	95	83
95.000	88	99	65	86	100	74	96	87
100.000	90	99	72	88	100	77	97	89
Fjöldi	1772	628	659	379	444	505	565	4952


VERKAMENN
GREITT MÁNAÐARKAUP
FJÖLDI Í %
0
5
10
15
20
25
30
35
40
25– 30– 35– 40– 45– 50– 55– 60– 65– 70– 75– 80– 85– 90– 95–
ÞÚSUNDIR KRÓNA


VERKAKONUR
GREITT MÁNAÐARKAUP
FJÖLDI Í %
0
5
10
15
20
25
30
35
40
25– 30– 35– 40– 45– 50– 55– 60– 65– 70– 75– 80– 85– 90– 95–
ÞÚSUNDIR KRÓNA


IÐNAÐARMENN
GREITT MÁNAÐARKAUP
FJÖLDI Í %
0
5
10
15
20
25
30
35
40
25– 30– 35– 40– 45– 50– 55– 60– 65– 70– 75– 80– 85– 90– 95–
ÞÚSUNDIR KRÓNA


AFGREIÐSLUKARLAR
GREITT MÁNAÐARKAUP
FJÖLDI Í %
0
5
10
15
20
25
30
35
40
25– 30– 35– 40– 45– 50– 55– 60– 65– 70– 75– 80– 85– 90– 95–
ÞÚSUNDIR KRÓNA


AFGREIÐSLUKONUR
GREITT MÁNAÐARKAUP
FJÖLDI Í %
0
5
10
15
20
25
30
35
40
25– 30– 35– 40– 45– 50– 55– 60– 65– 70– 75– 80– 85– 90– 95–
ÞÚSUNDIR KRÓNA


SKRIFSTOFUKARLAR
GREITT MÁNAÐARKAUP
FJÖLDI Í %
0
5
10
15
20
25
30
35
40
25– 30– 35– 40– 45– 50– 55– 60– 65– 70– 75– 80– 85– 90– 95–
ÞÚSUNDIR KRÓNA


SKRIFSTOFUKONUR
GREITT MÁNAÐARKAUP
FJÖLDI Í %
0
5
10
15
20
25
30
35
40
25– 30– 35– 40– 45– 50– 55– 60– 65– 70– 75– 80– 85– 90– 95–
ÞÚSUNDIR KRÓNA


ALLT ÚRTAKIÐ
GREITT MÁNAÐARKAUP
FJÖLDI Í %
0
5
10
15
20
25
30
35
40
25– 30– 35– 40– 45– 50– 55– 60– 65– 70– 75– 80– 85– 90 95–
ÞÚSUNDIR KRÓNA

VERKAMENN

HEILDARLAUN Á MÁNUÐI



VERKAKONUR

HEILDARLAUN Á MÁNUÐI



IÐNAÐARMENN

HEILDARLAUN Á MÁNUÐI



AFGREIÐSLUKARLAR

HEILDARLAUN Á MÁNUÐI



AFGREIÐSLUKONUR

HEILDARLAUN Á MÁNUÐI



SKRIFSTOFUKARLAR

HEILDARLAUN Á MÁNUÐI



SKRIFSTOFUKONUR

HEILDARLAUN Á MÁNUÐI



ALLT ÚRTAKIÐ

HEILDARLAUN Á MÁNUÐI



2.3 Dreifing vinnutíma

Tafla 2.11 sýnir dreifingu heildarvinnutíma fólks í fullu starfi á 3. ársfjórðungi 1987. Yfirlitið sýnir aðeins vinnutíma þeirra sem unnu meira en 400 dagvinnutíma. Vinnutíminn er færður upp til samræmis við fulla dagvinnu.

Töflurnar sýna uppsafnaðar prósentur.

Tölurnar eru óvegnar nema hvað dreifing allra, í síðasta dálki, er vegin með stéttum.

TAFLA 2.11 Uppsöfnuð dreifing vinnutíma fólks í fullu starfi á 3. ársfjórðungi 1987

	Verka-menn	Verka-konur	Iðn-menn	Afgr-karlar	Afgr-konur	Skrst-karlar	Skrst-konur	Alls
45	21	52	33	40	52	84	88	43
50	45	81	66	80	93	92	95	69
55	64	92	81	93	99	95	98	82
60	79	95	89	96	99	96	98	90
65	88	97	93	98	100	97	99	93
70	92	98	96	99	100	98	99	96
Fjöldi	1772	628	659	379	444	505	565	4952

Þá er reynt að meta hve stór hluti fólks er í hlutastarfi. Þetta er gert með því að kanna vinnu þeirra á 2. ársfjórðungi 1987, sem unnu einnig hjá sama fyrirtæki á 1. og 3. ársfjórðungi. Þetta fólk hefur varla hafið störf eða hætt hjá fyrirtækinu á 2. ársfjórðungi, en vissulega munar hér um veikindi og frí. Má segja að hér sé fríum og veikindum jafnað út yfir vikurnar í ársfjórðungnum. Hér er litið framhjá því að sumir vinna á fleiri en einum stað.

TAFLA 2.12 Uppsöfnuð dreifing vinnutíma fasts starfsfólks á 2. ársfjórðungi 1987

	Verka-menn	Verka-konur	Iðn-menn	Afgr-karlar	Afgr-konur	Skrst-karlar	Skrst-konur	Alls
5	2	2	0	2	2	0	0	1
10	5	4	0	4	6	0	1	3
15	7	9	1	7	11	1	3	6
20	11	18	2	9	17	3	6	10
25	15	32	4	13	26	5	14	16
30	19	43	5	20	41	6	17	22
35	23	55	7	25	54	7	23	27
40	32	67	16	33	65	53	59	43
45	49	83	39	64	80	70	85	62
50	66	94	59	85	93	84	94	77
55	78	98	75	95	99	93	97	86
60	88	99	90	98	100	95	99	93
65	94	100	95	99	100	97	100	97
70	97	100	98	100	100	99	100	98
Fjöldi	1792	1420	367	227	468	242	395	4911


VERKAKONUR
1 FULLU STARFI
AFGREIÐSLUKARLAR
1 FULLU STARFI
VERKAMENN
1 FULLU STARFI
IÐNAÐARMENN
1 FULLU STARFI
TÍMAR Á VIKU
FJÖLDI Í %


SKRIFSTOFUKARLAR
Í FULLU STARFI
FJÖLDI Í %
TÍMAR Á VIKU


ALLT ÚRTAKIÐ
Í FULLU STARFI
FJÖLDI Í %
TÍMAR Á VIKU


AFGREIÐSLUKONUR
Í FULLU STARFI
FJÖLDI Í %
TÍMAR Á VIKU


SKRIFSTOFUKONUR
Í FULLU STARFI
FJÖLDI Í %
TÍMAR Á VIKU


VERKAMENN
Í FÖSTU STARFI
FJÖLDI Í %
0
10
20
30
40
50
0– 5– 10– 15– 20– 25– 30– 35– 40– 45– 50– 55– 60– 65–
TÍMAR Á VIKU


VERKAKONUR
Í FÖSTU STARFI
FJÖLDI Í %
0
10
20
30
40
50
0– 5– 10– 15– 20– 25– 30– 35– 40– 45– 50– 55– 60– 65–
TÍMAR Á VIKU


IÐNAÐARMENN
Í FÖSTU STARFI
FJÖLDI Í %
0
10
20
30
40
50
0– 5– 10– 15– 20– 25– 30– 35– 40– 45– 50– 55– 60– 65–
TÍMAR Á VIKU


AFGREIÐSLUKARLAR
Í FÖSTU STARFI
FJÖLDI Í %
0
10
20
30
40
50
0– 5– 10– 15– 20– 25– 30– 35– 40– 45– 50– 55– 60– 65–
TÍMAR Á VIKU

AFGREIÐSLUKONUR

Í FÖSTU STARFI



SKRIFSTOFUKARLAR

Í FÖSTU STARFI



SKRIFSTOFUKONUR

Í FÖSTU STARFI



ALLT ÚRTAKIÐ

Í FÖSTU STARFI



3.1 Tímakaup - Kaupmáttur.

Töflur 3.1 til 3.7 sýna greitt tímakaup, meðaltímakaup og kaupmátt verkamanna, verkakvenna, iðnaðarmanna og afgreiðslu- og skrifstofufólks frá árinu 1981. Tímaraðirnar byggjast á niðurstöðum sem eru vegnar eftir atvinnugreinum.

Tafla 3.8 sýnir síðan vísitölu framfærslukostnaðar miðað við stöðu hennar í miðjum mánuði. Kaupmáttartölurnar í töflunum sýna kaupmátt tímakaups þessara starfsstétta miðað við vísitölu framfærslukostnaðar.

Stærðir þær sem hér hefur verið getið breyttust á eftirfarandi hátt frá 3. ársfjórðungi ársins 1986 og 2. ársfjórðungi 1987 til 3. ársfjórðungs ársins 1987.

	Breyting frá 2. ársfj.1987	Breyting frá 3. ársfj.'86
Greitt tímakaup verkam.	3,5%	36,7%
Meðaltímakaup verkamanna	1,6%	39,7%
Greitt tímakaup verkakv.	7,2%	39,9%
Meðaltímakaup verkakvenna	6,5%	40,8%
Greitt tímakaup iðn.m.	10,8%	61,3%
Meðaltímakaup iðnaðarmanna	11,3%	62,5%
Greitt tímak, afgr.karla	2,6%	40,3%
Meðaltímakaup afgr.karla	2,5%	45,1%
Greitt tímakaup afgr.kvenna	4,2%	46,2%
Meðaltímakaup afgr.kvenna	2,7%	49,5%
Greitt tímakaup skrifst.karla	-0,9%	33,6%
Meðaltímakaup skrifst.karla	-0,9%	33,5%
Greitt tímakaup skrifst.kvenna	0,2%	31,0%
Meðaltímakaup skrifst.kvenna	0,6%	32,0%
Meðaltal greidds tímakaups	4,9%	42,3%
Meðaltal meðaltímakaups	4,4%	44,2%
Vísitala framfærslukostnaðar	5,7%	20,3%

TAFLA 3.1

Verkamenn
Tímakaup og kaupmáttur miðað við vísitölu framfærslukostnaðar. 1980 = 100.

		Greitt tímak.	Breyting	Meðal tímak.	Breyting	Kaupmáttur greidds tímak.	Kaupmáttur meðal tímak.
1981		34,12	50,7%	38,84	49,8%	99,9	99,3
1982		53,70	57,4%	60,94	56,9%	104,1	103,2
1983		81,64	52,0%	92,32	51,5%	85,9	84,8
1984		100,11	22,6%	114,36	23,9%	81,5	81,3
1985		132,67	32,5%	153,02	33,8%	81,6	82,2
1986		178,47	34,5%	206,79	35,1%	90,6	91,6
1981	1.ársfj.	29,82	11,8%	33,37	10,2%	99,8	97,5
	2. "	32,69	9,6%	37,48	12,3%	100,2	100,4
	3. "	34,76	6,3%	39,51	5,4%	98,6	97,9
	4. "	39,21	12,8%	44,99	13,9%	100,9	101,1
1982	1.ársfj.	44,94	14,6%	50,96	13,3%	104,8	103,8
	2. "	49,65	10,5%	56,89	11,6%	104,4	104,4
	3. "	58,38	17,6%	65,71	15,5%	108,3	106,5
	4. "	61,83	5,9%	70,18	6,8%	99,8	98,9
1983	1.ársfj.	73,04	18,1%	82,70	17,8%	99,0	97,9
	2. "	80,32	10,0%	91,15	10,2%	89,1	88,3
	3. "	84,20	4,8%	94,56	3,7%	80,7	79,1
	4. "	88,98	5,7%	100,85	6,7%	79,5	78,7
1984	1.ársfj.	92,88	4,4%	104,94	4,1%	80,6	79,5
	2. "	97,59	5,1%	110,80	5,6%	81,5	80,8
	3. "	100,92	3,4%	116,07	4,8%	81,1	81,4
	4. "	109,04	8,0%	125,61	8,2%	82,9	83,4
1985	1.ársfj.	118,20	8,4%	135,85	8,2%	80,8	81,1
	2. "	125,62	6,3%	145,00	6,7%	80,6	81,2
	3. "	136,87	9,0%	157,55	8,7%	81,5	82,0
	4. "	149,99	9,6%	173,67	10,2%	83,4	84,3
1986	1.ársfj.	156,92	4,6%	182,86	5,3%	82,6	84,0
	2. "	175,87	12,1%	202,79	10,9%	90,8	91,4
	3. "	179,58	2,1%	205,37	1,3%	90,3	90,2
	4. "	201,51	12,2%	236,15	15,0%	97,9	100,2
1987	1.ársfj.	222,94	10,6%	264,10	11,8%	103,0	106,5
	2. "	237,28	6,4%	282,20	6,9%	104,8	108,9
	3. "	245,49	3,5%	286,80	1,6%	102,6	104,7

TAFLA 3.2

Verkakonur
Tímakaup og kaupmáttur miðað við vísitölu framfærslukostnaðar. 1980 = 100.

	Greitt tímak.	Breyting	Meðal tímak.	Breyting	Kaupmáttur greidds tímak.	Kaupmáttur meðal tímak.
1981	33,35	53,6%	36,26	53,2%	101,8	101,5
1982	51,50	54,4%	56,42	55,6%	104,1	104,6
1983	78,91	53,2%	86,14	52,7%	86,6	86,7
1984	96,42	22,2%	105,61	22,6%	81,9	82,3
1985	129,63	34,4%	142,86	35,3%	83,2	84,1
1986	170,97	31,9%	187,71	31,4%	90,5	91,1
1981 1.ársfj.	29,61	11,5%	31,51	9,2%	103,3	100,8
2. "	31,03	4,8%	34,33	8,9%	99,2	100,7
3. "	34,38	10,8%	37,34	8,8%	101,7	101,3
4. "	38,37	11,6%	41,84	12,1%	103,0	103,0
1982 1.ársfj.	43,50	13,4%	47,51	13,6%	105,8	105,9
2. "	46,80	7,6%	51,76	8,9%	102,6	104,1
3. "	55,93	19,5%	60,83	17,5%	108,2	108,0
4. "	59,77	6,9%	65,59	7,8%	100,6	101,2
1983 1.ársfj.	70,16	17,4%	76,34	16,4%	99,2	99,0
2. "	77,86	11,0%	85,26	11,7%	90,0	90,4
3. "	81,86	5,1%	89,00	4,4%	81,8	81,5
4. "	85,74	4,7%	93,94	5,6%	79,9	80,3
1984 1.ársfj.	88,50	3,2%	96,12	2,3%	80,1	79,8
2. "	93,33	5,5%	102,83	7,0%	81,2	82,1
3. "	98,69	5,7%	108,33	5,3%	82,7	83,2
4. "	105,17	6,6%	115,17	6,3%	83,4	83,7
1985 1.ársfj.	114,81	9,2%	126,06	9,5%	81,8	82,4
2. "	121,40	5,7%	134,79	6,9%	81,2	82,7
3. "	132,44	9,1%	145,62	8,0%	82,3	83,0
4. "	149,86	13,2%	164,95	13,3%	86,8	87,7
1986 1.ársfj.	157,40	5,0%	172,93	4,8%	86,4	87,0
2. "	167,45	6,4%	183,68	6,2%	90,1	90,7
3. "	170,10	1,6%	186,76	1,7%	89,2	89,9
4. "	188,93	11,1%	207,48	11,1%	95,7	96,4
1987 1.ársfj.	212,41	12,4%	237,19	14,3%	102,3	104,8
2. "	222,06	4,5%	246,90	4,1%	102,3	104,3
3. "	237,98	7,2%	262,98	6,5%	103,7	105,1

TAFLA 3.3

Iðnaðarmenn
Tímakaup og kaupmáttur miðað við vísitölu framfærslukostnaðar. 1980 = 100.

		Greitt tímak.	Breyting	Meðal tímak.	Breyting	Kaupmáttur greidds tímak.	Kaupmáttur meðal tímak.
1981		44,31	56,8%	49,94	56,4%	103,9	103,7
1982		69,59	57,1%	77,57	55,3%	108,1	106,6
1983		104,60	50,3%	116,10	49,7%	88,2	86,6
1984		127,91	22,3%	144,39	24,4%	83,5	83,4
1985		173,63	35,7%	196,65	36,2%	85,6	85,8
1986		225,29	29,8%	255,72	30,0%	91,6	92,0
1981	1.ársfj.	39,56	15,8%	44,01	14,5%	106,0	104,4
	2. "	41.00	3.6%	46.22	5.0%	100.7	100,5
	3. "	45,12	10,0%	50,73	9,8%	102,5	102,0
	4. "	51,56	14,3%	58,81	15,9%	106,3	107,3
1982	1.ársfj.	58,82	14,1%	65,33	11,1%	109,9	108,0
	2. "	64,18	9,1%	72,11	10,4%	108,1	107,5
	3. "	74,55	16,2%	82,70	14,7%	110,8	108,8
	4. "	80,79	8,4%	90,15	9,0%	104,4	103,1
1983	1.ársfj.	92,85	14,9%	102,96	14,2%	100,9	99,0
	2. "	103,10	11,0%	114,61	11,3%	91,6	90,1
	3. "	108,59	5,3%	120,69	5,3%	83,3	82,0
	4. "	113,87	4,9%	126,13	4,5%	81,5	79,9
1984	1.ársfj.	115,41	1,4%	128,45	1,8%	80,2	79,0
	2. "	125,41	8,7%	140,73	9,6%	83,9	83,3
	3. "	128,45	2,4%	145,84	3,6%	82,7	83,1
	4. "	142,35	10,8%	162,53	11,4%	86,7	87,6
1985	1.ársfj.	154,72	8,7%	173,53	6,8%	84,7	84,1
	2. "	163,54	5,7%	186,60	7,5%	84,0	84,9
	3. "	181,69	11,1%	206,09	10,4%	86,7	87,0
	4. "	194,55	7,1%	220,36	6,9%	86,6	86,8
1986	1.ársfj.	203,78	4,7%	228,29	3,6%	85,9	85,2
	2. "	213,65	4,8%	241,31	5,7%	88,3	88,3
	3. "	221,72	3,8%	251,02	4,0%	89,4	89,5
	4. "	262,02	18,2%	302,26	20,4%	102,0	104,1
1987	1.ársfj.	297,26	13,4%	345,63	14,3%	110,0	113,2
	2. "	322,69	8,6%	366,60	6,1%	114,2	114,8
	3. "	357,65	10,8%	407,99	11,3%	119,8	120,9


KAUPMÁTTUR GREIDDS TÍMAKAUPS MIÐAÐ VIÐ
VÍSITÖLU FRAMFÆRSLUKOSTNAÐAR
VERKA MENN
VERKA KONUR
IÐNAÐAR MENN
120
110
100
90
80
70
1 2 3 4 1 2 3 4 1 2 3 4 1 2 3 4 1 2 3
1983
1984
1985
1986
1987
1980=100

TAFLA 3.4

Afgreiðslukarlar
Tímakaup og kaupmáttur miðað við vísitölu framfærslukostnaðar. 1980 = 100.

	Greitt tímak.	Breyting	Meðal tímak.	Breyting	Kaupmáttur greidds tímak.	Kaupmáttur meðal tímak.
1981	38,80	47,8%	41,60	48,6%	98,0	98,5
1982	59,45	53,2%	63,95	53,7%	99,4	100,3
1983	91,06	53,2%	98,50	54,0%	82,6	83,8
1984	112,87	24,0%	123,17	25,0%	79,3	81,1
1985	151,72	34,4%	167,88	36,3%	80,5	83,5
1986	208,80	37,6%	229,35	36,6%	91,4	94,1
1981 1.ársfj.	33,26	6,3%	35,59	5,7%	96,0	96,3
2. "	36,19	8,8%	38,74	8,9%	95,7	96,1
3. "	39,51	9,2%	41,92	8,2%	96,7	96,2
4. "	46,18	16,9%	50,15	19,6%	102,5	104,4
1982 1.ársfj.	50,36	9,1%	53,75	7,2%	101,3	101,4
2. "	56,26	11,7%	60,25	12,1%	102,0	102,4
3. "	63,19	12,3%	67,37	11,8%	101,1	101,1
4. "	67,99	7,6%	74,41	10,4%	94,6	97,1
1983 1.ársfj.	78,16	15,0%	84,05	13,0%	91,4	92,2
2. "	89,56	14,6%	96,37	14,7%	85,6	86,4
3. "	95,50	6,6%	102,97	6,8%	78,9	79,8
4. "	101,02	5,8%	110,61	7,4%	77,9	80,0
1984 1.ársfj.	102,56	1,5%	110,91	0,3%	76,7	77,8
2. "	108,57	5,9%	117,68	6,1%	78,2	79,5
3. "	114,36	5,3%	124,32	5,6%	79,2	80,8
4. "	125,97	10,2%	139,78	12,4%	82,6	85,9
1985 1.ársfj.	137,63	9,3%	150,98	8,0%	81,1	83,4
2. "	143,09	4,0%	157,73	4,5%	79,1	81,8
3. "	157,05	9,8%	172,75	9,5%	80,7	83,2
4. "	169,09	7,7%	190,08	10,0%	81,0	85,4
1986 1.ársfj.	181,30	7,2%	199,07	4,7%	82,3	84,7
2. "	205,25	13,2%	224,70	12,9%	91,4	93,8
3. "	204,25	-0,5%	223,28	0,6%	88,6	90,8
4. "	244,38	19,6%	270,35	21,1%	102,4	106,3
1987 1.ársfj.	241,34	-1,2%	268,70	-0,1%	96,1	100,4
2. "	279,40	15,8%	316,10	17,6%	106,5	113,0
3. "	286,63	2,6%	324,07	2,5%	103,3	109,6

TAFLA 3.5

Afgreiðslukonur
Tímakaup og kaupmáttur miðað við vísitölu framfærslukostnaðar. 1980 = 100.

		Greitt tímak.	Breyting	Meðal tímak.	Breyting	Kaupmáttur greidds tímak.	Kaupmáttur meðal tímak.
1981		30,90	47,1%	33,68	48,3%	97,5	98,3
1982		47,02	52,2%	51,71	53,5%	98,3	99,9
1983		72,72	54,7%	79,86	54,4%	82,5	83,8
1984		88,72	22,0%	98,34	23,1%	77,9	79,8
1985		117,46	32,4%	133,27	35,5%	77,9	81,7
1986		154,15	31,2%	172,52	29,5%	84,3	87,3
1981	1.ársfj.	27,39	9,3%	29,85	9,3%	98,8	99,5
	2. "	29,01	5,9%	31,48	5,5%	95,9	96,2
	3. "	31,33	8,0%	33,66	6,9%	95,8	95,2
	4. "	35,87	14,5%	39,71	18,0%	99,5	101,9
1982	1.ársfj.	39,60	10,4%	43,30	9,0%	99,5	100,6
	2. "	43,83	10,7%	47,79	10,4%	99,3	100,2
	3. "	49,90	13,8%	54,55	14,1%	99,8	100,9
	4. "	54,74	9,7%	61,18	12,2%	95,2	98,4
1983	1.ársfj.	61,85	13,0%	68,07	11,3%	90,4	92,0
	2. "	70,21	13,5%	77,40	13,7%	83,9	85,5
	3. "	76,43	8,9%	82,61	6,7%	78,9	78,9
	4. "	82,24	7,6%	91,34	10,6%	79,3	81,4
1984	1.ársfj.	82,42	0,2%	90,27	-1,2%	77,1	78,1
	2. "	87,11	5,7%	95,79	6,1%	78,4	79,7
	3. "	88,48	1,6%	97,04	1,3%	76,6	77,7
	4. "	96,85	9,5%	110,26	13,6%	79,4	83,6
1985	1.ársfj.	106,81	10,3%	120,85	9,6%	78,7	82,3
	2. "	111,03	4,0%	125,84	4,1%	76,8	80,5
	3. "	120,14	8,2%	134,31	6,7%	77,2	79,8
	4. "	131,86	9,8%	152,09	13,2%	79,0	84,3
1986	1.ársfj.	138,13	4,8%	154,46	1,6%	78,4	81,0
	2. "	152,54	10,4%	170,37	10,3%	84,9	87,7
	3. "	152,39	-0,1%	167,37	-1,8%	82,6	83,9
	4. "	173,54	13,9%	197,88	18,2%	90,9	95,9
1987	1.ársfj.	200,21	15,4%	225,87	14,1%	99,7	104,0
	2. "	214,09	6,9%	243,90	8,0%	102,0	107,4
	3. "	222,87	4,2%	250,26	2,7%	100,5	104,4


KAUPMÁTTUR GREIDDS TÍMAKAUPS MIÐAÐ VIÐ
VÍSITÖLU FRAMFÆRSLUKOSTNAÐAR
AFGR. KARLAR
AFGR. KONUR
120
110
100
90
80
70
1 2 3 4 1 2 3 4 1 2 3 4 1 2 3 4 1 2 3
1983
1984
1985
1986
1987
1980=100

TAFLA 3.6

Skrifstofustörf karlar
Tímakaup og kaupmáttur miðað við vísitölu framfærslukostnaðar. 1980 = 100.

		Greitt tímak.	Breyting	Meðal tímak.	Breyting	Kaupmáttur greidds tímak.	Kaupmáttur meðal tímak.
1981		53,58	47,8%	56,78	49,9%	97,9	99,4
1982		84,36	57,4%	90,52	59,4%	102,1	104,9
1983		127,87	51,6%	137,53	51,9%	84,0	86,5
1984		158,63	24,1%	169,31	23,1%	80,7	82,4
1985		222,24	40,1%	239,52	41,5%	85,4	88,1
1986		291,27	31,1%	314,11	31,1%	92,3	95,3
1981	1.ársfj.	44,58	5,8%	47,37	7,3%	93,1	94,7
	2. "	52,03	16,7%	54,90	15,9%	99,6	100,6
	3. "	55,49	6,7%	58,14	5,9%	98,3	98,6
	4. "	62,21	12,1%	66,72	14,8%	100,0	102,7
1982	1.ársfj.	71,67	15,2%	77,71	16,5%	104,3	108,3
	2. "	78,57	9,6%	86,17	10,9%	103,1	108,3
	3. "	87,40	11,2%	91,89	6,6%	101,3	101,9
	4. "	99,79	14,2%	106,32	15,7%	100,5	102,6
1983	1.ársfj.	114,28	14,5%	124,13	16,8%	96,7	100,6
	2. "	128,62	12,5%	138,72	11,8%	89,0	91,9
	3. "	134,52	4,6%	142,57	2,8%	80,5	81,7
	4. "	134,04	-0,4%	144,69	1,5%	74,8	77,3
1984	1.ársfj.	138,76	3,5%	147,05	1,6%	75,2	76,3
	2. "	149,25	7,6%	159,97	8,8%	77,8	79,8
	3. "	164,06	9,9%	173,33	8,4%	82,3	83,2
	4. "	182,37	11,2%	196,89	13,6%	86,6	89,5
1985	1.ársfj.	200,27	9,8%	215,37	9,4%	85,4	88,0
	2. "	210,84	5,3%	227,81	5,8%	84,4	87,3
	3. "	228,18	8,2%	243,69	7,0%	84,9	86,8
	4. "	249,66	9,4%	271,19	11,3%	86,6	90,1
1986	1.ársfj.	246,68	-1,2%	270,56	-0,2%	81,0	85,1
	2. "	287,22	16,4%	309,40	14,4%	92,6	95,5
	3. "	299,97	4,4%	320,72	3,7%	94,2	96,4
	4. "	331,20	10,4%	355,76	10,9%	100,5	103,3
1987	1.ársfj.	357,03	7,8%	377,50	6,1%	102,9	104,2
	2. "	404,52	13,3%	432,40	14,5%	111,6	114,2
	3. "	400,93	-0,9%	428,30	-0,9%	104,6	107,0

TAFLA 3.7

Skrifstofustörf konur
Tímakaup og kaupmáttur miðað við vísitölu framfærslukostnaðar. 1980 = 100.

		Greitt tímak.	Breyting	Meðal tímak.	Breyting	Kaupmáttur greidds tímak.	Kaupmáttur meðal tímak.
1981		40,71	51,2%	42,29	50,9%	100,2	100,0
1982		60,70	49,1%	63,38	49,9%	98,9	99,2
1983		93,85	54,6%	98,04	54,7%	83,0	83,3
1984		117,19	24,9%	122,21	24,7%	80,2	80,4
1985		163,39	39,4%	172,38	41,1%	84,5	85,7
1986		214,86	31,5%	226,82	31,6%	91,6	92,9
1981	1.ársfj.	35,28	11,2%	36,28	11,4%	99,2	98,0
	2. "	40,24	14,1%	41,91	15,5%	103,7	103,8
	3. "	41,56	3,3%	43,08	2,8%	99,1	98,7
	4. "	45,78	10,2%	47,61	10,5%	99,1	99,0
1982	1.ársfj.	52,30	14,2%	54,82	15,1%	102,5	103,2
	2. "	56,19	7,4%	59,30	8,2%	99,3	100,7
	3. "	63,97	13,8%	66,22	11,7%	99,8	99,3
	4. "	70,32	9,9%	73,17	10,5%	95,4	95,4
1983	1.ársfj.	82,52	17,3%	85,49	16,8%	94,1	93,6
	2. "	92,28	11,8%	96,11	12,4%	86,0	86,1
	3. "	96,49	4,6%	100,66	4,7%	77,7	77,9
	4. "	104,09	7,9%	109,89	9,2%	78,2	79,3
1984	1.ársfj.	101,96	-2,0%	106,28	-3,3%	74,4	74,5
	2. "	114,14	11,9%	119,26	12,2%	80,1	80,4
	3. "	119,34	4,6%	124,06	4,0%	80,6	80,5
	4. "	133,31	11,7%	139,25	12,2%	85,2	85,5
1985	1.ársfj.	152,51	14,4%	160,60	15,3%	87,6	88,6
	2. "	152,04	-0,3%	160,92	0,2%	82,0	83,4
	3. "	165,27	8,7%	172,59	7,3%	82,8	83,0
	4. "	183,73	11,2%	195,39	13,2%	85,8	87,7
1986	1.ársfj.	188,01	2,3%	198,48	1,6%	83,2	84,3
	2. "	208,98	11,2%	220,37	11,0%	90,7	91,9
	3. "	214,51	2,6%	227,01	3,0%	90,7	92,2
	4. "	247,94	15,6%	261,43	15,2%	101,3	102,6
1987	1.ársfj.	278,52	12,3%	293,82	12,4%	108,1	109,6
	2. "	280,55	0,7%	297,70	1,3%	104,2	106,2
	3. "	281,05	0,2%	299,59	0,6%	98,8	101,2


KAUPMÁTTUR GREIDDS TÍMAKAUPS MIÐAÐ VIÐ
VÍSITÖLU FRAMFÆRSLUKOSTNAÐAR
SKRIFST. KARLAR
SKRIFST. KONUR
120
110
100
90
80
70
1 2 3 4 1 2 3 4 1 2 3 4 1 2 3 4 1 2 3
1983
1984
1985
1986
1987
1980=100

TAFLA 3.8

VÍSITALA
1980 = 100

Vísitala framfærslukostnaðar er hér reiknuð sem ársmeðaltal og ársfjórðungsmeðaltal, miðað við stöðuna í miðjum mánuði.

		Framf. kostn.	Hækkun %
1971		6,07	6,30
1972		6,71	10,50
1973		8,19	22,16
1974		11,72	43,04
1975		17,46	48,96
1976		23,07	32,17
1977		30,10	30,45
1978		43,36	44,08
1979		63,07	45,46
1980		100,00	58,55
1981		150,87	50,87
1982		227,83	51,02
1983		419,84	84,28
1984		542,31	29,17
1985		717,88	32,37
1986		870,60	21,27
1982	1. ársfj.	189,45	10,39
	2. "	210,12	10,91
	3. "	238,02	13,28
	4. "	273,73	15,00
1983	1. ársfj.	325,77	19,01
	2. "	398,39	22,29
	3. "	461,08	15,74
	4. "	494,12	7,16
1984	1. ársfj.	509,08	3,03
	2. "	529,16	3,94
	3. "	549,94	3,93
	4. "	581,06	5,66
1985	1. ársfj.	646,53	11,27
	2. "	688,72	6,53
	3. "	741,47	7,66
	4. "	794,82	7,20
1986	1.ársfj.	839,49	5,62
	2. "	855,81	1,94
	3. "	878,07	2,60
	4. "	909,04	3,53
1987	1.ársfj.	956,44	5,21
	2. "	999,73	4,52
	3. "	1.056,56	5,67
	4. "	1.123,14	6,30

TAFLA 3.9

Lágmarkskaup verkafólks

	Mánaðarkaup	Vísitala kaupmáttar kaupmáttur 1980=100
1980	2.753	100,0
1981	4.135	99,5
1982	6.822	108,8
1983	10.040	86,9
1984	12.741	85,3
1985	15.204	76,9
1986	18.797	78,4
1987	27.949	
1980 I	2.357	102,3
II	2.556	98,0
III	2.827	97,9
IV	3.274	101,9
1981 I	3.622	99,6
II	3.865	97,4
III	4.189	97,7
IV	4.864	102,9
1982 I	5.874	112,6
II	6.373	110,0
III	7.246	110,6
IV	7.795	103,4
1983 I	8.760	97,7
II	9.900	90,3
III	10.539	83,0
IV	10.961	80,6
1984 I	11.684	83,4
II	12.744	87,5
III	12.913	85,3
IV	13.623	85,2
1985 I	14.075	79,1
II	14.289	75,4
III	15.606	76,4
IV	16.845	77,0
1986 I	17.242	74,6
II	17.957	76,2
III	18.527	76,6
IV	21.461	85,7
1987 I	26.667	101,3
II	27.289	99,1
III	27.866	95,8
IV	29.975	96,9


Kaupmáttur lágmarkslauna verkafólks
1980=100
120
110
100
90
80
70
80 II III IV 81 II III IV 82 II III IV 83 II III IV 84 II III IV 85 II III IV 86 II III IV 87 II III IV

Fylgiskjal II.

Um laun og atvinnuþátttöku kvenna.
(Frá Þjóðhagsstofnun, mars 1987.)

Tafla 1. Atvinnuþátttaka kvenna á Íslandi 1960-1985.*

	Allar konur	Giftar	Einhleypar
	%	%	%
1960	33	20	60
1965	48	36	66
1970	60	52	70
1975	67	60	74
1980	77	76	78
1985	80	82	78

Tafla 2. Samanburður á atvinnuþátttöku kvenna á Íslandi og í nokkrum öðrum löndum 1960-1985*

	Allar konur				Giftar konur			
	1960	1970	1980	1985	1960	1970	1980	1985
	%	%	%	%	%	%	%	%
Ísland	33	60	77	80	20	52	76	82
Svíþjóð	51	60	77	82	43	56	76	82
Sovétríkin	77	89	88	.	77	89	88	.
Bretland	43	55	62	.	34	49	57	.
V-Þýskaland	47	51	56	.	37	43	54	.
Bandaríkin	38	43	51	.	30	41	50	.

* Með atvinnuþátttöku er átt við hlutfall þeirra kvenna, sem einhver laun höfðu á viðkomandi ári, af heildarfjölda vinnufærra kvenna.

\- - - - -

Helstu heimildir eru sérstakar úrtaksathuganir úr skattframtölum á vegum Efnahagsstofnunar fyrir árið 1963, heildarúrvinnsla Hagrannsóknardeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins úr skattframtölum fyrir árið 1970 og árlegar tekjuathuganir Þjóðhagsstofnunar. Auk þess er að nokkru stuðst við manntalið árið 1960, Kvinno- och mansvärlden, september 1986 og Journal of Labour Economics, vol. 3, no. 1, janúar 1985.

Tafla 3. Atvinnuþátttaka giftra kvenna eftir aldri 1963-1985.

	1963	1970	1980	1985
	%	%	%	%
19 ára og yngri	82	82	96	94
20-24 ára	52	72	89	91
25-29 ára	37	59	84	89
30-39 ára	34	55	84	91
40-49 ára	42	54	85	92
50-59 ára	35	52	80	86
60-69 ára *	28	39	58	64
70 ára og eldri	12	16	19	17
Samtals	36	52	76	82

* Árin 1963-1970 nær hópurinn, sem merktur er 60-69 ára, aðeins til kvenna á aldrinum 60-66 ára og síðasti hópurinn til 67 ára og eldri.

Tafla 4. Hlutfallsleg skipting atvinnutekna 1980-1985*.

	Atvinnutekjur framteljenda			Fjöldi framteljenda án tekjulausra		
	Konur	Karlar	Samtals	Konur	Karlar	Samtals
	%	%	%	%	%	%
1980	28,7	72,2	100,0	45,6	54,5	100,0
1981	28,0	72,0	100,0	46,0	54,0	100,0
1982	28,8	71,2	100,0	46,2	53,8	100,0
1983	29,5	70,5	100,0	46,5	53,5	100,0
1984	29,6	70,4	100,0	76,8	53,2	100,0
1985	30,1	69,9	100,0	47,1	52,9	100,0

* Landbúnaður undanskilinn.

Tafla 5. Meðallaun karla og kvenna í fullu starfi 1980-1985*.

	Allir			Hjón			Einstaklingar		
	Konur	Karlar	Launa-hlutfall**	Konur	Karlar	Launa-hlutfall**	Konur	Karlar	Launa-hlutfall**
	þús.	þús.	%	þús.	þús.	%	þús.	þús.	%
1980	51	88	58,0	51	96	53,1	52	68	76,5
1981	84	139	60,4	82	149	55,0	85	113	75,2
1982	131	212	61,8	128	229	55,9	134	173	77,5
1983	202	330	61,2	198	356	55,6	207	270	76,7
1984	256	420	61,0	251	452	55,5	263	346	76,0
1985	362	592	61,1	356	641	55,5	370	482	76,8

* Í fullu starfi teljast þeir, sem unnið hafa 40 vikur eða meira á ári hverju.

** Með hugtakinu launahlutfall er átt við hlutfall launa kvenna af launum karla.

Tafla 6. Meðallaun karla og kvenna eftir starfshlutfalli*.

	1980					1985				
	Alls	0-13 vikur	14-26 vikur	27-39 vikur	40-52 vikur	Alls	0-13 vikur	14-26 vikur	27-39 vikur	40-52 vikur
I. Allir framteljendur										
Konur	35	16	25	35	51	241	75	147	227	362
Karlar	76	37	41	65	88	499	145	218	388	592
Launahlutfall, %	46,1	43,2	61,0	53,8	58,0	48,3	51,7	67,4	58,5	61,1
II. Hjón og sambýlisfólk										
Konur	34	15	26	35	51	239	72	156	230	356
Karlar	91	50	59	87	96	605	225	324	510	641
Launahlutfall, %	37,4	30,0	44,1	40,2	53,1	39,5	32,0	48,1	45,1	55,5
III. Einstaklingar										
Konur	37	17	24	34	52	245	80	135	221	370
Karlar	54	27	34	51	68	353	116	184	323	482
Launahlutfall, %	68,5	63,0	70,6	66,7	76,5	69,4	69,0	73,4	68,4	76,8

* Starfshlutfall er hér metið á grundvelli fjölda skráðra vinnuvikna á ári hjá hverjum launþega. Þannig telst til dæmis launþegi hafa verið í fullu starfi, ef á hann eru skráðar 40 vikur eða meira. Þessar tölur segja hins vegar ekkert um þann fjölda vinnustunda, sem liggur að baki. Framteljendur í landbúnaði og tekjulausir eru undanskildir. Launatölur sýna árslaun í þúsundum króna.

Tafla 7. Meðallaun allra framteljenda skipt eftir aldri*.

	1980			1985		
	Konur	Karlar	Launa-hlutfall	Konur	Karlar	Launa-hlutfall
			%			%
19 ára og yngri	24	36	66,7	155	224	69,2
20 - 24 ára	34	57	59,6	215	385	55,8
25 - 29 ára	37	79	46,8	253	511	49,5
30 - 34 ára	36	92	39,1	265	589	45,0
35 - 39 ára	37	97	38,1	276	534	51,7
40 - 44 ára	39	95	41,1	283	635	44,6
45 - 49 ára	39	91	42,9	281	611	46,0
50 - 54 ára	38	87	43,7	268	572	46,9
55 - 59 ára	37	81	45,7	251	538	46,7
60 - 64 ára	34	70	48,6	233	476	48,9
65 - 69 ára	29	61	47,5	184	374	49,2
70 - 74 ára	21	39	53,8	128	237	54,0
75 ára og eldri	18	27	66,7	96	168	57,1
Samtals	34	73	46,6	237	481	49,3

Tafla 8. Meðallaun giftra skipt eftir aldri*.

	1980			1985		
	Giftar konur	Kvæntir karlar	Launa-hlutfall	Giftar konur	Kvæntir karlar	Launa-hlutfall
			%			%
19 ára og yngri	23	63	36,5	150	458	32,8
20 - 24 ára	30	74	40,5	189	503	37,6
25 - 29 ára	33	87	37,9	220	567	38,8
30 - 34 ára	32	97	33,0	243	642	37,9
35 - 39 ára	34	102	33,3	258	670	38,5
40 - 44 ára	36	101	35,6	268	670	40,0
45 - 49 ára	36	97	37,1	264	650	40,6
50 - 54 ára	35	93	37,6	249	611	40,8
55 - 59 ára	34	87	39,1	230	574	40,1
60 - 64 ára	29	76	38,2	206	510	40,4
65 - 69 ára	25	66	37,9	164	405	40,5
70 - 74 ára	18	42	42,9	122	247	49,4
75 ára og eldri	15	29	51,7	85	189	45,0
Samtals	33	88	37,5	234	583	40,1

* Árslaun í þúsundum króna. Tekjulausir undanskildir. Rétt er að vekja athygli á því, að í töflum 7.- 9. eru framteljendur í landbúnaði ekki undanskildir. Heildartölurnar stemma því ekki nákvæmlega við tölurnar í töflu 6.

Tafla 9. Meðallaun einstaklinga skipt eftir aldri*.

	1980			1985		
	Konur	Karlar	Launa-hlutfall	Konur	Karlar	Launa-hlutfall
			%			%
19 ára og yngri	24	36	66,7	155	221	70,1
20 - 24 ára	36	52	69,2	232	346	67,1
25 - 29 ára	48	66	72,7	316	432	73,1
30 - 34 ára	52	74	70,3	347	473	73,4
35 - 39 ára	52	74	70,3	361	494	73,1
40 - 44 ára	52	70	74,3	351	498	70,5
45 - 49 ára	51	67	76,1	342	465	73,5
50 - 54 ára	50	66	75,8	327	425	76,9
55 - 59 ára	46	59	78,0	305	406	75,1
60 - 64 ára	40	55	72,7	278	360	77,2
65 - 69 ára	33	47	70,2	203	290	70,0
70 - 74 ára	23	33	69,7	131	213	61,5
75 ára og eldri	19	24	79,2	100	132	75,8
Samtals	36	52	69,2	240	343	70,0

* Árslaun í þúsundum króna. Tekjulausir undanskildir.

Tafla 10. Meðallaun kvenna í fullu starfi í hlutfalli við meðallaun karla eftir atvinnugreinum 1980-1985.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985
	%	%	%	%	%	%
Allar atvinnugreinar*	57,9	60,4	61,8	61,2	61,0	61,1
Fiskveiðar	42,5	53,3	42,8	52,4	46,4	45,8
Fiskvinnsla	55,4	60,7	62,0	63,0	62,1	61,2
Iðnaður	59,0	59,7	60,1	61,2	61,2	61,0
Hið opinbera	61,1	62,6	63,2	62,5	63,0	63,3
Byggingarstarfsemi	56,4	56,6	60,6	56,6	57,8	60,2
Verslun og viðskipti	42,0	61,1	62,1	61,4	61,1	61,2
Flutningastarfsemi	70,7	71,0	72,4	71,7	74,7	72,3
Þjónusta	49,5	51,6	51,2	50,1	50,9	50,9
Varnarliðið	64,4	62,0	59,8	61,7	65,6	66,7
Annað	58,6	33,1	72,4	71,1	69,5	67,8

* Landbúnaður undanskilinn.

Tafla 11. Launahlutföll kvenna í nokkrum starfsstéttum 1980-1985*.

	1980	1981	1982	1983	1984	1985
	%	%	%	%	%	%
Samtals	57,3	59,8	59,9	60,3	61,0	60,7
Forstjórar	49,5	49,0	50,0	54,9	55,1	53,8
Verkstjórar	63,4	59,9	61,2	63,4	63,4	62,9
Faglærðir	57,0	56,9	60,5	61,8	61,1	61,9
Ófaglært verkafólk	61,4	65,2	66,7	66,9	66,9	67,6
Afgreiðslu- og skrifstofufólk	60,5	63,3	61,8	62,1	61,7	61,7
Sérfræðingar	58,0	61,4	61,3	60,2	60,3	61,4

* Miðað við árslaun karla og kvenna í fullu starfi (40-52 vinnuvikur á ári). Þessi flokkun tekur til fiskvinnslu, iðnaðar, byggingarstarfsemi, verslunar, flutningastarfsemi, þjónustustarfa og varnarliðsins.

Tafla 12. Fjöldi framteljenda í sem næst fullu starfi eftir atvinnugreinum *

	1980		1985	
	Konur	Karlar	Konur	Karlar
Allar atvinnugreinar	24.481	53.167	30.528	58.285
Landbúnaður	2.788	4.188	2.435	3.780
Fiskveiðar	18	3.439	29	2.952
Fiskvinnsla	1.995	4.101	2.006	3.541
Iðnaður	2.337	10.457	2.929	11.022
Opinber starfsemi	4.037	8.800	4.849	8.811
Byggingarstarfsemi	179	5.911	290	5.854
Verslun og viðskipti	4.783	5.667	6.018	6.275
Flutningastarfsemi	447	4.639	676	4.531
Þjónusta	7.209	4.231	8.944	4.666
Varnarliðið	156	596	165	550
Annað	532	1.138	2.187	6.303

* Miðað er við launafólk í starfi 40-52 vinnuvikur á ári.

Tafla 13. Hlutfallsleg dreifing framteljenda eftir atvinnugreinum.

	1980		1985	
	Konur	Karlar	Konur	Karlar
	%	%	%	%
Landbúnaður	11,4	7,9	8,0	6,5
Fiskveiðar	0,1	6,5	0,1	5,1
Fiskvinnsla	8,2	7,7	6,6	6,1
Iðnaður	9,5	19,7	9,6	18,9
Opinber starfsemi	16,5	16,5	15,9	15,1
Byggingarstarfsemi	0,7	11,1	0,9	10,0
Verslun og viðskipti	19,5	10,7	19,7	10,8
Flutningastarfsemi	1,8	8,7	2,2	7,8
Þjónusta	29,5	8,0	29,3	8,0
Varnarliðið	0,6	1,1	0,5	0,9
Annað	2,2	2,1	(7,2)	(10,8)
Alls	100,0	100,0	100,0	100,0

Tafla 14. Hlutfallsleg skipting framteljenda í einstökum atvinnugreinum eftir kynjum.

	1980		1985	
	Konur	Karlar	Konur	Karlar
	%	%	%	%
Allar atvinnugreinar	31,5	68,5	34,4	65,6
Landbúnaður	40,0	60,0	39,2	60,8
Fiskveiðar	0,5	99,5	1,0	99,0
Fiskvinnsla	32,7	67,3	36,2	63,8
Iðnaður	18,3	81,7	21,0	79,0
Opinber starfsemi	31,4	68,6	35,5	64,5
Byggingarstarfsemi	2,9	97,1	4,7	95,3
Verslun og viðskipti	45,8	54,2	49,0	51,0
Flutningastarfsemi	8,8	91,2	13,0	87,0
Þjónusta	63,0	37,0	65,7	34,3
Varnarliðið	20,7	79,3	23,1	76,9
Annað	31,9	68,1	25,8	74,2

Mynd 1 Atvinnuþátttaka kvenna á Íslandi 1960-1985



Mynd 2A Atvinnuþátttaka giftra kvenna eftir aldri 1963-1985



Mynd 2B Atvinnuþátttaka giftra kvenna eftir aldri 1963-1985



Mynd 3 Hlutur kvenna í heildarlaunum 1960-1985





Fylgiskjal III.

Fríðindi forstjóranna
— launaumslagið segir aðeins hálfa söguna.
(Úr Dagblaðinu – Vísi 4. mars 1988.)

Fyrirtækið á bílinn, fyrirtækið borgar símann, fyrirtækið kaupir mánaðarlega handa forstjóranum verðbréf í eftirlaunasjóðum verðbréfafyrirtækjanna, fyrirtækið sér forstjóranum og fjölskyldu hans fyrir utanlandsferð einu sinni á ári, fyrirtækið borgar þegar forstjórinn, kona hans og vinir fara út að borða á dýrum veitingastað. Fyrirtækið borgar honum þrettánda, fjórtánda og jafnvel fimmtánda mánuð sem launauppbót ef vel gengur í rekstrinum. Kjör forstjóra á Íslandi eru margvísleg og eiga ekkert skylt við þrettán prósentin hans Guðmundar jaka.

Eiga fyrirtæki að greiða háskólanám barna forstjóra?

Kjör forstjóra og fríðindi þeirra, sem fyrirtækin borga, hafa að sjálfsögðu komist í brennidepilinn vegna launamála Guðjóns B. Ólafssonar, forstjóra Sambandsins, frá þeim tíma sem hann gegndi stöðu forstjóra Iceland Seafood í Bandaríkjunum.

Eftirfarandi orð Guðjóns, sem birtust í DV síðastliðinn þriðjudag, hafa ekki síst vakið feikilega athygli fólks: „Ég á fimm börn og þar kom að þau þurftu að fara í háskóla og háskólanám er geysilega dýrt hér í Bandaríkjunum. Það samdist svo um milli okkar Erlends að fyrirtækið tæki þátt í þessum skólakostnaði.“

Það er ekkert skrýtið að launamenn spyrji sig hvað sé um að vera. Svarið er: Forstjórar á Íslandi eins og annars staðar reyna að semja um allt sem eykur ráðstöfunartekjur þeirra og ekki þarf að gefa upp til skatts. Þetta er niðurstaðan úr samtölum DV við menn í viðskiptalífinu í gær um kjör forstjóra.

Munur á aðstoðarforstjóra og forstjóra.

Yfirleitt er það aðeins forstjórinn, toppurinn í fyrirtækinu, sem nýtur helstu fríðindanna. Það er þess vegna mikill munur á því að vera aðstoðarforstjóri eða sá eini sanni, forstjórinn.

Fá þrettánda, fjórtánda og fimmtánda mánuð greiddan.

Einn viðmælenda DV í gær sagðist vita nokkur dæmi þess að forstjórar hefðu þrettánda, fjórtánda og fimmtánda mánuð í bónus. Sá bónus kæmi að vísu til skatts en á móti kæmi að hægt væri að reka þá stefnu innan fyrirtækjanna að launamunurinn væri ekki yfirþyrmandi. Þannig væri til dæmis hægt að segja við aðstoðarforstjórann: Sjáðu til, þú hefur 80% af mánaðarlaunum forstjórans. En að sjálfsögðu er ekki minnst á bónus forstjórans, hvað þá öll fríðindi hans.

Þegar venjulegur launþegi gerir upp dæmið sitt í kringum 10. febrúar ár hvert, þegar hann skilar skattskýrslunni, spyr hann sig oftar en ekki að því hvað hann hafi eiginlega gert við launin sín. Sumir nöldra eitthvað á þessa leið: Það er sama hvað maður þénar, maður sér aldrei nokkurn pening.

Hvar liggja stóru póstarnir í heimilisrekstrinum?

Þegar dæmið er skoðað frekar, en margar fjölskyldur færa reglulega bókhald, er líklegt að stórir póstar í heimilisbókhaldinu fyrir utan skattana séu rekstur bíls, afborganir af húsnæði, sumarferðalag til útlanda, matur og skemmtanir.

Þarna er komið að kjarna málsins. Forstjórinn hugsar um rauntekjur sínar. Hvað hann eigi til skiptanna eftir skatta og aðra stóra pósta í útgjöldum venjulegra fjölskyldna. Þessum útgjöldum reynir hann að koma á fyrirtækið. Því eftirsóttari sem hann er sem forstjóri, því meiri möguleika hefur hann á að semja um þessi atriði við fyrirtækið sitt.

Fyrirtækið á bílinn.

Byrjum á algengustu fríðindunum, bílnum. Þetta er gljáfægð glæsikerra. Þú heldur að forstjórinn eigi hana en fyrirtækið er hinn raunverulegi eigandi. Gefum okkur að áður en forstjórinn var ráðinn hafi hann átt bíl upp á milljón. Þegar fyrirtækið skaffar honum bíl getur viðkomandi selt bílinn sinn. Hann á milljón meira í vasanum sem hann fjárfestir fyrir í verðbréfum með háum raunvöxtum, auk þess sem hann losnar við rekstur síns eigin bíls.

Síminn á heimilinu.

Þá er það síminn á heimilinu. Fyrirtækið borgar brúsann en allir á heimilinu nota símann. Símareikningar eru vinsælt þrætuepli á heimilum, þeir þykja alltaf of háir. Um þægilegan sparnað er að ræða sjái fyrirtækið um að greiða símann.

Fyrirtækið kaupir lífeyrisbréf forstjóranna.

Forstjórar hugsa líka til elliáranna. Það getur verið harkalegt að þéna vel og hafa það gott en hafa úr lágum tekjum að moða í ellinni. Vissulega eru þarfirnar minni í ellinni en það

er sama, það fer sífellt vaxandi að fyrirtæki kaupi mánaðarlega eftirlaunabréf hjá verðbréfafyrirtækjunum, bréf sem forstjórarnir eiga. Þannig kaupir fyrirtæki lífeyrisbréf fyrir forstjóra sína fyrir kannske þetta 20 þús. kr. á mánuði. Það er ekkert sjálfgefið að forstjórar aki á BMW eða Range Rover í ellinni. Það þarf að hugsa fyrir því.

Ein sólarlandaferð á ári fyrir fjölskylduna.

Það mun einnig færast í vöxt að forstjórar semji um það við fyrirtækin að þau greiði sólarlandaferðina fyrir fjölskyldu hans. Þetta er þá ferð sem skráð er sem viðskiptaferð hjá fyrirtækinu. Hluti af ferðinni er hugsanlega notaður í „bisness", hinn hlutinn í að spóka sig í sólinni. Sólarlandaferðir eru að verða algengir póstar í heimilisbókhaldi íslenskra heimila. Þess vegna eru þetta fríðindi sem skipta máli.

Dagpeningarnir nýtast að fullu.

Áfram með utanlandsferðirnar. Einn viðmælenda okkar sagðist vita dæmi þess að forstjórar næðu oft nokkru út úr dagpeningum í utanlandsferðum. Þannig greiddi fyrirtækið þeim þetta 8–10 þús. kr. á dag í dagpeninga sem hugsaðir eru fyrir hóteli og uppihaldi. En þegar að uppgjörinu kæmi greiddi fyrirtækið hótelreikninginn og þann fæðis- og veitingakostnað sem færður hefði verið á viðkomandi hótelherbergi. Standi ferðin í hálfan mánuð geta forstjórarnir þannig náð sér í fjórtán daga sinnum tíu þúsund krónur í dagpeninga eða samtals 140 þús. kr. Þetta er hreinn afgangur þegar heim er komið — auknar tekjur — getur ef fimm svona ferðir eru farnar á ári farið hátt í 700 þús. kr. á ári. Það munar því um minna.

Fyrirtækið borgar á veitingahúsinu.

Á sama hátt fara forstjórar út að borða með konu sinni og vinum á dýran veitingastað á kostnað fyrirtækisins. Þetta er risnan fræga sem svo oft er vitnað til í umræðum fólks. Viðmælendur DV höfðu þó aldrei heyrt um að forstjóri hefði sett það í samning sinn að fá til dæmis eina fasta ferð á mánuði á veitingastað með konu sinni eða fjölskyldu.

Launuð nefndastörf í vinnunni.

Oftar en ekki hafa umræður um launuð nefndastörf, sem unnin eru í vinnutímanum, verið á milli tannanna á fólki. Harðastar eru umræðurnar um ríkisstarfsmenn í þessu efni, eins og ríkisforstjóra og bankastjóra. Hér er minnt á þetta þar sem það eru auðvitað launafríðindi að geta í vinnutímanum sinnt launuðum nefndastörfum, kennslu eða öðrum störfum sem koma fyrirtækinu ekki við.

Forstjórarnir ganga eftir bjargbrún.

„Þegar laun forstjóra eru farin að snúast mikið um fríðindi og kostnað fyrirtækjanna í einkarekstri þeirra má líkja þessum samningum þeirra við fyrirtækin við göngu manns eftir bjargbrún. Það skiptir máli að teygja sig ekki of langt, detta ekki út af brúninni. Ein viðbótarkrafa getur gert útslagið um að stjórn fyrirtækisins finnist viðkomandi vera farinn að ganga einum of mikið á lagið. Svona kröfur geta náttúrlega endað með að forstjórinn biðji fyrirtækið um að greiða húsaleigu barna sinna sem hafa tekið sér kjallaraíbúð á leigu. Þá getur svarið orðið nei og taktu pokann þinn," sagði einn viðmælenda okkar.

Raunvextir og rauntekjur.

Hvað sem því líður, þá eru forstjórar „bisnessmenn". Þess vegna eru þeir á toppnum. Það að segja þeim að nafnvextir séu 30–40% segir þeim ekkert. Þeir vita að það eru raunvextirnir sem skipta máli. Á sama hátt vita þeir að nafntekjur skipta ekki máli heldur rauntekjur, tekjur eftir skatta og föst útgjöld heimilisins.

Maður sér pening.

Þeir reyna að breyta niðurlagi setningarinnar, það er sama hvað maður þénar, maður sér aldrei pening, í ... maður sér pening. — JGH.

Fylgiskjal IV.

KJARAMÁL

Ályktun miðstjórnarfundar Alþýðubandalagsins 31. janúar.

Á undanförnum vikum og mánuðum hefur kaupmáttur almennra launa rýrnað verulega. Ástæður þessarar neikvæðu þróunar í kjaramálum eru einkum þrenns konar:

Í fyrsta lagi hefur óstjórnin í peningamálum, fjárfestingum, erlendum lántökum og á öðrum áhrifasviðum ríkisvaldsins skapað verulega þensluverðbólgu sem alfarið skrifast á reikning fráfarandi og núverandi ríkisstjórnar. Jafnvel forystumenn ríkisstjórnarinnar líkja eigin mistökum við bruna Rómaborgar og ófreskjur úr tröllaheimi. Síðustu mánuði hefur verulegur hluti launafólks borið þessa auknu verðbólgu án nokkurra bóta.

Í öðru lagi hefur ríkisstjórnin lagt á 5 milljarða matarskatt sem fyrst og fremst bitnar á láglaunafólki þar eð venjuleg matvæli vega mun þyngra í heimilishaldi þeirra sem minni tekjur hafa. Tollalækkanir á lúxusvörum og hlutum sem aðeins eru keyptir á nokkurra ára eða jafnvel áratuga fresti koma þar ekki á móti.

Í þriðja lagi hefur ríkisstjórnin lagt á tekjuskatt með einu skattþrepi þannig að þeir sem hæst hafa launin borga sömu prósentu og hinir sem hafa margfalt lægri laun. Fiskvinnslukonan sem með gífurlegri vinnu nær ef til vill 50 000 króna mánaðarlaunum greiðir sömu prósentu af skattskyldum hluta sinna launa og bankastjóri með 250 000 króna tekjur. Í stað þess að þyngja skattbyrðina þegar ofar dregur er hún nú hlutfallslega þyngri eftir því sem tekjurnar verða minni.

Á sama tíma og þessi margþætta kjaraskerðing rýrir hlut venjulegs launafólks heldur tekjubilið í landinu áfram að vaxa. Dæmin um tíföld til fimmtánföld laun verkafólks verða sífellt fleiri og fleiri. Misréttið í þjóðfélaginu og óréttlætið í skiptingu gæðanna vaxa hröðum skrefum.

Miðstjórn Alþýðubandalagsins hvetur launafólk um allt land til að taka saman höndum og hefja öfluga baráttu gegn vaxandi kjaraskerðingu og auknu misrétti. Í þeirri baráttu er samstaðan og gagnkvæmur skilningur launafólks — Alþýðubandalagsfélaga, opinberra starfsmanna og fleiri — mikilvægar forsendur þess að árangur náist. Nýjar baráttuaðferðir, umræður á vinnustöðum, auknar upplýsingar og bein þátttaka fólksins í að móta kröfurnar og fylgja þeim fram eru mikilvægar aðferðir til að skapa þá breiðu samstöðu launafólks sem dugað getur til að brjóta skerðingarstefnu atvinnurekenda og ríkisvalds á bak aftur.

Miðstjórn Alþýðubandalagsins telur rétt að við ríkjandi aðstæður, sem einkennast af verðbólgu, kjararýrnun og algeru ráðleysi ríkisstjórnarinnar, sé reynt að ná verðtryggðum skammtímasamningi til að vega upp kjaraskerðingu undanfarinna mánaða um leið og samtök launafólks búa sig til enn frekari sóknar á næstu mánuðum. Takist að ná slíkum skamm-

tímasamningi er mikilvægt að þegar á næstu vikum verði hafinn undirbúningur að varanlegum kjarasamningum í vor sem miðist við:

1. Leiðréttingar í þágu hinna lægst launuðu verði áfram efstar á blaði og stefnt verði að því að tryggja öllum lágmarksafkomu sem miðast við 45 000–50 000 kr. á mánuði í dagvinnutekjur.
2. Launagreiðslur verði verðtryggðar til að koma í veg fyrir að stjórnvöld geti áfram komið aftan að fólki í gegnum aukna verðbólgu.
3. Yfirborganir og launaskrið verði felld inn í umsamda launataxta.
4. Hrundið verði í framkvæmd ákvæðum um dagvistarmál úr kjarasamningunum 1980 en þar var gert ráð fyrir að þörf fyrir dagvistarþjónustu barna verði fullnægt fyrir árið 1990.
5. Að nýtt lífskjaramat verði lagt til grundvallar mati á afkomu og tekjum og þar tekið mið af styttingu vinnutímans, möguleikum til að njóta samvista við fjölskyldu og börn, aðbúnaði og öryggi á vinnustað, tækifærum til frekari starfsmenntunar og lýðræðislegum áhrifum á stjórn eigin vinnu.

Kjarastefna, sem setur þessi atriði í öndvegi, getur orðið sá samnefnari sem á næstu vikum og mánuðum tengir saman krafta hinna ýmsu samtaka launafólks. Samstaða, sem á rætur á vinnustöðunum sjálfum, er forsenda þess að árangur náist.

Á næstu dögum ræðst það hins vegar hvort tekst að knýja atvinnurekendur til að gera skammtímasamning sem vegur upp kjaraskerðingu síðustu mánaða og skapa nokkurra vikna undirbúningstíma að frekari sókn. Ef slíkir skammtímasamningar stranda á andstöðu atvinnurekenda og ríkisstjórnar er óhjákvæmilegt að launafólk grípi þegar á næstu vikum til harðra aðgerða og víðtækrar baráttu. Þá er nauðsynlegt að samstaðan verði sýnd í verki um allt land og nýjum aðferðum verði beitt til að ná árangri.

Sþ. 706. Tillaga til þingsályktunar [374. mál]

um valfrelsi til verðtryggingar.

Flm.: Jón Bragi Bjarnason, Geir H. Haarde.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. að láta þegar fara fram endurskoðun á VII. kafla laga nr. 13 frá 10. apríl 1979, sem fjallar um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár, með það fyrir augum að koma á hliðstæðu valfrelsi um viðmiðun verðtryggingarinnar og þegar gildir um ákvörðun vaxta, svo og að nema úr gildi úrelt ákvæði en sameina önnur vaxtalögunum þyki það henta;
2. að endurskoða með hliðstæðum hætti þau lagaákvæði sem enn gilda um vexti fjárfestingarlánasjóða skv. 11. gr. laga nr. 13 frá 23. maí 1975 til samræmis við lagaákvæði um vexti viðskiptabanka og sparisjóða.

Greinargerð.

Verðtrygging eða samsvarandi vextir, sem taka fullt tillit til verðbólgu, valda endurmati peningalegs fjármagns í sparifé og útlánum og tryggja varðveislu raunvirðis þess þrátt fyrir verðbólguþróun. Afborganir koma þannig inn aftur með réttu raunvirði og gera kleift að skila sparifé með sama hætti. Áhrif þessa endurmats til raunverulegrar ábyrgðar lántakenda og skilvirkni lánakerfisins eru fræðilega óyggjandi, enda jafngilda þau skilyrðum stöðugs verðlags.

Segja má að með verðtryggingu hér á landi hafi tekist að forða peningakerfinu frá algjöru hruni. Peningalegur sparnaður, sem dróst verulega saman á áttunda áratugnum, er nú vaxandi á ný. Hlutfall erlendra lána af lánanotkun hagkerfisins í heild er lækkandi. Geta innlendra lánastofnana til að veita lán hefur aukist. Á það ekki síst við um löng lán. Stór fyrirtæki hafa og getað aflað sér lánsfjár með útgáfu verðtryggðra verðbréfaflokka til sölu á innlendum markaði. Telja verður ótímabært að fella úr gildi heimildir til verðtryggingar á meðan ekki hefur tekist að draga meira úr verðbólgu. Hins vegar er æskilegt að taka verðtryggingarkafla „Ólafslaga“ (nr. 13/1979) til endurskoðunar, bæði vegna þess að staðsetning ákvæðanna í lagabálki um ýmis fjarskyld mál, sem að ýmsu leyti eru fallin úr gildi, er óæskileg, og einnig vegna hins að bjóðandi tónn eða orðun laganna á ekki lengur við heldur er verðtrygging orðin valfrjáls kostur í samhengi hins almenna vaxtafrelsis. Verðtrygging væri heimil þar sem ekkert bannaði hana. Væntanlega þætti þó öruggara að viðhalda fáum, einföldum meginreglum. Mættu þau lagaákvæði þá helst bætast við vaxtalögin. Verðtrygging miðast nú í flestum tilfellum við lánskjaravísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla. Getur það hentað vel í lánsviðskiptum fyrirtækja en afkoma þeirra tekur einkum mið af almennu verðlagi. Hins vegar er líklegt að önnur vísitala, með meira vægi á almenn launakjör, hentaði betur í lánsviðskiptum einstaklinga. Kanna bæri í þeirri endurskoðun sem boðuð er í þessari þingsályktunartillögu hvernig slíkum vísitölum bæri saman til lengri og skemmri tíma.

Um lánskjör fjárfestingarlánasjóða gildir 11. gr. laga nr. 13 frá 23. maí 1975, um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o.fl. Er 11. gr. hið eina sem í gildi stendur af þessum lögum, en heiti þeirra felur ekki í sér neina tilvísun til ákvörðunar lánskjara.

Upphaflegt tilefni lagasetningar þessarar var einkum það að almennri verðtryggingu fjármagns hafði enn ekki verið komið á enda þótt mikið af aðfengnu fé sjóðanna væri verðtryggt eða gengistryggt. Eigið fé sjóðanna rýrnaði því stórum og allt að gjaldþrotamörkum. Sýndu stjórnir sumra þeirra lítinn vilja til þess að bæta úr því ástandi svo að nauðsyn þótti til bera að hið almenna stjórnvald hlutaðist til um málin. Jafnframt þessu var sjóðunum að langmestu leyti útvegað fé af opinberri hálfu og með kjörum sem hið opinbera ákvað af innlendu fé eða það hefði milligöngu um að velja af erlendum lánamarkaði.

Viðhorfin eru nú gjörbreytt í flestu tilliti. Almennt vaxtafrelsi ríkir á lánamarkaðnum og hafa nánustu samkeppnisaðilar fjárfestingarlánasjóðanna fullt færi á sveigjanlegri aðlögun að markaðsaðstæðum. Fjárfestingarlánasjóðunum, utan íbúðalánasjóða og að nokkru leyti Byggðasjóðs, er nú ekki útvegað lánsfé af opinberri hálfu í neinum teljandi mæli, heldur að meginhluta vísað til þess að bjarga sér á eigin spýtur. Meginstefnan er nú sú að fjárfestingarlánasjóðirnir séu ekki stíft bundnir við atvinnugreindan starfsvettvang heldur hafi gott svigrúm í þessu tilliti. Af þessum breyttu viðhorfum hlýtur að verða dregin sú ályktun að það sé óhjákvæmilegt skilyrði viðgangs og vaxtar fjárfestingarlánasjóðanna að þeir njóti jafnræðis við aðra aðila á fjármagnsmarkaði um sveigjanlega aðlögun útlánsvaxta sinna að markaðsskilyrðum.

Stefna þessi styðst jafnframt við þá yfirlýstu meginstefnu ríkisstjórnarinnar að hinar einstöku einingar, jafnt í opinbera geiranum sem einkageiranum, starfi á eigin ábyrgð í sem ríkustum mæli. Áhrifum stjórnvalds og eigenda sé þá komið fram með vönduðu vali stjórnenda og meginreglum settum þeim.

Æskilegast er að sjálfsögðu að ákvæði nýrra laga taki við af þeim sem felld yrðu úr gildi. Verði hins vegar einhver verulegur dráttur þar á má spyrja hvort nokkur skaði sé skeður þótt lagaákvæðin frá 1975 um lánskjör sjóðanna séu felld þegar úr gildi. Mundi þá væntanlega leiða af sjálfu sér að sjóðsstjórnir réðu lánskjörum til lykta.

Ársmeðaltöl sem hlutfall af landsframleiðslu.
Áfallnir vextir eru taldir með innlánunum.

	Seðlar og mynt	Velti-innlán	Almenn spariinnlán	Bundin spariinnlán	Heildar-innlán
1960	4.39	8.24			35.47
1961	4.24	8.80			37.20
1962	4.21	9.94			39.65
1963	6.16	8.89			40.25
1964	3.81	7.76			36.49
1965	3.73	7.47			35.89
1966	3.69	7.05	19.91	8.86	35.81
1967	3.60	6.93	21.68	10.10	38.71
1968	3.31	6.44	21.31	10.68	38.43
1969	2.88	7.16	19.02	9.82	35.99
1970	2.72	8.05	18.54	9.62	36.22
1971	2.60	7.87	17.97	9.13	34.97
1972	2.61	7.22	16.63	9.09	32.94
1973	2.32	6.99	14.88	7.83	36.69
1974	2.06	6.24	13.12	6.59	25.95
1975	1.83	5.52	12.19	5.53	23.24
1976	1.62	5.37	10.91	5.51	21.79
1977	1.58	4.89	9.99	5.81	20.70
1978	1.46	4.20	8.94	5.99	19.13
1979	1.35	4.27	9.12	6.83	20.23
1980	1.14	4.05	9.07	7.15	20.27
1981	1.32	4.33	10.62	7.39	22.34
1982	1.10	3.76	10.79	8.01	22.56
1983	0.87	3.52	10.04	9.56	23.12
1984	0.88	3.97	12.34	9.09	25.41
1985	0.85	4.03	15.94	6.92	26.89
1986	0.87	4.24	17.72	6.56	28.51
1987	0.87	4.69	18.70	6.60	29.99

Frá Seðlabanka Íslands.

Sþ. 707. Fyrirspurn [375. mál]

til fjármálaráðherra um eignir ríkisins.

Frá Guðna Ágústssyni.

Hver eru verðmæti eigna ríkisins samkvæmt fasteignamati 1987, greint eftir kjördæmum?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 708. Tillaga til þingsályktunar [376. mál]

um samstarfshóp til að tryggja jákvæð áhrif lögbindingar lágmarkslauna.

Flm.: Þórhildur Þorleifsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Guðrún J. Halldórsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa samstarfshóp til að finna leiðir til að tryggja jákvæð áhrif lögbindingar lágmarkslauna. Um þær leiðir verður að vera fullt samráð svo að lögbinding lágmarkslauna nái tilætluðum árangri og verði raunverulega til að bæta kjör þeirra lægst launuðu og draga úr launamun og launamisrétti.

Samstarfshópurinn skal skipaður fulltrúum allra þingflokka og helstu samtaka vinnumarkaðarins.

Samstarfshópurinn skal skila niðurstöðum eigi síðar en 1. júní 1988.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er flutt til að fylgja eftir frumvarpi um lögbindingu lágmarkslauna.

Tvennt hefur aðallega verið fundið lögbindingu lágmarkslauna til foráttu, þ.e. annars vegar að hún skerði frjálsan samningsrétt og í öðru lagi að ekki yrði hægt að stemma stigu við að sú hækkun, sem yrði í kjölfar lögbindingar lágmarkslauna, hlypi óheft upp launastigann með tilheyrandi afleiðingum, víxlverkandi hækkun launa og verðlags og óðaverðbólgu sem mundi koma harðast niður á þeim sem áttu að fá kjör sín bætt. Þar með hefði betur verið heima setið en af stað farið.

Um fyrra atriðið, skerðingu frjáls samningsréttar, er óþarft að fjölyrða hér, einungis skal ítrekað að samningsréttur skerðist aðeins að því marki að ekki má semja um laun undir lögbundnum lágmarkslaunum. Við hið seinna, þ.e. að lögbinding lágmarkslauna verði verðbólguhvetjandi, er rétt að staldra.

Ítrekað höfum við kvennalistakonur bent á að árangur lögbindingar lágmarkslauna sé einmitt undir því kominn að slíkt gerist ekki. Þess vegna leggjum við áherslu á víðtækt samráð allra aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd lögbindingar lágmarkslauna. Allir virðast sammála um að launabil sé of stórt, launamisrétti of mikið og nauðsyn þess að draga úr misskiptingu auðs og tekna. Það er almennt viðurkennt að þau grunnlaun, sem þeim lægst launuðu eru skömmtuð fyrir dagvinnu, dugi engan veginn til framfærslu og óhóflega langur vinnudagur sé því hlutskipti of margra. Nægir í þessu sambandi að vísa til stefnuyfirlýsingar og starfsáætlunar ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar en þar er ítrekað talað um mikilvægi þess að bæta kjör hinna tekjulægstu, stytta vinnutíma, taka tillit til þarfa fjölskyldunnar og jafnrétti kvenna og karla með sérstakri áherslu á launajafnrétti. Svipuð orð hafa aðilar vinnumarkaðarins ítrekað látið falla um markmið og stefnu í launamálum.

Það er því eðlilegt að þegar þessi yfirlýstu markmið bæði ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins nást ekki í samningum sé leitað ráða til að ná þeim með öðrum hætti. Jafnframt er það skylda fyrrnefndra aðila að gefa ekki upp á bátinn fyrri áform um leiðréttingu á misrétti og misskiptingu. Raunhæf leið til þess er veruleg hækkun grunnlauna fyrir 40 klst. dagvinnu og að tryggja jafnframt jákvæð áhrif með samræmdum aðgerðum og samkomulagi allra aðila.

Það er siðferðilegur réttur hvers vinnandi manns að geta framfleytt sjálfum sér af afrakstri fullrar dagvinnu.

Það er því siðferðileg skylda sem hvílir á Alþingi að sjá til þess að svo megi verða, með hverri þeirri aðferð sem dugir, lögbindingu lágmarkslauna ef ekki vill betur.

Nd. 709. Nefndarálit [260. mál]

um frv. til l. um brottfall ýmissa laga á sviði viðskiptamála.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og er sammála um að mæla með samþykkt þess.
Ingi Björn Albertsson sat fund nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.
Kjartan Jóhannsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. mars 1988.

Páll Pétursson, form.	Geir H. Haarde, fundaskr., frsm.	Anna Ólafsdóttir Björnsson.
Níels Árni Lund.	Einar Kr. Guðfinnsson.	Steingrímur J. Sigfússon.

Ed. 710. Nefndarálit [202. mál]

um frv. til l. um Háskólann á Akureyri.

Frá menntamálanefnd.

Menntamálanefnd hefur tekið frumvarpið fyrir á fimm fundum. Til viðtals við nefndina komu: Haraldur Bessason, forstöðumaður Háskólans á Akureyri, frá Háskóla Íslands dr. Sigmundur Guðbjarnason rektor og Jónatan Þórmundsson prófessor og Bjarni Kristjánsson rektor Tækniskóla Íslands.

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Háskóla Íslands, Kennarasambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Kennaraháskóla Íslands, Hinu íslenska kennarafélagi, Akureyrarbæ og Fjórðungssambandi Norðlendinga, auk bréfs Haralds Bessasonar þar sem hann svarar að beiðni menntamálanefndar athugasemdum sem fram komu við frumvarpið. Umsagnir og bréf Haralds eru prentuð sem fylgiskjöl með þessu áliti.

Tveir umsagnaraðilar mæla með því að frumvarpið verði samþykkt og gera engar athugasemdir við það. Hinir gera misítarlegar athugasemdir við frumvarpið og beinast þær einkum að hlutverki Háskólans á Akureyri. Reifaðar eru mismunandi kröfur sem gera þarf annars vegar til rannsóknarháskóla og hins vegar til sérskóla á háskólastigi.

Gróflega má flokka umsagnirnar í eftirfarandi flokka:

1. Akureyrarbær og Fjórðungssamband Norðlendinga gera ekki athugasemdir og mæla með samþykkt frumvarpsins.
2. Bandalag háskólamanna gerir þá kröfu að tekin verði af öll tvímæli um að ekki sé verið að stofna til nýs „universitas“ á Íslandi heldur öflugrar kennslu að loknu stúdentsprófi í nánum tengslum við atvinnuvegi þjóðarinnar.
3. Kennaraháskóli Íslands mælir með að Háskólanum á Akureyri verði ætlað vísindalegt hlutverk og það komi fram í lögunum.
4. Hið íslenska kennarafélag, Kennaraháskóli Íslands og Háskóli Íslands taka ekki beina afstöðu til þess hvort skólinn eigi að vera rannsóknarháskóli eða sérskóli á háskólastigi.

Umsagnaraðilar hafa mismunandi skoðanir á því hversu ítarleg lögin eigi að vera og í hve ríkum mæli skuli setja ákvæði um starfsemi Háskólans á Akureyri í reglugerð. Kennarasamband Íslands og Háskóli Íslands gera beinar athugasemdir við einstaka kafla og

greinar frumvarpsins. Auk þess fjallar umsögn Háskóla Islands ítarlega um mismunandi hlutverk skóla á háskólastigi og er talið að tvískinnungs gæti í frumvarpinu hvað þetta varðar.

Í þessu sambandi tekur nefndin fram að frumvarpið um Háskólann á Akureyri er sniðið eftir lögum um Tækniskóla Íslands og hlýtur í einstökum greinum að mótast af því að hér er um nýja stofnun að ræða sem „hlýtur að fá á sig breytta og nokkuð fyllri mynd innan þriggja ára". Að því lýtur endurskoðunarákvæði 14. gr. og ákvæði til bráðabirgða sem fellur úr gildi að þremur árum liðnum.

Í Háskólanum á Akureyri eru nú tvær brautir í hjúkrunarfræði og iðnrekstrarfræði en ákveðið hefur verið að taka upp braut í sjávarútvegsfræðum við skólann auk matvælafræði. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri hefur látið námsbraut í hjúkrunarfræðum í té fullbúna kennsluaðstöðu og fullbúinn lestrarsal fyrir alla nemendur námsbrautar í hjúkrunarfræðum. Þá hefur sjúkrahúsið gengið til samvinnu við Háskólann á Akureyri um bókasafn sjúkrahússins, fagbókasafnið og ráðningu bókavarðar til viðbótar þeim sem verið hefur við sjúkrahúsið, auk þess sem það kaupir inn bækur og tímarit sem á vantar til þess að þar komi hið ágætasta fagbókasafn í hjúkrunarfræðum.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess. Svavar Gestsson hefur setið fundi nefndarinnar og er samþykkur nefndaráliti þessu með fyrirvara.

Salome Þorkelsdóttir var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. mars 1988.

Valgerður Sverrisdóttir, varaform.	Danfríður Skarphéðinsdóttir, fundaskr., með fyrirvara.	Halldór Blöndal, frsm.
Guðmundur Ágústsson, með fyrirvara.	Elín Jóhannsdóttir.	Sveinn G. Hálfdánarson.

Fylgiskjal I.

Háskóli Íslands:

Umsögn um frumvarp til laga um Háskólann á Akureyri, 202. mál.
(Send menntamálanefnd efri deildar Alþingis 21. febr. 1988.)

Stofnun nýs háskóla á Íslandi er athyglisverð, m.a. vegna þess að þá er á nýjan leik tekin afstaða til þess, eða ætti að taka afstöðu til þess, hvað háskóli er. Hugtakið háskóli hefur um langt skeið í íslensku máli fyrst og fremst vísað til Háskóla Íslands sem stofnunar og þess starfs sem þar fer fram. Samkvæmt síðari alda hefð og viðurkenndri framkvæmd í samskiptum við erlendar menntastofnanir samsvarar háskólaheitið hugtakinu *universitas* í ýmsum afbrigðum þess á öðrum tungumálum. Í hugtaki þessu felst ákveðinn efniskjarni sem telst og hefur frá fornu fari talist aðall hverrar þeirrar stofnunar sem vill standa undir nafni.

Í 1. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 77/1979, er kjarninn í háskólahugtakinu orðaður í stuttu máli svo: „Háskóli Íslands skal vera vísindaleg rannsóknarstofnun og vísindaleg fræðslustofnun, er veiti nemendum sínum menntun til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum til þess að gegna ýmsum embættum og störfum í þjóðfélaginu."

Bæði kennsluþættinum og rannsóknarþættinum er sinnt í Háskóla Íslands. Er það raunar sterk sannfæring margra, ef ekki flestra, að *vísindalegri* fræðslu verði ekki sinnt, svo að vel fari, nema saman fari rannsóknir og fræðsla. Það er einmitt sérkenni háskólastarfs að flétta þetta tvennt saman, fræðslu og rannsóknir.

Til þess er ætlast að háskóli sýni frumkvæði og hafi forustu um rannsóknir. Forsenda þess er sú að stundaðar séu grundvallarrannsóknir til að afla nýrrar þekkingar, en hagnýtar rannsóknir eru einnig mikilvægar sem þáttur í þjónustuhlutverki háskólans við ýmsar starfsgreinar þjóðfélagsins.

Annað meginatriði háskólahugtaksins er fjölbreytni í rannsóknum og námsframboði. Háskólar eru stofnanir sem reyna að spanna mikinn hluta þeirrar vísindalegu sérfræði sem þjóðfélagið þarf á að halda hverju sinni, en takmarka sig ekki við einstakar sérgreinar eða starfshópa. Þess vegna á starfsmenntun betur heima í sérskólum en almennum háskólum eins og Háskóla Íslands.

Þriðja grundvallareinkenni háskóla er ákveðin sjálfsstjórn og starfsmannalýðræði er byggist á gömlum alþjóðlegum hefðum. Ríkisháskólar njóta almennt mun meira sjálfstæðis um innri málefni sín en tíðkast um aðrar ríkisstofnanir. Þetta birtist með ýmsum hætti í lögum um Háskóla Íslands og framkvæmd þeirra.

Sú skoðun heyrist oft að hugtakið háskóli megi skilja á annan hátt en að ofan greinir, þ.e. í hreinni *formmerkingu,* þannig að átt sé við hvers konar skóla er taka við af framhaldsskólum án tillits til þess hvaða starfsemi fer þar fram og hvaða kröfur gerðar eru til starfsmanna og nemenda. Þessi skilningur styðst við lög nr. 55/1974, um skólakerfi. Af 2. gr. laganna mætti raunar draga þá ályktun að gerðar væru hliðstæðar kröfur til nýrra „háskóla" og gerðar eru til Háskóla Íslands. Þegar betur er að gáð verður þó að líta svo á að *í skilningi laganna* séu lagðir að jöfnu við Háskóla Íslands þeir skólar aðrir sem gera sams konar kröfur til *inngöngu* og hann, þ.e. teljast formlega á svokölluðu *háskólastigi,* sbr. athugasemd við 5. gr. frumvarpsins. Þessi mælikvarði breytir vitanlega engu um ólík verkefni og kröfur sem þessar stofnanir gera. Hins vegar er mjög óheppilegt og getur orðið öllum til tjóns að sama hugtakið sé notað í svo ólíkum skilningi sem nú stefnir í. Aðrar þjóðir hafa og gætt þess vel að nota mismunandi heiti í samræmi við markmið stofnunar, fræðilegar kröfur og verkefni.

Í frumvarpi því, sem hér er beiðst umsagnar um varðandi fyrirhugaðan háskóla á Akureyri (þingmál 202), kemur fram greinilegur tvískinnungur milli háskóla í hinni hefðbundnu merkingu sem lýst var hér að framan og sérskóla (starfsmenntunarskóla) á háskólastigi í hinni formlegu merkingu laga nr. 55/1974. Skal þetta nú nánar skýrt.

1. Í almennum athugasemdum með frumvarpinu segir m.a.: „Undanfarna áratugi hefur orðið mikil breyting á háskólamenntun á Vesturlöndum. Fjölbreytni háskólanáms hefur aukist, m.a. hefur ýmiss konar starfsmenntun sem áður fór fram í sérskólum á framhaldsskólastigi færst á háskólastig og ný viðhorf hafa valdið breytingum á hlutverki og starfsháttum margra háskóla. Gætt hefur vaxandi tilhneigingar til að efla gagnvirkt samband háskóla og atvinnulífs. Við hlið hinna hefðbundnu, almennu háskóla, þar sem megináhersla er lögð á grundvallarrannsóknir og kennslu í tengslum við þær, hafa risið á legg menntastofnanir með tiltölulega stuttum námsbrautum á háskólastigi. Þessir skólar, sem nefnast ýmsum nöfnum eftir löndum (Community College, Polytechnic, Fachhochschule, Högskola), eiga það margir sammerkt að taka mið af atvinnulífi og starfsgreinum í kennslu sinni, svo og rannsóknum þar sem þeim er til að dreifa. — Stofnun háskóla á Akureyri samrýmist þessari þróun ..." Margt fleira í þessum athugasemdum bendir í sömu átt. Athugasemdir með 1. gr. frumvarpsins sýna að hinni nýju stofnun er ekki ætlað sérstakt rannsóknarhlutverk. Þar segir að vísu að rannsóknarstarfsemi innan vébanda háskólans kunni að reynast nauðsynleg til að tryggja fræðilegan grundvöll kennslunnar, en sú þörf verði að koma í ljós í tímans rás.

2. Mörg önnur atriði frumvarpsins benda til þess að hin fyrirhugaða stofnun eigi fremur að verða starfsmenntunarskóli en venjulegur akademískur háskóli, svo sem ósjálfstæði stofnunarinnar gagnvart stjórnvöldum (sjá m.a. 3. gr. og 6. gr. frumvarps um skipun rektors og forstöðumanns deilda), lítil þátttaka starfsmanna og nemenda í stjórn hennar (4. gr. frv.), samsetning háskólanefndar (4. gr. frv.), þögn um hæfiskröfur til rektors og forstöðumanna deilda sem og um þátttöku starfsmanna og nemenda í stjórnun deilda og varðandi umsagnarrétt um málefni skólans (sbr. 2. gr. háskólalaga).
3. Allmörg atriði frumvarpsins, auk háskólaheitisins, benda hins vegar til vísindalegrar háskólastarfsemi í hinni hefðbundnu merkingu. Þannig á hin nýja stofnun að vera *vísindaleg* fræðslustofnun þótt erfitt sé að sjá hvernig það má verða án rannsóknarstarfsemi. Í greinargerð segir það eitt til skýringar að kennsla skuli reist á vísindalegum grunni. Í 9. gr. frumvarpsins eru gerðar hliðstæðar hæfiskröfur til að hljóta starf prófessors eða dósents og gerðar eru við Háskóla Íslands. Dómnefnd er skipuð og skal hún láta uppi rökstutt álit um það hvort af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda svo og námsferli hans og störfum megi ráða að hann sé hæfur til að gegna starfinu. Þá skal leita álits háskólanefndar um umsækjendur hvort heldur eru lektorar, dósentar eða prófessorar. En lengra ná akademískar kröfur háskólans ekki því að þessir sömu starfsmenn hafa síðan engar rannsóknarskyldur þegar þeir eru komnir til starfa. Að vísu er talið æskilegt að kennarar „eigi þess kost að sinna rannsóknarverkefnum þegar svo ber undir, t.d. með veitingu orlofs í því skyni", sbr. athugasemd með 1. gr.

   Í raun réttri er mjög erfitt að gefa umsögn í einstökum atriðum um fyrirliggjandi frumvarp meðan ekki liggur ljóst fyrir markmið hinnar nýju stofnunar. Umsögn Háskólans hlyti að verða mismunandi eftir því hvort stefnt er að starfsmenntunarskóla á háskólastigi eða akademískri háskólastofnun. Hvernig sem þau mál skipast má benda á ýmis atriði sem vantar í frumvarpið og ekki er nægilegt að hafa í reglugerð. Skulu nefnd nokkur atriði:
   a. Hvernig fer um hæfiskröfur til þeirra sem fyrst eru ráðnir að skólanum?
   b. Engar hæfiskröfur eru gerðar til rektors og forstöðumanna deilda, þeir virðast jafnvel ekki þurfa að vera kennarar við skólann.
   c. Ekkert er fjallað um viðskilnað nemenda, fullnaðarpróf og prófskírteini, úrsögn, brottrekstur o.fl.
   d. Ákvæði vantar um stjórn deilda og námsbrauta.
   e. Ekki er ljóst hvort embættismenn skólans skuli eiga seturétt á háskólanefndarfundum.
   f. Ákvæði um stofnun háskóladeilda er mjög ábótavant, það heimilar m.a. ráðherra að stofna nýjar deildir innan marka fjárveitinga í fjárlögum.
   g. Ákvæði vantar um fjármál skólans og eigur.

   Eins og fram er komið er mjög erfitt að gefa fullnægjandi umsögn um einstök atriði í umræddu frumvarpi, nema skýrar liggi fyrir hvaða forsendur búa að baki frumvarpinu. Rétt þykir að senda athugasemdir kennslumálanefndar Háskóla Íslands með umsögninni, en þar er fjallað um einstakar greinar frumvarpsins með svipuðum fyrirvörum og greindir voru hér að framan.

Sigmundur Guðbjarnason
rektor.

Kennslumálanefnd Háskóla Íslands:

Athugasemdir við frumvarp til laga um Háskólann á Akureyri.[1]
(31. janúar 1988.)

Stofnun nýs háskóla á Íslandi er athyglisverð m.a. vegna þess að þá er á nýjan leik tekin afstaða til þess hvað háskóli er — eða ætti að vera. Orðið háskóli hefur um langt skeið í íslensku máli fyrst og fremst vísað til þess starfs sem fram fer í Háskóla Íslands.[2]

Í 1. gr. laga um Háskóla Íslands segir að hann skuli vera vísindaleg rannsóknarstofnun og vísindaleg fræðslustofnun.

Báðum þessum þáttum er sinnt í Háskóla Íslands og það virðist sterk sannfæring margra ef ekki flestra sem þar starfa að vísindalegri fræðslu verði ekki sinnt þannig að vel sé nema líf og kraftur sé í rannsóknarstarfi kennara. Það sé einmitt sérkenni háskólastarfs að flétta þetta tvennt saman, fræðslu og rannsóknir.

Til þess er ætlast að háskóli hafi forustu og sýni frumkvæði í vísindum og menntun. Háskóli Íslands hefur alltaf axlað þá ábyrgð sem því fylgir en telur nauðsynlegt að hafa sjálfstæði til þess að sinna forustuhlutverki sínu. Aðrir háskólar þurfa einnig sjálfstæði til þess að rækja hlutverk sitt.

Nú má líta á nútímaháskóla öðrum augum en gert er hér að ofan. Háskólar á Íslandi séu einfaldlega þeir skólar sem alla jafnan taka við af framhaldsskóla og þar eigi að vera hægt að finna fræðslustarf af margvíslegu tagi.[3] Þannig er hægt að setja á stofn ýmsa nýja háskóla sem hafa önnur markmið og önnur hlutverk en þau sem koma fram í lögum um Háskóla Íslands. Þetta virðist einmitt vera sú hugsun sem speglast í frumvarpi til laga um Háskólann á Akureyri.

Þegar háskólum fjölgar er nauðsynlegt að huga vel að tengslum þeirra á milli, m.a. hve auðveldlega nemendur geta lokið námi í einum skóla og fengið það metið í öðrum. Þetta virðist sérstaklega brýnt þegar setja skal á stofn skóla sem fæst einkum við „kennslu á styttri námsbrautum“ sem eiga jafnframt að „veita rétt til áframhaldandi háskólanáms“.[4]

Margar þeirra athugasemda, sem gerðar eru hér á eftir, miðast við það viðhorf til háskóla sem sagt er frá hér í upphafi, en eiga e.t.v. síður við skóla sem hafa önnur markmið, enda þótt þeir heiti háskólar. Þessar athugasemdir tengjast annars vegar sjálfstæði skólans og hins vegar heilindum gagnvart þeim markmiðum sem sett eru fram, sum í 1. gr. frumvarpsins og önnur í greinargerð með því. Auk þess eru athugasemdir sem eru frekar tæknilegs eðlis og eiga við í öllum tilvikum.

Athugasemdir við einstakar greinar. Innan hornklofa er vísað í sambærilegar greinar í lögum um Háskóla Íslands:

1. gr. [1. gr.] Sé það ásetningur löggjafans að ætlast í alvöru til vísindalegs fræðslustarfs verður ekki undan því vikist að gera veg rannsóknarstarfa meiri en gert er í frumvarpinu.

1. Vilhjálmur Árnason heimspekingur hefur lagt til eftirfarandi reglu um nafngiftir háskóla: Allir nýir skólar á háskólastigi hafi forskeyti sem gefi til kynna verkefni þeirra eða þau starfssvið sem þeir muni einkum sinna, sbr. Kennaraháskóli Íslands. Ný nöfn gætu því orðið Búnaðarháskóli, Tæknihaskóli, Listaháskóli svo dæmi séu tekin. Sá skóli sem nú er fjallað um gæti því heitið Tæknihaskólinn á Akureyri eða öðru skyldu nafni. Slíkar nafngiftir gefa til kynna að markmið skólans eru ekki eins almenn og markmið Háskóla Íslands sem yrði eini háskólinn án forskeytis í nafni. Forskeytið sjálft gefur aðeins grófa leiðsögn og mun ekki hindra að fjölmargar ólíkar greinar séu stundaðar við hvern skóla.
2. Hér er Kennaraháskóla Íslands ekki gleymt, en umræða um háskóla hér á landi tekur miklu meira mið af Háskóla Íslands.
3. Sbr. umfjöllun á bls. 4–5 í aths. sem fylgja með frumvarpinu, einkum málsgrein sem hefst á: Undanfarna ...
4. Sjá bls. 5 í síðustu málsgrein almennra athugasemda sem fylgja með frumvarpinu.

3. gr. [3. gr.] Með því að ráðherra skipar rektor er sjálfræði skólans skert miðað við það sem skynsamlegt og sjálfsagt er talið í Háskóla Íslands. Ef ekki þykir rétt, að svo stöddu,[5] að leyfa kennurum og nemendum að kjósa sér forustu úr hópi kennara þá væri þó eðlilegra að fela það vald í hendur háskólanefndar, en þar hefur ráðherra tilnefnt tvo fulltrúa skv. 4. gr. frumvarpsins. Það virðist þó óeðlilegt að rektor hafi atkvæðisrétt í þessu máli eins og búið er um hnútana í 5. gr. frumvarpsins.

4. gr. [4. gr.] Það virðist vera í anda hugmyndar um þá nýju gerð skóla, sem greint er frá í greinargerð með frumvarpinu, að skipa í háskólanefnd einhverja aðila utan skólans. Eðlilegt væri að í lögunum væri mótuð einhver almenn regla um samsetningu hennar, t.d. sú að meira en helmingur nefndarinnar væri úr hópi starfsliðs skólans. Hlutur starfsmanna í formlegri stjórn skólans er lítill og kemur ekki heim við þær hugmyndir sem nefndar voru hér að ofan varðandi sjálfstæði háskóla.

Þá er vafasamt að tilgreina tiltekna hagsmunaaðila í lögunum eins nákvæmlega og gert er. Eðlilegra væri að allir utanskólamenn væru tilnefndir af stjórnvöldum, en í greinargerð væri gefin leiðsögn um þá sem leita bæri ráða hjá um slíka tilnefningu. Ekki er líklegt að mörgum þætti það sjálfgefið að Samtök sveitarfélaga á Suður- eða Vesturlandi eða Reykjavíkurborg ættu samkvæmt lögum einn fulltrúa í háskólanefnd ímyndaðs nýs háskóla sem settur yrði á stofn í Reykjavík, ef ákveðið væri að skipa þar utanaðkomandi aðila. Enda þótt skóli af þessu tagi sé á Akureyri verður hann að bera hagsmuni þjóðfélagsins alls fyrir brjósti og vera hugsaður fyrir alla landsmenn jafnt. Þetta sjónarmið verður m.a. að speglast í stjórn skólans.

Eðlilegt er að fjöldi fulltrúa nemenda í háskólanefndinni sé tilgreindur sem hlutfall af fjölda nefndarmanna, en sé þó ekki minni en tveir.

5. gr. [5. gr.] Ef rektor er skipaður af ráðherra sem nokkurs konar framkvæmdastjóri skólans er atkvæðavald hans í háskólanefndinni of mikið.

8. gr. [9. gr.] Lagaleg staða nýrra deilda er óljós. Það virðist misræmi í því að nefna tvær deildir í lögum en gera samt ráð fyrir því að öðrum megi bæta við án lagabreytingar. Eðlilegra væri að tiltaka ekki deildir í lögum, en binda þær frekar í reglugerð, meðan skólinn er enn í mótun og kennslusviðin óviss.

9. gr. [10. og 11. gr.] Í kjarasamningum kennara HÍ (og KHÍ) og með samþykktum háskólaráðs er rannsóknarskylda lektora jafnmikil og rannsóknarskylda dósenta og prófessora. Auk þess eru umsækjendur um lektorsstöður nú metnir eftir sömu reglum og með sömu aðferðum og prófessorar og dósentar. Þetta ætti að speglast í frumvarpinu.

Vafasamt er að setja í lög kröfur um háskólapróf kennara í tilteknum greinum ekki síst þar sem reyna á að flytja háskólastarf í nýjan farveg þar sem fræðileg þekking kennara á einhverju nýju sviði er ekki alltaf það sem fyrst og fremst er sóst eftir. Engar slíkar kröfur eru í lögum um Háskóla Íslands og dæmi eru um að kennarar með próf í einni grein fái stöður, m.a. prófessorsstöður í öðrum. Í auglýsingum og leiðbeiningum til dómnefnda mætti gera þær kröfur að kennarar hefðu almennt slíkan bakgrunn, en hann væri þó ekki svo ófrávíkjanlegt og njörvað skilyrði sem lagagreinin segir fyrir um.

Sá munur, sem gerður hefur verið á lektorum og öðrum kennurum, er nú að hverfa í HÍ (nema í launum) og það virðist mjög vafasamt að gera hann svo skýran sem gert er í þessu frumvarpi. Háskólanum á Akureyri er enginn greiði gerður með því að ráða í upphafi alla kennara (þ.e. lektora) án dómnefnda. Skipun dómnefnda um allar kennarastöður ætti að vera ákveðin í lögunum. Það kann að virðast þunglamalegt í upphafi að setja dómnefnd yfir hvern einasta mann sem fastráðinn er, en er farsælast þegar til lengri tíma er litið og kennurum og skólanum mikill styrkur.

Gera mætti ráðningu kennara markvissari, t.d. með því að gera hlut dómnefnda meiri en gert er í frumvarpinu þannig að þær geri beina tillögu um ráðningu og byggðu hana m.a. á

5. Að líkindum kemur til kasta þessa ákvæðis eftir fimm ár.

heföbundnu dómnefndarstarfi. Háskólanefnd tæki svo afdráttarlausa afstöðu til þessarar tillögu. Meðan skólinn er í mótun tryggði þetta fyrirkomulag yfirvegaðri uppbyggingu hans.

10. gr. [17. gr.] Ástæðulaust er að ákveða missirisskiptinguna í lögunum.

11. gr. [21. gr.] Þar sem skólanum er ætlað nýstárlegt hlutverk mætti hér fara nýjar brautir og halda opnum leiðum fyrir þá sem hafa t.d. lokið þriggja eða fjögurra ára framhaldsskólanámi en hafa ekki stúdentspróf.[6]

Í 11. gr. virðist vanta heimild til þess að setja í reglugerð ákvæði skyld þeim sem eru í gr. 22–25 í lögum um HÍ.

Enda þótt gert sé ráð fyrir að lögin séu endurskoðuð eftir þrjú ár munu þau eins og þau verða nú samþykkt vafalaust ráða miklu um þá meginhugsun um starfshætti sem ræður næsta áratuginn. Margt af því, sem í frumvarpinu er sett fram með því hugarfari að því megi auðveldlega breyta seinna, mun samt sem áður festast í sessi. Það mun ekki aðeins ráða ferðinni í Háskólanum á Akureyri heldur einnig í uppbyggingu alls háskólastigsins í landinu nú þegar útþensla þess er í sjónmáli.

6. E.t.v. er tómt mál um þetta að tala vegna 5. gr. laga um skólakerfi frá 1974.

Jón Torfi Jónasson.

Fylgiskjal II.

Skólamálaráð KÍ:

Umsögn um frumvarp til laga um Háskólann á Akureyri.

(Send menntamálanefnd efri deildar Alþingis 22. febr. 1988.)

Í upphafi vill Kennarasamband Íslands láta í ljósi ánægju sína með stofnun Háskólans á Akureyri og væntir þess að hlúð verði að þeirri stofnun eins og frekast er kostur.

Þær athugasemdir, sem á eftir fara, eru af tvennu tagi. Annars vegar eru spurningar og athugasemdir sem komið hafa til við skoðun frumvarpsins og varða stofnunina í heild. Hins vegar eru athugasemdir sem miðast við ákveðnar greinar frumvarpsins og verður í þær vísað.

Hlutverk Háskólans á Akureyri.

Eftir 1. gr. frumvarpsins ásamt kafla í sögulegu yfirliti á bls. 5 að dæma virðist háskólanum ekki ætlað að verða rannsóknarháskóli. Í 9. gr. er hins vegar gaumgæfilega fjallað um hvernig ber að standa að ráðningu dósenta og prófessora ef til kemur. Samkvæmt túlkun forstöðumanns Háskólans á Akureyri er skólinn bæði vísindaleg fræðslustofnun og vísindaleg rannsóknarstofnun enda geti annað ekki verið án hins í háskóla. Ef fallist er á þessa túlkun er sjálfsagt að vísindalegt rannsóknarhlutverk sé tryggt í lögum skólans. Sé skólanum hins vegar ekki ætlað neitt rannsóknarhlutverk að svo stöddu er óþarfi að fjalla ítarlega um hvernig standa skuli að ráðningu dósenta og prófessora. Í lögum um skóla, ekki síst háskóla, þarf að geta skýrt um hlutverk hans þannig að ekki myndist um það ágreiningur.

Kennarasambandið mælir með að Háskólanum á Akureyri verði ætlað vísindalegt rannsóknarhlutverk og það komi fram í lögunum.

Um nafn skólans.

Nafngiftin — Háskólinn á Akureyri — helst í hendur við það sem sagt er hér að framan. Í málvitund landsmanna þýðir orðið háskóli menntastofnun sem svarar til Háskóla Íslands. Í umræðum um aðra háskóla eða nám á háskólastigi hefur verið rætt um slíka stofnun með forskeyti, t.d. Listaháskóli. Ef það er ljóst að Háskólinn á Akureyri á ekki að vera vísindaleg fræðslu- og rannsóknarstofnun heldur einungis vísindaleg fræðslustofnun þá er brýn nauðsyn á að finna stofnuninni annað heiti sem gæti vissulega haft orðið háskóli í sér en hefði forskeyti sem væri lýsandi.

Um stefnumörkun og gerð fjárhagsáætlunar.

Í frumvarpinu kemur ekki fram hver skuli vinna að stefnumörkun í málefnum skólans, en að háskólanefnd geti komið með tillögur um stofnun nýrra deilda. Ekki er heldur getið um hver skuli vinna að fjárhagsáætlun fyrir skólann. Eru þessir þættir ekki svo mikilvægir að ástæða sé til að lögbinda þá?

Um 4. gr.

Í greininni kemur fram að tveir fulltrúar í háskólanefnd eru pólitískt kjörnir. Þessir fulltrúar eiga að treysta æskilegt samband háskólans við umhverfi hans. Er það í raun líklegt að þessir fulltrúar tryggi þau tengsl við umhverfið (atvinnulífið) sem stefnt er að? Hvers vegna er t.d. fulltrúi frá Fjórðungssambandi Norðlendinga þar sem farið er að bresta í stoðum sambandsins?

Um 9. gr.

Greinin fjallar um ráðningu kennara. Hefur menntamálanefnd efri deildar fjallað um kennsluréttindi kennara við háskólastig? Finnst nefndarmönnum eðlilegt, að allir kennarar aðrir en háskólakennarar verði að hafa lágmarksmenntun í uppeldis- og kennslufræði?

Um III. kafla: Kennarar og deildir háskólans.

Í 9. gr. er eingöngu fjallað um hvernig skuli standa að ráðningu kennara og hvaða ráðningarheiti kennarar eigi að fá. Væri ekki eðlilegt að lögin tiltækju eitthvað um hlutverk og starfssvið kennaranna eftir að þeir eru ráðnir að skólanum?

Um IV. kafla: Nemendur, kennsla og próf.

Þessi kafli á að fjalla um nemendur, kennslu og próf. Það eina sem er nákvæmt í þessum kafla frumvarpsins eru ákvæði sem taka til nákvæmrar skiptingar kennsluárs í missiri. Rætt er um skráningu nemenda, en að öðru leyti er ekki fjallað um rétt þeirra eða skyldur eftir að þeir hafa hafið nám við skólann. Kafli III og IV eiga það sammerkt að þeir taka til inntökuskilyrða kennara og nemenda, en fjalla ekki um starf og nám þessara aðila eftir að þeir hafa verið samþykktir inn í skólann. Kafli þessi ber heitið kennsla. Á engan hátt er vikið að kennslu, kennsluskrá eða öðru sem að kennslu lýtur. Rætt er hins vegar um kennsluár og um hlé á kennslu. Annaðhvort þarf að breyta um heiti kaflans eða fjalla um kennslu í kaflanum.

Í 12. gr. er eingöngu fjallað um prófgreinar, próf og einkunnir til að skýra frá að reglugerð muni taka til þessara þátta. Ekki væri óeðlilegt að í lögum væru einhver ákvæði um þessa mikilvægu þætti. Hér skal bent á að hugtakið námsmat vantar inn í greinina.

Um frumvarpið í heild.

Frumvarp þetta virðist í hæsta máta stuttort. Ef til vill er nauðsynlegt meðan verið er að móta fyrstu skref skólans að lögin séu rúm. Þó er þetta frumvarp svo lítið að vöxtum að lesanda verður síður en svo ljóst hvers konar skóli er á ferðinni. Verði frumvarp þetta að

lögum hlýtur að þurfa mjög langa reglugerð með því. Jafnframt verður þeim sem semja reglugerðina vandi á höndum þar sem fátt er til að styðjast við í lögunum sjálfum.

Lög um skóla, t.d. Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands (núgildandi og frumvarp til nýrra laga) ásamt grunnskólalögunum eru mjög ítarleg. Ekki er óeðlilegt að ætla að lög um Háskólann á Akureyri séu að ytra formi áþekk þessum lögum þótt lögin muni taka til allra þeirra sérkenna sem munu einkenna Háskólann á Akueyri.

Kennarasamband Íslands væntir þess að Alþingi Íslendinga muni vanda verulega til þessara laga. Því leggjum við til að frumvarp þetta verði endursamið með hliðsjón af því sem að framan er sagt.

Kennarasamband Íslands lýsir yfir ánægju sinni með að hafa fengið tækifæri til að fjalla um frumvarp þetta.

Birna Sigurjónsdóttir
formaður.

Fylgiskjal III.

Bandalag háskólamanna:

Umsögn um frumvarp til laga um Háskólann á Akureyri.

Hver sjálfstæð þjóð, sem lætur sér annt um menntun sína, framfarir, tungu og menningu, verður að eiga öflugan háskóla, „universitas" í hefðbundnum skilningi. Þess vegna var Háskóli Íslands stofnaður árið 1911. Háskólinn hefur eflst og vaxið hratt hin síðari ár, en samt vantar enn mikið á að hann hafi þann mannafla, húsa-, bóka- eða tækjakost sem honum er nauðsynlegur. Það er því engan veginn tímabært að stofna annan háskóla í þessum skilningi.

Það er hins vegar deginum ljósara að þróun þjóðfélagsins hefur verið slík að þörf fyrir sérþekkingu á flestum sviðum og sérhæfða kennslu eftir stúdentspróf (eða sambærilegan undirbúning) fer sívaxandi, og efla þarf menntun í fleiri greinum en hefðbundnum háskólagreinum. Nauðsynlegt er að yfirvöld menntamála marki heildarstefnu um það, sem nefnt er „kennsla á háskólastigi", m.a. með tilliti til þess hvaða skólar eigi að veita slíka kennslu, hvaða hlutverki hver skóli gegni og hver afstaða hans til Háskóla Íslands eigi að vera.

Stjórn Bandalags háskólamanna leggur á það áherslu að frumvarp til laga um Háskólann á Akureyri þarf gagngerrar endurskoðunar við svo að tekin verði af öll tvímæli um að ekki sé verið að stofna til nýs „universitas" á Íslandi, heldur öflugrar kennslu að loknu stúdentsprófi í nánum tengslum við atvinnuvegi þjóðarinnar. Þar væri um að ræða skóla sem kallast í öðrum löndum „Fachhochschule", „polytechnic", „högskola" eða „community college". Stjórnin gerir því að svo stöddu ekki athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Fylgiskjal IV.

Kennaraháskóli Íslands:

Umsögn um frumvarp til laga um Háskólann á Akureyri.

Fyrirhugað starf Háskólans á Akureyri (sbr. grg. bls. 4 um núverandi og hugsanlegar námsbrautir) varðar ekki beinlínis starfssvið Kennaraháskóla Íslands, enda er eðlilegt að sama eigi við um Kennaraháskólann og segir um Háskóla Íslands (grg. bls. 5), að „hlutverk Háskólans á Akureyri" sé ekki „að standa í beinni samkeppni við" hann „um námsframboð og rannsóknir".

Viss atriði í skipulagi Háskólans á Akureyri samkvæmt frumvarpinu eru íhugunarverð:

— Hlutverk Háskólans á Akureyri er, hvað kennslu varðar og þó einkum rannsóknir, meira í ætt við tækniskóla en rannsóknarháskóla. Gera má ráð fyrir að kennarar skólans tengist samt sem áður rannsóknum, sem sumpart séu fjármagnaðar af öðrum aðilum, og eigi frumkvæði að slíku. Þeir þurfa einnig að geta sinnt þróunarstarfi fyrir skólann og samstarfsaðila hans.

— Frumvarpið gerir ráð fyrir lektorsstöðum án rannsóknarskyldu sem er afbrigðileg tilhögun. Líklegt er að lektorar verði mikilvægir starfsmenn skólans og oft forstöðumenn námsbrauta. Þeir munu því í flestum tilvikum verða fulltrúar skólans í samstarfi við atvinnulífið. Því gildir um þá það sem sagt er hér að framan um þátttöku kennara í rannsóknar- og þróunarstörfum.

— Samkvæmt frumvarpinu er, a.m.k. að svo stöddu, gert ráð fyrir mjög takmarkaðri sjálfsstjórn skólans og lítið svigrúm fyrir „innra lýðræði" sem hæfa þykir háskóla. Fyrir þessu eru færð rök í greinargerð, m.a. með tilvísun til fjölda kennara. Fastir kennarar verða a.m.k. fáir fyrstu árin, en í þessu viðfangi má benda á reynslu héðan úr Kennaraháskólanum þar sem fastráðnir stundakennarar eru mjög virkir og drjúgir þátttakendur í sjálfsstjórn skólans, ásamt fulltrúum nemenda. Þessir aðilar, auk forstöðumanna námsbrauta, ættu því að vera rektor til aðstoðar um daglega stjórnun og mynda einhvers konar framkæmdastjórn eða skólaráð.

Kennaraháskóli Íslands óskar hinni nýju menntastofnun á Akureyri alls velfarnaðar og vonar að heimamenn og landsmenn allir muni hennar vel njóta.

Fylgiskjal V.

Hið íslenska kennarafélag:

Umsögn um frumvarp til laga um Háskólann á Akureyri.
(Send menntamálanefnd efri deildar Alþingis 23. febr. 1988.)

Stjórn HÍK hefur fjallað um frumvarp til laga um Háskólann á Akureyri. Stjórnin telur að nokkurs tvískinnungs gæti í frumvarpinu hvað varðar hlutverk hans. Annars vegar er rætt

um Háskólann á Akureyri sem „vísindalega fræðslustofnun“, en hins vegar virðist ekki tryggt að grundvöllur verði skapaður til vísinda- og rannsóknarstarfa innan stofnunarinnar (sbr. 1. og 9. gr.). Stofnun getur varla talist vísindaleg nema innan hennar fari fram rannsóknir og að þar ríki rannsóknafrelsi. Kennarar við háskóla trénast upp ef þeir sinna ekki rannsóknum. Allt frumkvæði til rannsókna verður að vera í höndum þeirra sem starfa í háskólanum. Ef tryggja á rannsóknafrelsi þarf skólanefnd (háskólaráð) að vera skipuð mönnum sem starfa innan skólans (sbr. 4. gr.).

Stjórnin vill enn fremur gera nokkrar athugasemdir við orðalag á nokkrum greinum frumvarpsins.

1. gr. Athugasemd um orðalag: Lagt er til að út falli orðin: „og ábyrgðarstöðum“.

2. gr. Vakin skal athygli á orðalaginu: „Háskólinn á stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra.“ Þyrfti ekki að orða þetta betur?

11. gr. Orðalag í fyrstu málsgrein er óljóst og jafnvel villandi. Er ekki réttara að þarna komi fram að hin almennu inntökuskilyrði séu stúdentspróf þótt undantekningar geti verið frá þeirri meginreglu (sbr. athugasemdir við þessa grein frumvarpsins). Til skýringar bendum við á að próf af tveggja ára námsbrautum í fjölbrautaskólum mundi væntanlega teljast fullnaðarpróf frá skóla sem heimild hefur til að útskrifa stúdenta.

Ómar Árnason
framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal VI.

Bæjarráð Akureyrar:

UMSÖGN
(Send menntamálanefnd efri deildar Alþingis 5. febr. 1988.)

Með bréfi dags. 15. desember 1987 óskar menntamálanefnd efri deildar Alþingis eftir umsögn bæjarstjórnar Akureyrar um frumvarp til laga um Háskólann á Akureyri.

Bæjarráð Akureyrar hefur kynnt sér frumvarpið og mælir með að það verði samþykkt sem allra fyrst. Jafnframt bendir bæjarráð á nauðsyn þess að menntamálaráðuneytið hraði setningu reglugerðar um skólann strax að lokinni setningu laganna.

Sigfús Jónsson
bæjarstjóri.

Fylgiskjal VII.

Fjórðungssamband Norðlendinga:

UMSÖGN
(Send menntamálanefnd efri deildar Alþingis 1. febr. 1988.)

Fjórðungsstjórn samþykkti á fundi sínum 29. janúar sl. að mæla með samþykkt frumvarps um Háskólann á Akureyri og væntir þess að frumvarpið verði að lögum á yfirstandandi Alþingi.

Áskell Einarsson.

Fylgiskjal VIII.

Haraldur Bessason,
forstöðumaður háskólakennslu á Akureyri:

UMSÖGN

(Send menntamálanefnd efri deildar Alþingis 11. mars 1988.)

Álitsgerðir þær um frumvarp til laga um Háskólann á Akureyri, sem borist hafa efri deild Alþingis, eru gagnlegar, einkum þegar haft er í huga að frumvarp það, sem hér er um að ræða, hlýtur að fá á sig breytta og nokkuð fyllri mynd innan þriggja ára.

Álitsgerð Bandalags háskólamanna gerir að vísu engar rökstuddar athugasemdir við lagafrumvarpið. Þó er þar að finna nokkra andstöðu við stofnunarheitið *háskóli* á þeim forsendum að Háskóli Íslands sé eina stofnunin hér á landi sem verðskuldi hið hefðbundna latneska heiti *univeristas*. Verður ekki annað af álitsgerðinni ráðið en að *háskóli* sé bein þýðing á *universitas*. Þess ber þó að gæta að hér á Íslandi hefur aldrei verið til nein menntastofnun sem nefna mætti á latínu *universitas*, nema ef vera skyldi skóli sá sem Jón biskup Ögmundarson stofnaði á Hólum í Hjaltadal á fyrsta áratug 12. aldar. Heimildir um þá stofnun eru þó fremur ótraustar.

Í álitsgerð Bandalags háskólamanna er látið að því liggja að Háskóli Íslands veiti almenna akademíska menntun fremur en sérmenntun. Þetta er vitaskuld ekki alls kostar rétt þar sem Háskóli Íslands hefur frá upphafi verið að verulegu leyti safn sérskóla (deilda) og mjög ótítt að stúdentar stundi nám í fleiri en einum slíkum skóla (deild) samtímis. Í öðrum álitsgerðum gætir ámóta misskilnings.

Þá hillir undir þau sjónarmið í álitsgerð Bandalags háskólamanna að skarpan greinarmun beri að gera milli akademískrar menntunar annars vegar og verklegra mennta (verkmenntunar) hins vegar. Hér er því til að svara að háskólanám er ávallt með þeim hætti að höfuðáhersla er lögð á það að þjálfa stúdenta í vísindalegri hugsun og vísindalegum vinnubrögðum. Skiptir engu máli hvort um er að ræða greiningu bókmenntatexta eða athuganir á sjávarútvegi.

Sé þetta haft í huga verður markalínan milli akademískra fræða og verkmenntar ekki einungis óglögg, heldur hverfur hún með öllu. Ber jafnan að gjalda varhug við þeirri tvískiptingu háskólafræða sem í ofangreindum álitsgerðum er talin óyggjandi. Ónákvæm orðanotkun leiðir gjarnan til óskýrrar hugsunar og ekki fjarri lagi að dæmi þessa sé að finna í álitsgerð Bandalags háskólamanna sem og í öðrum þeim álitsgerðum um frumvarp til laga um Háskólann á Akureyri sem menntamálanefnd efri deildar Alþingis hafa borist. Er þó síður en svo verið að varpa rýrð á það fólk sem hér hefur að unnið.

Nauðsynlegt er að fólk geri sér fulla grein fyrir því að íslenskir atvinnuvegir eru óaðskiljanlegir íslenskri menningu og að íslensk tunga á sér djúpar rætur við sjávarsíðuna og í sveitum landsins. Að þessu leyti dugir ekki að ætla að íslensk viðhorf til æðri menntastofnana þjóðarinnar séu þau hin sömu eins og tíðkast í háþróuðum iðnríkjum Evrópu og Norður-Ameríku þar sem segja má að ávallt hafi staðið skilveggur milli atvinnuvega og andlegrar menningar. Er ensk tunga ef til vill gleggsta dæmið um þetta og má rétt nefna að enskir togarasjómenn og iðnverkamenn eiga langt í land með að öðlast þann þegnrétt í heimalandi sínu sem tungan ein veitir. Um Íslendinga gegnir öðru máli, enda ber þeim að

fara með allri gát meðal þeirra staðhæfinga að háskólafræðsla um íslenska atvinnuvegi eða rannsóknir á þeim séu í eðli sínu óakademísk verkmennt. Er hér komið að þeim kjarna sem því miður er látinn óræddur í öllum álitsgerðum.

Þess gerist ekki þörf að þýða eitthvert erlent heiti sem henti æðri menntastofnun á Akureyri betur heldur en orðið háskóli. Höfuðmáli skiptir að við Háskólann á Akureyri má nú þegar greina mótun ákveðinnar stefnu, en skólinn mun leitast við að fara nýjar leiðir og nema ný lönd. Hann mun hvergi slaka á kröfum né heldur una þeim dómi að innan veggja hans sé stunduð einhvers konar óakademísk iðja. Afstöðu hans til Háskóla Íslands þarf ekki að skilgreina nánar á þessu stigi málsins. Hins vegar ber háskólanum að leita þess í hvívetna á sviði kennslu og vísinda að efla skynsamleg tengsl við Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir bæði innlendar og erlendar.

Deilur um stofnanaheiti eru í eðli sínu ófrjóar. Hins vegar skipta störf og stefna þeirra stofnana sem um er rætt höfuðmáli. Þau atriði er ekki unnt að binda í lagagreinar. Ljóst er engu síður að stjórnendur Háskólans á Akureyri hafa þegar gert stefnu skólans nægilega skýra til þess að þjóðin megi skilja að ekki er á ferðinni nein eftirlíking á Háskóla Íslands.

Hin vandaða álitsgrein dr. Sigmundar Guðbjarnasonar er mjög athyglisverð. Þar er látin í ljósi nokkur áhyggja út af því að frumvarp til laga kveði ekki nægilega skýrt á um rannsóknir og rannsóknarskyldu við skólann. Í 1. gr. frumvarpsins segir að háskólinn skuli vera *vísindaleg fræðslustofnun*. Leggur undirritaður þann skilning í lýsingarorðið *vísindalegur* að aðalmerkingarþáttur þess lúti að rannsóknum og rannsóknarstarfi. Enn má benda á að í 9. gr. frumvarpsins er kveðið svo á um að fastir kennarar við háskólann skuli vera „lektorar, dósentar eða prófessorar". Stöðuheitin sjálf fela í sér rannsóknarskyldu. Í reglugerð um Háskólann á Akureyri mun verða sérstakt ákvæði um framgangskerfi til þess að lektorar, dósentar og prófessorar sjái sér ávinning í að stunda rannsóknir af kappi. Er ekki þörf á að lýsa nánar þeirri starfsögun sem slíkt kerfi krefst. Dr. Sigmundur er ekki einn um þá skoðun að of lint sé tekið til orða í upphafsgrein frumvarpsins um rannsóknir og rannsóknarskyldu. Er því tryggara að gera þar þá orðalagsbreytingu að Háskólinn á Akureyri skuli vera *vísindaleg rannsóknar- og kennslustofnun* þótt með slíkri breytingu komi til skjalanna það stílfræðilega fyrirbæri sem málfræðingar kynnu að nefna klifun (redundancy). Klifun er engu að síður mjög ábærilegt einkenni lagamáls.

Í hinni vönduðu álitsgerð dr. Sigmundar virðist þess gæta nokkuð að gert sé ráð fyrir að lagafrumvarp um Háskólann á Akureyri sé samið með miklu stærri og fjölmennari stofnun í huga heldur en háskólinn er á þessari stundu. Smæð í upphafi veldur því að ógerningur er að starfsfólk kjósi í embætti. Er því vant að sjá hvernig hjá því verður komist að embættismenn séu skipaðir í stöður. Hafa ber hugfast að lagafrumvarpið er samið um nýja stofnun sem í upphafi hefur þröngt starfssvið. Af þeirri sök gerir 9. gr. skýrt að lögin skuli *endurskoðuð áður en þrjú ár eru liðin frá setningu þeirra*. Ákvæðið um endurskoðun er að verulegu leyti sniðgengið í álitsgerðunum.

Dr. Sigmundur telur að í frumvarpið vanti ákvæði um hæfi (hæfni) þeirra sem gegna störfum við Háskólann á Akureyri. Því er til að svara að menntamálaráðuneytið hefur í sínum fórum skjalagögn um háskólaferil forstöðumanns háskólakennslu á Akureyri og tveggja brautarstjóra sem þar starfa. Ef þörf krefur verður því að leita upplýsinga um hæfni þessa fólks til ráðuneytisins. Athygli skal og á því vakin að enda þótt reglugerð um hæfni kennara sé enn ómótuð eru kröfur Háskólans á Akureyri síst vægari á þessu sviði heldur en við aðra háskóla. Nægir að vísa til lýsinga á nýjum stöðum við háskólann sem þegar hafa verið sendar menntamálaráðuneytinu til umfjöllunar.

Naumast er ástæða til að gera fleiri efnislegar athugasemdir við álitsgerðir um frumvarp til laga um Háskólann á Akureyri. Til viðbótar þeirri orðalagsbreytingu, sem þegar hefur verið stungið upp á, er nauðsynlegt að fella inn í athugasemdir við lagafrumvarpið svofelld

orð við lok annarrar málsgreinar á bls. 4: *Enn fremur hefur Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri veitt háskólamálinu ómetanlegan stuðning við skipulagningu hjúkrunarbrautar og með því að fá kennurum og stúdentum á þeirri braut kennslurými og nauðsynlega starfsaðstöðu.*

Mjög væri til bóta að fella niður aðra setningu, talið að ofan, á bls. 5, þ.e. *Þessir skólar, ... er til að dreifa.*

Háskólinn á Akureyri þakkar öllum þeim sem unnið hafa að samningu álitsgerða þeirra sem hér hefur verið vikið að. Enn fremur stendur háskólinn í þökk við menntamálanefnd efri deildar Alþingis fyrir það að bjóða forstöðumanni háskólakennslu á Akureyri að tjá sig um efnislegt innihald álitsgerðanna.

Ed. 711. Breytingartillögur [202. mál]

við frv. til l. um Háskólann á Akureyri.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:
   Háskólinn á Akureyri skal vera vísindaleg fræðslustofnun. Hann skal veita nemendum sínum menntun er geri þá hæfa til að sinna ýmsum störfum í atvinnulífinu og ábyrgðarstöðum í þjóðfélaginu eða stunda frekara háskólanám.
2. 4. gr. orðist svo:
   Háskólanefnd skal þannig skipuð:
   a. Rektor sem jafnframt er formaður nefndarinnar.
   b. Forstöðumenn deilda háskólans.
   c. Einn fulltrúi lausráðinna kennara kjörinn til eins árs á almennum fundi þeirra.
   d. Tveir fulltrúar nemenda kjörnir til eins árs á almennum fundi þeirra.
   e. Skrifstofustjóri á sæti á fundum nefndarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.
3. 6. gr. orðist svo:
   Menntamálaráðherra skipar forstöðumenn deilda háskólans til þriggja ára að fengnum tillögum rektors. Að loknu fyrsta skipunartímabili skal forstöðumaður hverrar deildar kjörinn á deildarfundi samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, sbr. 8. gr.
   Menntamálaráðherra skipar skrifstofustjóra og bókavörð að fengnum tillögum háskólanefndar.
   Rektor ræður annað starfslið við stjórnsýslu og rekstur eftir því sem fjárveitingar leyfa og heimildir standa til.
4. Við 14. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:
   Lög þessi skulu endurskoðuð áður en þrjú ár eru liðin frá setningu þeirra og skulu niðurstöður lagðar fyrir Alþingi fyrir árslok 1991.
5. Á eftir 14. gr. komi svofellt ákvæði til bráðabirgða:
   Til og með 31. maí 1990 skal háskólanefnd, sbr. 2. gr., þannig skipuð:
   a. Rektor sem jafnframt er formaður nefndarinnar.
   b. Einn fulltrúi tilnefndur af bæjarstjórn Akureyrar.
   c. Einn fulltrúi tilnefndur af Fjórðungssambandi Norðlendinga.
   d. Tveir fulltrúar tilnefndir af menntamálaráðherra.
   e. Forstöðumenn deilda háskólans.
   f. Einn fulltrúi nemenda, kjörinn til eins árs á almennum fundi þeirra.

Nd. 712. Frumvarp til laga [377. mál]

um uppboðsmarkað á erlendum gjaldeyri.

Flm.: Ólafur Þ. Þórðarson, Guðni Ágústsson, Níels Árni Lund,
Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

1. gr.

Viðskiptaráðuneytinu er skylt, einu sér eða í samvinnu við útflytjendur og þá aðila aðra sem afla erlends gjaldeyris, að starfrækja uppboðsmarkað hér á landi á erlendum gjaldeyri. Uppboðin skulu fara fram vikulega hið fæsta.

2. gr.

Skil á erlendum gjaldeyri til landsins, sem áður hafa farið í Seðlabanka Íslands og gjaldeyrinum þar skipt í íslenskar krónur samkvæmt skráðu gengi krónunnar, skal beint á uppboðsmarkaðinn og skal Seðlabankinn sjá um að ekki verði misbrestur þar á.

3. gr.

Sérhver lögaðili íslenskur á rétt á að kaupa erlendan gjaldeyri þegar uppboðin fara fram, enda eigi hann hæsta boð og staðgreiði gjaldeyrinn með íslenskum krónum.

4. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Öll lagaákvæði, sem brjóta í bága við þessi lög, falla úr gildi við gildistöku þessara laga.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1988.

Greinargerð.

Með lögum þessum er ætlunin að tryggja réttláta verðlagningu þess erlenda gjaldeyris sem skipta þarf í íslenskar krónur. Gífurlegur viðskiptahalli við útlönd gerir það nauðsynlegt að hætt verði nú þegar þeirri aðferð að neyða útflutningsatvinnuvegi þjóðarinnar til að afhenda erlendan gjaldeyri undir því verði sem það kostar að afla hans og niðurgreiða með þeim hætti innfluttar iðnaðarvörur, ferðalög erlendis og allt það sem fæst fyrir erlendan gjaldeyri.

Aukin markaðshlutdeild innlendrar iðnaðarvöru, aukin ferðalög Íslendinga innan lands og aukin áhersla á framleiðslu til útflutnings yrði til þess að treysta efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. Þær hugmyndir, að hægt sé að stjórna gengisskráningu krónunnar með handafli, fá ekki staðist og því fyrr sem látið verður af framkvæmd þeirrar stefnu má vænta þess að viðskipti Íslendinga við útlönd verði hallalaus.

Nd. 713. Nefndarálit [100. mál]

um frv. til l. um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á nokkrum fundum sínum og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem greinir á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 16. mars 1988.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm. | Ólafur Gränz. | Geir Gunnarsson.

Guðni Ágústsson. | Friðjón Þórðarson. | Björn Gíslason.

Jón Kristjánsson.

Nd. 714. Breytingartillögur [100. mál]

við frv. til l. um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. Í stað „50 000 kr.“ komi: 300 000 kr.
2. Við 4. gr. Síðari málsliður 1. mgr. orðist svo: Skal lögreglustjóri hafa fjárvörsluna á hendi þar til dómsmálaráðherra hefur skipað málum á annan veg.

Nd. 715. Nefndarálit [293. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á nokkrum fundum sínum. Ekki varð samstaða um afgreiðslu þess. Meiri hl., undirritaðir nefndarmenn, leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 16. mars 1988.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm. | Guðni Ágústsson. | Björn Gíslason.

Jón Kristjánsson.

Ed. 716. Frumvarp til laga [202. mál]

um Háskólann á Akureyri.

(Eftir 2. umr. í Ed., 16. mars.)

I. KAFLI

Hlutverk.

1. gr.

Háskólinn á Akureyri skal vera vísindaleg fræðslustofnun. Hann skal veita nemendum sínum menntun er geri þá hæfa til að sinna ýmsum störfum í atvinnulífinu og ábyrgðarstöðum í þjóðfélaginu eða stunda frekara háskólanám.

Kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

II. KAFLI

Stjórn.

2. gr.

Stjórn háskólans er falin háskólanefnd og rektor. Háskólanefnd hefur úrskurðarvald í málefnum háskólans eftir því sem lög mæla og nánar er ákveðið í reglugerð. Rektor er yfirmaður stjórnsýslu háskólans. Hann hefur daglegt eftirlit með rekstri háskólans, kennslu og annarri starfsemi.

Háskólinn á stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra.

3. gr.

Rektor er skipaður af menntamálaráðherra til fimm ára. Skal staðan auglýst og leitað umsagnar háskólanefndar um umsækjendur. Heimilt er að endurskipa sama mann rektor önnur fimm ár.

4. gr.

Háskólanefnd skal þannig skipuð:

a. Rektor sem jafnframt er formaður nefndarinnar.
b. Forstöðumenn deilda háskólans.
c. Einn fulltrúi lausráðinna kennara kjörinn til eins árs á almennum fundi þeirra.
d. Tveir fulltrúar nemenda kjörnir til eins árs á almennum fundi þeirra.
e. Skrifstofustjóri á sæti á fundum nefndarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.

5. gr.

Rektor boðar til funda í háskólanefnd eftir þörfum. Skylt er að boða til fundar ef tveir eða fleiri nefndarmenn krefjast þess. Háskólanefnd er ályktunarhæf ef tveir þriðju hlutar nefndarmanna sækja fund. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði rektors.

6. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumenn deilda háskólans til þriggja ára að fengnum tillögum rektors. Að loknu fyrsta skipunartímabili skal forstöðumaður hverrar deildar kjörinn á deildarfundi samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, sbr. 8. gr.

Menntamálaráðherra skipar skrifstofustjóra og bókavörð að fengnum tillögum háskólanefndar.

Rektor ræður annað starfslið við stjórnsýslu og rekstur eftir því sem fjárveitingar leyfa og heimildir standa til.

7. gr.

Nánara skal ákveðið í reglugerð um verksvið og starfsskyldur háskólanefndar, rektors, forstöðumanna deilda og annars starfsfólks háskólans, sbr. og 9. gr.

III. KAFLI

Kennarar og deildir háskólans.

8. gr.

Í upphafi eru í háskólanum heilbrigðisdeild og rekstrardeild. Menntamálaráðherra getur samþykkt stofnun fleiri deilda að fengnum tillögum háskólanefndar og innan marka fjárveitingar í fjárlögum. Hverri deild má skipta í námsbrautir.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um deildir háskólans.

9. gr.

Fastir kennarar háskólans eru lektorar, dósentar eða prófessorar. Einnig starfa stundakennarar við skólann. Dósents- eða prófessorsstöðu skal því aðeins stofna að forsendur séu fyrir því að staðan tengist rannsóknarstörfum.

Forseti Íslands skipar prófessora, en menntamálaráðherra lektora og dósenta. Rektor ræður stundakennara.

Þá eina má skipa fasta kennara sem lokið hafa fullnaðarprófi frá háskóla eða annarri sambærilegri stofnun í aðalgrein þeirri er þeir eiga að kenna.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna stöðu prófessors eða dósents. Skipar menntamálaráðherra einn mann í nefndina, Háskóli Íslands annan, háskólanefnd Háskólans á Akureyri hinn þriðja og er hann formaður nefndarinnar. Í nefnd þessa má skipa þá eina sem lokið hafa háskólaprófi í hlutaðeigandi grein eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar í greininni. Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði um að sams konar dómnefnd fjalli um hæfi umsækjenda um lektorsstöður.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það hvort af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda svo og námsferli hans og störfum megi ráða að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndar skal höfð til hliðsjónar er embættið er veitt og má engum manni veita prófessorsembætti eða dósentsstarf við Háskólann á Akureyri nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljós það álit að hann sé hæfur til þess.

Enn fremur skal leita álits háskólanefndar Háskólans á Akureyri um umsækjendur hvort heldur eru lektorar, dósentar eða prófessorar.

Um starfsskyldur og réttindi kennara fer eftir kjarasamningum og nánari ákvæðum í reglugerð.

IV. KAFLI

Nemendur, kennsla og próf.

10. gr.

Háskólaárið telst vera frá 1. september til jafnlengdar næsta ár. Kennsluárið skiptist í tvö missiri, haustmissiri frá 1. september til 15. janúar og vormissiri frá 16. janúar til 31. maí. Háskólanefnd getur ákveðið aðra missiraskiptingu fyrir einstakar deildir og námsbrautir. Leyfi og önnur kennsluhlé skulu ákveðin í reglugerð.

11. gr.

Hver sá, sem staðist hefur fullnaðarpróf frá íslenskum skóla sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta, hefur rétt til að skrá sig til náms við háskólann gegn því að greiða

skrásetningargjald. Háskólanefnd er heimilt að leyfa skrásetningu einstaklinga er lokið hafa öðrum prófum en að ofan greinir ef hlutaðeigandi deild eða námsbraut telur um að ræða fullnægjandi undirbúning til náms við háskólann.

Setja skal í reglugerð ákvæði er mælir fyrir um árlega skráningu nemenda. Skrásetningargjöld skulu háð árlegu samþykki háskólanefndar og menntamálaráðherra.

12. gr.

Í reglugerð háskólans skal setja ákvæði um prófgreinar, próftíma, fullnaðarpróf, einkunnir, prófdómara og annað er að prófum lýtur.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

13. gr.

Menntamálaráðherra setur, að fengnum tillögum háskólanefndar, reglugerð með nánari ákvæðum um framkvæmd laganna.

14. gr.

Lög þessi skulu endurskoðuð áður en þrjú ár eru liðin frá setningu þeirra og skulu niðurstöður lagðar fyrir Alþingi fyrir árslok 1991.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Til og með 31. maí 1990 skal háskólanefnd, sbr. 2. gr., þannig skipuð:

a. Rektor sem jafnframt er formaður nefndarinnar.
b. Einn fulltrúi tilnefndur af bæjarstjórn Akureyrar.
c. Einn fulltrúi tilnefndur af Fjórðungssambandi Norðlendinga.
d. Tveir fulltrúar tilnefndir af menntamálaráðherra.
e. Forstöðumenn deilda háskólans.
f. Einn fulltrúi nemenda, kjörinn til eins árs á almennum fundi þeirra.

Sþ. 717. Fyrirspurn [378. mál]

til tryggingamálaráðherra um framkvæmd laga um fæðingarorlof.

Frá Ragnhildi Helgadóttur.

Hvernig er háttað framkvæmd þeirra ákvæða í lögum um almannatryggingar sem fjalla um rétt barnshafandi konu til fæðingarorlofs, allt að 60 dögum til viðbótar hinu lögbundna fjögurra mánaða orlofi, þegar hún þarf að leggja niður störf meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingartíma af heilsufars- eða öryggisástæðum, sbr. 7. mgr. 16. gr. og k-lið 26. gr. almannatryggingalaga?

Sþ. 718. Tillaga til þingsályktunar [379. mál]

um réttindi og skyldur á vinnumarkaði.

Flm.: Anna Ólafsdóttir Björnsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Guðrún J. Halldórsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að gera sérstakt átak til að kynna fólki á vinnumarkaðinum réttindi sín og skyldur. Í því skyni skipi ráðherra sjö manna nefnd er kanni:

1. Hvernig best megi tryggja að allir er ráðast til starfa á almennum vinnumarkaði þekki réttindi sín og skyldur, þar með talin launakjör, lífeyrisréttindi, reglur um hvíldartíma, orlofsgreiðslur og uppsagnarákvæði. Nefndin kanni hvort lögbinding starfssamninga milli einstaklinga og atvinnurekenda sé æskileg leið til að tryggja að enginn sé ráðinn í vinnu án þess að þekkja réttindi sín og skyldur. Nefndin kanni enn fremur hvernig fræðsla um þessi mál yrði best felld inn í skólakerfið.
2. Hvernig best megi tryggja að einstaklingar er fá laun sín greidd sem verktakar eða eftir uppmælingu njóti eigi lakari kjara en launþegar í hliðstæðum störfum. Tekið sé tillit til heildarlauna, vinnutíma, álags í starfi, lífeyrisréttinda og orlofs. Leitað verði upplýsinga um hve margir séu utan stéttarfélaga á vinnumarkaðinum.

Nefndin skili niðurstöðum eigi síðar en í júní 1989.

Greinargerð.

Íslenskt samfélag hefur tekið miklum breytingum á undanförnum áratugum. Mikill meiri hluti vinnufærs fólks er nú á almennum vinnumarkaði. Það ætti að vera réttur sérhvers manns í þessum stóra hópi að geta framfleytt sér af vinnu sem byggist á hóflegu framlagi.

Íslensk vinnulöggjöf er að stofni til frá fjórða áratug þessarar aldar og miðast um margt við aðstæður þess tíma. Algengast var þá að menn stunduðu almenna launavinnu og fengju greitt fast tímakaup eða fast mánaðarkaup. Þetta er að breytast. Sífellt fleiri eru ráðnir samkvæmt uppmælingu eða sem verktakar í störf sem áður voru unnin á föstu tíma- eða mánaðarkaupi. Fjöldi fólks telur sig bera meira úr býtum á þennan hátt, útborguð laun eru hærri. En er það svo? Um það er ekki vitað. Fleiri krónur í budduna þurfa ekki að merkja betri kjör. Margir, sem vinna samkvæmt uppmælingu eða sem verktakar, njóta hvorki orlofs né eru venjuleg launatengd gjöld greidd af kaupi þeirra. Atvinnuöryggi þeirra er lítið því að þeir eiga hvorki rétt á að fá veikindadaga greidda né uppsagnarfrest. Vinnuveitendur þessa fólks greiða ekki að sínum hluta í lífeyrissjóð og brögð munu vera að því að ákvæðisvinnufólk og einstaklingar sem vinna sem verktakar greiði ekki í lífeyrissjóð þótt í lögum nr. 55/1980 standi skýrum stöfum í 2. gr.: „Öllum launamönnum og þeim, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, er rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps, enda starfi lífeyrissjóðurinn samkvæmt sérstökum lögum eða reglugerð sem staðfest hefur verið af fjármálaráðuneytinu.“

Vinnutíma og álag innan þessa hóps þarf að kanna sérstaklega. Nefnd sú sem hér er lagt til að verði skipuð þyrfti að láta gera samanburðarkönnun á ákvæðisvinnu, tímavinnu og störfum einstaklinga sem fá greitt sem verktakar. Könnunin þarf að taka til meðalvinnutíma og vinnutekna og álags starfanna. Mat á álagi hefur áður verið kannað í einstökum stéttum og má benda á ýmsar kannanir Vinnueftirlits ríkisins, könnun er gerð var að frumkvæði ASÍ, Landssambands iðnverkafólks og VMSÍ árið 1982, „*Fiskvinnsla:* Heilsufar, vinnutilhögun, aðbúnaður og félagslegar aðstæður iðnverkafólks“, er gefin var út árið 1984, og skýrslu

sömu aðila er gerð var sama ár, „Fata- og vefjaiðnaður. Heilsufar, vinnutilhögun, aðbúnaður og félagslegar aðstæður iðnverkafólks“ sem út kom í febrúar árið 1985.

Víðtækar breytingar hafa orðið á vinnumarkaðinum og ástæða til að ætla að þessar breytingar geti orðið enn meiri. Með upplýsingabyltingu og tölvuvæðingu er áætlað að vinna geti færst meira inn á heimilin á nýjan leik þar sem hver situr við sinn skjá og vinnur að verkefnum. Ekki er ljóst hvernig slík vinna yrði metin og því er fyllilega tímabært að hafa þessa framtíðarsýn einnig í huga. Einnig hafa ýmsar hugmyndir um breytt fyrirkomu' .g á stéttarfélögum verið til umræðu. Þar má einkum nefna stofnun vinnustaðafélaga.

Til að mæta þessum breyttu aðstæðum og vera búin undir frekari breytingar er nauðsynlegt að fylgjast vel með þróuninni og bregðast við henni á raunhæfan hátt. Í fyrsta lagi með því að gera sér grein fyrir hvað breytingar á vinnumarkaðinum hafa í för með sér fyrir starfsfólk í ýmsum starfsgreinum. Í öðru lagi með því að stórefla vitund og þekkingu fólks á vinnumarkaðinum, á réttindum sínum og skyldum. Það ættu að vera lágmarksmannréttindi allra að fá einhverja fræðslu um vinnumarkaðinn á meðan á skyldunámi stendur. Líklegt er að þessi fræðsla ætti heima í efstu bekkjum grunnskólans og henni þyrfti síðan að fylgja eftir í framhaldsskólum. Einnig ættu að vera sjálfsögð mannréttindi að enginn gæti ráðist í vinnu án þess að þekkja réttindi sín og skyldur frá fyrsta degi. Þetta mætti gera með því að binda í lög að engan mætti ráða í vinnu eða í einstök verkefni án þess að við hann væri gerður bindandi starfssamningur. Mikilvægt er að vinna að þessum málum í góðri samvinnu við stærstu launþegasamtök landsins. Starfssamningur mundi ekki aðeins verða til hagsbóta fyrir þá er vinna samkvæmt uppmælingu eða sem verktakar heldur einnig fyrir almenna launþega. Ef allir sem selja vinnu sína á vinnumarkaðinum fengju frá upphafi yfirlit yfir laun sín, réttindi og skyldur yrði auðveldara fyrir hvern og einn að fá yfirsýn yfir kjör sín. Miðlun upplýsinga um kaup og kjör á vinnumarkaði yrði markvissari ef slíkir samningar væru fyrir hendi.

Á þessu máli er fyllilega tímabært að taka en án upplýsinga er erfitt að gera sér grein fyrir sífellt flóknari vinnumarkaði.

Sþ. 719. Tillaga til þingsályktunar [380. mál]

um dagvistarmál fatlaðra barna.

Flm.: Elín Jóhannsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Ragnhildur Helgadóttir, Ólafur Þ. Þórðarson, Karl Steinar Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera könnun á þörfum fatlaðra barna fyrir dagvistun og hvaða úrræða og úrbóta er þörf í þeim málaflokki. Sérstaklega skal að því hugað hver eigi að bera ábyrgð á og kosta uppbyggingu þjónustunnar og rekstur hennar. Jafnframt skal leita leiða til að tengja sérdeildir dagvistarstofnana svo sem framast er unnt við almennar deildir þeirra sem og stuðla að því að fötluð börn geti flust af sérdeildum yfir á almennar deildir.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er er kveðið á um það í lögum um málefni fatlaðra að dagvistarstofnanir og deildir tengdar þeim séu stofnanir fyrir fatlaða.

Það er viðurkennt að eðlilegasti vettvangur þjónustu við fötluð börn sé dagvistarstofnanir. Þar fá ófötluð og fötluð börn að kynnast og blandast í leik og starfi og jafnframt er unnt að veita hinum fötluðu börnum þá sérhæfðu meðferð sem þau þarfnast vegna fötlunar sinnar.

Í seinni tíð hefur þeim börnum fjölgað mjög sem beðið er um dagvist fyrir í þjónustu- og meðferðarskyni. Þetta stafar m.a. af því að með tilkomu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins greinist fötlun fyrr og talið er nauðsynlegt að hefja meðferðarvinnu með fötluðum börnum sem allra fyrst.

Skortur á dagvistarrými kemur af framangreindum orsökum hvað harðast niður á fötluðum börnum. Þessi hópur, sem alla jafna ætti að vera forgangshópur, þarf nú að bíða úrlausnar svo mánuðum og jafnvel árum skiptir. Það ber því brýna nauðsyn til að taka á þessu máli og leysa það á einhvern þann hátt að viðunandi sé. Núgildandi löggjöf er ekki nógu skilvirk og taka þarf af skarið um hver beri ábyrgð á uppbyggingu þessarar þjónustu svo og hver skuli greiða kostnaðinn við hana.

Í samræmi við meginsjónarmið laga um málefni fatlaðra og þá stefnu um samskipun, sem ríkjandi er í þessum málaflokki, verður að mati flutningsmanna að leggja mikla áherslu á að tryggja að unnið sé markvisst að því að gera fötluðum börnum, sem vistast á sérdeildum, kleift að flytjast á almennar deildir þegar og ef aðstæður leyfa.

Vegna þeirrar þróunar og þeirra breytinga, sem átt hafa sér stað í þessum málaflokki, er mjög brýnt að tekið sé nú þegar á þessum málum, könnuð hver þörfin er og tekið af skarið um á hvern hátt þau verði leyst svo að viðunandi sé. Þrátt fyrir góðan anda og fögur fyrirheit í núverandi löggjöf heldur vandinn áfram að hlaðast upp og því er tillaga þessi til þingsályktunar nú flutt.

Sþ. 720. Tillaga til þingsályktunar [381. mál]

um beinar sjónvarpssendingar um gervihnetti.

Flm.: Ingi Björn Albertsson.

Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra að fella brott síðasta málslið 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 70/1986, um útvarp samkvæmt tímabundnum leyfum, þannig að kynning og endursögn þular þurfi ekki að fylgja efni sem dreift er viðstöðulaust um gervihnött og sýnir atburði sem gerast í sömu andrá.

Greinargerð.

Í 6. gr. reglugerðar nr. 70 11. febrúar 1986, um útvarp samkvæmt tímabundnum leyfum, segir svo:

„Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu.

Efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpi, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða neðanmálstexti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það skal þó ekki eiga við þegar í hlut eiga erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervihnött og móttökustöð fréttum eða dagskrárefni er sýnir atburði sem gerast í sömu andrá. Í síðastgreindu tilviki skal að jafnaði fylgja kynning eða endursögn þular.

Allt íslenskt tal og texti í útvarpi skal vera á lýtalausu máli.“

Í tillögu þessari er lagt til að niður falli síðasti málsliður 2. mgr.: „Í síðastgreindu tilviki skal að jafnaði fylgja kynning eða endursögn þular.“

Hér er aðeins farið fram á að það sé ekki skilyrði að endursögn þular eða kynning fari fram þegar um beinar útsendingar erlendis frá er að ræða. Engu síður verði það enn í höndum útsendingar- eða móttökuaðila hvort hann kýs að vera með kynningu eða endursögn á meðan á útsendingu stendur og þá í hve miklum mæli.

Það kannast flestir við hversu mikils útsending getur misst þegar þulir — misgóðir — eru að tala ofan í beina útsendingu. Nægir að minnast á Evrópusöngvakeppni sjónvarpsstöðva og ensku knattspyrnuna í þessu sambandi.

Einnig má minna á að fjöldi Íslendinga tekur við sjónvarpsefni með eigin móttökudiski beint í gegnum gervihnött þar sem allt efni er að sjálfsögðu ótextað og án endursagnar þular. Er eitthvert samræmi í þessu?

Nd. 721. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um breyt. á iðnaðarlögum, nr. 42 18. maí 1978.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og fékk á fund sinn Halldór Kristjánsson frá iðnaðarráðuneytinu. Nefndin klofnaði í afstöðu til frumvarpsins. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Páll Pétursson og Guðrún J. Halldórsdóttir skila sérálitum.

Alþingi, 16. mars 1988.

Kjartan Jóhannsson, form., frsm. | Geir H. Haarde, fundaskr. | Sverrir Hermannsson.

Albert Guðmundsson.

Ed. 722. Frumvarp til laga [382. mál]

um breytingu á lögum nr. 25 22. maí 1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

Flm.: Guðmundur Ágústsson, Kolbrún Jónsdóttir.

1. gr.

Í stað 1.–12. gr. laganna komi 11 nýjar greinar með kaflafyrirsögnum, svohljóðandi:

A. I. kafli. **Markmið og orðskýringar.**

a. (1. gr.)

Markmið laga þessara er að varðveita líf, sem kviknað hefur í móðurkviði, og koma í veg fyrir ótímabæra þungun með því að fræða fólk um kynlíf og getnaðarvarnir á skipulagðan hátt. Einnig að tryggja verðandi foreldrum læknisfræðilega og félagslega ráðgjöf meðan á meðgöngu stendur og eftir fæðingu.

Þá er markmið laga þessara að skilgreina hugtökin fóstureyðing og ófrjósemisaðgerð og mæla fyrir um hvenær þær eru heimilaðar.

b. (2. gr.)

Samkvæmt lögum þessum merkir *fóstureyðing* læknisaðgerð sem kona gengst undir til að binda enda á kviknað líf í móðurkviði, en *ófrjósemisaðgerð* þegar sáðgöngum karla og eggjaleiðurum kvenna er lokað og þannig komið í veg fyrir að karl eða kona auki kyn sitt.

B. II. kafli. **Ráðgjöf og fræðsla.**

c. (3. gr.)

Gefa skal fólki kost á ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir.

Á vegum landlæknisembættisins skal starfrækt deild, *kynfræðsludeild*, er hefur með höndum yfirumsjón með kynfræðslumálum í landinu. Skal verkefni þeirrar deildar felast í:

a. kynningu, þar með talin útgáfa fræðslugagna til notkunar í skólum og fyrir almenning,
b. skipulagningu félagslegrar aðstoðar fyrir foreldra, bæði meðan á meðgöngu stendur og eftir barnsburð.

Forstöðumaður þessarar deildar skal að jafnaði vera læknir. Enn fremur skal félagsráðgjafi og hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir starfa við hana.

Nánari skipulagning og starfsemi kynfræðsludeildar skal ákveðin í reglugerð er heilbrigðisráðherra setur um kynfræðslu.

d. (4. gr.)

Við hverja heilsugæslustöð og sjúkrahús skal starfrækt ráðgjafarþjónusta er hefur með höndum eftirtalin verkefni:

1. Fræðslu og ráðgjöf um notkun getnaðarvarna og útvegun þeirra.
2. Ráðgjöf fyrir fólk sem íhugar að fara fram á fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð.
3. Kynfræðslu, ráðgjöf og fræðslu um ábyrgð foreldra.
4. Ráðgjöf og fræðslu varðandi þá aðstoð sem konunni stendur til boða við meðgöngu og barnsburð.

Ráðgjafarþjónustan má vera í starfstengslum við mæðranefnd, kvensjúkdómadeildir, geðvernd, fjölskylduráðgjöf og félagsráðgjafarþjónustu.

Að ráðgjafarþjónustunni skulu starfa læknar, félagsráðgjafar, hjúkrunarfræðingar, ljósmæður og annað starfsfólk eftir því sem þörf krefur.

Ráðgjafarþjónustur skulu starfa í nánum tengslum við deild þá sem mælt er fyrir um í 3. gr. laga þessara.

e. (5. gr.)

Ráðgjöf fyrir fólk, sem íhugar fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð, tekur til þess sem hér segir:

1. læknishjálpar,
2. þungunarprófana,
3. ráðgjafar og stuðningsviðtala,
4. félagslegrar aðstoðar,
5. aðstoðar við umsókn og tilvísun til sjúkrahúss.

f. (6. gr.)

Fræðsluyfirvöld skulu í samráði við kynfræðsludeild og ráðgjafarþjónustustöðvar á hverjum stað veita fræðslu um kynlíf, siðferði kynlífsins, fóstrið og þroskaskeið þess í móðurkviði, fæðingu barns, félagslegar aðstæður og réttindi mæðra eða foreldra ungra barna. Fræðsla þessi skal fara fram á skyldunámsstigi í skólum landsins. Einnig skal veita þessa fræðslu á öðrum námsstigum.

Kynfræðsludeild skal sjá um útgáfu námsgagna sem lögð eru til grundvallar í kennslu. Fulltrúi frá kynfræðsludeild skal heimsækja skóla landsins reglulega og veita kennurum og nemendum upplýsingar um kynlíf og barneignir.

C. III. kafli. **Fóstureyðingar.**

g. (7. gr.)

Líf, sem kviknað hefur í móðurlífi, er friðheilagt. Að öðru leyti en lög þessi heimila má ekki binda enda á kviknað líf.

h. (8. gr.)

Fara má fram á fóstureyðingu ef eftirfarandi aðstæður eru fyrir hendi:

1. Þegar ætla má að lífi eða heilsu konu sé hætta búin af áframhaldandi meðgöngu og fæðingu.
2. Þegar sterkar líkur eru fyrir því að barn, sem kona gengur með, eigi á hættu að fæðast vanskapað eða verði haldið alvarlegum sjúkdómi.
3. Þegar ætla má að þungun og tilkoma barns verði stúlku allt að 16 ára að aldri of erfið vegna óviðráðanlegra félagslegra ástæðna. Foreldrar eða lögráðamaður stúlkunnar verða að standa að slíkri umsókn með henni. Þá skal læknisúrskurður einnig liggja fyrir að heilsu stúlkunnar sé ekki stefnt í hættu með aðgerðinni.
4. Ef konu hefur verið nauðgað eða hún orðið þunguð sem afleiðing af öðru refsiverðu athæfi.

i. (9. gr.)

Fóstureyðing skal framkvæmd eins fljótt og auðið er og helst fyrir lok 10. viku meðgöngutímans.

Fóstureyðingu skal aldrei framkvæma eftir 16. viku meðgöngutímans nema fyrir hendi séu ótvíræðar heilsufarsástæður og lífi eða heilsu konunnar stefnt í hættu með lengri meðgöngu eða fæðingu.

Fóstureyðing er leyfileg eftir 16 vikna meðgöngu ef sýnt þykir að barnið sé haldið alvarlegum sjúkdómum eða vansköpun. Slíkar undanþágur eru aðeins heimilar að fenginni skriflegri heimild nefndar skv. 26. gr.

j. (10. gr.)

Áður en fóstureyðing skv. 1. og 2. tölul. 8. gr. má fara fram skulu liggja fyrir skriflegar álitsgerðir tveggja lækna um nauðsyn aðgerðarinnar. Skal annar þessara lækna vera

sérfræðingur í kvensjúkdómum eða almennum skurðlækningum við það sjúkrahús þar sem aðgerðin fer fram.

Áður en fóstureyðing má fara fram skv. 3. og 4. tölul. 8. gr. verður að liggja fyrir skrifleg, rökstudd greinargerð læknis og félagsráðgjafa um nauðsyn aðgerðarinnar.

k. (11. gr.)

Áður en fóstureyðing má fara fram er skylt að upplýsa konuna, sem fer fram á aðgerðina, um fóstrið og þroskastig þess, áhættuna samfara aðgerðinni og hugsanleg eftirköst. Enn fremur um þá félagslegu aðstoð sem henni stendur til boða og þann kost að láta barnið í fóstur eða láta ættleiða það. Öll ráðgjöf og fræðsla skal veitt á óhlutdrægan hátt með virðingu fyrir móður og barni.

2. gr.

Orðin „nema sérstakar ástæður mæli því gegn“ í niðurlagi 3. tölul. 13. gr. laganna, sem verður 12. gr., falli brott.

3. gr.

17. gr. laganna falli brott.

4. gr.

Heiti laganna breytist og verði: Lög um friðhelgi mannlegs lífs, fóstureyðingar, ófrjósemisaðgerðir og ráðstafanir til að draga úr ótímabærum þungunum með fræðslu og ráðgjöf.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 25/1975 og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

I. Formáli.

Grundvöllur mannlegs lífs er rétturinn til að fá að lifa og viðurkenning á því að kviknað líf sé ekki háð eignarrétti nokkurs annars.

Á þessum grunnforsendum er heiti laganna byggt, að mannlegt líf sé friðheilagt.

II. Þróun fóstureyðingarlöggjafar á Íslandi.

Upphaf fóstureyðinga hér á landi má rekja til laga nr. 38 frá 28. janúar 1935 er bera heitið lög um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar. Fyrir þann tíma var þung refsing lögð við að deyða fóstur. Samkvæmt hegningarlögum frá 25. júní 1869, sem giltu allt til ársins 1940, varðaði það hegningarvinnu allt að átta árum ef „óléttur kvenmaður af ásettu ráði eyðir burði sínum“.

Með lögunum frá 1935 varð heimilt að eyða fóstri en þær heimildir voru innan mjög þröngra marka og einungis á læknisfræðilegum forsendum. Var í þeim lögum litið svo á að fóstureyðing væri neyðarúrræði og skilgreind í samræmi við það, sbr. 5 mgr. 3. gr. laganna: „Það er fóstureyðing, ef burður er líflátinn í móðurkviði áður en konan hefur gengið með hann fullar 28 vikur eða fósturláti komið til leiðar, nema einkenni þess hafi áður komið í ljós, að konunni sé að leysast höfn og augljóst sé að fósturlát verði ekki stöðvað.“

Með lögum nr. 16 frá 13. jan. 1938 um „að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir að það auki kyn sitt“, var fóstureyðing heimiluð ef þargreind skilyrði væru fyrir hendi. Annars vegar var fóstureyðing samkvæmt þeim lögum heimiluð ef gild rök lágu til þess að burður viðkomandi væri í mikilli hættu af kynfylgjum, alvarlegum

vanskapnaði, hættulegum sjúkdómi, andlegum eða líkamlegum fávitahætti eða hneigð til glæpa, eða að afkvæmi hennar væri í tilsvarandi hættu af öðrum ástæðum, enda — eins og segir í ákvæðinu — verði þá ekki úr bætt á annan hátt. Hins vegar var fóstureyðing heimil ef kona hafði orðið þunguð við nauðgun. Í hinu síðargreinda tilviki var sett það skilyrði að konan hefði kært og sökunautur verið fundinn sekur um brotið fyrir dómi.

Er hegningarlögunum var breytt með lögum nr. 19 frá 12. febr. 1940 var kaflinn um manndráp mjög einfaldaður, sérstaklega ákvæðin um fósturdráp. Fyrri hugsun var látin halda sér, að fóstrið væri líf sem ekki mætti deyða. Samkvæmt 216. gr. varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum ef kvenmaður deyðir fóstur sitt. Þessi lög eru enn í gildi.

Með lögum nr. 25 frá 22. maí 1975 var gerð veruleg breyting á fóstureyðingarlöggjöfinni. Var þá í fyrsta skipti tekið fram í lagatextanum að eyða mætti fóstri á grundvelli félagslegra ástæðna. Undanfari þessarar lagasetningar var frumvarp sem þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra lagði fram á Alþingi árið 1973. Í því frumvarpi var lagt til að fóstureyðing yrði heimiluð að ósk konu væri hún búsett hérlendis eða hún ætti íslenskt ríkisfang væri aðgerðin framkvæmd fyrir lok 12. viku meðgöngu og ef engar læknisfræðilegar ástæður mæltu gegn slíkri aðgerð. Var þar lagt til að frjálsar fóstureyðingar yrðu leiddar í lög hér á landi. Frumvarp þetta olli miklum deilum jafnt innan þings sem utan. Ákveðið var því að draga frumvarpið til baka og skipa nefnd til að undirbúa nýtt frumvarp er tæki tillit til þeirra athugasemda sem fram höfðu komið um frumvarpið. Niðurstaða þeirrar nefndar var að hafna bæri frjálsum fóstureyðingum en þess í stað að heimila fóstureyðingar á félagslegum grunni „þegar ætla má að tilkoma barns verði konunni og hennar nánustu **óbærileg** vegna óviðráðanlegra félagslegra ástæðna". Við mat á því hvað telja skyldi **óbærilegt** lagði nefndin til að hafðar skyldu í huga eftirtaldar ástæður: a) að konan hafi alið mörg börn með stuttu millibili og skammt liðið frá síðasta barnsburði, b) konan búi við bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu, svo og c) að konan geti ekki vegna æsku eða þroskaleysis annast barnið á fullnægjandi hátt. Bætt var við d-lið, aðrar ástæður, „séu þær fyllilega sambærilegar við ofangreindar ástæður".

Tillögur nefndarinnar voru samþykktar á Alþingi og eru nú lög nr. 25 frá 22. maí 1975.

Með lögunum 1975 var áréttuð nauðsyn þess að koma á fót öflugu forvarnarstarfi um kynfræðslu og ráðgjöf. Sú skipan hafði verið í lögunum frá 1935 en hafði þróast úr því að vera í höndum heimilislækna, eins og lögin gerðu ráð fyrir, yfir í það að vera sérstakar deildir í sjúkrastofnunum. Með lögunum nr. 25/1975 var gerð sú breyting, fyrir utan það að ráðgjafarþjónusta í sjúkrastofnunum og heilsugæslustofnunum var viðurkennd að lögum, að landlæknisembættið átti að hafa yfirumsjón með starfi þessara ráðgjafar-þjónustumið stöðva. Þá var tekin upp sú stefna með lögunum að kynlífsfræðsla skyldi tekin upp í skólum en veruleg brotalöm hafði verið á þeirri fræðslu. Áttu fræðsluyfirvöld að skipuleggja þessa fræðslu um kynlíf og siðferði þess í samráði við yfirskólalækni.

Með lögum nr. 25/1975 var að því stefnt að samfara rýmkun fóstureyðingarlöggjafarinnar skyldi gert átak í því að auka kynfræðslu til að minnka líkurnar á fóstureyðingu og að hún væri notuð sem getnaðarvörn.

III. Reynsla af lögum nr. 25/1975 samkvæmt upplýsingum landlæknisembættisins.

Frá gildistöku laga nr. 25/1975 hefur fóstureyðingum fjölgað mikið frá því sem var í tíð eldri laga, einkum og sér í lagi hin síðustu ár. Upplýsingar þessar koma fram í heilbrigðisskýrslum, fylgiriti 1985, nr. 2, um fóstureyðingar á tímabilinu 1976-1983, sem gefið er út af landlæknisembættinu. Í þeirri skýrslu eru tekin saman á skipulagðan hátt áhrif lagabreytingarinnar 1975 og reynt að varpa ljósi með töflum og skýringarmyndum á fjölda fóstureyðinga, ástæður og helstu auðkenni þeirra kvenna er fara í slíka aðgerð.

Hér eru ekki tök á að fara ítarlega út í þessa könnun en hjá því verður ekki komist, vegna þeirra breytinga sem frumvarp þetta boðar, að gera grein fyrir helstu niðurstöðum til að varpa ljósi á hið raunverulega vandamál fóstureyðandans. Til viðbótar þessari könnun er byggt á bráðabirgðaskýrslum fyrir árin 1984 og 1985 og til þess vísað ef breytingar hafa orðið frá könnuninni í verulegum atriðum.

Tíðni fóstureyðinga.

Samkvæmt meðfylgjandi töflu frá landlæknisembættinu hafa fóstureyðingar aukist verulega frá árinu 1976 er lögin nr. 25/1975 tóku gildi.

Tafla 1.

FÆÐINGAR OG FÓSTUREYÐINGAR 1971-1986.

	Fjöldi fæddra			Framkvæmdar fóstureyðingar			
Ár	Lifandi fæddir	Andvana fæddir	Fæddir alls	Fjöldi	Fjöldi á 100 þunganir [1]	Fjöldi á 100 lifandi fæddra	Fjöldi á 1000 konur 15-49 ára
1971	4277	38	4315	142	3.2	3.3	3.0
1972	4676	50	4726	151	3.1	3.2	3.1
1973	4598	43	4641	224	4.6	4.9	4.5
1974	4276	34	4310	224	4.9	5.2	4.4
1975	4384	33	4417	274	5.8	6.3	5.3
1976	4291	27	4318	368	7.9	8.6	7.0
1977	3996	25	4021	456	10.2	11.4	8.6
1978	4162	30	4192	455	9.8	10.9	8.4
1979	4475	17	4492	556	11.0	12.4	10.1
1980	4528	21	4549	523	10.3	11.6	9.4
1981	4345	21	4366	597	12.0	13.7	10.6
1982	4337	17	4354	613	12.3	14.1	10.6
1983	4371	14	4385	689	13.6	15.8	11.8
1984	4113	17	4130	745	15.3	18.1	12.5
1985	3856	9	3865	705	15.4	18.3	11.7
1986	3890	18	3908	684*	14.9	17.6	11.3

*) Bráðabirgðatala.

Hámarki náði tíðni fóstureyðinga árið 1984 en það ár voru samkvæmt upplýsingum landlæknisembættisins 745 fóstureyðingar en árið 1985 voru fóstureyðingar 705 og 684 árið 1986, en ekki liggja upplýsingar fyrir um árið 1987. Þó að dregið hafi úr fóstureyðingum árin 1985 og 1986 hefur sú fækkun verið óveruleg miðað við fjölda fæðinga. Nam fjöldi fóstureyðinga á 10 lifandi fædda 18,3% árið 1985 þó að dregið hafi úr fóstureyðingum um 40 frá árinu áður. Er þar um að ræða 0,2% fjölgun frá árinu áður.

Ástæður fóstureyðinga.

Samkvæmt lögum nr. 25/1975 er heimilt að framkvæma fóstureyðingu á læknisfræðilegum grunni, félagslegum grunni og sem afleiðingu af refsiverðum verknaði. Eigi er getið í könnuninni að beiðni hafi verið reist á hinni síðastgreindu ástæðu. Samkvæmt heilbrigðisskýrslum hefur hlutfall læknisfræðilegra ástæðna lækkað úr því að vera 22,8% árið 1976 í það að vera 7% árið 1985. Að sama skapi hefur hlutfall félagslegra ástæðna aukist úr 63,1% árið 1976 í 87,7% árið 1985 en hvort tveggja eða ótilgreindar ástæður eru 19% árið 1976 en 5,1% árið 1985.

Þegar hlutur félagslegra ástæðna er skoðaður kemur í ljós að fóstureyðingar á grundvelli d-liðar 1. tölul. 9. gr. fóstureyðingarlaganna, þ.e. vegna „annarra sambærilegra

félagslegra ástæðna", eru langalgengastar. Arið 1981 var sá liður nefndur í 73% tilvika en 79,4% árið 1985. Þar sem þessi liður er veigamesta ástæða fóstureyðingar hér á landi er vert að athuga hann nánar. Samkvæmt könnuninni hafa eftirtaldar ástæður verið gefnar upp:

— að samband við barnsföður sé ótryggt eða ekkert,
— að kona sé í námi eða hyggist fara í nám,
— aðstæður almennt erfiðar, fjárhagur þröngur,
— viðkomandi treysti sér ekki til að eiga fleiri börn,
— getnaðarvarnir hafi brugðist,
— sambúðarvandamál,
— heilsuleysi,
— stutt liðið frá síðasta barnsburði.

Séu þessar ástæður skoðaðar má ætla að upphafsákvæði 1. tölul. 9. gr., þar sem talað er um að tilkoma barns verði konunni „óbærileg vegna óviðráðanlegra félagslegra ástæðna", hafi verið túlkað nokkuð frjálslega og varla í samræmi við tilætlun löggjafans á sínum tíma.

Synjanir um fóstureyðingu.

Í könnuninni er ekki yfirlit um synjanir um fóstureyðingar yfir landið allt. Hins vegar er vitnað til athugunar sem gerð var á Kvennadeild Landspítalans í Reykjavík þar sem þrjár af hverjum fjórum fóstureyðingum eru framkvæmdar hér á landi. Í heilbrigðisskýrslum segir á bls. 110:

„Fjöldi þeirra, sem synjað var um fóstureyðingu, var á bilinu 3–18 á ári en samtals 75 árin 1976–1983. Virðist synjunum fara heldur fækkandi því að á fyrra helmingi tímabilsins var að meðaltali 12 konum synjað um fóstureyðingu eða sem svarar 3,3% framkvæmdra aðgerða, en hins vegar 7 konum að meðaltali á ári á síðari hluta þess eða 1,6% aðgerða. Ástæður synjana eru í flestum tilvikum lengd meðgöngu, þ.e. konurnar eru gengnar með meira en 12 vikur og forsendur umsóknar hafa verið af félagslegum toga. Á árinu 1983 voru synjanir 3 hjá Kvennadeild Landspítalans."

Hér að framan hefur verið lýst þeirri breytingu sem verið hefur á tíðni fóstureyðinga, synjana um slíka aðgerð og á hvaða ástæðum umsóknir hafa verið reistar. Þá niðurstöðu má draga af þessum þremur þáttum að takmörkun á heimild til fóstureyðinga er harla lítil í framkvæmd þótt lesa megi úr lögum nr. 25/1975 að gera þurfi verulegar kröfur til þess að fóstureyðing sé heimil. Önnur niðurstaða verður ekki dregin af þeim tölum sem liggja fyrir.

Fóstureyðingar eru þrátt fyrir þessar tölur færri hér á landi en í flestum öðrum löndum, hvað sem veldur. Nærtækast væri að kenna löggjöfinni þar um en fyrrgreindar tölur afsanna þá staðhæfingu. Leita verður frekar skýringa í siðferði Íslendinga og baráttuþreki þeirra til að takast á við vandamál líðandi stundar.

Ætla mætti því að fóstureyðingarlöggjöfin í núverandi mynd sé dulbúnar frjálsar fóstureyðingar og þá til þess eins gagns að fæla þær konur frá fóstureyðingu sem telja að þær geti ekki fengið slíka aðgerð framkvæmda.

Auðkenni þeirra kvenna er gangast undir fóstureyðingu.

Í þessari greinargerð með lögum um friðhelgi mannlegs lífs er ekki unnt að líta fram hjá þeim staðreyndum sem liggja fyrir um félagslega stöðu þeirra kvenna er hafa farið í fóstureyðingu. Líta verður á einkenni þessara kvenna með það að markmiði annars vegar að athuga hvort hægt er með fræðslu og ráðgjöf að koma í veg fyrir þunganir hjá þeim og hins vegar hvernig þjóðfélagið geti með ráðstöfunum aðstoðað þennan hóp kvenna framar öðrum við barneignir og uppeldi barna. Þá er vert að athuga hvort ástæða er til þess að heimila fóstureyðingu með tilliti til sérstakra hagsmuna.

Samkvæmt áðurnefndri könnun á vegum landlæknisembættisins hefur aldur haft veruleg áhrif á ákvörðun um fóstureyðingu. Frá árinu 1976 hefur meðalaldur kvennanna lækkað frá því að vera 28,7 ár 1976 í 25,8 ár árið 1981. Aðalauðkennið er þó að eldri konum hefur fækkað en þeim yngri fjölgað. Á aldursbilinu frá tvítugu til þrítugs eru fóstureyðingar flestar en hefur fjölgað á undanförnum árum í aldursbilinu 15–19 ára og þá sérstaklega meðal 18 ára stúlkna. Fóstureyðingar meðal 16 ára stúlkna og þaðan af yngri hefur fjölgað hægt og voru 47 árið 1981 af 525 fóstureyðingum það ár.

Hjúskaparstaða hefur breyst mikið meðal kvenna sem fara í fóstureyðingu. Árið 1976 voru 45% kvennanna giftar, 39% ógiftar og 14% giftar áður (fráskildar eða ekkjur). Þróunin síðan hefur verið í þá átt að hlutur ógiftra kvenna fer vaxandi en hlutur giftra og þeirra sem áður hafa verið giftar hefur minnkað. Árið 1985 voru 26,8% kvenna, sem fóru í fóstureyðingu, giftar en 64,5% höfðu áður verið giftar. Af þeim ógiftu voru 10,4% í sambúð.

Starf hefur töluvert að segja varðandi ákvörðun um fóstureyðingu. Sérstaklega eru margar kvennanna starfandi í þjónustugreinum eða eru nemendur. Húsmæðrum virðist hins vegar hafa fækkað verulega frá því sem var árið 1976. Samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir árið 1985 eru nemar 26,5% þeirra sem fara í fóstureyðingu, en konur í þjónustugreinum 29,8%. Sé miðað við lögheimili þeirra kvenna, sem fara í fóstureyðingu, eru fóstureyðingar algengastar meðal kvenna í Reykjavík en fæstar í sýslum. Samkvæmt upplýsingum fyrir árið 1985 voru 42% þeirra kvenna, sem fóru í fóstureyðingu, barnlausar, 23,3% áttu eitt barn fyrir en 16% tvö börn. 8% kvennanna áttu 4 börn eða fleiri.

Athyglisvert er hvað í vöxt hefur farið á undanförnum árum að konur fari í aðra eða þriðju fóstureyðinguna. Meðaltal áranna 1976–1981 var 10–12% en hefur stigið á undanförnum árum og var 16,7% árið 1985 og á bilinu 18–19% árið 1986 samkvæmt bráðabirgðaupplýsingum frá landlæknisembættinu. Læknisfræðilegar ástæður eru hlutfallslega oftar tilgreindar hjá konum með fyrri fóstureyðingum en hinum samkvæmt könnuninni. Lengd meðgöngu hjá þeim konum, sem fengu fóstureyðingu árin 1976–1981, voru í 92% tilvika (97% af ótilgreindum er sleppt) innan 12 vikna og þar af helmingur innan 9 vikna. Hefur á undanförnum árum lítil breyting orðið þarna á.

Þær upplýsingar, sem koma fram í könnuninni um notkun getnaðarvarna, eru mjög athyglisverðar. Hjá tveim þriðju þeirra kvenna, sem fengu fóstureyðingu árin 1976–1981, voru getnaðarvarnir ekki viðhafðar er þær urðu þungaðar, en um 30 af hundraði tilgreindu notkun getnaðarvarna af ýmsum toga. Í könnuninni kemur fram að tiltölulega minnst eru getnaðarvarnir notaðar hjá yngstu og elstu konunum en mest hjá konum milli tvítugs og þrítugs.

Tveir hópar kvenna hafa í umræðu um fóstureyðingar oftast verið nefndir, en það eru ungar stúlkur og einstæðar mæður. Í könnuninni kemur fram að hlutur þeirra er ekki eins mikill og látið er í veðri vaka þó að vissulega sé hann mikill. Árið 1976–1981 var framkvæmd samtals 651 fóstureyðing hjá stúlkum undir 20 ára aldri en það samsvarar 22% allra fóstureyðinga umrætt tímabil. Þess ber hins vegar að geta að tíðni fóstureyðinga hjá eldri stúlkum í þessum hópi, 18–19 ára, er meiri en þeirra sem yngri eru, sbr. töflu.

Tafla 44. Fjöldi fóstureyðinga stúlkna 1976-1981

	15 ára og yngri	16-17 ára	18-19 ára	19 ára og yngri
1976-'77	31	56	70	157
1978-'79	35	103	108	246
1980-'81	32	94	122	248
Alls 1976-'81	98	253	300	651

Einstæðar mæður eru vissulega stór hópur. Af 2955 fóstureyðingum, sem framkvæmdar voru árin 1975–1981, áttu einstæðar mæður hlut að máli í 628 tilvika eða 21,1%. Ef litið er á einstök ár tímabilsins má sjá að fjöldi einstæðra mæðra hefur verið á bilinu 86–130 á ári en hlutur þeirra af heildarfjölda fóstureyðinga hefur farið minnkandi, sbr. töflu.

Tafla 51. Fóstureyðingar einstæðra mæðra 1976-1981.

	Heildarfjöldi fóstureyðinga	Fóstureyðingar einstæðra mæðra		
		Fjöldi	% af heild	fjöldi á 1000 einstæðar mæður[1)]
1976	368	86	23,4	17,0
1977	456	111	24,3	21,7
1978	455	87	19,1	17,1
1979	556	101	18,2	19,5
1980	523	130	24,9	24,0
1981	597	113	18,9	20,4

[1)] m.v. "mæður með börn" skv. þjóðskrá 1. des. ár hvert.

Það vekur hins vegar eftirtekt að hlutfall félagslegra ástæðna hjá einstæðum mæðrum er á milli 93–94% og heimildin til fóstureyðingar mjög oft byggð á d-lið 1. tölul. 9. gr. laga nr. 25/1975. Athyglisvert er einnig að mun algengara er að einstæðar mæður fari í annað skipti fram á fóstureyðingu. Af þeim 312 konum sem fengu fóstureyðingu í annað skipti á tímabilinu 1976-1981 var í 117 tilvikum um að ræða einstæðar mæður.

Af þessum upplýsingum verður sú mynd dregin að það eru helst ungar, ógiftar og barnlausar eða barnfáar konur sem skipa hóp þeirra kvenna sem gangast undir fóstureyðingu. (Heilbrigðisskýrslur bls. 132.) Við þetta má bæta að konurnar starfa aðallega við þjónustustörf eða eru nemar. Getnaðarvarnir hafa ekki verið notaðar og félagslegar aðstæður eru helsta ástæða fyrir fóstureyðingu.

Ráðgjöf og fræðsla.

Í lögum nr. 25/1975 er mikil áhersla lögð á ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir. Þar er í fyrsta kafla kveðið skýrt á um að veita skuli aðstoð eftir því sem við á og sem hér segir:

1. Fræðslu og ráðgjöf um notkun getnaðarvarna og útvegun þeirra.
2. Ráðgjöf fyrir fólk sem íhugar að fara fram á fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð.
3. Kynlífsfræðslu og ráðgjöf og fræðslu um ábyrgð foreldrahlutverks.
4. Ráðgjöf og fræðslu varðandi þá aðstoð sem konunni stendur til boða í sambandi við meðgöngu og fæðingu.

Þá er ákvæði um að ráðgjafarþjónustuna eigi að veita á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum og megi hún vera í starfstengslum við mæðravernd, kvensjúkdómadeildir, geðvernd, fjölskylduráðgjöf og félagsráðgjafarþjónustu. Þá er í lögunum kveðið á um að fræðsluyfirvöld skuli veita fræðslu um kynlíf og siðferði kynlífs á skyldunámsstigi í skólum landsins.

Landlækni er falið samkvæmt lögunum að hafa yfirumsjón með framkvæmd og uppbyggingu ráðgjafarþjónustunnar.

Í greinargerð þessari verður ekki kveðinn upp dómur yfir núverandi framkvæmd né fullyrt hvort farið hafi verið eftir lögunum. Víða mun þó brotalöm vera á og má um það kenna ónógum fjárveitingum frá ríkisvaldinu. Sérstaklega á þetta við um forvarnarstarf og kynningu á getnaðarvörnum og öðrum fyrirbyggjandi ráðstöfunum.

IV. Forsendur þessa frumvarps.

Reynslan hefur leitt það í ljós að fóstureyðingum hefur fjölgað verulega á undanförnum árum eins og tölur landlæknisembættisins sýna. Sú fjölgun verður ekki skýrð á þann hátt að félagslegar aðstæður hafi versnað til muna á síðustu árum því að hagtölur sýna að lífskjör hafa batnað verulega frá því að lögin frá 1975 voru sett.

Skýringarinnar verður heldur ekki leitað í minni þekkingu fólks á kynlífi. Þó að þessir þættir hafi sín áhrif eru þeir ekki ástæðan fyrir fóstureyðingunum. Skýringarinnar verður að leita á öðrum stöðum og þá helst í breyttu viðhorfi fólks gagnvart fóstureyðingum og skorti á upplýsingum um fóstrið, þroskaskeið þess og að fóstur er mannlegt líf. Viðhorf fólks til fóstureyðinga endurspeglast í frelsisbaráttu kvenna og því að fóstrið sé eign konunnar og að henni sé frjálst að ráðstafa líkama sínum að vild. Hefur sá þáttur, ásamt auknu frjálsræði í kynferðismálum, haft meiri áhrif á skipan fóstureyðingarlöggjafarinnar en flest annað.

Það er viðurkennt að á mörgum heimilum eru efnisleg gæði af skornum skammti. Gagnvart þeim fjölskyldum ber þjóðfélagið ríka ábyrgð því að það er smánarblettur á þjóðfélagi með einhverjar hæstu þjóðartekjur í heimi að þurfa að viðurkenna að fólk búi við örbirgð. Félagsleg vandamál ber þjóðfélaginu að leysa með félagslegum ráðstöfunum.

Tilgangur þessa frumvarps er ekki að leysa úr félagslegum vandamálum sem eru í þjóðfélaginu heldur að sníða löggjöfina þannig að allt mannlegt líf sé friðheilagt, og að verja börn — á hvaða stigi lífsins sem þau eru — fyrir utanaðkomandi eyðingaröflum og veita þeim þau mannréttindi sem eru ofar öllum öðrum, réttinum til þess að fá að lifa og taka þátt í lífinu án tillits til efnahags og félagslegrar stöðu foreldra. Frumvarpið byggist á því að þjóðfélagið viðurkenni að líf hafi kviknað við getnað, og að það líf sé aðeins eign barnsins eða fóstursins. Litið er þannig á að barnið í móðurlífi sé frá getnaði lifandi einstaklingur, ólíkur öllum öðrum sem fyrr og síðar munu dveljast hér og líta dagsins ljós.

Litið er því þannig á að barnið í móðurlífi sé ekki hluti af öðrum líkama. Það er sjálfstæður einstaklingur en háður líkama móðurinnar meðan á fósturástandinu stendur. Þótt barnið sé tímabundið háð líkama móðurinnar á sú staðreynd ekki að þýða að móðurinni

sé frjálst að ráðstafa þessu lífi. Þvert á móti er henni falið að varðveita það fyrir utanaðkomandi öflum á þroskastigi þess.

Kjarninn í frumvarpinu er sá að konunni er frjálst að haga sér eins og samviska hennar býður meðan sú háttsemi skaðar ekki mannréttindi annarra.

Samfélagið á að sjá til þess að allt mannnlegt líf sé viðurkennt og að sú ákvörðun að eyða því sé ekki mat konunnar einnar. Frumvarp þetta er einmitt af þessari rót runnið, þ.e. að konan þurfi ekki að standa andspænis þessu vali og að barninu megi veitast öruggt skjól í móðurlífi til að þroskast og dafna.

Það blandast engum hugur um það að flestar ótímabærar þunganir megi rekja til óvarkárni eða „slysa“, eins og margur vill kalla það þegar tekin er áhætta af samförum án þess að getnaðarvarnir séu notaðar. Slíkum „slysum“ má fækka með fræðslu og upplýsingum, en það verður þó ekki til þess að koma í veg fyrir úr ótímabærar þunganir að óbreyttum lögum. Reynslan hefur sýnt að fræðslan ein dugir skammt.

Það er gamall sannleikur að eftir því sem afleiðingarnar eru smávægilegri er meiri áhætta tekin. Því miður má rekja margar ótímabærar þunganir til þess að tekin er áhætta af samförum í þeirri von að ekki verði barn úr, en fari samt svo er sú leið opin að fara í fóstureyðingu. Slíkur hugsunarháttur er óábyrgur og ætti ekki að líðast. Fólk verður að horfast í augu við þá staðreynd að það getur ekki leikið sér að fjöreggi annarra með þessum hætti. Það verður að gera sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna og alvöru fóstureyðingar, þ.e. að með henni sest það í dómarasæti og kveður upp þann úrskurð að þetta kviknaða líf skuli deytt. Fræðsla kemur að verulegu gagni þegar fóstureyðingar eru takmarkaðar og það er einmitt það áhersluatriði sem frumvarpið mælir fyrir um með því að skipuleggja virka kynfræðslu.

Auðvitað geta komið upp tilvik þar sem þjóðfélagið getur réttlætt að brugðið sé frá þeim meginmarkmiðum sem rakin hafa verið og frumvarpið byggist á. Hins vegar er það spurning hve langt eigi að ganga í þeim efnum og hvaða sjónarmið eigi að viðurkenna þegar skorið er úr um slíkt. Í frumvarpinu er lagt til að fóstureyðingar verði heimilaðar í fjórum tilvikum:

Í fyrsta lagi ef líf og heilsa móður er í hættu með áframhaldandi meðgöngu eða fæðingu. Í réttarvitund okkar, ef velja á milli barnsins og móðurinnar, er barn á fósturstigi álitið réttlægra. Sama gildir í þeim tilvikum þar sem heilsa móður kann að vera hætta búin af meðgöngu og fæðingu.

Í öðru lagi er veitt heimild til fóstureyðingar ef sterkar líkur eru á að barn fæðist vanskapað. Þessi heimild er umdeilanleg út frá sjónarmiðum um friðhelgi mannlegs lífs, þ.e. að setjast í dómarasæti og úrskurða eitt líf verðminna en annað. Þessi heimild er samt látin halda sér, en meiri kröfur eru gerðar en áður til sönnunar fyrir því sem heimildin er byggð á.

Í þriðja lagi er heimiluð fóstureyðing ef móðir er ung að árum. Þessa heimild má gagnrýna út frá sömu forsendu og aðrar heimildir laganna til fóstureyðinga, en það þykir rétt að hafa þessa heimild fyrir hendi að því tilskildu að foreldrar standi með stúlkunni að umsókn um fóstureyðingu og að fóstureyðingin verði stúlkunni ekki til skaða.

Í fjórða lagi er fóstureyðing heimil sé hún afleiðing af refsiverðum verknaði. Það þykir rétt út frá hagsmunum konunnar og þjóðfélagsins að viðhalda þessari heimild.

Athugasemdir við einstaka kafla frumvarpsins.

Um I. kafla, markmið og orðskýringar.

Til að undirstrika tilganginn með lagasetningunni er valinn sá kostur að taka saman í I. kafla laganna þau grundvallaratriði sem ná á með lagasetningunni. Sett er á oddinn friðhelgi mannlegs lífs og að það líf sem einu sinni hefur kviknað megi ekki deyða nema fyrir liggi það veigamikil rök að þjóðfélagið sjái sig knúið til vegna annarra hagsmuna að binda enda á

þetta líf. Rík áhersla er á það lögð að koma í veg fyrir ótímabæra þungun og að þjóðfélagið eigi ekki að viðurkenna fóstureyðingu sem getnaðarvörn.

Sú skipan er tekin upp í 2. gr. frumvarpsins að skilgreina hugtökin *fóstureyðing* og *ófrjósemisaðgerð* til að leggja áherslu á í upphafi laganna hvað felst í þeim hugtökum sem koma fyrir í lögunum. Sú breyting er gerð á hugtaksskilgreiningu fóstureyðingar að gengið er út frá því að líf hafi kviknað við getnað en ekki er miðað við ákveðið þroskastig eins og nú er gert í lögum. Er þessi skýring hugtaksins í samræmi við markmið laganna og hvernig hugtakið fóstureyðing var skilgreint samkvæmt lögum nr. 38/1935. Hugtakið ófrjósemisaðgerð er skilgreint á sama hátt og fram kemur í lögum nr. 25/1975 að því undanskildu að í stað orðsins „eggjavegur“ er sett eggjaleiðari. Mun það vera í betra samræmi við orðanotkun nú.

Um II. kafla, ráðgjöf og fræðslu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að kynfræðsla verði til muna aukin frá því sem verið hefur undanfarin ár, aðallega í skólakerfinu. Þá verði tekin upp sú skipan við landlæknisembættið að sérstök deild hafi yfirumsjón með kynfræðslumálum í landinu. Verði aðalverkefni þeirrar deildar útgáfa fræðslugagna og félagsleg aðstoð við foreldra. Eigi er gert ráð fyrir að sú skipan sem verið hefur á sjúkrahúsum og í heilsugæslustöðvum minnki, heldur taki þær stofnanir að sér aukið hlutverk í þessum málum og tengist meira skólakerfinu en hingað til.

Ein aðalbreytingin sem komið er á með frumvarpi þessu er að kynfræðsla verði skyldunámsgrein í grunnskólum landsins þar sem tekin verði upp kennsla í fósturfræðum og veittar ráðleggingar um kynlíf og þroska fósturs.

Um III. kafla, fóstureyðingar.

Gengið er út frá þeirri skipan að fóstureyðingar séu óæskilegar og að til slíkra óyndisúrræða skuli ekki grípa ef fyrir hendi eru aðrir kostir til varnar fóstrinu. Í upphafsgrein þessa kafla laganna er sá skilningur áréttaður að fóstur er líf sem ekki má binda enda á. Ef vafi leikur á því hvort fóstureyðing má fara fram þá skuli frekar hafna henni en leyfa. Í 8. gr. frumvarpsins er tæmandi upptalning á þeim aðstæðum sem geta leitt til eyðingar fósturs. Þar er ekki gerður greinarmunur, eins og í núgildandi lögum, á því hvort ástæðan er félagsleg eða læknisfræðileg heldur byggt á því að þjóðfélagið viðurkenni aðeins þessar ástæður sem nógu brýnar til að heimila að binda megi enda á þetta kviknaða líf.

Í 9. gr. eru sett tímamörk um það hvenær fóstureyðing skuli fara fram. Í stað 12 vikna samkvæmt núgildandi lögum er nú mælt fyrir að fóstureyðing skuli hafa farið fram áður en 10 vikur eru liðnar af meðgöngu.

Í 10. gr. er gerð sú krafa að álit annaðhvort læknis og félagsráðgjafa eða tveggja lækna liggi fyrir um nauðsyn fóstureyðingarinnar. Hið fyrrgreinda á við ef telja má ástæður fyrir beiðninni um fóstureyðingu byggðar á ungum aldri móðurinnar eða sem afleiðingu af refsiverðri háttsemi.

Í 11. gr. er á það lögð rík áhersla að konan sé frædd um aðgerðina, hættuna á ófrjósemi og einnig bent á þá félagslegu þjónustu sem henni stendur til boða ef hún ákveður að eignast barnið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

a. (1. gr.)

Í 1. gr. kemur fram stefnuyfirlýsing og það skilgreint í lagatextanum hvert sé markmið laganna. Þetta er talið nauðsynlegt svo að ekki fari á milli mála hvaða tilgangi lögin eigi svo

breytt að þjóna og hverja þau eigi fyrst og fremst að vernda. Hið mannlega líf er samkvæmt lögum þessum frá getnaði til grafar. Þetta er og í samræmi við eiðstaf lækna þar sem segir m.a.: „Ég heiti því að virða mannslíf öllu framar, allt frá getnaði þess.“ Lögð er áhersla á það í 1. gr. að vandamál, sem kunni að skapast vegna þungunar, eigi að leysa með öðrum hætti en fóstureyðingu. Það líf eins og annað mannlegt líf á að vera friðheilagt. Litið er sérstaklega til fyrirbyggjandi starfs með ráðgjöf og fræðslu og þess að aukin verði félagsleg þjónusta við þá foreldra sem átt hafa barn.

b. (2. gr.)

Það þykir hentugra með tilliti til þeirrar skipunar laganna, að mæla fyrir um markmið þeirra í 1. gr., að skýra út í næstu grein hvað felist í þeim grunnhugtökum sem rætt er um í lögum þessum. Þá þykir það horfa til skýrleika þar sem skilgreining hugtakanna er breytt frá því sem var í fyrri löggjöf.

Fóstureyðing er samkvæmt lögum nr. 25/1975 „læknisaðgerð, sem kona gengst undir í því skyni að binda endi á þungun, áður en fóstrið hefur náð lífvænlegum þroska“ en samkvæmt frumvarpi þessu „læknisaðgerð sem kona gengst undir til að binda enda á kviknað líf í móðurkviði“. Í þessari breytingu felst viðurkenning á því að líf hafi kviknað við getnað og ekki tekið með í skýringu hugtaksins þroskastig fóstursins. Er þessi skilgreining hugtaksins í samræmi við aðrar greinar laga þessara og heiti þeirra, „Um friðhelgi mannlegs lífs“. Skilgreining hugtaksins ófrjósemisaðgerð er óbreytt frá lögum nr. 25/1975 fyrir utan það að í stað orðsins „eggjavegur“ kemur eggjaleiðari.

c. (3. gr.)

Þar sem dregið er verulega úr heimildum til fóstureyðinga ber brýna nauðsyn til að upplýsa fólk um kynlíf og veita því ráðgjöf um notkun getnaðarvarna og annarra fyrirbyggjandi ráðstafana til að koma í veg fyrir þungun. Þá er ekki síður mikilvægt að upplýsa fólk um lög þessi og á hvaða meginsjónarmiðum þau eru byggð.

Lagt er því til í 3. gr. að starfrækt verði á vegum landlæknisembættisins sérstök deild er hafi það eitt verkefni að sjá um kynfræðslumál í landinu. Hefði þessi deild yfirumsjón með fræðslu og ráðgjöf á þessu sviði og starfaði í nánum tengslum við ráðgjafarþjónustur og fræðsluyfirvöld úti um allt land. Aðalstarfsemi deildarinnar er þó ætlað að vera að annast útgáfu á fræðslugögnum til notkunar í skólum og fyrir almenning og einnig að vera ráðgefandi fyrir mæður eða foreldra eftir barnsburð. Gert er ráð fyrir að þessi deild starfi í nánum tengslum við sveitarfélög og Tryggingastofnun og aðstoði fólk sjálft eða með stuðningi þessara aðila til að ala önn fyrir því og barninu. Meðal annars starfsfólks skal læknir, hjúkrunarfræðingur og félagsráðgjafi starfa við þessa deild. Að jafnaði skal læknir eða ljósmóðir vera forstöðumaður deildarinnar.

Um nánara skipulag og starfsemi skal setja ákvæði í reglugerð. Taki sú reglugerð einnig til starfsemi ráðgjafarþjónustustöðva og hvernig starfi skuli skipt þar á milli.

Um sams konar tilhögun er mælt fyrir í núgildandi lögum en því miður hefur starfsemi þeirrar deildar aldrei náð að vera eins virk og ætlast var til með lögunum.

d. (4. gr.)

Samkvæmt 2.–6. gr. laga nr. 25/1975 er mælt fyrir um að á hverju sjúkrahúsi og heilsugæslustöð skuli starfrækt ráðgjafarþjónusta er veiti fræðslu og ráðgjöf varðandi getnaðarvarnir, fóstureyðingar, ófrjósemisaðgerðir og fleira er tengist kynlífi og barneignum. Ekki er ætlunin að breyta þeirri skipan mála enda hefur hún reynst vel í flesta staði. Í 1. mgr. 4. gr. er mælt fyrir um starfrækslu slíkra ráðgjafarstöðva og hvaða þjónustu þær

skuli hafa með höndum og er samsvarandi 2. gr. laga nr. 25/1975. Bætt er þó inn í 4. lið að konunni skuli veitt ráðgjöf og fræðsla varðandi þá aðstoð sem henni stendur til boða við meðgöngu og fæðingu.

2. mgr. greinarinnar er sama efnis og 3. gr. núgildandi laga.

3. mgr. greinarinnar er að stofni til sama efnis og 4. gr. núgildandi laga en í stað hjúkrunarfólks og kennara er mælt fyrir um að hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir starfi við ráðgjafarstöðvarnar. Ástæða þessa er að þær stéttir hafa í meira mæli en flestar aðrar hjúkrunarstéttir haft með höndum kynfræðslumál og ráðgjöf á sviði kynlífs.

e. (5. gr.)

Grein þessi er samhljóða 6. gr. laga nr. 25/1975.

f. (6. gr.)

Sú breyting er gerð frá núgildandi skipan kynfræðslumála að gert er ráð fyrir því að kynfræðsludeild, sem mælt er fyrir um í 3. gr. frumvarps þessa, sjái um skipulagningu náms og þau kennslugögn sem lögð verða til grundvallar í kennslu, í stað skólayfirlæknis eins og nú er háttað. Er þetta í samræmi við það hlutverk sem fræðsludeildinni er ætlað að þjóna með lögum þessum, að koma á samræmdri fræðslu og vera til ráðuneytis um kynfræðslumál. Þá er gert ráð fyrir því að kynfræðsla verði skyldunámsgrein í skólum á grunnstigi og kennslunni verði háttað þannig að hún nái til fleiri þátta en kynlífsins eingöngu.

Gert er ráð fyrir því að starfsfólk ráðgjafarstöðvanna og fræðslunefndar heimsæki skóla landsins og geri grein fyrir starfsemi sinni.

g. (7. gr.)

Með þessari grein er skilgreining hugtaksins fóstureyðing áréttuð, að kviknað líf í móðurkviði er friðheilagt og að þau tilgreindu ákvæði laganna, sem heimila eyðingu þess, séu undantekningar og skuli túlkuð þröngt.

h. (8. gr.)

Samkvæmt þessari grein eru tæmandi upp taldar þær ástæður sem heimilað geta fóstureyðingu.

Samkvæmt 1. tölul. má fóstureyðing fara fram ef lífi eða heilsu móður er hætta búin af áframhaldandi meðgöngu eða fæðingu. Er ekki ætlunin að breyta þessu heimildarákvæði frá því sem nú er og hefur verið frá árinu 1935.

Sú breyting er gerð á 2. tölul. frá því sem áður var í löggjöfinni að nú eru gerðar strangari kröfur en áður til þess að leitt sé í ljós að barn fæðist vanskapað eða haldið alvarlegum sjúkdómi. Það þykir ekki rétt að heimila fóstureyðingu á þessari forsendu frekar en öðrum. Hins vegar eru oft líkindi fyrir því að börn, sem annaðhvort hafa skaddast verulega eða eru haldin alvarlegum sjúkdómum, komi ekki til með að lifa. Þykir því rétt með tilliti til móður og barns að þessi heimild verði í lögum eins og áður.

Það hefur þótt réttlætismál að heimila fóstureyðingu ef hin þungaða er ung að árum og er því þeirri leið haldið opinni í lögum. Þau skilyrði eru þó sett að foreldrar eða lögráðamaður samþykki aðgerðina og að það liggi fyrir að heilsu stúlkunnar verði ekki hætta búin af aðgerðinni.

4. tölul. þarfnast ekki skýringa.

i. (9. gr.)

Sú breyting er gerð að í frumvarpinu er miðað við að fóstureyðing skuli helst fara fram fyrir 10. viku meðgöngu í stað 12 vikna eins og mælt er fyrir um í 10. gr. núgildandi laga.

Ástæða þess að tímatakmörkin eru þrengd frá því sem nú gildir má rekja til þess að 10 vikna gamalt fóstur hefur fengið fullkomið mannsútlit. Hjartað er farið að slá, æða- og öndunarkerfi þróað, skynfæri og útlimir mótaðir og beinkjarnar, tær og fingur hafa myndast.

Að öðru leyti er ákvæðið óbreytt frá því sem gilt hefur.

j. (10. gr.)

Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 11. gr. núgildandi laga fyrir utan að ekki er gerður sami munur á félagslegum og læknisfræðilegum ástæðum eins og er samkvæmt núgildandi lögum. Flokka má þó tvo fyrsttöldu tölulíði 8. gr. undir læknisfræðilegar ástæður en hina síðartöldu undir félagslegar ástæður.

k. (11. gr.)

Ákvæðið skýrir sig sjálft.

Um 2.–3.gr.

Í þeim breytingum sem þar er mælt fyrir um er ekki um efnisbreytingar að ræða heldur breytingar til samræmis við fyrri greinar frumvarpsins.

Um 4. gr.

Heiti laganna er breytt og áhersla lögð á friðhelgi mannlegs lífs og ráðgjöf til að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir. Má í þessu sambandi benda á ályktun kirkjuþings 1987, en þar segir m.a.:

„Rétturinn til lífs er frumatriði allra mannréttinda. Þá kröfu verður að gera til ríkisvaldsins að það verndi mannlegt líf og efli meðal almennings vitundina um mannhelgi."

Vísað er til greinargerðar að öðru leyti til skýringar á þessari grundvallarbreytingu.

Fylgiskjal I.

Halldór Finnsson,
sr. Þorbergur Kristjánsson,
Margrét K. Jónsdóttir:

Tillaga varðandi lög um fóstureyðingar og almannatryggingar.
(18. kirkjuþing 1987.)

Kirkjuþing beinir því til Alþingis Íslendinga að taka til endurskoðunar lög nr. 25/1975, um fóstureyðingar, ófrjósemisaðgerðir o.fl., í þeim tilgangi að þrengja þessi lög — sérstaklega varðandi fóstureyðingar af félagslegum orsökum.

Enn fremur vill kirkjuþing beina því til Alþingis að allt verði gert sem hægt er, t.d. í gegnum almannatryggingar, til þess að létta undir með konum sem svo stendur á fyrir og þær finni í raun að þjóðfélagið býður nýtt líf velkomið í heiminn.

Kirkjan bjóði upp á ráðgjafarþjónustu, e.t.v. í samvinnu við Lífsvon, þar sem fyrir liggi allar upplýsingar um hvert það ráð sem má til hjálpar vera fyrir þá einstaklinga sem í hlut eiga.

Greinargerð.

Nú eru 12 ár síðan samþykkt voru lög nr. 25/1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf, barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. Lög þessi þýddu stórkostlega rýmkun á fóstureyðingum af félagslegum ástæðum.

Fóstureyðingum hefur líka fjölgað úr 224 árið 1974 í 687 árið 1983 samkvæmt *Heilbrigðisskýrslu 1985,* fylgirit 1, sjá meðfylgjandi ljósrit.

Þegar þessi skýrsla er skoðuð nánar kemur í ljós að árið 1981 eru 83% fóstureyðinga taldar af félagslegum ástæðum, sjá ljósrit 2, og af þeim eru 55% „nánast ótilgreindar félagslegar ástæður" eins og stendur í skýrslunni.

Annað í skýrslu þessari er mjög athyglisvert, þ.e. skrá yfir störf þau er þær konur sem fara í fóstureyðingu stunda og er skipt í þessa flokka, sjá ljósrit 3 — stjórnun, þjónusta, framleiðsla, nemar, húsmæður, annað.

Þarna kemur í ljós að nemum sem fá fóstureyðingar hefur fjölgað meira en öðrum stéttum. Þetta styður það að þjóðfélagið geti hjálpað móður og barni meira en gert er í dag.

Nú þegar Alþingi kemur saman í fyrsta sinn eftir kosningar er von okkar að nýir menn sem þar koma til starfa sýni þessu máli áhuga og alvöru, ásamt þeim sem fyrir eru á Alþingi og vitað er að styðja endurskoðun á þessum lögum nr. 25/1975.

Málinu var vísað til löggjafarnefndar (frsm. Halldóra Jónsdóttir).

Nefndin leggur til að tillagan og greinargerð hljóði svo:

Rétturinn til lífs er frumatriði allra mannréttinda. Þá kröfu verður að gera til ríkisvaldsins að það verndi mannlegt líf og efli meðal almennings vitundina um mannhelgi.

Löggjöf, sem í raun gerir hið ófædda líf réttlaust, brýtur gegn því grundvallarsjónarmiði kristindómsins að sérhver einstaklingur eigi rétt til lífs, allt frá upphafi og þangað til dauðinn ber að dyrum með eðlilegum eða óviðráðanlegum hætti.

Kirkjuþing skírskotar til frumvarpa um breytingu á lögum nr. 25 frá 22. maí 1975 og lögum nr. 67/1971, með áorðnum breytingum, sem flutt hafa verið, og frumvarps sem boðað er.

Vill kirkjuþing skora á Alþingi að breyta umræddum lögum í þá veru að friðhelgi mannlegs lífs sé viðurkennd.

Greinargerð.

Að breyttri tillögu leggur nefndin til að greinargerðin orðist svo:

Með ályktunartillögu þessari beinir kirkjuþing því til Alþingis að það taki til endurskoðunar lög nr. 25/1975, um fóstureyðingar, ófrjósemisaðgerðir o.fl., í þeim tilgangi að þrengja þessi lög varðandi fóstureyðingar.

Enn fremur vill kirkjuþing beina því til Alþingis að allt verði gert, sem hægt er, t.d. með aukinni aðstoð almannatrygginga til þess að létta undir með verðandi mæðrum í vanda svo að þær finni í raun að þjóðfélagið bjóði nýtt líf velkomið í heiminn.

Þörf er á ráðgjafarþjónustu þar sem fyrir liggi allar upplýsingar um þau úrræði sem til hjálpar mega verða þeim einstaklingum sem hér um ræðir, enda eigi kirkjan hlut að henni.

Nú eru 12 ár liðin síðan samþykkt voru lög nr. 25/1975. Þau fólu í sér mikla rýmkun heimilda til fóstureyðinga af félagslegum ástæðum. Fóstureyðingum hefur líka fjölgað úr 224 árið 1974 í 683 árið 1986 samkvæmt upplýsingum landlæknisembættisins.

Þegar skýrsla þessi er skoðuð nánar kemur í ljós að árið 1981 eru 83% fóstureyðinga af félagslegum ástæðum, sjá ljósrit 2, og af þeim eru 55% nánast ótilgreindar félagslegar ástæður" eins og segir í skýrslunni.

Annað í skýrslu þessari er mjög athyglisvert, þ.e. skrá yfir störf þau er þær konur stunda sem fara í fóstureyðingu, sjá ljósrit 3. Þarna kemur m.a. í ljós að nemunum, sem fengið hafa fóstureyðingu, hefur fjölgað meira en öðrum stéttum. Þetta styður það að þjóðfélagið getur hjálpað móður og barni betur en nú er gert.

Það fer auðvitað ekki á milli mála að kona, sem verður þunguð án þess að hafa ætlað sér það, getur staðið í erfiðum sporum. Þar getur margt komið til, t.d. afstaða fjölskyldunnar, röskun áforma eða erfiður fjárhagur.

En miklu skiptir hvernig vandanum er mætt, hvort menn yppta aðeins öxlum og bjóða upp á fóstureyðingu eða reyna að finna lausn sem e.t.v. krefst einhvers bæði einstaklingum og heild. Það má ekki gleymast að val konunnar á oftast að verulegu leyti rætur í afstöðu umhverfisins.

Almennt líta menn svo á að íslensk lög séu nokkur mælikvarði á rétt og rangt. Og konunni, sem hér um ræðir, mæta lög sem gefa henni rétt til að hindra fæðingu barnsins sem hún ber undir belti. Óbeint er henni sagt að barnið hennar hafi ekkert gildi, eigi engan rétt fyrr en eftir 12. viku, nema hún kjósi sjálf að gefa því gildi og rétt. Ekki er óeðlilegt að þetta komi til með að móta afstöðu hennar.

Hér til viðbótar koma svo ótal röksemdir sem vandamenn gjarnan benda á og þegar leitað er til opinberra ráðgjafa í þessu efni mun ráðgjöfin ekki ætíð letjandi.

Allt þetta og ýmislegt fleira gerir það skiljanlegt að gripið sé til fóstureyðinga, en það dregur ekki úr alvöru málsins.

Kirkjuþing telur því brýna nauðsyn bera til að lög kveði á um friðhelgi mannlegs lífs, tryggi rétt þess jafnt fyrir sem eftir fæðingu. Legvatnsrannsóknir og kannanir á ástandi fósturs má ekki framkvæma í öðru augnamiði en því að verða að liði, lækna sé þess þörf og það mögulegt. Hitt má aldrei vaka fyrir að svipta barnið lífi, virðist eitthvað að.

Nú þegar Alþingi kemur saman í fyrsta sinn eftir kosningar er þess vænst að nýir menn, sem þar koma til starfa, sýni þessu máli áhuga og alvöru ásamt þeim sem fyrir eru á Alþingi og vitað er að styðja endurskoðun á lögum þeim sem ályktunartillagan víkur að.

Samþykkt samhljóða.

Landlæknisembættið

NOKKUR ATRIÐI VARÐANDI FÓSTUREYÐINGAR SEM FRAMKVÆMDAR VORU ÁRIN 1972-1985

Hlutfallsleg skipting (%)

	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985
Samtals	136	194	219	274	368	456	455	556	523	597	613	689	745	705
Aldur														
-19	12.5	11.3	18.3	16.0	17.4	20.3	21.6	26.6	22.2	22.1	24.9	23.9	23.5	22.7
20-24	18.4	20.1	16.9	21.9	20.9	25.9	23.3	24.6	26.0	28.3	24.5	29.5	30.9	28.2
25-29	13.2	14.4	13.2	13.9	17.4	15.4	18.0	16.0	18.7	18.1	21.0	18.1	18.7	19.6
30-34	11.8	22.7	16.9	20.1	15.8	16.9	16.5	11.9	14.7	16.2	12.4	13.4	13.2	14.0
35-39	26.5	19.1	20.1	15.3	14.1	11.4	12.3	12.8	10.9	10.1	11.3	9.7	9.0	10.1
40-49	16.9	12.4	14.6	12.8	14.4	10.1	8.3	8.1	7.5	5.2	5.9	5.5	4.8	5.4
Ótilgreint	0.7	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Hjúskaparstaða														
Gift	54.4	59.3	55.7	47.8	45.4	41.7	42.9	36.0	29.8	33.2	32.6	27.9	25.0	26.8
Ógift	31.6	28.9	33.8	37.2	38.6	47.2	44.8	54.7	54.9	54.9	54.3	58.9	65.8	64.5
Áður gift	13.3	10.8	19.9	15.0	13.9	9.6	11.0	8.6	11.7	9.2	9.2	7.5	9.1	8.5
Ótilgreint	0.7	1.0	0.5	-	2.1	1.5	1.3	0.7	3.6	2.7	3.9	5.7	0.1	0.1
Fyrri fæðingar														
0	16.2	13.9	21.9	22.6	25.3	29.6	32.6	40.8	35.5	38.4	40.9	43.7	44.0	42.1
1	16.9	17.5	13.7	19.0	20.4	20.2	18.2	21.9	24.7	22.8	20.2	20.5	23.9	23.3
2	13.2	12.4	13.7	15.7	17.4	16.0	18.2	12.6	13.8	16.7	16.8	14.4	12.8	16.0
3	14.7	20.1	16.9	14.6	14.1	16.2	13.4	12.1	12.2	12.9	12.6	12.6	11.7	10.4
4 eða fl.	39.0	36.1	33.8	28.1	22.5	17.8	17.6	12.4	13.0	9.2	9.3	8.7	7.7	8.2
Ótilgreint	-	-	-	-	0.3	0.2	-	0.2	0.9	-	0.2	0.1	-	-
Fyrri fóstureyð.														
0	91.1	92.8	93.2	91.9	88.6	89.5	89.4	92.1	86.8	87.9	88.9	86.6	82.4	79.7
1	7.4	6.7	5.9	7.7	8.7	8 8	9.9	7.7	10.3	10.4	10.0	12.3	14.9	16.7
2 eða fl.	1.5	0.5	0.9	0.4	2.7	0.7	0.7	0.2	1.7	1.7	1.1	1.0	2.7	3.2
Ótilgreint	-	-	-	-	-	1.0	-	-	1.2	-	-	-	-	0.3
Lengd meðgöngu														
8 vikur	75.7	79.9	72.6	37.2	50.3	46.7	58.9	52.0	45.3	45.6	48.9	50.8	56.5	56.6
9-12 vikur	19.1	16.0	23.3	55.1	44.6	49.1	35.4	39.9	43.6	44.1	44.7	44.1	39.2	38.6
13-16 vikur	0.7	0.5	0.9	5.1	3.2	1.8	1.3	3.0	3.1	2.2	1.8	3.2	1.7	2.3
17 vikur eða lengur	-	-	-	1.1	-	0.6	-	1.3	-	0.4	0.5	0.9	1.1	1.8
Ótilgreint	4.5	3.6	3.2	1.5	1.6	1.8	2.9	3.8	6.9	7.2	4.1	1.0	1.5	0.7
Ástæður fóstureyðingar														
Félagslegar	-	-	-	32.5	63.1	77.9	71.9	75.0	85.1	87.9	88.6	89.8	92.8	87.7
Læknisfræðilegar	69.1	67.5	59.4	75.9	17.9	10.7	16.3	18.7	8.0	7.5	5.7	5.7	3.8	7.0
Bæði fél-og læknisfr.l.	30.9	32.5	40.6	-	18.5	10.3	11.0	5.8	5.9	4.4	5.1	3.9	3.5	5.1
Ótilgreint	-	-	-	-	0.5	1.1	0.8	0.5	1.0	0.2	0.6	0.6	0.5	0.3

Skýringar: 1972 til maí 1975: Fóstureyðingar framkvæmdar á grundvelli laga nr. 38/1935 og nr. 16/1938.
Maí 1975 og síðar: Fóstureyðingar framkvæmdar á grundvelli laga nr. 25/1975.

Sþ. 723. Fyrirspurn [383. mál]

til tryggingamálaráðherra um greiðslu fæðingarorlofs.

Frá Ragnhildi Helgadóttur.

Hvernig er hagað útborgun fæðingarorlofs ef sótt er um orlofið eftir fæðingu barns og hver eru áhrif staðgreiðslu skatta á þá tilhögun útborgunar?

Nd. 724. Nefndarálit [293. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta á nokkrum fundum. Borist hafa margar umsagnir og upplýsingar um málið og ýmsir aðilar hafa komið á fundi nefndarinnar út af frumvarpi þessu. Ekki náðist samstaða um afgreiðslu þess. Minni hl. nefndarmanna, þ.e. þeir sem undirrita þetta nefndarálit, leggur til að frumvarpið verði fellt.

Það er ekkert nýtt að ágreiningur sé milli manna um það hvernig best sé að skipa þessum málum. Þar sýnist sitt hverjum. Allir eru þó væntanlega sammála um að æskilegt sé að heildarneysla áfengis meðal einstaklinga og þjóða sé sem allra minnst.

Með hliðsjón af biturri reynslu margra annarra þjóða og öðrum sterkum rökum, sem fyrir liggja, teljum við að innflutningur, bruggun og sala á sterku öli hérlendis mundi auka heildarneyslu áfengis í landinu. Að sama skapi færi vaxandi sá mikli vandi sem tengist áfengisneyslu, bæði félagsleg vandamál og hvers kyns sjúkdómar sem á einn eða annan hátt tengjast ofnotkun áfengis, þar með talin drykkjusýki. Benda má sérstaklega á að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (World Health Organization) hefur beint því til aðildarþjóðanna að minnka áfengisneyslu um fjórðung til aldamóta. — Að því marki er nú stefnt meðal allra menningarþjóða.

Til frekari upplýsinga fylgja hér með nokkrar umsagnir og aðrar heimildir sem fyrir liggja um þessi mál.

Alþingi, 21. mars 1988.

Friðjón Þórðarson, frsm.	Geir Gunnarsson.	Ólafur Gränz.

Fylgiskjal I.

Tómas Helgason:

Ekki bjór.

(Morgunblaðið 11. mars 1988.)

Öll fræðileg rök benda til þess að sá skaði, sem áfengi veldur, vaxi með aukinni heildarneyslu. Rannsóknir hafa einnig sýnt að tíðni drykkjusýki er því meiri sem heildarneyslan er meiri. Reynsla annarra bendir ákveðið til að heildarneyslan aukist ef

áfengu öli er bætt á markaðinn. Ekkert bendir til að dragi úr neyslu annarra áfengra drykkja að ráði þó að áfengt öl bætist við. Hefðbundnir drykkjusiðir munu haldast en nýir bætast við þar sem gera má ráð fyrir að áfengis verði neytt oftar ef áfengt öl er fáanlegt. Aukning áfengisneyslu og skaðinn, sem því fylgir, er kjarni umræðunnar um áfengt öl á Íslandi. Þess vegna snertir bjórfrumvarpið heilbrigðismál og læknum ber siðferðileg skylda að vara við því.

Í Morgunblaðinu þann 8. mars reynir Þorvaldur V. Guðmundsson læknir að réttlæta ályktun sem hópur lækna sendi frá sér í desember til stuðnings bjórfrumvarpinu. Það er leitt til þess að vita að hann hefur ekki getað fylgst með þeim fjölda rannsókna sem hafa sýnt hvernig aukið framboð áfengis stuðlar að aukinni neyslu og hún aftur að auknum vandamálum. Ef Þorvaldur hefði fylgst með hefði hann ekki yfirgefið hóp þeirra sem „hálfvegis trúðu flestu því sem andstæðingar bjórsins sögðu um samband bjórs og heildarneyslu áfengis og vandamál tengd því". Þetta sýnir í hnotskurn hversu erfitt er að koma óþægilegum niðurstöðum rannsókna um skaðsemi áfengis til skila, m.a. vegna tilfinningalegra viðhorfa fólks og áróðurs framleiðenda og umboðsmanna þeirra.

Heildarneysla eykst með bjór.

Ekkert af því sem Þorvaldur bendir á sem veilur í röksemdafærslu gegn bjór dregur úr gildi þeirra raka sem fram hafa verið færð. Þau benda öll til þess að heildarneysla muni aukast með tilkomu bjórsins. Það er furðulegt að nokkrum lækni skuli detta í hug að skrifa undir ályktun þess efnis að notkun á skaðlegu og jafnvel banvænu efni aukist jafnvel þótt í svo litlum mæli væri eins og látið er í veðri vaka í þessari furðulegu ályktun sem tveir læknar hafa nú fundið þörf hjá sér til að réttlæta. Þorvaldur sýnir raunar línurit með grein sinni þar sem sést hvernig bilið á milli heildarneyslu á Íslandi annars vegar og í Noregi, Svíþjóð og Danmörku hins vegar hefur aukist, einkum á árunum 1967–1976. Hann notar þetta til að halda því fram að milliölið í Svíþjóð (sem innihélt 4,5% vínanda að rúmmáli) hafi ekki haft áhrif á þennan mun. Það er auðvitað alrangt. Þvert á móti sýna tölurnar sem línuritið byggir á að aukning á bilinu milli Íslands, Noregs og Danmerkur stafar líka af aukningu á neyslu áfengs öls, en það kom ekki í veg fyrir aukningu á öðru áfengi jafnframt á tímabilinu. Það hentaði hins vegar ekki að taka Finnland með á myndina þar sem þetta kemur þó alskýrast fram.

Meiri heildarneysla — meiri skaði.

Tæpur fimmtungur íslenskra lækna, sem vilja taka áhættuna af því að lögleiða áfengt öl, telja sér til afsökunar að sambandið milli heildarneyslu þjóðar og líkamlegra og félagslegra afleiðinga sé flókið. Það er þó ekki flóknara en svo að afleiðingar verða verri ef heildarneyslan eykst. Slíkt ætti að nægja hverjum lækni til að taka ekki áhættuna í þessu efni frekar en í venjulegum læknisstörfum.

Sér til afsökunar fyrir þessari furðuröksemd notuðu læknarnir bandarískar dánartölur um skorpulifur. Þeim virðist hins vegar hafa láðst að lesa skýringar sem nefndar voru með tölunum, m.a. að tímanlegri greining og betri meðferð hefði getað stuðlað að lægri dánartölu. Hins vegar hefur þeim líklega ekki verið kunnugt um bandaríska rannsókn (Wilson 1984) sem fjallar um sama efni, dánartölur vegna skorpulifrar árin 1970–1977 og heildarneyslu áfengis. Í þessari grein kemur fram með tímaraðagreiningu að heildardánartala vegna skorpulifrar lækkaði um 1,5% á ári, en að áfengisneysla jókst um 0,7% á ári og dánartala vegna skorpulifrar tengdri áfengisnotkun jókst um 2,3% á ári.

Mynd 1.



Það línurit, sem hér er sýnt, ætti að nægja til að sýna hvernig skaðinn, sem kemur fram í áfengistengdum dánarmeinum, margfaldast þegar heildarneysla áfengis eykst. Til skýringar er rétt að taka fram að það tekur nokkur ár fyrir sumar afleiðingarnar að koma í ljós. Þar af leiðandi kemur toppurinn á dánartíðninni af völdum áfengis aðeins á eftir toppinum á heildarneyslunni og ekki dregur úr skaðanum fyrr en nokkru eftir að heildarneyslan minnkar.

Meiri heildarneysla — fleiri drykkjusjúkir.

Þá heldur þessi læknahópur að lítið samband sé á milli fjölda drykkjusjúkra og heildarneyslu. Þetta er alrangt eins og sést á töflu sem hér fylgir með og var birt í grein minni í Morgunblaðinu þann 1. mars sl. Af henni sést greinilega að fjöldi drykkjusjúkra er mestur þar sem heildarneyslan er mest.

Tafla 1.

Hlutfall fullorðinna sem eru drykkjusjúkir á ákveðnum tíma og heildarneysla áfengis á íbúa á sama ári í þremur löndum.

	Drykkjusjúkir %	Heildarneysla lítrar á íbúa
Bandaríkin	6.5–8	8.3
Svíþjóð	3.1	5.6
Ísland	1.8	3.2

Þorvaldur vitnar til þess að stærstur hluti drykkjusjúklinga í Belgíu séu öldrykkjumenn og heldur að það sé óvenjulegt. Sýnir þetta enn ókunnugleika hans. Drykkjusjúklingar í hvaða landi sem er neyta fyrst og fremst þeirra tegunda sem mest eru notaðar í því landi og þar af leiðandi eru drykkjusjúklingar öllanda fyrst og fremst öldrykkjumenn.

Lokaorð.

Öll rök benda til þess að heildarneysla áfengis muni aukast með tilkomu áfengs öls og e.t.v. er áætlun Þjóðhagsstofnunar um aukningu lágmarksáætlun. Forsendur þessarar áætlunar er að finna í Morgunblaðinu frá 8. febrúar 1985.

Vegna þess skaða, sem aukin áfengisneysla veldur heilbrigði þjóðarinnar, ber að hafna bjórfrumvarpinu, enda gengur það í berhögg við íslenska heilbrigðisstefnu. Þess í stað ber að fylgja ákvæðum núgildandi áfengislaga, hætta öllum undanbrögðum og leyfa hvorki farmönnum né ferðamönnum að taka með sér áfengt öl inn í landið. Jafnframt þarf að gera ráðstafanir til að draga úr núverandi heildarneyslu áfengis, sérstaklega ölvunardrykkjunni.

Fylgiskjal II.

Bréf Geðlæknafélags Íslands til allsherjarnefndar.

(10. febrúar 1988.)

Í bréfi yðar frá 16. desember sl. var mælst til þess að Geðlæknafélag Íslands gæfi umsögn sína um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969, 42. mál.

Geðlæknafélag Íslands fjallaði um þetta mál á almennum félagsfundi þann 21. janúar sl. Á fundinum var eftirfarandi ályktun gerð:

„Geðlæknafélag Íslands telur að vísa beri frá fram komnu frumvarpi til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969, vegna þess að framleiðsla og sala áfengs öls hér á landi muni leiða til aukinnar áfengisneyslu og aukins tjóns á heilsufari þjóðarinnar.

Jafnframt leggur félagið til að Alþingi taki til umræðu tillögur áfengismálanefndar ríkisstjórnarinnar frá því í janúar 1987."

Sendist allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis hér með ályktun þessi.

Virðingarfyllst,

Högni Óskarsson
varaformaður.

Fylgiskjal III.

Bréf Þorkels Jóhannessonar, prófessors í lyfjafræði, til Ólafs G. Einarssonar, formanns allsherjarnefndar.

(2. mars 1988.)

Undirritaður hefur aflað sér frumvarps yðar um breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum. Af því tilefni vill undirritaður taka eftirfarandi fram:

1. Undirritaður er sérfræðingur í lyfjafræði og eiturefnafræði og hefur langa reynslu í því að meta bæði lyfhrif lyfja og eiturhrif eiturefna og hættulegra efna og þar á meðal kveða á

um merkingu þeirra og nú á síðustu árum ekki síst með tilliti til fósturskemmda, krabbameinsmyndunar og annarra kjarnaskemmda.

2. Undirritaður hefur í vaxandi mæli fyllst ugg yfir þeirri hættu sem stafar af neyslu áfengis í hverju formi sem er og ekki aðeins ef um alkóhólista er að ræða (neysla á ávana- eða fíknistigi), heldur og við neyslu á félagslegu stigi. Undirritaður telur þannig að neysla verðandi móður á áfengi sé *aldrei án hættu fyrir fóstrið.*
3. Á síðustu árum hafa sífellt komið fram fleiri rök því til stuðnings að etanól, sem er hið vímugefandi efni í áfengi, sé krabbameinshvati (promotor) og ekki aðeins ef þess er neytt á ávana- og fíknistigi *heldur einnig á félagslegu stigi* ... Þess skal getið að með krabbameinshvata er átt við efni sem hvetur („promoterar") krabbamein af völdum annarra efna sem beinlínis leiða til myndunar krabbameins (krabbameinsvaldar; carcinogen).
4. Í flestum áfengistegundum er og efni sem sennilega er krabbameinsvaldur. Enda þótt nú sé unnið að því að fjarlægja þetta efni úr áfengi eða setja ákvæði um hámark þess í áfengi (markgildi) er ástandið ekki allt of tryggt í þessu efni.
5. Af framansögðu telur undirritaður fyllilega athugandi að merkja skuli öll söluílát undir áfenga drykki, a.m.k. með tilliti til fjögurra atriða: 1) *neysla áfengis getur valdið drykkjusýki (alkóhólisma),* 2) *þunguðum konum er ráðlagt að neyta ekki áfengis vegna hættu á fósturskemmdum,* 3) *neysla áfengis getur valdið eða stuðlað að krabbameini í ýmsum líffærum,* 4) *áfengi og akstur vélknúinna ökutækja fer ekki saman.* (Þetta síðasta á að vera með í nafni „umferðarátaks" vegna gildistöku nýrra umferðarlaga). Slíkar merkingar eiga og enn meiri rétt á sér ef fjölga á söluílátum áfengis eins og þér raunar leggið til með frumvarpinu.
6. Aðeins að uppfylltum skilyrðum 5. liðar að framan telur undirritaður að þér getið gengið til liðs við afstöðu meiri hluta þjóðarinnar („að svo miklu leyti sem hún hefur verið könnuð", eins og þér segið í niðurlagi greinargerðar með frumvarpinu) um að fjölga stórlega söluílátum áfengis hér á landi með þar af leiðandi vaxandi hættu á líffæraskemmdum af völdum áfengis *án þess að ganga jafnframt í berhögg við yfirlýstan vilja Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um að minnka áfengisneyslu að marki á næstu árum og yfirlýstan vilja núverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í forvarnarmálum.*
7. Enda þótt undirritaður hafi oft orðið þess var að álit sérfræðinga í lyfjafræði og eiturefnafræði sé lítils metið bæði af leikum sem lærðum er það þó von undirritaðs að þér kynnið bæði landlækni og forstjóra ÁTVR efni þessa bréfs og leitið álits þeirra svo sem við á áður en þér aðhafist meir í þá veru að fjölga söluílátum áfengis hér á landi.

Virðingarfyllst,

Þorkell Jóhannesson.

Fylgiskjal IV.

Umsögn Landssambands lögreglumanna.

Vegna bréfs yðar frá 26. nóvember sl. vill stjórn Landssambands lögreglumanna taka eftirfarandi fram:

Stjórn LL telur margt benda til að heildarneysla áfengis muni aukast, a.m.k. til að byrja með, ef leyfð verði sala áfengs öls. Þá sé líklegt að áfengisneysla unglinga verði almennari og

hætta sé á að hún færist neðar í aldursstigann. Einnig megi búast við því að sala á áfengu öli muni auka áfengisneyslu á vinnustöðum, en slíkt auki hættu á vinnuslysum og dragi úr afköstum. Verði þetta frumvarp samþykkt megi reikna með verulega auknum verkefnum lögreglunnar, m.a. vegna ölvunaraksturs, og við því þurfi að bregðast með efiingu eftirlits og löggæslu.

Stjórn LL telur ljóst að mikið magn af áfengu öli sé nú þegar flutt inn í landið með ferðamönnum og áhöfnum fara. Með slíkum innflutningi verði til óeðilegur aðstöðumunur þegnanna.

Að lokum vill stjórn LL undirstrika mikilvægi þess að áfengt öl verði aldrei selt í öðrum verslunum en ÁTVR og eftirlit með sölu þess verði ekki lakara en með sölu annars áfengis. Áfengt öl verði ekki ódýrara en sambærilegur vínandi í öðrum áfengistegundum. Þá verði fræðsla um skaðsemi alls áfengis stóraukin.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar LL,

Einar Bjarnason
formaður.

Guðmundur Gígja
ritari.

Fylgiskjal V.

Áfengismálaumræða á villigötum.
Bjórfrumvarpið er tímaskekkja.
Áskorun lækna sem vinna að meðferð áfengissjúklinga.

Undirritaðir læknar, sem allir vinna að meðferð áfengissjúklinga, skora hér með á alþingismenn að vísa frá frumvarpi um breytingu á áfengislögum sem er fram komið til þess að leyfa bruggun og sölu áfengs öls hér á landi. Við teljum þetta frumvarp tímaskekkju þegar annars gætir vaxandi áhuga á nauðsyn heilsuverndar og forvarna. Það er augljóst að sala áfengs öls yrði til að auka heildarneyslu áfengis í landinu og þar með til að auka þann samfélags- og heilsufarsvanda sem hlýst af neyslu áfengis. Slík er reynsla frændþjóða okkar. Reynsla Svía af milliölinu er fræg að endemum. Með tilkomu þess jókst heildarneysla áfengis verulega og minnkaði aftur er sölu þess var hætt. Sala milliölsins varð ekki til að draga úr neyslu sterkari drykkja, þvert á móti dró hún mjög verulega úr sölu minna áfengs öls. Hjá Finnum, sem hafa svipaðar drykkjuvenjur og við, bættist ölið við aðrar áfengistegundir. Því miður er ekkert hér á landi sem bendir til þess að öðruvísi fari hér, jafnvel þótt bjórinn verði eingöngu seldur í Áfengisverslun ríkisins sem raunar verður ekki því að hann verður áreiðanlega seldur á yfir 130 vínveitingastöðum sem nú þegar eru til.

Nýlegar faraldsfræðilegar rannsóknir sýna að hér á land hafa líkurnar til að verða áfengismisnotkun að bráð aukist verulega samfara aukinni áfengisneyslu þjóðarinnar. Eftir að augu manna í öðrum löndum hafa opnast betur fyrir þeirri heilsuvá sem áfengisneyslu fylgir hefur einnig komið í ljós að tíðni drykkjusýki þar er mun hærri en hér á landi. Nefna má sem dæmi að algengi drykkjusýki er verulega meiri í Svíþjóð og Bandaríkjunum en á

Íslandi, enda heildarneysla áfengis þar mun meiri en hér. Aðrir fylgikvillar ofnotkunar áfengis að meðtöldum lifrarskemmdum eru algengari þar en hér. Vegna þess að dauðsföll af völdum skorpulifrar hafa alla tíð verið mjög fá hér á landi, meira að segja meðal íslenskra drykkjumanna, hefur ekki verið hægt að nota tíðni þeirra til þess að áætla algengi misnotkunar áfengis hér eins og gert hefur verið í öðrum löndum. Af þessum sökum verður ekki heldur ályktað um tengsl heildarneyslu áfengis og lifrarskemmda út frá breytingum sem verða á dánartíðni af völdum skorpulifrar hér á landi og síst þegar þessar breytingar eru ekki tölfræðilega marktækar. Ástæða þess að skorpulifur er miklu sjaldgæfari á Íslandi en í nokkru öðru vestrænu landi er meðal annars sú að heildarneysla áfengis hér er og hefur lengi verið minni. **Ein meginskýringin á því að heildarneysla áfengis á Íslandi er minni en annars staðar er sú að hér hefur ekki verið leyfð framleiðsla og sala áfengs öls.**

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin leggur áherslu á að draga skuli úr heildaráfengisneyslu vegna þess að víðtækar rannsóknir um allan heim hafa sýnt fram á tengsl hennar við hvers kyns heilbrigðisvandamál, andleg, líkamleg og félagsleg. Til þess að ná þessu markmiði bendir stofnunin á ýmsar leiðir, svo sem hömlur á sölu og dreifingu áfengis ásamt fræðslu.

Bent er á það í ritum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar að nýir drykkjusiðir, sem fylgdu í kjölfar breytinga, hafi aðallega bæst við þá sem fyrir voru, en ekki komið í þeirra stað, sbr. reynslu Finna sem áður var vikið að. Í því sambandi er rétt að minna á að það er eitt að banna tegund áfengis sem áður hefur verið leyft að framleiða og selja, annað að leyfa framleiðslu og sölu nýrra tegunda eins og stefnt er að með bjórfrumvarpinu, en það hefur leitt áfengismálaumræðuna inn á þær villigötur sem hún er nú á.

Áfengi er jafnskaðlegt heilsu manna í hvaða formi sem er hvort heldur áfengu öli eða öðru. Þess vegna er fráleitt að eyða dýrmætum tíma alþingismanna í að fjalla aðeins um það hvort leyfa skuli enn þá eina tegund áfengis í stað þess að ræða stefnumótun í áfengismálum í heild eins og ætlunin var að gera samkvæmt einróma samþykkt Alþingis í maí 1981. Vorið 1983 var skipuð fjölmenn nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum og skilaði hún lokatillögum sínum í janúar 1987. Þar er að finna ákveðnar tillögur um mótun áfengismálastefnu næstu ára í samræmi við þau sjónarmið sem koma fram í heilbrigðisáætlun Íslands og stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Það er skylda Alþingis að taka þessar tillögur til umræðu og taka ákvörðun um framtíðarstefnu yfirvalda í áfengismálum áður en fjallað er um einstakar tillögur um breytingar á áfengislögum sem geta valdið þjóðinni óbætanlegu tjóni eins og bjórfrumvarpið mun gera ef það verður samþykkt.

Jóhannes Bergsveinsson,
geðdeild Landspítalans.

Þórarinn Tyrfingsson,
sjúkrastöðinni Vogi.

Alma Þórarinsson,
geðdeild Landspítalans.

Hallgrímur Magnússon,
geðdeild Landspítalans.

Oddur Bjarnason,
geðdeild Landspítalans.

Ólafur Grímsson,
geðdeild Landspítalans.

Óttar Guðmundsson,
sjúkrastöðinni Vogi.

Valur Júlíusson,
sjúkrastöðinni Vogi.

Fylgiskjal VI.

Árni Einarsson, ritari samvinnunefndar bindindismanna:

Ölórar: Áhrif bjórs á heildarneyslu áfengis.
(DV, 23. febr. 1988.)

Ýmsir þeirra sem hvetja til þess að bjór verði leyfður í landinu halda því fram máli sínu til stuðnings að með því muni draga úr neyslu á sterku (brenndu) áfengi og jafnframt verði heildarneysla áfengis í landinu óbreytt. Meðal annars segir í greinargerð „frumvarps til laga um breytingu á áfengislögum" (les: bjórfrumvarp) — máls nr. 42 — að „áfengt öl muni valda því að minna verði neytt af sterkum drykkjum ..." (bls. 4) og að með því að fella áfengt öl inn í verðstýringarkerfi, sem miðar að því að halda verði á áfengi sem hæstu, megi halda heildarneyslu áfengis niðri (bls. 5).

Jafnframt þessu er stundum látið að því liggja að Íslendingar drekki meira af sterku áfengi en aðrar þjóðir. Þessu er alls ekki svo farið.

Getum við miðað við aðrar þjóðir?

Neysla Íslendinga á sterku áfengi er rétt í meðallagi miðað við aðrar þjóðir. Neysla á sterku áfengi hér á landi er svipuð og t.d. Frakka, Ítala, Japana, Svisslendinga og Svía. Neysla Finna, Hollendinga, Vestur-Þjóðverja, Spánverja og Bandaríkjamanna er nokkru meiri og Kanadamanna allmiklu meiri en okkar svo að nokkar þjóðir séu nefndar.

En lítum aðeins á þann möguleika að bjórinn auki ekki heildarneyslu áfengis. Fyrsta spurningin er auðvitað sú hve mikið af bjór líklegt sé að landsmenn muni innbyrða. Getum við miðað við aðrar þjóðir hvað það varðar? Er líklegt að við munum drekka álíka mikinn bjór og Danir, Norðmenn, Svíar eða Finnar? Eða er líklegra að við tökum upp siði annarra fjarskyldari þjóða? Eða er e.t.v. réttara að nota myndbanda- og farsímaæði okkar sjálfra til viðmiðunar? Þá er hætt við að jafnvel „danskurinn megi fara að vara sig".

Líklega svipar drykkjusiðum Finna mest til þeirra er tíðkast hér á landi en sterkvínsneysla þeirra er þó nokkru meiri. Í þessu dæmi skulum við samt nota þá til viðmiðunar og láta sem hinn bernski draumur um óbreytta heildarneyslu rætist.

Tveir möguleikar.

Gefum okkur tvo möguleika: Annan að bjórneysla verði hér helmingur þess sem er í Finnlandi. Hinn að við stöndum okkur ekki síður en Finnar og innbyrðum jafnmikið. Niðurstaðan sést á myndinni sem hér fylgir.



Til að við yrðum aðeins hálfdrættingar á við Finna þyrfti sterkvínsdrykkja hér að verða minni en í nokkru öðru landi í Evrópu (kostur 1). Ef fer eins og áætlað er í seinni möguleikanum þyrfti sterkvínsdrykkja nánast að hverfa (kostur 2). Hér er að sjálfsögðu miðað við að bjórdrykkjan verði einungis á kostnað sterkra drykkja og að heildarneysla aukist ekki.

Markmiðið.

Ekki verður í þessu litið fram hjá þeim möguleika að við bætum einfaldlega bjórnum við aðra áfengisneyslu og neytum svipaðs magns og aðrar Norðurlandaþjóðir og liti þá dæmið út eins og sýnt er með kosti 3 á myndinni. Hér er vissulega brugðið á leik í útreikningum, en mikilvægt er að fólk reyni að gera sér einhverja mynd af þeim áhrifum sem áfengur bjór mundi hafa á heildarneyslu áfengis. Við hljótum að stefna að því að halda henni sem lægstri.

Áfengisneysla Íslendinga hefur aukist lítið síðustu ár og margir farnir að telja að nokkur stöðugleiki sé kominn á neysluna. Nú er að sjá hverju Jón Magnússon og félagar kunna að fá til leiðar komið og hvernig sagan mun dæma framlag þeirra til bættrar heilsu Íslendinga.

Sþ. 725. Svar [336. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Ingibjargar Daníelsdóttur um fullvirðisrétt.

Ráðuneytið sendi fyrirspurn þessa til Framleiðsluráðs landbúnaðarins og hefur nú fengið eftirfarandi upplýsingar:

1. Skipting á fullvirðisrétti verðlagsárið 1987–1988.

Sýsla	Mjólk		Blönduð bú		Sauðfjárbú	
	Samtals	Undir 300	Samtals	Undir 300	Samtals	Undir 300
Gullbringu- og Kjósarsýsla	9	3	18	4	66	64
Borgarfjarðarsýsla	20	6	66	15	101	90
Mýrasýsla	19	4	58	14	78	60
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	8	2	56	14	108	92
Dalasýsla	7	1	40	13	117	77
Barðastrandarsýsla	14	10	25	10	65	50
Ísafjarðarsýsla	3	2	43	15	76	58
Strandasýsla	0	0	4	0	127	84
Vestur-Húnavatnssýsla	6	2	47	8	124	70
Austur-Húnavatnssýsla	11	1	62	11	134	99
Skagafjarðarsýsla	25	6	113	29	220	198
Eyjafjarðarsýsla	42	2	167	16	108	98
Suður-Þingeyjarsýsla	28	7	115	24	182	153
Norður-Þingeyjarsýsla	3	0	2	0	110	63
Norður-Múlasýsla	9	3	26	6	220	164
Suður-Múlasýsla	10	8	60	19	140	119
Austur-Skaftafellssýsla	4	0	34	6	74	55
Vestur-Skaftafellssýsla	7	4	80	20	105	81
Rangárvallasýsla	26	5	178	20	179	161
Árnessýsla	73	8	184	17	193	172
Samtals	324	74	1378	261	2527	2008

2. Aldursskipting framleiðenda með undir 300 ærgilda fullvirðisrétt.

Sýsla	70 ára og eldri	51–70 ára	31–50 ára	30 ára og yngri	Óvíst
Gullbringu- og Kjósarsýsla	25	31	13	1	1
Borgarfjarðarsýsla	25	46	33	6	1
Mýrasýsla	17	29	27	5	0
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	22	42	32	10	2
Dalasýsla	22	35	21	11	2
Barðastrandarsýsla	13	34	17	6	0
Ísafjarðarsýsla	16	39	15	4	1
Strandasýsla	14	30	37	3	0
Vestur-Húnavatnssýsla	20	37	20	3	0
Austur-Húnavatnssýsla	26	40	35	8	2
Skagafjarðarsýsla	29	106	86	12	0
Eyjafjarðarsýsla	19	54	40	3	0
Suður-Þingeyjarsýsla	26	84	65	9	0
Norður-Þingeyjarsýsla	12	31	15	5	0
Norður-Múlasýsla	24	82	52	15	0
Suður-Múlasýsla	29	67	42	8	0
Austur-Skaftafellssýsla	12	25	18	6	0
Vestur-Skaftafellssýsla	31	41	28	5	0
Rangárvallasýsla	49	84	42	11	0
Árnessýsla	38	88	60	10	1
Samtals	469	1025	698	141	10

Greinargerð með töflunum.

1. Í 1. töflu er sýnd skipting fullvirðisréttar og er þar skipt eftir því hvort þar er um að ræða bú með einhliða mjólkurframleiðslu, blandaða framleiðslu eða einhliða sauðfjárframleiðslu. Allar tölur án slíkrar skiptingar eru mjög villandi eins og taflan sýnir glöggt.

   Hér er réttur talinn miðað við fullvirðisréttarnúmer (þau eru stundum fleiri á sömu jörð ef þar eru fleiri aðilar með aðskilinn búrekstur). Sleppt er öllum þéttbýlisbúum. Þá er sleppt þeim sem hafa minna en 10 ærgilda fullvirðisrétt.

   Athygli er vakin á því að þegar þetta er unnið er ekki lokið úthlutun búnaðarsambanda vegna mjólkur á Snæfellsnesi, í Dalasýslu og á vissum svæðum á Austurlandi. Einstaka mjólkurframleiðandi og blönduð bú á þessum svæðum kunna að fara yfir 300 ærgilda mörkin þegar úthlutun er lokið.

   Kaup Framleiðnisjóðs eru komin í skrár fyrir mjólkurrétt, en ekki fyrir sauðfjárrétt. Bent skal á að allmörg bú í Barðastrandarsýslu, sem teljast mjólkurframleiðslubú, eru bú sem eru fjárlaus sem stendur eftir niðurskurð sauðfjár vegna riðu. Slíkt á einnig við um einstakar jarðir á öðrum svæðum. Fjölmarga fleiri þætti þarf að hafa í huga þegar þessar tölur eru notaðar.
2. Ekki er tekið fram á hvern hátt óskað er að aldursskipting sé tilgreind og er því valin sú skipting sem sýnd er í 2. töflu. Hér er tekinn aldur þess sem talinn er fyrstur fyrir viðkomandi búmarksnúmeri.

3. Bændur með 300 ærgilda bú og minna, án annarra tekna.

Upplýsingar þær, sem hér er beðið um, er ekki að finna í gögnum Framleiðsluráðs. Slíkar upplýsingar eru líklega ekki tiltækar nema þá hjá skattyfirvöldum. Á það má samt benda að í búrekstrarkönnunum, sem Ræktunarfélag Norðurlands hefur látið vinna fyrir Norðurland og Búnaðarsamband Vestfjarða á sínu starfssvæði, er að finna upplýsingar sem lúta að þessum þætti. Sýnir 1. tafla samt augljóslega að verulegur hluti sauðfjárbúskapar er orðinn hliðarframleiðsla með annarri tekjuöflun.

Sþ. 726. Tillaga til þingsályktunar [384. mál]

um stefnu Íslendinga gagnvart Evrópubandalaginu.

Flm.: Kjartan Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að skipa nefnd sjö alþingismanna eftir tilnefningu þingflokka til þess að taka til sérstakrar athugunar þá þróun sem fyrir dyrum stendur í Evrópu, einkanlega með tilliti til ákvörðunar Evrópubandalagsins um sameiginlegan innri markað.

Nefndin skal kanna áhrif þessara ákvarðana og líklegrar þróunar í Evrópu á íslenskt efnahagslíf og meta þær leiðir sem álitlegastar eru til þess að laga íslenskt efnahags- og atvinnulíf að þeim breytingum sem fram undan eru. Í starfi sínu skal nefndin hafa samráð við samtök atvinnulífsins. Nefndin skili skýrslu um athuganir sínar og tillögur fyrir árslok 1988.

Greinargerð.

Sú þróun, sem nú á sér stað í Evrópu með tilliti til ákvörðunar Evrópubandalagsins um sameiginlegan innri markað 1992, varðar mjög hagsmuni Íslands. Fram undan er að taka ákvarðanir um með hvaða hætti Ísland lagar sig að þessum nýju aðstæðum. Mikilvægt er að almenn umræða fari fram um þessa þróun og stöðu Íslands í því sambandi. Slík umræða þarf að vera á traustum grunni. Þeirri nefnd, sem hér er lagt til að skipuð verði, er ætlað að stuðla að því.

Um það mun almenn samstaða að aðild Íslands að Evrópubandalaginu sé ekki á dagskrá að sinni og kemur þar margt til sem ekki verður rakið hér. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að tryggja hagsmuni Íslands gagnvart bandalaginu sem best.

Í þessu sambandi er vert að benda á mikilvægi eftirtalinna atriða:

1. Kappkostað verði að fylgjast vel með þeim ákvörðunum sem fram undan eru hjá Evrópubandalaginu og að koma jafnharðan sjónarmiðum Íslands á framfæri. Því verður að halda áfram viðræðum við bandalagið um samskipti og samstarf þar sem sérstaða Íslands verði kynnt sérstaklega jafnframt því sem leitað verði eftir samstarfi á völdum sviðum.
2. Aðild Íslands að EFTA verði nýtt til hins ýtrasta til þess að tryggja hagsmuni Íslands í samningaumleitunum og viðræðum milli EFTA og EB um afnám viðskiptahindrana. Ísland þarf að hvetja til þess að EFTA verði eflt og stutt til þess að sinna þessum verkefnum.
3. Aukið verði samstarf ráðuneyta til þess að tryggja örugga miðlun upplýsinga og samræmi í ákvörðunum um Evrópumálin. Jafnframt verði komið á reglulegu samráði við samtök atvinnulífsins um þessi málefni.

4. Gerð verði sérstök athugun á því hvernig íslensk hagstjórn verði löguð að hinum nýju aðstæðum og færð til betra samræmis við það sem gerist í helstu samskipta- og viðskiptalöndum Íslendinga með það að markmiði að auka hagvöxt og stuðla að auknum stöðugleika í íslensku efnahagslífi.

Aðrar EFTA-þjóðir, eins og Noregur, Svíþjóð og Sviss, hafa látið vinna skýrslur um þróun Evrópubandalagsins, viðhorf sín og stefnumörkun í því sambandi. Slíkar skýrslur skýra málin og eru undirstaða frekari umfjöllunar um málið. Eðlilegt er að Alþingi Íslendinga hafi frumkvæði að sams konar álitsgerð að því er varðar stöðu Íslands. Alþingi þarf að hafa sem gleggsta yfirsýn yfir þessi mál og nauðsynlegt er að þingmenn verði virkir þátttakendur í mati á aðstæðum og stefnumörkun. Þessari tillögu er ætlað að tryggja að svo verði.

Nd. 727. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um breyt. á iðnaðarlögum, nr. 42 18. maí 1978.

Frá 1. minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið en varð ekki einhuga um afgreiðslu málsins. Undirritaður skilar því séráliti.

Með samþykkt frumvarpsins er Alþingi að afsala sér valdi, sem það hefur nú, í hendur iðnaðarráðherra. Það telur undirritaður óskynsamlegt. Réttara er að það sé ákvörðun Alþingis hverju sinni hvort útlendingum er heimilað að eiga meiri hluta í fyrirtækjum á Íslandi en láta það ekki vera geðþóttaákvörðun iðnaðarráðherra.

Við umfjöllun í nefndinni kom fram að ástæðan fyrir flutningi frumvarpsins nú er sú að erlent efnaiðnaðarfyrirtæki hafi áhuga á að setja hér upp efnaiðnað með þátttöku íslensks fyrirtækis. Ekki fékkst upplýst nákvæmlega um hvers konar efnaiðnað væri að ræða.

Undirritaður telur að eðlileg aðferð væri að leggja fram frumvarp um það samstarfsverkefni en treystir sér ekki til að standa að því valdaafsali Alþingis sem hér er um að ræða og leggur því til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 17. mars 1988.

Páll Pétursson.

Sþ. 728. Þingsályktun [83. mál]

um nýtingu á kartöflum.

(Afgreidd frá Sþ. 21. mars.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvort hægt sé að nýta þær miklu kartöflubirgðir sem til eru í landinu.

Ed. 729. Frumvarp til laga [385. mál]

um breytingu á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Svavar Gestsson, Guðmundur Ágústsson, Guðrún Agnarsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Kolbrún Jónsdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Skúli Alexandersson.

1. gr.

Við A-lið 6. gr. laganna, sbr. lög nr. 1/1988, bætist nýr töluliður sem orðist svo:

23. Bifreiðar sem notaðar eru til almenningssamgangna eftir ákvörðun fjármálaráðherra og með skilyrðum sem hann setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Jón G. Tómasson skrifaði fyrir hönd borgarstjóra þingmönnum Reykjavíkur svofellt bréf 10. febrúar síðastliðinn:

„Á fundi borgarstjórnar 4. þ.m. var samþykkt að fara þess á leit við Alþingi að það felli niður söluskatt og aðflutningsgjöld af innflutningi nýrra strætisvagna til Strætisvagna Reykjavíkur.

Í greinargerð með tillögunni sagði svo:

Þjóðhagsleg hagkvæmni almenningssamgangna hér á höfuðborgarsvæðinu er óumdeilanleg. Fjölgun einkabíla hefur á undanförnum árum orðið mun hraðari en spár sögðu til um og nú er svo komið að bílaeign er búin að ná því marki sem álitið var að yrði um næstu aldamót. Nýjar athuganir Hollustuverndar ríkisins hafa sýnt fram á að mengun er hér orðin meiri af völdum umferðar en í mörgum borgum Evrópu.

Með samþykkt þessarar tillögu taka Alþingi og ríkisstjórn þátt í sérstöku átaki til að sporna við þessum geigvænlegu áhrifum mengunar og slysa sem fylgja gífurlegri aukningu einkabílaumferðar.

Skorar borgarstjórn á þingmenn Reykvíkinga að fylgja þessu máli fast eftir.“

Frumvarpið er flutt í samræmi við þessa samþykkt borgarstjórnar og lagt til að söluskattur falli niður af bílum til almenningssamgangna.

Frumvarpið miðast ekki aðeins við Reykjavík og er því fjármálaráðherra ætlað að setja almennar reglur um þessa undanþágu.

Nd. 730. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um breyt. á iðnaðarlögum, nr. 42 18. maí 1978.

Frá 2. minni hl. iðnaðarnefndar.

Í litlu þjóðfélagi eru fyrirtæki smá og bera svipmót þess samfélags sem þau eru sprottin upp úr. Heill og gengi þeirra er samofið þjóðarhag þó að ágóði þeirra sé höfuðmarkmið. Um erlend fyrirtæki gegnir öðru máli. Mörg þeirra tengjast líka fjölþjóðahringum og um þá gilda

enn harðari reglur og lögmál. Þeir teygja arma til ótal landa og hafa eigin ágóða einan að leiðarljósi. Heill einnar smáþjóðar skiptir þau harla litlu. Íslendingar hafa margra alda reynslu af erlendum fyrirtækjum sem náð hafa fótfestu í lengri eða skemmri tíma hér á landi og hana yfirleitt mjög slæma. Við höfum dregið lærdóm af þessari reynslu bæði fyrr og nú.

Árið 1857 lagði Danakonungur fyrir Alþingi beiðni Frakka um leyfi til að koma á fót fiskiðnaðarfyrirtæki í Dýrafirði. Um það mál hafði Jón Sigurðsson forseti þau orð að sér hefði fundist rétt að tilmælunum hefði strax verið svarað með kurteislegri neitun, og þingheimur hafnaði algerlega beiðni Frakka og undirstrikaði viðhorf sitt um það að herða þyrfti á lögum og eftirliti gagnvart erlendri ásókn í aðstöðu og auðlindir hér á landi. Frumvarp sem iðnaðarráðherra lagði fram var samþykkt sem lög árið 1978 og gengu þau í sömu átt og voru sett að yfirsýn flestra helstu forustumanna í íslensku atvinnulífi. Ekki verður séð að nú gildi önnur lögmál.

Frumvarp það, sem hér um ræðir, gefur iðnaðarráðherra skýlausan og nær ótakmarkaðan rétt til að veita erlendum fyrirtækjum heimild til að eiga meiri hluta í íslenskum fyrirtækjum og raunar opnar það leið til þess að erlend fyrirtæki reki hér starfsemi án þess að Íslendingar eigi þar nokkra aðild að. Þetta telur undirrituð stórvarhugavert og leggur til að frumvarpið verði fellt.

Geir Gunnarsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur þessu áliti.

Alþingi, 21. mars 1988.

Guðrún J. Halldórsdóttir.

Sþ. 731. Fyrirspurn [386. mál]

til menntamálaráðherra um framfærslumat námsmanna og lánveitingar til þeirra frá 1. des. 1984 til 1. mars 1988.

Frá Elínu Jóhannsdóttur.

Hvernig hefur framfærslumat námsmanna og lánveitingar til þeirra þróast frá 1. des. 1984 til 1. mars 1988? Svar óskast sundurgreint með eftirfarandi atriðum:

1. Þróun framfærslu námsmanns utan foreldrahúsa frá 1. des. 1984 til 1. mars 1988 og vísitala framfærslukostnaðar á sama tímabili og hvernig framfærslan hefði þróast ef fylgt hefði verið framfærsluvísitölu eins og gert var fram að þessum tíma.
2. Þróun framfærslu námsmanns frá 1. des. 1984 til 1. mars 1988 og þróun ellilífeyris, heimilisuppbótar og tekjutryggingar, miðað við þróun framfærsluvísitölu á sama tímabili.
3. Ráðstöfunartekjur ellilífeyrisþega annars vegar og námsmanns í 9 mánaða námi hins vegar, miðað við vaxandi tekjur hvors um sig; miðað við 12 mánaða framfærslu ef notaðir eru desembermánuðir árin 1984, 1985, 1986, 1987 og mars 1988.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 732. Tillaga til þingsályktunar [387. mál]

um aðgerðir til að koma í veg fyrir innflutning á vörum á fölsuðum upprunaskírteinum.

Flm.: Ingi Björn Albertsson.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að skipa nú þegar nefnd er hafi það hlutverk að leita leiða til þess að koma í veg fyrir innflutning á vörum á fölsuðum upprunaskírteinum. Nefndin skili fullmótuðum tillögum eigi síðar en 1. október 1988.

Greinargerð.

Hinn 14. jan. sl. svöruðu fjármála- og viðskiptaráðherrar fyrirspurn á þingskjali 489 frá flutningsmanni þessarar tillögu um innflutning á vörum á fölsuðum upprunaskírteinum. Í svörum ráðherranna kom fram að nokkurs úrræðaleysis gætir gagnvart slíkum innflutningi. Þess vegna er þessi tillaga lögð fram.

Nd. 733. Frumvarp til laga [100. mál]

um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

(Eftir 2. umr. í Nd., 22. mars.)

1. gr.

Lög þessi taka til sjóða og stofnana sem starfa samkvæmt skipulagsskrá staðfestri af dómsmálaráðherra samkvæmt lögum þessum eða samkvæmt skipulagsskrá staðfestri af forseta Íslands eða konungi fyrir gildistöku laga þessara, sbr. þó 2. mgr.

Undanskildir lögum þessum eru þó þeir sjóðir og stofnanir sem stofnað er til með lögum, ákvörðunum Alþingis eða milliríkjasamningum enda þótt skipulagsskrá þeirra sé staðfest.

2. gr.

Stofnfé sjóðs eða stofnunar skal vera 300 000 kr. hið minnsta miðað við lánskjaravísitölu þá sem í gildi er við gildistöku laganna og breytist síðan árlega í samræmi við þá vísitölu í janúarmánuði. Skal dómsmálaráðherra auglýsa árlega lágmarksupphæð. Heimilt skal þó ef sérstakar ástæður þykja mæla með að stofnfé nemi lægri upphæð.

Í skipulagsskrá skal greina stofnfé og hvaðan það er runnið, svo og hvert skuli vera markmið sjóðs eða stofnunar og hvernig fé skuli varið til að ná þeim markmiðum. Þá skal greina skýrt hvernig stjórn sjóðs eða stofnunar skal skipuð og hver bera skuli ábyrgð á fjárvörslu.

Dómsmálaráðherra skal halda skrá um alla sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og nefnist hún sjóðaskrá.

Staðfestar skipulagsskrár og breytingar á þeim skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

3. gr.

Sá sem ábyrgð ber á sjóði eða stofnun skal eigi síðar en 30. júní ár hvert senda Ríkisendurskoðun reikning sjóðsins eða stofnunarinnar fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé sjóðs eða stofnunar hefur verið ráðstafað á því ári.

Stjórn sjóðs eða stofnunar skal jafnframt tilkynna sjóðaskrá hverjir skipi stjórn hverju sinni.

Ríkisendurskoðun skal halda skrá yfir heildartekjur og gjöld svo og eignir og skuldir allra skráðra sjóða og stofnana, svo og athugasemdir sínar við framlagða reikninga. Skal færa nýjar upplýsingar í skrána eftir því sem þær berast. Aðgangur að upplýsingum í skránni er öllum frjáls og skal láta í té afrit af henni til þeirra sem eftir því leita.

4. gr.

Hafi skýrsla og reikningur sjóðs eða stofnunar eigi borist í eitt ár eða reikningsskil reynast ófullkomin getur dómsmálaráðherra, að fengnum tillögum Ríkisendurskoðunar, falið lögreglustjóra að rannsaka fjárreiður sjóðsins eða stofnunarinnar og taka í sína vörslu skjöl og eignir. Skal lögreglustjóri hafa fjárvörsluna á hendi þar til dómsmálaráðherra hefur skipað málum á annan veg.

Kostnað, sem leiðir af rannsókn á fjárreiðum og vörslu sjóðs, má leggja á viðkomandi sjóð eða stofnun eftir mati dómsmálaráðherra og í samráði við Ríkisendurskoðun.

5. gr.

Eigi má selja eða veðsetja fasteignir sem eru eign sjóðs eða stofnunar, nema að fengnu samþykki dómsmálaráðherra. Áður en tekin er afstaða til umsóknar um veðsetningu eða sölu slíkrar fasteignar skal leitað umsagnar Ríkisendurskoðunar.

6. gr.

Nú hafa þjóðfélagshættir og aðstæður breyst svo mjög frá því að skipulagsskrá sjóðs eða stofnunar var staðfest að markmiðum þeim, sem skipulagsskrá gerir ráð fyrir, verður eigi náð eða stjórn verður ekki skipuð samkvæmt ákvæðum hennar og er dómsmálaráðherra þá heimilt að breyta skipulagsskrá. Við slíka breytingu skal þess gætt að fara eftir óskum stofnenda svo sem unnt er. Ef unnt er skal fá samþykki stjórnar sjóðs eða stofnunar til breytinganna.

Eftir sömu reglum og greinir í 1. mgr. er dómsmálaráðherra heimilt að sameina tvo eða fleiri sjóði eða stofnanir í einn sjóð eða stofnun. Þá er dómsmálaráðherra heimilt að leggja niður staðfestan sjóð eða stofnun en eignum skal varið til málefna sem skyld eru hinum upphaflegu markmiðum.

Áður en breytt er staðfestri skipulagsskrá, sjóðir eða stofnanir sameinaðar eða lagðar niður skal ætíð leita umsagnar Ríkisendurskoðunar. Ríkisendurskoðun getur einnig átt frumkvæði að því að tekin verði afstaða til aðgerða samkvæmt framansögðu.

7. gr.

Dómsmálaráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um efni og gerð skipulagsskráa og önnur atriði sem varða framkvæmd laga þessara. Má í því sambandi og í samráði við Ríkisendurskoðun setja nánari reglur um samstarf dómsmálaráðuneytis og Ríkisendurskoðunar eftir því sem þurfa þykir.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1989. Jafnframt falla þá úr gildi lög um eftirlit með opinberum sjóðum, nr. 20 20. maí 1964.

Ákvæði til bráðabirgða.

Dómsmálaráðherra skal láta gera skrá um þá sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt skipulagsskrá staðfestri fyrir gildistöku laga þessara. Jafnframt skal kannað hvort eigi er ástæða til að breyta gildandi skipulagsskrám eða sameina sjóði eða stofnanir eða leggja niður. Skal þessu verki lokið fyrir árslok 1991.

Sþ. 734. Tillaga til þingsályktunar [388. mál]

um verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Flm.: Óli Þ. Guðbjartsson, Albert Guðmundsson, Ingi Björn Albertsson, Kolbrún Jónsdóttir, Guðmundur Ágústsson, Hreggviður Jónsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Alþingi ályktar að kjósa milliþinganefnd, skipaða fulltrúum frá öllum þingflokkum á Alþingi, til þess að undirbúa frumvörp til laga um breytingu á verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Undirbúningsvinna þessi verði unnin í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga og enn fremur fulltrúa frá landshlutasamtökum sveitarfélaga.

Sérstök áhersla verði lögð á að kanna hug manna til verkefnaflutnings frá ríki til stærri eininga en einstakra sveitarfélaga.

Greinargerð.

Sem kunnugt er hefur verið ákveðið að fresta afgreiðslu frumvarps um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á þessu þingi.

Allmargar sveitarstjórnir hafa sent þingmönnum ályktanir sínar af þessu tilefni og víðast kemur þar fram veruleg óánægja með skerðingu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Af því má ætla að margir telji óeðlilegt að nota Jöfnunarsjóðinn þannig sem eins konar skiptimynt í þessu efni.

Hvað sem um það er má augljóst vera að frekari undirbúnings er þörf ef takast á að þoka máli þessu til betri vegar á næsta þingi. Víðtæk samstaða um nær allt þjóðfélagið virðist þar raunar algjör forsenda. Í þeim tilgangi er tillaga þessi til þingsályktunar flutt.

Ed. 735. Frumvarp til laga [389. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Annisius, Matthias Constantin, verkamaður á Húsavík, f. 3. desember 1951 í Austur-Þýskalandi.
2. Baranowski, Christine Margaret, verkakona í Keflavík, f. 18. janúar 1970 í Bandaríkjunum.
3. Ducusin, Lagrimas Soriano, húsmóðir á Akureyri, f. 21. júní 1951 á Filippseyjum.
4. Dhour, Abdelilah, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 10. apríl 1957 í Marokkó.
5. van Hulst, Carolina, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 13. desember 1953 í Hollandi.
6. MacFarlane, Mark Raymond, landslagsarkitekt í Reykjavík, f. 13. nóvember 1953 í Tyrklandi.
7. Millard, Elísabet Svana, ræstingarmaður í Reykjavík, f. 27. ágúst 1968 í Reykjavík.
8. Vavrickova, Stepanka, verslunarmaður í Kópavogi, f. 7. janúar 1955 í Tékkóslóvakíu.
9. Þór Saari, sölumaður á Seltjarnarnesi, f. 9. júní 1960 í Bandaríkjunum.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenninafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er síðara frumvarp til laga um veitingu ríkisborgararéttar, sem lagt er fram á yfirstandandi 110. löggjafarþingi. Fyrra frumvarpið, sem lagt var fram á síðastliðnu hausti, varð að lögum í desemberlok.

Umsóknir þær um ríkisborgararétt, sem teknar eru upp í frumvarp þetta, hafa borist eða komið úr umsögn eftir að lögin voru afgreidd í desember.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja skilyrðum, sem sett hafa verið af allsherjarnefndum beggja þingdeilda.

Ed. 736. Frumvarp til laga [390. mál]

um Kennaraháskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

I. KAFLI

Hlutverk Kennaraháskóla Íslands.

1. gr.

1. Kennaraháskóli Íslands er miðstöð kennaramenntunar hér á landi og annast rannsóknir á sviði uppeldis- og kennslumála.
2. Kennaraháskólinn annast menntun grunnskólakennara, þar með taldar forskóladeildir grunnskóla.
3. Kennaraháskólanum er heimilt að annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun framhaldsskólakennara sem hafa hlotið tilskilda menntun í kennslugrein annars staðar.
4. Kennaraháskólinn annast endurmenntun með skipulegri fræðslu, kynningu á markverðum nýjungum í skóla- og uppeldismálum og stuðningi við nýbreytni- og þróunarstörf.
5. Kennaraháskólinn annast framhaldsmenntun og viðbótarmenntun, einkum á sviði uppeldis- og kennslufræði.
6. Kennaraháskólinn skal stuðla að því að kennaraefni temji sér fræðileg viðhorf og þann heildarskilning á nemendum og umhverfi þeirra er geri þá hæfa til að taka ábyrga afstöðu í starfi sínu og koma til móts við einstaklingsþarfir nemenda.
7. Kennaraháskólinn skal leggja áherslu á rannsóknir á sviði skólastarfs við íslenskar aðstæður og stuðla með þeim hætti að þróun og umbótum í skólakerfinu.
8. Setja skal í reglugerð ákvæði um samstarf Kennaraháskólans við Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir á sviði kennara- og uppeldismenntunar.

II. KAFLI

Stjórn Kennaraháskólans.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn Kennaraháskólans.

Stjórn skólans er falin skólaráði, rektor, aðstoðarrektor, kennslustjóra og fjármálastjóra. Skólaráð hefur, svo sem lög mæla fyrir um og nánar segir í reglugerð, ákvörðunarvald í málefnum skólans og vinnur að þróun og eflingu þeirra. Rektor er yfirmaður stjórnsýslu skólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan skólans og utan. Rektor er forseti skólaráðs. Hann vinnur sérstaklega að stefnumótun í málefnum skólans og hefur yfirumsjón með starfsemi hans.

Aðstoðarrektor, kennslustjóri og fjármálastjóri annast í umboði rektors eftirlit með daglegri starfsemi skólans.

Aðstoðarrektor hefur í umboði rektors og skólaráðs umsjón með málum sem snerta rannsóknir og öðru því er rektor felur honum. Hann gegnir störfum rektors ef hann forfallast vegna veikinda eða fær leyfi frá störfum.

Kennslustjóri hefur í umboði rektors og skólaráðs umsjón með málefnum er snerta kennslu og kennara.

Fjármálastjóri hefur í umboði rektors og skólaráðs umsjón með fjárreiðum og starfsmannahaldi skólans. Hann hefur umsjón með gerð fjárhagsáætlunar skólans og framkvæmd hennar samkvæmt fjárlögum. Fjármálastjóri hefur heimild til að skuldbinda skólann fjárhagslega í umboði rektors eða skólaráðs.

Heimilt er rektor í umboði skólaráðs að fela öðrum starfsmönnum skólans umsjón með tilteknum verkefnum. Nánar skal kveðið á um störf stjórnenda skólans í reglugerð.

3. gr.

Rektor er kjörinn til fjögurra ára í senn. Kjörgengur er hver sá er uppfyllir hæfnisskilyrði 32. gr. um stöðu prófessors. Skipa skal dómnefnd til að meta hæfni þeirra er gefa kost á sér til rektorskjörs með sama hætti og um væri að ræða umsóknir um stöðu prófessors.

Atkvæðisrétt við rektorskjör eiga: Allir fastráðnir kennarar Kennaraháskólans og allir þeir sem fastráðnir eru eða settir til fulls starfs við Kennaraháskólann og hafa háskólapróf, skólastjóri Æfingaskóla Kennaraháskóla Íslands, tveir fulltrúar fastráðinna æfingakennara, fulltrúi lausráðinna kennara við Kennaraháskólann, allir nemendur sem skrásettir eru í skólann, þannig að atkvæði nemenda gildi sem einn þriðji hluti allra greiddra atkvæða, en greidd atkvæði annarra atkvæðisbærra aðila skulu gilda sem tveir þriðju hlutar allra greiddra atkvæða.

Endurkjósa má rektor einu sinni án lotuskila. Rektor skal kjörinn í janúarmánuði og tekur hann við störfum 1. ágúst á sama ári, utan hvað hann ber ábyrgð á tillögum til fjárlaga fyrir næsta ár eftir að hann var kjörinn, sbr. þó lokamálsgrein þessarar greinar.

Sá er rétt kjörinn rektor sem hlotið hefur atkvæði meiri hluta atkvæðisbærra manna, enda hafi minnst tveir þriðju hlutar þeirra, sem atkvæðisrétt eiga, tekið þátt í atkvæðagreiðslunni. Ef enginn fær svo mörg atkvæði skal kjósa að nýju um þá tvo er flest atkvæði fengu og er þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær enda þótt tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna hafi þá ekki tekið þátt í atkvæðagreiðslu. Séu atkvæði jöfn ræður hlutkesti. Um tilhögun rektorskjörs skal kveða nánar á í reglugerð.

Nú fellur rektor frá eða lætur af störfum áður en kjörtímabil hans er liðið og skal þá kjósa nýjan rektor svo fljótt sem því verður við komið, en aðstoðarrektor gegnir rektorsstörfum þangað til.

4. gr.

Í skólaráði eiga sæti: rektor, sjö fulltrúar kjörnir úr hópi fastráðinna kennara, einn fulltrúi kjörinn úr hópi lausráðinna kennara, einn fulltrúi kjörinn af starfsmönnum í a.m.k. hálfu starfi, öðrum en kennurum, tveir fulltrúar kjörnir af stjórnendum Æfingaskóla Kennaraháskóla Íslands og fastráðnum æfingakennurum hans, þrír fulltrúar nemenda kjörnir af nemendaráði.

Skólaráð skal kjörið til þriggja ára í senn, að hluta ár hvert samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Fulltrúi lausráðinna kennara og fulltrúar nemenda skulu kjörnir til eins árs í senn. Með sama hætti skal kjósa varamenn fyrir hvern fulltrúa í skólaráði.

Í reglugerð skal kveða nánar á um kjör fulltrúa í skólaráð.

Aðstoðarrektor, kennslustjóri og fjármálastjóri eiga sæti á fundum skólaráðs og hafa þar málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.

Nú hefur kjörinn fulltrúi í ráðinu ekki tök á að sækja fund og tekur þá varamaður hans sætið.

Rektor er forseti skólaráðs, en aðstoðarrektor í forföllum hans. Aðstoðarrektor er ritari ráðsins.

5. gr.

Skólaráð heldur fundi eftir þörfum. Óski fimm skólaráðsmenn fundar er rektor skylt að boða til hans.

Skólaráð er ályktunarfært ef tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra skólaráðsmanna sækja fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn sker atkvæði forseta úr.

6. gr.

Rektor eða skólaráð skulu boða til starfsmannafunda til umræðna um málefni Kennaraháskólans eða stofnana hans að minnsta kosti tvisvar á ári. Skylt er rektor að boða til slíks fundar ef stjórn kennarafélags eða starfsmannafélags skólans eða ⅓ hluti félagsmanna annars hvors félagsins æskir þess. Breytingar á námsskrám og formlegum starfsreglum skulu ætíð hljóta umsögn starfsmannafundar áður en þær eru afgreiddar í skólaráði. Allir kennarar skólans og aðrir fastir starfsmenn eiga rétt á að sækja fundi og njóta atkvæðisréttar þar. Ályktanir starfsmannafunda eru ekki bindandi fyrir skólaráð.

7. gr.

Í reglugerð skal kveða á um skiptingu Kennaraháskólans í deildir. Heimilt er að fela tilteknum starfsmönnum skólans umsjón með deildum eða afmörkuðum verksviðum.

III. KAFLI

Nemendur.

8. gr.

Inntökuskilyrði í Kennaraháskóla Íslands eru:

1. Almennt kennaranám:
   Stúdentspróf eða önnur próf við lok framhaldsskólastigs svo og náms- og starfsreynsla sem að mati skólaráðs tryggir jafngildan undirbúning. Í reglugerð skal kveða á um lágmarkskunnáttu í íslensku og heimilt er að setja sambærileg ákvæði um aðrar námsgreinar.
2. Um inntökuskilyrði til náms í uppeldis- og kennslufræðum fyrir þá sem hljóta annars staðar tilskilda menntun í kennslugreinum fer eftir ákvæðum í reglugerð sem sett skulu að fengnum tillögum skólaráðs.

3. Um inntökuskilyrði í viðbótar- eða framhaldsnám skal kveða á um í reglugerð og námsskrá að fengnum tillögum skólaráðs.

Setja má í reglugerð nánari ákvæði um inntöku nemenda í skólann eða einstaka námsþætti.

Inntaka nemenda er í höndum skólaráðs.

9. gr.

Ákvæði um heilbrigðisskilyrði við skrásetningu nemenda má setja í reglugerð.

Öllum skrásettum nemendum er skylt að ganga undir heilbrigðisrannsóknir eftir því sem skólaráð ákveður í samráði við heilbrigðisyfirvöld.

10. gr.

Skólaráð getur veitt nemanda áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu ef hann hefur gerst sekur um brot á lögum eða öðrum reglum skólans. Ákvörðun um brottrekstur getur nemandi skotið til úrskurðar menntamálaráðherra. Ekki má nemandi ganga undir próf meðan á málskoti stendur.

Ætíð skal skólaráð leita álits nemendaráðs áður en brottvikning er ráðin. Veita skal nemanda kost á að svara til saka.

Hljóti nemandi dóm fyrir refsivert brot er hefur flekkun mannorðs í för með sér skv. 2. gr. laga nr. 52/1959 er skólaráði heimilt að víkja honum úr skóla. Nemandi getur skotið þeirri ákvörðun til menntamálaráðherra með þeim hætti er segir í 1. mgr. Heimilt er skólaráði að víkja nemanda úr skóla til bráðabirgða meðan réttarrannsókn í slíku máli stendur yfir.

11. gr.

Tilkynni nemandi að hann sé hættur námi við skólann skal má nafn hans af nemendatali skólans. Sama máli gegnir hafi hann ekki stundað nám við skólann heilt kennsluár án gildra forfalla samkvæmt þeim kröfum sem gerðar eru um námsástundun.

Ákveða skal tímamörk náms í reglugerð, bæði námsins í heild og færslu nemenda milli ára. Skólaráð getur leyft undanþágu frá tímamörkum ef til þess eru gildar ástæður.

Heimilt er að áskilja í reglugerð að nemendur láti skrá sig til náms hvert kennsluár sem þeir stunda nám við skólann, enda falli þeir út af nemendatali ef þeir láta ekki skrá sig. Sömuleiðis er heimilt að ákveða skrásetningargjöld í reglugerð og hvernig þeim skuli varið.

Skrásetningargjöld, pappírsgjöld og önnur efnisgjöld skulu háð samþykki skólaráðs. Ákvæði um eftirlit með námsástundun nemenda má setja í reglugerð.

12. gr.

Í Kennaraháskóla Íslands skal starfa nemendaráð er kjósi fulltrúa nemenda í skólaráð. Breytingar á námsskrám skulu hljóta umsögn nemendaráðs áður en þær eru afgreiddar í skólaráði. Enn fremur er það rektor til ráðuneytis í málefnum skólans. Skal það kosið af nemendum skólans til eins árs í senn.

IV. KAFLI

Kennaranám.

13. gr.

Almennt kennaranám í Kennaraháskólanum skal skipuleggja sem fjögurra ára nám sem lýkur með B.Ed.-prófi. Námið skal skipulagt í námseiningum og svari hver námseining til námsvinnu einnar viku. Hvert námsár er 30 starfsvikur og námið í heild því 120 námseiningar. Gefa skal árlega út kennsluskrá. Í reglugerð skal kveða á um annaskiptingu kennsluársins.

14. gr.

Almennu kennaranámi skal skipað í meginþætti sem hér segir:

I. Almennar uppeldisgreinar, samtals 30 námseiningar.

II. Kennarafræði, samtals 45 námseiningar.

Lögð er áhersla á þau faglegu vinnubrögð sem grunnskólakennarar þurfa að tileinka sér til að stunda kennslu og uppeldisstörf.

1. Eðli og inntak námsgreina grunnskólans, ásamt kennslufræði, allt að 30 námseiningar. Sérstök áhersla skal lögð á móðurmál, stærðfræði og list- og verkgreinar í starfsmenntun grunnskólakennara.

2. Æfingakennsla og starfsþjálfun í skólum allt að 20 námseiningum. Þessi þáttur taki bæði til almennrar kennslu í grunnskóla og kennslu á kjörsviði. Af þessum tíma skal skipuleggja sérstaka kandídatsönn þar sem kennaraefni annast kennslu undir leiðsögn og umsjón.

III. Kjörsvið, samtals 45 námseiningar.

Hvert kennaraefni velur eitt kjörsvið og skal vægi aðalnámsgreinar ekki vera minna en 30 námseiningar. Á kjörsviði gefst kennaraefni kostur á að kynnast viðfangsefnum og vinnubrögðum í fræðigrein og jafnframt að auka þekkingu sína í tilteknum kennslugreinum grunnskóla.

Um námsgreinar í almennu kennaranámi, skiptingu þeirra á svið og skipan kandídatsannar skal ákvarða í reglugerð.

Í námsskrá, er skólaráð setur að fengnum tillögum kennslustjóra, skal gerð grein fyrir námsskipan og kennsluháttum, svo og námsefni í einstökum greinum.

15. gr.

Um nám í uppeldis- og kennslufræðum til kennsluréttinda á framhaldsskólastigi fyrir nemendur, sem hljóta tilskilda menntun í kennslugrein annars staðar, skal ákvarða í reglugerð.

16. gr.

Að afloknu samfelldu námi og kennaraprófi frá Kennaraháskóla Íslands skulu kennarar njóta a.m.k. eins árs leiðsagnar og þjálfunar í starfi.

Kennaraháskóli Íslands hefur umsjón með leiðsögn kennara í samráði við fræðsluyfirvöld, þ.e. menntamálaráðuneyti og fræðsluskrifstofur sem sjái um framkvæmd þessarar leiðsagnar í samræmi við 12. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla.

V. KAFLI

Endurmenntun.

17. gr.

Kennaraháskóli Íslands annast menntun kennara samhliða starfi þeirra. Kosta skal kapps um að móta og skipuleggja fjölþætta fræðslustarfsemi og kynna kennurum nýjungar í skóla- og menntamálum. Einnig skal Kennaraháskóli Íslands í samstarfi við fræðsluyfirvöld stuðla að þróun skólastarfs með því að veita fræðslu og ráðgjöf sem tekur mið af fræðilegri þekkingu, rannsóknum á skólastarfi, óskum skóla og staðbundnum aðstæðum.

18. gr.

Endurmenntunarstjóri hefur í umboði rektors og skólaráðs umsjón með endurmenntun. Hann vinnur að stefnumótun og stýrir daglegri framkvæmd.

19. gr.

Rektor og endurmenntunarstjóra til ráðuneytis um endurmenntun er endurmenntunarnefnd sem skipuð skal þannig að skólaráð tilnefnir tvo fulltrúa, samtök kennara á grunnskóla- og framhaldsskólastigi tilnefna tvo fulltrúa og menntamálaráðuneytið tilnefnir tvo fulltrúa og skal annar þeirra vera úr hópi fræðslustjóra. Tilnefning er til fjögurra ára í senn.

Rektor, eða fulltrúi hans, boðar til funda og stýrir þeim.

20. gr.

Heimilt er rektor, að fengnum tillögum endurmenntunarstjóra, að ráða umsjónarmenn með tilteknum verkefnum á sviði endurmenntunar.

21. gr.

Ákvæði um hvernig að þessari starfsemi skuli staðið, m.a. um samstarf við Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir, skal setja í reglugerð.

VI. KAFLI

Framhaldsmenntun.

22. gr.

Kennaraháskólanum er heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að stofna til framhaldsnáms er lýkur með æðri prófgráðu en B.Ed.- eða BA-gráðu.

Setja skal í reglugerð ákvæði um með hvaða hætti framhaldsnám er skipulagt af skólans hálfu og hvernig stjórn þess skal hagað.

23. gr.

Þegar stofnað er til framhaldsnáms við Kennaraháskólann á tilteknu sviði skal setja um það námsskrá og kennsluskrá, þar sem meðal annars er kveðið á um umfang námsins, inntak þess, inntökuskilyrði og prófgráðu.

24. gr.

Heimilt er Kennaraháskólanum, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að bjóða fram viðbótarnám er lýkur með sérstakri staðfestingu. Nám þetta má meta sem hluta framhaldsmenntunar eftir B.Ed.-gráðu að fullnægðum vissum skilyrðum.

Setja skal í reglugerð ákvæði um með hvaða hætti viðbótarnám er skipulagt af skólans hálfu og hvernig stjórn þess skal hagað.

Skilgreina skal í námsskrá og kennsluskrá inntökuskilyrði, inntak, markmið, umfang og námslok.

VII. KAFLI

Rannsóknir.

25. gr.

Heimilt er skólaráði, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að ákvarða um heildarskipulag og stjórnun rannsókna og útgáfustarfsemi innan Kennaraháskóla Íslands.

Skólaráð skal setja reglur um ráðstöfun á rannsóknasjóðum sem Kennaraháskólinn hefur til umráða.

26. gr.

Heimilt er að innan Kennaraháskólans starfi rannsóknastofnun. Kennarar skólans geta fullnægt rannsóknaskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti með störfum í þágu stofnunarinnar. Heimilt er að ráða sérfræðinga til starfa við hana.

Fela má rannsóknastofnuninni umsjón með útgáfustarfsemi á vegum Kennaraháskólans.

Rannsóknastofnunin getur veitt kennurum og kennaraefnum ráðgjöf og fræðslu um framkvæmd rannsókna.

Í reglugerð skal m.a. kveða á um starfssvið stofnunarinnar, stjórn, tengsl við skólaráð, samstarf við Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála og aðra aðila er rannsóknum sinna.

VIII. KAFLI

Námsmat.

27. gr.

Í reglugerð og námsskrám Kennaraháskólans skal setja ákvæði um námsmat. Kveða skal á um matsform, prófgreinar, próftíma, skiptingu fullnaðarprófs í fleiri en einn hluta, undirbúningspróf, einkunnir og annað er að námsmati lýtur.

28. gr.

Ef nemandi stenst ekki próf gengur frá því eftir að hann hefur byrjað próf, eða kemur ekki til prófs og hefur ekki boðað gild forföll er honum heimilt að þreyta það einu sinni að nýju næst þegar prófið er haldið. Skólaráð getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á.

Í reglugerð má mæla fyrir um rétt nemenda, sem staðist hafa próf, til að endurtaka prófið.

29. gr.

Við munnleg og verkleg próf, sem teljast til lokaprófs og lokaritgerðar, þar á meðal B.Ed.-ritgerð, skal vera einn prófdómandi utan skólans. Skrifleg próf dæma hlutaðeigandi kennarar einir.

Nemandi á rétt til þess að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar ef hann æskir þess bréflega innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji nemandinn þá eigi una mati kennarans getur hann snúið sér til kennslustjóra. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari, telji hann til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstökum námsþáttum.

Menntamálaráðherra skipar prófdómara að fengnum tillögum skólaráðs. Þá eina má skipa prófdómara sem lokið hafa viðurkenndu fullnaðarprófi frá háskóla eða sérkennaraskóla í þeirri grein sem prófdómari skal dæma. Prófdómarar skulu skipaðir til þriggja ára í senn nema skipun sé skv. 2. mgr. hér á undan.

30. gr.

Skólaráð metur, að höfðu samráði við kennslustjóra og hlutaðeigandi greinakennara, hvort viðurkenna skuli nám sem nemandi hefur lokið í öðrum háskóla eða sérkennaraskóla og að hverju leyti.

IX. KAFLI

Starfslið.

31. gr.

Kennarar við Kennaraháskóla Íslands eru prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúnktar og stundakennarar, auk kennara Æfingaskólans, sbr. X. kafla laganna.

Um stofnun nýrra kennaraembætta fer eftir ákvörðun menntamálaráðherra, að fengnum tillögum skólaráðs, þegar fé er veitt til á fjárlögum.

Prófessorar, dósentar og lektorar skulu vera þeir einir sem hafa kennslu og rannsóknir við Kennaraháskólann að aðalstarfi.

Heimilt er að tillögu skólaráðs að skipa dósent eða lektor tímabundinni skipun til allt að fimm ára í senn. Um tilhögun slíkrar skipunar skal setja ákvæði í reglugerð.

Aðjúnktar eru ráðnir til eins árs hið skemmsta og taka þeir mánaðar- eða árslaun. Stundakennarar eru ráðnir til eins árs eða skemmri tíma.

Í hvert skipti er nýr kennari ræðst að skólanum skal afmarka stöðu hans með starfsheiti.

Í reglugerð skal setja meginreglur um starfsskyldur fastráðinna kennara, m.a. um tengsl þeirra við grunnskóla. Ef þörf þykir leysir skólaráð úr því hvernig starfsskylda einstakra kennara skuli skiptast.

32. gr.

Forseti Íslands skipar prófessora, en menntamálaráðherra dósenta og lektora. Eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum, ræður skólaráð aðjúnkta og stundakennara.

Umsækjendur um prófessorsembætti, dósents- og lektorsstöður skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um háskólamenntun sína, vísindastörf og önnur störf, ritsmíðar og rannsóknir. Þann einan má skipa í þessar stöður sem auk fullgilds háskólaprófs hefur lokið prófi í uppeldis- og kennslufræðum eða er að öðru leyti talinn hafa nægilegan kennslufræðilegan undirbúning, enda hafi dómnefnd fjallað um umsóknir og metið umsækjanda hæfan til starfsins. Taka skal tillit til reynslu umsækjenda af kennslu og skólastarfi.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna stöðu prófessors, dósents eða lektors. Skipar menntamálaráðherra einn mann í nefndina, en skólaráð Kennaraháskólans hina tvo og skal a.m.k. annar þeirra vera utan stofnunarinnar. Skólaráð skipar formann nefndarinnar. Í nefnd þessa má skipa þá eina sem lokið hafa háskólaprófi í hlutaðeigandi grein eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar í greininni.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það hvort ráða megi af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda, svo og námsferli hans og störfum, að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndarinnar skal höfð til hliðsjónar er embættið er veitt og má engum manni veita prófessorsembætti, dósentsstöðu eða lektorsstöðu við Kennaraháskóla Íslands, nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljós það álit að hann sé til þess hæfur.

Enn fremur skal leita álits skólaráðs Kennaraháskóla Íslands um umsækjendur hvort heldur um er að tefla stöðu prófessors, dósents eða lektors.

Heimilt er að kveða svo á í reglugerð að framangreind ákvæði skuli gilda við ráðningu sérfræðinga á sviði rannsókna, sbr. ákvæði 26. gr.

Heimilt er að flytja lektor úr lektorsstöðu í dósentsstöðu og dósent úr dósentsstöðu í prófessorsstöðu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

33. gr.

Rektor ræður kennslustjóra, fjármálastjóra og endurmenntunarstjóra til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum skólaráðs. Menntamálaráðherra skipar aðalbókavörð að fengnum tillögum skólaráðs.

Rektor ræður aðstoðarrektor úr hópi fastra kennara.

Rektor ræður, að fengnum tillögum skólaráðs, fulltrúa rektors, bókaverði, aðstoðarmenn endurmenntunarstjóra, námsráðgjafa, deildarstjóra, húsverði, forstöðumann gagnasmiðju, tækjavörð og annað starfslið við stjórnsýslu, eftir því sem fé er veitt á fjárlögum og að fengnu samþykki menntamálaráðherra. Kveða skal nánar á í reglugerð um starfssvið, ráðningartíma, réttindi og skyldur ofangreindra starfsmanna. Heimilt er að fjölga starfsheitum að fengnum tillögum skólaráðs og eftir því sem fé er veitt á fjárlögum.

34. gr.

Skólaráð veitir kennurum Kennaraháskólans reglubundin orlof samkvæmt kjarasamningum.

Enn fremur getur menntamálaráðuneytið veitt fastráðnum starfsmanni Kennaraháskólans orlof um allt að eins árs skeið með föstum embættislaunum, enda liggi fyrir fullnægjandi greinargerð um hvernig starfsmaðurinn hyggst verja orlofinu til að auka þekkingu sína eða sinna sérstökum verkefnum. Leita skal umsagnar rektors um orlofsumsókn.

Eftir því sem fjárlög heimila getur ráðuneytið veitt starfsmanni, sem orlof hlýtur, styrk til að standa straum af nauðsynlegum ferðalögum og námsdvöl í sambandi við orlofið.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til fastráðinna starfsmanna Æfingaskólans, sbr. X. kafla laganna.

Nánari reglur um orlof og styrkveitingar í því sambandi má setja í reglugerð.

X. KAFLI

Æfingaskóli.

35. gr.

Við Kennaraháskóla Íslands skal starfa æfinga- og tilraunaskóli sem jafnframt er heildstæður grunnskóli fyrir tiltekið hverfi Reykjavíkurborgar. Heimilt er með samþykki menntamálaráðuneytis að starfrækja forskóladeildir við skólann. Skólinn nefnist Æfingaskóli Kennaraháskóla Íslands.

36. gr.

Hlutverk Æfingaskóla Kennaraháskóla Íslands er þríþætt. Hann er miðstöð æfingakennslu og annarra starfa kennaraefna á vettvangi og þróunarstofnun á grunnskólastigi jafnframt því að vera hverfisskóli Reykjavíkurborgar.

37. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Menntamálaráðherra ræður skólastjóra, kennara og aðra starfsmenn að fengnum tillögum skólastjórnar Æfingaskólans og skólaráðs Kennaraháskólans.

Stjórn skólans er falin skólastjórn og skólastjóra. Skólastjóri vinnur að stefnumótun í málefnum skólans og hefur almennt eftirlit með starfsemi hans í umboði rektors Kennaraháskólans.

Í skólastjórn eiga sæti: skólastjóri, rektor eða fulltrúi hans, fræðslustjórinn í Reykjavík eða fulltrúi hans, þriggja manna kennararáð kosið til tveggja ára í senn, einn fulltrúi kosinn af skólaráði Kennaraháskólans og einn fulltrúi foreldra kosinn til tveggja ára. Yfirkennarar skólans og æfingastjóri eiga rétt til setu á fundum skólastjórnar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Skólastjóri boðar til funda og stjórnar þeim. Skólastjóri efnir til almennra starfsmannafunda eigi sjaldnar en tvisvar á ári til að kynna og ræða stefnumótun skólans og starfsemi. Um kennarafundi fer eftir ákvæðum laga um grunnskóla.

Skólastjóri skal ráðinn til fimm ára í senn að undangenginni auglýsingu og að fengnum tillögum skólastjórnar Æfingaskólans og skólaráðs Kennaraháskólans. Heimilt er að framlengja ráðningu skólastjóra annað tímabil án lotuskila.

Við skólann skulu starfa tveir yfirkennarar og eru þeir skólastjóra til aðstoðar við daglega stjórnun. Yfirkennarar skulu ráðnir til fimm ára úr hópi fastra æfingakennara skólans. Skólastjóri gerir tillögur til skólastjórnar um ráðningu yfirkennara.

38. gr.

Stofnkostnaður Æfingaskólans skiptist þannig með aðilum að ríkissjóður greiðir 3/5 hluta hans, en borgarsjóður Reykjavíkur 2/5 hluta.

Rekstrarkostnað skólans greiða aðilar samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Ríkissjóður greiðir laun fastra starfsmanna, stundakennslu, forfallakennslu, heimavinnu kennara, handbækur kennara og kostnað vegna tilrauna og þróunarstarfs.
2. Allur annar rekstrarkostnaður en talinn er hér að framan skiptist þannig með aðilum að borgarsjóður Reykjavíkur greiðir fyrir hvern nemanda í skólanum þá fjárhæð sem hann greiðir í annan rekstrarkostnað á sama tíma að meðaltali fyrir hvern nemanda í grunnskólum Reykjavíkur.

39. gr.

Við Æfingaskólann starfa fastráðnir æfingakennarar, svo margir að þeir fullnægi sem næst kennaraþörf skólans. Um menntun og starfsreynslu æfingakennara skal nánar ákveðið í reglugerð.

Heimilt er að fastráðnir æfingakennarar starfi við aðra skóla en Æfingaskólann. Kennaraskipti milli Æfingaskólans og annarra skóla eru einnig heimil með samþykki menntamálaráðuneytisins og hlutaðeigandi fræðslustjóra.

Störf fastráðinna æfingakennara skiptast milli kennslu, verkefna á sviði æfingakennslu og nýbreytni- og þróunarstarfa samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð og erindisbréfi.

40. gr.

Skólastjórn ræður æfingastjóra til þriggja ára úr hópi fastráðinna æfingakennara að fengnum tillögum skólastjóra. Hann má endurráða einu sinni án lotuskila. Æfingastjóri annast skipulagningu æfingakennslu og annarra starfa kennaranema á vettvangi í samráði við kennslustjóra Kennaraháskólans og undir yfirstjórn skólastjóra Æfingaskólans. Heimilt er, ef henta þykir, að fela fleiri en einum æfingakennara störf æfingastjóra.

41. gr.

Menntamálaráðuneytið felur skólum, að fengnum tillögum skólaráðs Kennaraháskólans, að taka við nemendum Kennaraháskólans til æfingakennslu og annarra starfa á vettvangi. Skólastjórar þeirra skóla og skólastjóri Æfingaskólans skulu hafa samráð um þetta verkefni.

Um þóknun fer eftir ákvæðum kjarasamninga.

42. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu, að fengnum tillögum skólaráðs Kennaraháskólans, í samráði við hlutaðeigandi fræðslustjóra að fela tilteknum skólum að vera miðstöð æfingakennslu og þróunarstarfa á vegum Kennaraháskólans í fræðsluumdæmum.

Í reglugerð skal kveða á um samstarf þessara skóla við Kennaraháskólann og æfingaskóla hans.

XI. KAFLI

Gildistaka og reglugerð.

43. gr.

Menntamálaráðuneytið getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd þessara laga.

44. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.
Með gildistöku þessara laga falla úr gildi:
Lög nr. 38/1971, um Kennaraháskóla Íslands.
Lög nr. 26/1975, um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands.
Önnur lagaákvæði sem fara í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 13. og 14. gr. taka ekki til þeirra nemenda sem skrásettir voru til náms í Kennaraháskóla Íslands fyrir gildistöku laga þessara.

Ákvæði 13. og 14. gr. koma til framkvæmda innan sex ára frá gildistöku laga þessara samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðherra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Með bréfi dagsettu 25. mars 1987 skipaði Sverrir Hermannsson, þáverandi menntamálaráðherra, nefnd til að endurskoða lög nr. 38/1971, um Kennaraháskóla Íslands.

Nefndarmenn voru: Ólafur H. Jóhannsson skólastjóri, formaður, Sólrún Jensdóttir skrifstofustjóri, Stella Guðmundsdóttir skólastjóri og Þórólfur Þórlindsson prófessor. Ritari nefndarinnar var Sigurjón Mýrdal, kennslu- og æfingastjóri.

Frá upphafi var ljóst að nefndin hefði fremur knappan tíma til starfa þar sem tveir nefndarmanna höfðu ákveðið að fara utan til framhaldsnáms síðari hluta sumars. Nefndin ákvað að haga störfum sínum á þann veg að leita með formlegum hætti eftir sjónarmiðum þeirra stofnana og samtaka er tengjast kennaramenntun. Þann 14. apríl ritaði nefndin eftirtöldum aðilum bréf: Bandalagi kennarafélaga, Fósturskóla Íslands, Háskóla Íslands, Íþróttakennaraskólanum að Laugarvatni, Kennaraháskóla Íslands, Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Tónlistarskólanum í Reykjavík, Þroskaþjálfaskóla Íslands.

Í bréfinu var greint frá skipan nefndarinnar og óskað eftir upplýsingum, sjónarmiðum og ábendingum er að þeirra mati kæmu nefndarstarfinu að gagni.

Í framhaldi af bréfi þessu boðaði nefndin fulltrúa áðurtalinna stofnana og samtaka til funda þar sem rædd voru sjónarmið þeirra og afstaða til fjölmargra atriða er varða kennaramenntun; núverandi skipan hennar og æskilegar breytingar.

Einnig hélt nefndin fundi með skólastjóra Hússtjórnarkennaraskóla Íslands, deildarstjóra og starfsmönnum skólaþróunardeildar menntamálaráðuneytis, forstjóra Rannsóknastofnunar uppeldismála og samstarfsnefnd Háskóla Íslands og Kennaraháskólans.

Ritari nefndarinnar skráði frásögn af hverjum fundi og sendi hlutaðeigandi aðilum til umsagnar.

Fjölmargar gagnlegar ábendingar, sem nefndin hefur tekið tillit til, komu fram á fundum þessum.

Nefndinni bárust samþykktir og gögn frá skólastjórn Kennaraháskólans. Auk þess bréf frá stjórn Bandalags kennarafélaga, skólastjóra Þroskaþjálfaskólans og forstjóra Rannsóknastofnunar uppeldismála.

Nefndin aflaði sér gagna um kennaramenntun hérlendis og erlendis.

Þann 21. júlí 1987 skilaði nefndin Birgi Ísleifi Gunnarssyni menntamálaráðherra drögum að frumvarpi til laga um Kennaraháskóla Íslands ásamt greinargerð, einnig drögum að frumvarpi til laga um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála ásamt greinargerð.

Samkvæmt tillögum nefndarinnar sendi menntamálaráðuneytið ofangreindum aðilum drögin til umsagnar. Auk þess bárust umsagnir frá Sambandi iðnfræðsluskóla, starfsfólki skólaþróunardeildar menntamálaráðuneytisins og fræðslustjórum.

Með bréfi dagsettu 14. október sl. fól menntamálaráðherra nefndinni að fara yfir og meta þær ábendingar og tillögur til breytinga sem fram komu í umsögnunum. Umsagnaraðilar lýstu í öllum meginatriðum fylgi við tillögur nefndarinnar. Jafnframt sendu þeir fjölmargar gagnlegar ábendingar sem nefndin hefur tekið tillit til. Nefndin skilaði Birgi Ísleifi Gunnarssyni menntamálaráðherra lokatillögum sínum 8. des. 1987. Lokagerð frumvarpsins var síðan unnin í menntamálaráðuneytinu.

Lög um Kennaraháskóla Íslands voru samþykkt á Alþingi 16. apríl 1971. Með þeim lögum var brotið blað í sögu kennaramenntunar hér á landi. Menntun kennara var færð á háskólastig í Kennaraháskólanum er vera skyldi vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun í uppeldis- og kennslufræðum, sbr. 1. gr laga um Kennaraháskólann.

Í 25. gr. sömu laga er ákvæði um endurskoðun, þar segir: „Lög þessi skulu endurskoðuð eigi síðar en að tveimur árum liðnum frá gildistöku þeirra."

Í samræmi við þetta ákvæði skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Magnús Torfi Ólafsson, nefnd 29. nóvember 1972 til að endurskoða lögin. Nefndin skilaði frumvarpi til laga ásamt ítarlegri greinargerð í júní 1976.

Þetta frumvarp til nýrra laga um Kennaraháskóla Íslands var lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976–1977 og var það sent ýmsum aðilum til athugunar og umsagnar.

Frumvarpið var lagt fram að nýju á Alþingi á 99. lögjafarþingi 1977–1978 með nokkrum breytingum sem gerðar voru, m.a. með hliðsjón af athugasemdum umsagnaraðila.

Í frumvarpinu var gert ráð fyrir veigamiklum breytingum frá gildandi lögum, m.a. var lagt til að kennaramenntun væri flutt frá Háskóla Íslands til Kennaraháskólans, svo og nám í uppeldisfræði til BA-prófs.

Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu.

Á þeim 16 árum, sem liðin eru frá gildistöku laga um Kennaraháskólann, hefur þeim tvisvar verið breytt lítils háttar.

Með lögum nr. 7/1981 var í 4. gr., um inntöku nemenda, bætt við ákvæði er heimilar að í reglugerð sé kveðið á um árlega skráningu nemenda. Einnig er tiltekið að ákvæði um heilbrigðisskilyrði megi setja í reglugerð.

Ákvæðum 6. gr. var einnig breytt þannig að kennaranám þeirra er velja list- og verkgreinar varð sambærilegt við annað kennaranám í Kennaraháskólanum. Vægi list- og verkgreina er þó tvöfalt á við bóklegar valgreinar.

Með lögum nr. 37/1987 var ákvæði 2. tölul. 15. gr. um kjör forstjóra Rannsóknastofnunar uppeldismála breytt lítils háttar.

Í þessari greinargerð eru gildandi lög frá 1971 með áorðnum breytingum lögð til grundvallar. Í skýringum er tilgreint hvar frumvarpið víkur frá þeim. Nefndin hefur haft frumvarpið frá 1977 til hliðsjónar við samningu þessa frumvarps og nýtir ýmsar þær skýringar og röksemdir sem þar voru færðar fram í greinargerð.

Mikilvægustu nýmæli frumvarpsins.

Í frumvarpi því, er fyrir liggur, eru gerðar tillögur um nokkrar veigamiklar breytingar á starfssviði Kennaraháskólans og stjórn hans.

Meginbreytingar frá gildandi lögum eru þessar:

1. Skýrar er tilgreint hlutverk Kennaraháskóla Íslands sem miðstöðvar kennaramenntunar í landinu. Í frumvarpinu er kveðið á um að setja skuli í reglugerð ákvæði um samstarf Kennaraháskólans við Háskóla Íslands og aðrar stofnanir á sviði kennara- og uppeldismenntunar.
2. Kennaraháskólinn öðlast heimild til að annast framhaldsmenntun, einkum á sviði uppeldis- og kennslufræði, til æðri prófgráðu en B.Ed.- eða BA-gráðu.
3. Aukin áhersla er lögð á endurmenntun kennara.

4. Almennt kennaranám er lengt úr þremur árum í fjögur ár, tekið er upp námseiningakerfi og kveðið á um meginþætti kennaranáms á grundvelli þess.
5. Kennaraháskólanum er formlega heimilað að annast uppeldis- og kennslufræðimenntun fyrir framhaldsskólakennara.
6. Stjórnkerfi stofnunarinnar er endurskoðað með tilliti til nýrra starfssviða. Skýrari ákvæði eru um framkvæmdastjórn einstakra starfsþátta.
7. Hlutverk Kennaraháskólans sem vísindalegrar rannsóknastofnunar er skýrt. Ákvæði um Rannsóknastofnun uppeldismála í 14. og 15. gr. gildandi laga eru felld niður. Í þeirra stað er lagt til að sett verði sérstök lög um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála sem verður þá sjálfstæð vísindastofnun og samstarfsvettvangur þeirra er rannsóknum sinna á sviði uppeldis- og skólamála.

1. Miðstöð kennaramenntunar.

Með frumvarpi þessu er Kennaraháskólanum fengið aukið hlutverk á sviði kennaramenntunar og rannsókna. Gert er ráð fyrir að Kennaraháskólinn annist menntun kennara í öllum greinum á grunnskólastigi og honum er veitt heimild til að annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun framhaldsskólakennara sem hlotið hafa menntun í kennslugrein annars staðar. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að menntun kennara og önnur uppeldismenntun verði áfram við fleiri stofnanir. Því beri að styrkja samstarf Kennaraháskólans við aðrar menntastofnanir á sviði kennslu og uppeldis, koma á skipulegum tengslum stofnana og samræma starfsmenntun þeirra. Í reglugerð fyrir Kennaraháskólann verði kveðið á um samstarf þessara stofnana, sbr. 8. tölul. 1. gr. Með skipulegu samstarfi væri unnt að koma á skynsamlegri verkaskiptingu og samnýtingu á aðstöðu og mannafla. Gert er ráð fyrir að menntun grunnskólakennara í einstökum greinum geti eftir sem áður farið fram í sérskólum og þangað geti nemendur Kennaraháskólans sótt nám á tilteknum kjörsviðum. Einnig geti grunnskólakennarar sótt þangað viðbótarmenntun í einstökum greinum. Framhaldsmenntun í uppeldis- og kennslufræðum til æðri prófgráðu, ásamt rannsóknastörfum sem slíku námi tilheyra og endurmenntun starfandi kennara, eru meginforsendur eðlilegrar þróunar Kennaraháskólans sem fullgildrar háskólastofnunar og miðstöðvar kennaramenntunar í landinu. Í frumvarpinu er rennt stoðum undir slíka uppbyggingu.

2. Framhaldsmenntun og viðbótarmenntun.

Í frumvarpinu er lagt til að Kennaraháskólanum verði veitt heimild til að annast framhaldsmenntun, einkum á sviði uppeldis- og kennslufræða er leiði til æðri prófgráðu en B.Ed.- eða BA-gráðu.

Íslendingar þurfa nú að sækja alla framhaldsmenntun á þessu sviði til annarra þjóða. Vissulega hefur það ýmsa kosti í för með sér að komast þannig í beina snertingu við fjölmargar fremstu menntastofnanir heims, bæði vestan hafs og austan. Svo mun áfram verða í einhverjum mæli. Á hitt er einnig að líta að á því er mikil nauðsyn að íslenskum kennurum gefist kostur á framhaldsnámi til æðri prófgráðu við eigin menntastofnanir.

— Framhaldsnám til meistaraprófs leiðir af sér aukinn faglegan styrk kennarastéttar og nauðsynlega sérhæfingu á ýmsum sviðum uppeldis- og skólastarfs.
— Framhaldsnám eflir verulega rannsóknastarf og er í raun ein meginforsenda þess að menntastofnun geti „annast rannsóknir á sviði uppeldis og kennslumála“ eins og kveðið er á um í 1. tölul. 1. gr. frumvarpsins um hlutverk Kennaraháskólans.

Um mikilvægi íslenskra uppeldisrannsókna skal vísað til greinargerðar með frumvarpi til laga um Kennaraháskóla Íslands frá 1976-1977:

Lítilli þjóð og aflfárri er brýn þörf á því að hafa náin kynni af æðstu menntum annarra þjóða, en henni er lífsnauðsyn að njóta fræðilegt sjálfræðis í uppeldismálum.

Því meiri trú sem fest er á gildi umhverfisþátta í uppeldi — og þeim einum fær uppalandi breytt samkvæmt eðli máls — því skyldara er að kanna og meta með trúverðugum kenningum, tækjum og aðferðum það sem næst er í eigin samfélagi.

Íslenskur jarðvegur, íslenskt gróðurríki hefur verið kannað eftir föngum um langt skeið, hreistur og annað fleira á fiski hefur verið skoðað um áratugi, svo og smíðaefni hvers konar til húsa og skipa, fallvötn, varmi og berggrunnur landsins, en uppeldiskjör íslenskra barna hafa engrar slíkrar fræðilegrar allsherjarathygli notið. Eru þó kjör þeirra og umhverfi allt um margt frábrugðin því er með öðrum þjóðum gerist: (Greinargerð, bls 14.)

Nefndarmenn, er unnu að gerð þessa frumvarps, telja að þarna sé hnitmiðað orðalag og því ástæða til að endurbirta þau orð hér. Í frumvarpi þessu er gerður greinarmunur á hugtökunum „framhaldsmenntun“ og „viðbótarmenntun“. Eins og að framan greinir á framhaldsmenntun við nám er leiðir til meistaraprófs. Viðbótarmenntun á við nám sem bætt er við almennt kennaranám eða sambærilega menntun án þess það leiði til æðri prófgráðu. Dæmi um viðbótarmenntun er fyrirhugað nám fyrir stjórnendur skóla.

3. Endurmenntun.

Í frumvarpinu er lögð aukin áhersla á hlut Kennaraháskólans í endurmenntun kennara og er því sérstakur kafli, V kafli, um endurmenntun. Þeirri skoðun vex mjög fylgi að af einstökum þáttum ráði hæfni kennarans mestu um hversu til tekst með farsælt skólastarf þótt hagstæð ytri skilyrði og aðbúnaður allur séu nauðsynlegar forsendur. Undanfarin ár hefur Kennaraháskólinn rekið öfluga starfsemi á sviði endurmenntunar grunnskólakennara. Kennaraháskólinn hefur leitast við, með námskeiðum og fræðslufundum, að bjóða kennurum leiðsögn um sem flesta þætti skólastarfs. Árlega taka um 800 kennarar þátt í sumarnámskeiðum og rúmlega 400 kennarar sækja styttri námskeið á starfstíma skóla. Fræðslufundir eru haldnir árlega fyrir á þriðja þúsund kennara, auk bréfaskóla um ákveðin kennslufræðileg efni og almennra fyrirlestra. Starfsemi þessi byggir á 5. tölul. 1. gr. í gildandi lögum og X. kafla reglugerðar um Kennaraháskóla Íslands. Á undanförnum missirum hefur orðið æ ljósara að þó að grunnmenntun sé mikilvægur hluti af löngu ferli kennaramenntunar er hún aðeins fyrsti hluti þess. Með hraðfara þjóðfélagsbreytingum, nýjungum á sviði upplýsingatækni og fjölmiðlunar og nýrri þekkingu á vettvangi uppeldisfræða vex mikilvægi endurmenntunar meðal kennara og annarra stétta er annast uppeldi og kennslu. Víða um lönd er nú mikil gróska á þessu sviði. Ný tækni og aukin þekking, sem m.a. birtist í gagnanetum, upplýsingabönkum og fjarkennslu, veitir marga kosti í þessu efni. Hæfni kennarastéttarinnar og fagleg ábyrgð er mjög háð því að vel sé að henni búið, ekki síst á sviði endurmenntunar. Hún þarf jafnan að eiga þess kost að auka við þekkingu sína og færni með greiðum aðgangi að nýjungum á sviði menntamála og skólastarfs. Með breyttum uppeldisskilyrðum barna og þar með breyttum uppeldisháttum foreldra og heimila er mikil nauðsyn á því að vel menntaðir kennarar séu færir um „að taka ábyrga afstöðu í starfi sínu og koma til móts við einstaklingsþarfir nemenda,“ eins og segir í 6. tölul. í 1. gr. frumvarpsins.

4. Fjögurra ára almennt kennaranám.

Gert er ráð fyrir því í þessu frumvarpi að almennt kennaranám sé lengt og taki fjögur ár. Jafnframt verði tekið upp námseiningakerfi þar sem ein eining jafngildir námsvinnu einnar viku. Námseiningar í almennu kennaranámi verði því 120.

Mörg rök hníga að því að æskilegt sé að lengja grunnnámið.

— Undirstöðuþekking verðandi grunnskólakennara er treyst til muna og þar með lagður vandaðri grunnur að starfi þeirra, endurmenntun og framhaldsnámi.

— Svigrúm gefst fyrir ný áhersluatriði, svo sem á sviði upplýsingatækni.
— Unnt er að koma við nokkurri sérhæfingu kennaraefna, bæði með tilliti til aldurs nemenda og tiltekinna námsgreina eða greinasviða.
— Æfingakennsla og önnur störf á vettvangi grunnskólans verða aukin verulega, m.a. með væntanlegri kandídatsönn, og með því móti treyst tengslin milli fræðilegs náms og starfs á vettvangi.
— Námstími kennaraefna á grunnskólastigi og á framhaldsskólastigi verður hinn sami, þar með er kennaranámið *jafngilt* að umfangi fyrir bæði skólastig. Fyrir því eru þær forsendur að kennsla ungra nemenda er ekki síður vandasamt starf en kennsla þeirra sem eldri eru; uppeldisleg ábyrgð vegur þar þungt, ekki síður en þekking í kennslugreinum. Einnig er þessi skipan líkleg til að stuðla að heildstæðni kennarastéttar hvað varðar ábyrgð í starfi, þjóðfélagsstöðu, kjör og kosti á frama í námi og starfi.
— Fyrir árið 1971 tók almennt kennaranám fjögur ár að loknu almennu námi er lauk með landsprófi miðskóla eða gagnfræðaprófi. Nú stunda um 60% nemenda framhaldsnám að loknum grunnskóla og því er, að breyttu breytanda, 4 ára kennaranám að því loknu, sambærilegt við það sem áður var.
— Margar þeirra þjóða sem við Íslendingar berum okkur gjarnan saman við í mennta- og atvinnumálum krefjast fjögurra ára starfsmenntunar af verðandi kennurum. Þar má til nefna: Danmörk, Finnland, Frakkland, Þýskaland (fimm ár), Grikkland, Írland, Skotland.

Eins og tilgreint er í skýringum með 13. og 14. gr. frumvarpsins skapar lenging almenns kennaranáms forsendur til heildarendurskipulagningar náms og kennslu.

Í samþykkt skólastjórnar Kennaraháskólans frá 21. og 22. maí 1987 segir m.a.: Við nýskipan B.Ed.-námsins í Kennaraháskólanum skal:

a. koma til móts við þarfir íslenska grunnskólans fyrir vel menntaða kennarastétt,
b. tryggja stígandi í náminu til aukinnar fagþekkingar og fagvitundar kennaraefna,
c. stefnt að almennum kennsluréttindum kennara í heildstæðum grunnskóla; jafnframt því sem skilyrði eru sköpuð til sérhæfingar með tilliti til aldursstiga og þekkingarsviða,
d. hafa í huga að grunnmenntun kennara er mikilvægur hluti af löngu ferli kennaramenntunar sem lýkur seint. Halda verður opnum leiðum til endurmenntunar og framhaldsmenntunar, bæði í kennslugreinum og í uppeldis- og kennslufræðum,
e. auka eðlilega samskipan kennslugreina, hagnýtrar kennslufræði og vettvangsnáms,
f. skilgreina forkröfur og inntökuskilyrði, námskröfur og námsmat.

Tillögur frumvarpsins um skipan hins almenna kennaranáms byggja m.a. á þessum sem og öðrum samþykktum skólastjórnar Kennaraháskólans.

5. Menntun framhaldsskólakennara.

Í frumvarpinu er lagt til að Kennaraháskólanum verði veitt heimild til að annast uppeldis- og kennslufræðimenntun fyrir kennara framhaldsskólastigs. Með bréfi dagsettu 15. janúar 1981 fól menntamálaráðuneytið Kennaraháskólanum að annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun fyrir kennara á framhaldsskólastigi í list- og verkgreinum. Áður hafði Kennaraháskólinn veitt framhaldsskólakennurum slíka menntun á námskeiðum.

Uppeldis- og kennslufræðimenntun fyrir framhaldsskólakennara fer nú fram við fimm stofnanir: Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Íþróttakennaraskólann að Laugarvatni, Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Tónlistarskólann í Reykjavík.

Auk þess hefur Hússtjórnarkennaraskólinn heimild til að mennta hússtjórnarkennara fyrir framhaldsskóla. Færa má rök fyrir því að æskilegt sé að nám í uppeldis- og kennslufræðum tengist sem best námi í viðkomandi grein eða greinasviði þannig að þessir þættir taki mið hvor af öðrum og séu, að svo miklu leyti sem unnt er, samtengdir. Um nánari skýringar er vísað til skýringa við 3. tölul. 1. gr. og 15. gr.

Í samþykkt skólastjórnar Kennaraháskólans 21. maí 1987 segir m.a.:

Auka þarf tengsl Kennaraháskólans við aðrar menntastofnanir til að bæta samskipan kennslugreina og uppeldisgreina í kennaramenntun, sérstaklega fyrir framhaldsskólakennara. Huga þarfa að verkaskiptingu milli skólastofnana þannig að nemendur geti sótt kennslu í ýmsum kennslugreinum í aðrar menntastofnanir, en uppeldis- og kennslufræði til Kennaraháskólans.

Ákvæði 8. tölul. 1. gr. um samstarf stofnana er ætlað að tryggja tengsl uppeldis- og kennslufræði og viðkomandi kennslu- eða greinasvið.

6. Stjórnkerfi Kennaraháskólans.

Sú stofnun, sem reist var með lögum nr. 38/ 1971, um Kennaraháskólann, var tiltölulega einföld. Stofnunin var starfsmenntastofnun og sinnti einkum grunnmenntun kennara. Form stjórnkerfis er í samræmi við þetta. Kennarar skiptast í skorir eftir kennslugreinum og skorirnar eru kjarni stjórnkerfisins. Skólaráð er skipað skorarstjórum, rektor, fulltrúum nemenda og stundakennara. Skólaráð fer með framkvæmdarvald, en ákvörðunarvald er falið skólastjórn sem í sitja allir fastráðnir kennarar skólans, auk fulltrúa nemenda og skólastjóra Æfinga- og tilraunaskólans.

Ný starfssvið Kennaraháskólans á seinni árum og aukin verkefni tengd þeim hafa leitt til þess að brýnt er að endurskoða formgerð og stjórn stofnunarinnar. Sérstaklega þarf að huga að deildaskiptingu Kennaraháskólans.

Tryggja þarf aðild starfsmanna og nemenda að ákvörðunartöku og stjórnun og greiðan aðgang allra starfseininga að stjórnkerfi stofnunarinnar. Skýra þarf verksvið og verkefni skólaráðs í sífellt flóknari stofnun og skilgreina faglega og fjármálalega ábyrgð. Í þessu frumvarpi er lagt til að skólaráð fari með ákvörðunarvald í málefnum skólans og faglega ábyrgð. Rektor verður eftir sem áður yfirmaður stjórnsýslu skólans, en framkvæmdastjórar annast í umboði hans eftirlit með daglegri starfsemi á hinum ýmsu sviðum. Gert er ráð fyrir að starfsmannafundir fjalli um mikilvægar breytingar á starfsháttum og komi að því leyti í stað skólastjórnar samkvæmt gildandi lögum sem gert er ráð fyrir að verði lögð niður.

Tillaga er gerð um breytingar á framkvæmd rektorskjörs, kosningarréttur er rýmkaður og svigrúm veitt til að velja rektor hvort sem er innan stofnunar eða utan hennar.

7. Íslenskar uppeldisrannsóknir.

Öflug og markviss rannsóknastarfsemi, ekki síst á íslenskum uppeldisskilyrðum, íslenskum uppeldisheföum og þróun og gerð menntakerfisins, er tvímælalaust nauðsynleg á tímum hraðfara þjóðfélagsbreytinga. Vönduð fræðistörf á þessu sviði eru forsenda flestra umbóta í almennu skólastarfi og jafnframt ein af meginforsendum fyrir hnitmiðaðri starfsmenntun kennara.

Í frumvarpinu er leitast við að styrkja stöðu Kennaraháskólans sem vísindalegrar rannsóknastofnunar.

Í greinargerð með frumvarpi um Kennaraháskólann frá 1976–1977, þar sem fjallað er um rannsóknir, segir:

> Margt ber til að aukin áhersla er lögð á rannsóknarhlutverk Kennaraháskólans. Æ ljósara verður að sívaxandi íhlutun ríkisvalds um nám, námsferil og uppeldi ungmenna að öðru leyti, flókin gerð nútímasamfélags og sífjölgun ytri áreita gera uppeldisfræðilegar rannsóknir skyld og nauðsynleg tæki til að meta gildi löggjafar og framkvæmdar á sviði skólamála svo og virk tengsl þeirra.
>
> Kennurum er ætluð aðild að þróunarverkefnum í skólum og svo mun verða framvegis. Er þeim því brýn nauðsyn að kynnast vísindalegum vinnubrögðum þegar í námi sínu.

Auk þess er vald hæfra manna á aðferðafræði og rannsóknartækni á sviði uppeldis- og kennslufræði beint skilyrði fyrir sjálfræði og ábyrgri ákvörðun, gildur þáttur menningarlegs sjálfstæðis og vænlegust vörn gegn hvoru sem heldur er trénun eða valdboði í uppeldisháttum. Þjálfun kennaraefna við tök móðurmáls og ofríkislausa framsetningu á sem flestum sviðum uppeldisvísinda er mikilvægur þáttur slíkra fræðslu- og rannsóknarstarfa svo að mál fræðimanna verði hvorki einkamál þeirra né villumál alþýðu, heldur nothæft tæki hennar í umræðu og ákvörðun.

Traustri fræðilegri þjálfun kennaraefna er ætlað að verða forsenda ábyrgrar skoðanamyndunar og vinnubragða í daglegu starfi og undirstaða frekari sérhæfingar ef á það reynir.

Eitt nýjasta, skýrasta og mikilvægasta dæmi um skilning íslenska löggjafans á gildi uppeldis- og kennslufræðilegra rannsókna er ákvæði laga um grunnskóla, nr. 63/1974, 62.–63. gr.

Barátta fyrir viðurkenningu löggjafans á rannsóknarþörf á sviði íslenskra uppeldismála er að vonum drjúgum eldri en löggjöf um grunnskóla. Íslensk kennarasamtök höfðu um áratuga skeið lagt áherslu á rannsóknir í þágu íslenskra barna og miðlun fræðilegra upplýsinga meðal kennara og skólamanna. Í þeim umræðum var þráfaldlega vitnað til þorsksins á miðunum og þeirrar viðhafnar er hann nyti í fjárveitingum til rannsókna meðan allsleysið eitt var lagt til uppeldisrannsókna. Reynsla hefur skorið úr því að síst var ofgert við þorskinn. Ef til vill eru menn nú að rumska til þeirrar vöku að á heimari miðum hafi þörfin síst verið minni. (Greinargerð, bls. 11.)

Rannsóknastofnun uppeldismála á formlega tilvist sína í lögum um Kennaraháskóla Íslands frá 1971 þótt um sé að ræða stofnun sem er samstarfsvettvangur þriggja aðila með sjálfstæðan fjárhag og eigin stjórn. Hér að framan hefur verið vikið að mikilvægi íslenskra rannsókna á sviði mennta- og skólamála. Samstarf stofnana er að rannsóknum vinna er mikilvægt og nauðsynlegt. Lagt er til að sett verði sérstök löggjöf um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála þar sem stofnunin verði efld sem sjálfstæð vísindastofnun og samstarfsvettvangur þeirra er rannsóknum sinna á sviði uppeldis- og menntamála.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Hlutverk Kennaraháskóla Íslands.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um hlutverk Kennaraháskóla Íslands. Hlutverki skólans er skipt í sjö meginsvið sem merkt eru með töluliðunum 1–7.

Í 1. tölul. er kveðið á um að Kennaraháskóli Íslands skuli vera miðstöð kennaramenntunar og vísindaleg rannsóknastofnun í uppeldis- og kennslufræðum. Í þessu ákvæði felst að saman skuli fara í starfi skólans rannsóknir og fræðsla, en rannsóknir á sviði uppeldis- og kennslufræða hafa verið vanræktar fram til þessa hér á landi.

Með stofnun framhaldsmenntunar við skólann ykist verulega svigrúm hans til rannsókna.

Annar töluliður er sambærilegur við 2. tölul. 1. gr. gildandi laga um almennt kennaranám. Um nánari skýringar vísast til greinargerðar með kafla IV um kennaranám.

Ákvæði 3. tölul. er nýmæli. Þar er gert ráð fyrir að Kennaraháskólinn öðlist heimild til að annast uppeldis- og kennslufræðimenntun fyrir kennara á framhaldsskólastigi í samvinnu við þær stofnanir er annast menntun þeirra í einstökum greinum eða greinasviðum. Skólanum hefur þegar verið falið verkefni á þessu sviði, sbr. 5. tölul. í inngangi hér að framan og skýringar við 15. gr.

Ákvæði 4. tölul. er sambærilegt við 5. tölul. í 1. gr. gildandi laga. Nánari skýringar er að finna í greinargerð með V kafla um endurmenntun.

Ákvæði 5. tölul. er nýmæli. Hér er kveðið á um heimild til handa Kennaraháskólanum að efna til framhaldsmenntunar og viðbótarmenntunar, einkum á sviði uppeldis- og kennslufræði. Um nánari skýringar er vísað til þess sem sagt var hér að framan um mikilvægustu nýmæli; einnig er vísað til skýringa við 22.–24. gr.

Ákvæði 6. tölul. er sambærilegt við 3. tölul. 1. gr. gildandi laga. Hér er kveðið á um þau meginsjónarmið mennta og mannskilnings er móta skuli starfshætti skólans.

Ákvæði 7. tölul. eru að hluta til efnislega sambærileg við ákvæði 4. tölul. 1. gr. gildandi laga. Við bætist ákvæði um að skólinn skuli á grundvelli rannsóknastarfsemi sinnar stuðla að þróun og umbótum í skólakerfinu.

Í 8. tölul. er lagt til að í reglugerð verði sett ákvæði um samstarf Kennaraháskólans við Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir á sviði kennaramenntunar.

Sams konar ákvæði verði sett um samstarf við sambærilegar menntastofnanir svo sem Fósturskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands.

II. KAFLI

Stjórn Kennaraháskólans.

Um 2. gr.

Grein þessi kveður á um hverjum falin er æðsta stjórn Kennaraháskóla Íslands. Hún samsvarar að nokkru leyti 1. og 3. lið 2. gr. gildandi laga, en nokkur nýmæli eru í frumvarpinu. Lagt er til að stjórn skólans sé einfölduð þannig að í stað skólastjórnar og skólaráðs starfi nú aðeins skólaráð. Í skólaráð eru kjörnir fulltrúar starfsmanna og nemenda skólans og eiga fastráðnir kennarar þar flesta fulltrúa. Jafnframt er lagt til að sú skipulagsbreyting sé gerð stjórn skólans til styrktar að skýrt sé greint milli kjörinna fulltrúa í skólaráði og stjórnskipaðra embættismanna skólans.

Lagt er til að aðstoðarrektor sinni einkum rannsóknum og útgáfustarfsemi svo og framhaldsmenntun. Gert er ráð fyrir að stofnaðar verði stöður kennslustjóra og fjármálastjóra er annist í umboði rektors eftirlit með daglegri starfsemi skólans. Kennslustjóri hefur einkum umsjón með málefnum er snerta almennt kennaranám; kennslu og kennara, þar með talið gerð námsskrár og kennsluskrár, húsnæði og búnað. Fjármálastjóri hefur umsjón með fjárreiðum og starfsmannahaldi, gerð fjárhagsáætlunar og framkvæmd hennar samkvæmt fjárlögum. Lagt er til að fjármálastjóri hafi heimild til að skuldbinda skólann fjárhagslega.

Með þessari skipan eru líkur á að áætlanagerð og framkvæmd öll verði markvissari og fjármunir nýtist svo vel sem kostur er. Þessi skipan leggur grunn að auknu fjárhagslegu sjálfstæði Kennaraháskólans innan þess ramma er fjárframlög setja. Þess má geta að undanfarin tvö ár hefur menntamálaráðuneytið veitt heimild fyrir stöðu kennslustjóra. Ætlast er til að þessi tilhögun auki svigrúm rektors til að helga sig stefnumótun í málefnum skólans og almennu eftirliti með stjórn hans. Að öðru leyti er í greininni kveðið skýrar á um valdsvið hinna einstöku stjórnunaraðila.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um kjör rektors. Í gildandi lögum er kjörgengi rektors bundið við fastráðna kennara skólans. Í frumvarpi þessu er lagt til að ákvæðið sé rýmkað þannig að kjörgengur sé hver sá er uppfyllir hæfnisskilyrði um stöðu prófessors. Þessi skipan eykur svigrúm stofnunarinnar til að velja til forustu hina hæfustu menn sem völ er á og jafnframt hleypa nýju blóði í starfsemina. Svipuð ákvæði um val forustumanns er að finna víða við

háskóla erlendis. Atkvæðisréttur við rektorskjör er rýmkaður nokkuð frá því sem nú gildir. Ákvæði um framkvæmd rektorskjörs, sem nú eru í 39. gr. reglugerðar um Kennaraháskóla Íslands, eru í frumvarpinu. Er það og í samræmi við lög um Háskóla Íslands.

Nýmæli er ákvæðið um það hvernig með skuli fara ef rektor fellur frá eða lætur af störfum áður en kjörtímabil hans er á enda, svo og ef rektor forfallast vegna veikinda eða fær leyfi frá störfum.

Um 4. gr.

Grein þessi fjallar um skipan skólaráðs. Eru hér þau frávik frá gildandi lögum að fulltrúum er fjölgað nokkuð í því skyni að allir starfshópar skólans eigi þar fulltrúa. Þá er gert ráð fyrir því að fastráðnir kennarar kjósi fulltrúa úr sínum hópi í stað þess að nú sitja skorarstjórar í skólaráði. Þessi breyting er m.a. afleiðing af því að ákvæði 7. gr. gildandi laga um skiptingu námsgreina í skorir eru felld brott.

Um 5. gr.

Nýmæli er það í frumvarpinu að tiltaka um nokkur meginatriði fundarskapa er miklu varða um greiða og skipulega fyrirtekt og afgreiðslu mála í skólaráði. Sambærilegt ákvæði er nú í 38. gr. reglugerðar skólans.

Um 6. gr.

Ákvæði um starfsmannafundi eru nýmæli. Er því ætlað að fylla upp í það skarð er myndast kann við afnám skólastjórnar. Tilhögun þessi er sveigjanlegri, en ætti að koma að svipuðu gagni. Gert er ráð fyrir að veigamiklar breytingar í starfi stofnunarinnar séu ræddar á starfsmannafundum áður en til afgreiðslu í skólaráði kemur.

Um 7. gr.

Grein þessi er nýmæli. Í 7. gr. gildandi laga er námsgreinum í almennu kennaranámi skipt í skorir sem mynda stjórnunareiningar innan skólans og skorarstjórar mynda kjarna skólaráðs. Eins og fram kom í skýringum með 2. gr. eru í frumvarpinu ákvæði um að val á fulltrúum fastráðinna kennara til setu í skólaráði fari fram með öðrum hætti.

Með auknum umsvifum Kennaraháskólans m.a. á sviði endurmenntunar og framhaldsmenntunar hentar skorarskiptingin ekki sem grunnur að stjórnkerfi skólans. Skilgreina þarf deildaskiptingu stofnunarinnar og tengja hana nýrri stjórnskipan. Því er hér lagt til að kveðið sé á um skiptingu skólans í starfseiningar, deildir, í reglugerð eða reglum sem skólinn setur fyrir afmörkuð starfssvið.

Með nýjum verkefnum og breytingum á tilhögun kennslu hefur á undanförnum árum skipulagning og umsjón námsþátta verið falin starfshópum og umsjónarmönnum.

Í þessari grein er heimilað að ráða starfsmenn til tímabundinna stjórnunarstarfa.

Það skal áréttað að eftir sem áður bera kennarar faglega ábyrgð á inntaki og framkvæmd kennslu, hver í sinni grein.

III. KAFLI

Nemendur.

Í þennan kafla er skipað saman ákvæðum sem í lögum nr. 38/1971 féllu undir kaflana um nemendaráð og inntöku nemenda í skólann. Eru ákvæði þessi lítt breytt efnislega í frumvarpinu en auk þeirra er bætt við nokkrum atriðum vegna nýrra starfssviða stofnunarinnar. Tíunda og ellefta grein eru nýmæli.

Um 8. gr.

Í 1. tölul. er fjallað um inntökuskilyrði í almennt kennaranám. Aðalskilyrði er, eins og í gildandi lögum, stúdentspróf, en skólaráð hefur heimild til að víkja frá því og taka tillit til annarra prófa, náms og starfsreynslu þegar meta skal hvort umsækjandi hafi nægan undirbúning til að hefja nám í Kennaraháskóla Íslands og þarf ekki lengur að leita samþykkis menntamálaráðuneytisins til slíkra frávika. Þróunin varðandi inntöku í háskóla er nú víða í þá átt að láta ekki tiltekin próf ráða úrslitum í því efni, heldur líta einnig til þess ef umsækjandi hefur með öðrum hætti aflað sér undirbúnings sem telja megi nægan grundvöll að viðkomandi háskólanámi. Þegar nefnd er stafsreynsla er hér sérstaklega haft í huga að þeir sem fengist hafa við störf tengd uppeldi og félagsmálum geti átt þess kost að setjast í Kennaraháskólann án þess að ljúka stúdentsprófi ef skólaráð metur fullnægjandi forsendur fyrir hendi að öðru leyti.

Eðlilegt er að setja lágmarkskröfur um kunnáttu í íslensku. Menningararfleifð þjóðar er bundin móðurmáli órjúfandi böndum. Það er í verkahring skólans að fleyta áfram íslenskri menningararfleifð en sá flutningur er framar öllu öðru fólginn í ræktun tungunnar. Eðlilegt er að heimila yfirstjórn Kennaraháskólans að setja nánari inntökuskilyrði ef þörf krefur, m.a. heimild til almennrar takmörkunar á inntöku nemenda í skólann vegna óviðráðanlegs fjölda umsókna og heimild til að kveða á um lágmarkseinkunnir eða sérstakan undirbúning í einstökum greinum eða fyrir einstök kjörsvið kennaranámsins.

Önnur efnisgrein er efnislega samhljóða 2. tölul. 4. gr. núgildandi laga að breyttu breytanda.

Í 2. tölul. er gert ráð fyrir að sett skuli í reglugerð sérstök ákvæði um inntökuskilyrði fyrir þá sem einungis sækja til Kennaraháskólans nám í uppeldis- og kennslufræði, sbr. 15. gr.

Þriðji töluliður er nýmæli. Þar er lagt til að í reglugerð sé kveðið á um inntökuskilyrði í viðbótar- eða framhaldsnám við Kennaraháskólann. Gert er ráð fyrir að í námsskrá, sem skólaráð samþykkir, séu sett nánari ákvæði með hliðsjón af því námi sem í boði er. Í sumum tilvikum kann að vera eðlilegt að krefjast nokkurrar starfsreynslu af umsækjendum um framhalds- og viðbótarnám. Sjá einnig greinargerð með VI. kafla um framhaldsnám.

Um 9. gr.

Greinin er að mestu óbreytt frá 5. tölul. 4. gr. gildandi laga.

Um 10. gr.

Þessi grein er nýmæli. Er greinin að nokkru leyti sniðin eftir 24. og 25. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands. Ekki þykir síður þörf á því hér að kveða á um viðurlög ef nemandi brýtur lög eða aðrar reglur skólans eða gerist sekur um alvarlegt refsilagabrot. Er það bæði byggt á nauðsyn þess að halda uppi hæfilegum aga og aðhaldi innan skólans, almennum varnaðarsjónarmiðum og ekki síst því að þeir er veljast til kennslu barna og ungmenna séu vel þroskaðir siðferðislega.

Ekki er gert ráð fyrir að til brottvikningar að fullu komi nema um ítrekun sé að ræða eða stórfelld brot. Ella má láta við áminningu sitja eða brottvikningu um stundarsakir. Ætíð hefur nemandi rétt til að skjóta ákvörðun um brottrekstur til úrskurðar menntamálaráðherra. Ekki má nemandi þó ganga undir próf meðan á málskoti stendur.

Auk málskotsréttar nemanda á ætíð að veita honum kost á að svara til saka og leita skal álits nemendaráðs áður en brottvikning er ráðin.

Ákvæði um brottvikningu að fullu vegna tiltekinna alvarlegra refsilagabrota er aðeins heimildarákvæði og því vægara en sambærilegt ákvæði 25. gr. laga nr. 84/1970. Brot þau,

sem hér um ræðir, eru einungis þau brot er hafa flekkun mannorðs í för með sér, þ.e. ef sakborningur hefur verið fullra 18 ára er hann framdi brotið og refsing er fjögurra mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla er dæmd, sbr. 2. gr. laga nr. 52/1959, sbr. lög nr. 45/1961.

Um 11. gr.

Ákvæði 1. mgr. er nýmæli. Þykir heppilegt að lögfesta skýra reglu til að forðast hugsanlegan ágreining um það hvort nemandi teljist við nám í skólanum og njóti réttinda og beri skyldur sem innritaður nemandi. Lagt er til að í reglugerð sé heimilt að setja ákvæði um tímamörk náms.

Gert er ráð fyrir að í reglugerð megi áskilja árlega skráningu, í því skyni fyrst og fremst að koma við betri yfirsýn og meira aðhaldi en áður. Jafnframt þykir rétt að heimila ákvörðun skrásetningargjalda með reglugerð og hvernig þeim skuli varið, m.a. í þágu nemenda sjálfra. Ákvæði greinarinnar eiga sér hliðstæðu í 4. gr gildandi laga og í 21. og 26. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

Um 12. gr.

Ákvæði um nemendaráð er efnislega óbreytt, sbr. 3. gr. gildandi laga. Nemendaráði er þó einnig ætlað að tilnefna fulltrúa nemenda í starfshópa er fjalla um tiltekin viðfangsefni svo sem skipulag kennslu, val námsefnis og tilhögun námsmats. Ætlast er til að nemendaráð fjalli um námsskrár skólans og breytingar á þeim áður en þær hljóta staðfestingu skólaráðs. Afdráttarlaus ákvæði um að nemendaráð skuli starfa innan skólans og eiga aðild að stjórn hans lýsa því sjónarmiði að virk þátttaka nemenda, bæði þeirra sem stunda almennt kennaranám, kennsluréttindanám og þeirra er stunda viðbótar- og framhaldsnám, í stefnumótun innan skólans og daglegri framkvæmd sé starfi hans mjög til framdráttar.

IV. KAFLI

Kennaranám.

Í þessum kafla er fjallað um grunnmenntun kennara, bæði almennt kennaranám og kennsluréttindanám.

Um 13. gr.

Lagt er til að almennt kennaranám, sem lýkur með B.Ed.-prófi og miðast við almenn kennsluréttindi í grunnskólum, sé aukið nokkuð og lengt í fjögurra ára nám, u.þ.b. 30 vikur á ári. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir þriggja ára námi, með 8½–9½ mánaða kennslu á ári.

Sú breyting er hér einnig gerð frá gildandi lögum að námið er skipulagt í námseiningum þar sem hver eining er ígildi einnar viku vinnu og námið því 120 einingar allt. Í gildandi lögum er öllum námstímanum skipt í 12 hluti og hver hlutur jafngildir u.þ.b. sex vikustundum árlangt. Breytingin er gerð til að auðvelda skipulag náms og námsmat og er í samræmi við einingamat sem nú er víða notað í skólakerfinu, m.a. í Háskóla Íslands. Ætti því þessi tilhögun jafnframt að auðvelda gagnkvæma og sjálfsagða viðurkenningu námshluta milli Kennaraháskólans og Háskóla Íslands.

Um rökstuðning fyrir lengingu almenns kennaranáms vísast til inngangs í þessari greinargerð. Hér skal þó drepið á fáein atriði.

Undanfarin ár hafa verið gerðar umtalsverðar breytingar á skipan B.Ed.-námsins í Kennaraháskólanum. Hafa þær einkum beinst að því að gera viðfangsefni kennaranema samstæðari með hliðsjón af viðtekinni sundurbútun og tvístringi viðfangsefna, auk þess sem leitast hefur verið við að tengja kennaranámið betur væntanlegum starfsvettvangi.

Núgildandi löggjöf veitir mjög takmarkað svigrúm fyrir nýjar áherslur í inntaki og starfsháttum kennaranámsins og ýmsar umbótatilraunir hafa ýmist kafnað, strandað eða týnst í yfirfullri kennsluskipan grunnnámsins.

Fleiri rök hníga að lengingu B.Ed.-námsins:

— Breyttar þjóðfélagsaðstæður valda því að auknar kröfur eru nú gerðar til grunnskólakennara. Í skýrslu menntamálaráðherra: *Endurmat á störfum kennara* (febrúar 1985), eru nefnd nokkur veigamikil atriði sem breytt hafa starfsskilyrðum kennara og tilgreindar eru kröfur sem gerðar eru til þeirra, ekki síst auknar faglegar kröfur á sviði uppeldis, kennslu, samstarfs og stjórnunar.
— Víðast hvar í nágrannalöndum hefur stofnmenntun grunnskólakennara verið lengd og stendur í a.m.k. fjögur ár. Nokkru varðar að gæta samræmis við aðrar þjóðir á þessu sviði.
— Menntun framhaldsskólakennara á Íslandi stendur í a.m.k. fjögur ár og er metin til 120 eininga. Engin málefnaleg rök eru fyrir öðru en að stofnnám grunnskólakennara sé jafnlangt námi framhaldsskólakennara, þvert á móti má álykta að því meira sé komið undir öryggi og starfshæfni kennara sem nemandinn er yngri.
— Lenging námsins mun, eins og áður sagði, veita svigrúm fyrir ný áhersluatriði, t.d. á sviði upplýsingatækni og fyrir aukið vægi undirstöðugreina í kennaramenntun, svo sem móðurmáls, stærðfræði, list- og verkgreina og sérkennslufræða. Auk þess mun lengt grunnnám auka sjálfstæð störf kennaraefna tengd starfsvettvangi, sbr. ákvæði um kandídatsönn.

Lenging kennaranámsins birtist ekki í viðbót eða yfirbyggingu á núverandi skipan, heldur verði námið endurskipulagt í heild.

Um 14. gr.

Skipting kennaranámsins í þrjá meginþætti og ákvæði um námseiningar fela bæði í sér meiri sveigjanleika í skipulagningu kennslunnar og í vali kennaraefna á námsefni en gildandi lög.

Einstakar námsgreinar eru ekki lögbundnar, heldur gert ráð fyrir að þær séu ákvarðaðar í reglugerð og námsskrá sem stofnunin setur sér með formlegum hætti.

Ákvæði um námseiningar og námsþætti auðvelda skipan kennslunnar og gera hægara um vik að bæta kennaranámið með markvissum hætti, t.d. að bæta við nýjum og skipa saman námsgreinum.

Gert er ráð fyrir að allir, sem B.Ed.-prófi ljúka, hafi hlotið undirbúning til að sinna almennri bekkjarkennslu en auk þess er kennaraefnum gefið svigrúm til að einbeita sér hvort heldur er að bekkjarkennslu með fjölbreyttu vali námsgreina eða að kennslu einstakra námsgreina.

Skýringarnar, sem hér fara á eftir, um nýja skipan B.Ed.-námsins eru unnar eftir samþykkt skólastjórnar Kennaraháskólans frá 21. og 22. maí 1987.

Meginþættir námsins verða:

I. Uppeldisgreinar (30 einingar).

Afar mikilvægt er að kennaraefni öðlist heildstæða þekkingu í uppeldisgreinum sem verði kjölfesta í starfsmenntun þeirra. Í umfjöllun um þessar greinar skal tekið mið af þróun íslensks samfélags. Á skólanum hvílir sú skylda að flytja fram íslenska tungu og menningu. Ber að leggja áherslu á þennan þátt í almennu kennaranámi.

Nauðsynlegt er að kennaraefni fái tóm til sjálfstæðrar námsvinnu, jafnframt því að þeir öðlist heildstæða mynd af eðli og þroska einstaklingsins í félagslegu, menningarlegu og sögulegu ljósi.

II. Kennarafræði (45 einingar).

Hér er átt við þá starfsþekkingu og vinnubrögð sem grunnskólakennarar þurfa að hafa á valdi sínu til að stunda kennslu sem fagmenn. Æskilegt er að öll kennaraefni nái grundvallartökum á tilteknum kjarna starfsmenntunar svo sem á sviði móðurmáls og kennslu byrjenda. Margir skólar í landinu eru það smáir að þar verður ekki komið við verkaskiptingu í kennslu, einnig má ætla að kunnátta í kennslu undirstöðugreina hafi yfirfærslugildi á kennslu í öðrum greinum.

Inntak kennarafræðanna gæti skipst sem hér segir:

i. Eðli og inntak námsgreina grunnskólans ásamt kennslufræði (allt að 30 einingar). Hér er átt við innsýn og skilning kennara á þeim viðfangsefnum sem nemendur í grunnskólum þurfa að fást við og hvernig þau samrýmast þroska þeirra, þekkingu, færni og áhuga. Fengist er við greiningu á náms- og menntunarþörfum nemenda, skipulagningu (markmiðssetning, kennsluaðferðir, námsmat), rökstuðning, framkvæmd og mat á skólastarfi. Auk þessa eru ýmsir aðrir starfsleikniþættir, svo sem viðtalstækni, samskiptatækni, skýrslugerð. Beiting móðurmáls og þekking á því er þungamiðja alls náms. Því ber að leggja áherslu á fræðslu um íslenska tungu og málnotkun ásamt fræðslu um íslenskt samfélag og umhverfi í samtíð og fortíð. Enn fremur er lögð áhersla á mikilvægi stærðfræði. Annar meginþáttur í grunnskólanámi á að vera þjálfun handar. Í kennaranámi þarf að efla fræðslu um list- og verkgreinar, þar sem gefinn er gaumur að hvoru tveggja: tjáningarmiðlun og persónuleikamótun annars vegar, verkmennt hins vegar.
ii. Æfingakennsla og starfsþjálfun í skólum (allt að 20 einingar). Hér er átt við þjálfun á einstökum kennslufræðilegum starfsleikniþáttum og þátttöku í skólastarfi (æfingakennslu o.fl.) undir leiðsögn æfingakennara. Þessi þáttur þarf að taka bæði til almennrar kennslu í grunnskóla og kennslu á kjörsviði. Áheyrn í skólum og æfingakennsla spanna nú 13 vikur í almennu kennaranámi. Hér er gert ráð fyrir verulegri aukningu, m.a. sérstakri kandídatsönn þar sem kennaraefni verja löngum samfelldum tíma til kennslu og annarra starfa í skólum undir leiðsögn og umsjón reyndra kennara.

III. Kjörsvið (45 einingar).

Gert er ráð fyrir að valgreinar í grunnnámi til B.Ed.-prófs greinist á svonefnd kjörsvið. Hvert kennaraefni velur eitt kjörsvið (45 einingar). Á kjörsviðum skal leitast við að:

i. Veita undirstöðu í fræðigrein. Kennaraefni kynnist viðfangsefnum og vinnubrögðum á afmörkuðu þekkingarsviði enda má ætla að slík kynni hafi yfirfærslugildi á önnur þekkingarsvið.
ii. Veita þekkingu og leikni í tiltekinni námsgrein grunnskóla. Kennaraefni fái nokkra innsýn í þá þekkingargrein sem námsgreinin byggir einkum á, eðli hennar og formgerð og glöggvi sig þannig á einkennum námsgreinarinnar.
iii. Veita þekkingu og leikni í þeim þáttum greinarinnar sem fengist er við í grunnskóla samkvæmt námsskrá. Kennaraefni kynnist náið hugmyndum um kennsluefni og vinnuaðferðir sem unnt er að beita í greininni.

Með þessari tilhögun er sveigjanleiki náms í valgreinum aukinn. Kjörsvið er sett saman úr aðalgrein og aukagrein, ýmist einni eða tveimur. Aðalgrein telur 30 einingar hið minnsta, 40 einingar hið mesta (list- og verkgreinar). Aukagrein getur talið mest 15 einingar, minnst 5 einingar. Á kjörsviði með 40 eininga aðalgrein verður 5 eininga aukagrein, en á kjörsviði með 30 eininga aðalgrein bjóðast tvær aukagreinar. Aukagrein getur verið annaðhvort bundin eða valfrjáls. Aukagreinar verða fleiri á kjörsviðum sem miðast einkum við bekkjarkennslu en aðalgrein vegur þyngra á þeim kjörsviðum sem miðast einkum við greinakennslu.

Eðlilegt er að allar meginnámsgreinar grunnskólans séu valgreinar í almennu kennaranámi. Mikilvægt er að list- og verkgreinar, íþróttir og líkamsrækt skipi þar sama sess og bóklegar greinar.

Mikilvægt er að gefa kennaraefnum kost á nokkurri sérhæfingu í námi sínu og skapa þannig möguleika til dýpkunar og athugana á sérsviðum kennaramenntunar sem starfsskipting skóla krefst. Slík sérhæfing í námi skerðir þó ekki hin almennu kennsluréttindi í grunnskólum.

Um 15. gr.

Það er nýmæli að Kennaraháskólanum sé í lögum heimilað að annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun kennara á framhaldsskólastigi. Engin heildarskipan gildir í landinu um menntun framhaldsskólakennara. Hluti þeirrar menntunar fer nú fram á framhaldsskólastigi og hluti á háskólastigi. Háskóli Íslands veitir kennsluréttindi í þeim bóklegum greinum sem hann kennir til prófgráðu. Myndlista- og handíðaskóli Íslands, Tónlistarskólinn í Reykjavík, Íþróttakennaraskóli Íslands og Hússtjórnarkennaraskóli Íslands hafa rétt til að mennta sérgreinakennara, hver á sínu sérsviði, til starfa í grunnskólum og framhaldsskólum.

Mikið skortir á að löggjafinn hafi tryggt menntun kennara fyrir öll svið hins almenna skólakerfis. Efling framhaldsskólastigsins og fjölgun fjölbrautaskólanna leiddi í ljós að stór kennslusvið nutu ekki innlendrar kennaramenntunar.

Að höfðu samráði við stjórnendur Kennaraháskólans og Háskóla Íslands fól menntamálaráðuneytið Kennaraháskólanum, með bréfi dags. 15. jan. 1981, að skipuleggja og annast kennslufræðimenntun fyrir kennara í list- og verkgreinum á framhaldsskólastigi. Slíkt nám er nú skipulagt sem tveggja ára hlutanám. Kennarar, sem útskrifast hafa með þessi kennsluréttindi, starfa m.a. við fjölbrautaskóla, iðnskóla, sjómannaskóla og við menntun hjúkrunarstétta.

Kennsluréttindanám fyrir list- og verkgreinakennara er komið á talsverðan rekspöl í Kennaraháskólanum án þess að löggjöf geri ráð fyrir slíkri kennaramenntun þar eða annars staðar.

Brýnt er að rennt sé lagastoðum undir ofannefnt verkefni og auk þess ættu lögin að skapa grundvöll að fjölbreytilegum og sveigjanlegum samskiptum milli Kennaraháskólans og annarra stofnana þar sem kennaramenntun eða hlutar kennaramenntunar fara fram. Þannig gæti t.d. Kennaraháskólinn annast uppeldis- og kennslufræðihluta kennaranáms á móti kennslugreinahluta sem háskóli eða sérstofnun veitti.

Þetta ákvæði gengur ekki á rétt þeirra menntastofnana sem nú mennta sérgreinakennara. Þvert á móti er gert ráð fyrir að þær starfi áfram, eftir því sem aðstæður krefjast. Hins vegar opnast ýmsir möguleikar varðandi þróun kennaramenntunar og einstakra menntastofnana kennara. Þeirri stefnu vex mjög víða fylgi að styrkja beri tengsl kennara á mismunandi sviðum, efla skilning þeirra á starfi sínu og sameiginlegum kjarna þess hver sem kennslugrein þeirra er, verksvið eða aldursflokkur sem kennt er.

Einnig getur ákvæði þetta komið í veg fyrir tvíverknað og stuðlað að hagfelldari nýtingu fjármagns, svo og bættri náms- og starfsaðstöðu í kennaramenntun.

Eins og að er vikið í athugasemd um 1. gr. og hér að framan er augljós nauðsyn á nánu samstarfi Kennaraháskóla Íslands við aðrar menntastofnanir kennara og annarra uppeldisstétta. Í þessari grein er gert ráð fyrir að skipulagsgrundvöllur slíkrar samvinnu verði treystur með ákvæðum í reglugerð. Koma þessi ákvæði að nokkru í stað fyrirmæla í 1. gr. gildandi laga um verkaskiptingu milli Kennaraháskólans og Háskóla Íslands.

Um 16. gr.

Ákvæði þetta á sér hliðstæðu í gildandi lögum um Kennaraháskóla Íslands, 10. gr., í erindisbréfi fyrir leiðsögukennara og í lögum um grunnskóla, 5. tölul. 12. gr.

V. KAFLI

Endurmenntun.

Kafli þessi er nýmæli. Í 5. tölul. 1. gr. gildandi laga eru ákvæði um að eitt af hlutverkum Kennaraháskólans sé að annast endurmenntun og viðbótarmenntun kennara á skyldunámsstigi. Sambærilegt ákvæði er að finna í 4. tölul. 1. gr. þessa frumvarps. Í inngangskafla greinargerðarinnar um helstu nýmæli eru færð rök fyrir brýnni nauðsyn á öflugri starfsemi á þessu sviði.

Um 17. gr.

Í greininni er kveðið á um megintilgang endurmenntunar og er greinin efnislega sambærileg 5. tölul. 1. gr. gildandi laga. Verksvið er tvíþætt: að kynna kennurum markverðar nýjungar á sviði skóla- og uppeldismála og veita þeim faglega ráðgjöf og stuðning við að móta starfshætti í samræmi við eigin markmið og staðbundnar aðstæður.

Um 18. gr.

Lagt er til að tilteknum embættismanni, endurmenntunarstjóra, sé falin í umboði rektors umsjón með þessari starfsemi eins og verið hefur undanfarin ár, enda í samræmi við 72. og 73. gr. í gildandi reglugerð um Kennaraháskólann. Endurmenntunarstjóri vinnur, í samráði við rektor og kennslustjóra, að stefnumótun og stýrir daglegri framkvæmd. Gert er ráð fyrir því að endurmenntunarstjóri njóti aðstoðar frá starfsliði skólans á sviði stjórnsýslu. Um ráðningarform vísast til 33. gr. um ráðningu annarra starfsmanna en fastráðinna kennara.

Um 19. gr.

Lagt er til að skipuð sé sérstök nefnd rektor og endurmenntunarstjóra til ráðuneytis um endurmenntun kennara.

Nefndinni er ætlað að tryggja samráð skólaráðs, samtaka kennara og menntamálaráðuneytis, þar með taldir fræðslustjórar, um stefnumörkun og framkvæmd.

Um 20. gr.

Nauðsynlegt hefur reynst að skipta endurmenntun á svið eða aðrar starfsheildir, svo sem námskeið, fræðslufundi, bréfaskóla, erindaflokka, leiðsögn við nýliða, fjarkennslu o.fl. Hér er lagt til að rektor, í samráði við endurmenntunarnefnd, sé heimilt að ráða umsjónarmenn með slíkum tilteknum verkefnum.

Um 21. gr.

Gert er ráð fyrir að sett verði í reglugerð nánari ákvæði um stefnumörkun, skipulag og framkvæmd endurmenntunar. Verði þar kveðið á um samráð og samstarf allra þeirra stofnana er annast menntun kennara samkvæmt ákvæði 8. tölul. 1. gr. frumvarpsins.

VI. KAFLI

Framhaldsmenntun.

Kafli þessi er nýmæli.

Um 22. gr.

Í grein þessari er kveðið á um heimild til handa Kennaraháskólanum að fengnu samþykki menntamálaráðherra að stofna til framhaldsnáms er leiði til æðri prófgráðu en B.Ed.- eða BA-gráðu, svo sem meistaraprófsgráðu.

Brýnt er að kennarar og aðrar uppeldisstéttir eigi kost á framhaldsmenntun hér á landi. Fram til þessa hafa uppeldisstéttir þurft að sækja alla formlega framhaldsmenntun til

annarra þjóða og munu þess fá dæmi meðal þeirra menningarþjóða sem Íslendingar bera sig oftast saman við.

Framhaldsmenntun til æðri menntagráðu mundi treysta Kennaraháskólann í sessi sem starfsmenntastofnun og opna nýja möguleika til öflugrar rannsóknastarfsemi. Lagt er til að í reglugerð sé kveðið á um með hvaða hætti verði unnið að tillögugerð og stefnumótun fyrir framhaldsmenntun innan skólans og með hvaða hætti framhaldsdeildum verður stjórnað, m.a. sé kveðið á um tengsl þeirra við skólaráð.

Um 23. gr.

Hér er kveðið á um að fyrir framhaldsnám á tilteknu sviði skuli setja námsskrá þar sem lýst er markmiðum námsins og kveðið á um inntak þess, umfang, prófgráðu, inntökuskilyrði og annað er að náminu lýtur. Kennslustjóri hefur umsjón með verkefni þessu í umboði rektors og getur hann falið þeim sem settir eru til að stjórna náminu framkvæmd verksins.

Um 24. gr.

Hér er kveðið á um heimild til handa Kennaraháskólanum til að bjóða viðbótarmenntun á tilteknum sviðum er lýkur með sérstakri staðfestingu. Viðbótarnám gæti jafnframt verið hluti framhaldsnáms á sama sviði. Nám af þessu tagi er t.d. tveggja ára nám í sérkennslufræðum sem starfrækt hefur verið við skólann frá haustinu 1985 og nám fyrir stjórnendur skóla sem menntamálaráðherra, með bréfi dags. 28. jan. 1987, fól Kennaraháskólanum að koma á fót í samræmi við tillögur nefndar sem skipuð var í þessu skyni.

VII. KAFLI

Rannsóknir.

Kafli þessi er nýmæli. Hér er fjallað um rannsóknir á vegum Kennaraháskólans í samræmi við ákvæði 1. gr. frumvarpsins um hlutverk skólans sem vísindalegrar rannsóknastofnunar.

Um 25. gr.

Störf prófessora, dósenta og lektora skiptast í kennslu, stjórnun og rannsóknastörf. Um hlutfall rannsókna af heildarstarfi segir í reglugerð og kjarasamningum.

Lagt er til að skólaráði verði heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að ákvarða um heildarskipulag og stjórnun rannsókna og útgáfustarfsemi innan skólans. Mikilvægt er að Kennaraháskólinn hafi sjálfstæði um að skipa þessum málum á þann veg að treystur sé skipulagslegur grundvöllur rannsókna, áætlanagerð og yfirsýn. Þó sé þess gætt að hvort tveggja fari saman, heildarskipan með virkri stjórn og vísindafrelsi stafsmanna. Ein megin forsenda vísindalegrar starfsemi er vel búið bókasafn með sérmenntuðu starfsliði og góðri starfsaðstöðu.

Í greininni er einnig kveðið á um að setja skuli reglur um ráðstöfun á þeim rannsóknasjóðum sem stofnunin hefur til umráða hverju sinni.

Um 26. gr.

Í greininni er heimilað að innan Kennaraháskólans starfi rannsóknastofnun á sviði uppeldis- og kennslufræða, samkvæmt ákvörðun skólaráðs og með samþykki menntamálaráðherra. Sambærilegt ákvæði er í 9. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 77/1979. Í reglugerð um stofnunina skal m.a. kveða á um starfssvið hennar, stjórn, tengsl við skólaráð, Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála og aðra aðila er sinna rannsóknum.

Eins og fram kom í inngangi er gert ráð fyrir að sett verði löggjöf um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála sem sjálfstæða stofnun sem jafnframt er samstarfsvettvangur þeirra er rannsóknum sinna á þessu sviði.

VIII. KAFLI

Námsmat.

Um 27. gr.

Lagt er til að ákvæði um námsmat, próf og einkunnir, verði sett í reglugerð og um nánari framkvæmd sé tilgreint í námsskrám sem Kennaraháskólinn setur, bæði fyrir almennt kennaranám, kennsluréttindanám og viðbótar- og framhaldsnám. Þessi skipan er í samræmi við það megineinkenni frumvarpsins að ekki skuli í lögum kveðið á um framkvæmd einstakra þátta í starfsemi skólans.

Í reglugerð og námsskrám skal m.a. kveða á um einkunnakvarða, próftíma, matsform og skráningu.

Um 28. gr.

Hér er kveðið á um heimild til handa nemendum að endurtaka próf, en engin slík ákvæði eru í gildandi lögum. Þá er gert ráð fyrir að í reglugerð megi setja ákvæði um endurtöku prófs til að fá betri vitnisburð enda þótt nemandi hafi hlotið lágmarkseinkunn í greininni.

Greinin á sér hliðstæðu í 27. gr. laga nr. 77/1979, um Háskóla Íslands.

Um 29. gr.

Hér er mælt fyrir um hvernig dæma skuli fullnaðarpróf. Í greininni felast veigamiklar breytingar frá gildandi lögum, en í meginatriðum er fylgt þeirri tilhögun sem gildir í Háskóla Íslands, sbr. 29. gr. laga nr. 77/1979. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að prófdómendur utan skólans verði því aðeins við skrifleg próf að sérstök ástæða þyki til. Þá er öllum nemendum tryggður réttur til málskots að því er varðar mat kennara á skriflegri úrlausn.

Í greininni eru ákvæði um val prófdómenda og skipunartímabil ítarlegri en í gildandi lögum.

Um 30. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

IX. KAFLI

Starfslið.

Um 31. gr.

Í gildandi lögum eru ákvæði um fjölda prófessora og dósenta. Ákvæði þetta hefur reynst dauður bókstafur og er það því fellt niður í frumvarpinu og í þess stað gert ráð fyrir að stofnun nýrra kennaraembætta fari eftir ákvörðun menntamálaráðherra, að fengnum tillögum skólaráðs og eftir því sem fé er veitt til slíkra embætta í fjárlögum.

Nýmæli er heimild til að skipa dósenta eða lektora tímabundið.

Í reglugerð skal kveða á um starfsskyldur kennara, m.a. um skiptingu starfs milli kennslu, rannsókna og stjórnunar og um tengsl fastráðinna kennara við hið almenna skólastarf, en sterk tengsl kennara Kennaraháskólans við skóla landsins, einkum grunnskólana, auka líkur á því að fræðilegt kennaranám taki jafnan mið af raunverulegum aðstæðum.

Um 32. gr.

Nýmæli er það að skólaráð ráði aðjúnkta í stað þess að menntamálaráðherra sá um ráðningu þeirra áður.

Gert er ráð fyrir að skipuð sé dómnefnd til að dæma um hæfni umsækjenda til að gegna stöðu lektors með sama hætti og ákvæði eru um í gildandi lögum varðandi umsóknir um

prófessors- og dósentsstöður. Nýmæli er heimild til að flytja lektor úr lektorsstöðu í dósentsstöðu og dósent úr dósentsstöðu í prófessorsstöðu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, en hliðstætt ákvæði er í lögum um Háskóla Íslands.

Í greininni er gert ráð fyrir að heimilt verði að ráða sérfræðinga við rannsóknastörf (sbr. 26. gr.) með formlegum hætti.

Um 33. gr.

Í greininni er kveðið á um með hvaða hætti skuli ráða þá starfsmenn er ekki falla undir ákvæði 31. gr.

Um 34. gr.

Með breytingum þeim, sem greinin gerir ráð fyrir á ákvæðum 23. gr. gildandi laga um orlof við Kennaraháskólann, er meginhersla lögð á þarfir skólans og frumkvæði. Kemur það fram með þrennum hætti:

1. Orlof skal vera heimilt föstum starfsmönnum skólans, en ekki kennurum hans einum,
2. skylt er ráðuneyti að leita umsagnar rektors um umsóknir um orlof starfsmanna,
3. réttur til orlofs er ekki háður þjónustualdri starfsmanns.

Sveigjanleiki ákvæða frumvarpsins er eftir því sniðinn að reglur um orlof verði í reynd til að efla hæfni starfsliðs skólans.

Á því er alllöng hefð að veita kennurum einum fastra starfsmanna við skóla orlof. En hvort tveggja er að við Kennaraháskólann kunna fastir starfsmenn að inna mikilvæga kennslu af höndum, þó að ekki beri þeir kennaranafn — það á t.d. við kennslustjóra, bókaverði, endurmenntunarstjóra, og aðrir kunna ásamt þeim að láta í té ýmsa þjónustu við kennaranám, t.d. í tækni margháttaðri, og getur mikið oltið á því fyrir skólann að þeim gefist kostur á að auka við sig námi.

Þá er tekið fram í greininni að ákvæði um veitingu orlofs nái einnig til fastráðinna starfsmanna Æfingaskólans, sbr. X. kafla frumvarpsins, enda gegna þeir mikilvægu hlutverki á sviði kennaramenntunar.

X. KAFLI

Æfingaskóli Kennaraháskóla Íslands.

Um 35. gr.

Greinin kveður á um starfrækslu sérstaks hverfisskóla í Reykjavík sem skal vera miðstöð æfingakennslu við Kennaraháskóla Íslands. Greinin er í aðalatriðum samhljóða 16. gr. gildandi laga.

Æfingadeildir hafa starfað við Kennaraskóla Íslands allt frá stofnun hans. Deildirnar sóttu nemendur víðs vegar að úr borginni, en á því varð þó breyting árið 1968 þegar hverfisskóli tók til starfa í eigin skólahúsi á lóð Kennaraháskólans. Ákvæði um sérstakan æfingaskóla höfðu þó verið í lögum allt frá árinu 1943, sbr. lög nr. 50/1943, um Kennaraskóla Íslands.

Nafn skólans er í frumvarpi þessu stytt úr Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands í Æfingaskóli Kennaraháskóla Íslands. Er þetta eingöngu gert til hægðarauka þar eð nafnið er þannig heldur styttra og þjálla.

Til að fyrirbyggja hugsanlegan misskilning skal tekið skýrt fram að með nafnbreytingunni er ekki gefið í skyn að draga skuli úr verkefnum skólans á sviði nýbreytni og tilrauna við nám og kennslu. Þessu er þveröfugt farið svo sem víða kemur skýrt fram í frumvarpinu og þessari greinargerð.

Forskóladeildir fyrir fimm og sex ára börn hafa árum saman verið í Æfingaskólanum. Í lok greinarinnar er ákvæði sem heimilar að svo verði einnig framvegis, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

Um 36. gr.

Greinin fjallar um þrjú meginhlutverk Æfingaskólans. Þau fléttast að sjálfsögðu saman í starfsháttum skólans, en hér verður gerð grein fyrir hverju verkefni sérstaklega.

1. Í greininni segir að skólinn sé miðstöð æfingakennslu Kennaraháskólans. Er hér skýrar að orði kveðið en í 16. gr. gildandi laga og þáttur skólans í menntun kennara nánar afmarkaður en þar er gert. Skilgreining á skólanum sem miðstöð æfingakennslu felst m.a. í eftirfarandi:
   a. Æfingaskólinn og starfsmenn hans eru ábyrgðarmenn við mótun æfingakennslu jafnt í einstökum greinum sem og samfelldu kennslustarfi. Starfsmönnum skólans er ætlað, undir stjórn skólastjóra og æfingastjóra, að annast faglega umsjón með æfingakennslu í öðrum skólum og vera lausráðnum æfingakennurum þar til halds og trausts. Af framansögðu leiðir óbeint að einungis hluti æfingakennslunnar fer fram í Æfingaskólanum sjálfum þótt skólinn muni, svo sem skylt er og eðlilegt, hafa innan sinna veggja hlutfallslega fjölmennan hóp kennaraefna. Sá misskilningur skýtur stundum upp kollinum að sérstaða Æfingaskólans sé í því fólgin að þar skuli öll kennaraefni hljóta alla sína æfingakennslu. Þetta er að sjálfsögðu hvorki framkvæmanlegt né æskilegt.
   b. Kennaraefni skulu eiga samastað í skólahúsi Æfingaskólans er þeir vinna að undirbúningi æfingakennslu. Gildir þetta jafnt fyrir kennaraefni er sækja kennsluæfingar sínar í Æfingaskólanum sjálfum og þá sem sækja til annarra skóla, að svo miklu leyti sem slíku verður við komið og hentugt þykir. Athvarf kennaraefna þarf að vera í húsnæði sérstaklega búnu til þessara nota. Þar þarf að vera til reiðu kennsluefni, kennslutæki og önnur nauðsynleg gögn. Aðstaða þessi mundi jafnframt notuð þegar efnt væri til námskeiða fyrir kennaraefni og kennara í notkun kennslu- og námsgagna.
   c. Æfingaskólanum er einnig ætlað að gegna hlutverki sínu sem miðstöð æfingakennslu í landinu með því að sinna nýbreytni í skólastarfi öðrum skólum fremur og veita þannig kennaraefnum færi á að fylgjast með verklagi í skóla sem er í skipulegri þróun. Skipuleg fræðsla og námskeiðshald á vegum Æfingaskólans fyrir lausráðna æfingakennara í skólum landsins hefur aukist á undanförnum árum.
2. Ákvæði greinarinnar um þróunarstofnun vísar til verkefna skólans á sviði tilrauna- og nýbreytnistarfa við nám og kennslu og stefnir að sama marki og 17. gr. gildandi laga, en eftir öðrum leiðum, enda margt breytt frá setningu þeirra.

   Í lögum um Kennaraskóla Íslands frá 1947 og 1963 voru ákvæði um að Æfingaskólinn skyldi starfa sem tilraunaskóli og jafnframt sinna rannsóknum á sviði skólamála. Fyrir löggjafanum hefur sennilega vakað að skólinn sinnti a.m.k. að einhverju leyti verkefnum sem voru falin skólarannsókna- og síðar skólaþróunardeild menntamálaráðuneytisins. Lagaákvæði þessi um Æfingaskólann komu þó aldrei til framkvæmda né heldur ákvæðin í lögum nr. 16/1947, um rannsóknastofnun í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands. Lögin um Kennaraháskóla Íslands frá 1971 geyma enn ákvæði um tilraunaskóla og rannsóknaskyldu. Hefur starfsemi skólans þróast í þá átt síðan skólinn var gerður að heildstæðum grunnskóla og tók til starfa sem hverfisskóli í sérstöku skólahúsi. Á þessum árum hefur einnig samstarf ráðuneytis og Æfingaskólans orðið virkara en áður var.

   Tilraunahlutverk skólans er í rauninni ekki, og svo hefur sennilega ekki heldur verið í upphafi, tengt vísindalegri tilraunastarfsemi í þröngri merkingu, heldur því að skólinn hefði forgöngu um nýjungar í skólastarfi. Þá er þess að geta sem ekki er minnst um vert, en það eru tengsl kennara og nemenda Kennaraháskólans og greiður aðgangur þeirra til að reyna og fylgjast með lifandi skólastarfi í Æfingaskólanum.

Hlutur Æfingaskólans í endurmenntunarstarfi Kennaraháskólans er verulegur. Einnig hefur skólinn tengst nokkuð verkefnum Rannsóknastofnunar uppeldismála.

Nú um sinn virðist stefna í þá átt að hver skóli geti og eigi að mótast sem mest innan frá og þróast í samræmi við eigin þarfir og aðstæður í skólahverfinu. Sérstaða Æfingaskólans gagnvart öðrum skólum yrði samkvæmt framansögðu einkum fólgin í því að honum bæri beinlínis skylda til að fylgjast með framvindu skólamála erlendis og hér heima, brjóta upp á nýjungum í starfi og greina opinberlega frá viðleitni sinni í þessa veru.

3. Síðan haustið 1968 hefur Æfingaskólinn starfað sem almennur barnaskóli og síðar grunnskóli fyrir tiltekið hverfi í Reykjavík. Vegna verkefna Æfingaskólans á sviði æfingakennslu og þróunarstarfa er æskilegt að starfsgrundvöllur hans sé sem minnst frábrugðinn grundvelli annarra sambærilegra grunnskóla.

Um 37. gr.

Greinin fjallar um stjórn skólans. Fyrsta málsgrein er að mestu samhljóða ákvæðum um sama efni í 18. gr. gildandi laga. Með orðunum aðrir starfsmenn er m.a. átt við starfslið á skrifstofu og sérfræðinga við ráðgjafarstörf.

Frumvarpið gerir ráð fyrir breytingum á skólastjórn Æfingaskólans. Skipan sú, sem verið hefur skv. gildandi lögum, að allir fastráðnir kennarar skólans, auk skólastjóra, rektors Kennaraháskólans og fræðslustjórans í Reykjavík, eigi sæti í stjórn skólans, reynist þung í vöfum, gerir ákvörðunartöku seinvirka og jafnvel óþægilega fyrir starfsfólk. Með breytingunni er ekki ætlunin að rýra aðild kennara að stefnumótun skólans, enda eiga þeir fulltrúa í skólastjórn, en talið heppilegt að tillögur og áhrif starfsliðs á þróun skólans komi einnig fram með öðrum hætti, t.d. á samstarfsfundum kennara, sérstökum starfsmannafundum eða fyrir tilstilli sérstaklega kjörinna nefnda og starfshópa innan skólans. Eðlilegt er að foreldrar eða forráðamenn nemenda eigi fulltrúa í skólastjórninni, fylgist með starfsáætlun og hafi áhrif á starfsemina.

Ákvæði um tímabundna ráðningu skólastjóra er nýmæli. Telja verður æskilegt að Æfingaskólinn sem þróunarstofnun búi við sveigjanleika og möguleika til endurnýjunar í forustu.

Nauðsyn þykir að festa í lögum ákvæði um að tveir yfirkennarar starfi við skólann. Æfingaskólanum er ætlað að sinna mörgum og vandasömum verkefnum og því álitið heppilegt að skólastjóri sé ekki of bundinn störfum við daglega umsjón í skólanum.

Um 38. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um skiptingu stofnkostnaðar og rekstrargjalda Æfingaskólans milli ríkissjóðs og borgarsjóðs Reykjavíkur. Greinin er efnislega samhljóða 2. tölul. 18. gr. í gildandi lögum.

Um 39. gr.

Greinin fjallar um kennaralið skólans og svarar efnislega til 21. gr. gildandi laga. Sú meginbreyting er þó gerð frá því sem áður var að við skólann skuli að mestum hluta starfa fastráðnir æfingakennarar, en á þeim og almennum kennurum er nokkur munur, bæði að því er varðar verksvið, kennsluskyldu og launakjör. Þessi starfskjaramunur og sú tvískipting kennaraliðs skólans, sem af honum leiðir, orkar á ýmsan hátt tvímælis og hefur í för með sér marga ókosti beint og óbeint og torveldar eðlilega samvinnu kennara og fulla nýtingu starfsliðs, ekki síst samhæfingu þeirra verkefna sem kennurum ber að sinna. Hér er, auk kennslu, átt við samstarfsfundi innan skólans, viðtöl við kennaraefni og vinnu með kennurum Kennaraháskólans og alveg sérstaklega umsjónarstörf með æfingakennslu í einstökum greinum og samstarf við lausráðna æfingakennara í öðrum skólum. Af þessum

sökum og öðrum, sem lítillega verður vikið að hér á eftir, þykir vænlegra til árangurs, og betur í samræmi við markmið Æfingaskólans, að allir eða nær allir kennarar skólans skuli fastráðnir æfingakennarar.

Svigrúm yrði þó áfram að ráða til skamms tíma nokkra kennara að skólanum á kjörum grunnskólakennara. Væntanlega yrði einkum um að ræða nýliða við kennslustörf.

Æfingakennsla er ekki nema að takmörkuðu leyti bundin við kennslu einstakra æfingakennara í tiltekinni kennslustofu ákveðinn stundafjölda á viku, heldur verður hún best rækt í fjölþættu og samvirku starfi kennara og kennaraefna þegar þeir gegna um lengra tímabil margvíslegum sameiginlegum störfum sínum. Í samræmi við þetta er Æfingaskólanum ætlað að vera kennaraefnum sýnishorn af sveigjanlegu skólastarfi sem þeir eigi jafnan aðgang að. Samkvæmt því er starf allra kennara skólans jafnmikilvægt og raunar annarra starfsmanna einnig. Til þessa viðhorfs er þá einnig að rekja helsta rökstuðning þess að allir fastir kennarar skólans sitji við sama borð í kjaralegu tilliti, enda geti þeir, hver á sínu sviði, lagt til skólastarfsins fullgildan skerf svo að skólinn megi gegna sem best hlutverki sínu.

Telja verður að í framantöldum atriðum felist umtalsverð breyting á æfingakennslunni frá því sem gildandi lög ákveða, enda hefur framkvæmd æfingakennslu þróast á þennan veg í Kennaraháskólanum á undanförnum árum. Þetta má einnig marka af því að verkefni og vinnuframlag einstakra æfingakennara verða ekki metin (a.m.k. ekki í Æfingaskólanum) í fjölda kenndra æfingastunda (sbr. upphaf 21. gr. 2. tölul. í gildandi lögum) heldur tekið mið af vinnu kennarans samanlagðri við kennslu, á sviði æfingakennslu og nýbreytni- og þróunarstarfa í skólanum sem hann ásamt samkennurum og kennaraefnum innir af hendi.

Um 40. gr.

Greinin fjallar um stöðu æfingastjóra, val hans og verksvið. Í gildandi lögum (13. gr.) er æfingastjóri talinn til starfsmanna Kennaraháskólans. Frumvarpsgreinin kveður á um breytingu að því leyti að æfingastjóra skal nú ráða úr hópi fastra æfingakennara til þriggja ára í senn og má ekki endurráða hann nema einu sinni án lotuskila.

Með þessari breytingu er að því stefnt að æfingastjóri sé í sem allra nánastri snertingu við sjálfa framkvæmd æfingakennslunnar, hafi starfsaðstöðu í Æfingaskólanum og sé ótvírætt hluti af starfsliði skólans. Starf núverandi æfingastjóra hefur raunar þegar orðið mjög á þennan veg og hann hefur bækistöð sína í Æfingaskólanum. Jafnframt þarf æfingastjóri, svo sem nú er, að vinna í nánu sambandi við kennslustjóra Kennaraháskólans, sérstaklega að eðlilegri samtengingu æfingakennslu og annarra þátta kennaranámsins. Heppilegt er talið að æfingastjóri gegni ekki starfi of lengi í senn. Erfitt kynni að reynast fyrir viðkomandi að hverfa aftur að kennslu ef því starfi hefur ekki verið sinnt um margra ára skeið. Af sama toga er sú heimild að fela megi, ef henta þykir, fleiri en einum æfingakennara störf æfingastjóra.

Um 41. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá því sem er í 1. málsl. 22. gr. gildandi laga, nema skyldan til að taka við kennaraefnum til æfingakennslu er ekki lengur bundin við grunnskóla. Er það eðlileg afleiðing af víkkun á starfssviði Kennaraháskólans, sbr. 2. tölul. 1. gr. frumvarpsins.

Um 42. gr.

Greinin er nýmæli og eykur svigrúm Kennaraháskólans og Æfingaskólans til að eiga formlegt samstarf við skóla víðs vegar um landið um æfingakennslu, tilraunir og þróunarstarf.

Aukin verkefni sem Kennaraháskólanum er heimilað að sinna, einkum á sviði framhaldsmenntunar og menntunar framhaldsskólakennara, leiða til þess að hann þarf að eiga greiðan aðgang að fleiri skólum en Æfingaskólanum, sérstaklega er mikilvægt að geta stofnað til formlegra tengsla við tiltekna skóla á framhaldsskólastigi.

Rannsóknir og þróunarverkefni einstakra starfsmanna Kennaraháskólans og þróun kennaramenntunarinnar krefjast oft náins samstarfs við skóla og starfsfólk þeirra.

Kennaraháskólinn menntar kennara fyrir landið allt og er mikilvægt að hann hafi svigrúm til að eiga formlegt samstarf við skóla af ýmsum gerðum sem víðast á landinu, viðhalda þeim tengslum og endurnýja í samræmi við eðli viðfangsefna.

XI. KAFLI

Gildistaka og reglugerð.

Ákvæði til bráðabirgða um gildistöku 13. og 14. gr. er sett til að gefa Kennaraháskóla Íslands nægilegan tíma til að undirbúa þær breytingar sem felast í lengingu kennaranámsins.

Fylgiskjal.

Um kostnaðarauka af breytingum á lögum um Kennaraháskóla Íslands.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um Kennaraháskóla Íslands eru talin nokkur mikilvægustu nýmæli frumvarpsins og veigamestu breytingarnar sem samþykkt þess hefði í för með sér.

Um sum þessara nýmæla er það að segja að með þeim er skólanum heimilað að ráðast í tiltekin ný verkefni, en ekki er kveðið á um hvenær, hvernig, eða í hve ríkum mæli. Í þeim tilvikum er erfitt að spá um kostnaðarauka af völdum breytinganna. Hér á eftir fer mat fjármálaskrifstofu menntamálaráðuneytisins á kostnaðarauknigunni:

I. Það nýmæli sem vafalaust hefði mestan kostnaðarauka í för með sér er lenging reglulegs námstíma úr þremur árum í fjögur. Gert er ráð fyrir því að það verði innan sex ára frá gildistöku laganna. Launakostnaður við kennslu í hinum ýmsu „skorum" skólans nemur 50–55 hundraðshlutum af heildarlaunakostnaði skólans. Lenging námsins myndi væntanlega valda um 30% fjölgun nemenda og tilsvarandi aukningu kennslukostnaðar. Þessi breyting ein myndi þannig valda **16–17% hækkun** á heildarlaunakostnaði þótt ekki sé tekið tillit til þeirra áhrifa sem hún myndi hafa á umfang stjórnunar, þjónustuþörf á bókasafni, rekstur húsnæðis, orlof kennara o.s.frv.

II. Með samþykkt frumvarpsins yrði skólanum formlega heimilað að annast framhaldsmenntun kennara. Engin leið er að geta sér til um kostnað vegna þeirrar heimildar. Ekki er ástæða til að búast við hærri kostnaði á hvern nemanda eða hvern „námshóp" heldur en í námi til B.Ed.-prófsins og mundi því kostnaðaraukinn ráðast af aðsókn á hverjum tíma.

III. Aukin umsvif í endurmenntun myndu vissulega kosta talsvert fé. Launakostnaður vegna endurmenntunar er nú u.þ.b. 6% af heildarlaunakostnaði. Sé gert ráð fyrir 50% aukningu í endurmenntun myndi það þannig auka heildarlaunakostnað um **u.þ.b. 3%**.

IV. Önnur nýmæli, sem talin eru í greinargerðinni, leiða ekki sjálfkrafa til aukins kostnaðar, en gera má ráð fyrir að stjórnunar- og þjónustuþættir vaxi í samræmi við fjölgun nemenda og kennara. Þessir þættir taka til sín um 22% af launum og sé miðað við að fyrrtaldar breytingar valdi um 35% fjölgun nemenda og kennara (fjórða ár + framhaldsnám) má ætla að hér gæti orðið um **8% viðbót** við heildarlaunakostnað.

V. Niðurstaða lauslegrar áætlunar, þar sem m.a. er miðað við að umfang endurmenntunar aukist um 50%, og að í framhaldsnámi til M.Ed.-prófs verði ekki mjög margir, er því sú að **laun gætu hækkað vegna lagabreytinganna um u.þ.b. 28%**.

VI. Önnur rekstrargjöld munu væntanlega ekki standa í stað, ef skólinn stækkar til muna. Ætla má að útgjöld vegna yfirstjórnar skólans og vegna rekstrar skólahússins vaxi mun minna en sem nemur fjölgun í skólanum, varla meira en um 10%. Þessir þættir taka til sín um 47% af rekstrargjöldum og mundi því 10% hækkun þeirra valda um **5% hækkun** á rekstrargjöldum í heild. Hér að framan var gengið út frá 50% aukningu í endurmenntun, en rekstrarkostnaður vegna endurmenntunar er hlutfallslega mjög hár. Hann er nú um 16% af heildarrekstrarkostnaði og 50% aukning þýðir því **8% aukningu** á heildinni. Aðrir þættir rekstrargjaldanna, samanlagðir um 37% af rekstri, munu, ef að líkum lætur, hækka í samræmi við nemendafjölgun, eða um sem næst 35% og valda um **13% hækkun** á heildinni. Önnur rekstrargjöld mundu þá samkvæmt þessu **hækka um 26%**.

VII. Niðurstaðan er þá sú að hækkun á heildarútgjöldum skólans, þ.e. launum og öðrum rekstrargjöldum, í framhaldi af breytingu á lögunum **ætti að verða 27–28%** sem miðað við gildandi fjárlög samsvarar **43–44 000 000 króna**.

Þótt erfitt sé að spá um beinar kostnaðarhækkanir í rekstri Kennaraháskóla Íslands ef umræddar breytingar verða gerðar á lögunum er enn hæpnara að hægt sé að spá um óbein áhrif þeirra. Til dæmis er ekki vitað hvort lenging námsins veldur aukningu eða samdrætti í aðsókn að skólanum og því ekki heldur hvaða áhrif breytingin hefur á aðsókn að öðrum menntastofnunum. Sama er að segja um framhaldsnámið. Ekki er heldur ljóst hvaða áhrif lenging á almennu kennaranámi hefur á launakjör kennara, en telja má nokkuð víst að hún leiði til hækkunar.

Ed. 737. Frumvarp til laga [391. mál]

um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála skal vera sjálfstæð vísindaleg stofnun og samstarfsvettvangur aðila er sinna rannsóknum á því sviði.

2. gr.

Hlutverk Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála skal vera að:

1. Vinna að rannsóknum á sviði uppeldis- og menntamála og skulu að jafnaði tekin fyrir verkefni er teljast hafa fræðilegt eða hagnýtt gildi fyrir skóla og menntamál á Íslandi.
2. Veita faglega ráðgjöf um rannsóknir og þróunarverkefni á sviði uppeldis- og menntamála.
3. Veita kennurum, kennaraefnum og háskólastúdentum í framhaldsnámi á sviði uppeldis- og menntamála þjálfun og ráðgjöf í fræðilegum vinnubrögðum.
4. Kynna íslenskar og erlendar rannsóknir.

Við Rannsóknastofnun uppeldismála skulu starfa sérfræðingar á sviði uppeldis- og menntamála. Heimilt er háskólakennurum að inna vinnuskyldu sína, eða hluta hennar, af hendi með störfum í þágu stofnunarinnar.

3. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn stofnunarinnar. Stjórn Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála skal vera í höndum stjórnarnefndar sem í eiga sæti: Rektor Háskóla Íslands, rektor Kennaraháskóla Íslands; fjórir fulltrúar tilnefndir til fjögurra ára af

eftirtöldum aðilum: fulltrúi tilnefndur af menntamálaráðherra og skal hann vera formaður stjórnarnefndar, fulltrúi tilnefndur af félagsvísindadeild Háskóla Íslands, fulltrúi tilnefndur af skólaráði Kennaraháskóla Íslands, fulltrúi tilnefndur af samtökum kennara á grunn- og framhaldsskólastigi.

Formaður boðar fundi stjórnarnefndar og stýrir þeim. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Stjórnarnefnd hefur yfirumsjón með fjárhag stofnunarinnar og gerir tillögur til menntamálaráðuneytis um fjárveitingar í fjárlögum. Hún ræður, að fengnum tillögum, forstjóra, starfsmenn að stofnuninni og samþykkir val meiri háttar rannsóknarverkefna.

4. gr.

Vísindalegu starfi Rannsóknastofnunar uppeldismála stjórnar forstjóri. Stjórnarnefnd ræður forstjóra til fjögurra ára í senn. Ráðning hans er háð staðfestingu ráðherra. Forstjóri skal uppfylla þær hæfniskröfur sem gerðar eru til prófessora. Í reglugerð fyrir stofnunina skal kveða nánar á um kröfur sem gerðar eru til forstjóra um vísindalega hæfni og hvernig hún skuli metin.

Forstjóri skal hafa umsjón með fjárreiðum stofnunarinnar, framgangi rannsóknarverkefna og útgáfustarfsemi og annast daglegan rekstur, m.a. ráðningu starfsmanna til minni háttar verkefna. Hann gerir tillögur til stjórnarnefndar um ráðningu starfsmanna að stofnuninni, undirbýr fjárhagsáætlanir og semur ársskýrslu um starfsemina.

5. gr.

Heimilt er í reglugerð fyrir Rannsóknastofnun uppeldismála að setja nánari ákvæði um starfssvið stofnunarinnar og starfshætti.

6. gr.

Við gildistöku þessara laga falla úr gildi ákvæði 14. og 15. gr. laga nr. 38/1971, um Kennaraháskóla Íslands.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Brýna nauðsyn ber til að efla rannsóknir á sviði uppeldis- og skólastarfs. Vönduð rannsóknavinna og fræðistörf á þessu sviði eru forsenda flestra umbóta í almennu skólastarfi og bættri starfsmenntun kennara. Rannsóknum á íslensku menntakerfi má skipta í þrennt eftir því hvaða megintilgangi þær þjóna.

Í fyrsta lagi eru rannsóknir nauðsynlegar til þess að tryggja að tekið sé mið af íslenskri menningu og þjóðfélagsaðstæðum á hverjum tíma. Mikilvægt er að draga fram sérkenni íslenskrar menningar og íslensks þjóðfélags og tengja þau skólastarfi á kerfisbundinn hátt. Eins er nauðsynlegt að byggja á þeirri reynslu sem kennarar og skólamenn hafa aflað sér í starfi við íslenskar aðstæður. Þá er varhugavert að flytja inn erlendar skólastefnur meira og minna hráar án þess að rannsakað sé hversu vel þær henta hér á landi. Öflugar rannsóknir á sviði uppeldis- og skólamála eru því afar mikilvæg forsenda fyrir ábyrgri skólastefnu og gildur þáttur menningarlegs sjálfstæðis.

Í öðru lagi eru rannsóknir nauðsynlegar til þess að hægt sé að meta árangur af skólastarfi. Þetta á ekki síst við um mat á nýjungum og ýmiss konar þróunarstarfi.

Í þriðja lagi má nefna að mikilvægt er fyrir daglegan rekstur og stjórnun að halda til haga, vinna úr og setja fram upplýsingar um skólastarf á skipulegan og kerfisbundinn hátt. Slík rannsóknavinna er einnig nauðsynleg forsenda fyrir farsælli stefnumótun í skólamálum.

Rannsóknir á íslensku skólakerfi hafa verið af skornum skammti. Einstakir fræðimenn, einkum við Kennaraháskólann og Háskóla Íslands og enn fremur einstakir starfsmenn menntamálaráðuneytisins, hafa unnið að afmörkuðum rannsóknum. Mikilvægt er að samræma þessa rannsóknastarfsemi — skapa samstarfsvettvang fyrir virka umræðu. Þá er og mikilvægt að koma á fót miðstöð sem veitir bæði ráðgjöf og aðstöðu fyrir rannsóknir á sviði uppeldis- og skólamála, jafnframt því sem slík miðstöð sæi um að þjálfa rannsóknafólk og halda námskeið um nýjungar í rannsóknaaðferðum, meðferð og úrvinnslu gagna. Þróunin hefur einmitt verið í þá átt í nágrannalöndum okkar að efla miðlægar rannsóknastofnanir á sviði uppeldismála og sameina þannig krafta rannsóknamanna sem fást við slík verkefni.

Íslensk kennarasamtök og áhugamenn um skóla- og uppeldismál hafa um áratuga skeið lagt mikla áherslu á rannsóknir í þágu íslenskra barna. Barátta þessara aðila fyrir viðurkenningu löggjafans á rannsóknaþörf á sviði íslenskra uppeldis- og skólamála bar nokkurn árangur er Rannsóknastofnun uppeldismála var komið á með ákvæðum í lögum nr. 38/1971 um Kennaraháskóla Íslands. Stofnunin tók þó ekki formlega til starfa fyrr en á árinu 1983 er stjórn var skipuð og ráðinn var forstöðumaður.

Á undanförnum árum hefur stofnuninni smám saman vaxið ásmegin þótt verulega skorti á um fé og mannafla til að unnt sé að sinna því veigamikla hlutverki sem henni er ætlað. Ljóst virðist að Rannsóknastofnun uppeldismála þarf að hafa á að skipa tveimur starfsmönnum hið minnsta auk forstjóra og ritara í hálfu starfi. Æskilegast væri að annar þeirra hefði sérþekkingu á sviði tölfræði og aðferðafræði en hinn á sviði skóla- og uppeldismála.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga er Rannsóknastofnun uppeldismála samstarfsvettvangur þriggja aðila; Kennaraháskólans, Háskóla Íslands og menntamálaráðuneytis. Stofnunin hefur sjálfstæðan fjárhag og eigin stjórnarnefnd.

Samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps er Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála gerð að sjálfstæðri stofnun. Sú skipan er eðlilegri en að tengja hana lögum einnar af þeim stofnunum sem að henni standa.

Frumvarp þetta er í nokkru frábrugðið ákvæðum gildandi laga. Verksvið stofnunarinnar er aukið, samtökum kennara er fengin aðild að stjórn stofnunarinnar og gert er ráð fyrir að stjórnarnefnd Rannsóknastofnunar ráði forstjóra að stofnuninni og gegni hann því sem fullu starfi.

Ahugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Kveðið er á um að Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála skuli vera sjálfstæð vísindaleg stofnun og samstarfsvettvangur þeirra aðila er sinna rannsóknum á sviði uppeldis- og menntamála.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um hlutverk Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála. Greinin er efnislega samhljóða ákvæðum 14. gr. laga nr. 38/1971. Nýmæli er ákvæði um að stofnunin skuli veita faglega ráðgjöf á sviði uppeldis- og menntamála.

Um 3. gr.

Greinin víkur efnislega frá ákvæðum 1. tölul. í 15. gr. laga nr. 38/1971 í eftirtöldum atriðum:

1. Samtök kennara á grunn- og framhaldsskólastigi fá hér fulltrúa í stjórnarnefnd stofnunarinnar og þannig aukin tengsl rannsókna við skólastarf.
2. Gert er ráð fyrir að skólaráð Kennaraháskóla Íslands tilnefni fulltrúa í stjórnarnefnd en samkvæmt gildandi lögum er fulltrúi tilnefndur af föstum kennurum í uppeldisskor.
3. Kveðið er á um að tilnefning í stjórnarnefnd sé til fjögurra ára í senn.

Um 4. gr.

Ákvæði 4. gr. eru efnislega sambærileg við ákvæði 2. tölul. í 15. gr. gildandi laga. Nýmæli er að gert er ráð fyrir því að stjórnarnefnd ráði forstjóra að stofnuninni til fjögurra ára í senn. Skal forstjóri Rannsóknastofnunar uppeldismála uppfylla hæfniskröfur sem gerðar eru til prófessora. Þessi skipan eykur ábyrgð stjórnarnefndar og sjálfstæði stofnunarinnar.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir því að í reglugerð fyrir Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála sé nánar kveðið á um starfssvið og starfshætti stofnunarinnar.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 738. Tillaga til þingsályktunar [392. mál]

um úttekt vegna nýrrar álbræðslu.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Geir Gunnarsson, Guðrún Helgadóttir, Ragnar Arnalds, Skúli Alexandersson, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að láta gera þjóðhagslega úttekt á hagkvæmni þess að reisa nýja álbræðslu í Straumsvík og selja til hennar raforku sem gæti numið um 2500 gígavattstundum á ári.

Í úttekt þessari verði m.a. lagt mat á eftirfarandi:

— Væntanlega arðsemi álbræðslunnar og þjóðhagslega hagkvæmni hennar.
— Áhrif af byggingu bræðslunnar og tilheyrandi orkuvera á íslenskt efnahagslíf, þar með talið þenslu og skuldastöðu þjóðarbúsins.
— Áhrifin á byggðaþróun í landinu.
— Forsendur varðandi raforkusölu með tilliti til orkuverðs frá nýjum virkjunum.
— Áhrif þess að útlendingar eigi álverið.

Til að sjá um úttektina kýs Alþingi nefnd með fulltrúum frá öllum þingflokkum. Iðnaðarráðuneytið og starfshópar og nefndir á vegum þess láti nefndinni í té allar fyrirliggjandi upplýsingar um undirbúning álbræðslunnar. Landsvirkjun og Orkustofnun aðstoði nefndina og veiti henni m.a. upplýsingar um áformaðar virkjanaframkvæmdir vegna nýrrar álbræðslu og um kostnaðarverð raforku frá nýjum virkjunum.

Nefndinni er heimilt að leita til Þjóðhagsstofnunar og annarra aðila til aðstoðar við gerð úttektarinnar og kalla til nauðsynlega sérfræðiaðstoð til að vinna að henni. Miða skal við að nefndin skili skýrslu til Alþingis fyrir árslok 1988. Allur kostnaður vegna þessarar úttektar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á vegum iðnaðarráðuneytisins standa nú yfir viðræður við evrópska álframleiðendur um eignaraðild þeirra að um 180 þúsund tonna álbræðslu við Straumsvík. Af hálfu ráðuneytisins annast þessar viðræður fjögurra manna starfshópur undir forustu Jóhannesar Nordals, seðlabankastjóra og stjórnarformanns Landsvirkjunar. Sömu aðilar áttu áður hlut að samningaumleitunum við Alusuisse 1986–1987 um stækkun álbræðslu Ísals sem gert var

ráð fyrir samkvæmt bráðabirgðasamningi frá 23. september 1983 og bókun með samningi frá 5. nóvember 1984. Alusuisse sagði sig frá því máli á fundi með iðnaðarráðherra 4. febrúar 1987.

Um aðdraganda yfirstandandi viðræðna vísast til skriflegs svars Friðriks Sophussonar iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kristínar Einarsdóttur um nýtt álver í Straumsvík sem lagt var fram í sameinuðu þingi 29. október 1987 (sjá fylgiskjal). Þar kemur m.a. fram að stefnt sé að 180 þúsund tonna álbræðslu sem nota mundi 2500 gígavattstundir af raforku á ári. Einnig að gert sé ráð fyrir samvinnu þriggja til fimm álfyrirtækja um byggingu hennar og eignaraðild og að „ekki er gert ráð fyrir að íslenska ríkið eigi beina eignaraðild að fyrirtækinu nema þá að óverulegum hluta".

Rætt hefur verið um það milli aðila að ganga frá stofnun formlegs undirbúningsfélags vegna nýrrar álbræðslu um mitt sumar 1988 og talið að endanlegrar ákvörðunar um hugsanlega álbræðslu geti verið að vænta um mitt ár 1989.

„Starfshópur um stækkun álvers" skilaði „frumhagkvæmniathugun" til iðnaðarráðherra í janúar 1988. Samkvæmt henni er gert ráð fyrir að 180 þúsund tonna álbræðsla taki til starfa í áföngum á árunum 1992–1994. Fjárfestingarkostnaður í slíkri álbræðslu er áætlaður um 500 milljónir bandaríkjadala eða sem svarar tæpum 20 milljörðum íslenskra króna. Kostnaður vegna vatnsaflsvirkjana, sem reisa þyrfti vegna þessarar álframleiðslu, er metinn á álíka upphæð (um 20 milljarða króna) þannig að í heild er hér um að ræða fjárfestingu upp á um 40 milljarða króna. Það svarar til um ⅔ af niðurstöðutölum fjárlaga íslenska ríkisins árið 1988. Þessi fjárfesting með tilsvarandi umsvifum mundi samkvæmt ofangreindum áformum dreifast á 4–5 ár og væri þá að meðaltali 8–10 milljarðar króna á ári, þar af um helmingur framlag Íslendinga til virkjanaframkvæmda.

Hér yrði um að ræða mestu umsvif í Íslandssögunni í tengslum við eina framkvæmd og áhrifin á íslenskt efnahagslíf á byggingartíma yrðu gífurleg. Má til samanburðar benda á að heildarfjármagn til opinberra framkvæmda hérlendis er á árinu 1988 talið nema 12,5 milljörðum króna. Eru þar m.a. innifalin framlög ríkis og sveitarfélaga til skólabygginga, sjúkrahúsa, hafna, flugvalla og vega um land allt.

Engin úttekt hefur farið fram á þjóðhagslegri arðsemi af því að reisa slíka verksmiðju og ekki liggja fyrir upplýsingar um arðsemi hennar. Engin þjóðhagsleg úttekt hefur heldur verið gerð um áhrifin af byggingu nýrrar álbræðslu og virkjana í hennar þágu á íslenskt efnahagslíf hvorki af fyrrverandi né núverandi ríkisstjórn. Hefur þó verið talin þörf á greinargerðum um slíka þætti af minna tilefni. Augljóst er að slíkar framkvæmdir munu hafa mikil áhrif á þjóðarbúskapinn og allar efnahagsstærðir um margra ára skeið. Má í því sambandi benda á þá þenslu sem af þessu hlýtur að skapast á peninga- og vinnumarkaði ekki síst á höfuðborgarsvæðinu til viðbótar við það ástand sem ríkt hefur á því svæði um skeið. Hlýtur að verða að koma til stórfelldur samdráttur í öðrum fjárfestingum um allt land ef efnahagsþróun, þar á meðal verðþensla og vaxtastig, á ekki gersamlega að fara úr böndum.

Það hlýtur að vera skylda Alþingis að gera sér grein fyrir umfangi og áhrifum slíkra stórframkvæmda á efnahagslífið og það hið fyrsta því að samkvæmt áætlunum stjórnvalda er gert ráð fyrir að þeim verði lokið innan sjö ára. Grandskoða verður öll áform sem að þessu lúta, m.a. af óháðum aðilum, eins og venja er til annars staðar.

Tillagan gerir ráð fyrir því að Alþingi beiti sér fyrir að könnuð verði vandlega væntanleg arðsemi nýrrar álbræðslu og þjóðhagsleg arðsemi hennar og áhrifin af byggingu verksmiðjunnar og tilheyrandi orkuvera á íslenskt efnahagslíf. Til að sjá um þetta kjósi þingið nefnd skipaða fulltrúum frá öllum þingflokkum. Slík athugun er nauðsynleg hvaða viðhorf sem menn hafa til þessara áforma og óháð því hvort líkur eru taldar á að hugmyndir núverandi stjórnvalda nái fram að ganga.

Eitt af því sem fjalla þarf um í úttekt vegna nýrrar álbræðslu og virkjana eru áhrifin sem þessar framkvæmdir eru líklegar til að hafa á byggðaþróun í landinu. Þar hafa menn m.a. til samanburðar byggingu álvers Ísals á sjöunda áratugnum, en hér er um meira en helmingi stærri álbræðslu að ræða. Ekki er ólíklegt að mannafli, sem bundinn yrði við byggingu bræðslunnar og við virkjanaframkvæmdir í hennar þágu, geti skipt þúsundum þegar mest verður umleikis.

Ekki hefur komið fram opinberlega hvaða virkjanir Landsvirkjun hefði áhuga á að reisa vegna nýrrar álbræðslu í Straumsvík. Í svari iðnaðarráðherra á Alþingi í nóvember sl. eru nefndir allir þeir virkjanakostir sem hafa verið verkhannaðir og auk þeirra er þar sérstaklega minnst á möguleika á raforkuframleiðslu með jarðgufu á Nesjavöllum og á Reykjanesi.

Einn mikilvægasti þáttur í þjóðhagslegri úttekt á þessum framkvæmdum er að leiða eins skýrt í ljós og frekast er kostur líklegan framleiðslukostnað raforku frá nýjum virkjunum og þeim virkjunum sem reisa þyrfti fyrr en ella vegna almenns raforkumarkaðar í landinu. Í nýlegri blaðagrein um þessi mál (DV, 12. mars 1988) er haft eftir formanni starfshóps um stækkun álvers, Jóhannesi Nordal: „Ekki hefur verið ákveðið neitt um raforkuverð enn þá en ljóst er að það verður ekki lægra en hjá Ísal."

Stefnt virðist að því að útlendingar eigi álbræðsluna, en Íslendingar leggi til raforku og vinnuafl, svipað og gerst hefur hjá Ísal. Slík eignaraðild útlendinga að enn einu stórfyrirtæki hérlendis hefur marghátttuð áhrif þótt enn sé óvissa um hvernig staðið yrði að samningum um þessa fjárfestingu. Má í því sambandi minna á reynsluna frá Ísal og Íslenska járnblendifélaginu hf. þar á meðal varðandi samningsákvæði um skattgreiðslur og þóknun vegna tækni og þjónustu. Vert er að vekja athygli á ummælum sem fram komu í grein í Morgunblaðinu 28. janúar 1988 þar sem fjallað er um ástæðurnar fyrir áhuga evrópskra fyrirtækja á álbræðslu hérlendis, en þar segir:

„Helstu ástæðurnar fyrir því, að æskilegt þykir að fá þessa aðila til liðs við Íslendinga, eru m.a. þær að þeir eru í Evrópu og Ísland er Evrópuland og það pólitíska markmið virðist vera komið upp innan Evrópubandalagsins þar á meðal [hjá] ráðamönnum í aðalstöðvum þess í Brussel, að skynsamlegt væri af stjórnmálaástæðum, að þrjú eða fjögur evrópsk álfyrirtæki kæmu í sameiningu upp stóru álveri á Íslandi.

Að baki þessu er sennilega sú skoðun, að það kunni að vera óæskilegt fyrir EB að missa af þessu hráefni alfarið út úr Evrópu og þá til annarra landa, en einnig sú samevrópska hugmynd að tengja Ísland betur Evrópu."

Nauðsynlegt er að Alþingi hafi aðstöðu til að meta öll þessi mál tímanlega til að geta haft áhrif á samningsgerðina áður en hún kemst á lokastig.

Eðlilegt er að þingnefnd sú, sem tillagan gerir ráð fyrir að sjái um úttektina, fái gögn og aðstoð frá iðnaðarráðuneyti og Landsvirkjun og stofnunum eins og Orkustofnun og Þjóðhagsstofnun. Þess utan þarf nefndin að hafa heimild til að ráða sérstaka aðstoð til vinnu vegna úttektarinnar.

Með tilliti til samningaviðræðna, sem nú eru hafnar við hugsanlega erlenda eignaraðila að álbræðslunni, er brýnt að hraða þeirri úttekt sem tillagan fjallar um. Því er gert ráð fyrir að þingnefndin skili skýrslu um málið til Alþingis fyrir árslok 1988.

Fylgiskjal.

Nýtt álver við Straumsvík.
Fyrirspurn Kristínar Einarsdóttur og svör iðnaðarráðherra,
15. mál þessa þings, þskj. 15 og 65.

1. Hvaða áform eru uppi um byggingu nýs álvers eða stækkun álversins í Straumsvík?

1.1. Í bráðabirgðasamningi, dags. 23. september 1983, milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, málsgrein 2.1. (c) og málsgrein 3.2., var kveðið á um viðræður við Alusuisse um stækkun álbræðslunnar í Straumsvík í tveimur áföngum sem hvor svaraði til um 40 000 tonna ársafkastagetu, auk viðræðna um orkusölu, skattamál og skyld mál. Viðræður um endurskoðun orkusölu til Ísals og skattamála Ísals höfðu þó forgang og lauk þeim með undirritun þriðja og fjórða viðauka við aðalsamning milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, 5. nóvember 1984 og 11. nóvember 1985. Með undirritun þessara viðauka var gengið frá heildarendurskoðun samninga við Alusuisse um málefni núverandi álbræðslu og þar með lagður grundvöllur þess að unnt væri að fjalla með ábyrgum hætti um stækkun álversins í Straumsvík. Á árinu 1986 var tekið til við að ræða stækkun álversins með þátttöku Alusuisse og í samstarfi við þriðja aðila. Kannaður var áhugi nokkurra aðila, en viðræður leiddu ekki til árangurs. Síðla árs 1986 mótaði yfirstjórn Alusuisse nýja stefnu varðandi samdrátt í hráálsvinnslu félagsins og þar með varð ljóst að Alusuisse hefði ekki hug á að stækka álverið næstu árin.

1.2. Á fundi iðnaðarráðherra og starfshóps iðnaðarráðuneytisins um stækkun álvers með dr. H. Jucker, aðalforstjóra Alusuisse, og dr. T. Tschopp, forstjóra áldeildar Alusuisse, í Zurich 4. febrúar sl. var endanlega staðfest að Alusuisse hefði ekki hug á að stækka álverið í Straumsvík á næstu árum. Í fréttatilkynningu iðnaðarráðuneytisins, dags. 6. febrúar sl., var m.a. gerð svofelld grein fyrir niðurstöðu fundarins:

„Á fundinum var staðfestur sá góði skilningur sem er milli aðila um málefni álversins í Straumsvík.

Á fundinum var sérstaklega rætt um stækkun álversins og í því sambandi voru eftirfarandi atriði staðfest:

1. Alusuisse hefur ákveðið að draga saman starfsemi sína á sviði hráálsbræðslu. Af þessu leiðir að Alusuisse hefur ekki hug á að stækka álverið í Straumsvík á næstu árum.
2. Íslensk stjórnvöld verða nú að taka frumkvæði varðandi stækkun álvers í Straumsvík, en Alusuisse lýsti yfir fullum stuðningi við slík áform, og er fúst til samvinnu í því efni.
3. Hagkvæmt er að samnýta aðstöðuna í Straumsvík, bæði fyrir Ísal og væntanlega samstarfsaðila um stækkun álversins.
4. Á næstu vikum mun af hálfu iðnaðarráðherra verða gengið til könnunarviðræðna við hugsanlega eignar- og samstarfsaðila."

1.3. Frá því í febrúar hefur verið unnið að málinu og með fréttatilkynningu iðnaðarráðuneytisins 7. september 1987 var m.a. gerð svofelld grein fyrir framvindu verkefnisins:

„Einn þáttur í atvinnustefnu ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar er að halda áfram tilraunum til að stuðla að aukinni fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi, einnig hvað varðar orkufrekan iðnað. Eftir að ljóst varð í febrúar sl. að Alusuisse mundi ekki hafa hug á að

stækka álverið í Straumsvík tóku íslensk stjórnvöld frumkvæðið varðandi frekari uppbyggingu áliðju á Íslandi. Starfshópur um stækkun álvers vinnur nú, samkvæmt endurnýjuðu umboði frá Friðriki Sophussyni iðnaðarráðherra, að frumhagkvæmniathugun á 200 000 tonna álbræðslu sem byggð yrði í áföngum við Straumsvík. (Frumathugunin byggir nánar tiltekið á 180 000 tonna álbræðslu samkvæmt nýjustu tækni.)

Fyrr á þessu ári áttu sér stað óformlegar viðræður milli fulltrúa íslenskra stjórnvalda og nokkurra helstu álframleiðenda í Evrópu um myndun samsteypu til að eiga og reka slíkt álver.

Áformað er að álverið verði í eigu nýs sjálfstæðs fyrirtækis og verði rekið óháð Íslenska álfélaginu hf. (Ísal) í Straumsvík en muni nýta þá aðstöðu er fyrir hendi er.

Starfshópurinn gerir ráð fyrir að ljúka frumhagkvæmniathuguninni í nóvembermánuði nk. og munu viðræður við hugsanlega samstarfsaðila þá hefjast að nýju.

1.4. Ofangreind tímaáætlun virðist geta staðist og má gera ráð fyrir að könnunarviðræður við hugsanlega samstarfsaðila hefjist eftir áramót. Leiði þær í ljós frekari áhuga á verkefni þessu yrði stefnt að því að ganga frá stofnun formlegs undirbúningsfélags nýs álvers um mitt næsta sumar. Gert er ráð fyrir að undirbúningsfélagið þurfi um eitt ár til að ljúka fullnaðarhagkvæmniathugun um álverið og til að ganga frá samningum varðandi eiginlegt rekstrarfélag. Endanlegrar ákvörðunar um hugsanlegt álver er því ekki að vænta fyrr en um mitt ár 1989.

1.5. Hvort til byggingar álversins kemur er að sjálfsögðu háð mörgum þáttum, þar á meðal samkeppnisstöðu Íslands gagnvart öðrum löndum sem nú bjóða ódýra orku til álvera, svo sem Kanada, Venesúela og Ástralía. Á hinn bóginn fer samkeppnisstaða álvera innan Evrópu mjög versnandi þar sem fyrirsjáanlegar eru verulegar hækkanir á orkuverði og jafnvel samdráttur á orkuframboði á næsta áratug. Margt bendir því til þess að nú sé lag til að ná samningum um nýtt álver. Kemur þar bæði til óvenjuhátt álverð, sérstaklega á síðari hluta þessa árs, sem hefur áhrif á viðhorf álframleiðenda til nýfjárfestingar, og ekki síður sá vandi sem blasir nú við álframleiðendum á meginlandi Evrópu. Hugmyndin er að hluti þessarar evrópsku álframleiðslu flytjist hingað til lands þannig að nýtt álver yrði ekki til aukningar á framleiðslugetu í Evrópu. Tekið skal sérstaklega fram að nýtt álver yrði byggt með nýjustu tækni, aukinni sjálfvirkni og fullkomnustu mengunarvörnum.

2. Hvað er gert ráð fyrir stórri verksmiðju?

Frumáætlun sú, sem unnið er að, gerir ráð fyrir álverksmiðju sem hefði um 180 000 tonna ársframleiðslugetu þegar hún væri fullbyggð.

3. Hvers konar eignaraðild er fyrirhuguð að verksmiðjunni og við hvaða aðila hefur verið rætt um byggingu hennar?

3.1. Til að byggja verksmiðju af þessari stærð þyrfti væntanlega samvinnu þriggja til fimm álfyrirtækja. Af ýmsum ástæðum er talið líklegast að áhugi sé fyrir hendi hjá álfyrirtækjum í Evrópu. Ekki er gert ráð fyrir að íslenska ríkið eigi beina eignaraðild að fyrirtækinu, nema þá að óverulegum hluta.

3.2. Engar samningaviðræður hafa enn átt sér stað, en haft hefur verið samband við helstu álfyrirtæki í Evrópu til að kanna áhuga þeirra. Vegna viðskiptaleyndar er ekki hægt að upplýsa um nöfn þeirra að sinni en það verður gert þegar tímabært er. Ýmsir aðrir aðilar hafa sýnt málinu áhuga.

4. Hver er áætluð orkuþörf nýrrar verksmiðju og hvenær telja stjórnvöld æskilegt að hún taki til starfa?

Árleg orkuþörf 180 000 tonna álvers er áætluð 2500 gWh og reiknað er með að aflþörfin verði rétt um 300 mW. Æskilegt er að verksmiðjan taki til starfa á árunum 1992–1994. Virðist sú tímasetning raunhæf bæði hvað varðar möguleika til orkuafhendingar og vegna samdráttar sem fyrirsjáanlegur er í álframleiðslu í Evrópu.

5. Hvaða áætlanir hafa verið gerðar um byggingu raforkuvera í tengslum við nýtt álver?

5.1. Landsvirkjun á í fórum sínum nokkra verkhannaða virkjunarkosti auk Blönduvirkjunar sem nú er í smíðum. Orkugeta þessara virkjunarkosta ásamt Blönduvirkjun er um 4000 gWh sem er langt umfram þarfir umrædds álvers. Hér við bætist að líklegt er talið að hagkvæmt reynist að framleiða raforku með jarðgufu í náinni framtíð bæði á Nesjavöllum í tengslum við jarðhitavirkjun Hitaveitu Reykjavíkur og á Reykjanesi í tengslum við jarðhitavinnslu Hitaveitu Suðurnesja.

5.2. Val virkjanakosta og röð áfanga fer eftir stærð og tímasetningu einstakra áfanga við byggingu fyrirhugaðs álvers. Þessir virkjunarkostir eru vatnsaflsvirkjanir á Þjórsársvæðinu, svo sem stækkun Búrfellsvirkjunar ásamt síðasta áfanga Kvíslaveitu, Sultartangavirkjun, virkjun fallsins milli Þórisvatns og Sigölduvirkjunar, þ.e. Vatnsfellsvirkjun, Fljótsdalsvirkjun, Villinganesvirkjun, svo og jarðgufuvirkjanir á Nesjavöllum og á Reykjanesi eins og áður er að vikið.

6. Hvaða aðilar hafa unnið að málinu af hálfu íslenskra stjórnvalda og hvar hefur ráðgjafar verið leitað?

6.1. Svo sem fyrr er getið vinnur sérstakur starfshópur um stækkun álvers að málinu, en hann skipa:
Dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, formaður.
Birgir Ísl. Gunnarsson alþm. (febrúar til júlí 1987).
Dr. Gunnar G. Schram prófessor.
Guðmundur G. Þórarinsson alþm.
Dr. Geir A. Gunnlaugsson framkvæmdastjóri (frá ágúst 1987).
Með starfshópnum starfa Garðar Ingvarsson hagfræðingur, sem er ritari starfshópsins, og Halldór J. Kristjánsson, yfirlögfræðingur í iðnaðarráðuneytinu.

6.2. Ráðgjafar og upplýsinga hefur verið leitað hjá eftirgreindum aðilum:
Landsvirkjun.
Íslenska járnblendifélaginu hf.
VST, ráðgjafarverkfræðingum, Reykjavík.
Alusuisse og Ísal.
Aluval — Aluminium Pechiney, Voreppe, Frakklandi.
Commodities Research Unit, London, Bretlandi.
Hydro Aluminium, Ósló, Noregi (sem arftaka ASV).
James F. King, ráðgjafarþjónusta, Newcastle, Bretlandi.
PHM Advisory Services, dr. Paul H. Mueller, Zurich, Sviss.

6.3. Auk fyrrgreindra aðila hafa þau álfyrirtæki, sem tekið hafa þátt í frumkönnunarviðræðum, veitt ýmsar upplýsingar sem að gagni koma við gerð frumhagkvæmniathugunarinnar. Byggt er á tækni frá franska álfyrirtækinu Aluminium Pechiney, en hliðsjón höfð af tækni Hydro Aluminium.

7. Hvað hafa þessar athuganir kostað og hvernig skiptist kostnaðurinn?

Frá því ákvörðun var tekin um athugun á byggingu nýs álvers við Straumsvík 4. febrúar sl. til 23. október 1987 hefur gjaldfærður kostnaður verið þessi:

Laun og sérfræðiþjónusta	2 603 890 kr.
Ferðakostnaður	444 089 kr.
Fundakostnaður o.fl.	273 354 kr.
Samtals	3 321 333 kr.

Meðfylgjandi er uppdráttur er sýnir þá staðsetningu verksmiðjunnar sem stuðst verður við í frumhagkvæmniathuguninni en uppdrátturinn felur ekki í sér neitt endanlegt mat á því hvar nýju álveri við Straumsvík verður valinn staður.



Sþ. 739. Fyrirspurn [393. mál]

til iðnaðarráðherra um raforkuverð til álversins í Straumsvík.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvaða verð greiddi Ísal fyrir raforku frá Landsvirkjun ársfjórðungslega á árunum 1985–1987?
2. Hver hefur verið raforkunotkunin hjá Ísal á sama tímabili?
3. Hverjar eru horfurnar um raforkuverð og raforkunotkun hjá Ísal á árinu 1988 að mati Landsvirkjunar og iðnaðarráðuneytisins?
4. Hverju var spáð um raforkuverð og raforkunotkun hjá Ísal á árunum 1985, 1986 og 1987 samkvæmt þeim forsendum sem lagðar voru fyrir Alþingi og þingnefndir vegna samninga við Alusuisse í nóvember 1984 og hver er mismunurinn í heild í íslenskum krónum á þessu tímabili?
5. Hver er lækkunin á raungildi raforkuverðsins á árunum 1985, 1986 og 1987 og í heild á þessu tímabili vegna lækkunar bandaríkjadals gagnvart öðrum gjaldmiðlum og vegna alþjóðlegrar verðbólgu?

Beðið er um raforkuverð tilgreint í mill/kwst. og íslenskum aurum/kwst., heildarársgreiðslur, raunverulegar og áætlaðar, í bandaríkjadölum og íslenskum krónum miðað við meðalgengi og á verðlagi 1988.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 740. Tillaga til þingsályktunar [394. mál]

um ráðstafanir til að lækka raforkukostnað í gróðurhúsum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því við stjórnir Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins að garðyrkjubændum verði gefinn kostur á hagkvæmum kaupum á raforku til lýsingar í gróðurhúsum til þess að styrkja samkeppnisaðstöðu innlendrar ylræktar gagnvart innflutningi.

Greinargerð.

Árið 1985 var að beiðni Sambands garðyrkjubænda gerð athugun á notkun lýsingar við garðyrkju. Upplýsingar um orkunotkun voru fengnar frá Rafmagnsveitum ríkisins og Rafveitu Hveragerðis en upplýsingar um lampafjölda og notkunartíma þeirra frá garðyrkjubændum. Í þessari athugun kom fram að heildarnotkun garðyrkjustöðva, sem skipta við Rafmagnsveitur ríkisins, var þá 792 759 kwst. og af þeirri notkun voru 357 674 kwst. vegna lýsingar við plöntuuppeldi, eða um 45% af heildarnotkun.

Hér á landi hófst notkun lýsingar við uppeldi plantna fyrst að einhverju marki um 10 árum áður en þessi athugun var gerð. Það sést því hve þróunin hefur verið hröð. Fram

kemur í áðurnefndri athugun að með eðlilegum vexti þessarar atvinnugreinar og áframhaldandi aukningu á notkun lýsingar við ræktun á grænmeti og blómum megi reikna með rúmlega þreföldun á heildarorkunotkun á næstu árum.

Ef litið er á hvaða áhrif aukin notkun lýsingar við uppeldi plantna hefur kemur í ljós samkvæmt tölum frá Sölufélagi garðyrkjumanna að innlend framleiðsla á grænmeti, svo sem tómötum, gúrkum og papríku, kemur nú fyrr á markað en áður. Þannig voru til dæmis tómatar, ræktaðir hér á landi, ekki komnir á markað fyrr en í maí árið 1975. Tíu árum seinna, þegar lýsing hafði stóraukist, voru þeir mánuði fyrr á ferðinni. Sama gildir um ræktun á gúrkum og papríku. Lýsing í gróðurhúsum gerir það að verkum að hægt er að hefja uppeldi plantna fyrr og þær eru því fyrr komnar á markað. Einnig er hægt að stýra ræktun betur þannig að minni hætta er á offramleiðslu yfir sumartímann og nýting gróðurhúsa verður betri. Þetta skilar sér svo til neytenda í lægra verði á grænmeti. Ferskt innlent grænmeti er lengur á boðstólum og minnkandi þörf fyrir innflutning.

Rannsóknir sýna, bæði hérlendis og erlendis, að sá liður ræktunar, sem svarar best lýsingu, er framleiðsla á græðlingum. Notkun lýsingar við blómarækt hefur, eins og þegar um grænmeti er að ræða, gert það að verkum að sá tími, sem íslensk blóm eru á markaðnum, hefur lengst og þörfin á innflutningi blóma minnkað.

En þótt þörfin á innflutningi blóma og grænmetis hafi minnkað þarf það ekki að þýða að dregið hafi úr innflutningi. Tollar og skattar af innflutningi hafa lækkað en söluskattur er kominn á alla innlenda framleiðslu. Samkeppnisaðstaða innlendrar garðyrkju er því erfið og hefur versnað að undanförnu vegna aðgerða stjórnvalda.

Árið 1987 voru flutt til landsins afskorin blóm og pottablóm að verðmæti 45,3 milljónir króna og grænmeti að verðmæti 136,2 milljónir króna.

Íslenskt grænmeti hefur notið velvildar neytenda sem hrein og ómenguð vara. Eiturefnanotkun er tiltölulega lítil og innflutningur þeirra efna, sem hér eru notuð, hefur verið undir ströngu eftirliti.

Í Hollandi, sem er það land sem við skiptum einna mest við, eru allt aðrar reglur um notkun eiturefna en hér. Þær eru mun rýmri og leyfa til dæmis notkun svokallaðra kerfislyfja, þ.e. lyfja sem plantan tekur upp og samlagast henni og eru af þeim ástæðum bönnuð hér. Frjáls og óheftur innflutningur blóma og grænmetis leiðir líka til þess að hingað berast nýir sjúkdómar og meindýr. Benda má á að flesta sjúkdóma og meindýr, sem finnast nú í íslenskri grænmetis- og blómaræktun, má rekja til innflutnings blóma. Slíkt hlýtur að lokum að leiða til aukinnar eiturefnanotkunar ef ekki verður hert eftirlit með innflutningi og spornað þannig við þeirri sýkingarhættu sem hann hefur í för með sér. Það hlýtur líka að vera stefna okkar að vernda og styrkja innlenda framleiðslu á grænmeti.

Aukin raforkunotkun til lýsingar í gróðurhúsum mun lengja markaðstíma innlends grænmetis, draga úr þörfinni á innflutningi blóma og grænmetis, auka nýtingu gróðurhúsa, lækka verð til neytenda en umfram allt tryggja betur aðgang neytenda að góðri og ómengaðri vöru. Það skiptir því ekki litlu að stuðlað verði að aukinni notkun lýsingar við blóma- og grænmetisræktun í gróðurhúsum. Þess vegna er því beint til ríkisstjórnarinnar að hún beiti sér fyrir því að garðyrkjubændum verði gefinn kostur á hagkvæmum kaupum á raforku til lýsingar í gróðurhúsum.

Sþ. 741. Fyrirspurn [395. mál]

til iðnaðarráðherra um endurskoðun á ársreikningum Ísals.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hafa heimildir til endurskoðunar á ársreikningum Ísals samkvæmt aðalsamningi, mgr. 29.06, fyrir rekstrarárin 1985–1987 verið notaðar?
2. Ef svo er, hvaða fyrirtæki var falin endurskoðunin og hverjar voru niðurstöður þeirrar endurskoðunar á hverju ári fyrir sig?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 742. Fyrirspurn [396. mál]

til iðnaðarráðherra um skattgreiðslur Ísals.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hverjar voru skattgreiðslur Ísals vegna álbræðslunnar í Straumsvík á árunum 1985–1987 og hverjar hefðu þær orðið samkvæmt eldra skattkerfi?
2. Hvernig koma skattgreiðslurnar heim og saman við þær spár sem samninganefnd um stóriðju og iðnaðarráðherra lagði fyrir Alþingi við endurskoðun samninga í nóvember 1985?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 743. Fyrirspurn [397. mál]

til iðnaðarráðherra um gölluð rafskaut hjá Ísal.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Rýrði afhending á gölluðum rafskautum til Ísals á árinu 1987 afkomu fyrirtækisins?
2. Höfðu þau viðskipti neikvæð áhrif á skatttekjur íslenska ríkisins?
3. Hver seldi Ísal þessi rafskaut?

Sþ. 744. Tillaga til þingsályktunar [398. mál]

um akstur utan vega.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Friðjón Þórðarson, Valgerður Sverrisdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir, Árni Gunnarsson, Óli Þ. Guðbjartsson.

Alþingi ályktar að kjósa milliþinganefnd skipaða fulltrúum frá öllum þingflokkum til að gera úttekt á akstri torfærutækja og annarra vélknúinna tækja utan vega og merktra slóða og leita úrræða til að koma í veg fyrir náttúruspjöll af þessum sökum.

Tillögur nefndarinnar skulu m.a. fela í sér æskilegar breytingar og samræmingu á lögum um akstur utan vega, svo og drög að reglum um sama efni.

Nefndin skal hafa samband við ráðuneyti, stofnanir og félagasamtök sem málið einkum varðar.

Nefndin skal skila tillögum sínum í formi skýrslu til næsta reglulegs Alþingis.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Akstur vélknúinna tækja utan vega er orðinn mikið vandamál hérlendis. Þar er um að ræða fjórhjóladrifna bíla, vélsleða, fjórhjól og þríhjól, svo og mótorhjól. Stöðugt bætast við á markaði nýjar gerðir ökutækja sem ekki síst eru ætluð til aksturs á vegleysum.

Ísland er óvenjuopið og varnarlaust gagnvart slíkum tækjum. Skóglendi hindrar óvíða umferð þeirra. Landið er strjálbýlt og því erfitt um eftirlit. Víðáttur á hálendi eru miklar og auðvelt að komast þar út fyrir slóðir og aka um sanda og gróðurteygingar. Víða í grennd við þéttbýli er einnig unnt að komast á þessum tækjum um úthaga og útivistarlönd. Þessar aðstæður kalla á sérstök viðbrögð hérlendis ef við viljum koma í veg fyrir að landið verði úttraðkað af ökutækjum og tryggja að sæmileg friðsæld haldist í náttúrunni.

Löggjöf okkar er mjög gloppótt og mótsagnakennd. Á það m.a. við um nýsett umferðarlög sem gera ráð fyrir sérstökum „torfærutækjum“ sem ekki má aka á vegum á sama tíma og akstur að nauðsynjalausu utan vega og merktra slóða er bannaður samkvæmt náttúruverndarlögum.

Inn í landið eru þannig flutt og skráð tæki sem ekki má nota lögum samkvæmt nema í sérstökum undantekningartilvikum. Þetta á m.a. við um fjórhjól, en um 1250 slík voru flutt inn og seld á árunum 1986 og 1987. Þau hafa ekki aðeins valdið miklum náttúruspjöllum, heldur hafa orðið á þeim mörg og alvarleg slys þann stutta tíma sem þau hafa verið hér í notkun (sjá fylgiskjöl).

Á 6. náttúruverndarþingi haustið 1987 voru samþykktar svohljóðandi ályktanir varðandi fjórhjól og akstur utan vega:

„Sjötta náttúruverndarþing 1987 skorar á stjórnvöld og Alþingi að banna sölu og dreifingu torfærutækja svo sem fjórhjóla og framfylgja ákvæðum laga varðandi akstur þeirra torfærutækja, sem þegar hafa verið flutt til landsins.“

„Sjötta náttúruverndarþing 1987 vekur athygli stjórnvalda á þeim stórfelldu og stundum óbætanlegu spjöllum sem umferð fjórhjóla getur valdið á gróðri, jarðmyndunum og dýralífi. Enn fremur telur þingið að ekki megi dragast lengur að setja reglugerð um akstur utan vega og herða verði eftirlit með umferð vélknúinna ökutækja í óbyggðum árið um kring. Um leið hvetur þingið til að bættar verði merkingar fjallvega og umferð um viðkvæm svæði skipulögð.“

Verkefni nefndarinnar, sem tillagan gerir ráð fyrir, verður m.a. að móta tillögur um sölu og notkun fjórhjóla.

Jeppar komu til landsins með herliði í síðustu heimsstyrjöld og hafa verið notaðir í vaxandi mæli, framan af einkum af bændum, en hin síðari ár einnig mikið af þéttbýlisbúum. Á 6. áratugnum fór að bera á umferð þeirra utan vega, m.a. á hálendinu. Þar áttu hlut að máli ferðamenn, bændur og rannsóknarleiðangrar af ýmsu tagi. Slóðir voru lagðar, flestar ófullkomnar og ómerktar, og hver og einn taldi sig geta ekið um vegleysur eins og tæki og áhugi leyfði. Með náttúruverndarlögum, sem sett voru 1956, var reynt að sporna við óþörfum akstri utan vega og slóða. Eftirlit hefur lengst af verið mjög ófullkomið með slíkum akstri, en áróður fyrir bættri umgengni við landið hefur fengið nokkru áorkað, svo og aðhald fólks í náttúruverndarfélögum og ferðafélögum. Jeppar og stórir fjallabílar verða stöðugt betur búnir til aksturs um torfærur og talsvert er um það að Ísland sé auglýst erlendis sem kjörið land fyrir „safari"-leiðangra. Með bílferjum kemur árlega fjöldi ökumanna með það fyrir augum að spreyta sig og bíla sína við erfiðar aðstæður og auðvitað festa atburðina á filmu.

Fjölmiðlar hérlendis hafa iðulega fallið í þá gryfju að varpa hetjuljóma á fólk sem leggur upp í leiðangra með vélaherfylki um landið þvert, þar á meðal um viðkvæmar gróðurvinjar hálendisins. Það er eins og enginn muni eftir því að verið er að brjóta lög og reglur með slíkum akstri og rista spor í landið sem tekið getur áratugi og jafnvel aldir að bæta.

Vélsleðar eru mikið notaðir, bæði til gagns og gamans. Sé þeim eingöngu ekið á snjó eiga þeir ekki að valda náttúruspjöllum og í snjóþungum sveitum eru þeir mikilsverð samgöngubót. Vélsleðar valda hins vegar miklum hávaða og eru óhafandi m.a. af þeim sökum á útivistarsvæðum og í grennd við byggð.

Brýn nauðsyn er á að marka skýra stefnu um akstur utan þjóðvega og um eftirlit með settum reglum. Meginmarkmiðið hlýtur að vera að vélknúin ökutæki, sem ætluð eru til aksturs á auðu landi, fylgi eingöngu viðurkenndum og merktum slóðum, hvort sem um er að ræða fjallabíla, jeppa eða léttari tæki eins og fjórhjól, þríhjól og bifhjól. Ákveðin svæði á landinu ætti að friða algjörlega fyrir umferð vélknúinna ökutækja og banna að leggja þar akslóðir.

Athuga þarf sérstaklega um heimildir til innflutnings og sölu ökutækja sem stefnt er gegn viðurkenndum náttúruverndarsjónarmiðum. Sama gildir um skráningu tækja og aldursmörk fyrir ökumenn þeirra.

Tillagan gerir ráð fyrir því að sérstök milliþinganefnd skipuð fulltrúum úr öllum þingflokkum fjalli um akstur utan vega og um þau vandamál sem honum tengjast og móti tillögur til úrbóta. Hér er um það margþætt mál að ræða að nauðsynlegt er að vönduð úttekt fari fram og samráðs sé leitað við hlutaðeigandi við mótun tillagna.

Hér verða ekki taldir upp þeir mörgu aðilar sem rétt er að nefndin hafi samráð við. Fyrir utan opinbera aðila, ráðuneyti, sveitarstjórnir og stofnanir, svo sem Vegagerð ríkisins, Náttúruverndarráð, Ferðamálaráð og Umferðarráð, er eðlilegt að leita m.a. álits samtaka bænda og félagasamtaka tækjaeigenda sem stofnað hafa með sér samtök og klúbba.

Æskilegt er að hraða störfum milliþinganefndarinnar eftir föngum þannig að hún geti skilað tillögum sínum í formi skýrslu til næsta reglulegs Alþingis.

Fylgiskjöl:

1. Drög að reglum um akstur og umgengni í óbyggðum. Frá Náttúruverndarráði. Lögð fram til kynningar á náttúruverndarþingi 1984.
2. Bréf frá Náttúruverndarráði um fjórhjól o.fl. 1987.
3. Frétt dóms- og kirkjumálaráðuneytis um skráningu og akstur fjórhjóla 1987.
4. Úr umferðarlögum, nr. 50/1987, um torfærutæki o.fl., og úr náttúruverndarlögum um akstur í óbyggðum.

Fylgiskjal I.

Tillaga Náttúruverndarráðs um reglugerð um akstur og umgengni í óbyggðum.

1. gr.

Þegar rætt er um óbyggðir í reglugerð þessari, sbr. 13. gr. laga um náttúruvernd, nr. 47/1971, er átt við allt óræktað land, nánar tiltekið allt land utan túna og ræktaðra beitilanda svo og annað land sem sambærilegt má teljast varðandi það efni sem reglugerð þessi tekur til.

Nú þykir vafi leika á því hvar mörk skv. 1. mgr. liggi og sker þá menntamálaráðuneytið úr.

2. gr.

Frá 15. apríl til 1. júlí ár hvert er allur akstur vélknúinna ökutækja, sbr. 2. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, óheimill í óbyggðum utan stofnbrauta, þjóðbrauta og sýsluvega. Vegamálastjóri getur veitt undanþágu frá ákvæði þessu að því er varðar aðalfjallvegi og fjallvegi, en Náttúruverndarráð að því er varðar annan akstur í óbyggðum. Þá getur vegamálastjóri skv. 67. gr. vegalaga nr. 6/1977 framlengt lokun skv. 1. mgr. á einstökum fjallvegum, ef nauðsyn ber til. Vegamálastjóri og Náttúruverndarráð auglýsa í Lögbirtingablaði eigi síðar en 31. mars ár hvert þau frávik frá ákvæðum 1. málsl. sem talið er rétt að gera á sumri komanda.

3. gr.

Bannaður er akstur utan vega eins og þeir eru skilgreindir í 2. gr. svo og ökuslóða, en það merkir í þessari reglugerð áberandi, óuppbyggða ökuleið.

Heimill er þó akstur utan vega og ökuslóða ef í hlut eiga björgunarmenn vegna slysfara.

Heimilt er að aka utan vega og ökuslóða ef slíkt telst nauðsynlegt vegna hagnýtingar lands til landbúnaðar, en þess skal vandlega gætt að af akstri hljótist sem minnst spjöll eða lýti. Stjórn fjallskiladeildar og sveitarstjórn, þegar um heimalönd er að ræða, skal fylgjast með því að þess sé gætt, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl. Henni ber að gera hlutaðeigandi náttúruverndarnefnd eða Náttúruverndarráði aðvart ef misbrestur verður á og þessar stofnanir geta ekki sjálfar látið bæta úr.

Þá er slíkur akstur heimill ef nauðsynlegt telst vegna rannsóknar sem opinber stofnun hefur með höndum eða rannsóknar sem fer fram í umboði eða með leyfi slíkrar stofnunar. Áður en rannsókn hefst skal skýrt afmarkað hversu víðtæk rannsóknin er þannig að ljóst verði hver nauðsyn er á akstri utan vega og merktra slóða. Þegar um er að ræða rannsóknir, sem ætlað er að standi í nokkurn tíma, skal þegar í upphafi ákveða eftir því sem frekast er

unnt akstursleið (leiðakerfi) sem nauðsyn er á. Skylt er að veita Náttúruverndarráði upplýsingar um þetta ef óskað verður. Þá skal stofnun sem í hlut á vekja sérstaka athygli rannsóknaraðila á skyldum sínum samkvæmt reglugerð þessari.

Ákvæði 3. og 4. mgr. taka ekki til friðlýstra svæða. Þar er slíkur akstur óheimill, nema til komi sérstakt leyfi Náttúruverndarráðs.

Stefnt skal að því að ökuslóðir í óbyggðum verði merktar með stikum og merkjum samkvæmt reglugerð um umferðarmerki nr. 414/1978 eða útivistarmerkjum Náttúruverndarráðs eftir því sem við á, en með útivistarmerkjum er átt við þau merki sem Náttúruverndarráð lætur setja upp til upplýsingar á friðlýstum svæðum.

4. gr.

Náttúruverndarráð getur takmarkað ferðir á vélsleðum og öðrum vélknúnum ökutækjum um óbyggðir á þeim tíma og á þeim stöðum sem það telur að slíkar ferðir geti valdið truflun eða náttúruspjöllum.

5. gr.

Aðili, sem óskar að halda keppni í akstursíþróttum er fram fari í óbyggðum að nokkru eða öllu leyti, þarf til slíks sérstakt samþykki Náttúruverndarráðs. Ráðið getur bundið samþykki sitt þeim skilyrðum sem það telur nauðsynleg þannig að komið verði í veg fyrir náttúruspjöll, þar á meðal takmarkað fjölda bifreiða í keppni. Þá getur Náttúruverndarráð áskilið að aðili leggi fram hæfilega tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar sem orðið gæti við að lagfæra skemmdir sem af keppni kynni að leiða.

6. gr.

Sá aðili, sem annast undirbúning að meiri háttar mótum hestamanna þar sem gera má ráð fyrir verulegri umferð með hesta um óbyggðir, skal tilkynna Náttúruverndarráði slíkt með hæfilegum fyrirvara. Í tilkynningu skal koma fram hvar og hvenær gert er ráð fyrir þeim ferðum sem um getur í 1. málsl. Skylt er að fara að leiðbeiningum ráðsins þannig að ekki komi til landspjalla.

Sama gildir um þá sem í atvinnuskyni skipuleggja ferðir á hestum um óbyggðir.

7. gr.

Hver sá, sem um óbyggðir fer, skal gæta þess að skilja hvergi eftir neins konar úrgang sem hætta eða óprýði stafar af. Öllum úrgangi skal komið fyrir í þar til gerðu sorpíláti eða hann fluttur á sorphaug.

Áningarstað skal maður ávallt yfirgefa þannig að þar sé ekkert eftir skilið sem lýtir umhverfið.

8. gr.

Þess skal vandlega gætt að ekki sé gróðri eytt eða spillt með mosa-, lyng- eða hrísrifi eða þá á annan hátt.

Óheimilt er að gera eld á grónu landi.

Á ógrónu landi er heimilt að gera eld, enda sé þannig frá eldstæði gengið að ekki stafi hætta af og öll verksummerki séu síðan afmáð.

Óheimilt er að gera áletranir á náttúruminjar.

9. gr.

Bannað er að brjóta úr skálum hvera eða raska útliti þeirra á nokkurn hátt. Einnig er bannað að kasta í þá grjóti eða öðru.

10. gr.

Sá sem annast fararstjórn hóps, sem um óbyggðir fer, ber ábyrgð á því að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt. Honum er skylt að vekja athygli hópsins á þeim ákvæðum reglugerðarinnar, sem lúta að umgengni ferðamanna, sbr. og 12. gr. reglugerðar nr. 130/1980.

11. gr.

Óheimilt er að reisa í óbyggðum sumarbústaði, veiðiskála, fjallaskála, sæluhús og aðrar slíkar byggingar, nema samkvæmt staðfestu skipulagi. Ef óskað er leyfis til að reisa slíkar byggingar á óskipulögðu svæði, þurfa til að koma meðmæli Náttúruverndarráðs. Þá þarf samþykki ráðsins til að gera göngustíga í óbyggðum, merkja leiðir með stikum eða setja þar upp annars konar merkingar.

12. gr.

Varast skal að valda umhverfisspjöllum í óbyggðum með því að flytja að grjót til óþarfa vörðuhleðslu, setja þar upp minnismerki eða ráðast í áþekkar framkvæmdir sem ekki falla að umhverfinu.

Nú telur Náttúruverndarráð að framkvæmd, sem um ræðir í 1. mgr., horfi til óþæginda eða umhverfisspjalla og er þá heimilt að láta fjarlægja hana.

13. gr.

Innan marka friðlýsts svæðis er óheimilt að halda mannfundi, t.d. skemmtisamkomur, fundi og íþróttakeppni, sem af geta stafað landspjöll og/eða ónæði fyrir ferðamenn, nema því aðeins að sérstakt leyfi Náttúruverndarráðs komi til.

Á friðlýstu svæði má einungis tjalda á skipulögðum tjaldsvæðum eða þar sem landvörður heimilar sérstaklega. Náttúruverndarráði er heimilt að takmarka fjölda gesta á ákveðnu svæði eða loka því ef ráðið telur að land liggi undir skemmdum vegna örtraðar.

Þá er heimilt að auglýsa friðlýst svæði þannig að brjóti í bága við friðlýsingu.

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum eða varðhaldi. Sektir renna í ríkissjóð. Náttúruverndarráð getur krafist þess að sá sem brýtur í bága við ákvæði reglugerðar þessarar sé skyldur að bæta úr spjöllum sem hann kann að hafa valdið að viðlögðum 2000 kr. dagsektum.

15. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 37. gr. laga um náttúruvernd, nr. 47/1971, sbr. 13. gr. Ákvæði reglugerðar nr. 205/1973 um náttúruvernd halda gildi sínu hvað snertir óbyggðir að því leyti sem ákvæðin samræmast reglugerð þessari.

Fylgiskjal II.

Bréf Náttúruverndarráðs til allsherjarnefndar neðri deildar um „torfærutæki" í frumvarpi til laga um umferðarmál.
(16. mars 1987.)

Í frumvarpi til nýrra umferðarlaga, sem nú liggur fyrir Alþingi, eru ýmis ákvæði sem tengjast lögum um náttúruvernd. Náttúruverndarráð beið lengi eftir að fá þetta frumvarp til umsagnar, en fékk aldrei.

Þar sem hugmyndir um fjórhjól og önnur torfærutæki og umferð þeirra sem koma fram í breytingartillögum sem gerðar hafa verið við frumvarpið nú síðustu vikurnar ganga að mati Náttúruverndarráðs alvarlega í berhögg við ákvæði nokkurra greina náttúruverndarlaga sér ráðið sig knúið til að koma örfáum athugasemdum um þessi mál á framfæri þó að seint sé.

Í einni af þeim breytingartillögum sem liggja fyrir við 2. gr. frumvarpsins er þannig gert ráð fyrir að skilgreining á ökutækinu „vélsleði“ verði fellt niður og innleitt í staðinn samheitið „torfærutæki“ sem m.a. skal ná yfir vélsleða og fjórhjól.

Náttúruverndarráð leggst eindregið gegn tillögum sem gera ráð fyrir lögleiðingu orðsins torfærutæki eins og það er skilgreint í framangreindri tillögu við frumvarpið.

„*Torfærutæki:*

Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og/eða til dráttar, ýmist ætlað til aksturs á vegum jafnt sem vegleysum eða aðallega á vegleysum og er á tveimur, þremur eða fjórum hjólum og er innan við 400 kg að eigin þyngd.“

Hér er um að ræða orðalag sem stríðir gegn ákvæðum í 13. gr. náttúruverndarlaga en þar segir m.a.: „Er ráðinu er skylt að banna allan óþarfa akstur utan vega og merktra slóða, þar sem náttúruspjöll geta hlotist af.“ Framangreind skilgreining á orðinu torfærutæki mundi hafa í för með sér heimild til þess að nota sérstaklega búin ökutæki til aksturs um vegleysur, þ.e. holt og móa, eða hvar sem hugurinn girnist.

Náttúruverndarráð á nú í nægilegum erfiðleikum við að framfylgja reglum um akstur þeirra ökutækja sem nú þegar eru í notkun, þó að ekki sé bætt við einu tæki enn sem beinlínis er hannað til aksturs utan vega.

Náttúruverndarráði hefur á síðustu vikum og mánuðum borist fjöldi kvartana frá einstaklingum, náttúruverndarnefndum og samtökum um spjöll á gróðri víðs vegar af landinu. Þó er ekki enn kominn sá árstími þegar gróður er viðkvæmastur fyrir hvers konar akstri utan vega.

Enn fremur hefur sú tiltölulega stutta reynsla sem fengist hefur af notkun fjórhjólatækja á Íslandi leitt það í ljós að þau eru fyrst og fremst notuð sem leikföng, mest af unglingum.

Loks skal bent á að víða erlendis er innflutningur á tækjum sem brjóta augljóslega gegn almennum lagaákvæðum einfaldlega bannaður.

Náttúruverndarráð leggst eindregið gegn lagaákvæðum sem gera ráð fyrir að ákveðin „torfærutæki“ séu aðallega ætluð til notkunar á vegleysum þar sem það stríðir gegn þeim ákvæðum náttúruverndarlaga nr. 47/1971, sem banna allan óþarfa akstur utan vega og merktra slóða, og leggur til eftirfarandi:

a. Orðið „torfærutæki“ verði ekki tekið upp í umferðarlögum sem samheiti fyrir vélsleða, fjórhjól og önnur tæki. Í stað þess verði fjórhjól skilgreind og skráð sem ökutæki eða vinnuvél, ef á annað borð er talið nauðsynlegt að flytja þau inn til landsins.
b. Notkun fjórhjóla til tilgangslauss aksturs utan vega verði ekki leyfður, heldur einungis til sérstakra hagnýtra nota, svo sem við björgunarstörf og við sérstæð vinnuskilyrði þar sem erfitt er að koma öðrum tækjum við.

Þess er vænst að við afgreiðslu umferðarlaga verði ekki bætt við nýju vandamáli á sviði umhverfismála á Íslandi, næg eru þau fyrir.

Gísli Gíslason,
framkvæmdastjóri.

Bréf Náttúruverndarráðs til náttúruverndarnefnda um akstur torfærutækja.
(22. apríl 1987.)

Náttúruverndarráð vekur athygli náttúruverndarnefnda á meðfylgjandi reglum um skráningu torfærutækja og umferð þeirra. Í framhaldi af því er minnt á störf náttúruverndarnefnda eins og þau eru skilgreind í 3. gr. reglugerðar um náttúruvernd þar sem segir að eitt af hlutverkum nefndanna sé:

„Að hafa gát á akstri utan vega og umgengni í óbyggðum og gera tilögur til Náttúruverndarráðs eða annarra réttra aðila um úrbætur, þar sem spjöll af slíkum akstri hafa orðið eða eru yfirvofandi".

Náttúruverndarráði hafa borist fjölmargar ábendingar um landspjöll sem hlotist hafa af gáleysislegum akstri þessara ökutækja og skoðuð hafa verið svæði sunnan lands illa eru farin af þeirra völdum. Um akstur þessara ökutækja gilda sömu reglur og um akstur annarra ökutækja utan vega, jafnt í byggð sem óbyggðum. Á nokkrum þéttbýlissvæðum mun vera í undirbúningi að setja reglur um akstur á opnum svæðum og borist hefur samþykkt búnaðarfélags í einum hreppi þar sem bent er á nauðsyn þess að vernda heiðasvæði gegn akstri torfærutækja.

Náttúruverndarráð vill með þessu bréfi hvetja náttúruverndarnefndir til þess að taka þessi mál til umfjöllunar og vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum því að eins og nú horfir stefnir í óefni vegna mikillar fjölgunar þessara tækja. Ökutæki þessi eru komin til landsins og verður trúlega ekki komist hjá því að benda á hentug „leiksvæði" sem lið í aðgerðum gegn landspjöllum af völdum gáleysislegs aksturs þessara ökutækja.

Gísli Gíslason,
framkvæmdastjóri.

Bréf Náttúruverndarráðs til dómsmálaráðuneytis um umferð torfærutækja.
(24. apríl 1987.)

Samkvæmt reglum um skráningu torfærutækja er birtust í Stjórnartíðindum 2. apríl 1987 eru ökutæki þessi aðallega ætluð til notkunar utan vega.

Vakin er athygli ráðuneytisins á 13. gr. laga um náttúruvernd, nr. 47/1971, og 12. gr. reglugerðar um sama efni nr. 205/1973 þar sem bannaður er allur óþarfa akstur utan vega eða merktra vegarslóða, þar sem hætt er við að spjöll hljótist á náttúru landsins.

Náttúruverndarráð lítur svo á að þar sem lögleyfð hafa verið ökutæki sem aðallega eru ætluð til aksturs utan vega beri löggæsluaðilum að sjá til þess að ökumenn þeirra fari í einu og öllu að lögum við akstur jafnt á vegum sem utan þeirra.

Náttúruverndarráði hafa þegar borist margar ábendingar um spjöll af völdum aksturs utan vega á þessum ökutækjum og óskar ráðið eftir að fá upplýsingar um hvernig löggæsluaðilum er ætlað að sjá um að ökumenn þessara tækja fari að lögum.

Gísli Gíslason,
framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal III.

Frétt frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu um skráningu og akstur fjórhjóla.
(5. júní 1987.)

Í tilefni af gagnrýni sem fram hefur komið á reglur um skráningu torfærutækja, svokallaðra fjórhjóla (dvergjeppa), og vegna frétta af akstri þessara ökutækja utan vega og spjöllum á gróðri af þeirra völdum vill ráðuneytið taka eftirfarandi fram:

Reglur þær sem ráðuneytið setti voru settar á grundvelli gildandi umferðarlaga með tilliti til umferðar og umferðaröryggis og með hliðsjón af ákvæðum í nýjum umferðarlögum sem samþykkt voru á síðasta Alþingi. Takmörkun á notkun þessara tækja á vegi er því eingöngu gerð vegna umferðaröryggis. Reglurnar fjalla hins vegar ekki um akstur út frá öðrum sjónarmiðum, svo sem gert er í náttúruverndarlögum. Að því leyti gilda um akstur fjórhjóla sömu reglur og um önnur ökutæki.

Ráðuneytið leggur á það áherslu að öll umferð utan vega er háð ákvæðum náttúruverndarlaga og náttúruverndarreglugerðar, en samkvæmt þessum ákvæðum skal öllum „skylt að sýna varúð svo að náttúru landsins sé ekki spillt að þarflausu“ og „bannaður er allur óþarfa akstur utan vega eða merktra vegarslóða, þar sem hætt er við að spjöll hljótist á náttúru landsins“. Heitir ráðuneytið á ökumenn fjórhjóla sem og ökumenn annarra ökutækja að virða þær reglur. Ráðuneytið bendir hins vegar á að lög banna ekki alla umferð ökutækja utan vega eða vegarslóða, svo sem t.d. akstur bónda á jörð sinni.

Í bréfi til allra lögreglustjóra hefur ráðuneytið lagt áherslu á að lögreglu verði beitt til að koma í veg fyrir alla misnotkun ökutækja að þessu leyti. Hefur ráðuneytið í því sambandi einkum bent á þau svæði sem náttúruverndarreglur ná sérstaklega til og svæði landgræðslunnar, en einnig á aðra staði þar sem hætta er á spjöllum eða spjöll hafa orðið, svo sem með því að skilja eftir spor í ósnortinni náttúru. Ráðuneytið telur að koma þurfi í veg fyrir allan tilgangslausan og óþarfan akstur um gróið land, óheimila för um lönd annarra hvort heldur er í opinberri eigu eða einkaeign og akstur á reiðleiðum eða vegarslóðum sem ætlaðir eru göngumönnum. Þá telur ráðuneytið að gera beri þá kröfu til ökumanna að þeir sýni tillitssemi og dómgreind í akstri sínum og umgengni við náttúru landsins. Telur ráðuneytið að beita beri fyllsta aðhaldi og einbeitni við eftirlit á þessu sviði.

Ráðuneytið hvetur notendur torfærutækja til að temja sér nærgætni við gróður og náttúru landsins þannig að eigi þurfi að koma til afskipta lögreglu.

Fylgiskjal IV.

Úr umferðarlögum.

a. Úr 2. gr. (skilgreiningar).

Torfærutæki:

a. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og/eða til að draga annað ökutæki og er búið beltum og eftir atvikum stýrimeiðum/stýrihjólum og er innan við 400 kg að eigin þyngd.
b. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga utan vega og er á hjólum og innan við 400 kg að eigin þyngd.

b. Úr 43. gr., torfærutæki.

Eigi má aka torfærutæki á vegi, sem ekki er einkavegur, frekar en hér greinir.

Sá sem þarf að aka yfir veg, sem ekki er einkavegur, má aka eftir veginum skemmstu leið sem hentug er. Sama er af aðstæður utan vegar gera það nauðsynlegt að aka eftir veginum.

Ökumaður torfærutækis skal nema staðar áður en ekið er inn á veg. Vegfarandi á veginum skal hafa forgang.

Eigi má flytja farþega á torfærutæki, sem er á hjólum, eða á ökutæki sem tengt er við torfærutæki þegar ekið er á vegi, sem ekki er einkavegur, eða á einkavegi þar sem umferð er almenn.

Á vegi, sem ekki er einkavegur, eða á einkavegi, þar sem umferð er almenn, má eigi aka torfærutæki hraðar en 40 km á klst.

Ákvæði 1., 4. og 5. mgr. gilda eigi um akstur í þágu öryggis- eða heilsugæslu.

c. Úr 55. gr. (4. mgr.), stjórnendur torfærutækja.

Enginn má stjórna torfærutæki nema hann hafi gilt ökuskírteini til þess eða ökuskírteini til að mega stjórna öðru vélknúnu ökutæki. Ökuskírteini til að mega stjórna torfærutæki má eigi veita þeim sem er yngri en 15 ára enda hafi hann áður fengið tilskilda ökukennslu.

Úr lögum um náttúruvernd.

13. gr.

Öllum er skylt að sýna varúð, svo að náttúra landsins sé ekki spillt að þarflausu. Spjöll á náttúru landsins, sem framin eru með ólögmætum hætti af ásetningi eða gáleysi, varða refsingu.

Náttúruverndarráð skal setja sérstakar reglur um akstur ökutækja og umgengni ferðamanna í óbyggðum þar á meðal um merkingu bílaslóða. Er ráðinu skylt að banna allan óþarfa akstur utan vega og merktra slóða, þar sem náttúruspjöll geta af hlotist. Það skal og gera tillögur til réttra aðila um gerð bílaslóða á öræfum landsins og merkingu þeirra eða setja bein fyrirmæli þar um.

Á víðavangi er bannað að fleygja frá sér eða skilja eftir rusl, sem er til hættu eða óprýði, svo og að bera rusl eða sorp í sjó, í fjörur eða á sjávarbakka, í ár eða á árbakka, í læki eða á lækjarbakka. Skylt skal að ganga frá áningarstað og tjaldstæði, er menn hafa tekið sér úti í náttúrunni, þannig að ekkert sé þar eftir skilið, sem lýti umhverfið.

Bannað er að safna rusli í hauga á almannafæri eða við alfaraleiðir. Skylt er að ganga svo frá sorphaugum, að hvorki fjúki úr þeim né fljóti. Hreinsa má rusl á kostnað þess er sannur er að broti á þessu fyrirmæli.

Sþ. 745. Tillaga til þingsályktunar [399. mál]

um áætlun um vegaframkvæmdir á Vesturlandi.

Flm.: Skúli Alexandersson, Ingi Björn Albertsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta Vegagerð ríkisins gera áætlun um vegaframkvæmdir á Vesturlandi umfram þá langtímaáætlun sem nú er í gildi.

Áætlunin skal unnin á árinu 1988 og miðist við uppbyggingu vega með bundnu slitlagi á næstu sex árum í Borgarfirði, á Mýrum, Snæfellsnesi og Dölum þar sem umferð er komin yfir 100 bíla meðaltals dagsumferð á ári.

Greinargerð.

Tillaga um langtímaáætlun í vegagerð var lögð fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982–83. Tillagan var ekki samþykkt á Alþingi, en hefur samt verið stefnumarkandi og að mestu verið farið eftir henni við undirbúning og samþykkt vegáætlunar á Alþingi síðan og síðast var það gert við afgreiðslu vegáætlunar fyrir árin 1987–1990 sem samþykkt var á Alþingi 19. mars 1987.

Langtímaáætlunin er tillaga um skiptingu í verkefnaflokka, um fjárþörf og fjáröflun. Áætlunin er byggð á þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi vorið 1981 og er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta Vegagerð ríkisins gera í samráði við fulltrúa þingflokkanna langtímaáætlun um framkvæmdir í nýbyggingum vega og brúa á stofnbrautum og þjóðbrautum.

Fjárhagslegar forsendur áætlunarinnar séu þær, að 2,2% af vergri þjóðarframleiðslu sé að meðaltali varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun. Hlutfall þetta ber að skoða sem lágmark, en það skal aukið í 2,4% innan 3 ára, og skal áætlunin þannig úr garði gerð að auka megi framkvæmdahraða ef meira fjármagn kemur til en hér er gert ráð fyrir. Skal það m.a. gert með því að taka fyrir langa og heillega vegarkafla.

Áætlunartíminn skal vera 12 ár og skal framkvæmdum skipt niður í 3 tímabil, 4 ár hvert. Jafnframt skal gerð grein fyrir því í áætluninni, hverjar framkvæmdir eru eftir til að koma vegakerfinu í viðunandi horf, eins og það er metið á hverjum tíma. Langtímaáætlun þessi skal endurskoðuð fjórða hvert ár, og þá bætt við nýju fjögurra ára tímabili í stað þess er lauk.

Við gerð áætlunarinnar skal stefnt að eftirfarandi jafngildum markmiðum:

1. Vegir hafi fullt burðarþol (10 t.) allt árið.
2. Vegir séu byggðir upp úr snjó eftir því sem unnt er.
3. Bundið slitlag sé lagt á vegi, þar sem gera má ráð fyrir að umferð verði meiri en 100 bílar á dag allt árið, þegar viðkomandi vegur hefur verið fullgerður. Enn fremur skal leggja slitlög á vegarkafla næst þéttbýliskjörnum, þó að umferð sé minni, og á vegarkafla sem yrðu óhóflega dýrir í viðhaldi sem malarvegir vegna skorts á hentugu malarefni. Stefnt skal að því, að bundið slitlag verði lagt á a.m.k. ¼ hluta stofnbrauta í hverju kjördæmi og samfelldir kaflar í vegakerfinu verði lagðir bundnu slitlagi.
4. Tekið sé tillit til umferðaröryggis við uppbyggingu vega.

Áætlun þessi skal lögð fyrir Alþingi eigi síðar en vorið 1982."

Undanfari langtímaáætlunar var úttekt á þjóðvegakerfinu til þess að fá upplýsingar um ástand vegakerfisins og kostnað um það sem gera þyrfti til að ná markmiðum þeim sem tilgreind eru í ályktun Alþingis. Úttekt stofnbrauta og úrvinnslu þeirrar úttektar var lokið veturinn 1983 en þá var ekki lokið við úttekt á þjóðbrautum.

Meginhluti framkvæmda samkvæmt langtímaáætlun voru við stofnbrautir og þar var höfuðáherslan lögð á hringveginn. Sú stefna að leggja höfuðáherslu á hringveginn var rétt í upphafi langtímaáætlunar en strax að fyrstu árum liðnum komu í ljós vissir annmarkar þeirrar stefnu. Hringvegurinn kemur landshlutunum mjög mismunandi að gagni og kostnaðarhluti við uppbyggingu hans er breytilegur eftir landshlutum. Vestfirðir eru utan hringvegarins. Vesturland nýtur hringvegarins nokkuð að takmörkuðu leyti en hefur þurft að leggja stóran hluta þess fjár sem veitt hefur verið til nýbygginga vega á Vesturlandi til framkvæmda við hringveginn. Á hinn bóginn eru nokkur svæði á landinu, sem tengjast hringveginum, komin með veg með bundnu slitlagi um aðalbyggðir og milli þéttbýlisstaða. Þar hefur fjármagn nýst jöfnum höndum til uppbyggingar á hringveginum og til að bæta vegakerfi héraðsins.

Flutningsmenn vefengja ekki þá úttekt sem gerð var á vegakerfinu og kostnaðartölur vegaframkvæmda eru byggðar á. Þó er í því sambandi rétt að benda á það að stórframkvæmdir í vegagerð á ýmsum stöðum á landinu höfðu verið fjármagnaðar stundum sérstaklega í tengslum við landshlutaáætlanir. Þar má nefna Vestfjarðaáætlun á árunum 1965–69, Norðurlandsáætlun 1972–76, Austfjarðaáætlun 1971–76, hafísvegur á Norðausturlandi 1979 o.fl.

Fyrir Vesturland var aldrei gerð eða samþykkt byggðaáætlun né sérstakt átak gert varðandi vegagerð.

Greinilegt er að nú í upphafi annars tímabils langtímaáætlunar í vegagerð er nokkurs mismunar farið að gæta milli landshluta og innan héraða.

Tillaga þessi er flutt til að benda á að á næstu árum er nauðsynlegt að jafna þann mismun með því að útvega sérstakt fjármagn til slíkra framkvæmda.

Flutningsmenn telja ekki rétt að breyta þeirri skiptingu fjármagns milli kjördæma sem langtímaáætlun byggist á né skerða þau 2,14% (2,4% samkvæmt gömlum grunni) af vergri þjóðarframleiðslu sem ætlað er til vegamála samkvæmt þeirri áætlun.

Það er ljóst að um allt land er beðið eftir bættum vegum. Um það er því ekki að ræða að skerða fjárveitingar samkvæmt veg- eða langtímaáætlun til að jafna stöðu milli landshluta. Fjármagn til þeirrar leiðréttingar verður að koma frá ríkissjóði af skatttekjum eða af lánsfé.

Mismunun, sem hér hefur verið bent á, er til staðar á nokkrum stöðum á landinu. Líklegt er þó að Vesturland sé að þessu leyti í sérflokki. Til þess liggja ýmsar ástæður:

1. Á Vesturlandi eru langir og fjölfarnir vegir utan hringvegarins. Þar eru sum hver af þéttbýlustu svæðum landsins svo sem Snæfellsnes norðanvert og Borgarfjörður beggja vegna Hvítár.
2. Á vesturlandi nýtist hringvegurinn tiltölulega lítið. Mikil umferð er um Borgarfjarðar braut og Dali, Mýrar og Snæfellsnes. Langir vegarkaflar á þessum svæðum eru gamlir moldar- og malarvegir með lélegum ræsum og brúm.
3. Drjúgur hluti vegafjár til Vesturlands hefur farið til lagningar vegar á Holtavörðuheiði og um ofanverðan Norðurárdal. Sú vegagerð hefur af augljósum ástæðum nýst Vesturlandi að mjög takmörkuðu leyti.
4. Á Vesturlandi eru margir fjallvegir og gerir það vegagerð þar dýrari en sums staðar annars staðar auk þess sem sú vegagerð tekur fjármagn frá byggðavegum.

Enn er eftir að endurbyggja nokkra mjög kostnaðarsama vegarkafla á hringveginum á Vesturlandi við innanverðan Hvalfjörð, um Svignaskarð og í Norðurárdal. Auk þess hafa nokkrir kaflar á veginum verið lagðir bundnu slitlagi til bráðabirgða, en ætlunin er að endurbyggja þá síðar.

Það er því ljóst að á næstu árum fer drjúgur hluti af því fjármagni sem ætlað er til nýframkvæmda á Vesturlandi samkvæmt langtímaáætlun í það að byggja upp hringveginn.

Á Vesturlandi er umferð á flestum vegum komin yfir það mark sem sett var í langtímaáætlun, að miða skyldi bundið slitlag við umferð a.m.k. 100 bíla á dag. Samkvæmt umferðartalningu 1986 var ársumferð um Borgarfjarðarbraut frá Seleyri að Haugum frá 120 upp í 200 bílar á dag og sumarumferðin 220 upp í 280 bílar. Á allri Borgarfjarðarbraut eru aðeins tveir smábútar með bundnu slitlagi, um Kleppsjárnsreyki og við Norðurá.

Við Vegamót í Miklaholtshreppi á Snæfellsnesi var ársumferð 1986 210 bílar á dag og sumarumferð 340 bílar. Án efa er umferðin um Mýrar mun meiri. Meginhluti vegarins frá Borgarnesi um Mýrarnar að Hítará er gamall moldarvegur, krókóttur og sums staðar niðursokkinn. Endurbygging þessa vegar verður mjög kostnaðarsöm. Fullbyggður kafli er frá sunnanverðri Langá að Urriðaá.

Umferð á vegunum milli byggðanna á norðanverðu Snæfellsnesi og á sunnanverðu Snæfellsnesi frá Vegamótum um Staðarsveit yfir Fróðárheiði svo og vegurinn yfir Svínadal eru allir með yfir 100 bíla ársumferð á dag og hlutfallslega meiri sumarumferð.

Meginhluti þeirra vega, sem hér hafa verið taldir, eru nokkuð gamlir vegir og þola engan veginn svo mikla umferð og eru því oft á tíðum óakfærir. Við svo búið getur ekki staðið til langframa og því nauðsynlegt að til komi fé til viðbótar því sem gert er ráð fyrir í vegáætlun.

Aðalfjallvegir á Vesturlandi eru: Fróðárheiði, Kerlingarskarð, Brattabrekka og Holtavörðuheiði auk þess eru Heydalur, Svínadalur, Laxárdalsheiði og Geldingadragi.

Ef vegagerð um þessa fjallvegi er sett inn í dæmið um sæmilega upp byggt vegakerfi á Vesturlandi — sem verður að gera — er augljóst að svipað fjármagn til Vesturlands og á undanförnum árum dugar skammt til þess að byggja upp nauðsynlegustu vegina og þá sem nú þegar eru komnir með umferð sem ofbýður þeim og gerir þá hættulega og óökuhæfa.

Þrátt fyrir alla þessa upptalningu eru enn ótalmargir vegir og miklar vegalengdir ónefnt. Þar eru vegir um Borgarfjarðardali, í kringum Akrafjall, ýmsir hliðarvegir á Mýrum, ýmsir hliðarvegir á Snæfellsnesi, Útnesvegur frá Öxl að Gufuskálum, vegur um Eyrarsveit, Helgafellssveit, Skógarströnd um Suðurdali, Laxárdal um Fellsströnd fyrir Klofning í Saurbæ.

Nú stendur yfir könnun á brúar- og vegarstæði yfir Gilsfjörð. Þess er að vænta að ákvörðun verði tekin í ár. Vegagerð ríkisins telur þessa framkvæmd arðbæra. Verkefni þetta er það sérstakt að það fellur ekki að þeirri áætlun sem hér er lagt til að gerð verði. Vegagerð yfir Gilsfjörð þarf að fá sérstakar fjárveitingar án tengsla við önnur samgönguverkefni á Vesturlandi eða Vestfjörðum.

Hér er um mikilvægt byggðamál að ræða þar sem næstu byggðir bæði sunnan og norðan Gilsfjarðar njóta sérstaklega góðs af. Ný leið yfir Gilsfjörð mun stytta aksturleið frá Vestfjörðum til Vesturlands um u.þ.b. 20 km. Ef staðið hefði verið við ályktun Alþingis frá 1981 um langtímaáætlun í vegagerð væri margt á annan veg í vegamálum í dag. Strax árið 1983 voru fjárframlög samkvæmt vegáætlun skert. Markmiði langtímaáætlunar 2,2%–2,4% af vergri þjóðarframleiðslu hefur aldrei verið náð. Samkvæmt skýrslu samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1986 kemur í ljós að frá 1964 hefur aldrei lægra hlutfalli af þjóðarframleiðslu verið varið til vegamála en 1986, þ.e. 1,4%, áður var það lægst 1966 1,5%. Það sem hefur aðallega bjargað því að hægt hefur verið að standa við vegáætlun að mestu leyti er að töluvert fé, 20% af nýbyggingafé, var óskipt í langtímaáætlun og hefur það farið allt til að mæta fjárvöntun. Þessi 20% af nýbyggingarfé áttu að vera til ráðstöfunar til að mæta óvæntum verkefnum og til leiðréttingar á verkefnavali út frá reynslu af framkvæmd langtímaáætlunarinnar. Þessi skerðing á því fjármagni, sem áætlað var til vegagerðar í landinu, hefur valdið því að sú mismunum milli landshluta, sem alltaf mátti búast við að kæmi fram á einhvern hátt, hefur ekki verið leiðrétt, til þess hefur skort fé.

Úr því sem komið er er ekki líklegt að úr þessu verði bætt nema með sérstökum aðgerðum utan langtímaáætlunar.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunar leggja því til að skerðing á fjárveitingum til vegagerðar á undanförnum árum verði bætt með því að veita aukið fé til vegagerðar á næstu árum umfram markmið langtímaáætlunar. Því fjármagni verði ráðstafað til að jafna mismun milli landshluta samkvæmt sérstökum áætlunum. Hér er lagt til að gerð verði slík áætlun fyrir Vesturland.

Fylgiskjal I.

Úr athugasemdum með tillögu til þingsályktunar um langtímaáætlun í vegagerð.

(426. mál á 109. löggjafarþingi 1986–87, þskj. 938.)

0.2. FJÁRMAGN OG FRAMKVÆMDIR Á FYRSTA TÍMABILI.

Á fyrsta tímabili langtímaáætlunar, 1983—86, var áætlað heildarfjármagn 10,9 milljarðar kr., en varð samkvæmt vegáætlun 9,3 milljarðar kr.

Nánari samanburður á heildarfjármagni (vt. 2100) sést á meðfylgjandi töflu. Hlutföll reiknast af gömlum grunni þjóðarframleiðslu.

	Upphafleg tillaga að langtímaáætlun		Rauntölur	
	Hlutfall	m.kr.	Hlutfall	m.kr.
1983	2,2	2 536	2,0	2 153
1984	2,3	2 668	2,0	2 494
1985	2,4	2 838	1,8	2 320
1986	2,4	2 893	1,6	2 332
		10 935		9 299

Samanburður á fjármagni til nýrra framkvæmda og sumarviðhalds sem kom á vegáætlun og þess sem áætlað var í langtímaáætlun sést á eftirfarandi töflu (vt. 2100).

	1983	1984	1985	1986	Samt.	Hlutf.
Nýjar framkvæmdir.						
Langtímaáætlun	1 165	1 258	1 380	1 387	5 190	100%
Vegáætlun	962	1 065	1 054	1 010	4 053	78%
Sumarviðhald:						
Langtímaáætlun	749	781	822	865	3 217	100%
Hlutfall af þörf	80%	82%	85%	88%		
Vegáætlun	587	723	745	712	2 767	86%
Hlutfall af þörf	63%	76%	77%	72%		

Svo sem fram kemur af töflum þessum vantar mikið á að áætlað fjármagn hafi skilað sér. Sé litið til nýrra framkvæmda, kemur í ljós að þær hafa þó ekki minnkað í sama mæli. Ástæður eru margar, en mestu veldur, að töluvert fé var óskipt í langtímaáætlun og fór það allt til að mæta fjárvöntun. Enn fremur má nefna hagstæða þróun útboða og verðlags, ódýrari útfærslur o.fl.

Fylgiskjal II.

Úr skýrslu samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1986.
(Lögð fyrir 109. löggjafarþing 1986–87, 429. mál, þskj. 962.)

4.1.1. Útgjöld til vegamála sem hlutfall af þjóðarframleiðslu 1964—1986.
(Nýr grunnur.)



4.1.2. Heildarútgjöld til vegamála 1964—1986.
Upphæðir í m.kr. á verðlagi 1986.



Fylgiskjal III.

Fréttatilkynning frá héraðs- og rekstrarstjórum Vegagerðar ríkisins.

Aðalfundur Félags héraðs- og rekstrarstjóra hjá Vegagerð ríkisins, haldinn á Hornafirði, lýsir verulegum áhyggjum sínum yfir síminnkandi fjármagni til vegagerðar.

Þrátt fyrir viljayfirlýsingar Alþingis um að 2,4% af vergri þjóðarframleiðslu færi til vegagerðar er svo komið að á árinu 1987 ná framlög til Vegagerðar ríkisins aðeins milli 1,4–1,5% af vergum þjóðartekjum.

Þessi samdráttur bitnar ekki síst á viðhaldi malarvega sem víða er orðið að verulegu vandamáli og fer vaxandi. Til viðbótar versnandi viðhaldi koma auknar kröfur vegfarenda um betri vegi, enda viðmiðun öll við bundin slitlög.

Framlög til vegagerðar samkvæmt langtímaáætlun og rauntölur 1983–1987.
Verðlag 1987, vt. 2226.

	Skv. langtímaáætlun		Rauntölur		Mismunur
	m.kr.	%	m.kr.	%	m.kr.
1983	2690	2.2	2280	2.0	410
1984	2830	2.3	2640	2.0	190
1985	3010	2.4	2460	1.8	550
1986	3070	2.4	2490	1.6	580
1987	3410	2.4	2150	1.4	1260

Vanefndir frá markmiðum langtímaáætlunar nemur um 3 milljörðum króna á árunum 1983–1987. Til þess að skýra framkvæmdamagn þessa niðurskurðar má benda á:

1. Km í bundnu slitlagi kostar um 1,5 milljónir króna, þannig að fyrir þennan niðurskurð hefði verið hægt að leggja um 2000 km af bundnu slitlagi.
2. Talið er að kostnaður við jarðgangagerð hér á landi sé um það bil 150 milljónir króna á km þannig að fyrir niðurskurðinn frá því sem langtímaáætlunin gerði ráð fyrir, umreiknað í jarðgöng, hefði mátt leggja 20 km af jarðgöngum.

Sþ. 746. Skýrsla [400. mál]

fjármálaráðherra um ríkisfjármál og framkvæmd lánsfjáráætlunar 1987.

(Lögð fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. Afkoma ríkissjóðs, yfirlit

Tilgangur þessarar skýrslu er tvíþættur. Annars vegar að draga fram meginþætti ríkisfjármálanna á árinu 1987 samkvæmt niðurstöðutölum Ríkisbókhalds um afkomu ríkissjóðs á greiðslugrunni. Hins vegar að sýna framkvæmd lánsfjáráætlunar 1987 í ljósi bráðabirgðatalna um lántökur opinberra aðila, lánastofnana og atvinnufyrirtækja.

Árið 1987 einkenndist af miklum halla á ríkissjóði. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1987 var gert ráð fyrir 2.843 m.kr. halla á ríkissjóði og lánsfjárþörf að upphæð 6.073 m.kr. Þegar núverandi ríkisstjórn tók við völdum var ljóst að þróunin var mjög á verri veg og var áætlað að halli á ríkissjóði gæti numið 3.500—4.000 m.kr. ef ekkert væri að gert. Þegar í upphafi starfsdaga sinna greip ný ríkisstjórn til margháttaðra aðgerða svo sem að fækka undanþágum frá söluskatti og leggja sérstakan 10% söluskatt á ýmis matvæli og þjónustu. Áætlað var að þessar aðgerðir lækkuðu tekjuhalla ríkissjóðs í um 2.700 m.kr. á árinu 1987. Aðgerðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum var fylgt eftir með frekari ráðstöfunum á sviði peninga- og lánamála.

Í þessari skýrslu verður lögð áhersla á að sýna og skýra niðurstöðutölur 1987 í samanburði við áætlanir fyrir það ár. Niðurstöðutölur Ríkisbókhalds lágu fyrir í byrjun febrúar og byggist það uppgjör í megindráttum á greiðslugrunni. Endanlegur ríkisreikningur, sem byggist á rekstrargrunni, verður frábrugðinn meðal annars að því leyti að þar er tekið tillit til óinntra uppgjöra í árslok. Hins vegar eru fjárlög ávallt á greiðslugrunni og gefur samanburður þeirra við niðurstöður reiknings á sama grundvelli því raunhæfa viðmiðun.

Niðurstöður um afkomu ríkissjóðs á árinu 1987 sýna verulegan rekstrar- og greiðsluhalla. Yfirlitið hér að neðan sýnir áætlun um afkomuna samanborið við niðurstöður ársins (m.kr.):

Yfirlit I **Heildaryfirlit um afkomu ríkissjóðs 1987**

	Fjárlög 1987	Endurskoðuð áætlun í október 1987	Útkoma 1987
1. Tekjur	43.029	47.600	48.963
2. Gjöld	45.872	49.900	51.688
3. Tekjuafgangur/halli (1–2)	**−2.843**	**−2.300**	**−2.725**
4. Lánahreyfingar, nettó (Seðlabanki meðtalinn)	3.220	2.846	3.829
5. Viðskiptareikningar, nettó	−300	−723	−1.824
6. Greiðsluafgangur/halli (3+4+5)	**77**	**−177**	**−720**

Heimild: Ríkisbókhald, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Frávik milli fjárlaga og útkomu 1987 eru ekki veruleg. Við þann samanburð þarf að hafa í huga þær aðgerðir sem gripið var til þegar ný ríkisstjórn tók við á sl. sumri. Tekið er tillit til þeirra í endurskoðaðri áætlun í október 1987. Mismunur áætlunar og útkomu ársins er meiri eða 425 m.kr. Niðurstöðutölur um afkomu ríkissjóðs á árinu 1987 sýna 2.725 m.kr. tekjuhalla. Sem hlutfall af vergri landsframleiðslu er hallinn 1987 1,3% samanborið við 1,2% 1986 og 2,0% árið 1985.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs gagnvart bankakerfi og Seðlabanka gefur einnig ákveðna vísbendingu um efnahagsleg áhrif ríkisfjármálanna á hagkerfið. Eftirfarandi yfirlit sýnir greiðsluafkomuna á árinu 1987 (m.kr.):

Yfirlit II **Greiðsluafkoma ríkissjóðs 1987**

	Fjárlög 1987	Endurskoðuð áætlun í október 1987	Útkoma 1987
6. Greiðsluafgangur/halli	**77**	**−177**	**−720**
7. Afborganir af lánum í Seðlabanka	0	0	60[1])
8. − Lántaka í Seðlabanka	0	−864	−892[1])
9. Greiðsluhreyfing gagnvart bankakerfinu (6+7+8)	**77**	**−1.041**	**−1.552**
10. − Hreyfing bankareikninga utan Seðlabanka	−	−	−402
11. Greiðsluhreyfing við Seðlabanka (9+10)	**77**	**−1.041**	**−1.954**

1) Jafnframt yfirtók Seðlabanki kröfur þriðja aðila á ríkissjóð að fjárhæð 146 m.kr. og greiddi ríkissjóður 24 m.kr. í afborganir af þeim á árinu 1987.

Heimild: Ríkisbókhald, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

2. Ríkisfjármál

Ríkisfjármálin tóku verulegum breytingum á miðju ári 1987 eins og vikið var að hér að framan. Tekjuhalli ríkissjóðs stefndi í 3.500–4.000 m.kr. við stjórnarskiptin. Til þess að hamla gegn aukinni verðbólgu og viðskiptahalla og koma á betra samræmi milli þjóðarútgjalda og þjóðartekna greip ríkisstjórnin þegar í upphafi til margháttaðra aðgerða með setningu bráðabirgðalaga sem fólust m.a. í eftirfarandi:

- Undanþágum frá söluskatti var fækkað og lagður var á sérstakur 10% söluskattur á ýmis matvæli og þjónustu.
- Lagt var á sérstakt bifreiðagjald.
- Viðbótarskattur var lagður á innflutt kjarnfóður.
- Ríkisábyrgðargjald var hækkað og lagt lántökugjald á erlendar lántökur.
- Hækkun lífeyrisgreiðslna og barnabótaauka.

Áætlað var að aðgerðir þessar skiluðu ríkissjóði rúmum milljarði króna til ársloka 1987. Á móti var gripið til aðgerða til að jafna tekjur með því að hækka lífeyrisgreiðslur og barnabótaauka. Þessum aðgerðum var fylgt eftir með aðgerðum í peninga- og lánamálum. Vextir á spariskírteinum ríkissjóðs voru hækkaðir. Þá var ákveðið að leggja endurgreiddan uppsafnaðan söluskatt til sjávarútvegs inn á bundna reikninga í stað þess að veita því fjármagni út í hagkerfið.

Þótt þessar aðgerðir hafi styrkt stöðu ríkissjóðs verulega var ljóst er kom fram á haust að þær væru ónógar til að halda aftur af þjóðarútgjöldum og efla sparnað. Því voru ákveðnar frekari aðgerðir á tekjuhlið í nóvember, sem hér segir:

- Innflutningsgjald af bílum var hækkað.
- Verð á áfengi og tóbaki var hækkað um 8%.

Auk þessa var gripið til ýmissa aðgerða á sviði peninga- og lánsfjármála til að auka innlendan sparnað. Með þessum aðgerðum var þess vænst að tekjuhalli ríkissjóðs næðist niður í 2.300 m.kr.

Nokkur frávik urðu í þróun verðlagsmála á árinu frá því sem áætlað var í fjárlögum. Þetta er sýnt í yfirliti III. Hafa þarf þessi frávik í huga við samanburð á áætlun og útkomu í ríkisfjármálum.

Kjarasamningar við opinbera starfsmenn voru gerðir í upphafi árs 1987 og var þar um nokkuð meiri hækkanir að ræða en fjárlög gerðu ráð fyrir. Í fjárlögum var áætlað að laun hækkuðu um 22% að meðaltali milli áranna 1986 og 1987, en í reynd hækkuðu launagreiðslur um 40% að teknu tilliti til magnbreytinga. Við samþykkt fjárlaga var gert ráð fyrir að verðlag myndi hækka um 11% frá upphafi til loka ársins, en raunin varð að það hækkaði meira eða um rúm 20%.

Kjarasamningar og almenn verðlags- og gengisþróun eru hvort tveggja ávallt mjög mótandi um fjárhag ríkissjóðs. Frávik fjárlaga og útkomu bera því mjög merki. Að auki er ávallt um nokkur útgjöld að ræða vegna skuldbindinga sem ekki verða séðar fyrir við gerð fjárlaga.

Eftirfarandi yfirlit sýnir breytingar helstu vísitalna 1986—87 eins og þær urðu í raun samanborið við forsendur fjárlaga:

Yfirlit III Hækkun launa, verðlags og gengis 1986—1987

	Meðalhækkun milli ára		Hækkun frá ársbyrjun til ársloka	
	Fjárlög 1987	Útkoma 1987	Fjárlög 1987	Útkoma 1987
1. Framfærsluvísitala	12,5	18,8	11,0	24,3
2. Byggingarvísitala	13,7	17,7	11,0	17,9
3. Lánskjaravísitala	12,8	18,1	11,0	22,8
4. Meðalverð erlends gjaldeyris	4,3	3,7	0,0	1,9

Heimild: Þjóðhagsstofnun, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Gróft áætlað þýðir 1% hækkun launa umfram forsendur fjárlaga um 250 m.kr. í útgjaldaauka. Skýrist sú hækkun af ýmsum útgjaldaliðum sem eru beint eða óbeint tengdir launaþróun. Auk beinna launagreiðslna má nefna í því sambandi útgjöld til lífeyris- og sjúkratrygginga. Jafnframt hafa almennar verðbreytingar umfram forsendur fjárlaga áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Á móti ber að hafa í huga að auknar launa-, verðlags- og veltubreytingar endurspeglast í auknum tekjum ríkissjóðs.

2.1 Tekjuhlið ríkissjóðs

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1987 námu alls 48.963 m.kr. samanborið við 38.113 m.kr. á árinu 1986. Hækkun milli ára nemur rúmlega 28%. Samanborið við endurskoðaða áætlun frá því í október er það hækkun um 1.363 m.kr. Skýrist sá munur aðallega af auknum tekjum af sölugjaldi, aðflutningsgjöldum og öðrum óbeinum sköttum. Þá aukningu má einkum rekja til veltuaukningar innan lands og verðhækkana síðustu mánuði ársins. Þá benda bráðabirgðatölur einnig til þess að innheimtuhlutfall beinna skatta hafi hækkað örlítið á síðustu mánuðum ársins. Eftirfarandi yfirlit sýnir innheimtu helstu tekjustofna ríkissjóðs á árunum 1986 og 1987 (í m.kr.):

Yfirlit IV **Innheimtar tekjur ríkissjóðs 1986 og 1987**

	Í milljónum króna		
	Innheimt 1986	Innheimt 1987	Breyting %
1. Tekjuskattur	4.136	4.636	12,1
2. Eignarskattur	936	1.070	14,3
3. Tolltekjur	5.034	6.648	32,1
4. Veltuskattar	18.291	25.074	37,1
5. Skattar af launagreiðslum	2.653	3.553	33,9
6. Aðrar tekjur	7.063	7.982	13,0
7. Heildartekjur (1+ ... +6)	**38.113**	**48.963**	**28,5**

Heimild: Ríkisbókhald, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Með aðgerðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum sl. sumar voru gerðar umtalsverðar breytingar á tekjustofnum ríkissjóðs frá því sem lagt var til grundvallar í fjárlögum 1987. Vikið var að þessum aðgerðum hér að framan, en þær ásamt með öðru fólu í sér að áætlaðar tekjur ríkissjóðs á árinu 1987 hækkuðu úr 43.029 m.kr. í fjárlögum 1987 í 48.963 m.kr. Við endurskoðun áætlunar í október var þessi fjárhæð hækkuð í 47.600 m.kr.

Breytingar á einstökum tekjuliðum frá fjárlögum til endanlegrar útkomu eru mismunandi. Beinir skattar, þ.e. tekjuskattur og eignarskattur námu alls 5.707 m.kr. og hækkuðu aðeins um 12,5% milli ára. Álagning tekjuskatts reyndist 214 m.kr. lægri en gert var ráð fyrir í fjárlögum og það ásamt áformaðri lækkun beinna skatta skýrir lága hækkun milli ára. Hlutfall beinna skatta af heildartekjum varð 11,6% í stað 13,3% árið 1986.

Aðflutningsgjöld námu 6.648 m.kr. og hækkuðu um 474 m.kr. frá októberáætlun. Þar af hækkuðu almenn aðflutningsgjöld um 220 m.kr. og aðflutningsgjöld af bifreiðum um 210 m.kr.

Tekjur af veltusköttum, sem eru sölugjald, skattar af framleiðslu og innflutningi, orkujöfnunargjald og hagnaður ÁTVR, hækka um rúm 37% milli ára. Tekjur af sölugjaldi námu nettó 20.227 m.kr. og er það 617 m.kr. umfram októberáætlun. Á árinu var undanþágum frá söluskatti fækkað verulega og að auki tekinn upp sérstakur 10% söluskattur á ýmsar matvörur og þjónustu. Söluskattshlutföllin voru ákveðin tvö í stað eins áður, 10% og 25%. Alls var talið að þær breytingar ykju tekjur ríkissjóðs um 675 m.kr. á árinu og skýrir það hækkun á þessum lið umfram almennar verðbreytingar.

Skattar af launagreiðslum hækkuðu talsvert umfram almennar verðlagsbreytingar milli ára. Endurspeglar það þær miklu launahækkanir og kaupmáttaraukningu sem urðu á árinu 1987. Auk launaskatts eru ýmis tryggingagjöld talin með launasköttum.

Aðrar tekjur voru alls 7.982 m.kr. Stærstu liðir þar eru fjármunatekjur 2.647 m.kr., tekjur af sölu erlends gjaldeyris 536 m.kr., sjúkratryggingagjald 325 m.kr. og aðrir óbeinir skattar en að ofan greinir 2.923 m.kr. Aðrir liðir eru lægri.

Mynd 1

Skipting innheimtra tekna ríkissjóðs árið 1987

Tölur innan sviga sýna skiptinguna árið 1986



Í töflu 1 í töfluviðauka er sýnd frekari skipting á innheimtum tekjum ríkissjóðs 1986 og 1987. Einstakir tekjuliðir hækka mismikið milli ára. Beinir skattar, þ.e. tekjuskattur og eignarskattur að meðtöldum erfðafjárskatti, sjúkratryggingagjaldi og gjaldi í Framkvæmda sjóð aldraðra hækkuðu um 14% milli ára. Er það mun minni hækkun en launa- og verðlagsbreytingar á sama tíma, eins og þegar hefur verið minnst á. Á árinu 1987 voru beinir skattar 12,8% af heildartekjum ríkissjóðs samanborið við 14,4% 1986. Hlutur óbeinna skatta hækkar úr 77,1% af tekjum ríkissjóðs á árinu 1986 í 81,4%. Hlutfall þetta hafði þróast í gagnstæða átt árið 1985. Aðrar tekjur reyndust 5,8% af heildartekjum ríkissjóðs á árinu 1987.

Ekki þykir ástæða til að fjalla frekar um tekjur ríkissjóðs en vísað er í yfirlit IV hér að framan, sem sýnir skiptingu innheimtra tekna ríkissjóðs á árunum 1986 og 1987 á helstu tekjustofna, töflu 1 í töfluviðauka, þar sem tekjur ríkissjóðs 1986 og 1987 eru sundurliðaðar enn frekar, og töflu 2, þar sem tekjur ríkissjóðs 1983—1987 eru sýndar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

2.2 Gjaldahlið ríkissjóðs

Útgjöld ríkissjóðs námu alls 51.688 m.kr. á árinu 1987 samanborið við 40.111 m.kr. 1986 Hækkun milli ára nam 28,9%.

Þegar fjárlög fyrir árið 1987 voru afgreidd í desember 1986 voru útgjöld ríkissjóðs áætluð 45.872 m.kr. Niðurstöðutala ársins sýnir 5.816 m.kr. hærri upphæð. Mismunurinn skýrist einkum af þremur meginþáttum. Í fyrsta lagi eru viðbætur vegna launabreytinga umfram forsendur fjárlaga 1.860 m.kr. Í öðru lagi geymdar fjárveitingar frá fyrri árum 69 m.kr. og í þriðja lagi aukafjárveitingar 3.887 m.kr. Skipta má aukafjárveitingum 1987 í eftirfarandi flokka (m.kr.):

Aukafjárveitingar	
1. Lífeyris- og sjúkratryggingar	807
2. Niðurgreiðslur	363
3. Vextir	669
4. Útflutningsbætur	155
5. Uppbætur á lífeyri	138
6. Ríkisspítalar	87
7. Annað	1.668
8. Aukafjárveitingar alls (1+ ... +7)	3.887

Aukafjárveitingar á árinu 1987 jafngiltu 1,9% af vergri landsframleiðslu samanborið við 2,2% árið 1985 og 1,7% 1986.

Talsverð hækkun varð á vaxtagreiðslum frá áætlun fjárlaga eða um 669 m.kr. Stærstur hluti þessa mismunar, 280 m.kr., eru vextir af ríkisvíxlum. Í áætlun var gert ráð fyrir að afla lánsfjár með skuldabréfum til langs tíma í stað ríkisvíxla, en þeir bera fyrirframgreidda vexti og eru til tiltölulega skamms tíma. Í öðru lagi urðu vaxtagreiðslur ríkissjóðs af yfirdrætti í Seðlabanka um 140 m.kr. umfram áætlun. Þá reyndust vaxtagreiðslur af erlendum lánum vera um 160 m.kr. umfram áætlun. Aðrar vaxtagreiðslur umfram áætlun námu 89 m.kr.

Eftirfarandi yfirlit sýnir samanburð mismunandi áætlana ársins 1987 og niðurstöðutölur þess í hnotskurn (í m.kr.):

Yfirlit V **Útgjöld ríkissjóðs 1987**

	Fjárlög 1987	Endurskoðuð áætlun í okt. 1987	Útkoma 1987
1. Rekstrarliðir	**18.741**	**20.921**	**22.146**
Laun	14.825	16.742	17.800
Önnur gjöld – sértekjur	3.916	4.179	4.346
2. Rekstrar- og neyslutilfærslur	**16.800**	**18.354**	**18.303**
Lífeyristryggingar	6.360	7.140	7.151
Sjúkratryggingar	4.235	4.515	4.325
Niðurgreiðslur á vöruverði	1.090	1.480	1.544
Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna	928	928	927
Endurgreiðsla söluskatts í sjávarútvegi	700	700	700
Útflutningsuppbætur	800	930	978
Framlag til Áburðarverksmiðju ríkisins	120	120	120
Framlag til Pósts og síma	110	110	90
Niðurgreiðsla á rafhitun	230	230	195
Annað	2.227	2.201	2.273
3. Vaxtagjöld	**3.620**	**3.650**	**4.289**
4. Viðhald	**1.134**	**1.208**	**1.200**
Vegagerð ríkisins	878	878	875
Annað	256	330	325
5. Fjárfesting	**5.577**	**5.767**	**5.750**
Stofnkostnaður	2.553	2.740	2.723
Fjármagnstilfærslur	3.024	3.027	3.027
6. Heildargjöld (1+ ... +5)	**45.872**	**49.900**	**51.688**

Heimild: Ríkisbókhald, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Útgjöld til rekstrarliða og tilfærslna lúta sveiflum í launum og verðlagi. Því eru frávik frá fjárlögum þar mikil ef verðlagsforsendur fjárlaga standast ekki. Sama á við um vaxtagjöld. Á móti kemur að áhrif verðlagsbreytinga á tekjur ríkissjóðs eru jákvæðar, þ.e. tekjurnar hækka vegna meiri veltu og hærri tekna einstaklinga og fyrirtækja. Útgjöld til viðhalds og fjárfestingar eru hins vegar oft fastákveðnar fjárhæðir sem ekki verður breytt vegna breytinga á verðlagi.

Algengt er að skipta útgjöldum ríkisins eftir hagrænu eðli eins og fram kemur í mynd 2.

Mynd 2

Skipting útgjalda ríkissjóðs árið 1987

Tölur innan sviga sýna skiptinguna árið 1986



Samneysla sýnir útgjöld ríkissjóðs vegna kaupa á vörum og þjónustu, þ.m.t. launagreiðslur. Aukin hlutdeild samneyslu í útgjöldum ríkissjóðs samanborið við árið 1986, skýrist af tilflutningi 13 sjúkrahúsa sem voru á daggjöldum 1986 en voru tekin inn á föst fjárlög 1987. Þetta skýrir einnig lækkaðan hlut rekstrar- og neyslutilfærslna í útgjöldum ríkisins milli ára. Áætlað er að með þessum hætti hafi um 3.750 m.kr. flust yfir á almennan rekstur, þar af um 2.800 m.kr. vegna launagjalda.

Í töflu 3 í töfluviðauka kemur fram frekari skipting útgjalda ríkissjóðs 1986 og 1987 eftir málaflokkum. Útgjöld til félagsmála í heild hækka um 37%. Á sama tíma hækkaði vísitala framfærslukostnaðar um 18,8% þannig að útgjöld til félagsmála hækka um rúm 15% að raungildi milli ára. Útgjöld til heilbrigðismála, sem er hluti af félagsmálum, hækka mest milli ára eða um 93%. Skýrist sú mikla hækkun af tilflutningi sjúkrahúsa af daggjöldum á föst fjárlög og flokkast þau nú undir heilbrigðismál í stað velferðarmála áður. Útgjöld til atvinnumála hækka minna eða um 11% milli ára. Það þýðir raunlækkun milli ára. Sérstaka athygli vekur að útgjöld til iðnaðar- og orkumála lækka um 22% milli ára. Er það aðallega vegna niðurfellingar á verðjöfnunargjaldi á raforku sem nam 382 m.kr. árið 1986.

Sé litið á útgjöld ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (tafla 4 í töfluviðauka) kemur í ljós að hlutfallið hefur nokkurn veginn staðið í stað. Útgjöld til einstakra málaflokka breytast lítið milli ára. Hlutfall útgjalda til atvinnumála lækkar úr 5,4% af vergri landsframleiðslu 1986 í 4,6% 1987. Reyndar hefur hlutur þessa málaflokks farið sífellt minnkandi frá 1983 en þá voru útgjöld til hans 6,3% af vergri landsframleiðslu. Munar hér mest um að hlutur niðurgreiðslna á vöruverði hefur lækkað úr 1,5% af vergri landsframleiðslu 1983 í 0,7% 1987.

2.3 Lánsfjárþörf ríkissjóðs

Fram hefur komið að tekjuhalli ríkissjóðs reyndist svipaður og upphaflega var gert ráð fyrir í fjárlögum fyrir árið 1987. Á miðju ári stefndi í enn meiri halla eða á bilinu 3.500—4.000 m.kr. en með víðtækum efnahagsaðgerðum nýrrar ríkisstjórnar tókst að bæta afkomu ríkissjóðs. Aðgerðir þær sem gripið var til hafa verið raktar hér að framan. Eftirfarandi yfirlit sýnir mismunandi áætlanir um afkomu ríkissjóðs á árinu 1987 samanborið við útkomu þess (m.kr.):

Yfirlit VI **Afkoma ríkissjóðs 1987**

	Fjárlög 1987	Endurskoðuð áætlun í október 1987	Útkoma 1987
1. Tekjur	43.029	47.600	48.963
2. Gjöld	45.872	49.900	51.688
3. Tekjuafgangur/halli (1−2)	**−2.843**	**−2.300**	**−2.725**
4. Veitt lán, nettó	560	300	−99
5. Hlutafé og stofnframlög	−80	−844	−873
6. Viðskiptareikningar, nettó	−300	−723	−1.824
7. Lánsfjárþörf ríkissjóðs, nettó (3+...+6)	**−2.663**	**−3.567**	**−5.521**
8. Afborganir af teknum lánum	−3.410	−3.410	−2.877
9. Lánsfjárþörf ríkissjóðs, brúttó (7+8)	**−6.073**	**−6.977**	**−8.398**
10. Tekin lán, brúttó	6.150	6.800	7.678
11. Greiðsluafgangur/halli (9+10)	**77**	**−177**	**−720**

Heimild: Ríkisbókhald, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tekju- og gjaldahlið ríkissjóðs hafa verið gerð skil hér að framan og vísast til þeirrar umfjöllunar. Hér mun hins vegar athyglinni verða beint að lánahreyfingum og öðrum eignahreyfingum ríkissjóðs á árinu 1987.

Veitt lán, nettó. Við endurskoðun ríkisfjármála í október 1987 var innstreymi umfram útstreymi á veittum lánum ríkissjóðs áætlað um 300 m.kr. Útkoman sýnir hins vegar 99 m.kr. nettóútstreymi á þessum reikningum eins og eftirfarandi yfirlit sýnir (m.kr.):

Yfirlit VII **Veitt lán ríkissjóðs, nettó 1987**

	Fjárlög 1987	Endurskoðuð áætlun í október 1987	Útkoma 1987
1. *Innheimtar afborganir*	1.980	1.980	1.873
2. – Veitt ný lán	−1.420	−1.680	−1.972
3. Veitt lán, nettó (1+2)	**560**	**300**	**−99**

Heimild: Ríkisbókhald, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Frávikin skýrast bæði af lakari innheimtu afborgana af veittum lánum og af meiri lánveitingum en ráðgert var í áætlunum. Af stórum lánum sem ríkissjóður hafði milligöngu um á árinu 1987 má nefna eftirfarandi: Lánasjóður íslenskra námsmanna 800 m.kr., Rafmagnsveitur ríkisins 140 m.kr., flugstöð á Keflavíkurflugvelli 565 m.kr., Bv. Mánaberg 184 m.kr., Baldur hf. 35 m.kr., hitaveitur 70 m.kr. Þá var veitt 260 m.kr. lán til Húsnæðisstofnunar ríkisins. Er þar um að ræða endurlán ríkissjóðs til Húsnæðisstofnunar vegna kaupa lífeyrissjóðanna á spariskírteinum frá árinu 1986. Ákveðið hafði verið að halda þessu fé í ríkissjóði vegna góðrar fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs ríkisins í árslok 1986.

Hlutafjár- og stofnframlög. Í áætlunum var ráðgert að verja 80 m.kr. í þessu skyni á árinu 1987. Við endurskoðun áætlunar í október var þessi fjárhæð hækkuð um 764 m.kr. vegna hlutabréfakaupa ríkissjóðs í Útvegsbanka Íslands h.f. samkvæmt lögum lög nr. 7 1987. Niðurstöðutölur sýna nettóútstreymi um 873 m.kr. á þessum reikningi og skiptust þær þannig (m.kr.):

Útvegsbanki Íslands hf.	764
Sjóefnavinnslan hf.	32
Steinullarverksmiðjan hf.	16
Orkustofnun erlendis hf.	7
Slippstöðin hf.	4
Alþjóðabankinn og IDA	39
Iðnþróun í Portúgal, EFRA	5
Annað, nettó	6
Samtals	873

Viðskiptareikningar, nettó. Í fjárlögum fyrir árið 1987 var gert ráð fyrir 300 m.kr. útstreymi umfram innstreymi á viðskiptareikningum ríkissjóðs. Niðurstöðutölur ársins sýna hins vegar 1.824 m.kr. nettóútstreymi á þessum reikningum eða 1.524 m.kr. hærri fjárhæð en áætlað var. Skýringar á þessum mun eru margháttaðar. Þyngst vegur að á árinu stofnuðu ýmis fyrirtæki ríkisins til 530 m.kr. skulda á viðskiptareikningum. Stærstu aðilar í þeirri skuld eru Póstur og sími með 194 m.kr. og Ríkisútvarpið 188 m.kr. Þá var greitt út á árinu 1987 óhafið framlag til Húsnæðisstofnunar ríkisins frá árinu 1986 að upphæð 463 m.kr. Ennfremur var togaranum Merkúr veitt bráðabirgðafyrirgreiðsla að upphæð 184 m.kr. og stendur sú upphæð sem inneign á viðskiptareikningi.

Tekin lán, nettó. Niðurstöður ársins sýna að nýjar lántökur umfram afborganir af teknum lánum námu 4.801 m.kr. Heildarlántökur urðu 7.678 m.kr., þar af voru teknar 1.038 m.kr. að láni hjá Seðlabanka, 4.485 m.kr. hjá ýmsum innlendum aðilum og 2.155 m.kr. erlendis. Afborganir námu alls 2.877 m.kr., þar af runnu 1.757 m.kr. til ýmissa innlendra aðila og 1.036 m.kr. til erlendra. Afborganir til Seðlabanka námu 84 m.kr. Eftirfarandi yfirlit sýnir lántökur og afborganir ríkissjóðs á árinu 1987 (m.kr.):

Yfirlit VIII **Tekin lán ríkissjóðs, nettó 1987**

	Fjárlög 1987	Endurskoðuð áætlun í október 1987	Útkoma 1987
1. Lántökur utan Seðlabanka, nettó	**2.740**	**2.526**	**3.847**
1.1 Sala spariskírteina	1.500	1.500	2.144
1.2 Skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna	1.300	800	157
1.3 Verðbréfakaup bankakerfisins	1.650	1.316	1.216
1.4 Ríkisvíxlar	–	400	934
1.5 Aðrar innlendar lántökur	–	–	34
1.6 Erlendar lántökur	1.700	1.920	2.155
1.7 – Innlausn spariskírteina	−1.000	−1.000	−805
1.8 – Afborganir af öðrum innlendum lánum	−1.110	−1.110	−952
1.9 – Afborganir af erlendum lánum	−1.300	−1.300	−1.036
2. Lántökur í Seðlabanka, nettó	–	**864**	**954**
2.1 Tekin ný lán	–	864	1.038
2.2 – Afborganir	–	–	−84
3. Tekin lán, nettó (1+2)	**2.740**	**3.390**	**4.801**

Heimild: Ríkisbókhald, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Sala spariskírteina reyndist talsvert meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Munaði þar 644 m.kr sem selt var umfram áætlun. Samtals seldust spariskírteini fyrir 2.144 m.kr. Fyrri hluta árs gekk sala spariskírteina afar treglega og stóð svo fram í ágústmánuð. Þá voru raunvextir skírteinanna hækkaðir og voru boðin ný bréf með 7,2—8,5% vöxtum umfram verðbólgu, háð lánstíma. Við þetta urðu mikil umskipti í sölu bréfanna á síðustu mánuðum ársins enda vænlegur kostur fyrir þá sem vilja ávaxta sparifé sitt. Innlausn eldri skírteina var aftur á móti lítils háttar minni en áætlanir gerðu ráð fyrir eða 805 m.kr. í stað 1.000 m.kr. Nettólántökur með sölu spariskírteina varð því 1.339 m.kr í stað 500 m.kr. Nær þessi aukning að bæta það bil sem vantaði í skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna. Sala ríkisvíxla gekk einnig mjög vel á árinu og seldust þeir alls fyrir 934 m.kr.

Við samanburð á útkomu og áætlun um innlenda fjáröflun þarf þó að ýmsu að hyggja. Má þar nefna að lífeyrissjóðirnir keyptu spariskírteini fyrir umtalsverðar fjárhæðir. Auk þess keyptu sömu aðilar ríkisvíxla fyrir talsverðar fjárhæðir á árinu 1987. Því getur verið eðlilegra að bera saman heildarfjáröflunina milli áætlunar og útkomu. Í fjárlögum var ráðgert að afla ríkissjóði alls 4.450 m.kr. innanlands, en útkoma ársins sýnir 4.485 m.kr. lántöku.

Erlendar lántökur reyndust 2.155 m.kr. Hækkun frá endurskoðaðri áætlun frá því í október skýrist aðallega af lánum til hitaveitna sem talin voru með lántökum sveitarfélaga og hækkaðri lántöku til flugstöðvar í Keflavík.

Lántaka í Seðlabanka var utan við áætlun fjárlaga. Lántaka þar var 1.038 m.kr. og skýrist að stærstum hluta af láni sem tekið var vegna kaupa á hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands hf. að upphæð 764 m.kr. Það sem er umfram þá upphæð eru verðbréf sem Seðlabankinn yfirtók frá bankakerfinu og kemur því á móti fram í lægri skuldastöðu ríkissjóðs við það.

Samkvæmt upplýsingum Seðlabanka námu skuldir A-hluta ríkissjóðs við hann vegna beinna viðskipta 1.408 m.kr. í byrjun árs 1987, en voru 3.702 m.kr. í árslok. Þá námu kröfur Seðlabankans á ríkissjóð, sem hann hefur eignast með viðskiptum við þriðja aðila, 1.094 m.kr. í árslok 1987.

Fjármagnsfyrirgreiðsla Seðlabanka við A-hluta ríkissjóðs á árinu 1987 nam að jafnaði 1.900 m.kr. og er það svipuð upphæð í krónum talið og á árinu 1986.

Í töflu 8 í töfluviðauka kemur fram að lántökuheimildir ríkissjóðs námu alls 7.053 m.kr., þar af námu heimildir í lánsfjárlögum 6.150 m.kr. og aðrar heimildir 903 m.kr. Þar kemur einnig fram að innlendar lántökur reyndust 275 m.kr. hærri en skráðar heimildir. Skýrist sá mismunur af yfirtöku Seðlabanka á eldri kröfum viðskiptabanka á ríkissjóð. Erlendar lántökur ríkissjóðs reyndust 350 m.kr. hærri en skráðar heimildir. Mismunur milli lánsfjárlaga og útkomu erlendra lána ríkissjóðs nam 455 m.kr. og er til kominn vegna milligöngu ríkissjóðs um lán fyrir aðra aðila. Þessi upphæð skiptist þannig (m.kr.):

Rafmagnsveitur ríkisins	40
Egilsstaðaflugvöllur	60
Flugstöð í Keflavík	45
Hitaveitur	70
Baldur hf.	35
Bv. Mánaberg	184
Annað	21
Samtals	455

Greiðsluafgangur/halli. Lokaniðurstöðutölur ársins sýna 720 m.kr. greiðsluhalla hjá ríkissjóði á árinu 1987. Greiðsluhallinn kemur fram í 1.122 m.kr. lakari stöðu á hlaupareikningum í Seðlabanka og 402 m.kr. bættri stöðu á sjóðs- og bankareikningum. Endurskoðuð áætlun í október gerði ráð fyrir að greiðsluafkoman yrði því sem næst í jafnvægi.

3. Framkvæmd lánsfjáráætlunar

Í þessum kafla er gerð sérstök grein fyrir innlendri og erlendri lánsfjáröflun og lánfjárráðstöfun opinberra aðila, fjárfestingalánasjóða og atvinnufyrirtækja á árinu 1987. Eftirfarandi yfirlit gefur heildarmynd af lántökum þessara aðila (m.kr.):

Yfirlit IX Heildaryfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1987

	Sala spari-skírt.	Verðbréfa-kaup bankakerfis	Verðbréfa-kaup líf. sjóða	Önnur innlend lántaka	Innlend lántaka alls	Erlend lán	Heildar-lántökur
1. Opinberir aðilar	**2.144**	**1.216**	**157**	**2.006**	**5.523**	**3.147**	**8.670**
Ríkissjóður, A-hluti	2.144	1.216	157	2.006[1]	5.523	2.155	7.678
Ríkisfyrirtæki í B-hluta	–	–	–	–	–	95	95
Fyrirtæki með eignar-aðild ríkissjóðs	–	–	–	–	–	423	423
Sveitarfélög	–	–	–	–	–	474	474
2. Húsbyggingarsjóðir	**–**	**–**	**4.195**	**85**	**4.280**	**–**	**4.280**
Byggingarsjóður ríkisins	–	–	3.705	85	3.790	–	3.790
Byggingarsj. verkamanna	–	–	490	–	490	–	490
3. Lánastofnanir	**–**	**384**	**531**	**135**	**1.050**	**2.662**	**3.712**
Byggðastofnun	–	–	70	91	161	629	790
Fiskveiðasjóður	–	–	–	–	–	820	820
Framkvæmdasjóður	–	384	–	–	384	13	397
Iðnlánasjóður	–	–	245	5	250	685	935
Iðnþróunarsjóður	–	–	50	39	89	453	542
Stofnlánad. landbúnaðarins	–	–	166	–	166	–	166
Útflutningslánasjóður	–	–	–	–	–	62	62
4. Atvinnufyrirtæki	**–**	**–**	**–**	**–**	**–**	**6.542**	**6.542**
Fjármögnunarleigur	–	–	–	–	–	2.493	2.493
Aðrir	–	–	–	–	–	4.049	4.049
Heildarlántökur (1+ ... +4)	**2.144**	**1.600**	**4.883**	**2.226**	**10.853**	**12.351**	**23.204**

1) Þar af hjá Seðlabanka 1.038 m.kr., ríkisvíxlar 934 m.kr. og önnur innlend lántaka 34 m.kr.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Samkvæmt yfirlitinu nam lánsfjárráðstöfun þessara aðila alls 23.204 m.kr. á árinu 1987, þar af var aflað 10.853 m.kr. innan lands og 12.351 m.kr. með erlendum lántökum. Í töflum 8 og 9 í töfluviðaukanum eru sýndar lántökuheimildir ársins samanborið við raunverulegar lántökur sömu aðila. Þar kemur meðal annars fram að lántökuheimildir opinberra aðila, lánastofnana og atvinnufyrirtækja námu alls 20.068 m.kr. á árinu 1987, þar af til innlendrar lántöku 10.543 m.kr. og til erlendrar lántöku 9.525 m.kr.

Í upphaflegum lánsfjárlögum fyrir árið 1987, sem voru afgreidd frá Alþingi í desember 1986, var gert ráð fyrir heildarlántökum að fjárhæð 17.980 m.kr. Þar af var áætlað að afla 9.745 m.kr. eða 54% innan lands og 8.215 m.kr. erlendis.

Samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum um verga landsframleiðslu á þeim tíma jafngiltu lántökuheimildirnar alls 10,2% af vergri landsframleiðslu, þar af innlendar 5,5% og erlendar 4,7%. Niðurstöður um innlendar og erlendar lántökur ársins, sem hlutföll af vergri landsframleiðslu, reyndust hins vegar eftirfarandi:

Yfirlit X

Innlendar og erlendar lántökur 1987 sem hlutföll af vergri landsframleiðslu

	Innlend lán	Erlend lán	Samtals
1. Opinberir aðilar	2,7	1,5	4,2
þ.a. A-hluti ríkissjóðs	2,7	1,0	3,7
2. Húsbyggingarsjóðir	2,1	–	2,1
3. Lánastofnanir	0,5	1,3	1,8
4. Atvinnufyrirtæki	–	3,2	3,2
þ.a. fjármögnunarleigur	–	1,2	1,2
Heildarlántökur (1+ ... +4)	**5,3**	**6,0**	**11,3**

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Útkoman sýnir að lántökurnar reyndust hærri sem nemur 1,1% af vergri landsframleiðslu en upphaflegar áætlanir ársins miðuðust við. Jafnframt reyndist innlend lánsfjármögnun aðeins um 47% af heildarfjármögnun og endurspeglast það í erlendum lántökum.

Hér á eftir verður fjallað um lántökur ársins 1987 og þær skoðaðar með hliðsjón af gildandi lántökuheimildum. Heimildir til lántöku á árinu 1987 eru í höfuðatriðum tvíþættar. Annars vegar eru heimildir samkvæmt lánsfjárlögum ársins, en þau hlutu afgreiðslu á Alþingi í desember 1986. Í öðru lagi eru nokkur tilvik þar sem lántökuheimildir eiga stoð í sérlögum. Töflur 8 og 9 sýna samanburð á lántökuheimildum og lántökum 1987. Auk þess sýna töflur 10—12 í töfluviðaukanum greiðsluyfirlit húsbyggingarsjóðanna og Framkvæmdasjóðs Íslands.

3.1 Lánsfjáröflun

Innlend lánsfjáröflun. Við afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1987 var ráðgert að afla alls 9.745 m.kr. innanlands fyrir ríkissjóð, húsbyggingarsjóði og lánastofnanir. Þar af var sala spariskírteina ríkissjóðs áformuð 1.500 m.kr. og kaup bankakerfis á ríkisvíxlum og verðbréfum af ríkissjóði fyrir alls 1.650 m.kr. Þá voru ráðgerð skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna af ríkissjóði 1.300 m.kr., húsbyggingasjóðum 3.765 m.kr. og ýmsum fjárfestingarlánasjóðum 740 m.kr. Við afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1987 var talið að ríflega 80% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða yrði varið til framangreindra skuldabréfakaupa.

Eftirfarandi yfirlit sýnir samanburð áætlunar ársins við útkomu einstakra þátta innlendrar lánsfjáröflunar á árinu 1987 (m.kr.):

Yfirlit XI **Innlend lánsfjáröflun 1987**

	Lánsfjár-áætlun 1987	Útkoma 1987
1. Ríkissjóður	**4.450**	**5.523**
Sala spariskírteina	1.500	2.144
Seðlabanki Íslands	–	1.038
Verðbréfakaup bankakerfis	1.250	1.216
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	1.300	157
Ríkisvíxlar	400	934
Önnur innlend lánsfjáröflun	–	34
2. Húsbyggingarsjóðir	**3.815**	**4.280**
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	3.765	4.195
Endurlánað lífeyrissjóðafé úr ríkissjóði	–	–
Skyldusparnaður, nettó	50	85
3. Lánastofnanir	**1.480**	**1.050**
Verðbréfakaup bankakerfis	420	384
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	740	531
Önnur innlend fjáröflun	320	135
4. Innlend lánsfjáröflun (1+2+3)	**9.745**	**10.853**

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Yfirlitið sýnir að innlend lánsfjáröflun reyndist 10.853 m.kr. og er það nokkru hærri fjárhæð en að var stefnt. Sala spariskírteina og lántaka ríkissjóðs í Seðlabanka var verulega meiri en ráðgert var í fjárlögum. Verðbréfakaup lífeyrissjóða af ríkissjóði voru aftur á móti verulega minni. Þá tóku lánastofnanir mun minna að láni innanlands en þeim var heimilt og skýrist það einkum af háum raunvöxtum á innlendum lánamarkaði á árinu 1987.

Ríkissjóður: Ekki er ástæða til að ræða innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs frekar enda er henni gerð skil í kafla 2.3, þar sem fjallað er um lánsfjárþörf ríkissjóðs á árinu 1987.

Húsbyggingasjóðir: Innlend lánsfjáröflun reyndist 465 m.kr. hærri en ráðgert var og skýrist sú hækkun að mestu af auknum skuldabréfakaupum lífeyrissjóða.

Lánastofnanir: Innlend lánsfjáröflun reyndist 430 m.kr. lægri en að var stefnt í áætlun ársins. Þar af voru 36 m.kr. vegna minni verðbréfakaupa bankakerfisins, 209 m.kr. vegna minni verðbréfakaupa lífeyrissjóðanna og 185 m.kr. vegna þess að önnur innlend fjáröflun reyndist minni en áætlað var. Af lánsfjáröflun einstakra sjóða má nefna að Fiskveiðasjóður hafði heimild til innlendrar lántöku að fjárhæð 475 m.kr. en tók engin lán innanlands, Byggðastofnun hafði heimild til að taka að láni 255 m.kr. en aflaði aðeins 161 m.kr. Skýrist það einkum af háum raunvöxtum innanlands. Af þeim sem tóku meira en gert var ráð fyrir má nefna að Stofnlánadeild landbúnaðarins hafði heimild upp á 40 m.kr. en tók 166 m.kr. og Iðnþróunarsjóður hafði heimild að fjárhæð 30 m.kr. en tók að láni 89 m.kr.

Erlendar lántökur til langs tíma. Erlend lán sem ráðstafað var innanlands á árinu 1987 námu alls 12.351 m.kr. Afborganir af löngum erlendum lánum námu alls 5.721 m.kr. og skiptust þær þannig: opinberir aðilar 2.491 m.kr., lánastofnanir 455 m.kr. og einkaaðilar 2.775 m.kr. Nettó erlendar lántökur þjóðarbúsins til langs tíma námu því 6.630 m.kr. en það jafngildir 3,2% af vergri landsframleiðslu ársins.

Skipta má íslenskum lántakendum á erlendum lánamörkuðum í þrjá flokka, þ.e. Seðlabanka Íslands fyrir hönd ríkissjóðs, Framkvæmdasjóð Íslands og beinar lántökur ýmissa aðila.

Seðlabanki Íslands annast lántökur fyrir hönd ríkissjóðs erlendis. Því fé sem aflast er ýmist ráðstafað til eigin þarfa ríkissjóðs eða endurlánað, einkum ríkisaðilum, í samræmi við heimildir í lánsfjárlögum eða sérlögum.

Framkvæmdasjóður Íslands hefur á undanförnum árum annast erlenda lánsfjáröflun fjárfestingarlánasjóðanna að stórum hluta og endurlánað þeim í samræmi við lánsfjáráætlun.

Beinar lántökur eiga við þá aðila sem sækja beint á erlendan lánsfjármarkað, e.t.v. fyrir milligöngu þriðja aðila eins og viðskiptabanka. Eftirfarandi yfirlit sýnir þann farveg sem erlendar lántökur runnu um til ráðstöfunar innan lands á árinu 1987 (m.kr.):

Yfirlit XII Erlendar lántökur eftir lántakendum og lánnotendum 1987

Lánnotendur	Upprunalegur lántaki			Erlend lánsfjár-ráðstöfun
	Ríkissjóður A-hluti	Framkvæmda-sjóður Íslands	Beinar lántökur erlendis	
1. Opinberir aðilar	**1.936**	**–**	**992**	**2.928**
Ríkissjóður, A-hluti	361	–	–	361
Ríkissjóður, B-hluti	1.505	–	95	1.600
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	–	–	423	423
Sveitarfélög	70	–	474	544
2. Lánastofnanir	**–**	**1.449**	**1.200**	**2.649**
Byggðastofnun	–	629	–	629
Fiskveiðasjóður	–	820	–	820
Iðnlánasjóður	–	–	685	685
Iðnþróunarsjóður	–	–	453	453
Útflutningslánasjóður	–	–	62	62
3. Atvinnufyrirtæki	**219**	**13**	**6.542**	**6.774**
Fjármögnunarleigur	–	–	2.493	2.493
Aðrir	219	13	4.049	4.281
4. Erlendar lántökur (1+2+3)	**2.155**	**1.462**[1])	**8.734**	**12.351**

1) Að auki fjármagnaði Framkvæmdasjóður tímabundið af eigin fé lánveitingar til ýmissa aðila vegna erlendra lána að fjárhæð 397 m.kr. sem ekki var búið að draga á fyrir árslok 1987.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Erlend lánsfjárráðstöfun ríkissjóðs nam alls 2.155 m.kr. 1987 eða um 17,5% af erlendu lánsfé sem ráðstafað var innanlands á árinu 1987. Til samanburðar má geta þess að á árinu 1986 nam þessi fjárhæð 5.004 m.kr. eða um 43,3% af erlendu lánsfé þess árs.

Innkomin erlend lán Framkvæmdasjóðs námu alls 1.462 m.kr. eða um 11,8% af erlendum lántökum á árinu 1987. Hér var einkum um að ræða fjármagn vegna milligöngu um lántökur fyrir Fiskveiðasjóð og Byggðastofnun.

Að lokum námu beinar erlendar lántökur annarra aðila 8.702 m.kr. eða um 70,7% af erlendri lánsfjárráðstöfun innanlands á árinu 1987. Hér er um að ræða eftirtalda aðila:

1. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs, alls 423 m.kr., vegna lántöku Landsvirkjunar til framkvæmda.
2. Lántökur hitaveitna að fjárhæð 470 m.kr. og sveitarfélaga eru 4 m.kr.
3. Ríkisfyrirtæki í B-hluta tóku sjálf 95 m.kr. að láni erlendis á árinu 1987, þar af Póstur og sími 90 m.kr. og Síldarverksmiðjur ríkisins 5 m.kr.
4. Fjármögnunarleigur tóku 2.493 m.kr. að láni erlendis á árinu 1987. Ekki var áætlað fyrir þessum lántökum sérstaklega í lánsfjáráætlun ársins.

Lán atvinnufyrirtækja eru mörg tekin fyrir milligöngu opinberra lánastofnanna. Í lánsfjárlögum eru þessi lán sýnd sem heimild atvinnufyrirtækja til að taka lán, en í framkvæmd eru það oft opinberir sjóðir sem annast lántökurnar. Þetta verður að hafa í huga þegar frávik frá heimildum eru skoðuð. Lántökur atvinnufyrirtækja og atvinnuvegasjóða reyndust um 3.400 m.kr. hærri en upphafleg lánsfjárlög gerðu ráð fyrir, þrátt fyrir það að fyrirhugaðar lántökur til langs tíma vegna raðsmíðaskipa urðu ekki að veruleika en þær voru áætlaðar 600 m.kr. í lánsfjárlögum 1987. Þess í stað var smíðin fjármögnuð tímabundið með erlendum skammtímalánum sem ekki eru meðtalin hér.

Í eftirfarandi töflu er löngum erlendum lánum skipt eftir notendum lánanna (m.kr.):

Yfirlit XIII

Löng erlend lán

	Láns-fjárlög 1987	Aðrar lántöku-heimildir	Lántöku-heimildir alls 1987	Tekin lán 1987	Mis-munur
1. Opinberir aðilar	2.550	604	3.154	3.147	−7
2. Opinberar lánastofnanir	520	–	520	642	122
3. Atv. fyrirt. og -sjóðir	5.145	706	5.851	8.562	2.711
Fjármögnunarleigur	–	–	–	2.493	2.493
Aðrir	5.145	706	5.851	6.069	218
4. Samtals (1+2+3)	**8.215**	**1.310**	**9.525**	**12.351**	**2.826**

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Framangreindar tölur lýsa ráðstöfun innkominna erlendra lána á árinu 1987. Hér á eftir er gerð stutt grein fyrir ýmsum erlendum lánssamningum sem opinberir aðilar og fjárfestingarlánasjóðir áttu aðild að á árinu 1987. Að auki voru talsverðar erlendar lántökur í því augnamiði að greiða upp eldri lán með óhagstæðari kjörum sem buðust á erlendum lánamörkuðum á árinu 1987.

Ríkissjóður tók þrjú ný erlend lán á árinu. Í fyrsta lagi var um að ræða lán að fjárhæð 5.000 milljónir yena til 10 ára. Af því var þremur milljörðum yena varið til að greiða upp annað óhagstæðara lán. Í öðru lagi fór í febrúar fram skuldabréfaútboð ríkissjóðs í þýskum mörkum. Fjárhæð þess útboðs var 125 milljónir marka. Í þriðja lagi var tekið 22 milljóna dollara lán í apríl hjá Norræna fjárfestingabankanum vegna framkvæmda við flugstöðina á Keflavíkurflugvelli.

Samningar ríkissjóðs um veltilán eru nú þrír, samtals að fjárhæð 215 milljón dollara. Samningar þessir, sem ná bæði til lántökuheimilda og útgáfu skammtímaskuldabréfa, veita ríkissjóði sveigjanleika í lántökum. Þeir veita ríkissjóði aðgang að lánsfé með skömmum

fyrirvara og er lánstíminn allt frá einum mánuði og upp í tólf og er unnt að framlengja lánstímann ef þörf krefur. Þessar lántökuheimildir gegna tvíþættu hlutverki. Annars vegar eru þær baktrygging við útgáfu skammtímaskuldabréfa. Hins vegar veita þær ríkissjóði aðgang að lánsfé þegar þörf krefur og veita aukinn sveigjanleika við tímasetningu á nýjum lántökum. Tveir af þessum samningum voru endurskoðaðir á árinu 1986 þar sem vextir og annar kostnaður var lækkaður. Nú er hafin endurskoðun á þeim þriðja.

Síðla árs 1985 hóf ríkissjóður útgáfu skammtímaskuldabréfa (Euro Commercial Paper) á erlendum lánamarkaði og námu útistandandi skuldir á þessu formi 55 milljónum dollara í lok þess árs. Snemma árs 1986 var hámarksfjárhæð þessara skuldabréfa hækkuð úr 60 milljónum dollara í 100 milljónir. Á árinu 1987 var hámarksfjárhæðin hækkuð í 200 milljónir dollara. Jafnframt var samið um þann möguleika að ríkissjóður geti gefið út skuldabréf á bilinu eitt til fimm ár. Í lok ársins 1986 var skuld ríkissjóðs á þessu formi 78 milljónir dollara en hækkaði á árinu 1987 og nam að jafnaði 130—150 milljónum dollara á seinni hluta ársins. Engin áform eru uppi um að auka þessa fjárhæð. Ávöxtun skuldabréfanna er hagstæð fyrir ríkissjóð og er að jafnaði 0,05% undir millibankavöxtum í London (LIBOR).

Andvirði tekinna lána umfram þörf fyrir ný lán var ráðstafað til að endurgreiða eldri lán, einkum veltilán. Í júní 1987 var auk þess greitt upp lán sem ríkissjóður hafði milligöngu um fyrir Framkvæmdasjóð Íslands að fjárhæð ríflega 530 m.kr. Framkvæmdasjóður óskaði eftir því að greiða lánið upp vegna þess hve óhagstætt það var fyrir sjóðinn. Lán þetta var tekið 1979 þegar sjóðurinn naut ekki þess trausts sem hann nýtur nú. Framkvæmdasjóði bauðst nú hagstæðara lán í yenum og vildi hann því losna við fyrra lán til að taka því hagstæðara. Auk þess skuldbreytti Framkvæmdasjóður erlendu láni fyrir Fiskveiðasjóð að fjárhæð rúmlega 1.100 m.kr.

Á erlendum fjármagnsmörkuðum bjóðast jafnan margs konar möguleikar á því að hagræða samsetningu skulda, m.a. með svokölluðum skulda- og vaxtaskiptum. Þessir möguleikar voru í mörgum tilvikum nýttir á árinu 1987. Lánum í dollurum var breytt í lán í svissneskum frönkum. Þessi skuldaskipti voru liður í þeirri stefnu að lækka hlut dollara í heildarskuldum. Vextir af lánum í svissneskum frönkum voru einnig hagstæðir þegar skuldaskiptin fóru fram. Á árinu 1987 var vöxtum af láni í þýskum mörkum breytt úr föstum vöxtum í breytilega vexti. Með skiptunum var fjölbreytni vaxtakjara aukin og tækifæri skapað til að ríkissjóður njóti góðs af hagstæðum skammtímakjörum. Dollaraskuldir með breytilegum vöxtum lækkuðu um 86 milljónir dollara á árinu 1987.

Af öðrum lánum en erlendum lántökum ríkissjóðs á árinu 1987 má nefna erlenda lántöku Hitaveitu Akureyrar að upphæð 32 milljónir dollara. Lánstíminn er 10 ár og vextir breytilegir. Hluta af lánsfjárhæðinni var breytt í svissneska franka með föstum vöxtum. Á undanförnum árum hefur farið fram uppstokkun á skuldum Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Tekin hafa verið ný lán til að endurgreiða eldri og óhagstæðari lán. Þannig voru tvívegis tekin lán á árinu 1987 til að ná fram viðunandi samsetningu gjaldmiðla. Í annað skiptið var láni breytt úr dollurum í svissneska franka, en í hitt skiptið úr dollurum í þýsk mörk.

Póst- og símamálastofnunin tók lán að verðmæti 3,5 milljónir þýskra marka. Lánstíminn er 5 ár og vextir millibankavextir að viðbættu álagi.

Að lokum er rétt að huga að hvernig gjaldmiðlasamsetning erlendra skulda þjóðarbúsins breyttist á árinu 1987 samanborið við árið á undan:

Yfirlit XIV Hlutfallsleg skipting erlendra lána eftir gjaldmiðlum

	Árslok 1986	Árslok 1987[1])
Bandaríkjadollar	58,6	40,3
Sterlingspund	8,5	9,2
Svissneskir frankar	0,0	7,6
Vestur-þýsk mörk	8,4	17,4
Japönsk yen	13,5	14,2
Evrópsk gjaldmiðilseining (ECU)	7,4	7,7
Hollenskar flórínur	3,3	3,4
Aðrir gjaldmiðlar	0,3	0,2
Samtals	**100,0**	**100,0**

1) Áætlun
Heimild: Seðlabanki Íslands.

3.2 Lánsfjárráðstöfun

Innlendar og erlendar lántökuheimildir opinberra aðila, lánastofnana og atvinnufyrirtækja námu alls 20.068 m.kr. á árinu 1987. Eins og fram hefur komið reyndist lánsfjárráðstöfunin nokkru hærri en heimildirnar eða sem nemur 3.136 m.kr.

Ríkissjóður, A-hluti. Ekki er ástæða til að hafa mörg orð um lánsfjárráðstöfun A-hluta ríkissjóðs, enda hefur hún þegar fengið ítarlega umfjöllun. Heimildir til lánsfjárráðstöfunar námu alls 7.053 m.kr. en hún reyndist 7.678 m.kr. eða 625 m.kr. umfram heimildir. Þar af voru 275 m.kr. innlent lánsfé og 350 m.kr. erlent lánsfé. Af lánsfjárráðstöfuninni fóru 1.505 m.kr. til B-hluta, 70 m.kr. til hitaveitna og 219 m.kr. til atvinnufyrirtækja.

Ríkissjóður, B-hluti. Lánsfjárráðstöfun B-hluta fyrirtækja og sjóða nam alls 1.600 m.kr sem er 85 m.kr. hærri fjárhæð en heimildir sögðu til um. Lántökurnar sem fóru að stærstum hluta fram fyrir milligöngu A-hluta ríkissjóðs skiptust þannig að Lánasjóður íslenskra námsmanna fékk 800 m.kr., 140 m.kr. runnu til Rafmagnsveitna ríkisins og 565 m.kr. til flugstöðvarbyggingar á Keflavíkurflugvelli. Að lokum tóku Póstur og sími og Síldarverksmiðjur ríkisins erlend lán að fjárhæð 95 m.kr. með heimild langlánanefndar.

Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs. Lántökuheimildir þessara fyrirtækja námu alls 500 m.kr. Þessi fyrirtæki sem voru Landsvirkjun 400 m.kr. og Þróunarfélag Íslands hf. 100 m.kr. Landsvirkjun nýtti heimildina og tók 423 m.kr. erlend lán til framkvæmda en Þróunarfélagið hf. nýtti ekki sína heimild á árinu 1987.

Sveitarfélög. Innkomin erlend lán sveitarfélaga námu alls 474 m.kr sem er 280 m.kr. lægri upphæð en gildandi lántökuheimildir. Þessar lántökur voru að stærstum hluta lántaka Hitaveitu Akureyrar, 456 m.kr., og var sú fjárhæð notuð til að greiða upp óhagstæðari erlend lán, einkum skammtímalán.

Húsbyggingarsjóðir. Heildarlántökur íbúðalánasjóðanna námu 4.280 m.kr. en lántökuheimildir voru samtals 3.815 m.kr. Af lántökunum runnu 3.790 m.kr. til Byggingasjóðs ríkisins og 490 m.kr. til Byggingasjóðs verkamanna. Lántökur umfram það sem ráðgert var í lánsfjáráætlun skýrast af meira ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna og þar með auknum skuldabréfakaupum af byggingarsjóðunum. Eftirfarandi yfirlit sýnir fjármál sjóðanna í grófum dráttum á árinu 1987 en í töflum 10 og 11 í töfluviðauka eru sýnd sundurliðuð greiðsluyfirlit þeirra (m.kr.):

Yfirlit XV **Húsbyggingarsjóðir**

	Byggingarsjóður ríkisins	Byggingarsjóður verkamanna
Innstreymi	**5.197**	**1.260**
Framlag ríkissjóðs	1.000	300
Framlag sveitarfélaga	–	71
Lántökur	3.947	824
Innheimtar afborganir og vextir umfram greiddar	191	−175
Sjóðsminnkun	59	147
Annað	–	93
Útstreymi	**5.197**	**1.260**
Rekstrarkostnaður, nettó	130	42
Veitt lán til Byggingarsjóðs verkamanna	334	–
Veitt lán	4.733	1.218

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

Lántökur Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1987 námu alls 3.947 m.kr. og skiptust þær þannig: Skuldabréfakaup lífeyrissjóða 3.705 m.kr., lán frá ríkissjóði 157 m.kr. og innstreymi umfram útstreymi á skyldusparnaði ungmenna nam 85 m.kr. Framlag ríkissjóðs nam 1.000 m.kr. og er það sama upphæð og gert var ráð fyrir í fjárlögum. Innheimta umfram greiðslur afborgana og vaxta með verðbótum nam 191 m.kr. Þá námu rekstrarútgjöld sjóðsins 178 m.kr. á móti 48 m.kr. tekjum. Lánveitingar námu alls 4.733 m.kr. á árinu 1987, en í töflu 10 í töfluviðauka kemur fram sundurliðun á lánveitingum sjóðsins eftir verkefnum. Sjóðurinn lánaði einnig til Byggingarsjóðs verkamanna 334 m.kr.

Byggingarsjóður verkamanna aflaði alls 824 m.kr. lánsfjár innan lands á árinu 1987, þar af 490 m.kr. með sölu skuldabréfa til lífeyrissjóða og 334 m.kr. lán frá Byggingarsjóði ríkisins. Framlag ríkissjóðs nam alls 300 m.kr. og framlag sveitarfélaga 71 m.kr. Að auki námu framlög frá kaupendum eldri íbúða 48 m.kr. Þá námu verðbætur á framkvæmdalán við uppgjör 46 m.kr. Greiðslur vaxta og afborgana af áhvílandi skuldum sjóðsins reyndust 175 m.kr. umfram innheimtu af veittum lánum. Rekstrarkostnaður o.fl. nettó var 36 m.kr. Lánveitingar sjóðsins námu alls 1.218 m.kr., þar af runnu 381 m.kr. til endursöluíbúða og 837 m.kr. til verkamannabústaða og leiguíbúða. Sjóðsstaðan versnaði um 147 m.kr.

Lánastofanir. Lánsfjárráðstöfun lánastofnana nam alls 3.712 m.kr. á árinu 1987, þar af var aflað 1.050 m.kr. innanlands og 2.662 m.kr. erlendis. Eftirfarandi yfirlit sýnir greiðslustreymi nokkurra stærða sjóðanna á árinu 1987. (í m.kr.):

Yfirlit XVI Bráðabirgðatölur nokkurra fjárfestingarlánasjóða 1987
Greiðslugrunnur

	Byggða-stofnun	Fiskveiða-sjóður	Framkvæmda-sjóður	Iðnlána-sjóður	Iðnþróunar-sjóður	Stofnlána-deild	Útflutnings-sjóður
Innstreymi	**1.605**	**3.149**	**5.333**	**1.755**	**942**	**1.275**	**227**
Afb. og vextir	734	1.958	3.161	705	400	443	128
Framlag ríkissjóðs	81	186	—	115	—	22	—
Aðrar tekjur	—	49	—		—	282	2
Lántökur	790	820	1.846	935	542	478	62
Lífeyrissjóðir	70	—	—	245	50	166	—
Bankakerfi	—	—	384	—	—	—	—
Annað innlent	91	—	—	5	39	—	—
Lán Framkvæmdasjóðs	629	820	—	—	—	312	—
Erlend lán	—	—	1.462	685	453	—	62
Sjóðsminnkun	—	136	326	—	—	50	35
Útstreymi	**1.605**	**3.149**	**5.333**	**1.755**	**942**	**1.275**	**227**
Kostnaður	60	52	34	50	19	51	—
Annað, nettó	—	—	344[1])	—	—	46	—
Afb. og vextir	424	2.279	2.314	545	88	572	47
Lánveitingar	1.080	610	2.634	1.160	770	605	180
Styrkir	—	—	7	—	6	1	—
Sjóðsaukning	7	—	—	—	59	—	—
Hlutafé	34	208	—	—	—	—	—

1) Stærstur hluti þessarar fjárhæðar er vegna eignatilfærslna í tenglsum við stofnun fyrirtækisins Álafoss hf.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Skal nú gerð stutt grein fyrir hverjum sjóði.

Byggðastofnun. Heildarlántökur sjóðsins námu 790 m.kr., þar af var aflað 161 m.kr. innan lands og 629 m.kr. erlendis. Erlend lán stofnunarinnar voru öll tekin með milligöngu Framkvæmdasjóðs Íslands, þar af voru 520 m.kr. út á heimild lánsfjárlaga og 109 m.kr. út á heimildir langlánanefndar. Lánveitingar Byggðastofnunar námu alls 1.080 m.kr. og skiptust þær í grófum dráttum þannig: Sjávarútvegur 585 m.kr., iðnaður 151 m.kr., skipasmíðar 151 m.kr., sveitarfélög 67 m.kr., og fiskeldi 46 m.kr., annað 80 m.kr. Þá námu innheimtar afborganir og vextir af veittum lánum 310 m.kr. umfram greiðslu af áhvílandi skuldum. Framlag ríkissjóðs nam 81 m.kr. á móti 60 m.kr. kostnaði af rekstri stofnunarinnar. Að lokum var 34 m.kr. varið til kaupa á hlutafé í ýmsum fyrirtækjum.

Framkvæmdasjóður Íslands. Starfsemi sjóðsins var með svipuðu sniði og á undanförnum árum. Aflað var alls 1.846 m.kr. lánsfjár á árinu 1987, þar af var aflað 384 m.kr. með sölu verðbréfa til bankakerfisins og erlendar lántökur reyndust 1.462. Erlendar lántökur Framkvæmdasjóðs voru að langstærstum hluta vegna milligöngu hans um erlendar lántökur

fyrir Byggðastofnun sem námu 629 m.kr. og 820 m.kr. fyrir Fiskveiðasjóð. Umsvif Framkvæmdasjóðs á erlendum lánamarkaði á árinu 1987 voru hins vegar mun meiri. Má þar nefna skuldbreytingu á eldra láni fyrir Fiskveiðasjóð að fjárhæð um 1.103 m.kr. sem sjóðurinn hafði milligöngu um í upphafi. Þá greiddi Framkvæmdasjóður upp erlent lán með óhagstæðum kjörum að fjárhæð 537 m.kr. sem ríkissjóður hafði milligöngu um á árinu 1979. Framkvæmdasjóður átti einnig óádregin lán erlendis í árslok 1987 að fjárhæð 397 m.kr. og fjármagnaði hann endurlánin tímabundið yfir áramótin af eigin fé.

Lánveitingar Framkvæmdasjóðs námu alls 2.634 m.kr. samanborið við aðeins 664 m.kr. í lánsfjáráætlun ársins. Mismunurinn skýrist einkum af milligöngu hans um erlendar lántökur fyrir aðra, eins og fram hefur komið. Einnig tók sjóðurinn talsvert að láni erlendis, einkum fyrir ýmis atvinnufyrirtæki, út á heimildir langlánanefndar.

Bankainnstæður Framkvæmdasjóðs í árslok 1987 námu 472 m.kr., þar af voru 323 m.kr. á innlendum reikningum í Seðlabanka Íslands, í ýmsum lánastofnunum 132 m.kr. og 17 m.kr. á gengisbundnum reikningum í Seðlabanka Íslands.

Fiskveiðasjóður Íslands. Beinar lántökur sjóðsins námu alls 820 m.kr. og voru það erlendar lántökur með milligöngu Framkvæmdasjóðs. Í lánsfjárlögum 1987 hafði Fiskveiðasjóður heimild til 620 m.kr. erlendrar lántöku en með nýjum lögum um Útvegsbanka Íslands hf. fékk hann viðbótarlántökuheimild að fjárhæð 200 m.kr. til að kaupa hlutafé í bankanum. Lánveitingar sjóðsins námu alls 610 m.kr. og rekstrarkostnaður 52 m.kr. Greiðslur umfram innheimtu af lánum námu alls 221 m.kr., framlög til sjóðsins námu alls 235 m.kr., einkum vegna endurgreiðslu söluskatts í sjávarútvegi, en því fjármagni hefur verið veitt út til fyrirtækja í formi vaxtaafsláttar hjá sjóðnum. Að lokum versnaði sjóðsstaðan um 136 m.kr. á árinu 1987.

Fram hefur komið að Framkvæmdasjóður skuldbreytti óhagstæðu erlendu láni fyrir Fiskveiðasjóð á árinu að fjárhæð 1.103 m.kr. Jafnframt yfirtók Fiskveiðasjóður erlend lán vegna kaupa, viðgerða og nýsmíði á fiskiskipum að fjárhæð alls 1.193 m.kr.á árinu 1987. Þessi lán eru yfirleitt með 5—7 ára lántíma, en á móti tryggir Fiskveiðasjóður eigendunum lán til 15—17 ára.

Iðnlánasjóður. Heildarlántökur sjóðsins námu 935 m.kr. á árinu 1987, þar af var aflað 250 m.kr. innanlands og 685 m.kr. erlendis. Innlend lántaka sjóðsins var nær eingöngu hjá lífeyrissjóðum. Af erlendum lántökum Iðnlánasjóðs áttu 320 m.kr. sér stoð í lánsfjárlögum og 365 m.kr. samkvæmt heimild viðskiptaráðuneytis til erlendrar lántöku í tengslum við vélakaup. Lánveitingar sjóðsins námu um 1.160 m.kr. og kostnaður af rekstri um 50 m.kr. Innheimta af veittum lánum umfram greiðslur af skuldum nam 160 m.kr. Að lokum námu ýmis framlög til sjóðsins alls 115 m.kr.

Iðnþróunarsjóður. Heildarlántökur sjóðsins námu 542 m.kr. árið 1987, þar af var aflað 89 m.kr. innan lands og 453 m.kr. erlendis. Innlend lán sjóðsins voru tekin með sölu verðbréfa til lífeyrissjóðs Landsbankans og til verðbréfamarkaðar Iðnaðarbankans. Erlendar lántökur Iðnþróunarsjóðs fóru allar fram í Norræna fjárfestingarbankanum, þar af voru 75 m.kr. í samræmi við heimild lánsfjárlaga, 176 m.kr. með heimild auglýsingar viðskiptaráðuneytis og 202 m.kr. út á erlendar lántökuheimildir sem veittar voru af langlánanefnd. Lánveitingar sjóðsins og styrkir námu alls 776 m.kr. og kostnaður af rekstri nam 19 m.kr. Innheimtar afborganir og vextir umfram greiddar námu 312 m.kr. Þá nam sjóðsaukning 59 m.kr. á árinu 1987.

Stofnlánadeild landbúnaðarins. Heildarlántökur deildarinnar námu alls 478 m.kr. á árinu 1987. Þar af var aflað 166 m.kr. með sölu verðbréfa til Lífeyrissjóðs bænda og 312 m.kr. með láni hjá Framkvæmdasjóði. Lánveitingar og styrkir námu 606 m.kr. og rekstrarkostnaður o.fl. 97 m.kr. Greiðslur af áhvílandi skuldum deildarinnar námu 129 m.kr. umfram innheimtu af veittum lánum. Ýmsar tekjur Stofnlánadeildar námu 304 m.kr. og skiptast þær þannig: framlag ríkissjóðs 22 m.kr., framleiðendagjald 82 m.kr., neytendagjald 96 m.kr., lánajöfnunargjald 96 m.kr. og annað 9 m.kr. Að lokum versnaði sjóðsstaðan um 50 m.kr. á árinu.

Útflutningslánasjóður. Heildarlántökur sjóðsins námu 62 m.kr. og var þeirra aflað erlendis. Lánveitingar námu 180 m.kr. og innheimta umfram greiðslur af lánum nam 81 m.kr. Að lokum var rekstrarafgangur sjóðsins tæpar 2 m.kr. og lausafjárstaðan versnaði um 35 m.kr. á árinu.

Atvinnufyrirtæki. Lánsfjáráætlun miðaði við að erlend lánsfjárráðstöfun atvinnufyrirtækja yrði 4.100 m.kr. á árinu 1987. Bráðabirgðatölur um erlenda lánsfjárráðstöfun atvinnufyrirtækja gefa hins vegar til kynna að hún hafi orðið 6.542 m.kr. Þessar lántökur skiptast þannig að fjármögnunarfyrirtæki tóku að láni erlendis 2.493 m.kr. en ekki var áætlað sérstaklega fyrir lántöku þeirra. Aðrar lántökur atvinnufyrirtækja skiptast þannig að 1.680 m.kr. runnu til skipa og flugvéla og 2.369 m.kr. til kaupa á vélum, tækjum o.fl.

Töfluviðauki

Tafla 1. Tekjur ríkissjóðs, A-hluta, 1986 og 1987. Greiðslugrunnur.
Tafla 2. Innheimtar tekjur ríkissjóðs, A-hluta, 1983–1987 sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu.
Tafla 3. Útgjöld ríkissjóðs, A-hluta, 1986 og 1987. Greiðslugrunnur.
Tafla 4. Útgjöld ríkissjóðs, A-hluta, 1983–1987, sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.
Tafla 5. Afkoma ríkissjóðs, A-hluta, 1983–1987. Greiðslugrunnur.
Tafla 6. Veitt og tekin lán A-hluta og Endurlána ríkissjóðs 1982–1986.
Tafla 7. Úr efnahagsreikningi A-hluta og Endurlána ríkissjóðs 1982–1986.
Tafla 8. Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila 1987.
Tafla 9. Heildaryfirlit um lántökuheimildir og lánsfjárráðstöfun opinberra aðila, fjárfestingarlánasjóða og atvinnufyrirtækja 1987. Bráðabirgðatölur.
Tafla 10. Byggingarsjóður ríkisins 1987.
Tafla 11. Byggingarsjóður verkamanna 1987.
Tafla 12. Framkvæmdasjóður Íslands 1987.

Tafla 1

Tekjur ríkissjóðs, A-hluta, 1986 og 1987
Greiðslugrunnur
Í milljónum króna

		Innheimt 1986	Innheimt 1987	Hækkun %	Fjárlög 1987
1	**Beinir skattar**	**5.508**	**6.292**	**14**	**6.626**
11	Tekju- og eignaskattar	5.072	5.706	13	6.061
12	Sjúkratryggingagjald	80	325	306	365
13	Erfðafjárskattur	259	121	−53	60
14	Framkvæmdasjóður aldraðra	97	140	44	140
2	**Óbeinir skattar**	**29.468**	**39.855**	**35**	**33.749**
211	Aðflutningsgjöld	3.386	4.193	24	3.569
212	Innflutningsgjald af bifreiðum	337	851	153	245
213	Innflutningsgjald af bensíni	1.311	1.604	22	1.450
214	Bifreiðaskattur	649	904	39	700
215	Sölu- og orkujöfnunargjald	13.837	20.227	46	17.430
216	Launaskattur	1.515	1.991	31	1.700
217	Tryggingagjöld	1.138	1.562	37	1.590
218	Hagnaður ÁTVR	2.428	3.200	32	2.650
219	Stimpilgjöld o. fl.	1.056	1.456	38	1.164
220	Vörugjald	2.024	2.480	23	2.263
221	Verðjöfnunargjald á raforku	173	–	−100	–
222	Aðrir óbeinir skattar	1.614	1.387	−14	988
3	**Arðgreiðslur, vextir o. fl.**	**3.137**	**2.816**	**−10**	**2.654**
4	**Tekjur samtals (1+2+3)**	**38.113**	**48.963**	**28**	**43.029**

Heimild: Ríkisbókhald, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 2

Innheimtar tekjur ríkissjóðs, A-hluta, 1983–1987 sem hlutfall af vergri landsframleiðslu

		1983	1984	1985	1986	1987
	Verg landsframleiðsla (m. kr.)	**66.093**	**88.125**	**119.910**	**159.907**	**205 346**
1	**Beinir skattar**	**3,7**	**3,3**	**2,8**	**3,5**	**3,1**
11	Tekju- og eignaskattar	3,4	3,1	2,5	3,2	2,8
12	Sjúkratryggingagjald	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2
13	Erfðafjárskattur	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
14	Framkvæmdasjóður aldraðra					
2	**Óbeinir skattar**	**18,4**	**19,2**	**18,9**	**18,5**	**19,4**
211	Aðflutningsgjöld	2,9	3,2	2,8	2,1	2,0
212	Innflutningsgjald af bifreiðum	0,2	0,2	0,1	0,2	0,4
213	Innflutningsgjald af bensíni	0,8	0,7	0,7	0,8	0,8
214	Bifreiðaskattur	0,3	0,3	0,4	0,5	0,4
215	Sölu- og orkujöfnunargjald	8,4	8,7	9,7	9,0	9,8
216	Launaskattur	1,0	0,9	1,0	0,9	1,0
217	Tryggingagjöld	0,5	0,6	0,7	0,6	0,8
218	Hagnaður ÁTVR	1,0	1,3	1,6	1,5	1,5
219	Stimpilgjöld o. fl.	0,5	0,6	0,6	0,6	0,7
220	Vörugjald	1,8	1,5	1,4	1,3	1,2
221	Verðjöfnunargjald á raforku	0,4	0,5	0,3	0,1	0,0
222	Aðrir óbeinir skattar	0,6	0,5	0,7	0,6	0,7
3	**Arðgreiðslur, vextir o. fl.**	**0,8**	**1,0**	**0,8**	**2,0**	**1,4**
4	**Tekjur sem hlutfall af VLF (1+2+3)**	**22,8**	**23,5**	**22,6**	**24,0**	**23,8**

Heimild: Ríkisbókhald, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 3

Útgjöld ríkissjóðs, A-hluta, 1986 og 1987
Greiðslugrunnur
Í milljónum króna

		Útgjöld 1986	Útgjöld 1987	Hækkun %	Fjárlög 1987
1	**Almenn mál**	**3.791**	**5.291**	**40**	**4.070**
11	Almenn þjónusta og löggæsla	3.410	4.816	41	3.690
12	Utanríkisþjónusta	381	475	25	380
2	**Félagsmál**	**23.091**	**31.576**	**37**	**27.949**
21	Mennta-, menningar- og kirkjumál	6.432	8.572	33	7.227
22	Heilbrigðismál	4.283	8.256	93	7.077
23	Velferðarmál	12.376	14.748	19	13.645
3	**Atvinnumál**	**8.532**	**9.459**	**11**	**8.400**
31	Niðurgreiðslur	1.343	1.567	17	1.090
32	Landbúnaður	1.649	1.980	20	1.623
33	Sjávarútvegur	1.197	1.240	4	1.182
34	Iðnaður- og orkumál	1.359	1.058	−22	1.084
35	Samgöngur	2.984	3.614	21	3.421
4	**Ýmis mál**	**4.697**	**5.362**	**14**	**5.453**
41	Vextir	3.916	4.289	10	3.620
42	Annað	781	1 073	37	1 833
5	**Gjöld samtals (1+...+4)**	**40.111**	**51.688**	**29**	**45.872**

Heimild: Ríkisbókhald, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 4

Útgjöld ríkissjóðs, A-hluta, 1983–1987 sem hlutfall af vergri landsframleiðslu

		1983	1984	1985	1986	1987
	Verg landsframleiðsla (m.kr.)	**66.093**	**88.125**	**119.910**	**159.907**	**205.346**
1	**Almenn mál**	**2,6**	**2,2**	**2,5**	**2,4**	**2,6**
11	Almenn þjónusta og löggæsla	2,3	1,9	2,2	2,1	2,3
12	Utanríkisþjónusta	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3
2	**Félagsmál**	**14,3**	**13,3**	**14,5**	**14,5**	**15,4**
21	Mennta-, menningar- og kirkjumál	4,0	3,6	4,2	4,1	4,2
22	Heilbrigðismál	2,6	2,4	2,5	2,8	4,0
23	Velferðarmál	7,7	7,2	7,9	7,7	7,2
3	**Atvinnumál**	**6,3**	**5,9**	**5,7**	**5,4**	**4,6**
31	Niðurgreiðslur	1,5	0,9	0,8	0,8	0,7
32	Landbúnaður	1,0	1,0	1,1	1,0	1,0
33	Sjávarútvegur	0,4	0,5	0,8	0,7	0,6
34	Iðnaður og orkumál	1,0	1,2	0,9	0,8	0,5
35	Samgöngur	2,4	2,3	2,0	1,9	1,8
4	**Ýmis mál**	**1,3**	**1,4**	**1,8**	**2,9**	**2,6**
41	Vextir	0,8	0,8	1,3	2,5	2,1
42	Annað	0,6	0,6	0,6	0,5	0,6
5	**Gjöld sem hlutfall af VLF (1+...+4)**	**24,5**	**22,8**	**24,6**	**25,2**	**25,2**

Heimild: Ríkisbókhald, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 5

Afkoma ríkissjóðs, A-hluta, 1983–1987
Greiðslugrunnur
Í milljónum króna

	1983	1984	1985	1986	1987
I Greiðsluafkoma:					
Jöfnuður gjalda, tekna og lána utan Seðlabanka					
Tekjur	15.100	20.747	27.110	38.235	48.963
Gjöld	−16.263	−19.964	−29.497	−40.111	−51.688
Tekjuafgangur/halli	−1.163	783	−2.387	−1.876	−2.725
Lánahreyfingar utan Seðlabanka	−97	−142	−34	−4.355	1.173
Greiðsluafkoma gagnvart bankakerfinu	−1.260	641	+2.421	2 479	−1.552
Jöfnuður greiðslufjárreikninga að meðtöldum lánareikningum við Seðlabanka					
Greiðsluhreyfing við Seðlabanka	−1.260	446	−2.478	2 271	−1.954
Sjóður og bankareikningar utan Seðlabanka	−3	19	57	–	7
Greiðsluhreyfing við bankakerfið	−1.263	465	−2.421	2.271	−1.947
Ýmsir viðskiptamenn	3	176	–	208	395
Greiðsluafkoma gagnvart bankakerfinu	−1.260	641	−2.421	2.479	−1.552
II Rekstrargrunnur:					
Tekjuafgangur/halli	−1.434	1.614	−1.871	−6.198	...[1]

1) Endanlegur ríkisreikningur fyrir árið 1987 liggur ekki fyrir.

Heimild: Ríkisbókhald, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 6

Veitt og tekin lán A-hluta og Endurlána ríkissjóðs 1982—1986
Stöðutölur í m.kr. á verðlagi í lok hvers árs

	1982	1983	1984	1985	1986
1. Tekin lán	**10.190**	**18.941**	**26.913**	**37.570**	**44.287**
Seðlabanki Íslands	278	915	1.897	3.683	1.693
Spariskírteini	1.912	3.310	3.244	5.165	8.541
Lífeyrissjóðir	198	454	669	1.004	2.018
Aðrir innlendir aðilar	1.070	1.780	1.606	2.088	2.731
Erlend lán	6.732	12.482	19.497	25.630	29.304
2. Lánveitingar	**9.909**	**15.149**	**21.414**	**29.839**	**29.713**
Veitt lán	8.703	13.048	18.182	24.737	22.985
Lán tengd innlendu verðlagi	2.168	3.114	4.168	6.798	11.897
Gengisbundin lán	6.535	9.934	14.014	17.939	11.088
Viðskiptareikningar, nettóinneign	1.206	2.101	3.232	5.102	6.728
3. Tekin lán umfram lánveitingar (1−2)	**281**	**3.792**	**5.499**	**8.574**	**14.574**
Lánveitingar í % af teknum lánum	97,2	80,0	79,6	77,2	67,1
4. Hlutfall af VLF:[1]					
Tekin lán	20,9	25,1	26,2	28,2	27,3
þ.a. erlendar skuldir	13,7	17,1	18,5	19,5	18,3
Veitt lán	17,8	17,4	17,7	18,0	14,0
þ.a. gengisbundin lán	13,3	13,6	13,3	13,6	6,9
Viðskiptareikningar, nettó	2,5	2,5	3,4	3,7	4,0
Tekin lán umfram veitt lán	0,6	5,2	5,1	6,5	9,3

1) Reiknað til meðalverðlags viðkomandi árs með lánskjaravísitölu og meðalgengisvísitölu.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 7

Úr efnahagsreikningi A-hluta og Endurlána ríkissjóðs 1982—1986

Stöðutölur á verðlagi í lok hvers árs og föstu verðlagi í árslok 1986

	1982	1983	1984	1985	1986
Verðlag hvers árs:					
1. Sjóður- og bankareikningar, nettóinneign	307	376	1.165	945	443
2. Tekin lán	10.190	18.941	26.913	37.570	44.287
Seðlabanki Íslands	287	915	1.897	3.683	1.693
Spariskírteini	1.912	3.310	3.244	5.165	8.541
Lífeyrissjóðir	198	454	669	1.004	2.018
Aðrir innlendir aðilar	1 070	1.780	1.606	2.088	2.731
Erlend lán	6.732	12.482	19.497	25.630	29.304
3. Veitt lán	8.703	13.048	18.182	23.894	22.985
4. Viðskiptareikningar, nettóinneign	1.206	2.101	3.209	5.102	6.729
5. Hlutafé og stofnfjárframlög	198	321	772	908	1.136
6. Eignir umfram skuldir (1−2+3+4+5)	**−224**	**−3.095**	**−3.585**	**−6.721**	**−12.994**
Fast verðlag í árslok 1987:					
1. Sjóður og bankareikningar, nettóinneign	1.408	961	2.227	1.383	520
2. Tekin lán	46.743	48.443	51.450	54.989	52.008
Seðlabanki Íslands	1.275	2.340	3.627	5.391	1.988
Spariskírteini	8.771	8.465	6.202	7.560	10.030
Lífeyrissjóðir	908	1.161	1.279	1.469	2.370
Aðrir innlendir aðilar	4.908	4.552	3.070	3.056	3.207
Erlend lán	30.881	31.923	37.273	37.513	34.413
3. Veitt lán	39.022	33.371	34.759	34.972	26.992
4. Viðskiptareikningar, nettóinneign	5.532	5.373	6.135	7.468	7.900
5. Hlutafé og stofnfjárframlög	908	821	1.476	1.329	1.334
6. Eignir umfram skuldir (1−2+3+4+5)	**−1.027**	**−7.916**	**−6.854**	**−9.837**	**−15.259**

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 8

Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila 1987
Milljónir króna

	Lánsfjár-lög 1987	Aðrar lántöku-heimildir	Lántöku-heimildir alls 1987	Tekin lán 1987	Mismunur
1. Ríkissjóður, A-hluti	**6.150**	**903**	**7.053**	**7.678**	**625**
Þar af endurlánað til B-hluta	1.420	—	1.420	1.505	85
Lánasjóður íslenskra námsmanna	800	—	800	800	—
RARIK, almennar framkvæmdir	100	—	100	140	40[1])
Flugstöð á Keflavíkurflugvelli	520	—	520	565	45[2])
Þar af endurlánað til sveitarfélaga	—	70[3])	70	70	—
Hitaveita Hveragerðis	—	45	45	45	—
Hitaveita Siglufjarðar	—	12	12	12	—
Hitaveita Egilsstaða og Fella	—	2	2	2	—
Hitaveita Eyrar	—	3	3	3	—
Aðrar hitaveitur	—	8	8	8	—
Þar af endurlánað til atvinnufyrirtækja	—	35	35	219	184
Bv. Mánaberg	—	—	—	184	184[4])
Baldur hf.	—	35[5])	35	35	—
2. Ríkisfyrirtæki í B-hluta	**—**	**95[6])**	**95**	**95**	**—**
Póstur og sími	—	90	90	90	—
Síldarverksmiðjur ríkisins	—	5	5	5	—
3. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	**500**	**—**	**500**	**423**	**−77**
Landsvirkjun	400	—	400	423	23[2])
Þróunarfélag Íslands hf.	100	—	100	—	−100[8])
4. Sveitarfélög	**350**	**404**	**754**	**474**	**−280**
Hitaveita Hveragerðis	45	−45	—	—	—
Hitaveita Siglufjarðar	12	−12	—	—	—
Hitaveita Akureyrar	—	456[9])	456	456	—
Hitaveita Egilsstaða og Fella	9	−2	7	—	−7[8])
Hitaveita Eyrar	3	−3	—	—	—
Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar	—	14	14	14	—
Aðrar hitaveitur	281	−8	273	—	−273[8])
Annað	—	4	4	4	—
5. Ráðstöfun (1+2+3+4) = Fjáröflun (6+7)	**7.000**	**1.402**	**8.402**	**8.670**	**268**
6. Innlend lánsfjáröflun	**4.450**	**798**	**5.248**	**5.523**	**275**
Útgáfa spariskírteina	1.500	—	1.500	2.144	644
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	1.300	—	1.300	157	−1.143
Verðbréfakaup bankakerfis	1.650	—	1.650	1.216	−434
Seðlabanki Íslands	—	764[10])	764	1.038	274[11])
Ríkisvíxlar	—	—	—	934	934
Önnur lánsfjáröflun	—	34[12])	34	34	—
7. Erlendar lántökur	**2.550**	**604**	**3.154**	**3.147**	**−7**
Ríkissjóður, A- hluti	1.700	105[13])	1.805	2.155	350[14])
Ríkisfyrirtæki í B-hluta	—	95[6])	95	95	—
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	500	—	500	423	−77[8])
Sveitarfélög	350	404	754	474	−280

1) Lántaka vegna þvingaðrar gjaldskrár RARIK í ársbyrjun 1987. Heimild er í lánsfjárlögum 1988.
2) Lántaka vegna kostnaðar við skuldbreytingu á lánum flugstöðvarinnar í langtímalán.
3) Heimildir fluttar af sveitarfélögum vegna milligöngu ríkissjóðs um erlendar lántökur fyrir hitaveitur.
4) Erlent bráðabirgðalán sem tekið var vegna breytinga á Bv. Mánabergi (áður togarinn Merkúr). Heimild til að taka erlent langtímalán vegna þessa er í lánsfjárlögum 1988.
5) Heimilid flutt af atvinnufyrirtækjum vegna milligöngu ríkissjóðs um lántökuna.
6) Heimildir langlánanefndar.
7) Mismunur orsakast af gengismun.
8) Heimild ekki nýtt að fullu á árinu 1987.
9) Heimild vegna skuldbreytinga veitunnar er í lánsfjárlögum 1988.
10) Heimild samkvæmt lögum nr. 7/1987 um Útvegsbanka Íslands.
11) Yfirtaka Seðlabanka á kröfum bankakerfis á ríkissjóð.
12) Heimildir samkvæmt 6. gr. fjárlaga.
13) Heimildir vegna milligöngu ríkissjóðs um erlendar lántökur fyir ýmsar hitaveitur og Baldur hf.
14) Mismunur skýrist af erlendum lántökum fyirr aðra aðila sem heimildar er aflað í lánsfjárlögum, t.d. Bv. Mánaberg og RARIK.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 9

Heildaryfirlit um lántökuheimildir og lánsfjárráðstöfun opinberra aðila, fjárfestingarlánasjóða og atvinnufyrirtækja 1987
Bráðabirgðatölur
Í milljónum króna

	Lánsfjárlög 1987	Aðrar lántöku-heimildir	Lántöku-heimildir alls 1987	Tekin lán 1987	Mismunur
INNLEND FJÁRÖFLUN (1+...+4)	**9.745**	**798**	**10.543**	**10.853**	**310**
1. **Sala spariskírteina ríkissjóðs**	**1.500**	**—**	**1.500**	**2.144**	**644**
2. **Verðbréfakaup lífeyrissjóða**	**5.805**	**—**	**5.805**	**4.883**	**−922**
af ríkissjóði	1.300	—	1.300	157	−1.143
af Byggingarsjóði ríkisins	3.275	—	3.275	3.705	430
af Byggingarsjóði verkamanna	490	—	490	490	—
af Fiskveiðasjóði	265	—	265	—	−265
af Byggðastofnun	255	—	255	70	−185
af Iðnlánasjóði	140	—	140	245	105
af Iðnþróunarsjóði	30	—	30	50	20
af Útflutningslánasjóði	10	—	10	—	−10
af Stofnlánadeild landbúnaðarins	40	—	40	166	126
3. **Verðbréfakaup**	**1.670**	**—**	**1.670**	**1.600**	**−70**
af ríkissjóði	1.250	—	1.250	1.216	−34
af Framkvæmdasjóði Íslands	420	—	420	384	−36
4. **Önnur innlend lánsfjáröflun**	**770**	**798**	**1.568**	**2.226**	**658**
Ríkissjóður, sala ríkisvíxla	400	—	400	934	534
Ríkissjóður, lántaka hjá Seðlabanka Íslands	—	764	764	1.038	274
Ríkissjóður vegna húsakaupa o.fl.	—	34	34	34	—
Byggingarsjóður ríkisins, skyldusparnaður nettó	50	—	50	85	35
Byggðastofnun	—	—	—	91	91
Fiskveiðasjóður	210	—	210	—	−210
Iðnlánasjóður	110	—	110	5	−105
Iðnþróunarsjóður	—	—	—	39	39
ERLENDAR LÁNTÖKUR (5+6+7)	**8.215**	**1.310**	**9.525**	**12.351**	**2.826**
5. **Opinberir aðilar**	**2.550**	**604**	**3.154**	**3.147**	**−7**
Ríkissjóður A-hluti	1.700	105	1.805	2.155	350
Ríkisfyrirtæki í B-hluta	—	95	95	95	—
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	500	—	500	423	−77
Sveitarfélög	350	404	754	474	−280
6. **Lánastofnanir**	**1.565**	**741**	**2.306**	**2.662**	**356**
Framkvæmdasjóður Íslands	—	—	—	13	13[1])
Byggðastofnun	520	—	520	629[2])	109[1])
Fiskveiðasjóður	620	200[3])	820	820[2])	—
Iðnlánasjóður	320	365[4])	685	685	—
Iðnþróunarsjóður	75	176[4])	251	453	202[1])
Útflutningslánasjóður	30	—	30	62	32
7. **Atvinnufyrirtæki**	**4.100**	**−35**	**4.065**	**6.542**	**2.477**
Fjármögnunarfyrirtæki	—	—	—	2.493	2.493[5])
Aðrir	4.100	−35[6])	4.065	4.049	−16
HEILDARLÁNSFJÁRRÁÐSTÖFUN (1+...+7)	**17.960**	**2.108**	**20.068**	**23.204**	**3.136**

1) Heimild langlánanefndar.
2) Framkvæmdasjóður Íslands hafði milligöngu um erlendar lántökur Byggðastofnunar og Fiskveiðasjóðs á árinu 1987 að fjárhæð alls 1.449 m.kr.
3) Heimild til erlendrar lántöku samkvæmt lögum nr. 7/1987 um Útvegsbanka Íslands hf.
4) Heimildir til lántöku samanber auglýsingu viðskiptaráðuneytis um erlendar lántökur til vélakaupa.
5) Ekki var áætlað sérstaklega fyrir erlendum lántökum fjármögnunarleiga í lánsfjárlögum 1987.
6) Heimild flutt í ríkissjóð vegna milligöngu hans um erlenda lántöku vegna Baldurs hf.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 10

Byggingarsjóður ríkisins 1987
Í milljónum króna

	Lánsfjár-áætlun 1987	Endurskoðuð áætlun 1987	Útkoma 1987
Innstreymi	**5.432**	**6.700**	**6.735**
Ríkissjóður	1.000	1.000	1.000
Lán frá ríkissjóði	—	—	157
Lífeyrissjóðir	3.275	4.100	3.705
Skyldusparnaður, nettó	50	50	85
Afborganir, vextir, verðbætur	1.070	1.200	1.681
Tekjur tæknideildar	15	15	38
Sjóðsminnkun	—	300	59
Annað	22	35	10
Útstreymi	**5.432**	**6.700**	**6.735**
Rekstrarkostnaður o. fl.	120	150	178
Afborganir, vextir, verðbætur	1.430	1.370	1.490
Sjóðsaukning vegna skuldbreytinga lífeyrissjóðanna	—	675	—
Lán til Byggingasjóðs verkamanna	—	—	159
Bráðabirgðalán til Byggingasjóðs verkamanna	—	—	175
Veitt lán	3.882	4.505	4.733
Nýbyggingar	...	...	1.691
Eldri íbúðir	...	...	2.418
Leiguíbúðir, heimili f. aldraða, dagvistarstofnanir	...	...	162
Orkusparandi breytingar	...	...	21
Viðbyggingar og endurbætur	...	...	75
Lán vegna greiðsluerfiðleika	...	...	155
Til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis	...	...	11
Framkvæmdalán (söluíbúðir)	...	...	192
Einstaklingar með sérþarfir	...	...	8

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 11

Byggingarsjóður verkamanna 1987
Í milljónum króna

	Lánsfjár-áætlun 1987	Endurskoðuð áætlun 1987	Útkoma 1987
Innstreymi	**1.500**	**1.480**	**1.576**
Ríkissjóður	300	300	300
Framlag sveitarfélaga	140	95	71
Lífeyrissjóðir	490	490	490
Afborganir, vextir, verðbætur	145	145	141
Kaupendur eldri íbúða	55	60	47
Lán frá Byggingarsjóði ríkisins	—	—	159
Bráðabirgðalán frá Byggingarsjóði ríkisins	—	—	175
Sjóðsminnkun	180	155	147
Verðbætur á framkvæmdalán við uppgjör	60	70	46
Byggingarsj. ríkisins v/endursöluíbúða	130	165	—
Útstreymi	**1.500**	**1.480**	**1.576**
Rekstrarkostnaður o. fl.	25	25	36
Afborganir, vextir, verðbætur	300	280	316
Annað	—	—	6
Veitt lán	1.175	1.175	1.218
Verkmannabústaðir og leiguíbúðir	...	...	837
Endursöluíbúðir	...	...	381

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Húsnæðisstofnun ríkisins.

Tafla 12

Framkvæmdasjóður Íslands 1987
Í milljónum króna

	Lánsfjár-áætlun 1987	Útkoma 1987
Fjáröflun	**664**	**2.634**
Eigið ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs	100	788[1])
Lán frá innlendum bönkum	400	384
Lán frá lífeyrissjóðum	—	—
Önnur innlend fjáröflun	64	—
Erlend lán	100	1.462[1])
Ráðstöfun	**664**	**2.634**
Veitt lán	**664**	**2.634**
Stofnlánadeild landbúnaðarins	300	312
Iðnlánasjóður	—	—
Lánasjóður sveitarfélaga	20	—
Ferðamálasjóður	100	140
Verslunarlánasjóður	20	20
Stofnlánadeild samvinnufélaga	20	20
Landflutningasjóður	10	13
Lán til bætts aðbúnaðar á vinnustöðum	14	—
Fiskeldi	180	353
Byggðastofnun	—	629
Fiskveiðasjóður	—	820
Fiskimálasjóður	—	1
Hafnabótasjóður	—	24
Ýmsar lánveitingar	—	302

1) Framkvæmdasjóður fjármagnaði tímabundið af eigin fé lánveitingar til ýmissa aðila vegna erlendra lána að fjárhæð 397 m.kr. sem ekki var búið að draga á fyrir árslok 1987.

Heimild: Framkvæmdasjóður Íslands, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Sþ. 747. Skýrsla [401. mál]

Jóns Sigurðssonar viðskiptaráðherra til Alþingis um álit matsnefndar samkvæmt lögum nr. 7/1987 og lokaskilareikning Útvegsbanka Íslands 30. apríl 1987.

(Lögð fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

INNGANGSORÐ

Samkvæmt lögum nr. 7/1987, um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands, skipaði viðskiptaráðherra sérstaka matsnefnd til að meta eiginfjárstöðu Útvegsbanka Íslands miðað við 30. apríl 1987. Í nefndina voru skipaðir þeir Arnljótur Björnsson prófessor, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Ragnar Hafliðason, löggiltur endurskoðandi, og Stefán Svavarsson, löggiltur endurskoðandi. Álit nefndarinnar er með þessari skýrslu lagt fyrir Alþingi.

Enn fremur fylgir lokaskilareikningur Útvegsbanka Íslands, þ.e. efnahagsreikningur þann 30. apríl 1987, og rekstrarreikningur fyrir tímabilið janúar til apríl 1987, ásamt skýringum. Einnig fylgir áritun þingkjörinna endurskoðenda, áritun ríkisendurskoðanda og staðfesting mín á lokaskilareikningnum. Loks fylgir greinargerð gæslumanna ríkissjóðs sem ég skipaði vegna lokauppgjörs bankans.

1. SKIPUN NEFNDARINNAR OG VERKSVIÐ

Hinn 13. apríl 1987 skipaði þáverandi viðskiptaráðherra, Matthías Bjarnason, okkur undirritaða í nefnd til að meta eiginfjárstöðu Útvegsbanka Íslands miðað við 30. apríl 1987, en Útvegsbanki Íslands h/f tók við rekstri bankans 1. maí 1987.

Matsnefndin er skipuð samkvæmt 4. gr. laga nr. 7/1987 um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands. Um verkefni og verksvið nefndarinnar segir svo í 1. mgr. 4. gr. laganna:

„Við mat á eiginfjárstöðu Útvegsbankans á yfirtökudegi skal matsnefndin m.a. meta það hvort afskrifa beri einhver útlán Útvegsbanka Íslands umfram það sem þegar hefur verið gert í reikningum bankans. Einnig skal tekið tillit til áhrifa þess skattalega hagræðis sem Útvegsbanka Íslands fylgir við yfirtöku hlutafélagsbanka á honum skv. 1. gr., sbr. 17. gr.“ Einnig segir í 1. mgr. 4. gr., að viðskiptaráðherra setji nefndinni erindisbréf. Gerði ráðherra það hinn 15. apríl 1987.

Í erindisbréfinu segir m.a., að hugsanleg viðskiptavild skuli ekki metin. Einnig er þess getið í bréfinu, að nefndin skuli hafa til hliðsjónar áður gerðar matsgerðir um einstaka þætti, er tengjast verksviði nefndarinnar eftir því sem við geti átt. Ennfremur er tekið fram í erindisbréfinu, að leggja skuli mat á allar þær skuldbindingar, er hinn nýi banki yfirtaki frá Útvegsbanka Íslands, þ.á m. skuldbindingar vegna lífeyrisréttinda núverandi (erindisbréfið er dags. 15. apríl s.l. eins og fyrr segir) og fyrrverandi bankastjóra, sbr. 6. gr. laga nr. 7/1987 og greinargerð með lögunum. Hins vegar skal nefndin ekki meta skuldbindingar bankans vegna Eftirlaunasjóðs starfsmanna Útvegsbanka Íslands, enda er svo kveðið á í 2. mgr. 6. gr. laganna, að sjóðurinn flytjist ekki til hlutafélagsbankans.

Matsnefndin leggur til grundvallar mati sínu endurskoðuð lokareikningsskil Útvegsbanka Íslands fyrir tímabilið frá 1. janúar til 30. apríl 1987 (sjá fylgiskjal 1) að undanteknum þeim atriðum, sem nánar greinir hér á eftir. Fjóra flokka mála hefur nefndin tekið til sérstakrar athugunar, þ.e. (a) fasteignir og lausafé, (b) afskriftir útlána bankans, (c) skattalegt hagræði, sem fylgir bankanum og (d) skuldbindingar vegna lífeyrisréttinda bankastjóra. Sérstök greinargerð um hvern þessara málaflokka er í 2.—5. kafla hér á eftir.

Áður en þetta álit matsnefndarinnar lá fyrir í endanlegri gerð, lét nefndin löggiltum endurskoðanda Útvegsbanka Íslands, Inga R. Jóhannssyni, í té niðurstöður sínar varðandi greinda fjóra málaflokka. Það var nauðsynlegt, vegna þess að ókleift var að ljúka lokareikningsskilum bankans fyrr en niðurstöðutölur matsins um þessa meginþætti voru kunnar.

Matsnefndin gat ekki lokið störfum sínum fyrir árslok 1987, eins og mælt var fyrir um í lögum nr. 7/1987, vegna þess að endurskoðuð lokareikningsskil bankans voru ekki tilbúin fyrr en 2. þ.m. Nefndin fékk þó tölulegar upplýsingar frá bankanum og löggiltum endurskoðanda hans jafnóðum og vinnu við reikningsskilin miðaði áfram.

2. MAT Á FASTEIGNUM OG LAUSAFÉ

Þegar matsnefndin hóf störf, lá fyrir mat Almennu verkfræðistofunnar hf. á fasteignum og lausafé Útvegsbanka Íslands. Er matið dagsett 7. apríl 1987 og miðast við 1. janúar 1987. Nefndinni var afhent þetta mat Almennu verkfræðistofunnar (hér á eftir skammstafað AV

h/f). Fylgir matsgerðin álitsgerð þessari (fylgiskjal 2). Mat AV h/f tekur til allra fasteigna Útvegsbanka Íslands og lausafjár skv. nánari sundurliðun. Mat á fasteignum er tvískipt: Annars vegar fasteignir án sérhæfðs bankabúnaðar og hins vegar fasteignir með sérhæfðum bankabúnaði (þ.e. innréttingum, bankahólfum, öryggiskerfi o.fl.). Eftirtalið lausafé er metið: húsbúnaður og skrifstofuáhöld, tölvur og hugbúnaður, fjarskiptakerfi (símakerfi, telex, telefax, kallkerfi), málverk og listmunir, mynt- og seðlasafn, bifreiðir og vararafstöð.

Í matsgerð AV h/f segir, að matsmenn hafi kannað ítarlega frágang og ástand eigna, svo og uppdrætti á vettvangi og leiðrétt þá, þegar misræmi hafi komið í ljós. Matsmenn taka fram, að þeir hafi endurskoðað allar stærðir og kannað sérstaklega eignarhluta bankans í ýmsum sambyggingum. Ennfremur, að þeir hafi reiknað stærðir allra eignarhluta bankans í sameignarbyggingum frá rótum með því að reikna „sérflatarmál" allra eignarhluta og síðan hafi þeir metið skiptingu sameignar eftir hefðbundnum leiðum.

Matsmenn AV h/f meta eignirnar til markaðsverðs miðað við staðgreiðslu og verðlag hinn 1. janúar 1987.

Eigi könnuðu matsmenn AV h/f eignarheimildir Útvegsbanka Íslands í afsals- og veðmálabókum. Nefndin telur ekki heldur ástæðu til að gera slíka könnun.

Þar sem mat AV h/f er bæði nýlegt og ítarlega rökstutt þótti matsnefndinni ekki ástæða til annars en að leggja það til grundvallar mati á fasteignum og lausafé í eigu bankans 30. apríl 1987 með þeim breytingum, sem nú verður greint frá.

Áætlað markaðsverð varanlegra rekstrarfjármuna 1. janúar 1987 skv. matsgerð AV h/f að frádregnum seldum eignum á árinu 1987 er framreiknað til verðlags 30. apríl 1987 skv. byggingarvísitölu að teknu tilliti til afskrifta af framreiknuðu endurstofnverði. Við afskriftir frá 1. janúar til 30. apríl 1987 eru höfð til hliðsjónar þau afskriftahlutföll, sem beitt er á hina ýmsu flokka fasteigna og búnaðar í matsgerð AV h/f. Til viðbótar niðurstöðu skv. framangreindu koma keyptir varanlegir rekstrarfjármunir á árinu 1987, en bókfært verð þeirra 30. apríl 1987 er samtals að fjárhæð 6.379 þús. kr. Sjá ennfremur fylgiskjal 3. Mat AV h/f á seðla- og myntsafni og listaverkum er ekki framreiknað frá 1. janúar til 30. apríl 1987. Mat á fasteignum og lausafé 30. apríl 1987 með hliðsjón af framansögðu er eftirfarandi:

	Þús. kr.:
Fasteignir án sérhæfðs bankabúnaðar	413.245
Sérhæfður bankabúnaður	61.095
Fasteignir með sérhæfðum bankabúnaði	474.340
Áhöld og búnaður	58.627
Bifreiðir	2.204
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals	535.171
Seðla- og myntsafn	4.487
Málverk og listmunir	9.461
Fasteignir og lausafé samtals	549.119

Miðað við þær reikningsskilaaðferðir, sem notaðar hafa verið hjá bankanum að undanförnu, hefði bókfært verð sömu eigna orðið 570.664 þús. kr., þannig að niðurstaða matsnefndar sýnir 21.545 þús. kr. lægri fjárhæð, sjá eftirfarandi samanburð:

	Niðurst. mats-nefndar í þús. kr.	Reikn.-skilaaðf. bankans í þús. kr.	Mismunur á (1) og og (2) í þús. kr.
	(1)	(2)	(3)
Varanlegir rekstrarfjármunir	535.171	567.944	– 32.773
Seðla- og myntsafn og listaverk	13.948	2.720	11.228
Fasteignir og lausafé samtals	549.119	570.664	– 21.545

3. AFSKRIFTIR ÚTLÁNA BANKANS

Við mat á afskriftaþörf vegna útlána bankans aflaði matsnefndin upplýsinga um fjárhagsstöðu og/eða tryggingar allra lánþega með yfir 10 millj. kr. í heildarskuldbindingum hinn 30. apríl 1987. Um var að ræða ríflega eitt hundrað lánþega. Námu skuldir þeirra samtals um 2/3 af heildarskuldbindingum allra lánþega bankans. Ennfremur komu til skoðunar þær skuldbindingar einstakra lánþega undir 10 millj. kr., sem löggiltur endurskoðandi bankans hafði haft til sérstakrar athugunar vegna tapshættu. Hér á eftir verður gerð grein fyrir niðurstöðu matsnefndar um afskriftaþörf vegna framangreindra aðila. Matsnefndin lítur svo á, að 1% almenn útlánaafskrift mæti vafa um innheimtanleika útlána að öðru leyti. Í þessu sambandi skal einnig bent á, að út frá varúðarsjónarmiðum eru áfallnir en ógreiddir dráttarvextir á vanskil í uppgjöri 30. apríl 1987 aðeins reiknaðir að 4/5 hlutum.

Hinn 29. desember 1987 var gerður samningur milli ríkissjóðs og Útvegsbanka Íslands hf. um að færa skuldbindingar tiltekinna lánþega að frádregnum afskriftum útlána á sérstakan viðskiptareikning hjá Útvegsbanka Íslands hf (fylgiskjal 4). Samningur þessi var gerður strax og fyrir lá niðurstaða matsnefndarinnar um afskriftaþörf vegna skulda þessara lánþega. Eru fjárhæðir, sem færðar eru á viðkiptareikninginn, í samræmi við niðurstöðu matsnefndar. Samtala skuldbindinga, sem hér um ræðir, nemur tæplega 976 millj. króna að frádregnum afskriftum. Endanlegt uppgjör þeirra útlána, sem færð eru á hinn sérstaka viðskiptareikning, á síðan að fara fram í síðasta lagi í árslok 1988 samkvæmt nánari ákvæðum í samningnum.

Greinargerð matsnefndar um afskriftir útlána til einstakra lánþega kemur fram í sérstöku fylgiskjali (fylgiskjal 5). Þar sem gert er ráð fyrir að álit matsnefndar verði birt og með hliðsjón af ákvæðum laga um bankaleynd (sbr. 25. gr. laga nr. 86/1985 um viðskiptabanka), er greinargerð um sérstakar afskriftir úlána aðskilin frá meginefni álits matsnefndar.

Sumir lánþegar, sem falla undir sérstakar afskriftir útlána, eru gjaldþrota. Flestir aðrir eru á barmi gjaldþrots eða svo illa á vegi staddir fjárhagslega, að rekstrarstöðvun eða greiðsluþrot blasir við. Við ákvörðun afskrifta útlána varð nefndin því að meta virði trygginga, sem bankinn hafði 30. apríl 1987. Afskriftaþörf er þannig mismunur á annars vegar skuldbindingum lánþegans og hins vegar virði trygginga, að teknu tilliti til áhvílandi veðkrafna á undan veðkröfum bankans.

Niðurstaða matsnefndar um afskriftaþörf vegna tiltekinna lánþega Útvegsbanka Íslands er eftirfarandi:

	Þús. kr.
1. Sérstakar afskriftir útlána vegna annarra lánþega en falla undir 2. tölulið hér á eftir (Á fylgiskjali 5.A. er gerð nánari grein fyrir sérstökum afskriftum útlána vegna hvers einstaks lánþega.)	21.278
2. Sérstakar afskriftir útlána vegna lánþega sem færðir eru á sérstakan viðskiptareikning (Á fylgiskjali 5.B. er gerð nánari grein fyrir sérstökum afskriftum útlána vegna hvers einstaks lánþega.)	416.885
Sérstakar afskriftir útlána samtals	438.163

Sundurliðun á afskriftareikningi útlána er þá eftirfarandi:

Almenn afskrift útlána, þ.e. 1% af útlánum, áföllnum vöxtum og ábyrgðum utan efnahags	95.545
Sérstakar afskriftir útlána, sbr. hér á undan	438.163
Samtals á afskriftarreikningum	533.708

4. SKATTALEGT HAGRÆÐI SEM FYLGIR BANKANUM

Í 17. gr. laga nr. 7/1987 segir, að hlutafélagsbanki skv. 1. gr. taki við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum Útvegsbanka Íslands. Í 4. gr. laganna er tekið fram, að matsnefnd skuli taka tillit til áhrifa þess skattalega hagræðis, sem Útvegsbanka Íslands fylgir við yfirtöku hlutafélagsbanka á honum. Í samræmi við það leggur nefndin mat á það hagræði, sem hlutafélagsbankinn hefur af því að fá yfirfært skattalegt tap ríkisbankans, eins og það var orðið, þegar starfsemi hans lauk 30. apríl 1987. Það er nokkrum vandkvæðum bundið að verða við þessum fyrirmælum laganna og kemur þar tvennt til. Annað er það, að ýmis atriði eru óljós, að því er varðar fjárhæð yfirfæranlega tapsins. Hitt er, að niðurstaða nefndarinnar um virði tapsins er byggð á forsendum, sem vafalaust eru ekki einhlítar. Skal nú gerð nánari grein fyrir þessum vanda.

Fyrst þykir þó rétt að benda á, að nefndin telur, að í raun hafi ekki verið nauðsynlegt að setja í lög ákvæði um að tapið skuli metið, þar sem ríkissjóður er aðili að málinu frá báðum hliðum. Litlu skiptir, hvort mat er lagt á virði tapsins eða ekki. Það hefði nefnilega leitt til svipaðrar niðurstöðu, þegar til lengri tíma er litið, hvor kosturinn hefði verið valinn. Þessi staðhæfing byggist að vísu á því, að spá nefndarinnar um arðsemi bankans á næstu árum gangi eftir og allar forsendur, sem útreikningar hennar byggjast á, standist. Ef nýi bankinn hefði ekki fengið yfirfært tap ríkisbankans, hefði ríkissjóður fengið tekjuskatt af hagnaði nýja bankans á næstu árum í stað þess að fá greiðslur af skuldabréfi frá honum eða ígildi þeirra fyrir samsvarandi fjárhæð. Meginkosturinn við þessa framkvæmd hefði verið sá, að ekki hefði þurft að leggja mat á virði tapsins, en það er mjög vandasamt verk, enda byggjast útreikningarnir á spám um það, sem framtíðin ber í skauti sér. Nánari grein verður gerð fyrir þessu efni í kafla 4.2 hér á eftir.

4.1 Fjárhæð yfirfæranlegs taps.

Samkvæmt skattframtali ríkisbankans fyrir árið 1986 átti hann yfirfæranlegt tap að fjárhæð um 700 milljónir króna. Þetta tap framreiknast til verðlags á árinu 1987 með verðstuðlinum 1,1795 og verður því um 825 milljónir króna. Við þetta tap þarf að bæta tapi af rekstri bankans á tímabilinu frá 1. janúar 1987 til 30. apríl 1987, ásamt sérstökum ráðstöfunum, sem matsnefndin telur að þurfi að gera og áhrif hafa á skattalega stöðu bankans. Samkvæmt meðfylgjandi lokareikningsskilum bankans fyrir rekstur á þessu tímabili og fylgiskjali nr. 6, sem sýnir útreikning á tapinu, hækkar yfirfært tap fyrra árs um 88 milljónir króna vegna hvors tveggja. Heildartapið, sem færist til nýja bankans, verður því samtals um 913 milljónir króna. Þessir útreikningar byggjast á forsendum, sem nauðsynlegt er að gera grein fyrir, einkum vegna þess, að óljóst er, hvort þær standast og um þær verður því að hafa fullan fyrirvara. Þau atriði, sem hér um ræðir, eru eftirfarandi:

4.1.1 Verðtryggð útlán. Í nóvember 1987 kvað ríkisskattanefnd upp úrskurð í deilu, sem ríkisbankarnir hafa átt í við skattyfirvöld. Úrskurður í máli Útvegsbankans var kveðinn upp 9. nóvember 1987 (úrskurður nr. 693), sjá fylgiskjal 7. Í málum allra bankanna var deilt um tvö atriði. Annað varðaði þau ákvæði laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 65/1982, að verðtryggðar eignir og skuldir skuli færa með áföllnum verðbótum. Hitt var um frádráttarbærni skuldbindinga vegna eftirlauna starfsmanna. Gerð verður grein fyrir seinna atriðinu í 4.1.2 hér á eftir.

Ríkisbankarnir héldu því fram, að verðtryggðar eignir og skuldir skyldi færa í samræmi við reglur nr. 77/1986 um ársreikninga viðskiptabanka og sparisjóða. Samkvæmt því hafa bankarnir haft þann hátt á að miða uppfærslu verðtryggðra eigna og skulda við janúarvísitölu, nema á útlán, en þau eru færð við meðaltali desember- og janúarvísitölu af sérstökum ástæðum, sem ekki er þörf að skýra hér. Það var á hinn bóginn afstaða skattyfirvalda, að á eignahlið efnahagsreiknings bankanna skyldi nota vísitölu í desember, en verðtryggð innlán á skuldahlið mættu vera við janúarvísitölu, eins og bankarnir hafa fært innlánin.

Í gögnum um málið fékk ríkisskattanefnd tölulegar upplýsingar um verðtryggðar eignir til þess að reikna út breytingar á skattfjárhæðum, ef með þyrfti. Hún fékk á hinn bóginn ekki upplýsingar um skuldahliðina, enda var ekki ágreiningur með aðilum um uppfærslu á þeirri hlið efnahagsreikningsins. Niðurstaða nefndarinnar var sú, að samræmi yrði að vera í uppfærslu eigna og skulda og miða skyldi við vísitölu í desember í öllum tilvikum. Ríkisskattanefnd vísaði þessu kæruatriði frá með eftirfarandi rökstuðningi: „Í hinni kærðu endurákvörðun ríkisskattstjóra er eigi gætt samræmis við notkun vísitölu við mat á verðtryggðum innlánum og útlánum, en um slíkt samræmi verður að vera að ræða, þegar litið er til samkvæmni í skattalögunum.“ Hvorugur málsaðilinn hefur tekið málið upp að nýju, svo framvinda málsins er óljós á þessu stigi.

Á sínum tíma voru skattar Útvegsbankans hækkaðir um 6,5 milljónir króna vegna afstöðu embættis ríkisskattstjóra til beggja ágreiningsefnanna. Ríkisskattanefnd úrskurðaði bönkunum í hag í eftirlaunamálinu, sbr. framangreindan úrskurð nr. 693 frá 9. nóvember 1987. Við það lækkaði skattaukinn um 5,1 milljón króna. Eftir standa 1,4 milljónir króna vegna verðbótamálins og er óljóst, sbr. það sem að ofan greinir, hverjar lyktir verða í því máli. Ef bókstaflega verður farið eftir úrskurði ríkisskattanefndar, sem auðvitað ber að gera, þarf að endurreikna yfirfæranlega tapið á þann hátt að taka upp til endurreiknings öll framtöl bankans frá árinu 1983. Erfitt kynni að reynast fyrir báða málsaðila að virða úrskurð nefndarinnar til fulls. Af þeim sökum er þessi fyrirvari gerður.

Vegna þeirrar óvissu, sem er í þessu máli, kaus nefndin að breyta ekki yfirfæranlega tapinu, sem bankinn átti í árslok 1986. Í þessu sambandi má benda á, til stuðnings þessari afstöðu matsnefndarinnar, að í 6. og 7. gr. laga nr. 2/1988 felast breytingar þess efnis, að verðtryggðar eignir og skuldir skuli færa við janúarvísitölu. Ákvæði laga um tekjuskatt og

eignarskatt eru eftir þessa lagabreytingu í samræmi við framkvæmd bankanna í öllum meginatriðum. Ef ríkisskattstjóri tekur málið upp í samræmi við úrskurð ríkisskattanefndarinnar, kynni yfirfæranlega tapið að hækka eða lækka. Nefndin kannaði ekki, hvort á við, enda er það umfangsmikið verk.

4.1.2 Lífeyrisskuldbindingar vegna bankastjóra. Í úrskurði ríkisskattanefndar nr. 693 frá 9. nóvember 1987 er fallist á það sjónarmið Útvegsbanka Íslands, að lífeyrisskuldbindingar þær, sem um ræðir í málinu, hafi fallið á bankann á rekstrarárinu 1983 og teljist því hafa verið rekstrarkostnaður hans á því ári í skilningi 1. tl. 31. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

Með hliðsjón af þessum úrskurði telur matsnefndin rétt að taka tillit til skuldbindinga bankans við bankastjóra/aðstoðarbankastjóra (og örfáa aðra, sem hliðstæðra kjara njóta, sbr. 5. kafla hér á eftir) við ákvörðun á fjárhæð yfirfæranlegs taps, þó að málið hafi að vísu ekki beint snúist um þær. Skal nú gerð grein fyrir því, hvernig frádráttarbær fjárhæð vegna þessara sérstöku lífeyrisréttinda er fundin. Að öðru leyti vísast um þetta efni til 5. kafla hér á eftir.

Samkvæmt útreikningi Kr. Guðmundar Guðmundssonar, tryggingafræðings, dags. 19. nóvember 1987, var áætluð skuld við bankastjóra 245,1 milljón króna hinn 31. desember 1987. Þessi skuld var 221,7 milljónir króna 30. apríl 1987, sbr. 5. kafla hér á eftir. Nú þarf að gæta þess, að sá hluti þessarar fjárhæðar, sem fallinn var á í árslok 1982, er ekki frádráttarbær, enda urðu bankarnir ekki skattskyldir fyrr en á árinu 1983. Skuldin í árslok 1982, á verðlagi þá, reiknast vera um 45,9 milljónir króna og því færist mismunurinn, að fjárhæð 175,8 milljónir króna, til hækkunar á yfirfæranlegu tapi.

Útreikningar Kr. Guðmundar Guðmundssonar, tryggingafræðings, um skuldbindingar bankans vegna eftirlaunakjara bankastjóranna eru í fylgiskjölum nr. 8 og 9. Á fylgiskjali 10 er að finna lýsingu á rétti bankastjóranna til eftirlauna í samræmi við samþykktir bankaráðs.

4.1.3 Afskrifuð útlán. Þriðja atriðið, sem fyrirvara verður að hafa um og varðar upphæð yfirfæranlega tapsins, er gjaldaliðurinn afskrifuð útlán. Það er mat nefndarinnar, að nauðsynlegt sé að færa ýmis útlán bankans niður í verði umfram það, sem unnt er með hinni almennu afskrift, sem reiknast samkvæmt lögum vera 1%. Þó að ákveðið hafi verið að bíða með endanlegt uppgjör vegna tiltekinna útlána (sbr. 3. kafla hér að framan), er nauðsynlegt að komast eins nærri endanlegri niðurstöðu í því efni og unnt er, því að hin sérstaka afskrift útlána hefur áhrif á yfirfæranlega tapið.

Það er skoðun matsnefndarinnar, að sérstakar afskriftir útlána geti samrýmst fyrirmælum skattalaga. Samkvæmt 3. tl. 31. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt má ekki færa viðskiptakröfur til frádráttar skattskyldum tekjum fyrr en sannanlega liggur fyrir að krafan sé töpuð. Það er auðvitað túlkunaratriði, hvenær krafa er sannanlega talin töpuð. Eins og áður getur, eru sumir skuldarar lána, sem um er rætt í 3. kafla hér að framan, gjaldþrota. Flestir aðrir eru annaðhvort á barmi gjaldþrots eða rekstrarstöðvun eða greiðsluþrot þeirra blasir við. Matsnefndin telur, að fyrst þannig er komið fyrir þessum skuldurum, standist fyrir áðurnefndu ákvæði 3. tl. 31. gr. laga nr. 75/1981 að gjaldfæra þessar sérstöku afskriftir í skattalegu tilliti. Samkvæmt niðurstöðu nefndarinnar voru sérstakar afskriftir útlána samtals um 438 milljónir króna, sbr. 3. kafla hér að framan.

Bent skal á, að ef í ljós kemur við endanlegt uppgjör þeirra útlána, sem málsaðilar hafa samþykkt að setja á sérstakan viðskiptareikning, að afskrift nefndarinnar reyndist annaðhvort of há eða of lág, þá þarf að taka tillit til skattalegra áhrifa mismunarins við það uppgjör, svo samræmis sé gætt.

4.1.4 Skuldbindingar vegna eftirlaunasjóðs. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1987 yfirtekur ríkissjóður skuldbindingar ríkisbankans vegna eftirlaunasjóðs starfsmanna, bæði bókfærðan og óbókfærðan hluta skuldarinnar. Í árslok 1986 hafði bankinn fært til skuldar um 66 milljónir króna, en skuldin var í raun talsvert hærri. Bókfærða skuldin færist nú til tekna og lækkar yfirfært tap um þá fjárhæð, enda hafði hún verið gjaldfærð í skattalegu tilliti á árunum 1983 til 1986. Í þessu sambandi skiptir ekki máli, þótt skuldin hafi ekki verið að fullu viðurkennd í bókhaldinu. Með því er átt við, að einu gildi, hvort áfallin en óbókfærð réttindi fyrir tímabilið 1. janúar 1983 til 30. apríl 1987 séu reiknuð út eða ekki. Óbókfærð skuld og eftirgefin skuld væri sama fjárhæðin fyrir þetta tímabil og því væru áhrifin á yfirfæranlega tapið engin.

Matsnefndinni virðist hins vegar, að máli skipti, hver skuldin var í árslok 1982, þegar innlánsstofnanir urðu skattskyldar. Sú skuld, sem samkvæmt útreikningum tryggingafræðings sjóðsins var um 167 milljónir króna við þessi tímamörk, hefur verið felld niður og því telst hún til skattskyldra tekna nú, jafnvel þótt hún hafi ekki verið bókfærð. Fjárhæðin byggir á úttekt tryggingafræðingsins í árslok 1983 á áunnum réttindum til eftirlauna og var hún þá talin vera um 250 milljónir króna. Sú fjárhæð hefur verið lækkuð fyrir áhrifum launabreytinga á árinu 1983 og áunnins réttar á árinu um 83 milljónir króna. Skuldin reiknast samkvæmt því vera um 167 milljónir króna, eins og að ofan greinir. Fyrirvara verður einnig að gera um þetta atriði, enda er í þessu máli byggt á túlkun matsnefndarinnar á úrskurði ríkisskattanefndar.

4.1.5 Skattalegt tap af sölu eigna. Í skattalegu tilliti er ekki ljóst, hvert yfirtökuverð fastafjármuna hlutafélagsbankans skuli vera hinn 1. maí 1987. Tvennt kemur til álita. Annað er, að skattalegir afskriftarstofnar fastafjármuna ríkisbankans flytjist til hlutafélagsbankans. Hitt er, að matsverð fastafjármuna skuli skoða sem söluverð eigna hjá ríkisbankanum.

Matsnefndin telur, að matsvirði fastafjármuna hinn 30. apríl 1987 skuli skoða sem söluverð þeirra í hendi ríkisbankans. Í samræmi við þetta sjónarmið kemur fram skattalegt tap við sölu eigna ríkisbankans að fjárhæð 79,7 milljónir króna.

Þegar til lengdar lætur skiptir í reynd ekki miklu máli, hvor kosturinn er valinn. Hinn seinni var þó valinn í samráði við löggiltan endurskoðanda bankans.

4.1.6 Skattskylda vegna virðis yfirfæranlegs taps. Það er skoðun matsnefndarinnar, að reiknað virði yfirfæranlega tapsins sé skattskylt, nánast eins og það sé „söluverð tapsins". Því verður að lækka heildartapið um þá fjárhæð, sem telst reiknað virði tapsins. Nefndinni er ekki kunnugt um tilvik hliðstætt þessu og því vill hún gera fyrirvara um þetta atriði.

4.2 Virði yfirfæranlegs taps.

Eins og að framan greinir (í upphafi kafla 4.1) er yfirfært tap ríkisbankans um 913 milljónir króna, þegar tekið hefur verið tillit til „söluverðs tapsins" eða hagræns virðis þess. Þar sem tapið er svona mikið, má ætla að nokkur óvissa sé um, hvenær það nýtist hlutafélagsbankanum. Samkvæmt ákvæðum laga nr. 75/1981 fyrnist ekki réttur að yfirfæranlegu tapi, þannig að ætla má, að tapið muni fyrr eða síðar nýtast bankanum. Spurningin er aðeins, hvenær það gerist, en virði tapsins ræðst fyrst og fremst af því, hversu ört það lækkar á næstu árum. Því fyrr sem tapið nýtist, þeim mun verðmeira er það. Rétt er að benda á í þessu sambandi, að tapið er verðtryggt, þannig að það rýrnar ekki af völdum þeirrar verðbólgu, sem kann að verða á næstu árum.

Til þess að meta virði tapsins þarf að ákveða tvö atriði. Annað er, að spá verður, hver ávöxtun eigin fjár bankans verður á næstu árum. Hitt er, að ákveða þarf þau vaxtakjör sem afvöxtun skal miða við. Skal nú gerð grein fyrir afstöðu matsnefndar til beggja atriðanna.

4.2.1 Hver verður ávöxtun eigin fjár bankans? Gera má ráð fyrir, að raunvirði eigin fjár hins nýja banka verði við stofnun hans jafnhátt innborguðu hlutafé, eða 1 milljarður króna, enda er matsnefndinni ætlað að færa eignir og skuldir bankans til raunvirðis. Þá má ætla, að ávöxtun eigna bankans geti verið nokkuð góð. Það virðist a.m.k. hafa verið markmið löggjafans, að bankanum væru búin skilyrði til arðvænlegs rekstrar, þar sem bankinn á t.d. ekki að sitja eftir með vafasöm útlán frá ríkisbankanum; þau ber matsnefndinni að færa niður í þá fjárhæð, sem gefur hæfilega bankaávöxtun. Þá liggur fyrir, að afkoma bankans var mjög góð á fyrstu fjórum mánuðunum, sem hann starfaði, þ.e. frá 1. maí til 31. ágúst 1987. Með hliðsjón af þessum atriðum virðist mega leggja til grundvallar, að ávöxtun hins nýja banka geti verið a.m.k. eins góð og aðrir bankar ná um þessar mundir, en samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum var raunávöxtun banka, annarra en Útvegsbankans, um 7,5% að meðaltali fyrir skatta á árunum 1984 til 1986.

Það er því mat nefndarinnar, að eðlilegast sé að miða við þessa ávöxtun, þ.e. 7.5%. Auk þess verður að gera ráð fyrir, að hlutafélagsbankinn greiði eigendum sínum arð og er miðað við, að þeir fái helming af hagnaði hvers árs í sinn hlut. Ljóst er, að afkoman getur orðið önnur en hér er gert ráð fyrir. Til að mynda er ekki ósennilegt, að afkoman verði skrykkjótt, þ.e. að tap verði sum ár en hagnaður á öðrum. Nefndin kaus að gera ekki ráð fyrir slíkum sveiflum í afkomu og miðar þess í stað við stöðuga afkomu í rekstri bankans.

4.2.2 Vextir við afvöxtun hagnaðar. Hitt atriðið, sem ákveða þarf, er hvaða vexti á að nota við afvöxtun hagnaðar á næstu árum. Með hliðsjón af þeirri óvissu, sem ávallt er um framtíðartekjur rekstraraðila, virðist eðlilegast að nota hærri vexti við afvöxtun framtíðartekna bankans en ávöxtunin miðast við. Að mati nefndarinnar kemur vel til álita að nota þriðjungi hærri vexti við afvöxtunina en gefin var sem ávöxtun bankans og er því miðað við 10% vexti í meðfylgjandi útreikningum á virði skattspörunar af tapi.

Eins og ljóst má vera, er erfitt fyrir nefndina að styðja afstöðu sína til ofangreindra forsenda rökum, sem ekki verður deilt um. Þegar upp er staðið verður hún að gefa sér forsendur og þær ráða úrslitum um niðurstöðu. Vafalaust má deila á forsendur nefndarinnar, m.a. vegna mikillar óvissu um hvað framtíðin ber í skauti sér. Auk ofangreindra forsendna byggja útreikningar nefndarinnar á því, að skattþrep verði 45% á næstu árum, en það þrep var samþykkt með 5. gr. laga nr. 2/1988, sem breyta 72. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt. Einnig er gert ráð fyrir, að á næstu árum verði engar efnisbreytingar gerðar á skattalögum, sem kynnu að hafa áhrif á yfirfæranlega tapið og virði þess.

4.2.3 Áhrif verðbreytingarfærslu. Þar sem hlutafélagsbankinn hefur rekstur 1. maí 1987 fær hann ekki að reikna verðbreytingargjöld vegna rekstrar á árinu 1987. Af þeim sökum verður skattalegur hagnaður hærri en ella. Matsnefndinni þykir rétt að reikna sérstaklega áhrif þessa atriðis á virði tapsins. Það er mat nefndarinnar, að það megi meta til 20 milljóna króna. Er þeirri fjárhæð bætt við virði tapsins á grundvelli ofanritaðra atriða. Útreikningur á þessari fjárhæð er sýndur í fylgiskjali nr. 11.

4.2.4 Niðurstaða. Niðurstaða matsnefndarinnar er, með hliðsjón af ofangreindum forsendum, að reiknað virði tapsins sé um 190 milljónir króna. Útreikningar nefndarinnar eru í fylgiskjali nr. 11. Fjárhæðin kemur til lækkunar á yfirfæranlegu tapi bankans, eins og rætt var um hér að framan.

5. SKULDBINDINGAR VEGNA LÍFEYRISRÉTTINDA BANKASTJÓRA

Samkvæmt athugasemdum við 6. gr. frumvarps þess, sem varð að lögum nr. 7/1987, skal matsnefndin meta skuldbindingar hlutafélagsbankans vegna lífeyrisréttinda „núverandi og fyrrverandi bankastjóra Útvegsbanka Íslands“ (ríkisbankans), en um þær fer eftir sérstökum samningum þeirra við ríkisbankann.

Ríkisbankinn hefur á undanförnum árum samþykkt að greiða, auk skuldbindinga við bankastjóra/aðstoðarbankastjóra og maka þeirra, eftirlaun til tiltekinna starfsmanna til viðbótar þeim eftirlaunum, sem viðkomandi á rétt á úr eftirlaunasjóði starfsmanna eða öðrum sjóðum. Bankaráð samþykkti í nokkrum tilvikum slík viðbótareftirlaun, enda var viðkomandi ekki talinn eiga viðunandi rétt úr eftirlaunasjóði starfsmanna eða öðrum sjóðum. Hér er ekki um háar fjárhæðir að tefla, en nefndinni þykir rétt að taka þær með, jafnvel þótt þeirra sé hvorki getið sérstaklega í lögum um bankann né greinargerð með nefndu lagafrumvarpi.

Í raun ber ríkissjóður kostnaðinn af öllum þessum lífeyrisgreiðslum, en nýja bankanum er hins vegar falið að annast greiðslur til lífeyrisþega og af þeim sökum er þörf á því að meta þessar skuldbindingar. Rétt er að benda á, að það kemur út af fyrir sig vel til greina, að ríkissjóður taki þessar skuldbindingar beint til sín á sama hátt og skuldbindingar bankans við eftirlaunasjóð starfsmanna.

Að frumkvæði nefndarinnar var Kr. Guðmundur Guðmundsson, tryggingafræðingur, fenginn til þess að meta þessar skuldbindingar, sjá fylgiskjal 8. Niðurstaða hans var sú, að skuldin væri alls um 245,1 millj. króna í árslok 1987 og er þá miðað við 3% vexti við afvöxtun greiðslna vegna skuldarinnar. Þar sem miða skal við stöðu málsins 30. apríl 1987, þarf að leiðrétta þessa fjárhæð, sbr. eftirfarandi:

Reiknuð skuld 31. des. 1987	245,1 m. kr.
Greidd eftirlaun 1. maí til 31. des. 87	11,4 m. kr.
Samtals	256,5 m. kr.
Fært til kaupgjalds í apríl með því að margfalda með hlutfalli milli viðmiðunarlauna á mánuði í útreikningi tryggingafræðings annars vegar og í apríl hins vegar, en tölur eru þessar: 1.097.416/1.269.805	× 0,846
Reiknuð skuld 30. apríl 1987:	221,7 m. kr.

Við útreikning á skuldbindingu bankans skiptir meginmáli, hvaða vextir eru notaðir við afvöxtun eftirlaunagreiðslna. Með hliðsjón af því, að tryggingafræðingar hafa almennt talið, að 2—3% vextir séu hæfilegir, þykir nefndinni ekki ástæða til að víkja frá þeirri viðmiðun. Hærri talan er valin, þar sem vextir hafa á síðustu misserum verið nokkuð háir, a.m.k. miðað við fyrri ár. Hundraðshlutinn, sem miðað er við, táknar þá ávöxtun, sem bankinn á að geta náð af eigin fé sínu umfram kaupgjaldshækkanir á næstu árum.

Auk þessa má nefna, að skuldin fellur væntanlega til greiðslu á skemmri tíma en lífeyrisskuldbindingar við eftirlaunasjóðinn. Þá má að lokum benda á, að raunávöxtun annarra banka en Útvegsbanka Íslands hefur á síðustu þremur árum verið að meðaltali um 3,7% eftir skatta. Nefndin telur eðlilegt að miða við ávöxtun á eigið fé bankans fremur en ávöxtun á tilteknar eignir, sem gæti verið talsvert hærri.

6. NIÐURSTAÐA UM EIGIÐ FÉ BANKANS

Með vísun til framanritaðs og reikningsskila fyrir Útvegsbanka Íslands á fylgiskjali 1 er niðurstaða matsnefndarinnar sú, að ríkissjóði beri samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 7/1987 að greiða Útvegsbanka Íslands hf. um 384 milljónir króna og greiðist sú fjárhæð þannig:

Eignir ríkisbankans 30. apríl 1987	11.718.817.000 kr.
Skuldir ríkisbankans 30. apríl 1987	12.103.081.136 kr.
Neikvætt eigið fé	384.264.136 kr.

Reykjavík, 4. mars 1988.

Matsnefnd skv. lögum nr. 7/1987

Arnljótur Björnsson, form. Ragnar Hafliðason

Stefán Svavarsson

Lokaskilareikningur

30. apríl 1987

ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Við höfum endurskoðað lokaskilareikning Útvegsbanka Íslands fyrir tímabilið 1. janúar 1987 til 30. apríl 1987. Lokaskilareikningurinn samanstendur af efnahagsreikningi, rekstrarreikningi, skýringum nr. 1 — 15 og greinargerð um starfsemi Útvegsbanka Íslands frá janúar til aprílloka 1987 sem fulltrúar ráðuneytanna hafa gert. Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við góða endurskoðunarvenju og voru í því sambandi gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum, sem við töldum nauðsynlegar.

Gerð lokareikningsskila miðast við yfirtöku nýs hlutafélagsbanka á eignum, skuldum og rekstri Útvegsbanka Íslands fra 1. maí 1987, og gilda um yfirtökuna lög nr. 7/1987. Ákvæðum nefndra laga er fylgt við gerð þessara lokareikningsskila og hljótast af því frávik frá reikningsskilavenjum, sem beitt hefur verið áður.

Matsnefnd, skipuð samkvæmt áðurnefndum lögum, skal leggja mat á eignir og skuldir Útvegsbanka Íslands. Bókfært verð kyrrstæðra útlána og afskriftareiknings þeirra, tekjuskattsvildar, varanlegra rekstrarfjármuna og lífeyrisskuldbindingar bankastjóra, grundvallast á upplýsingum um niðurstöður nefndarinnar.

Þessar niðurstöður nefndarinnar samrýmast góðri reikningsskilavenju, utan mats varanlegra rekstrarfjármuna, þar sem staðgreiðsluverð er lagt til grundvallar. Benda verður sérstaklega á að beiting góðrar reikningsskilavenju, eyðir ekki þeirri óvissu, sem fyrir hendi er, og verður að teljast veruleg.

Óreglulegar tekjur og gjöld í rekstrarreikningi eru að verulegum hluta vegna fyrri ára. Þar með taldar framtíðarskuldbindingar vegna lífeyrisréttinda bankastjóra, sem ekki hafa verið færðar upp fyrr en nú, og mun nýr hlutafélgsbanki yfirtaka þessar skuldbindingar.

Að öðru leyti vísast til skýringa með reikningsskilunum varðandi nánari útlistun einstakra atriða.

Að teknu tilliti til þess fyrirvara sem fram kemur að ofan er það álit okkar að lokareikningsskilin séu í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og gefi glögga mynd af rekstri 1. janúar til 30. apríl 1987 og efnahag 30. apríl 1987.

Reykjavík, 2. mars 1988.

Haukur Harðarson.
Kosinn af Alþingi.

Ingi R. Jóhannsson,
löggiltur endurskoðandi.
Kosinn af Alþingi og
skipaður af viðskiptaráðherra.

ÁRITUN RÍKISENDURSKOÐANDA

Með vísan til áritunar skoðunarmanna og hins löggilta endurskoðanda og kannana Ríkisendurskoðunar eru reikningsskil þessi samþykkt.

Reykjavík, 2. mars 1988.

Halldór V. Sigurðsson,
ríkisendurskoðandi.

STAÐFESTING VIÐSKIPTARÁÐHERRA

Með skírskotun til yfirlýsingar skoðunarmanna og ríkisendurskoðanda um lokaskilareikning Útvegsbanka Íslands er reikningurinn samþykktur.

Reykjavík, 2. mars 1988.

Jón Sigurðsson,
viðskiptaráðherra.

EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGNIR:

	SKÝR.	1987 Þús. kr.
SJÓÐUR OG BANKAINNSTÆÐUR:		
Sjóður		25 806
Ríkisvíxlar		114 061
Seðlabanki og viðskiptabankar	(2,8)	1 734 361
Sjóður og bankainnstæður		1 874 228
ERLENDAR EIGNIR:		
Sjóður		12 265
Viðskiptabankar		793 936
Erlendar eignir	(2,16)	806 201
ÚTLÁN:		
Yfirdrættir, víxlar, skuldabréf og önnur útlán	(2,4)	4 241 690
Endurlánað erlent lánsfé	(2)	2 733 607
Kyrrstæð útlán, biðreikningur	(7)	1 503 576
		8 478 873
Afskriftareikningur biðreiknings	(3,6)	(416 885)
Afskriftareikningur útlána	(3)	(116 823)
Útlán		7 945 165
AÐRIR EIGNALIÐIR:		
Tekjuskattsvild	(11)	190 000
Áfallnir vextir	(4)	266 861
Annað	(9)	101 191
Aðrir eignaliðir		558 052
VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR:		
Fasteignir, áhöld og bifreiðar		535 171
Varanlegir rekstrarfjármunir	(1,5,6,10)	535 171
EIGNIR ALLS		11 718 817

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:

	SKÝR.	1987 Þús. kr.
VELTI- OG SPARIINNLÁN:		
Hlaupareikningar, gíró og geymslufé	(8)	1 898 681
Sparisjóðsreikningar		3 750 023
Gjaldeyrisinnlán	(2)	544 480
Velti- og spariinnlán		6 193 184
SEÐLABANKI ÍSLANDS:		
Skammtímalán		960 000
Gengisbundin, verðtryggð og endurseld lán	(2)	562 329
Seðlabanki Íslands		1 522 329
ERLENDAR SKULDIR:		
Erlent endurlánað lánsfé	(2)	2 783 141
Viðskiptabankar	(2)	328 338
Erlendar skuldir		3 111 479
AÐRIR SKULDALIÐIR:		
Bankar og fjárfestingasjóðir		672 813
Lífeyrisskuldbindingar bankastjóra	(5)	221 700
Áfallnir og fyrirframgreiddir vextir	(4)	156 850
Annað	(11)	224 726
Aðrir skuldaliðir		1 276 089
Skuldir alls		12 103 081
EIGIÐ FÉ:		
Ójafnað tap	(12)	(384 264)
Eigið fé alls		(384 264)
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS		11 718 817
UTAN EFNAHAGS:		
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna og Seðlabanka	(13)	1 245 690

REKSTRARREIKNINGUR 1/1 — 30/4 1987

	SKÝR.	1987 Þús. kr.
REKSTRARTEKJUR:		
Vextir og verðbætur af útlánum	(4)	461 568
Aðrar vaxtatekjur		113 457
		575 025
Þóknun, þjónusta og aðrar tekjur		76 584
REKSTRARTEKJUR ALLS		651 609
REKSTRARGJÖLD:		
Vextir og verðbætur af innlánum		259 325
Önnur vaxtagjöld		212 367
		471 692
Gengismunur		11 629
Leiðrétting vegna verðlagsbreytinga	(1)	(41 151)
		442 170
ÖNNUR REKSTRARGJÖLD:		
Laun og tengd gjöld		146 389
Annað		83 774
Tillag í afskriftareikning útlána	(3)	38 064
Fyrningar varanlegra rekstrarfjármuna	(1,10)	14 054
		724 451
TAP AF REGLULEGRI BANKASTARFSEMI		(72 842)
ÓREGLULEGIR LIÐIR:		
Sérstakar afskriftir útlána	(3,6,8)	(304 429)
Önnur óregluleg gjöld	(5,6,8,10,14)	(299 188)
Aðrar óreglulegar tekjur	(6,8,14)	301 190
		(302 427)
TAP		(375 269)

SKÝRINGAR MEÐ LOKAREIKNINGSSKILUM

REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR:

1. Lokareikningsskil Útvegsbanka Íslands eru gerð með nokkuð öðrum hætti en ársreikningur árið áður. Á þetta við um mat á einstökum eignum og framsetningu óreglulegra liða í rekstrarreikningi. Gerð er grein fyrir þessum atriðum í skýringum hér á eftir.

   Tekið er tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga á rekstrarafkomu tímabilsins og efnahag í lok apríl, með því að færa verðbreytingarfærslu í reikningsskilin og endurmeta kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna. Notuð er fráviksaðferð og eru því mæld áhrif verðlagsbreytinga innan tímabilsins.

   Útreikningurinn er byggður á breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar á tímabilinu.

   Stofn til verðbreytingarfærslu reiknast sem mismunur á peningalegum eigna- og skuldaliðum í byrjun og lok tímabilsins að teknu tilliti til breytinga á stofninum innan þess. Verðbreytingarfærslan er reiknuð þannig:

	Kr.		Kr.
Peningaleg staða 1/1 1987	(655 457 245)	299,75/293	(670 557 369)
Fjárfesting á tímabilinu	(6 343 043)		(6 358 721)
Sala eigna á tímabilinu	78 895 500		80 368 742
Eignir í matsverð	32 773 297		32 209 166
Önnur breyting	(590 842 206)	(590 842 206)	
			(1 155 180 388)
Peningaleg staða 30/4 1987	1 140 973 697	299.75/307	(1 114 028 878)
		Tekjufærsla 1/1 — 30/4 1987	41 151 510

Vísitala í janúar 1987	293
Meðalvísitala 1/1 — 30/4 1987	299,75
Vísitala í maí 1987	307

   Varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir með því að framreikna upphaflegt kaupverð og fengnar fyrningar til aprílverðlags samkvæmt byggingarvísitölu í maí 1987. Fjárfesting innan tímabilsins er endurmetin frá kaupmánuði á sama hátt. Þann 30. apríl 1987 var bókfært verð allra fasteigna og búnaðar lækkað til samræmis við mat matsnefndar. Þessi lækkun var færð til gjalda í rekstrarreikningi og er lækkunin skýrð nánar í skýringu nr. 10 hér að aftan.

   Fyrningar eru reiknaðar af bókfærðu verði, áður en lækkun matsnefndar er gerð.

   Fyrningarhlutföll varanlegra rekstrarfjármuna greinast þannig:

Fasteignir	2%
Áhöld og búnaður	20%
Bifreiðar	20%

2. Eignir og skuldir bankans í erlendum gjaldmiðlum eru uppfærðar á skráðu gengi 30. apríl 1987. Eignir eru taldar á kaupgengi, en skuldir á sölugengi. Endurlánað erlent lánsfé er þó uppfært á sölugengi í eignum og skuldum, en gjaldeyrisinnlán eru færð á kaupgengi.

3. Tillag í afskriftareikning útlána að fjárhæð kr. 38.063.890 hefur verið fært til gjalda í rekstrarreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er þessu tillagi ætlað að mæta þeirri almennu áhættu sem fylgir útlánastarfsemi bankans.

   Viðbótartillag kr. 304.429.000 er fært til gjalda undir liðnum óregluleg gjöld. Uppsafnað viðbótartillag nemur kr. 438.163.000, þar af kr. 133.734.000 frá fyrri árum. Kr. 416.885.000 eru vegna kyrrstæðra útlána, sem eru færð sérstaklega í eignahlið efnahagsreiknings. Nánari grein er gerð fyrir kyrrstæðum útlánum og mati á þeim í skýringu nr. 7 hér að aftan.

   Hreyfingar á afskriftareikningi útlána greinast þannig:

	Kr.
Staða afskriftareiknings 1/1 1987	666 845 597
Tillag tímabilsins	38 063 890
Viðbótartillag	304 429 000
Innkomin áður afskrifuð útlán	101 966
Lækkun sérstakra afskrifta fyrri ára	(445 805 000)
Endanlega afskrifuð útlán	(29 927 876)
Staða afskriftareiknings 30/4 1987	533 707 577

4. Áfallnir vextir og verðbætur af eignum og skuldum bankans miðast við 30. apríl. Af verðtryggðum útlánum bankans eru áfallnar verðbætur reiknaðar á meðaltali lánskjaravísitölu apríl 1987 og maí 1987. Áfallnir dráttarvextir eru tekjufærðir í rekstri að 4/5 hlutum.

LÍFEYRISSKULDBINDINGAR:

5. Í lögum 7/1987 er ákvæði um yfirtöku ríkissjóðs á ábyrgð Útvegsbanka Íslands á skuldbindingum Eftirlaunasjóðs starfsmanna Útvegsbanka Íslands sem stofnast hafa fyrir gildistöku laganna eða stofnast munu fram að yfirtökudegi. Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands flyst ekki til Útvegsbanka Íslands hf. og tekur ekki við iðgjöldum.
   Í samræmi við þetta ákvæði var uppfærð skuld kr. 65.968.161 tekufærð í rekstrarreikningi, sem eftirgefin.

⋆ Framtíðarskuldbindingar vegna lífeyrisréttinda bankastjóra lúta öðrum reglum og hafa til þessa ekki verið færðar til gjalda eða skuldar í bankanum. Lög 7/1987 fjalla ekki um hvernig með skuli fara og verður því að líta svo á að skuldbinding vegna réttindanna verði yfirtekin af Útvegsbanka Íslands hf., enda kemur sá skilningur fram í athugasemdum við lagafrumvarpið.

Þessi réttindi eru samkvæmt áliti tryggingafræðings metin kr. 221.700.000, þann 30. apríl 1987 miðað við 3% afvöxtun og eru þau færð til gjalda og skuldar í reikningsskilunum.

BREYTINGAR Á REIKNINGSSKILAVENJUM:

6. Þar sem lokaskilareikningur Útvegsbanka Íslands er lokauppgjör, fyrir yfirtöku Útvegsbanka Íslands hf. á eignum og skuldum, er vikið frá reikningsskilavenjum sem beitt hefur verið í fyrri reikningsskilum. Í lögum 7/1987 er að finna ákvæði um yfirtöku eigna og skulda samkvæmt mati. Í reikningsskilunum er litið svo á, að um sölu á eignum sé að ræða og er því tap eða hagnaður af sölu eigna viðurkennt og fært í rekstrarreikning. Skattalegt tap eða hagnaður sem hlýst af breyttu mati á eignum er einnig leyst upp. Eignir eru því færðar upp á matsverði, sem er yfirtökuverð eða kaupverð Útvegsbanka Íslands hf. Framsetning í efnahagsreikningi miðast við verðmæti eigna og skulda áður en yfirtaka fer fram. Framsetning í rekstrarreikningi miðast hins vegar við að yfirtaka eigna og skulda hafi þegar farið fram.

⋆ Varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir samkvæmt fráviksaðferð. Hækkun vegna endurmatsins er færð til hækkunar eiginfjárliðum og nemur kr. 27.363.584. Matsverð varanlegra rekstrarfjármuna, samkvæmt mati matsnefndar, er staðgreiðsluverð og myndast því tap kr. 32.773.297 við niðurfærslu eigna í matsverð. Þetta tap er gjaldfært í rekstrarreikningi.

⋆ Útlán eru metin af matsnefnd með tilliti til yfirtöku Útvegsbanka Íslands hf. Við matið er gert ráð fyrir að eðlilegri ávöxtun verði náð af vafasömum kröfum. Sérstakar afskriftir útlána eru metnar á öðrum forsendum en áður og eru því hærri en ella hefði verið. Þar sem mat á útlánum, hliðstætt mati fyrra árs, liggur ekki fyrir, er ekki unnt að greina aukið tap sem af þessu hlýst.

⋆ Mynt- og málverkasafn bankans er tilfært á meðal annarra eignaliða á kr. 13.948.000 eftir að það hefur verið endurmetið um kr. 11.227.930 sem eru færðar á meðal óreglulegra liða í rekstrarreikningi.

KYRRSTÆÐ ÚTLÁN:

7. Sérstakur eignaliður, kyrrstæð útlán, er nú sýndur sérstaklega í eignahlið efnahagsreiknings. Hér er um að ræða flestar tegundir útlána og hafa viðkomandi útlánaflokkar verið lækkaðir sem þessu nemur. Hluti kyrrstæðra útlána var þó áður færður undir liðnum aðrir eignaliðir, en nú hefur samanburðartölum verið breytt. Á móti kyrrstæðum útlánum er færður sérstakur afskriftareikningur útlána. Heildarfjárhæð krafna, sem matsnefnd taldi óvissar nemur 1.392.863 þús. kr. og er sérstakur afskriftareikningur á móti þeim 416.885 þús. kr. Um kyrrstæð útlán hafa ríkissjóður Íslands og Útvegsbanki Íslands hf. gert sérstakt samkomulag. Mun ríkissjóður tryggja ávöxtun af niðurstöðutölum matsnefndar til ársloka 1988 á sömu kjörum og skuldaskil þessara aðila kveða á um að öðru leyti. Andvirði umfram það mun renna til ríkissjóðs.

FRAMSETNING Á SAMANBURÐARFJÁRHÆÐUM ÁRSINS 1986

8. Af framansögðu er ljóst að í eignahlið efnahagsreiknings eru verulegar tilfærslur og breyttar forsendur um mat á einstökum liðum. Verður samanburður milli ára því torveldur, og auk þess er erfitt að greina frávik, en þar sem því var við komið var samanburðartölum fyrra árs breytt.

⋆ Í rekstrarreikningi eru færðar til gjalda og tekna ýmsar leiðréttingar, sem með réttu hefðu átt að færast á eigið fé. Þessar leiðréttingar eru færðar undir liðnum óreglulegar tekjur og gjöld í rekstrarreikningi. Lotun milli ára er því fyrir borð borin, enda litið svo á að ekki sé þörf á nákvæmri sundurgreiningu eins og málum er háttað. Endanlegt tap samkvæmt rekstrarreikningi 30. apríl 1987 er ekki lýsandi hvað varðar afkomu bankans

1. janúar til 30. apríl 1987. Eiginfjárstaða bankans er sú sama hvorri aðferðinni sem fylgt er.

★ Þann 30. apríl 1987 höfðu ríkissjóður, Fiskveiðasjóður og aðrir hluthafar í Útvegsbanka Íslands hf. greitt inn á hlutafjárloforð sín 985.030 þús. kr. Í lokaskilareikningi bankans endurspeglast þessi upphæð á viðskiptareikningi í Seðlabanka Íslands annars vegar og á meðal veltiinnlána hins vegar.

ÁHÆTTUFÉ:

9. Eignarhlutar í öðrum félögum greinast þannig:

	STAÐA 1/1 1987	BREYTING	STAÐA 30/4 1987
	kr.	kr.	kr.
Kreditkort hf.	5 000 000	2 000 000	7 000 000
Íslensk endurtrygging hf.	355 320	0	355 320
Hamar hf.	12 000	0	12 000
	5 367 320	2 000 000	7 367 320
Reiknistofa bankanna	9 943 311	3 000 000	12 943 311
	15 310 631	5 000 000	20 310 631

Hlutafé í Kreditkortum hf. var endurmetið með hliðsjón af eiginfjárstöðu fyrirtækisins í árslok 1986. Endurmatshækkunin var færð á endurmatsreikning. Hækkun eignarhluta í Reiknistofu bankanna er gerð samkvæmt upplýsingum um hagnað, og er færð til tekna í rekstrarreikningi.

VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR:

10. Við mat á varanlegum rekstrarfjármunum bankans þann 30. apríl 1987 er staðgreiðsluverð lagt til grundvallar mati á fasteignum og lausafé Útvegsbanka Íslands. Heildaráhrif matsbreytinga til lækkunar á eignum bankans nema 32.773 þús. kr. Aftur á móti hefur mynt- og málverkasafn bankans verið hækkað frá bókfærðu verði um 11.228 þús. kr., en mynt- og málverkasafn er eignfært meðal annarra eignaliða. Nettó áhrif matsbreytinganna nema því 21.545 þús. kr.

Fasteign bankans við Digranesveg 5 í Kópavogi var seld í marsmánuði til ríkissjóðs á 77.320 þús. kr.

	þús. kr.
Brunabótamat fasteigna 30/4 1987 nemur	490 360
Bókfært verð fasteigna án lóða 30/4 1987 nemur	343 339
Fasteignamat fasteigna 1/12 1986, 199.210 x 305/285	213 189

	Fasteignir	Áhöld og búnaður	Bifreiðar	Samtals
Heildarverð 1/1 1987	652 003 863	285 755 717	5 193 363	942 952 943
Endurmat til 30/4 1987	27 458 794	13 728 138	222 775	41 409 707
Keypt á tímabilinu	3 134 575	2 825 968	382 500	6 343 043
Selt á tímabilinu	(126 035 585)	0	(2 193 739)	(128 229 324)
	556 561 647	302 309 823	3 604 899	862 476 369
Fengnar fyrningar 1/1 1987	167 170 142	188 363 391	1 774 726	357 308 259
Endurmat til 30/4 1987	7 021 519	9 003 774	49 830	16 075 123
Fyrning færð út	(32 528 913)	0	(1 051 860)	(33 580 773)
Fyrning 1987	3 847 099	10 210 811	325 553	14 383 463
	145 509 847	207 577 976	1 098 249	354 186 072
	411 051 800	94 731 847	2 506 650	508 290 297
Eignarlóðir:				
Heildarverð 1/1 1987	57 625 000			
Endurmat til 30/4 1987	2 029 000			59 654 000
Bókfært verð 30/4 fyrir matsbreytingu	470 705 800	94 731 847	2 506 650	567 944 297
Matsbreyting 30/4 1987	(57 460 800)	24 990 153	(302 650)	(32 773 297)
BÓKFÆRT HEILDARVERÐ 30/4 1987	413 245 000	119 722 000	2 204 000	535 171 000

Skipting fasteignareiknings:

Fasteignir	343 339 000
Eignarlóðir	61 670 000
Leigulóðir	8 236 000

SKATTAMÁL:

11. Skattar vegna rekstrarársins 1987, landsútsvar, sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði og atvinnutryggingar, hafa verið reiknaðir og færðir í reikningsskilin. Skattur af gjaldeyrissölu er gjaldfærður miðað við greiðsluár.

Reiknaðir skattar ársins sundurliðast þannig:

	Kr.
Sérstakur skattur	1 059 318
Atvinnutryggingar	2 852 825
Landsútsvar	1 033 321
	4 945 464
Eftirstöðvar reiknaðra skatta 1986	11 421 552
	16 367 016

Yfirfæranlegt tap greinist þannig:

Tap frá fyrra ári 699.819.661 x 1,1795	825 437 290
Tap skv. rekstrarreikningi	375 269 504
Leiðréttingar á rekstrarreikningi til samræmis við skattalög	(287 868 782)
Yfirfæranlegt tap	912 838 012
Tekjuskattsspörun 45%	410 777 105

Í lögum 7/1987 er kveðið á um að meta skuli yfirfæranlegt tap 30. apríl 1987 til verðs. Er svo litið á í þessum reikningsskilum að um sölu á yfirfæranlegu tapi sé að ræða og er söluverðið fært til tekna í rekstrarreikningi. Ekki er svo vitað sé, fordæmi um mat eða sölu á yfirfæranlegu tapi af þeirri stærð sem hér um ræðir. Enda er tekjuskattsspörun sem af þessu getur orðið, kr. 410.777.100 á verðlagi ársloka 1987.

Vegna þeirrar óvissu, sem ríkir um framtíðarskattspörun Útvegsbanka Íslands hf.verður matið einvörðungu gert á gefnum forsendum um framtíðarhagnað. Til grundvallar er lagt meðaltal hagnaðar viðskiptabanka fyrir skatta, sem var 7 ½% sl. 3 ár. Gert er ráð fyrir að yfirfæranlega tapið nýtist að fullu, og miðast afvöxtun við 10% ávöxtunarkröfu. Þessar forsendur leiða til varlegs mats á eignfærðri tekjuskattsvild, eða kr. 190.000.000. Við mat á tekjuskattsvild er þannig horft til möguleika Útvegsbanka Íslands hf. um nýtingu tapsins, þar sem söluverð í hendi Útvegsbanka Íslands er ekki þekkt.

EIGIÐ FÉ:

12. Ójafnað tap 30. apríl 1987 nemur kr. 384.264.136. Ríkissjóður Íslands mun jafna þetta tap með útgáfu skuldabréfs til Útvegsbanka Íslands hf. Eins og fram kemur í skýringunum hafa breyttar reikningsskilaaðferðir áhrif á endanlegt ójafnað tap. Vegna umfangs lokaskilanna er ekki hægt að greina sérstaklega áhrif vegna fráhvarfs frá reikningsskilavenjum, sem beitt var við gerð síðasta ársreiknings.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárliðum 1987 greinast þannig:

	Stofnfé	Endurmat	Ójafnað tap	Samtals
Eigið fé 1/1 1987	50 073 154	0	(46 950 084)	3 123 070
Endurmat eigna		25 334 584		25 334 584
Endurmat lóða		2 029 000		2 029 000
Hlutafé í Kreditkort hf. endurmetið		2 000 000		2 000 000
Verðbreytingarfærsla		(41 151 510)		(41 151 510)
Fyrning til meðalverðlags		(329 776)		(329 776)
Millifært	(50 073 154)	(12 117 702)	37 955 452	
Tap skv. rekstrarreikningi			(375 269 504)	(375 269 504)
	0	0	(384 264 136)	(384 264 136)

ÁBYRGÐIR UTAN EFNAHAGS:

13. Á bankanum hvíla ábyrgðir vegna viðskiptamanna er nema 1 209 704 þús. kr., en þar af eru 894.596 þús. kr. háðar gengisáhættu.

⋆ Bankinn er í sérstakri ábyrgð gagnvart Seðlabanka Íslands vegna stofnfjárframlags ríkissjóðs 1981. Ábyrgðin er óverðtryggð og er nú að nafnverði 35.986 þús. kr.

SUNDURLIÐANIR Á REKSTRARKOSTNAÐI:

14. Rekstrarkostnaður bankans, annar en vaxtagjöld, sundurliðast eins og hér greinir.

	1987
	Kr.
LAUN OG TENGD GJÖLD:	
Laun	116 233 485
Eftirlaun í bankanum	4 083 683
	120 317 168
Lífeyrissjóðstillag	6 740 862
Aukatillag	5 292 479
Launaskattur	4 691 110
Atvinnutryggingar	2 880 378
Áunnið orlof	6 462 954
Annað	4 176
	26 071 959
Laun og tengd gjöld alls	146 389 127
AÐKEYPT ÞJÓNUSTA:	
Tölvuþjónusta	10 757 811
Póstur og sími	7 054 059
Auglýsingar	6 021 015
Aðkeyptur akstur	2 075 276
Tryggingagjöld	(34 432)
Sérfræðiþjónusta	10 562 691
Annað	1 210 275
Aðkeypt þjónusta alls	37 646 695

	1987
ÖNNUR REKSTRARGJÖLD:	Kr.
Rekstur varanlegra fastafjármuna:	
Viðhald og viðgerðir	4 871 694
Hiti og rafmagn	2 346 173
Fasteignagjöld	1 517 562
Sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði	1 059 318
Ræstingarverktakar og hreinlætisvörur	2 057 914
Annað	648 177
	12 500 838
Önnur rekstrargjöld:	
Pappír, fagbækur, blöð og annað	4 532 626
Prentun tékkhefta o.fl.	3 289 676
Mötuneyti og kaffistofa	1 930 105
Ferðakostnaður	1 519 411
Gestamóttaka og risna	1 637 124
Þjálfun starfsfólks	751 821
Annað	7 503 955
	21 164 718
Önnur rekstrargjöld alls	33 665 556

SUNDURLIÐUN ÓREGLULEGRA LIÐA:

⋆ Önnur gjöld og matsbreytingar vegna slita greinast þannig:

	Kr.
Mat á lífeyrisskuldbindingum bankastjóra	221 700 000
Lækkun á bókfærðu verði fastafjármuna	32 773 297
Biðlaun bankastjóra og tengd gjöld	13 265 819
Bókhald, reikningsskil og annar tengdur slitakostnaður	15 695 577
	283 434 693

Aðrar tekjur og matsbreytingar vegna slita greinast þannig:

	Kr.
Mat á tekjuskattsvild	190 000 000
Sjóður vegna lífeyrisskuldbindinga	65 968 161
Offærð afskrift vegna Hafskips hf.	33 514 263
Hækkun á bókfærðu verði mynt- og málverkasafns	11 227 930
Annað	479 394
	301 189 748

EIGNIR OG SKULDIR HÁÐAR GENGIS- OG VERÐTRYGGINGARÁHÆTTU:

15. Skipting gengisáhættu og verðtryggingar í eigna- og skuldahlið efnahagsreiknings bankans greinist þannig:

EIGNIR:	1987	1986	Breyting
Háðar gengisáhættu ..... þús. kr.	4 526 685	4 136 683	390 002
Bundnar verðtryggingu ..... þús. kr.	1 972 891	1 938 890	34 001
	6 499 576	6 075 573	424 003
SKULDIR:			
Háðar gengisáhættu ..... þús. kr.	4 504 970	4 735 400	(230 430)
Bundnar verðtryggingu ..... þús. kr.	1 157 830	1 012 672	145 158
	5 662 800	5 748 072	(85 272)
BREYTING INNAN TÍMABILSINS	836 776	327 501	509 275

Innlánsreikningar með skiptikjörum, þ.e. svonefndir ábótareikningar, eru ekki taldir með í framangreindu yfirliti, en þessi innlán nema 1.856.397 þús. kr.

GREINARGERÐ UM STARFSEMI ÚTVEGSBANKA ÍSLANDS FRÁ JANÚAR TIL APRÍL 1987

Alþingi samþykki í marsmánuði 1987 lög nr. 7/1987 um að ríkisstjórn Íslands beitti sér fyrir stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands. Í 12. gr. nefndra laga er kveðið á um að hlutafélagsbankinn yfirtaki eignir og skuldir Útvegsbanka Íslands hinn 1. maí 1987 og telst Útvegsbanki Íslands niður lagður frá og með þeim degi. Í ákvæðum til bráðabirgða skv. lögum 7/1987 segir að umboð bankaráðs Útvegsbanka Íslands skuli haldast þar til hlutafélagsbanki sbr. 1. gr. yfirtaki starfsemi bankans, sbr. 1. mgr. 12. gr., en fellur þá niður.

Viðskiptaráðuneytið ritaði bankaráði og bankastjórn Útvegsbanka Íslands bréf 24. júní 1987, þar sem nefndum aðilum var falið sérstakt verkefni í tengslum við lokauppgjör Útvegsbanka Íslands. Með bréfi fyrrverandi bankastjórnar Útvegsbanka Íslands dags. 7. september 1987 er gerð grein fyrir, af hálfu bankastjórnar, að þeir hafi lokið störfum. Þá ritaði fyrrverandi bankaráð Útvegsbanka Íslands bréf dags. 16. desember 1987, þar sem bankaráðið lítur svo á, að störfum þeirra sé lokið sbr. bréf viðskiptaráðuneytisins frá 24. júní 1987, þrátt fyrir það að reikningsskilum bankans sé ekki lokið. Með bréfi viðskiptaráðuneytisins dags. 5. ágúst 1987 tilnefndi viðskiptaráðherra í samráði við fjármálaráðherra þá Svein Björnsson, skrifstofustjóra í viðskiptaráðuneytinu ásamt Sigurði Þórðarsyni, þáverandi skrifstofustjóra í fjármálaráðuneytinu til að gæta hagsmuna ríkissjóðs vegna lokauppgjörs Útvegsbanka Íslands.

Reikningsskil Útvegsbanka Íslands þann 30. apríl 1987 eru gerð með nokkrum öðrum hætti en ársreikningar fyrri ára. Í því sambandi vísast til skýringa með ársreikningi, en helstu frávik eru:

* Í fyrsta lagi eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á matsverði skv. lögum nr. 7/1987 um Útvegsbanka Íslands.
* Í öðru lagi er færður sérstakur eignaliður sem nefnist kyrrstæð útlán að fjárhæð 1,5 milljarður króna. Á móti kyrrstæðum útlánum er fært á afskriftareikning 417 milljónir króna.
* Í þriðja lagi eru lífeyrisskuldbindingar vegna bankastjóra færðar til skuldar og gjalda að fjárhæð 222 milljónir króna. Mat á fjárskuldbindingu vegna lífeyrisréttinda er byggt á útreikningum tryggingafræðings.
* Í fjórða lagi er sbr. lög 7/1987 lagt mat á tekjuskattsspörun Útvegsbanka Íslands hf. vegna yfirtöku á yfirfæranlegu rekstrartapi liðinna ára frá Útvegsbanka Íslands. Fjárhæð þessi nemur 190 milljónum króna sem færð er til tekna og eignar.

Heildartap Útvegsbanka Íslands nam 375 milljónum króna. Rekstrartekjur námu 651 milljón króna en rekstrargjöld 724 milljónum króna, og er því tap á reglulegri starfsemi bankans 1. janúar til 30. apríl 1987, 73 milljónir króna. Vaxtatekjur urðu 103 milljónum hærri en vaxtagjöld. Tap vegna óreglulegra liða nam 302 milljónum króna sem greinast þannig, að afskriftir útlána námu 304 milljónum króna, tap vegna sölu fasteigna nam 16 milljónum króna, en á móti kom 18 milljón króna tekjufærsla vegna matsbreytinga o.fl. í tengslum við slit Útvegsbanka Íslands.

Heildarlaunagreiðslur á tímabilinu námu 146 milljónum króna og störfuðu að meðaltali um 350 starfsmenn hjá Útvegsbanka Íslands.

Eigið fé Útvegsbanka Íslands þann 30. apríl 1987 er neikvætt um 384 milljónir króna. Breytingar á eigin fé frá árinu 1982 til 30. apríl 1987, eins og það er bókfært í lok hvers árs, greinast þannig:

ÁR	MILLJ.KR.	BREYTINGAR	FRÁ ÁRINU 1982
1982	195,9		
1983	365,7	169,8	169,8
1984	423,9	58,2	228,0
1985	90,0	(333,9)	(105,9)
1986	3,1	(86,9)	(192,8)
1987 1. apríl	(384,0)	(387,1)	(579,9)

Með lagasetningu um Útvegsbanka Íslands er kveðið á um í 4. gr. að viðskiptaráðherra skipi sérstaka matsnefnd til að meta eiginfjárstöðu Útvegsbanka Íslands miðað við þann dag sem hlutafélagsbankinn yfirtekur starfsemi bankans. Samkvæmt því mun hin endanlega yfirtaka hins nýja hlutafélagsbanka á eignum og skuldum Útvegsbanka Íslands fara eftir niðurstöðum matsnefndarinnar, en samkvæmt efnahagsreikningi 30. apríl 1987 er eigið fé neikvætt um 384 milljónir króna, sem ríkissjóður er ábyrgur fyrir. Ríkissjóður skal greiða þann mismun og er honum heimilt að inna greiðsluna af hendi með útgáfu skuldabréfs til 10 ára til hins nýja hlutafélagsbanka. Þessu til viðbótar tekur ríkissjóður á sig skuldbindingar vegna Eftirlaunasjóðs starfsmanna Útvegsbanka Íslands. Samkvæmt mati tryggingafræðings var áætlað að þessar skuldbindingar næmu í árslok 1985 á bilinu 400 til 500 milljónir króna.

Þar sem nokkur óvissuatriði og álitamál tengjast mati á skattalegu hagræði og lífeyrisskuldbindingu vegna fyrrverandi bankastjóra, sem m.a. varðar ávöxtun á framtíðargreiðslu ríkissjóðs, er það álit okkar, að til greina komi að gera sérstakan samning milli ríkissjóðs annars vegar og hins nýja banka hins vegar er snýr að að endanlegu uppgjöri þessara mála.

Efnahagsreikningur fyrir Útvegsbanka Íslands þann 30. apríl 1987 og rekstrarreikningur fyrir tímabilið janúar til apríl 1987 eru áritaðir af þingkjörnum endurskoðendum Útvegsbanka Íslands, ríkisendurskoðanda og staðfestur af viðskiptaráðherra.

Reykjavík, 21. mars 1988.

Sveinn Björnsson,
fulltrúi viðskiptaráðuneytis.

Sigurður Þórðarson,
fulltrúi fjármálaráðuneytis.

VIÐAUKI MEÐ SKÝRSLU VIÐSKIPTARÁÐHERRA TIL ALÞINGIS UM ÚTVEGSBANKA ÍSLANDS

Greinargerð Jóns Sigurðssonar viðskiptaráðherra varðandi álit matsnefndar á eignum og skuldum Útvegsbanka Íslands.
(30. apríl 1987.)

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 7/1987, um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands, skipaði fyrrverandi viðskiptaráðherra nefnd til að meta eiginfjárstöðu Útvegsbankans á yfirtökudegi hins nýja hlutafélagsbanka, 1. maí 1987. Í nefndina voru skipaðir Arnljótur Björnsson prófessor, formaður, Ragnar Hafliðason, löggiltur endurskoðandi, og Stefán Svavarsson, löggiltur endurskoðandi. Nefndin hefur nú lokið störfum og niðurstöður hennar hafa nú verið lagðar fyrir Alþingi í sérstakri skýrslu sem einnig geymir lokaskilareikning Útvegsbanka Íslands 30. apríl 1987 og greinargerð gæslumanna hagsmuna ríkisins við lokauppgjör bankans, Sigurðar Þórðarsonar vararíkisendurskoðanda og Sveins Björnssonar, skrifstofustjóra í viðskiptaráðuneytinu.

Í lögunum og erindisbréfi fyrrverandi viðskiptaráðherra til matsnefndarinnar eru ákveðin fyrirmæli um það hvernig hún skuli standa að matinu. Jafnframt kveða lögin á um að mat nefndarinnar sé endanlegt og því verði ekki breytt nema með lögum.

Þau atriði varðandi eiginfjárstöðu Útvegsbanka Íslands, sem nefndin hefur metið til fjár, eru:

— Fasteignir og lausafé.
— Afskriftir útlána Útvegsbanka Íslands sem talin er hætta á að tapist.
— Skattalegt hagræði vegna tapreksturs Útvegsbanka Íslands á undanförnum árum sem flyst til hlutafélagsbankans.
— Lífeyrisskuldbindingar vegna fyrrverandi bankastjóra Útvegsbanka Íslands sem hlutafélagsbankinn yfirtekur.

Samkvæmt lögunum tekur ríkissjóður á sig skuldbindingar eftirlaunasjóðs starfsmanna Útvegsbanka Íslands og var nefndinni ekki falið að meta þær. Í erindisbréfi nefndarinnar var einnig sérstaklega tekið fram að viðskiptavild Útvegsbanka Íslands skyldi ekki metin.

Mat nefndarinnar á þeim liðum, sem henni var falið að fjalla um, lækkar eigið fé bankans um 357 milljónir króna frá því sem það er í reikningsskilum bankans í árslok 1986. Þessi fjárhæð skiptist þannig (í millj. kr.):

1. Fasteignir og lausafé	21
2. Afskriftir útlána	304
3. Skattalegt hagræði	190
4. Lífeyrisskuldbindingar	222
Samtals	357

Í áliti sínu leggur nefndin ríka áherslu á að niðurstöður hennar séu ekki einhlítar. Þetta á ekki síst við um mat hennar á svonefndu skattalegu hagræði. Hér skiptir mestu máli hver hagnaður hlutafélagsbankans verður á næstu árum þar sem það ræður úrslitum um hvernig bankanum nýtist þetta skattalega hagræði. Í raun telur nefndin að til greina hefði komið að sleppa þessum þætti í matinu. Frá sjónarmiði ríkisins breytti litlu þótt þetta skattalega hagræði væri ekki talið Útvegsbanka Íslands til eigna þar sem ella kæmu á móti auknar skattgreiðslur hlutafélagsbankans í framtíðinni. Uppsafnað tap Útvegsbanka Íslands reyndist við lokauppgjör vera 913 milljónir króna og metur nefndin það til 190 milljóna króna í skattalegu hagræði.

Nefndin kynnti sér tryggingar fyrir stærstum hluta útlána Útvegsbanka Íslands. Niðurstaða hennar er að vafasamt sé að það takist að innheimta nema hluta útlána til allmargra aðila sem eru nú þegar gjaldþrota eða ramba á barmi gjaldþrots. Hún mat afskriftaþörf vegna þessa 304 milljónir króna en áður höfðu 134 milljónir króna verið færðar á afskriftareikning. Ríkissjóður og Útvegsbanki Íslands hf. gerðu með sér samkomulag 27. desember sl. þar sem lokauppgjöri vegna þessara útlána Útvegsbanka Íslands var frestað til ársloka 1988. Nokkur óvissa ríkir því enn um hver fjárhæð tapaðra útlána verður að lokum.

Við mat á skuldbindingum vegna lífeyrisgreiðslna til fyrrverandi bankastjóra Útvegsbanka Íslands fór nefndin eftir áliti tryggingafræðings á því hvað fælist í lífeyrisréttindum bankastjóranna og var niðurstaðan 222 milljónir króna miðað við uppgjörsdag.

Niðurstaða nefndarinnar er sú að 30. apríl 1987 hafi skuldbindingar Útvegsbanka Íslands umfram eignir numið um 384 milljónum króna og því beri ríkissjóði skv. 4. gr. laga nr. 7/1987 að greiða hlutafélagsbankanum þessa fjárhæð til þess að eigið fé hans við upphaf reksturs nemi 1 milljarði króna. Ríkissjóður getur innt þessa greiðslu af hendi með skuldabréfi til tíu ára. Aðrir þættir í lokauppgjöri Útvegsbanka Íslands en þeir sem hér hefur verið um fjallað skýra þann mun sem er á lækkun eigin fjár vegna mats nefndarinnar á einstökum skulda- og eignaliðum og þeirri fjárhæð sem ríkissjóði ber að greiða hlutafélagsbankanum, þ.e. á 357 milljónum króna og 384 milljónum króna.

Af þessu er ljóst að tap ríkisins af Útvegsbanka Íslands er töluvert meira en áður hefur verið talið. Þegar nefndin var skipuð var ekki búist við því að niðurstöður hennar mundu leiða til verulegra viðbótarútgjalda fyrir ríkissjóð heldur var gert ráð fyrir því að tap ríkisins vegna Útvegsbanka Íslands stafaði fyrst og fremst af tvennu sem þegar lá ljóst fyrir við skipun nefndarinnar. Í fyrsta lagi af tapi eigin fjár bankans á árunum 1985 og 1986, en í árslok 1984 var eigið fé Útvegsbanka Íslands 424 milljónir króna sem svarar til um 700 milljóna króna á verðlagi á uppgjörsdegi. Í öðru lagi af yfirtöku ríkissjóðs skv. 6. gr. laga nr. 7/1987 á skuldbindingum eftirlaunasjóðs starfsmanna Útvegsbanka Íslands sem hafa verið lauslega áætlaðar 500–600 milljónir króna. Upphaflega var því talið að heildartap ríkisins af Útvegsbanka Íslands næmi 1,2–1,3 milljörðum króna en nú er það áætlað á bilinu 1,6–1,7 milljarðar króna nema til komi breyting á ákvæðum laganna um yfirtöku ríkissjóðs á skuldbindingum bankans.

Á móti kemur að verðmæti hlutabréfa ríkissjóðs og Fiskveiðasjóðs í Útvegsbanka Íslands hf., sem nú er að nafnverði 964 milljónir króna, hefur aukist. Það stafar af þrennu. Í fyrsta lagi minnkar útlánaáhætta Útvegsbanka Íslands hf. verulega vegna þess að ótrygg útlán verða að stórum hluta afskrifuð. Í öðru lagi er rekstrarstaða Útvegsbanka Íslands hf. að ýmsu leyti betri en annarra banka þar sem létt hefur verið af honum lífeyrisskuldbindingum sem aðrir bankar bera. Í þriðja lagi var afkoma Útvegsbanka Íslands hf. góð þá átta mánuði sem hann starfaði á síðasta ári og jafnframt eru framtíðarhorfur um rekstur hans taldar vænlegar. Þegar að því kemur að bjóða hlutabréf ríkisins í Útvegsbanka Íslands hf. til sölu á ný verður tekið tillit til þessara atriða.

Ed. 748. Frumvarp til laga [402. mál]

um breytingu á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

26. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 38/1987, orðist svo:

Sveitarstjórn skal ákveða fyrir 1. desember ár hvert hvaða hundraðshluti verður lagður á tekjur manna á næsta ári, sbr. 1. mgr. 25. gr.

Ákvörðun sveitarstjórnar skal tilkynna fjármálaráðuneytinu eigi síðar en 15. desember á sama ári.

Skil á staðgreiðslufé til sveitarfélagsins skulu vera sami hundraðshluti og álagningarhlutfallið skv. 1. mgr.

Sá hundraðshluti, sem sveitarstjórn hefur ákveðið, skal notaður við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs og vera endanlegt álagningarhlutfall útsvars í sveitarfélaginu, sbr. þó 5. og 6. mgr.

Nú kemur í ljós að tekjur sveitarsjóðs hrökkva ekki fyrir útgjöldum og er þá sveitarstjórn heimilt að hækka útsvar frá því er ákveðið var skv. 1. mgr. um allt að 10%. Á sama hátt getur sveitarstjórn lækkað útsvar um allt að 10%.

Ef sveitarfélag kemst í fjárþröng er sveitarstjórn heimilt að leggja sérstakt álag á útsvör ársins, sbr. 90. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.

Tilkynning um breytingar á útsvari, sbr. 5. og 6. mgr., skal senda skattstjóra og ríkisskattstjóra eigi síðar en 31. mars á álagningarári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við ákvörðun um álagningu og innheimtu útsvars á tekjur manna á árinu 1988 skulu gilda ákvæði 26. gr. laga nr. 73 26. nóvember 1980, með breytingum sem gerðar hafa verið á þeim lögum fram að gildistöku þessara laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði. Í nefndinni voru: Indriði H. Þorláksson skrifstofustjóri, Sigurgeir Sigurðsson, formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri sem var formaður nefndarinnar.

Aðalmarkmið frumvarpsins er að flytja ákvörðun um innheimtuhlutfall útsvara til sveitarfélaganna sjálfra, en samkvæmt núgildandi lagaákvæðum er innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu ákveðið í reglugerð sem félagsmálaráðherra setur.

Til þess að ná þessu markmiði þarf að breyta 26. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga. Einnig þarf að gera nokkrar breytingar á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og verður frumvarp um það efni flutt samhliða þessu frumvarpi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til í 1. mgr. að sveitarstjórn ákveði fyrir 1. desember ár hvert álagningarhlutfall útsvars á tekjur manna á næsta ári innan þeirra marka sem sett eru í 25. gr.

Í 3. mgr. er lagt til að skil á staðgreiðslufé til sveitarfélagsins skulu vera sami hundraðshluti og álagningarhlutfallið skv. 1. mgr.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir að sá hundraðshluti, sem sveitarstjórn hefur ákveðið skv. 1. mgr., verði að öðru jöfnu endanlegt álagningarhlutfall útsvars í sveitarfélaginu og verði notað við gerð fjárhagsáætlunar.

Í fyrstu fjórum málsgreinunum felast einkum eftirfarandi breytingar:

1. Afskiptum félagsmálaráðherra af ákvörðun innheimtuprósentu útsvars er hætt.
2. Álagningarhlutfall útsvars á tekjur manna á komandi ári er ákveðið fyrir 1. desember árið á undan, en áður var þetta hlutfall ekki ákveðið fyrr en við gerð fjárhagsáætlunar.
3. Gert er ráð fyrir að skil á staðgreiðslufé til sveitarfélaga verði sami hundraðshluti og álagningarhlutfallið, sbr. þó 5. og 6. mgr., en áður var ekki reiknað með að þessi hlutföll væru endilega þau sömu.

Í 5. mgr. er lögð til sú breyting að ekki þurfi samþykki félagsmálaráðherra fyrir sérstakri hækkun útsvara.

Ákvæði 6. og 7. mgr. eru efnislega óbreytt frá því sem nú er.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða eru tekin af öll tvímæli um að við álagningu og innheimtu útsvars á tekjur manna til ársloka 1988 skulu gilda ákvæði núgildandi laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Ed. 749. Frumvarp til laga [403. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna orðist svo:

Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt og hlutfall útsvars, og skal það vera hið sama á öllu landinu, og ákveðið í samræmi við ákvarðanir sveitarstjórna skv. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum. Hafi sveitarfélag ekki tilkynnt ákvörðun sína í tæka tíð skv. 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1980 skal miða við fyrra árs ákvörðun þess.

2. gr.

Við 1. mgr. 32. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðist svo: Þrátt fyrir það að innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu sé hið sama á öllu landinu, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal við skiptingu og skil bráðabirgðagreiðslu utsvars til sveitarfélaga miðað við þann hundraðshluta, sem hver sveitarstjórn hefur ákveðið að verði álagningarhlutfall útsvars í sveitarfélaginu, sbr. 26. gr. laga nr. 73/1980, með síðari breytingum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1989.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 8. febrúar 1988, skipaði félagsmálaráðherra starfshóp til að gera tillögu að breytingu á 26. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga. Breytingin átti að fela það í sér að ákvörðun og ábyrgð á innheimtuhlutfalli útsvars yrði í höndum sveitarstjórnarmanna sjálfra. Í starfshópinn voru skipaðir Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri, Indriði H. Þorláksson skrifstofustjóri og Sigurgeir Sigurðsson bæjarstjóri.

Starfshópurinn velti fyrir sér ýmsum leiðum til að ná umræddu markmiði. Í ljós kom að af hálfu „skattkerfisins" var lögð mikil áhersla á að halda reglum um staðgreiðslu skatta sem einföldustum og m.a. að innheimtuhlutfall í staðgreiðslu yrði hið sama fyrir allt landið.

Starfshópurinn skilaði tillögum sínum til félagsmálaráðherra hinn 9. mars sl. Í tillögum hans er reynt að samræma þessi tvö sjónarmið, þ.e. að hafa eitt innheimtuhlutfall í staðgreiðslu fyrir allt landið og að sveitarfélögin fái það í sinn hlut sem sveitarstjórnin sjálf ákveður. Af þessu sökum gengu tillögur starfshópsins í þá átt að þegar fjármálaráðherra ákveður, samkvæmt heimild í 32. gr. laga nr. 45/1987, með síðari breytingum, hvernig skiptingu á bráðabirgðagreiðslu útsvars til sveitarfélaga skuli hagað, verði miðað við þann hundraðshluta sem hver sveitarstjórn hefur ákveðið að verði álagningarhlutfall útsvars í sveitarfélaginu, sbr. 26. gr. laga nr. 73/1980, með síðari breytingum.

Starfshópurinn samdi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, þar sem gerðar eru breytingar á 26. gr. laganna til að ná framangreindu markmiði.

Starfshópurinn taldi að til samræmis þyrfti að gera nokkrar breytingar á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Starfshópurinn samdi því frumvarp þetta sem hér liggur fyrir og þyrfti að afgreiða það samhliða breytingum á lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. gildandi laga er það félagsmálaráðherra sem ákveður innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er að því stefnt með þessu frumvarpi að ákvörðun um innheimtuhlutfall útsvars verði byggð á ákvörðunum sveitarfélaga um það hvaða útsvarsprósentur þau ætla í reynd að nota á viðkomandi staðgreiðsluári. Gert er ráð fyrir því að sveitarstjórn ákveði fyrir 1. desember ár hvert með hvaða hundraðshluta útsvar verði lagt á tekjur manna á næsta ári og að þessi ákvörðun verði tilkynnt fjármálaráðuneytinu eigi síðar en 15. desember sama ár. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu verði síðan ákveðið sem vegið meðaltal af ákvörðunum allra sveitarstjórna og þá miðað við útsvarsálagningu fyrra árs. Samkvæmt þessari grein er innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu hið sama á öllu landinu.

Um 2. gr.

Í gildandi lögum segir að innheimtuhlutfall í staðgreiðslu sé hið sama fyrir allt landið og eru skil til sveitarfélaganna allra reiknuð út frá sama hlutfalli. Lagt er til í þessari grein að sú breyting verði gerð að við skiptingu og skil bráðabirgðagreiðslu útsvars til sveitarfélaga verði miðað við þann hundraðshluta sem sveitarstjórn hefur ákveðið að sé álagningarhlutfall útsvars í sveitarfélaginu. Samkvæmt 32. gr. laga nr. 45/1987 setur fjármálaráðherra reglur um uppgjör, skil og skiptingu bráðabirgðagreiðslu opinberra gjalda og getur því ákveðið við hvaða hundraðshluta skil á bráðabirgðagreiðslu útsvars verði miðuð til viðkomandi sveitarfélags ef það sinnir ekki tilkynningarskyldu sinni skv. 26. gr. laga nr. 73/1980, með síðari breytingum.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Nd. 750. Frumvarp til laga [404. mál]

um breytingu á lögum nr. 63 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson, Ingi Björn Albertsson.

1. gr.

1. og 2. mgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Ekki mega opinberir aðilar né einkaaðilar semja um að taka lán erlendis nema með samþykki ríkisstjórnar. Til lána telst í þessu sambandi einnig hvers konar greiðslufrestur á þjónustu, svo og leigusamningar. Greiðslufrestur á vörum fellur ekki undir þetta ákvæði.

Viðskiptaráðuneytið setur, að höfðu samráði við Seðlabankann, reglur um erlendar lántökur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, ásamt með tilheyrandi reglugerðum er kveðið á um að vörur megi ekki flytja til landsins nema greiðsla hafi verið innt af hendi eða tryggð með öðrum hætti, svo sem með lántöku eða greiðslufresti. Í frumvarpi þessu er með vörum einnig átt við vélar og tæki.

Talsverð umræða hefur á undanförnum missirum orðið um að breyta þessu fyrirkomulagi enda hefur það í för með sér bæði aukinn kostnað og óhagræði borið saman við það sem tíðkast í öðrum löndum. Flutningsmenn þekkja ekki dæmi um sambærilegt fyrirkomulag á innflutningi meðal annarra þjóða sem bornar verða saman við Íslendinga að lífskjörum og menningu.

Í þessu sambandi ber sérstaklega að benda á eftirfarandi:

1. Óeðlilegt er að íslensk stjórnvöld taki að sér að sjá um viðskipti íslenskra manna við erlenda á þennan hátt. Íslenskir útflytjendur geta hvergi í heiminum fengið stjórnvöld til að tryggja sér greiðslu á þennan hátt. Svona viðskipti þekkjast einfaldlega ekki.
2. Lög þau og reglur, sem hér um ræðir, tryggja á engan hátt, svo sem þeim virðist ætlað, aðhald að innflutningi og þenslu. Á síðasta ári jókst innflutningur um 28% og viðskiptahalli við útlönd er mjög mikill. Landið er yfirfullt af hvers konar varningi og ræður kaupmátturinn í landinu mestu um í hve miklum mæli hann selst.
3. Hins vegar eykur þetta fyrirkomulag kostnað og hækkar vöruverð. Svo sem alkunna er eru vörur fluttar til landsins og „liggja á hafnarbakka“ þar til innflytjandi getur innt greiðslur af hendi í samræmi við lög og reglur. Þetta þýðir í reynd:
   a. Að greiðslufrestur erlendra framleiðenda og seljenda er nýttur í raun en kemur ekki að notum við lækkun vöruverðs.
   b. Skipafélög og aðrir flutningsaðilar þurfa að koma sér upp viðamiklum vörugeymslum. Geymslukostnaður er mikill. Fjárfesting og vinnuafl við geymslurnar, umsjón, eftirlit og jafnvel tjón hækka vöruverð.
4. Svo sem kunnugt er greiða smásölukaupmenn innflytjendum með svokölluðum vöruvíxlum. Heildsalar og innflytjendur selja þessa víxla í banka í því skyni að afla fjár til þess að leysa út nýjar sendingar. Bankar kaupa vöruvíxla á gengi sem þeir ákveða og kostnaður við þessi „lánsviðskipti“ nemur um 50% á ársgrundvelli. Eðlilega leggst þessi

kostnaður ofan á vöruverð. Lán hins erlenda framleiðanda eða seljanda nýtast hins vegar ekki, en í mörgum tilvikum er hægt að fá greiðslufrest nokkra mánuði án kostnaðar.

5. Vörukaupavíxlar eru umfangsmikill þáttur í starfsemi íslenskra banka og ein skýringin á útþenslu kerfisins. Samdráttur í vöruvíxlakaupakerfi bankanna mundi draga úr umsvifum þeirra og valda umtalsverðum sparnaði.
6. Talið er að um 70% af heildarinnflutningi falli undir heimiluð vörukaupalán. Í aðeins um helmingi tilvika er þó lánsheimildin nýtt. Árið 1986 var heildarinnflutningur um 46 milljarðar króna þannig að 30% innflutningsins, þ.e. sá hluti sem ekki nýtur heimildar til vörukaupalána, nemur 13,8 milljörðum króna. Miðað við fyrri reynslu gæti það þýtt um 7 milljarða króna vöruinnflutning á greiðslufresti á einu ári ef um helmingur tilvika nýtti heimildina. Ef miðað er við þriggja mánaða greiðslufrest mundi heildarupphæðin, sem um er að ræða og nýttist sem lán frá erlendum framleiðendum og seljendum, vera um 1,7–1,8 milljarðar króna. Líklegt er að það tæki um 1–2 ár að ná þessari upphæð í greiðslufresti.
7. Þensluáhrif er erfitt að meta en þau koma aðeins fram fyrst er breyting á sér stað. Í þessu sambandi má benda á áhrif innflutts fjármagns hjá kaupleigum sem ekki hefur verið talin ástæða til að amast við og eru líklega talsvert meiri og yfirdráttarheimildir sem heimilaðar hafa verið á ávísanareikningum og nema líklega hærri upphæð en hér um ræðir. Í þessu samhengi má einnig nefna greiðslukortin.
8. Ef að líkum lætur mundu vöruvíxlaviðskipti stórlega dragast saman ef frumvarp þetta verður að lögum. Það þýðir að þrýstingur minnkar á lánsfjármarkaði og vextir gætu lækkað.
9. Erlend lántaka er dýr. Líklegt er að bankakerfið gæti sparað erlend lán um sem svarar lánum erlendra framleiðenda og seljenda sem kæmu að notum ef frumvarp þetta verður að lögum. Lán þessara erlendu aðila eru ódýrari en önnur fáanleg lán, þau eru með lágum eða engum vöxtum.
10. Hið úrelta kerfi, sem við lýði er á Íslandi og varðar afskipti ríkisvalds af viðskiptum íslenskra og erlendra aðila við vöruinnflutning til landsins, er leifar af gömlu hafta- og stýrikerfi. Kerfi þetta leiðir af sér ýmiss konar óarðbæra starfsemi í þjóðfélaginu, svo sem vörugeymslukerfi flutningsaðila og vöruvíxlakaupakerfi bankanna. Bæði þessi kostnaðarsömu og óarðbæru kerfi væru óþörf í slíkum mæli sem þau eru ef skipan gjaldeyris- og viðskiptamála væri færð í nútímahorf svo sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir. Rétt er að benda á að nú er Seðlabankinn að koma upp umfangsmiklu eftirlitskerfi eftir að bankastimplun var afnumin. Hætt er við að þetta kerfi leiði til margra óarðbærra vinnustunda bæði í fyrirtækjum og stofnunum. Kerfi þetta yrði óþarft ef þetta frumvarp verður að lögum.
11. Þegar Alþingi breytti á síðsta þingi ákvæði í lögum nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, á þann veg að ekki þyrfti staðfestingu gjaldeyrisbanka svo að tollafgreiða mætti vöru voru flestir þeirrar skoðunar að verið væri að færa mál á þann veg sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir. Svo var þó ekki og mun hafa komið mörgum á óvart. Til þess að svo megi verða þarf að gera þá breytingu sem hér um ræðir.
12. Frumvarp þetta er skref í átt að meiri fríverslun og aðlögun að viðskiptaháttum helstu viðskiptaþjóða okkar.

Ed. 751. Frumvarp til laga [405. mál]

um breyting á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76 25. júní 1970.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Aftan við 76. gr. laganna komi ný málsgrein er orðist svo:
Ráðherra er á sama hátt heimilt að leyfa innflutning á lifandi gleráli.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Landbúnaðarráðherra hefur óskað eftir því við nefndina að hún flytji frumvarp þetta. Nefndin hefur fallist á að verða við tilmælum ráðherrans en einstakir nefndarmenn hafa fyrirvara á um afgreiðslu málsins.

Á undanförnum árum hefur áhugi á fiskeldi aukist mjög, bæði hér á landi og erlendis. Hingað til hefur athygli manna helst beinst að eldi laxfiska, en nú eru menn einnig farnir að huga að öðrum fisktegundum til eldis, ekki síst þeim sem unnt er að ala í fersku vatni allan eldisferilinn og eru enn fremur dýr markaðsvara.

Áll er sú tegund sem þá kemur til álita og eru ástæðurnar m.a. þessar:

a. Markaður fyrir ál til manneldis er nú góður í Evrópu, sérstaklega í Hollandi, Danmörku, Sviþjóð og Vestur- Þýskalandi. Einkum fæst hátt verð fyrir hann á tímabilinu frá desember til apríl þegar villtur áll veiðist ekki.
b. Verulegar horfur eru á að hér finnist svæði með nægri og ódýrri hitaorku sem e.t.v. nýtist ekki betur til annars. Þetta eykur líkurnar á hagkvæmni í álaeldi og er raunar grundvallaratriði hvað varðar samkeppnisaðstöðu okkar gagnvart öðrum þjóðum.

Enn sem komið er byggist álaeldi á því að veiða villtan glerál til eldis þegar hann gengur í ferskvatn úr sjó því að ekki hefur enn tekist að brúa á eldisferlinum skeiðið frá frjóvgun álahrogna til klaks og byrjunar á fóðrun. Enda þótt tekist hafi í tilraunastöð að ná álum í fullan kynþroska, frjóvga hrognin og klekja þeim út er enn eftir að útbúa fóður sem hentar hinum örsmáu álalirfum og koma þeim á átið. Talið er að enn kunni að líða mörg ár áður en álaeldi geti orðið óháð veiði glerála.

Til að ná árangri í eldi gleráls hér á landi þarf að flytja hann til landsins. En skv. 76. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, eins og greinin hljóðar nú, er óheimilt að flytja til landsins lifandi laxfiska eða annan fisk sem lifir í ósöltu vatni (þar með talinn lifandi glerál), en ráðherra er heimilt að uppfylltum vissum skilyrðum að leyfa innflutning lifandi hrogna slíkra fiska.

Á vegum fisksjúkdómanefndar hefur verið unnin ítarleg greinargerð um smithættu við innflutning á glerálum. Þar kemur fram að með ákveðnum aðgerðum megi draga úr líkum á að smit berist frá glerálum í íslenska laxfiska, enda hefur fisksjúkdómanefnd fyrir sitt leyti ekki lagst gegn því að gleráll yrði fluttur til landsins í tilraunaskyni, sbr. umsögn nefndarinnar, dags. 14. apríl 1985, sem birt er sem fylgiskjal með frumvarpi þessu. Í Vestmannaeyjum er áhugi á því að gera tilraun með álaeldi og virðist hentugt að byrja þar til að hægt sé að ganga úr skugga um sjúkdóma áður en áll kemst nær veiðiám. Koma mætti upp einangrunarstöð fyrir innfluttan glerál í Vestmannaeyjum.

Í 1. gr. þessa frumvarps er gert ráð fyrir þeirri undantekningu á núgildandi ákvæði 76. gr. að ráðherra geti með sömu skilyrðum og gilda um innflutning á lifandi hrognum þeirra

fisktegunda, sem óheimilt er að flytja til landsins, heimilað innflutning á lifandi gleráli, enda mæli fisksjúkdómanefnd með slíkum innflutningi og að gleráli, sem fluttur er til landsins, fylgi heilbrigðisvottorð viðkomandi yfirvalda.

Fylgiskjal.

Umsögn fisksjúkdómanefndar send til landbúnaðarráðuneytisins.
(14. apríl 1985.)

Fisksjúkdómanefnd hefur verið beðin að gefa umsögn um erindi frá Ísáli hf., dagsett 29. mars 1985, en þar er farið fram á að fá að flytja inn 20–30 kg af gleráli frá Bristol Channel Fisheries Ltd. í Gloucester en sá áll mun veiddur við Severn-ána.

Í þessu sambandi leyfir fisksjúkdómanefnd sér að vísa til umsagnar nefndarinnar sem send var hinu háa ráðuneyti 29. mars 1984 varðandi innflutning á álum.

Að athuguðu máli vill fisksjúkdómanefnd fyrir sitt leyti ekki leggjast gegn því að heimilað verði að flytja inn í tilraunaskyni 20–30 kg af gleráli frá ofangreindu fyrirtæki þegar lagaákvæði heimila slíkan innflutning. Þessi innflutningur þarf þó að vera háður þeim skilyrðum sem greind eru í áðurnefndri umsögn 29. mars 1984. Gildir það sérstaklega um heilbrigðisvottorð, efnislega eins og það sem nú fylgdi erindi Ísáls, sem gefið yrði út af Fish Disease Laboratory, The Nothe Weymouth Dorset, DT 48 UB, Weymouth.

Sótthreinsa þarf frárennsli sem berst frá þessum glerálum og sjúkdómseftirlit verður að fela dr. Sigurði Helgasyni og aðstaða öll samþykkt af honum fyrir fram.

Ítrekuð er sú skoðun nefndarinnar að forsenda fyrir þessum innflutningi sé breyting lagaákvæða um innflutning á vatnafiski.

Páll A. Pálsson.

Sþ. 752. Fyrirspurn [406. mál]

til samgönguráðherra um kaupskipaeign Íslendinga og leigu erlendra farskipa.

Frá Guðrúnu J. Halldórsdóttur og Danfríði Skarphéðinsdóttur.

1. Hvernig hefur þróunin verið í kaupskipaeign og farskiparekstri Íslendinga undanfarin tíu ár?
2. Hve mörg leigufarskip eru í þjónustu útgerðarfyrirtækjanna
   a. mönnuð Íslendingum,
   b. mönnuð erlendum sjómönnum?
   Hve mörg þeirra eru í áætlunarsiglingum, strandsiglingum og tímabundnum siglingum?
3. Hver var kostnaður við leigu viðkomandi skipa undanfarin tvö ár:
   a. í þurrleigu, þ.e. mönnuð Íslendingum,
   b. í tímaleigu, þ.e. mönnuð útlendingum?
4. Hefur íslenskum farmönnum fækkað eða fjölgað undanfarin tíu ár?
5. Hafa ráðstafanir verið gerðar til að koma í veg fyrir að íslenskir farmenn verði fyrir atvinnumissi vegna mikillar leiguskipatöku?

Sþ. 753. Fyrirspurn [407. mál]

til heilbrigðisráðherra um afkomu sjúkrahúsa á árinu 1987.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hver var rekstrarafkoma einstakra sjúkrahúsa á árinu 1987:

a. sjúkrahúsa sem fá rekstrarframlög úr ríkissjóði á hvern nýttan legudag;
b. 1. ríkisspítala,
   2. annarra sjúkrahúsa sem fá föst framlög á fjárlögum?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 754. Fyrirspurn [408. mál]

til fjármálaráðherra um tekjuskatt ríkisstarfsmanna.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur.

1. Hver var hlutdeild opinberra starfsmanna, a) karla, b) kvenna, í tekjuskatti og útsvari samkvæmt álagningu 1985 og 1986?
2. Hver var hlutdeild ríkisstarfsmanna í BHMR, ríkisstarfsmanna í BSRB og bæjarstarfsmanna í BSRB í tekjuskatti og útsvari launamanna samkvæmt álagningu 1985 og 1986, skipt eftir kynjum?
3. Hver er áætluð hlutdeild launamanna, a) karla, b) kvenna, skv. 2. tölul. að ofan í tekjuskatti og útsvari launamanna við álagningu 1988 samkvæmt nýjum skattalögum?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 755. Svar [308. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar um þjónustugjöld banka og sparisjóða.

Fyrirspyrjandi beindi eftirfarandi spurningu til viðskiptaráðherra um þjónustugjöld banka og sparisjóða:

1. *Hvernig hafa ákvarðanir verið teknar um þjónustugjöld (gjaldskrá) banka og sparisjóða sl. sjö ár og hvaða opinbert eftirlit hefur verið haft með verðlagningu þeirrar þjónustu sem peningastofnanir veita á sama tíma?*

2. *Hver hefur gjaldtaka fyrir þjónustu peningastofnana verið og hvernig hefur hún breyst frá og með árinu 1982, sundurliðað á einstaka þjónustuflokka (gjaldskrárliði) og helstu peningastofnanir, allt tilgreint á gildandi verðlagi og borið saman við hækkun framfærsluvísitölu á sama tímabili?*

Í framhaldi af fyrirspurn þessari óskaði viðskiptaráðuneytið eftir svari frá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands við fyrirspurninni.

Eftirfarandi er svar bankaeftirlitsins ásamt töflum:

1. Gjaldskrám fyrir þjónustu viðskiptabanka og sparisjóða má skipta í tvennt. Gjaldskrá fyrir innlend viðskipti og gjaldskrá fyrir erlend viðskipti. Á því tímabili, sem greinir í fyrirspurninni, giltu ákvæði 13. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, um gjaldskrá fyrir innlend viðskipti og ákvæði 11. gr. laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, um gjaldskrá fyrir erlend viðskipti. Með lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka, og lögum nr. 87/1985, um sparisjóði, sem hvor tveggja tóku gildi hinn 1. janúar 1986, var ákvæði 11. gr. laga nr. 63/1979 fellt úr gildi. Ákvæði 13. gr. laga nr. 10/1961 var fellt úr gildi með nýjum lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/1986, sem tóku gildi hinn 1. nóvember 1986.

   Samkvæmt 13. gr. laga nr. 10/1961 hafði Seðlabankinn rétt til að ákveða hámark og lágmark vaxta sem innlánsstofnanir máttu reikna af innlánum og útlánum. Ákvörðunarvald þetta náði einnig til þóknana sem jafngiltu vöxtum að áliti Seðlabankans. Með tilvísun til þessa ákvæðis tók Seðlabankinn ákvörðun um þá liði innlendrar gjaldskrár sem að dómi bankans voru ígildi vaxta, þ.e. hlutfallslegir þóknunarliðir. Aðrir gjaldskrárliðir innlendrar gjaldskrár voru ákveðnir af viðskiptabönkum og sparisjóðum í samráði við Seðlabankann.

   Á árinu 1982 höfðu gjaldskrár innlánsstofnana verið nær óbreyttar allt frá árinu 1977 að því frátöldu að fastir krónutöluliðir höfðu tekið breytingum í samræmi við breytingu á póstburðargjöldum á þessu tímabili.

   Á þessum tíma höfðu orðið umtalsverðar breytingar í starfsemi bankastofnana og þjónustu þeirra, þannig að gjaldskrárnar þörfnuðust heildarendurskoðunar. Hafist var handa við þessa endurskoðun snemma á árinu 1983 og gefin út ný og endurbætt gjaldskrá fyrir innlend viðskipti í maí 1983.

   Meðal breytinga, sem þá voru gerðar, var sú stefnumörkun að Seðalbankinn hætti íhlutun um ákvörðun þeirra liða í gjaldskrá fyrir innlend viðskipti sem ekki voru taldir ígildi vaxta. Aðrir liðir voru ákveðnir af Sambandi viðskiptabanka og Sambandi ísl. sparisjóða, að höfðu samráði við Seðlabankann.

   Frá 1. nóvember 1986 eru innlánsstofnanir frjálsar um ákvörðun þóknunar af veittri innlendri þjónustu. Núgildandi gjaldskrár þeirra byggjast að verulegu leyti á grunni gjaldskrárinnar frá maí 1983.

   Samkvæmt 11. gr. laga nr. 63/1979 var það hlutverk Seðlabankans að semja og gefa út gjaldskrá bankanna um þóknanir fyrir gjaldeyrisviðskipti í samráði við gjaldeyrisviðskiptabankana. Á árinu 1983 fór fram endurskoðun á gjaldskránni á sama hátt og gjaldskrá fyrir innlend viðskipti. Gerðar voru óverulegar breytingar í það sinn. Síðasta sameiginlega gjaldskráin fyrir erlend viðskipti var gefin út af Seðlabankanum í júlí 1985 og hafði hún lítið breyst frá árinu 1983. Frá 1. janúar 1986 eru innlánsstofnanir frjálsar um ákvörðun þjónustugjalda fyrir erlend viðskipti. Uppbygging núgildandi gjaldskráa er að mestu leyti í svipuðum farvegi og eldri gjaldskrár.

   Eftirlit með verðlagningu þeirrar þjónustu, sem innlánsstofnanir veittu til skamms tíma, eða allt þar til þeim var veitt frelsi til ákvörðunar þjónustugjalda, var í raun á ábyrgð Seðlabanka Íslands.

Samkvæmt 22. gr. laga um viðskiptabanka er viðskiptabönkunum óheimilt að hafa samráð sín á milli eða við aðrar innlánsstofnanir við ákvörðun þjónustugjalda. Í athugasemdum við þessa grein í frumvarpi til laga er tekið fram að eftirlit með að ákvæðum greinarinnar verði fylgt sé í höndum bankaeftirlitsins. „Jafnframt kemur til greina að beita ákvæðum IV. kafla laga nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, eftir því sem við getur átt“ segir enn fremur í athugasemdunum.

Samkvæmt 25. gr. laga um sparisjóði er þeim aftur á móti óheimilt að hafa samráð við aðra en sparisjóði við ákvörðun þjónustugjalda. Þó er sparisjóðum heimilt að fela Sambandi íslenskra sparisjóða og/eða Lánastofnun sparisjóðanna að leggja fyrir sparisjóðina leiðbeinandi tillögur um þjónustugjöld. Í greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir sama hlutverki bankaeftirlitsins varðandi eftirlit og er í lögum um viðskiptabanka.

Frá því að innlánsstofnanir fengu frelsi til ákvörðunar þjónustugjalda hafa orðið nokkrar breytingar milli stofnana á gjaldtöku fyrir einstaka þjónustuliði og hafa þessar breytingar einkum verið að gerast á sl. ári. Bankaeftirlitið hefur ekki enn séð ástæðu til beinnar íhlutunar um gjaldskrár vegna þeirra lagaákvæða sem áður er getið. Tekið skal þó fram að athugun fer nú fram í bankaeftirlitinu vegna grundvallarbreytinga á gjaldtöku af afurða- og framleiðslulánum sem gerðar voru af tveimur viðskiptabönkum nýlega.

Vegna erlendrar gjaldskrár er rétt að fram komi að innlánsstofnanir greiða sérstakan skatt í ríkissjóð sem nemur 45% af þóknun samkvæmt gjaldskrá, sbr. lög nr. 52/1984.

2. Skýringar með yfirlitstöflum um gjaldskrár:

Í fyrirspurninni um þjónustugjöld banka og sparisjóða, 2. lið, er óskað upplýsinga um þróun þessarar gjaldtöku frá og með árinu 1982. Í yfirlitstöflum, sem hér eru meðfylgjandi, er reynt að draga saman alla megingjaldskrárliði þessara stofnana sem ætla má að standi fyrir sams konar þjónustu og sýna gildandi gjaldtöku og gjaldtökuna eins og hún var samkvæmt sameiginlegri gjaldskrá þessara stofnana þann 1. desember 1982. Þó ber þess að gæta að nokkrir gjaldskrárliðanna bera ekki sömu heiti í gjaldskrám einstakra stofnana svo að hafa verður nokkurn fyrirvara á að liðirnir séu ætíð að fullu sambærilegir.

Á yfirlitstöflu yfir gjaldskrár fyrir innlend viðskipti eru sýndar sameiginlegar gjaldskrár eins og þær voru 1. desember 1982 og 16. maí 1983, en þá urðu verulegar breytingar á þessari gjaldskrá eins og áður greinir.

Á yfirlitstöflu yfir gjaldskrár fyrir erlend viðskipti (gjaldeyrisviðskipti) sést að gjaldskrár sumra einkabankanna og sparisjóða eru ekki eins ítarlegar og gjaldskrár t.d. ríkisbankanna. Þessar stofnanir hafa ekki birt gjaldskrár fyrir þá liði sem auðir eru í töflunni.

Krónutöluliðir úr gjaldskránum frá 1. desember 1982 og 16. maí 1983 eru sýndir á verðlagi í febrúar 1988 miðað við framfærsluvísitölu.

Að öðru leyti vísast í svar við 1. lið fyrirspurnarinnar.

Þórður Ólafsson. *Þorsteinn Marinósson.*

G J A L D S K R Á R V I Ð S K I P T A B A N K A O G S P A R I S J Ó Ð A

- E R L E N D V I Ð S K I P T I -

	VERÐLAG FEB. '88	GILDANDI GJALDSKRÁR							
	Sameiginleg frá 1.12.'82	Lands-banki	Búnaðar-banki	Útvegs-banki	Iðnaðar-banki	Samvinnu-banki	Verzlunar-banki	Alþýðu-banki	Spari-sjóðir
		(frá 8/2'88)	(frá 20/7'87)	(frá 15/11'87)	(frá 23/6'87)	(frá 15/12'87)	(frá 21/11'86)	(frá 15/7'85)	(frá 1/8'87)
ÁBYRGÐIR - ÚTFLUTNINGUR:									
Kostnaður gagnvart erlendum aðilum:									
Tilkynningarþóknun	0.05%	0.05%	0.05%	0.05%	0.75%		0.05%		
Lágmarks/hámarksþóknun	533	1.100	800/1000	1.200	600		700		
Staðfestingarþóknun	0.20%	0.20%	0.20%	0.20%			0.20%		
Lágmark fyrir byrjaða 3 mánuði	533	1.100	800	1.200			700		
Þóknun fyrir bráðabirgðatilkynningu	267	550	500	600			350		
Greiðsluþóknun/skjalaþóknun	0.20%	0.25%	0.25%	0.25%			0.25%		
Lágmarksgjald	533	1.100	800	1.200					
Breytingarþóknun	533	1.100	1.000	1.200	400		700		
Samþykkisþóknun á ári	0.50%	0.50%	0.50%	0.50%			0.50%		
Samþykkisþóknun lágmark	0.20%	0.20%		0.20%			0.20%		
Lágmarksgjald	533	1.100	800	1.200			700		
Þóknun fyrir afhendingu ábyrgðaropnunar	533	1.100	1.000	1.200			800		
ÁBYRGÐIR - ÚTFLUTNINGUR:									
Kostnaður gagnvart innlendum aðilum:									
Greiðsluþóknun	0.15%	0.15/0.25%	0.25%	0.25%			0.25%		
Lágmarks/hámarksþóknun	164	350/1.100	1.100	1.550			940		
Staðfestingarþóknun	0.15%	0.20%	0.20%	0.20%			0.20%		
Lágmarksþóknun	107	550	400	600			350		
Víxilkaup v/ábyrgða	0.25%	0.25%	0.25%	0.25%			0.25%		
Lágmarksþóknun	213	1.100	800	1.200			700		

ÁBYRGDIR - INNFLUTNINGUR:						
Opnunarþóknun:						
Fyrir hverja byrjaða 3 mánuði	0.50%	0.50%	0.50%	0.50%	1.50%	0.50%
Lágmarksþóknun	107	550	400	600	600	350
Fyrir hverja 3 byrjaða mánuði til viðbótar	0.25%	0.25%	0.25%	0.25%		0.25%
Lágmarksþóknun	107	550	400	600		350
Útlagður kostnaður	178	150	150	180		
Þegar ábyrgð er opnuð með símskeyti . . .	240	420	400	430	500	300
Þegar ábyrgð er opnuð með bréfi	76	150	150	130		100
Greiðsluþóknun	0.50%	0.50%	0.50%	0.50%		0.50%
Lágmarksþóknun	580	550	400	400		350
Breytingarþóknun	107	420	430	400	400	300
Niðurfellingarþóknun	0.125%	0.125%	0.125%	0.125%		0.125%
Lágmarks/hámarksþóknun	107	450/4.500	400/4.000	600/2.500	400	300
ABYRGDARYFIRLÝSING (LETTERS OF GUARANTEE)						
gagnvart erlendum aðila:						
Útgáfuþóknun	0.25%	0.25%	0.25%	0.25%	1.50%	0.125%
Lágmarksþóknun	533	1.100	800	1.200	1.800	700
ÁBYRGDARYFIRLÝSING (LETTERS OF GUARANTEE)						
gagnvart innlendum aðila:						
Útgáfuþóknun	0.25%	0.25%	0.125%	0.25%	1..50%	0.125%
Lágmarksþóknun	107	1.100		1.200	1.800	

INNHEIMTUR - INNFLUTNINGUR:						
Innheimtuþóknun	0.20%	0.20%	0.20%	0.30%	0.40%	0.20%
Lágmarksþóknun+útlagður kostnaður	347	710	550	660	1.100	450
Skjalaþóknun	0.05%	0.10%	0.10%	0.10%		0.10%
Lágmarksþóknun	107	275	200	280		200
Samþykkisþóknun		0.10%	0.10%	0.10%		0.10%
Lágmarksþóknun	107	275	200	280		200
Endursendingarþóknun	164	280	250	280	300	200
Afhendingarþóknun	164	280	250	280	300	200
Ítrekunarþóknun	107	280	250	280	300	200
Breytingaþóknun	107	280	250	280	300	200
Afsagnarþóknun	107	280	250	280	300	200
Gjaldfallnar kröfur - viðbótarþóknun		0.05% pr.m.	0.05% pr.m.	0.05% pr.m.		0.05% pr.m.
Lágmarksþóknun	164	300	250	280		200
Hámarksþóknun	658	900	750	480		600
INNHEIMTUR - ÚTFLUTNINGUR:						
Innheimtuþóknun	0.10%	0.10%-0.20%	0.20%	0.20%	0.20%	0.20%
Lágmarksþóknun+útlagður kostnaður	468	800	620	840	600	525
Keyptir erlendir víxlar		0.325%		0.40%		
Útlagður kostnaður		250		240		

ÖNNUR GJALDEYRISSALA:

Seðlar og mynt	1.00%	1.50%	1.50%	1.50%	1.50%	1.50%	1.00%	1.00%	1.50%
Lágmarksþóknun+útlagður kostnaður	44	100	80	150	150	100	45	25	75
Ferðatékkar	1.00%	1.00%	1.00%	1.00%	1.00%	1.00%	1.00%	1.00%	1.00%
Lágmarksþóknun+útlagður kostnaður	64	100	90	175	150	100	57	34	100
Viðskiptatékkar	0.50%	0.40%	0.50%	0.50%	0.50%	0.50%	0.50%	0.50%	0.50%
Lágmarksþóknun+útlagður kostnaður	44	100	80	150	150	100	45	25	100
Bréflegar greiðslur	0.50%	0.40%	0.50%	0.50%	0.50%	0.50%	0.50%	0.50%	0.50%
Lágmarksþóknun+útlagður kostnaður	64	100	90	175	200	100	75	34	150
Símgreiðslur	0.50%	0.40%	0.50%	0.50%	0.50%	0.50%	0.50%	0.50%	0.50%
Lágmarks/hámarksþóknun+útlagður kostnaður	44	100	80	150	100/600	100/500	45	430/540	50/550

ÖNNUR GJALDEYRISKAUP:

Seðlar	28	50	40	100	50	60	20	19	50
Ferðatékkar	93	100	80	150	100	100	50	48	100
Euro-tékkar	0.50%	0.75%	0.75%	0.75%		0.75%	0.75%	075%	0.75%
Lágmarksþóknun	28	60	50	50		50	50	24	50
Viðskiptatékkar	0.33%	0.40%	0.50%	0.50%	0.50%	0.50%	0.50%	0.50%	0.50%
Útlagður kostnaður	93	100	80	150	150	100	50	48	100
Bréflegar greiðslur:									
Útlagður kostnaður	53	50	40	100	100	80	32	27	200
+ef greiðsla er inn á reikning í viðk. banka		60	50	100		60	30	20	
+ef greiðsla er til annars banka		120	100	100		120	60	40	
Símgreiðslur									
Útlagður kostnaður	50	53	100	40		0.50%	100	32	27
+ef greitt inn á reikning í Landsbankanum	60		100	50				30	
+ef greitt til annars banka	120		150	100				60	

INNBORGANIR Á INNLENDA GJALDEYRISREIKNINGA:							
Euro tékkar	0.75%+60				0.75%+50		0.75%+50
Viðskiptatékkar	0.40%+100	0.50%+80	0.50%+100		0.50%+50		0.50%+100
Bréflegar greiðslur:							
Útlagður kostnaður	50	40			32		200
Ef greitt er inn á reikning í viðk. banka	60	50			30		
Ef greitt er til annars banka	120	100	200		60		
Símagreiðslur:							
Útlagður kostnaður	50	40			32		200
Ef greitt er inn á reikning í viðk. banka	60	50			30		
Ef greitt er til annars banka	120	100	200		60		
ÚTBORGANIR AF INNLENDUM GJALDEYRISREIKNINGUM:							
Ferðatékkar	1.00%	1.00%	1.00%	1.00%	1.00%	1.00%	1.00%
Lágmarksþóknun+útlagður kostnaður	110	50	150	100	57	32	100
Viðskiptatékkar, þóknun og útlagður kostnaður	100	90	50	100	45	39	100
Bréflegar greiðslur, þóknun og útl. kostnaður	100	90	100	100	45	48	100
Símagreiðslur, þóknun og útlagður kostnaður	100	90	600	100/500	45	39	550

GJALDSKRÁR VIÐSKIPTABANKA OG SPARISJÓÐA

- INNLEND VIÐSKIPTI -

(SAMBÆRILEGIR LIÐIR)

	VERÐLAG FEBRÚAR 1988		GILDANDI GJALDSKRÁR							
	Sameiginleg frá 1/12'82	Sameiginleg frá 16/5'83	Lands-banki (frá 9/11'87)	Búnaðar-banki (frá 30/10'87)	Útvegs-banki (frá 1/10'87)	Iðnaðar-banki (frá 1/1'88)	Samvinnu-banki (frá 1/12'87)	Verzlunar-banki (frá 1/1'88)	Alþýðu-banki (frá 1/9'87)	Spari-sjóðir (frá 8/2'88)
VÍXLAR:										
Vistaðir innan lögsagnarumdæmis kaupaðila:										
Þóknun	0,15-0,40%[1]	0,40%	0,60%	0,50%	0,65%	0,65%	0,65%	0,65%	0,65%	0,65%
Lágmark				500		550		500		
+ Útlagður kostnaður	71	69	65	60	70		60	70	80	75
Vistaðir utan lögsagnarumdæmis kaupaðila:										
Þóknun	1,00%	1,00%	1,00%	1,00%	1,00%	0,65%	1,00%	1,00%	1,00%	1,00%
+ Útlagður kostnaður	109	106	110	90	100		90	100	120	110
SKULDABRÉF:										
Lánveitingar og skuldabréfakaup:										
Þóknun (lántökugj.), lán til og með 5 ára	1,00%	0,80%	1,00%	1,20%	1,20%	1,20%	1,00%	1,20%	1,20%	1,20%
" " " yfir 5 ára	1,5-2%[2]	1,30%	1,50%	1,80%[3]	2,00%	1,80%	1,5%	2,00%	1,50%	1,80%
Útbúið skulda- eða tryggingarbréf	533	551	460	500	500	550	500	500	450	500
Eyðublað fyrir viðskiptaskuldabréf		53	45		40	40	40	40	40	40
Útveguð veðbókarvottorð		88	80	80	100	80	65	70	100	100
Umsjón með þinglýsingu		88	80	80	100	80	65	70	100	100
Tilkynningar og greiðslugjald		53	50	70	70	90	65	70	50	75
Veðleyfi, veðbandslausn og breyting	533	551	450	500	500	400	450	500	450	500
Innheimta og auglýsing sérskuldabréfa:										
Þóknun	0,10%	0,10%	0,10%	0,10%	0,10%		0,10%	0,10%	0,20%	0,10%
+ Útlagður kostnaður	533	551	450	415	450		450	500	450	500

1) Fram til 16/5 '83 var tekin 0,15% þóknun af víxlum, sem keyptir voru af samþykkjendum eða útgefendum og 0,40% af viðskiptavíxlum.

2) Fram til 16/5 '83 var þóknun 2,00% af lánum til 10 ára eða lengri tíma.

3) Lán Búnaðarbanka til lengri tíma en 2 ár.

AFURÐALÁN:										
Umsjónar- og eftirlitsgjald af afurðalánasamningi eða tryggingarvíxli (sjá ennfremur aths. 1 og 2)	0,20%[1]	0,20%	0,20%[2]	0,30%	0,30%[2]	0,30%[3]	0,30%[4]	0,20%	0,20%	0,30%
Útbúinn afurðalánasamningur eða tryggingarbréf		551	490	450	450		450	500	450	500
Afgreiðslugjald		103	200	100	500	120		100	75	200
Þjónustugjald (einstök skil á fé)			50		50		72			100
ÁBYRGÐIR:										
Innlendar:										
Fyrir fyrstu 6 mánuði ábyrgðartímans	1,00%	1,00%	1,00%	1,00%	1,00%	2,00%[5]	1,00%	1,00%	1,00%	1,5%
Lágmark			450	400		400			450	500
+ fyrir hverja 3 mánuði til viðbótar	0,25%	0,25%	0,25%	0,25%	0,25%		0,25%	0,25%	0,25%	0,25%
Útbúið ábyrgðarskjal/afgreiðslugjald			350	450	500	250		500	450	
FARMSKÍRTEINISÁBYRGÐIR:										
Fyrir fyrstu 3 mánuði ábyrgðartímans	0,50%	0,50%	0,50%				0,50%		0,50%	0,50%
Lágmark/hámark	178	172	900/5.500				800		450	500
Fyrir hverja 3 mánuði til viðbótar	0,25%	0,25%	0,25%				0,25%		0,25%	0,25%
Lágmark/hámark	178	172	900/5.500				800		450	500

1) Aðeins af endurseldum víxlum v/framleiðslulána til iðnaðarins.

2) Þóknun af hverri veðsetningu. Landsbanki frá 9/11'87; Útvegsbanki frá 15/4 '87.

3) Lágmark 6.000.

4) Þóknun af reikningsláni 0,5%.

5) Lágmark 3 mánuðir.

INNHEIMTUR:										
Innheimtur með árangri:										
Þóknun	554[1]	213	220	225	250	400	260[2]	300[2]	375	200	200
+ Útlagður kostnaður	109	106	110	125	125	90	100		100	200
Tilraun til innheimtu án árangurs		106	110	125	175		100;200[2]		250	100	200
+ Útlagður kostnaður		106	110	125	175	90	100		100	200
Útvegun samþykkis á skuldaskjali:										
Þóknun		106	110	125	100	200	100	250	100	110
+ Útlagður kostnaður		106	110	125	100		100		100	110
TÉKKAREIKNINGAR:										
Tékkaeyðublöð 25 blöð		172	140	150	160	175	150	160	150	160
Tékkaeyðublöð 50 blöð		345	280				300	300		
Innstæðurlaus tékki	277	276	260	250	260	280	250	250	260	260
VANSKIL:										
Viðbótargjald vegna vanskila		69	120	125	135	140	100	140	120	140
Ítrekaðar tilkynningar vegna vanskila		138	240	250	270	280	200	280	240	280
VIÐTAKA GEYMSLUFJÁR:		551	450	400	425	400	400		400	475
SÍMAÞJÓNUSTA:										
Þóknun fyrir símsendingu peninga	0,05%	69	65	65	65	50	60	60	65	60
Umbeðnar tilkynningar símleiðis		53	55	55	50	35	50	50	50	50
LJÓSRITUN (pr. ljósrit)		19	15	15	20	25	13	15	15	15
ÚTSELD VINNA:										
Yfirmaður deildar		987	1.200		1.200		843	1.100	750	1.300
Aðstoðarmenn		655	800				562	650	450	900

1) Af innh. fjárh. allt að 180 þús. kr. (veról. febrúar 1988).

2) Fremri tala á við innh. v/víxla, síðari tala v/innh. skuldabréfa.

Sþ. 756. Tillaga til þingsályktunar [409. mál]

um réttindi farmanna.

Flm.: Svavar Gestsson, Geir Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa fyrir næsta þing frumvarp til laga um réttindi farmanna, meðal annars með endurskoðun sjómannalaga. Í frumvarpinu verði ákvæði er tryggi öll almenn vinnuréttindi íslenskra farmanna. Þá verði gert ráð fyrir því að óheimilt sé að ráða á íslensk farskip eða farskip í leigu íslenskra skipafélaga menn á lakari kjörum en um er samið hér á landi fyrir íslenska sjómenn.

Greinargerð.

Sjómannasamtökin hafa að undanförnu gert harða hríð að skipaútgerðunum til þess að koma í veg fyrir að menn séu ráðnir á farskipin á mun lakari kjörum en um er að ræða samkvæmt kjarasamningum hér á landi og jafnvel lakari kjörum en Alþjóðasamband flutningaverkamanna gerir ráð fyrir í sínum samningum.

Þessi tillaga er flutt til þess að undirbúið verði frumvarp til laga er tryggi betur en nú er gert réttindi farmanna á farskipum sem gerð eru út af íslenskum skipafélögum eða eru í leigu á vegum íslenskra farskipaútgerða.

Markmið lagasetningarinnar þarf að vera:

1. Að íslenskar áhafnir verði að jafnaði á farskipum íslensku skipafélaganna hvort sem þau eru í eigu félaganna eða tekin á kaupleigu (þurrleigu).
2. Að öll skip í strandflutningum við Ísland sigli undir íslenska fánanum og þar séu í heiðri hafðar reglur sem íslensku sjómannafélögin ná fram í kjarasamningum og lagaákvæði um kjör, aðbúnað og öryggi á vinnustað.
3. Að íslenski flotinn verði aldrei minni en svo að tryggt sé að þjóðin sé sjálfri sér næg um skipakost til flutninga að og frá landinu.
4. Að enginn megi sigla á íslenskar hafnir nema því aðeins að launagreiðslur, kjör og aðbúnaður sé að minnsta kosti í samræmi við samninga Alþjóðasambands flutningaverkamanna.

Ályktun ASÍ.

Alþýðusamband Íslands fjallaði um þessi mál á miðstjórnarfundi 21. janúar sl. Þar var gerð svohljóðandi samþykkt:

„Á undanförnum árum hefur íslenskum kaupskipum fækkað og verulega hefur fækkað í íslenskri farmannastétt. Á sama tíma hafa íslenskar kaupskipaútgerðir í vaxandi mæli tekið á leigu erlend skip mönnuð erlendum sjómönnum. Aukin samkeppni milli kaupskipaútgerða hefur jafnvel leitt til þess að íslensk skip hafa legið langtímum saman í íslenskri höfn verkefnalaus á sama tíma og erlend skip eru tekin á leigu.

Siglingar eru nauðsynlegar okkur Íslendingum og því brýnt að framleiðsla okkar og aðföng séu flutt með íslenskum skipum óháð öðrum þjóðum hvað flutninga að og frá landinu snertir.

Miðstjórn ASÍ mótmælir harðlega gegndarlausum leigutökum erlendra kaupskipa sem mönnuð eru erlendum sjómönnum. Jafnframt er varað við þeirri þróun að í vaxandi mæli eru skip undir svokölluðum þægindafánum í rekstri íslenskra kaupskipaútgerða mönnuð Íslendingum sem lögskráðir eru erlendis. Ljóst er að þess vegna greiða útgerðarmenn slíkra skipa ekki það sama í sameiginlega sjóði og aðrir íslenskir atvinnurekendur.

Á síðastliðnum áratug hefur kaupskipafloti Íslendinga minnkað úr 50 skipum í 34 eða um 16 skip og farmönnum fækkað um 300 auk þess sem orðið hefur veruleg fækkun í áhöfnum þeirra íslensku skipa sem eftir eru. Um þessar mundir munu 12 erlend leiguskip vera í reglubundnum siglingum til og frá landinu þar af 7 eingöngu með erlendum áhöfnum.

Eftir þá miklu umræðu, sem fyrir stuttu varð um það hve brýnt væri fyrir sjálfstæði þjóðarinnar að halda varnarliðsflutningum á íslenskum höndum, er rétt að minna á að í þeim siglingum eru í dag tvö erlend leiguskip og er aðeins annað þeirra að hluta mannað Íslendingum.

Miðstjórn ASÍ skorar á viðskiptaráðherra að stöðva nú þegar öll leyfi til gjaldeyrisyfirfærslu vegna töku erlendra skipa sem mönnuð er af erlendum sjómönnum og ætluð eru til reglubundinna siglinga að og frá Íslandi."

Afskipti viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytið hefur tvívegis á síðustu missirum látið í té yfirlit um erlend kaupskip hér við land. Bréf ráðuneytisins eru birt í heild hér á eftir.

„4. febrúar 1987.

Sem svar við fyrirspurn yðar dags. 3. febr. 1987 staðfestir ráðuneytið að samkvæmt upplýsingum, sem aflað hefur verið í viðskiptabönkum, hafa verið gefnar út gjaldeyrisheimildir vegna 27 leiguflutningaskipa frá 1. des. 1986 og hafa þau komið eina ferð hvert.

Hin erlendu leiguskip hafa verið tekin á leigu vegna eftirfarandi: 6 vegna mjölflutninga, 1 vegna áburðarefna, 3 vegna saltflutninga, 14 vegna lýsisflutninga, 1 vegna stykkjavöruflutninga, 1 vegna kolaflutninga og 1 vegna saltfiskflutninga.

Ein ofangreindra heimilda var veitt vegna ms. „Syneta" sem fórst við Skrúð.

Ms. „Nicole" var tekið á leigu vegna saltflutninga.

Þá skal og tekið fram að stykkjavöruskipið, sem að ofan er talið, var tekið á leigu í stað ms. Skógarfoss sem strandaði við Noregsstrendur.

Þess er vænst að ofangreind upptalning sé tæmandi, en ekki er lokuð fyrir það skotið að villu megi finna vegna þess hversu skammur tími vannst til að svara fyrirspurn Sjómannafélags Reykjavíkur."

„24. nóvember 1987.

Að yðar ósk hefur ráðuneytið aflað upplýsinga um leiguskip sem tekin hafa verið frá 1. febr. 1987 til þessa dags og er skiptingin eftirfarandi: 10 skip hafa verið í tímaleigu og hafa farið fleiri ferðir en eina, 2 skip til stórflutninga og fóru fimm ferðir alls og 1 skip á ströndinni við freðfiskflutninga.

Síðan voru skip leigð til einnar ferðar hvert: 24 vegna fiskimjölsflutninga, 18 vegna lýsisflutninga, 3 vegna saltfiskflutninga, 17 vegna saltflutninga, 4 vegna kolaflutninga og 1 vegna álflutninga.

Þá hefur verið leigt sérhannað skip til ferskfiskflutninga. Leigð hafa verið tvö dýpkunarskip, dráttarskip hafa verið leigð í Reykjavíkurhöfn og nokkur skip hafa komið og sótt hingað vörur eins og t.d. loðnuflutningaskip frá Japan. Ekki er öruggt að ofangreind upptalning sé tæmandi, en ráðuneytið er tilbúið að afla frekari upplýsinga sé þess óskað."

Grein Guðmundar Hallvarðssonar.

Guðmundur Hallvarðsson, formaður Sjómannafélags Reykjavíkur, skrifaði grein um vanda farmanna í Morgunblaðið 11. mars sl.

Greinin er á þessa leið:

„Varla hefur það farið fram hjá nokkrum sem á annað borð hefur fylgst með þróun íslenskrar kaupskipaútgerðar hve erlendum leiguskipum hefur fjölgað í þjónustu hennar. Erlendu leiguskipin eru flest mönnuð erlendum sjómönnum en nokkur skip hafa verið tekin í svokallaðri „þurrleigu", þ.e. án áhafnar og mönnuð íslenskum farmönnum.

Á tæplega 12 mánaða tímabili sl. ár var 81 erlent kaupskip tekið á leigu til farmflutninga að og frá landinu. Í stórauknum farmflutningum sl. 10 ára að og frá landinu hefur kaupskipum fækkað samfara minnkandi brúttórúmlestatölu og um 300 íslenskir farmenn hafa misst atvinnu sína.

Útlendingar sjá um flutninginn á ströndina.

Eimskip og skipadeild Sambandsins eru nú með sitt leiguskipið hvor mannað erlendum sjómönnum í reglubundnum strandferðasiglingum og hefur svo viðgengist nú um nokkurn tíma. Fyrir allmörgum árum tók Skipaútgerð ríkisins norskt skip á leigu sem mannað var Norðmönnum til flutninga á ströndina. Stéttarfélög sjómanna mótmæltu þá og töldu eðlilegt að íslenskir farmenn sæju um þessar siglingar. Svarið var þá að hugur stjórnenda útgerðarinnar væri sá að viðkomandi skip yrði keypt en reynsla yrði þó að fást af skipinu. Gekk svo í þrjú ár en af og til mótmæltu stéttarfélög sjómanna þessari leigutöku og töldu það furðu gegna að fyrirtæki í eigu ríkisins gengi fram í fækkun íslenskrar farmannastéttar. Alltaf voru forráðamenn Ríkisskips í miklum hugleiðingum hvort skipið skyldi keypt, en eftir langan leigutíma var skipinu loks skilað.

Það er með öllu ólíðandi að fyrstnefnd skipafélög, sem nú um nokkurn tíma hafa stundað áætlunarsiglingar með ströndum landsins, skuli nota til flutninga erlend leiguskip mönnuð erlendum sjómönnum.

Áætlunarsiglingar erlendrar útgerðar.

Áður en til þess kom að bandarískt skipafélag tók upp á því til mikillar undrunar íslenskum kaupskipaútgerðarmönnum að sigla reglubundið á milli Bandaríkjanna og Íslands höfðu varla sést skip (þá Hafskips og Eimskips) undir íslenskum fána sem sigldu milli Íslands og Bandaríkjanna og fluttu vörur fyrir Bandaríkjaher; þau sigldu m.a. undir fánum Spánverja, Breta, Þjóðverja og Panama. Gekk svo í nokkur ár, enda kom það okkur í Sjómannafélaginu ekki á óvart þótt hjá Bandaríkjamönnum vaknaði áhugi á þessum flutningum.

Þegar fyrrnefnd íslensk skipafélög hófu fjölmiðlaherferð gegn reglubundnum siglingum þessa bandarísku skipafélags sem ríkisstjórnin tók undir og einstakir ráðherrar beittu áhrifum sínum á þarlend stjórnvöld tóku stéttarfélög farmanna heils hugar undir m.a. með samþykktum frá stjórnar- og trúnaðarmannaráðsfundum og aðalfundum félaganna. Vonir farmanna vöknuðu um að hugarfarsbreyting hefði orðið hjá forráðamönnum íslenskra kaupskipaútgerða. Rök útgerðanna íslensku voru m.a. þau að sjálfstæði íslensku þjóðarinnar væri stefnt í voða ef við sæjum ekki sjálfir um okkar siglingar, aðdrætti til lífsviðurværis og útflutning okkar afurða til gjaldeyrisöflunar. En ekki leið langur tími frá því að Eimskip fékk flutningana fyrir Bandaríkjamenn að meginhluta til og þar til erlend leiguskip voru látin sjá um þessi verkefni fyrir Eimskip. Það má með sanni segja að í annan tíma hafi stjórnir stéttarfélaga farmanna aldrei verið hafðar að jafnmiklu háði.

Hvar stæði íslenska þjóðin á viðsjárverðum tímum?

Ég hef um nokkurn tíma fylgst með erlendum skipum og áhöfnum þeirra með heimsóknum um borð í skipin þegar þau hafa verið hér á Faxaflóasvæðinu vegna tengsla samtaka sjómanna við Alþjóðaflutningaverkamannasambandið (IFT).

Það hefur vakið athygli mína þegar ég hef skoðað skipsskjöl skipa undir svokölluðum þægindafánum hve þar hefur oft komið skýrt fram að enda þótt viðkomandi skip sé undir t.d. fána Panama þá sé skipið samstundis og styrjöld skellur á orðið tilheyrandi allt öðru landi og þjóðfána þess. Þessi afgerandi skuldbinding, sem fram kemur á skipsskjölum skipa undir þægindafánum, hefur orðið mér til umhugsunar um stöðu íslensku þjóðarinnar á slíkum ógnartímum ef stefnuleysi á áfram að vera ríkjandi um stærð íslenska kaupskipastólsins. Um langt tímabil hafa stærstu kaupskipaútgerðirnar, þ.e. Eimskip og SÍS, selt sín skip og tekið erlend skip á leigu í þeirra stað. Þegar flest skip voru í eigu Eimskips voru þau 24 talsins en eru nú 9 og hjá Sambandinu voru þau 8 en eru nú 3.

Takmarkalaust er svo skipafélögunum veitt gjaldeyrisleyfi viðskiptaráðuneytisins til leigutöku erlendra skipa. Og um tíma voru vinnubrögðin með slíkum eindæmum að kaupskipaútgerð sótti um gjaldeyrisleyfi fyrir erlent leiguskip sem hafði lestað erlendis, losað og lestað á ströndinni og losun jafnvel hafin erlendis. Þegar skoðuð er skýrsla Reykjavíkurhafnar um skipakomur áranna 1985 og 1986 kemur í ljós að erlendum skipakomum hefur fjölgað um 94% eða úr 223 í 433 skip. Skipakomum íslenskra kaupskipa hefur hins vegar fækkað um 10%. Það skal þó tekið fram sem fyrr hefur verið sagt að nokkur erlend kaupskip eru í leigu hjá íslenskum skipafélögum mönnuð Íslendingum sem falla undir flokkinn erlend skip í skýrslu Reykjavíkurhafnar.

Íslensk stjórnvöld verða að móta stefnu í þessum málum sem hlýtur að taka mið af sjálfstæði þjóðarinnar og stöðu hennar sem eyþjóðar norður við heimskautsbaug. Þrjú atriði hljóta að koma upp þegar og ef slík stefna yrði mótuð.

1. Reglubundnar siglingar í strandflutningum verði með íslenskum skipum sem mönnuð eru Íslendingum.
2. Það sama gildi um reglubundnar siglingar að og frá landinu.
3. Að aldrei sé íslenski kaupskipaflotinn minni en svo að hann þjóni ákveðnu prósentuhlutfalli af inn- og útflutningi landsmanna.

Íslenskir sjómenn.

Í blaðafregnum undanfarna mánuði hafa mörg sjónarmið útgerða og fulltrúa sjómanna komið fram þegar rætt hefur verið um farmenn og íslenska kaupskipastólinn. Fyrrverandi formaður Sambands íslenskra kaupskipaútgerða getur þess í blaðaviðtali 27. nóv. sl. að íslenski kaupskipaflotinn sé orðinn lítið íslenskur og að óæskilegt sé hve mörg erlend leiguskip séu í áætlunarsiglingum. Forsvarsmenn Eimskips og skipadeildar Sambandsins segja í blaðaviðtali 2. des. sl. að aðgátar sé þörf í skipakaupum vegna örrar og breytilegrar þróunar á sviði vöruflutninga. En í blaðaviðtali 30. desember sl. segja forstjórar fyrrnefndra skipafélaga að erfitt sé að sporna við ráðningu útlendinga á farskip. Það er þó athyglisvert að lesa það sem eftir forstjóra skipadeildar SÍS er haft í sömu blaðagrein en hann segir: „Stjórnvöld þyrftu að koma til aðstoðar ef íslensk skipafélög ættu að vera samkeppnisfær í siglingum til og frá landinu **án þess að þurfa að ráða ódýrar erlendar áhafnir á skip sín.**“ Við hvaða skipafélög er hér átt? Ég kannast ekki við að erlend skipafélög séu í reglubundnum siglingum að og frá landinu ef frá er talið eitt bandarískt skip sem ég gat hér um fyrr í þessari grein. Og hvernig eiga stjórnvöld að blanda sér í samkeppnismál reglubundinna siglinga að og frá landinu sem eingöngu eru stunduð af íslenskum kaupskipaútgerðum?

Fór leiðandi maður Samtaka íslenskra kaupskipaútgerða með rangt mál í blaðaviðtali 27. nóv. sl. en þar segir hann eftirfarandi: „Ég tel æskilegt að við Íslendingar eigum sjálfir

þau kaupskip sem eru í áætlunarsiglingum, **þeim siglingum sem gefa mest af sér og þar sem verkefnin eru stöðug.“**

Ráðningarstjóri Nesskips hf. sendir svo íslenskum sjómönnum sérstakar kveðjur í einu dagblaðanna 16. des. sl. þegar upp kom deilumál vegna ráðningar pólskra sjómanna á ms. Hvítanes. Ráðningarstjórinn getur þess að vinnugleði og vinnuframlag þeirra (þeir hafa 1000 bandaríska dollara á mánuði fyrir 70 klst. vinnuviku) sé mun meira en íslenskra farmanna. Í sjálfu sér eru slíkar aðdróttanir ekki svara verðar en hver veit nema maðurinn hafi litið sér nær, því að sjálfur er hann fyrrverandi farmaður.

Navigare necesse.

„Það er nauðsynlegt að sigla.“ Þessi forna og löngu fræga setning var sett framan á kápu aðalfundargagna Eimskips á síðasta aðalfundi. Hún kemur upp í huga mér nú þegar íslensk farmannastétt stendur frammi fyrir alvarlegustu aðför sem að nokkurri stétt hefur verið farin frá upphafi íslenskrar verkalýðshreyfingar. Það er kaldhæðni örlaganna að á tímum fækkandi íslenskra kaupskipa og farmanna skuli Eimskip nota hluta af þó lengri setningu framan á sín aðalfundargögn, en setningin öll er þannig:

„Navigare necesse est, vivere non est necesse, það er nauðsyn að sigla en engin nauðsyn að lifa! Jú hvort tveggja er nú nauðsynlegt fyrir íslenska þjóð, íslensk kaupskip og íslenska farmannastétt. Þótt tímar hafi breyst og Ísland sé orðinn hluti af heimsviðskiptum eru ekki mörg ár í tímatalinu síðan þjóðernisvakning var fyrir stofnun Eimskips 1914. Þjóðin fann það þá, hvar hún var á vegi stödd án kaupskipaflota sem og í seinni heimsstyrjöldinni. Nokkuð er djúpt kafað í rökin en sagan hefur endurtekið sig og eflaust hafa stofnendur Eimskips minnst forfeðranna og lífsbaráttu þeirra og síðan glötunar sjálfstæðisins þar sem Íslendingar áttu engin kaupskip.

Íslenskar kaupskipaútgerðir verða að beygja af leið til réttrar stefnu varðandi erlend leiguskip og ástunda siglingar með eigin skipum sem mönnuð eru íslenskum farmönnum. Verum minnug þess að öflugur íslenskur kaupskipafloti er hluti af sjálfstæði þjóðarinnar.“

Sjómannafélagið skrifar atvinnumálanefnd Reykjavíkur.

Sjómannafélag Reykjavíkur skrifaði atvinnumálanefnd sveitarfélagsins bréf í febrúarmánuði sl. Bréfið er á þessa leið:

„Á undanförnum árum hefur það mjög færst í vöxt að íslenskar kaupskipaútgerðir taki á leigu erlend kaupskip með erlendum áhöfnum til reglubundinna siglinga að og frá landinu. Áður fyrr var eingöngu um að ræða erlend leiguskip til skammtímaflutninga og nokkuð árvisst þegar miklir álagstoppar voru t.d. vegna útflutnings sjávarafurða.

Sem að framan getur hefur sú aukning orðið á leigutöku erlendra kaupskipa að íslenskar kaupskipaútgerðir leigja nú þessi skip um langan tíma og m.a. til reglubundinna siglinga að og frá landinu.

Nokkuð er um að tekin séu skip á leigu án áhafnar, þ.e. að skipin eru skráð í Panama en um borð er íslensk áhöfn.

Á sl. 10 árum hafa m.a. af framangreindum ástæðum 300 íslenskir farmenn misst atvinnu sína jafnframt því sem íslenskum kaupskipum hefur fækkað verulega. Oft á tíðum hefur um það verið rætt að nauðsyn bæri til fjölgunar atvinnutækifærum hér á landi. Hafa menn þá oft og einatt einblínt á álver þar sem möguleiki væri á starfi fyrir jafnmarga og fækkað hefur um í farmannastétt.

Mér býður svo í grun að stór hluti þjóðarinnar og meginþorri þeirra sem með æðsta vald fara hafi á engan hátt gert sér grein fyrir þeirri alvarlegu þróun sem nú er orðin í íslenskri kaupskipaútgerð samfara minnkandi kaupskipaflota.

Lengi hefur verið um það rætt að sjálfstæði þjóðarinnar standi og falli með íslenskum kaupskipaflota. Um það blandast engum hugur þegar litið er til fortíðar.

Af framansögðu og með atvinnumál íslenskra farmanna í huga vill stjórn og trúnaðarmannaráð vekja athygli atvinnumálanefndar Reykjavíkurborgar á því alvarlega ástandi sem hér hefur verið getið. Jafnframt er þess vænst að nefndin taki á máli þessu."

Bréf til sjávarútvegsráðherra.

Sjómannasamtökin hafa einnig vakið athygli sjávarútvegsráðherra á þessu máli í bréfi 23. sept. 1987:

„Með fjölgun frystitogara í íslenska fiskiskipaflotanum hefur umræðan um vinnutímalengd og aðbúnað aukist. Hefur jafnframt verið svo sterkt að orði komist að frystitogararnir hafa verið nefndir þrælaskip.

Nú má heyra þær raddir í vaxandi mæli sem telja að lausn á þeim vanda, sem við er að etja hvað áhrærir manneklu í frystihúsunum, sé fjölgun frystitogara á Íslandsmiðum.

Að framansögðu fer stjórn Sjómannafélags Reykjavíkur þess á leit við sjávarútvegsráðuneytið að það hlutist til um og standi straum af kostnaði við framlag vinnutímarannsóknar um borð í fyrrnefndum skipum svo að hið sanna megi í ljós koma varðandi vinnutímalengd sjómanna.

Væntum heiðraðs svars yðar svo fljótt sem verða má."

Viðtal úr sjónvarpi.

Fjallað var um þetta mál 20. nóv. sl. í fréttatíma sjónvarps í viðtali Helga H. Jónssonar við Guðmund Ásgeirsson og Guðjón A. Kristjánsson. Hér er texti þess samtals:

Guðmundur Ásgeirsson: Ástæðurnar eru margar. Það er fyrst og fremst hér heima. Markaðurinn er lítill, skipaútgerðirnar ósamstæðar og auk þess keppum við við erlend skip með lágan launakostnað og eitt getum við nefnt í viðbót að á síðustu missirum hefur verið stórvandamál að fá góða menn á íslensku skipin.

Helgi H.: Hvers vegna er launakostnaður erlendis lægri heldur en hér?

Guðmundur: Það hefur þróast þannig að næstu nágrannar okkar hafa ráðið menn frá þriðja heiminum til að gegna stöðum á skipunum og þetta eykst meira og meira því að á þessum skipum er launakostnaðurinn helmingur á við okkar eða jafnvel ekki nema einn þriðji.

Helgi H.: Getur þú nefnt einhverjar tölur um það hvað þetta gæti munað miklu?

Guðmundur: SÍK tók saman núna nýlega hvernig þetta gæti litið út með skip sem væri mannað 10 Íslendingum og ef sama skip væri mannað 10 Filippseyingum og mismunurinn á einu ári væri um 13 milljónir króna og það er einungis í launakostnaði því að allir greiða nánast það sama fyrir aðra þjónustu og olían kostar sama hver sem stjórnar skipinu, tryggingaiðgjöld o.s.frv.

Helgi H.: Guðmundur segir að ástandið sé í raun orðið svo slæmt á þessu sviði að fari sem horfir muni stórflutninga- og leigumarkaðsskipin innan tíðar hverfa undan íslenskum fána og úr íslenskri eign. Til dæmis um erfiðleikana í þessari útgerð segir Guðmundur að undanfarin tvö ár hafi þrjár útgerðir lagt upp laupana.

Guðmundur: Ég held að það sé engin önnur lausn en að fækka á skipunum heldur meira og það er nú takmarkað hvað hægt er að gera í því eða þá fá að ráða hluta af áhöfninni erlendis frá.

Helgi H.: En hvað segja forustumenn íslenskra farmanna um slíkar hugmyndir? Ég spurði forseta Farmanna- og fiskimannasambandsins?

Guðjón: Okkar afstaða til þessara mála er sú að séu skip skráð undir íslenskum fána eigi þau að vera með íslenskum áhöfnum. Hafi menn hins vegar áhuga á því að reka atvinnustarfsemi sína á erlendri grund er það ekki okkar að segja hvernig þeir fara með þau mál.

Helgi H.: En þið ljáið ekki máls á því að útlendingar verði ráðnir til starfa á íslenskum kaupskipum?

Guðjón: Ekki nema upp á þau kjör sem eru í boði hér.“

Sþ. 757. Fyrirspurn [410. mál]

til heilbrigðisráðherra um mengun í álverinu í Straumsvík.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvaða athuganir hafa verið gerðar á mengun í álverinu í Straumsvík vegna gallaðra rafskauta?
2. Hver er afstaða heilbrigðisráðuneytis og Hollustuverndar ríkisins til þessa máls og hvaða kröfur hafa verið gerðar um úrbætur?

Sþ. 758. Fyrirspurn [411. mál]

til kirkjumálaráðherra um framkvæmd þingsályktunar um listskreytingu Hallgrímskirkju í Reykjavík.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hvað olli því að skipun nefndar samkvæmt ályktun Alþingis frá 22. apríl 1986 um listskreytingu Hallgrímskirkju í Reykjavík dróst í heilt ár?
2. Hvers vegna var áætlun um verklok nefndarinnar ekki breytt með tilliti til þess hve seint hún var skipuð?
3. Hverjar eru fyrirætlanir ráðherra um framhald verksins þegar fyrir liggur að nefndinni gafst aðeins tími til að vinna hluta þess?

Sþ. 759. Tillaga til þingsályktunar [412. mál]

um könnun á stöðu handmenntakennslu í grunnskólanum eftir gildistöku laga um grunnskóla, nr. 63/1974.

Flm.: Guðrún Helgadóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að kanna áhrif laga um grunnskóla frá 21. maí 1974 á handmenntakennslu grunnskólabarna.

Nefndinni skal jafnframt falið að gera tillögur um fyrirkomulag handmenntakennslu í framtíðinni með tilliti til breyttra þjóðfélagshátta og reynslu síðustu ára.

Nefndin skili skýrslu fyrir árslok 1988 og skal hún lögð fram í sameinuðu Alþingi. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Með lögum um grunnskóla nr. 63/1974 varð sú breyting á handavinnukennslu í grunnskólanum að piltar og stúlkur skyldu framvegis hljóta kennslu í sama námsefni, en áður hafði handavinnukennsla verið bundin við kyn barnanna. Þessi breyting var eðlilegt framhald af vaxandi vitund manna um nauðsyn á jafnrétti kynjanna til náms og starfa.

Framkvæmdin hefur víðast hvar orðið á þann veg að orðið hefur að skipta bekkjardeildum í tvennt og kenna sama námsefnið tvisvar á sama kennsluári. Tímafjöldi var ekki aukinn svo að nemandinn fær helmingi minni kennslu en hann átti áður kost á. Piltar fá helmingi minni kennslu í smíðum og stúlkur helmingi minni kennslu í saumum og þeirri handmennt sem stúlkur einar fengu kennslu í áður.

Fjöldi foreldra og kennara telur að þessi kennsla hafi sett niður við breytinguna sem varð á handmenntakennslu eftir gildistöku grunnskólalaganna og nemendur kunni nú mun minna en áður í þessum kennslugreinum. Við það verður ekki unað og nauðsynlegt er að komast að niðurstöðu um hvort handavinnukennslu hafi hrakað svo að til vansa sé.

Það er sannarlega eðlilegur þáttur í uppeldi hverrar manneskju að gera hana færa um að nota hendur sínar til skapandi starfa. Sérhver maður býr yfir sköpunargáfu og löngun til að búa eitthvað það til sem sannfærir hann um eigin sköpunarmátt. Hið fyrsta sem ungum börnum er kennt á dagvistarstofnunum er að ná stjórn á höndum sínum og nota þær til að búa til hluti og finna þannig ímyndarafli sínu og hugmyndaflugi farveg. Það er talin undirstaða allrar frekari menntunar barnsins. Sú kennsla þarf tvímælalaust að halda áfram í grunnskólanum sem eðlilegur þáttur í uppeldi og menntun barnanna því að flest þau störf, sem menn leggja fyrir sig, krefjast jafnt hugar sem handa.

Víst kunna þau störf að finnast sem ekki krefjast handlagni eða kunnáttu í handmennt. En þá skyldu menn ekki gleyma því hvers virði það er hverjum manni að vera fær um að annast eigin afþreyingu og þá ekki síst þegar aldur færist yfir og starfsstundum fækkar.

Síðast en ekki síst skal á það bent hver nauðsyn góð undirstöðumenntun í handmennt er í þjóðfélagi sem er að reyna að hasla sér völl meðal iðnaðarþjóða. Gott formskyn, litaskyn og þekkingu á efni er of seint að öðlast þegar komið er í iðn- eða tækniskóla. Nemendur sem lítt eða ekki hafa hlotið fræðslu um liti og form og eðli efnisins eiga langan veg að fara til að gera orðið liðtækir hönnuðir eða framleiðendur verðmætra iðnaðarvara. Enginn vafi er á að þessi skortur á kennslu hefur háð íslenskum útflutningsiðnaði, enda geta æ fleiri sér þá staðreynd ljósa. Sá sem aldrei hefur komið saman flík er ekki líklegur til að hanna flíkur til sölu á hörðum samkeppnismarkaði. Á sama hátt er sá ólíklegur til að hanna smíðisgripi sem varla hefur tekið sér hamar í hönd.

Þá skal þeim þætti ekki gleymt sem léleg handmenntakennsla veldur í samfélaginu en það er sívaxandi neysla og ill nýting verðmæta í daglegu lífi manna. Á þeim stutta tíma, sem menn hafa til eigin iðju utan langs vinnutíma, gefst ekki rúm fyrir tilraunastarfsemi í handverki. Léleg verkkunnátta veldur því að menn hyllast til að kasta því sem viðgerðar þarfnast og kaupa nýtt í þess stað og nýsköpun verðmæta á heimilunum verður æ fátæklegri. Má nærri geta hver áhrif rekja má til þessa þegar litið er til þenslunnar í þjóðfélaginu.

Það er því mikilvægt að kannað sé sem fyrst hvernig stöðu handmenntakennslu sé komið í grunnskólakerfinu og tillögur til úrbóta gerðar sé þess talin þörf. Íslendingar hafa ekki efni á að dragast aftur úr öðrum þjóðum í verkmennt og sé hætta á því þolir sú könnun

enga bið. Grunnskólalögin munu nú vera í endurskoðun og óvíst hvenær henni lýkur. Full ástæða er því til þess að rannsaka þann þátt grunnskólakennslunnar er lýtur að handmennt nú þegar og til þess er þessi tillaga til þingslályktunar flutt.

Geta má þess að könnun Efnahags- og framfarastofnunarinnar á íslensku skólakerfi á árinu 1986 leiddi í ljós að tækniþekkingu kynni að vera ábótavant meðal íslenskra námsmanna. Verður þess nánar getið í framsögu fyrir tillögunni.

Þá hefur Arndís Jónsdóttir kennari og varaþingmaður góðfúslega leyft birtingu á grein er hún reit í Morgunblaðið og birt var 8. mars sl. og er greinin prentuð með þingskjalinu.

Fylgiskjal.

Arndís Jónsdóttir,
kennari og varaþingmaður:

Stórt skarð höggvið.
(Mbl. 8. mars 1988.)

Undanfarið hefur nokkuð verið ritað og rætt um skólamál og þá ekki síst um grunnskólann. Í skýrslu, sem gerð var á vegum OECD, komu fram athyglisverðar athugasemdir um grunnskólann. M.a. var þar bent á að verklegum greinum væri ekki nóg sinnt. Í fréttum af skoðanakönnun meðal kennara kemur fram að mikill hluti þeirra telur að grunnskólalögin hafi ekki reynst sem skyldi. Nú stendur líka yfir endurskoðun þessara laga og er það vel. Grunnskólalögin voru um margt þörf og tímabær á sínum tíma en flestir hlutir þurfa endurskoðunar við á breytingatímum.

Sú spurning leitar æ oftar á huga minn hvort grunnskólalögin séu ekki of einstrengingsleg í áherslu sinni á jöfnuð og jafnrétti. Getur ekki ofstæki á þeim sviðum komið niður á nemendum og gæðum skólans? Síðastliðið sumar skrifaði Guðrún Helgadóttir alþingismaður grein sem hún nefndi „Jafnréttisráð og handavinnukennslan". Ég er Guðrúnu þakklát fyrir þessa grein því hún er skrifuð af þekkingu og skilningi á vanda handmenntakennslu í grunnskólum nú til dags.

Það er erfitt að fallast á réttmæti þess að skerða gamalgróna og hagnýta námsgrein eins og handmennt um helming með lagaboði. Þetta hefur nú samt víðast hvar gerst með grunnskólalögunum. Þar er gert ráð fyrir að drengir og stúlkur fái sama námsefni í handmennt. Greinin er þannig að ekki er hægt að kenna stórum bekkjardeildum í einu. Þá er farið að skipta bekkjunum í tvennt eftir stafrófsröð og kennarinn verður að kenna sama námsefnið tvisvar sama veturinn og kemst því helmingi skemur með nemendurna. Það gleymdist að auka tímafjöldann í greininni.

Hvaða afleiðingar hefur svo þessi helmings niðurskurður? Árangurinn hlýtur að verða að sama skapi minni. Kennarinn situr uppi með særðan metnað og ónotaða þekkingu. Þessi tiltekna námsgrein reynist líka svo viðkvæm í framkvæmd að þegar þrýsta á öllum til að læra það sama verður ástandið þannig að greinin leggst niður. Á hverju ári heyrum við nú auglýst eftir handmenntakennurum víða um land. Víða sér réttindalaust fólk um handmenntakennsluna meðan aðeins brot menntaðra handmenntakennara fæst við kennslu í greininni. Þó að kennarar tali oft um lág laun þá skipta starfsskilyrði þeirra líka máli. Þeir vilja sjá einhvern raunhæfan árangur af starfi sínu.

Auðvitað erum við öll sammála um að gefa skuli drengjum og stúlkum jöfn tækifæri til náms. Gaman væri líka að eiga dætur sem kynnu bæði að smíða borð og sauma og syni sem kynnu bæði að hefla og hekla. Þessu takmarki verður ekki bara náð með því að gera kennsluna í þessu öllu svo litla að ekkert sé hægt að læra að ráði. Í þessari grein er líka erfitt að þvinga fólk og þess vegna hlýtur að þurfa að leysa þetta að einhverju leyti með vali. Eftir 20 ára kennsluferil í grunnskóla, að mestu í handmennt, tel ég að hér hafi orðið stórt slys. Það er svo stórt slys að fjöldi kennara með góða sérmenntun hefur orðið að yfirgefa það sem átti að vera ævistarfið og fjöldi nemenda nær sáralitlum árangri í handmennt. Við þetta allt hefur tilkostnaðurinn ekkert minnkað. Samdrátturinn er fyrst og fremst á sviði gæðanna og þarna erum við að tala um námsgrein sem menntar fólk m.a. til að eyða tómstundum sínum á uppbyggilegan hátt. Þarna er því stórt skarð höggvið í almenna menntun í landinu.

Nú er mikið talað um að framtíð þjóðarinnar ráðist af því hvernig til tekst að mennta hana. Ekki ætla ég að fara út í hvernig búið er að öðrum námsgreinum í kerfinu núna en þar mætti eflaust margt betur fara. Við verðum líka alvarlega að íhuga hvort okkur dugir þessi skammi skólatími. Foreldrar hafa mikið fyrir menntun barna sinna og þjóðfélagið ver miklum fjármunum til hennar. Við þurfum öll að vera á verði um að þessi fjárfesting og fyrirhöfn skili sem mestum arði í því að börnin okkar verði sem best fær um að bjarga sér og bregðast við í framtíðinni. Öll hljótum við að binda vonir við endurskoðun grunnskólalaga, en í þeirri endurskoðun skiptir miklu máli að það sé haft að leiðarljósi að menntakerfið sé sveigjanlegt án þess að slakað sé á kröfum. Ef við viljum breyta þjóðfélaginu gegnum skólana kostar það aukið starf og fjármuni, en verður ekki gert með eintómum tilfærslum milli námsgreina.

Sþ. 760. Fyrirspurn [413. mál]

til menntamálaráðherrra um sjónvarp fyrir sjómenn.

Frá Inga Birni Albertssyni.

Hefur ráðherra í hyggju að beita sér fyrir því að sjónvarpsgeislum verði beint á haf út þannig að sjómenn fái notið íslensks sjónvarps? Ef svo er, hvenær verður þeim framkvæmdum lokið?

Sþ. 761. Fyrirspurn [414. mál]

til heilbrigðisráðherra um einstaklinga með glútenóþol.

Frá Hreggviði Jónssyni.

1. Hve margir einstaklingar hafa greinst með glútenóþol hér á landi?
2. Bera innfluttar vörur fyrir sjúklinga með glútenóþol með einhverju móti lægri skatta en aðrar matvörur, og ef svo er, hvaða tilvik er um að ræða?
3. Hefur kostnaðarauki við matargerð sjúklinga með glútenóþol verið reiknaður út og hver er hann á ári?
4. Hve margir einstaklingar njóta fyrirgreiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins vegna sjúkdómsins.

Nd. 762. Breytingartillaga [293. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum.

Frá Sverri Hermannssyni, Guðmundi G. Þórarinssyni, Guðrúnu Helgadóttur og Kjartani Jóhannssyni.

Á eftir 4. gr. frumvarpsins komi ný grein svohljóðandi:

Á eftir 14. gr. laganna komi ný grein er verði 15. gr. þeirra og orðist svo (töluröð annarra greina breytist samkvæmt því):

Af hverri sölueiningu áfengs öls, sem er 33 sentilítrar, skal greiða fimm krónur í sérstakan safnasjóð, og hlutfallslega af ölföngum seldum í öðru rúmfangi. Gjald þetta haldi fullu verðgildi og skal leiðrétt ársfjórðungslega í samræmi við það.

Safnasjóður skal hafa að hlutverki vöxt og viðgang safna í landinu: Þjóðminjasafns, Þjóðskjalasafns, Náttúrufræðisafns, Snorrasafns í Reykholti, og enn fleiri menningarhlutverk sem sjóðnum kunna að verða falin er fram líða stundir.

Menntamálaráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn sem setur safnasjóði stofn- og skipulagsskrá sem háð er samþykki ráðherra.

Nd. 763. Frumvarp til þjóðminjalaga. [415. mál]

Flm.: Sverrir Hermannsson, Guðrún Helgadóttir, Kjartan Jóhannsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir, Stefán Valgeirsson, Guðmundur G. Þórarinsson.

I. KAFLI

Þjóðminjasafn Íslands.

1. gr.

Þjóðminjasafn Íslands er eign íslenska ríkisins. Það er miðstöð allrar þjóðminjavörslu í landinu. Hlutverk safnsins er að safna, skrásetja, varðveita, rannsaka og sýna minjar um menningarsögu íslensku þjóðarinnar.

Til menningarsögulegra minja teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornleifar og gömul mannvirki, kirkjugripir og minningarmörk, forngripir, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir, hljóðritanir og skráðar heimildir um þjóðhætti.

Þjóðminjar teljast þær minjar um menningarsögu Íslendinga sem þjóðminjavörður telur ástæðu til að varðveita í Þjóðminjasafni Íslands, í byggðasöfnum eða með friðun.

Þjóðminjasafnið skal stuðla að rannsóknum á minjum um menningarsögu Íslendinga og útgáfu fræðilegra rita um þær.

Birta skal árlega starfsskýrslu safnsins.

2. gr.

Forseti Íslands skipar þjóðminjavörð að tillögu menntamálaráðherra.

Þjóðminjavörður hefur umsjón með þjóðminjavörslu í landinu öllu og fer með yfirstjórn Þjóðminjasafns Íslands í umboði menntamálaráðuneytisins. Hann leiðbeinir byggðasöfnum um starf þeirra, svo sem skráningu menningarminja og muna, sbr. V. kafla þessara laga.

Við Þjóðminjasafn Íslands skal starfa safnstjóri sem annast daglega stjórn safnsins í umboði þjóðminjavarðar og skal vera staðgengill hans. Menntamálaráðherra skipar safnstjóra Þjóðminjasafns til fjögurra ára í senn samkvæmt tillögu þjóðminjavarðar.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar Þjóðminjasafni Íslands stjórnarnefnd til fjögurra ára í senn. Félag íslenskra safnmanna tilnefnir einn mann til setu í stjórnarnefndinni, Bandalag kennarafélaga tilnefnir annan, Ferðamálaráð tilnefnir þann þriðja og einn er skipaður án tilnefningar. Þjóðminjavörður skal eiga sæti í stjórnarnefndinni. Menntamálaráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna.

Hlutverk stjórnarnefndar Þjóðminjasafns Íslands er að marka safninu stefnu og hafa yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlana og framkvæmd þeirra.

Menntamálaráðherra ákveður þóknun nefndarmanna.

4. gr.

Þjóðminjasafn Íslands skal vera til sýnis almenningi á tilteknum tímum, svo og fornminjar og mannvirki friðuð á þess vegum þegar þau hafa verið gerð sýningarhæf og aðrar aðstæður leyfa.

Safnið og starfsemi þess skal kynnt nemendum skóla í samráði við skóla og fræðsluyfirvöld, ýmist í safninu sjálfu eða í skólunum, og einnig skal efnt til slíkrar fræðslu fyrir almenning í safninu og ríkisfjölmiðlum.

5. gr.

Safnið má eigi taka við gjöfum sem kvaðir fylgja, en þó getur menntamálaráðherra veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á.

Gjafir og fjárframlög til safnsins eru frádráttarbær til skatts sbr. ákvæði laga um tekjuskatt og eignaskatt, nr. 75/1981, með áorðnum breytingum.

6. gr.

Heimilt er að lána gripi úr safninu til sýningar, en þó eigi til útlanda nema með samþykki menntamálaráðherra. Jafnframt er heimilt að lána um lengri eða skemmri tíma einstaka gripi til annarra safna eða kirkna, en tryggilega skal gengið frá varðveislu þeirra og þeir tryggðir eftir því sem þjóðminjavörður ákveður.

7. gr.

Ekki má nota myndir af gripum safnsins sem vörumerki eða í auglýsingarskyni og ekki heldur gera af þeim myndir eða eftirlíkingar nema með leyfi þjóðminjavarðar.

8. gr.

Heimilt er að skipta safninu í deildir. Menntamálaráðherra skipar deildarstjóra og safnverði að fengnum tillögum þjóðminjavarðar. Um tölu starfsmanna fer eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

9. gr.

Sérstakir minjaverðir skulu starfa á vegum þjóðminjavarðar, einn í hverjum fjórðungi. Skulu þeir hafa umsjón með menningarminjum landsfjórðungsins, skráningu og eftirliti fornminja og gamalla bygginga, svo og vera byggðasöfnum til ráðuneytis og aðstoðar. Skulu þeir taka laun til jafns við deildarstjóra Þjóðminjasafns og greiðist kostnaður við laun og starf þeirra úr ríkissjóði.

Menntamálaráðherra skipar minjaverði til starfa um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum að fengnum tillögum þjóðminjavarðar.

II. KAFLI

Fornminjar.

A. Fornleifar.

10. gr.

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem rústir bæja og annarra húsa, m.a. hofa og kirkna, þingbúðarústir og önnur mannvirki á fornum þingstöðum, forn garðlög, skipsflök, leifar af verbúðum, naustum og vörum, forn vígi og rústir af þeim, minjar um dvalarstaði útilegumanna, haugar og aðrir fornir greftrunarstaðir, hellar með áletrunum og öðrum verksummerkjum af manna völdum, áletranir og myndir á klöppum eða jarðföstum steinum.

Yfirleitt skal miðað við 100 ára aldur minja til að þær flokkist undir fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 20. gr.

11. gr.

Menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn þriggja manna fornleifaráð sem er þjóðminjaverði til ráðgjafar um rannsóknir og meðferð fornleifa, friðun þeirra, sbr. 12. gr., og veitingu leyfis til rannsóknar á fornleifum, sbr. 14. gr.

Hið íslenska fornleifafélag tilnefnir einn ráðsmanna, Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands tilnefnir annan og Félag íslenskra safnmanna þann þriðja. Nefndarmenn skipta sjálfir með sér verkum.

12. gr.

Þjóðminjavörður lætur skrá allar fornleifar sem þekktar eru í landinu. Fornleifaskrá skal vera aðgengileg á Þjóðminjasafni og hjá minjavörðum.

Þjóðminjavörður ákveður að höfðu samráði við þjóðminjaráð hvaða fornleifar skulu friðaðar. Friðlýsingu fornleifa skal birta í Stjórnartíðindum og staðurinn tilgreindur svo nákvæmlega sem unnt er á korti eða á annan hátt. Friðaðar fornleifar teljast þjóðminjar, sbr. 1. gr.

Tilkynna skal landeiganda og ábúanda með sannanlegum hætti um friðunina.

Friðun fornleifa skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá sem í hlut á. Skal kveðið á í þinglýsingarskjali um stærð þess svæðis sem hinum friðlýstu minjum tilheyrir sem verndað svæði.

Fornleifar, sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta friðunar áfram.

Birta skal skrá yfir nýjar friðlýsingar í ársskýrslu Þjóðminjasafnsins.

13. gr.

Friðuðum fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga eða aflaga né úr stað flytja nema leyfi þjóðminjavarðar komi til.

14. gr.

Þjóðminjavörður fer með yfirstjórn rannsókna á fornleifum í landinu öllu. Hann getur, að höfðu samráði við fornleifaráð, veitt þeim, sem hann telur til þess hæfa, leyfi til stað- og tímabundinna rannsókna. Skal leyfisveiting vera skrifleg hverju sinni og sá, sem slíkt leyfi fær, hlíta þeim reglum sem þjóðminjavörður setur þar að lútandi, svo sem um skil á rannsóknaskýrslum og birtingu þeirra, svo og skilum gripa sem finnast við rannsóknina.

15. gr.

Skylt er landeiganda og ábúanda að gera þjóðminjaverði viðvart, ef friðaðar fornleifar liggja undir spjöllum af völdum náttúrunnar eða þeim er spillt af manna völdum. Þjóðminjavörður ákveður þá hvaða ráðstafanir skuli gera til verndar fornleifunum.

16. gr.

Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask er haggar við fornleifum og skal hann þá skýra þjóðminjaverði frá því áður en hafist er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Þjóðminjavörður ákveður hvort eða hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum.

17. gr.

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra þjóðminjaverði frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fenginn er úrskurður þjóðminjavarðar um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

18. gr.

Þjóðminjavörður hefur rétt til að framkvæma rannsókn á fornleifum með greftri eða á annan hátt og gera það sem þarf til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en gera skal landeiganda eða ábúanda viðvart um það áður.

19. gr.

Óheimil er öðrum en starfsmönnum þjóðminjavörslunnar notkun málmleitartækja eða annars tækjabúnaðar við leit að forngripum í jörðu nema með sérstökuleyfi þjóðminjavarðar.

20. gr.

Skylt er að viðhalda á kostnað ríkissjóðs friðuðum fornleifum.

B. Forngripir.

21. gr.

Forngripir eru lausar fornminjar, einstakir hlutir, 100 ára og eldri. Þegar fornir gripir finnast, það er gripir að jafnaði eldri en 100 ára, sbr. 10. gr., sem liggja eða legið hafa í jörðu, skal finnandi tilkynna þjóðminjaverði fundinn svo fljótt sem við verður komið. Finnandi skal ekki hagga við fundinum nema nauðsynlegt sé að taka hann eða hluta hans þegar til umhirðu með því að ella væri hætta á að munir spilltust eða færu forgörðum.

Ákvæði 1. mgr. taka til allra muna sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og einnig til leifa af líkömum manna og dýra sem finnast í fornum haugum, dysjum eða leiðum.

Allir munir, sem grein þessi fjallar um, eru eign ríkisins. Þeir skulu varðveittir í Þjóðminjasafni Íslands, en þjóðminjavörður getur þó falið byggðasafni varðveislu slíkra muna ef sérstaklega stendur á.

22. gr.

Greiða skal finnanda útgjöld sem hann hefur haft vegna fundar forngrips.

Nú finnst forngripur úr gulli eða silfri, þar á meðal gullpeningar eða silfurpeningar, og skal þá meta málmverð hlutarins og leggja ofan á 10 af hverju hundraði. Skal annar helmingur fjárhæðarinnar greiddur finnanda en hinn landeiganda.

Útgjöld samkvæmt grein þessari skulu greidd úr ríkissjóði.

23. gr.

Eigi má flytja úr landi neina muni eða gripi sem eru eldri en 100 ára nema þjóðminjavörður leyfi. Gildir þá einu hvort gripur er í einkaeign eða opinberri eign. Leiki vafi á um aldur hlutar úrskurðar þjóðminjavörður. Þá getur þjóðminjavörður með samþykki menntamálaráðuneytisins hindrað útflutning yngri gripa en hér er kveðið á um.

III. KAFLI

Kirkjugripir og minningarmörk.

24. gr.

Þjóðminjavörður ákveður friðun kirkjugripa sem varðveittir eru í kirkjum landsins og hann telur friðunarverða vegna sögulegs eða listræns gildis þeirra.

Þjóðminjavörður friðar einnig þá legsteina eða önnur minningarmörk í kirkjugörðum sem hann telur rétt að vernda af framangreindum ástæðum.

Halda skal skrá yfir friðaða kirkjugripi og minningarmörk.

25. gr.

Munir, sem á friðunarskrá eru teknir skv. 24. gr., eru friðhelgir. Óheimilt er að raska þeim eða spilla. Ekki má heldur farga þeim né flytja þá burtu nema leyfi þjóðminjavarðar komi til.

Forráðamönnum kirkna ber að vernda skráða kirkjugripi. Kirkjugarðsstjórnir annast vernd skráðra minningarmarka svo sem segir í 16. gr. laga um kirkjugarða, nr. 21 23. apríl 1963.

26. gr.

Gera skal sérstaka skrá um friðlýsta gripi hverrar kirkju og sama gildir um friðlýst minningarmörk í kirkjugörðum. Þjóðminjavörður lætur skrár þessar í té próföstum og sóknarnefndum sem hlut eiga að máli.

27. gr.

Þjóðminjasafnið skal varðveita aflagða kirkjugripi og þá gripi sem þjóðminjaverði og forráðamönnum kirkna kemur saman um að eigi sé ástæða til að hafa í kirkju lengur. Þó getur þjóðminjavörður falið viðkomandi byggðasafni varðveislu gripanna.

28. gr.

Sé kirkja lögð niður skulu gripir hennar renna til safns samkvæmt ákvörðun 26. gr., eða til annarra kirkna og sé það ákveðið með samráði þjóðminjavarðar og biskups eða prófasts. Gildir þetta jafnt um bændakirkjur og safnaðarkirkjur.

Þjóðminjasafnið skal eiga forkaupsrétt að kirkjugripum í einkaeign ef seldir verða.

IV. KAFLI

Friðun húsa og annarra mannvirkja.

29. gr.

Friða má mannvirki, hús eða húshluta sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Friðun getur náð til nánasta umhverfis hins friðaða mannvirkis. Friða má samstæður húsa sem hafa slíkt gildi sem að framan greinir og gilda þá reglur friðunar um hvert einstakt þeirra.

Tilgangur friðunarinnar er að tryggja sem best varðveislu þess mannvirkis sem um ræðir.

30. gr.

Menntamálaráðherra ákveður friðun eða brottfall friðunar að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar ríkisins.

Í nefndinni eiga sæti fimm menn. Þjóðminjavörður er formaður nefndarinnar. Aðra nefndarmenn skipar menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu Arkitektafélags Íslands, annan samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga en tvo án tilnefningar.

Hlutverk húsafriðunarnefndar ríkisins er að stuðla að varðveislu byggingararfs þjóðarinnar, að meta hvaða hús sé ráðlegt að friða hverju sinni og gera um það tillögur til ráðherra. Einnig úthlutar húsafriðunarnefnd ríkisins styrkjum úr húsafriðunarsjóði.

31. gr.

Öll hús, sem reist eru fyrir 1850, skulu vera friðuð, svo og allar kirkjur reistar fyrir 1918.

Skylt er eigendum húsa, sem reist eru fyrir árið 1900, að tilkynna húsafriðunarnefnd ríkisins með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa.

Húsafriðunarnefnd skal innan tveggja mánaða tilkynna viðkomandi aðilum hvort hún telur ástæðu til friðunar.

Byggingarfulltrúum ber að fylgjast með því að eigendur húsa, sem fjallað er um í þessari grein, sinni tilkynningarskyldu sinni.

32. gr.

Ákvörðun um friðlýsingu skal tilkynna húseiganda, öðrum þeim sem eiga þinglesin réttindi yfir eigninni, svo og hlutaðeigandi lögreglustjóra, bæjar- eða sveitarstjórn og byggingarnefnd.

Greina skal í tilkynningu um það til hvers friðunin nær.

Þinglýsa skal friðun sem kvöð á fasteign sem í hlut á og skal auglýst í Stjórnartíðindum um hverja friðlýsingu. Þinglýsingardómari skal tilkynna húsafriðunarnefnd ef þinglesin eru eigendaskipti að friðaðri húseign.

Heimilt er að fella niður fasteignagjöld á friðuðum húsum.

33. gr.

Telji húsafriðunarnefnd hættu á að hús, sem hefur menningarsögulegt eða listrænt gildi en hefur þó ekki verið friðað, verði rifið eða gildi þess rýrt á nokkurn hátt getur hún ákveðið skyndifriðun viðkomandi húss.

Skyndifriðun tekur gildi þegar húsafriðunarnefnd ríkisins hefur tilkynnt með tryggilegum hætti öllum hlutaðeigandi aðilum, sbr. 32 gr., um ákvörðun sína og gildir hún í tvær vikur. Skyndifriðun þarf ekki að þinglýsa.

Á meðan skyndifriðun stendur yfir gilda að öðru leyti allar reglur venjulegrar friðunar.

Menntamálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar ríkisins, hvort friða skuli viðkomandi hús áður en skyndifriðun lýkur.

34. gr.

Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðaðri húseign án leyfis húsafriðunarnefndar ríkisins.

Við endurbætur og viðhald friðaðra fasteigna skal leitað álits og samþykkis húsafriðunarnefndar ríkisins. Leyfi nefndarinnar þarf til að setja skilti eða aðrar áletranir á friðuð hús.

Vilji eigandi friðaðrar eignar ráðast í framkvæmd, sem leyfi þarf til skv. 1. mgr., skal hann þá í umsókn sinni til húsafriðunarnefndar ríkisins lýsa nákvæmlega hinum fyrirhuguðu framkvæmdum og láta uppdrátt fylgja. Nefndin skal svo fjótt sem við verður komið gera

eiganda grein fyrir afstöðu sinni. Setji nefndin það skilyrði fyrir samþykki sínu að verk sé framkvæmt með tilteknum hætti öðrum en þeim sem í umsókn greinir er eiganda skylt að hlíta því. Skal eigandi fá greiddan aukakostnað sem af fyrirmælum nefndarinnar leiðir.

35. gr.

Ef breytingar hafa verið gerðar á friðuðu húsi án leyfis húsafriðunarnefndar getur hún lagt fyrir eiganda að færa húsið í hið fyrra horf innan hæfilegra tímamarka. Nú sinnir eigandi ekki fyrirmælum nefndarinnar og getur hún þá, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

36. gr.

Ef vanrækt er viðhald friðlýsts húss getur húsafriðunarnefnd lagt fyrir eiganda að gera umbætur innan hæfilegs frests. Nú líður frestur án þess að úr sé bætt og getur þá húsafriðunarnefnd, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

37. gr.

Nú verður friðuð eign fyrir spjöllum af eldi eða öðrum ástæðum og skal eigandi eða afnotahafi þá gera húsafriðunarnefnd viðvart um það þegar í stað. Lætur nefndin þá fara fram skoðunargerð og mat á spjöllum. Ef ráðist verður í endurbyggingu gilda ákvæði 34. gr.

38. gr.

Nú vill eigandi friðaðs húss rífa húsið eða flytja það af stað sínum og skal hann þá sækja um leyfi til þess til húsafriðunarnefndar. Nefndin skal, svo fljótt sem við verður komið, senda menntamálaráðherra umsóknina með tillögum sínum. Ef ráðherra leyfir niðurrif eða brottflutning skal aflýsa friðunarkvöðinni eða skilgreina að nýju til hvaða þátta friðun hússins nær.

39. gr.

Ef byggingarnefnd hefur orðið vör við að friðuð eign hefur orðið fyrir spjöllum eða að henni sé ekki vel við haldið skal hún gera húsafriðunarnefnd viðvart.

40. gr.

Húsafriðunarnefnd hefur rétt til að framkvæma, eiganda að kostnaðarlausu, hvers konar eftirlit með og skoðanir á friðaðri eða friðlýstri eign sem gera þarf vegna ákvæða þessa kafla.

41. gr.

Starfrækja skal húsafriðunarsjóð til að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðaðra húsa.

Tekjur sjóðsins eru:

1. árlegt framlag ríkissjóðs,
2. árlegt framlag sveitarfélaga og
3. frjáls framlög.

Framlag ríkissjóðs skal miða við að það nemi á hverju ári 75 kr. á hvern íbúa landsins. Framlag sveitarfélaga skal miðað við að það nemi 75 kr. á hvern íbúa hlutaðeigandi sveitarfélags. Þessi framlög skulu þó breytast árlega í hlutfalli við byggingarvísitölu.

Framlög sveitarfélaga greiðast úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sbr. 8. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Varsla og reikningshald sjóðsins skal falið ríkisbanka.

42. gr.

Hlutverk húsafriðunarsjóðs er að veita styrki til viðhalds og endurbóta á friðuðum mannvirkjum. Heimilt er að veita styrki til viðhalds annarra húsa en friðaðra sem að dómi húsafriðunarnefndar hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Sjóðnum ber að stuðla að byggingarsögulegum rannsóknum.

43. gr.

Húsafriðunarnefnd stjórnar húsafriðunarsjóði og ákveður styrki úr honum samkvæmt sérstakri reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur um sjóðinn. Skal þar m.a. kveðið á um skyldur þeirra sem fjárframlög fá úr sjóðnum. Slík framlög eru undanþegin tekjuskatti.

44. gr.

Útgjöld vegna starfsemi húsafriðunarnefndar, þar á meðal þóknun til nefndarmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

V. KAFLI

Byggðasöfn.

45. gr.

Til byggðasafna teljast samkvæmt lögum þessum söfn sem sett hafa verið á stofn í þeim tilgangi sem í 46. gr. segir.

Þau söfn, sem uppfylla þau skilyrði sem þjóðminjavörður setur, geta sótt um styrk úr ríkissjóði, sbr. 48. gr., til starfsemi sinnar.

Ef tvö eða fleiri sveitarstjórnarumdæmi, stofnanir eða félagasamtök, standa að sama byggðasafni skulu þau gera um það samþykkt þar sem meðal annars séu ákvæði um stað safnsins, eignarrétt aðila að því, þátttöku í kostnaði við það og ráðningu forstöðumanns. Skal byggðasafni stjórnað af byggðasafnsnefnd sem komi saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári og annist yfirumsjón safnsins, geri fjárhagsáætlanir og starfsáætlun og taki ákvarðanir í meiri háttar málefnum þess.

Árlega skal senda skýrslu um starfsemi safnsins til þjóðminjavarðar og menntamálaráðuneytisins.

Þau byggðasöfn, sem hlotið hafa viðurkenningu þjóðminjavarðar eða menntamálaráðuneytisins samkvæmt eldri lögum, skulu halda henni framvegis þótt eigi séu eign sveitarfélaga.

46. gr.

Hlutverk byggðasafna er að safna munum sem hafa menningarsögulegt gildi, varðveita þá og hafa til sýnis almenningi. Hverju safni ber að leggja áherslu á söfnun og sýningu muna sem telja má einkennandi fyrir hlutaðeigandi byggðarlög eða landsfjórðung, en eru að verða fágætir.

47. gr.

Ef friðað hús í eigu ríkis eða sveitarfélags er til á byggðasafnssvæði er stjórn byggðasafns heimilt með samþykki þjóðminjavarðar að varðveita þar muni sem til safnsins heyra, einkum þá muni sem á sínum tíma tíðkaðist að nota í slíkum byggingum.

48. gr.

Nú vill stjórn byggðasafns afla sér húsnæðis fyrir safnið, hvort heldur með kaupum eða nýsmíði, og á hún þá kost á að fá styrk til þess úr ríkissjóði, allt að einum þriðja hluta kostnaðar, eftir því sem fé kann að vera veitt til þess á fjárlögum, enda samþykki þjóðminjavörður húsnæðið og stofnkostnað. Laun minjavarðar byggðasafns, miðuð við starfsskyldu hans og starfstíma og samþykkt af þjóðminjaverði, greiðist að hálfu úr ríkissjóði.

49. gr.

Nú telur þjóðminjavörður að byggðasafni, sem hlýtur ríkisstyrk, sé hætta búin sökum vanhirðu eða af öðrum orsökum og ekki hefur fengist úr bætt þrátt fyrir endurteknar áskoranir og getur þá menntamálaráðherra svipt safnið ríkisstyrk. Lendi safnið í óhirðu getur þjóðminjavörður að fengnu samþykki menntamálaráðherra tekið gripi safnsins til varðveislu í Þjóðminjasafni.

VI. KAFLI

Almenn ákvæði.

50. gr.

Hver sá, sem fyrir fjártjóni verður vegna framkvæmda á ákvæðum II. eða IV. kafla laga þessara, á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám.

51. gr.

Ekki ber að greiða stimpilgjöld eða þinglýsingargjöld af skjölum sem út eru gefin vegna framkvæmda á lögum þessum.

52. gr.

Brot gegn ákvæðum 13.–17. gr., 1. mgr. 21. gr., 23. gr., 25. gr., 34. gr., 37. gr. og 39. gr. varða sektum til ríkissjóðs, nema þyngri refsing liggi við broti skv. 177. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.

53. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla kafla þeirra.

54. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 52 1969, þjóðminjalög, og lög nr. 42 1975, um breytingu á þjóðminjalögum.

Greinargerð.

Lagafrumvarp þetta samdi nefnd, sem menntamálaráðherra skipaði í nóvember 1987 til að fjalla um framtíðarmótun Þjóðminjasafns Íslands, þar á meðal endurskoðun þjóðminjalaga nr. 52/1969, með breytingum frá 15. maí 1975.

Formaður nefndarinnar er Sverrir Hermannsson alþingismaður en aðrir nefndarmenn eru Þór Magnússon þjóðminjavörður, Bryndís Sverrisdóttir safnkennari, Guðmundur G. Þórarinsson alþingismaður, Guðrún Helgadóttir alþingismaður, Kjartan Jóhannsson alþingismaður, Lilja Árnadóttir safnvörður og Þórunn Hafstein, deildarstjóri í menntamálaráðuneyti.

Árið 1981 skipaði þáverandi menntamálaráðherra nefnd til þessað endurskoða þjóðminjalögin frá 1969. Nefndin skilaði ítarlegu áliti í desember 1983 ásamt tillögum að nýjum þjóðminjalögum, þar sem gert var ráð fyrir umtalsverðum skipulagsbreytingum á minjavörslu í landinu. Tillaga nefndarinnar var ekki lögð fyrir alþingi sem lagafrumvarp.

Sú endurskoðun laganna, sem hér er gerð grein fyrir, byggir meðal annars á því starfi.

Kaflaskipting laganna helst óbreytt frá núgildandi lögum. Fyrsti kafli fjallar um Þjóðminjasafn Íslands, annar kafli fjallar um fornminjar, þriðji kafli um kirkjugripi og minningarmörk, fjórði kafli um friðun húsa og annarra mannvirkja, fimmti kafli um byggðasöfn og sjötti kafli um almenn ákvæði.

Helstu nýmæli laganna eru skipulagsbreytingar á stjórnun Þjóðminjasafns Íslands. Stjórnarnefnd mótar stefnu safnsins og áætlanir og ráðinn verður safnstjóri Þjóðminjasafns sem stjórnar daglegum rekstri þess. Einnig munu starfa minjaverðir við vörslu þjóðminja á landsbyggðinni. Skilgreiningar hugtaka og hlutverka hafa verið skýrðar frá fyrri lögum.

Þriggja manna fornleifaráð verður þjóðminjaverði til ráðgjafar við skipulagningu fornleifarannsókna og veitingu leyfa til slíkra rannsókna.

Aðrar breytingar eru flestar lagfæringar og viðbætur við einstaka greinar. Mikilverðastar breytingar eru: Að þjóðminjavörður mun einn hafa rétt til þess að rannsaka eða láta rannsaka fornleifar, að öll hús sem byggð eru fyrir 1850 og allar kirkjur sem byggðar eru fyrir 1918 skulu vera friðuð og að húsafriðunarnefnd getur gripið til skyndifriðunar ef þörf krefur.

Nánar verður gerð grein fyrir einstökum greinum laganna hér á eftir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Um 1. gr.

1. gr. er að hluta til sama efnis og 2. gr. gildandi laga. Nú er sagt nánar til um meginhlutverk safnsins sem er að safna, skrásetja, varðveita og rannsaka og sýna minjar um menningarsögu þjóðarinnar. Hugtakið þjóðminjar er skilgreint. Enn fremur er kveðið á um leiðbeiningarskyldu Þjóðminjasafns við byggðasöfn.

Um 2. gr.

2. gr. er að hluta til sambærileg við 1. gr. núgildandi laga.

Mikilvæg viðbót hefur þó verið gerð við þessa grein þar sem gert er ráð fyrir stöðu safnstjóra Þjóðminjasafns sem fer með daglega stjórn safnsins og er staðgengill þjóðminjavarðar.

Í greinargerð með þjóðminjalögum frá 1969 er þess getið að starf þjóðminjavarðar sé tvíþætt. Í fyrsta lagi sé hann forstöðumaður Þjóðminjasafns og í öðru lagi beri honum að annast fornleifavörslu á landinu öllu og leiðbeina byggðasöfnum í starfi þeirra. Þar er bent á að í nágrannalöndum okkar sumum sé greint á milli þjóðminjavörslu og þjóðminjasafns af þessum sökum. Með lögunum frá 1969 var ákveðið að hvort tveggja skyldi vera starfssvið þjóðminjavarðar, enda hafði sú skipan verið í reynd frá stofnun safnsins árið 1863.

Hér er ekki gert ráð fyrir breytingu á þessari skipan, en þó er kveðið nánar á um hinar tvær megingreinar embættisins.

Önnur þeirra, stjórnun Þjóðminjasafns, heyrir undir safnstjóra Þjóðminjasafns, en hin, varsla þjóðminja á landsbyggðinni, er í höndum minjavarða í fjórðungum sem starfa á vegum þjóðminjavarðar, sbr. 9. gr. þessara laga.

Ljóst er að stjórnun Þjóðminjasafnsins er svo viðamikið verkefni að full þörf er á þessari breytingu nú þegar.

Fram undan er endurskipulagning á föstum sýningum safnsins og húsakosti í kjölfar þess að Listasafn Íslands hefur nú flutt úr húsi Þjóðminjasafnsins. Því er nú enn brýnni þörf á markvissri stjórnun safnsins á næstu árum.

Um 3. gr.

3. gr. er nýmæli.

Þjóðminjasafni skal skipuð stjórnarnefnd til fjögurra ára í senn.

Ekki er þörf á að fjölyrða um kosti þess að skipa Þjóðminjasafni stjórn en nægir að benda á að stjórnun þess yrði að líkindum styrkari og að aukin tengsl yrðu milli safnsins og ráðuneytis. Sú skipan í stjórnarnefndina sem hér er ráðgerð mótast einnig af því að

skólabörn eru tíðir gestir í safninu og að safninu er ætlað að kynna útlendum ferðamönnum menningu þjóðarinnar.

Stofnun Árna Magnússonar og Þjóðskjalasafni, sem að ýmsu leyti eru sambærilegar stofnanir Þjóðminjasafni, er stjórnað á líkan hátt.

Stjórnarnefndinni er ætlað að móta stefnu safnsins í veigamestu málum. Að öðru leyti er stjónarnefndinni ætlað að fylgjast með fjárhagsáætlunum safnsins og vera þjóðminjaverði til ráðgjafar.

Um 4. gr.

Fyrri hluti 4. gr. er samhljóða 3. gr. núgildandi laga. Seinni hluti greinarinnar er nýmæli en þar er kveðið á um fræðsluskyldur Þjóðminjasafnsins við skólanemendur og almenning.

Með breyttum samfélagsháttum, örum breytingum á þjóðfélaginu og auknum menningaráhrifum frá öðrum þjóðum er eðlilegt að leggja Þjóðminjasafni Íslands á herðar fræðsluskyldu við skólanemendur og almenning. Safnið þarf að geta hagnýtt sér nútímakennslutækni til að ná sem víðast með fræðslu um menningarsögu þjóðarinnar.

Um 5. gr.

5. gr. er að hluta til samhljóða 4. gr. núgildandi laga. Gjafir og fjárframlög til safnsins verða frádráttarbær til skatts.

Um 6. gr.

6. gr. er sama efnis og 5. gr. núgildandi laga en ítarlegri. Hún þarfnast ekki skýringar.

Um 7. og 8. gr.

7. gr. og 8. gr. eru sama efnis og 6. og 7. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringar. Efni 8. gr. gildandi laga er nú hluti af 1. gr.

Um 9. gr.

9. gr. er nýmæli og er hún skýrð að hluta til með annarri grein laganna.

Annar meginþáttur starfssviðs þjóðminjavarðar er skráning, varsla og rannsóknir á þjóðminjum um landið allt.

Reynslan sýnir að eftirlit með þjóðminjum á landsbyggðinni verður ekki viðunandi nema með bættri skipan og virðist þessi háttur sá ákjósanlegasti.

Um II. kafla.

Um 10. gr.

10. gr. er sama efnis og 9. gr. núgildandi laga. Þó eru nú skipsflök nefnd með fornleifum. Slík ákvæði eru í lögum nágrannalandanna. Viðbót er einnig ákvæði um að 100 ára minjar teljist fornminjar og að heimilt sé að friðlýsa yngri minjar.

Um 11. gr.

11. gr. er nýmæli. Fornleifarannsóknir Þjóðminjasafnsins hafa að verulegu leyti verið fólgnar í björgunarstarfi og svo mun líklega ætíð verða. Starfsfólk safnsins hefur verið kallað til þegar fornleifar hafa komið í ljós við mannvirkjagerð og í skyndingu hefur þurft að framkvæma fornleifarannsóknir. Skipulagðar rannsóknir hafa þó ávallt verið stundaðar jafnframt, en vegna mannfæðar og fjárskorts hefur ekki verið hægt að vinna jafnmarkvisst að könnun á fornleifum og æskilegt væri.

Fornleifaráði er ætlað að vera þjóðminjaverði til ráðgjafar í öllu er varðar fornleifar og rannsóknir þeirra og veitingu leyfa til slíkra rannsókna. Ráðið gerir tillögur að langtímaáætlunum um fornleifarannsóknir á vegum safnsins og skipun rannsóknarverkefna í forgangsröð.

Um 12. gr.

12. gr. er í meginatriðum sama efnis og 10. gr. gildandi laga. Viðbætur eru þessar: Allar þekktar fornminjar skal skrásetja og skal slík skrá vera aðgengileg öllum á Þjóðminjasafni og hjá minjavörðum. Þetta nýmæli er í samræmi við starfshefðir á Þjóðminjasafni enda eru svipuð vinnubrögð ríkjandi í nágrannalöndum okkar. Friðunarskrá fornleifa skal birta í Stjórnartíðindum. Til samanburðar skal tekið fram að um friðlýsingu náttúruminja er getið í Stjórnartíðindum.

Í þinglýsingarskjali skal kveðið á um stærð þess svæðis sem hinum friðlýstu minjum tilheyrir sem verndað svæði.

13. gr.

Greinin er sama efnis og 11. gr. gildandi laga.

Um 14. gr.

14. gr. er nýmæli. Þjóðminjavörður skal einn hafa rétt til þess að rannsaka, láta rannsaka og veita leyfi til að rannsaka fornleifar, enda nýtur hann í slíkum málum ráðgjafar fornleifaráðs, sbr. 11. gr.

Samkvæmt gildandi lögum þarf heimild þjóðminjavarðar til að hreyfa við eða rannsaka friðlýstar fornleifar.

Við þessa breytingu þarf einnig heimild til að rannsaka eða hrófla við fornleifum þótt ekki séu friðlýstar.

Um 15. og 16. gr.

Greinarnar eru samhljóða 12. og 13. gr. gildandi laga.

Um 17. gr.

Greinin er sama efnis og 14. gr. gildandi laga.

Um 18. gr.

Greinin er samhljóða 15. gr. gildandi laga.

Um 19. gr.

19. gr. er nýmæli. Notkun málmleitartækja er bönnuð. Reynsla nágrannaþjóða okkar hefur leitt í ljós að þetta er nauðsynlegt ákvæði.

Um 20. gr.

Greinin er samhljóða 16. gr. gildandi þjóðminjalaga.

Um 21. gr.

Greinin er sama efnis og 17. gr. gildandi laga. Viðbót er ákvæði um að forngripir teljist einstakir hlutir sem eru 100 ára eða eldri.

Um 22. og 23. gr.

Greinarnar eru samhljóða 18. og 19. gr. gildandi laga.

Um III. kafla.

III. kafli laganna um kirkjugripi og minningarmörk er efnislega óbreyttur frá gildandi lögum. 24., 25., 26., 27. og 28. gr. eru því sama efnis og 20., 21., 22., 23. og 24. gr. í gildandi lögum.

Lítils háttar breytingar hafa verið gerðar á 24. og 25. gr. til samræmis við skýrari notkun friðunarhugtaksins í lögunum.

Um IV. kafla.

Um 29. gr.

29. gr. er sama efnis og 25. gr. gildandi laga en ítarlegri.

Friða má samstæður húsa sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi.

Í umræðum undanfarinna ára um húsaverndunarmál hefur oft verið vakið máls á því að æskilegt væri að heimild væri fyrir því í lögum að friðlýsa húsasamstæður, -raðir eða -hverfi sem hefðu listrænt eða menningarsögulegt gildi, enda þótt ekki þætti ástæða til að friða hvert hús innan heildarinnar. Slíkar heimildir eru í lögum nágrannaþjóða okkar.

Friðun getur náð til nánasta umhverfis hins friðaða mannvirkis og er gert ráð fyrir að í greinargerð sé skýrt til hvaða þátta friðunin nær, sbr. 32. gr. þessa lagafrumvarps.

Um 30. gr.

30. gr. er sama efnis og 26. gr. gildandi laga. Breytingar eru þessar:

Samkvæmt núgildandi lögum tilnefnir Bandalag íslenskra listamanna fulltrúa í stjórn húsafriðunarsjóðs. Arkitektafélag Íslands á aðild að Bandalaginu og reyndin hefur verið sú að fulltrúi Bandalags íslenskra listamanna í stjórn húsafriðunarsjóðs hefur verið arkitekt. Líklega hefur það verið ætlunin frá upphafi og skynsamlegt virðist að staðfesta að svo skuli vera.

Skilgreint er hlutverk húsafriðunarnefndar ríkisins.

Um 31. gr.

Þessi grein er nýmæli.

Öll hús sem byggð eru fyrir 1850 og allar kirkjur sem reistar eru fyrir 1918 skulu vera friðuð. Sambærileg ákvæði eru í lögum nágrannaþjóða okkar þótt ártölin séu önnur. Tilgangurinn er sá að tryggja varðveislu elstu húsa landsins. Eigendum húsa, sem orðin eru 100 ára eða eldri, er skylt að tilkynna húsafriðunarnefnd ríkisins ef þeir hyggjast breyta húsi sínu eða rífa.

Eftir því sem tímar líða breytist mat manna á því hvaða hús beri að friða. Friðuð hús á landinu öllu eru innan við 70 talsins. Ekki er ljóst hvort fjöldi friðaðra húsa muni aukast mikið á næstu árum, en full ástæða er til að skapa húsafriðunarnefnd sem besta möguleika til að fylgjast með gömlum húsum og að hún fái tækifæri til þess að meta gildi þeirra áður en þeim verður breytt eða þau rifin.

Um 32. gr.

Kemur í stað 27. og 28. gr. gildandi laga.

Ekki er greint milli A og B friðunar eins og í núgildandi lögum, heldur skal tilefni friðunarinnar skýrt í tilkynningu um friðlýsingu hverju sinni.

Reynsla undanfarinna ára bendir eindregið til að þessi breyting sé æskileg.

Heimild er til að fella niður fasteignagjöld af friðuðum húsum. Kostur er að hafa slíkt heimildarákvæði í lögunum þegar það er mat húsafriðunarnefndar að létta beri undir með eigendum friðaðra húsa. Það yrði því í verkahring nefndarinnar að sækja um niðurfellingu gjalda til sveitarstjórna eða skattayfirvalda í hverju tilfelli. Benda má einnig á að alls ekki er ástæða til að létta gjöldum af þeim friðuðu húsum sem eru í opinberri eigu eða færa eigendum sínum tekjur með einhverju móti.

Um 33. gr.

Þessi grein er nýmæli.

Húsafriðunarnefnd getur gripið til skyndifriðunar, sem aðeins gildir í tvær vikur, ef hún telur hættu á að hús, sem hefur menningarsögulegt gildi en ekki er friðað, verði rifið eða

gildi þess rýrt. Nefndin skal tilkynna öllum sem hlut eiga að máli um ákvörðun sína á sannanlegan hátt.

Lagagrein þessari er ætlað að skapa húsafriðunarnefnd ríkisins nauðsynlegt svigrúm til þess að grípa inn í atburðarás þegar hætta er á að menningarverðmæti glatist. Nefndinni gefst þá tími til að kanna gildi viðkomandi eignar og ef þannig ber undir að leita samkomulags og/eða samþykkis ráðherra til friðunar hennar.

Um 34. gr.

Þessi grein er samhljóða 30 gr. núgildandi laga en hefur verið leiðrétt með hliðsjón af öðrum breytingum laganna. Þarfnast ekki skýringar.

Um 35.–37. gr.

Þessar greinar eru sama efnis og 31., 32., og 33. gr. í gildandi lögum.

Um 38. gr.

Þessi grein er sama efnis og 35. gr. gildandi laga.

Ekki þykir þó þörf á að kveða á um heimild ráðherra til að ríkið eignist friðaðar húseignir þegar svo háttar til að ráðherra hefur hafnað beiðni eiganda um heimild til niðurrifs.

34. gr. gildandi laga er felld niður, enda skal öllum friðlýsingum húsa og mannvirkja þinglýst samkvæmt þessu frumvarpi.

Um 39., 40. og 44. gr.

Greinarnar eru samhljóða 36., 37. og 38. gr. gildandi laga.

Um 41.–43. gr.

Greinarnar eru sama efnis og viðbætur við þjóðminjalög frá 15. maí 1975, 39., 40. og 41. gr. í gildandi lögum.

Framlög ríkissjóðs og sveitarfélaga til húsafriðunarsjóðs aukast þó úr 20 kr. á hvern íbúa í 75 kr. á íbúa.

Framlög til húsafriðunarsjóðs hafa verið óbreytt frá stofnun hans árið 1975. Samkvæmt lögunum skyldi upphæðin taka breytingum með byggingarvísitölu. Reyndin hefur orðið önnur og hefur ráðstöfunarfé sjóðsins farið lækkandi. Umsóknum um styrki úr sjóðnum hefur fjölgað gífurlega á undanförnum árum. Í langflestum tilvikum er sótt um styrki til viðhalds og endurbóta mannvirkja sem stjórn sjóðsins telur sér skylt að styðja. Styrkupphæðir hafa því farið lækkandi.

Húsafriðunarnefnd þarf einnig að safna heimildum um húsakost landsmanna til þess að húsafriðun verði sem markvissust og nefndin þarf einnig að sinna ráðgjafar- og leiðbeiningarstarfi við eigendur friðaðra húsa.

Um V. kafla.

Talið er afar brýnt að byggðasöfn landsins falli undir þjóðminjalögin og að þau verði áfram fjármögnuð að hluta til á fjárlögum ríkisins. Tengsl þeirra við Þjóðminjasafnið verði efld frekar en hitt og það gegni forustuhlutverki gagnvart byggðasöfnunum.

Um 45. gr.

45. gr. er sama efnis og 39. gr. í gildandi lögum. Til viðbótar eru ákvæði um rétt byggðasafna til styrks úr ríkissjóði, stjórnun byggðasafna og skyldu safna til að senda þjóðminjaverði og menntamálaráðurneyti ársskýrslu.

Um 46.–49. gr.

Greinarnar eru samhljóða 40., 41., 42. og 43. gr. í gildandi lögum.

Um VI. kafla.

Kaflinn er óbreyttur frá gildandi lögum.

50., 51., 52., 53. og 54. gr. eru samhljóða 44., 45., 46., 47., 48. og 49. gr. í gildandi þjóðminjalögum.

Nd. 764. Nefndarálit [271. mál]

um frv. til l. um framhaldsskóla.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á nokkrum fundum. Til viðtals við hana komu þeir menn er sátu í nefndinni sem samdi frumvarpið, Birgir Ísl. Gunnarsson, sem var formaður þeirrar nefndar, Björn L. Halldórsson lögfræðingur, Björn Friðfinnsson lögfræðingur, Ingimundur Sigurpálsson bæjarstjóri, Jón Böðvarsson, fyrrv. skólameistari, og Jón R. Hjálmarsson fræðslustjóri.

Auk þess komu til fundar við nefndina fulltrúar Félags framhaldsskóla og skólameistararnir Ingvar Ásmundsson, Guðni Guðmundsson, Örnólfur Thorlacius, Björn Teitsson, Kristín Arnalds og Jóhann Sigurjónsson. Stefán Ólafur Jónsson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, sat nokkra fundi nefndarinnar.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögum sem lagðar eru fram á sérstöku þingskjali.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi, 6. apríl 1988.

Guðmundur G. Þórarinsson, form., frsm. Sverrir Hermannsson. Ragnhildur Helgadóttir.

Árni Gunnarsson.

Nd. 765. Breytingartillögur [271. mál]

við frv. til l. um framhaldsskóla.

Frá meiri hl. menntamálanefndar (GGÞ, SvH, RH, ÁrnG).

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Hlutverk framhaldsskóla er eftirfarandi:
   — að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðissamfélagi með því að skapa skilyrði til náms og þroska við allra hæfi,
   — að búa nemendur undir störf í atvinnulífinu með sérnámi er veiti starfsréttindi,
   — að búa nemendur undir nám í sérskólum og á háskólastigi með því að veita þeim þekkingu og þjálfun í vinnubrögðum.

2. Við 3. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Ríki eða sveitarfélög, eitt eða fleiri, geta haft frumkvæði að stofnun nýs framhaldsskóla, en skóli verður þó eigi stofnaður nema með samþykki Alþingis. Ákvæði þetta á þó ekki við um skóla sem stofnaðir kunna að verða samkvæmt ákvæðum 38. gr.
   b. 4. mgr. orðist svo:
      Kostnaður við byggingarframkvæmdir og stofnbúnað framhaldsskóla skiptist þannig að ríkissjóður greiðir 60% áætlaðs kostnaðar samkvæmt viðmiðunarreglum (normkostnaðar) þegar sveitarfélag eða sveitarfélög annast ráðningu hönnuða og verkframkvæmd. Hlutur sveitarfélags eða sveitarfélaga er þá sá hluti kostnaðar sem ríkissjóður greiðir ekki. Þegar ríkissjóður ber ábyrgð á hönnun verks og stjórnar framkvæmdum án íhlutunar sveitarfélags eða sveitarfélaga greiðir sveitarfélag eða sveitarfélög 40% miðað við normkostnað en ríkissjóður hinn hlutann. Heimilt er ráðuneytinu að semja um aðra kostnaðaraðild þegar um búnað verknámshúsnæðis er að ræða, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar. Verði greiðslur eigi inntar af hendi samtímis reiknast verðbætur á ógreidd framlög í hlutfalli við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.
   c. 5. mgr. orðist svo:
      Ákveði Alþingi að stofna skóla án aðildar sveitarfélags eða sveitarfélaga greiðist allur stofnkostnaður úr ríkissjóði. Hið sama gildir um stofnkostnað við byggingu heimavistar við framhaldsskóla.
3. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Menntamálaráðherra skipar skólanefnd við hvern framhaldsskóla. Í skólanefndum skulu sitja fimm menn. Skulu fjórir tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum. Þegar um er að ræða skóla sem annast starfsmenntun skal af hálfu sveitastjórna gætt við tilnefningu að fulltrúi viðkomandi starfsgreina eigi sæti í skólanefnd. Skipunartími skólanefnda skal vera fjögur ár og miðast við kjörtímabil sveitarstjórna.
   Menntamálaráðherra skipar formann skólanefndar án tilnefningar. Tilnefningaraðilar greiða þóknun og annan kostnað vegna starfa fulltrúa sinna í skólanefnd. Skólanefndir við skóla, sem ríkið rekur nú eða kunna að verða stofnaðir án þátttöku sveitarfélaga sbr. 5. mgr. 3. gr., skulu skipaðir af menntamálaráðherra samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.
   Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar.
4. Við 8. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Skólanefnd og skólameistari ákveða námsframboð með samþykki menntamálaráðuneytis.
   b. Í stað orðanna „ber ábyrgð á“ í niðurlagi 2. mgr. komi: fylgist með.
5. Við 9. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Skólameistari stjórnar daglegum rekstri og starfi framhaldsskóla og gætir þess að starfsemi hans sé í samræmi við lög, reglugerðir, námsskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma og ber ábyrgð á að fylgt sé fjárhagsáætlun skólans.
   b. Í stað orðanna „sem skólanefnd setur“ í lok 3. mgr. komi: sem menntamálaráðuneyti setur.
6. Við 10. gr. Við 2. málsl. bætist: og gerir tillögu til skólanefndar um nemendasjóðsgjöld.

7. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Um almenna kennarafundi og verksvið þeirra skal ákvarðað í reglum sem menntamálaráðuneytið setur.
8. Við 13. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Menntamálaráðuneytið setur skólameisturum og kennurum erindisbréf. Reglur um störf annars starfsfólks setur skólanefnd.
9. Við 15. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Í öllum framhaldsskólum skal vera heilsuvernd.
10. Við 17. gr. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo:
    Í námsskrá skal kveðið á um einingafjölda til stúdentsprófs.
11. Við 19. gr. Aftan við 1. mgr. bætist: Þrátt fyrir skiptingu námsefnis í áfanga geta skólar, sem þess óska, haft bekkjakerfi.
12. Við 30. gr. Greinin orðist svo:
    Á framhaldsskólastigi skal veita fötluðum nemendum, samkvæmt skilgreiningu á hugtakinu fatlaður í 2. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, kennslu og þjálfun við hæfi og sérstakan stuðning í námi. Í því skyni skal látin í té sérfræðileg aðstoð og nauðsynlegur aðbúnaður eftir því sem þörf krefur að mati menntamálaráðuneytisins. Fatlaðir nemendur skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er.
    Heimilt er að stofna sérskóla fyrir þroskahefta nemendur. Menntamálaráðuneytið setur reglugerð með nánari ákvæðum um framkvæmd kennslu og nám fatlaðra nemenda.
13. Við 32. gr. Fyrri málsl. 1. mgr. orðist svo:
    Ríkissjóður greiðir samkvæmt lögum þessum rekstrarkostnað þeirra framhaldsskóla sem ríkið rekur nú eitt sér eða í samstarfi við sveitarfélög, svo og þeirra skóla sem stofnaðir verða samkvæmt ákvörðun Alþingis.
14. Við 38. gr.
    a. Aftan við greinina bætist: og hafa hlotið starfsleyfi menntamálaráðuneytis.
    b. Við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:
       Ekki eiga einkaskólar kröfu til styrks af almannafé.
15. Við 41. gr. Í stað „16/1975“ í 10. tölul. komi: 26/1975.
16. Við 42. gr. Aftan við greinina bætist: Þó skulu III. og VIII. kafli laganna ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1989.
17. Á eftir 42. gr. komi svofellt **ákvæði til bráðabirgða**:
    Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. þessara laga, um kostnaðarskiptingu við byggingarframkvæmdir, skulu gerðir samningar um byggingarframkvæmdir halda gildi sínu.

Ed. 766. Frumvarp til laga [416. mál]

um breytingu á lögum um húsnæðissparnaðarreikninga, nr. 49 26. júní 1985.

Flm.: Halldór Blöndal, Egill Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðmundur H. Garðarsson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað niðurlags 2. mgr., „eigi sjaldnar“ o.s.frv. kemur: eigi sjaldnar en tvisvar á ári, fyrir júnílok og fyrir desemberlok, og nemi missirisgreiðslan eigi lægri fjárhæð en 6000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 60 000 kr.
b. 3. mgr. fellur niður.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Fyrir „til tíu ára“ í 1. mgr. kemur: til fimm ára.
b. Fyrir „að fimm árum liðnum“ í sömu málsgrein kemur: að þremur árum liðnum.
c. Fyrir „umfram tíu ár um eitt ár í senn, þó mest um fimm ár“ kemur: um eitt ár í senn.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðist svo:

Dragist innborgun umsamins innleggs eða hluta þess fram yfir lok þess missiris er það skyldi lagt inn samkvæmt samningi við banka eða sparisjóð skv. 2. gr. skapar sá hluti innleggs, sem dregst fram yfir lok missiris, ekki rétt til skattafsláttar.

b. 2. mgr. orðist svo:

Heimilt er viðkomandi banka eða sparisjóði að losa innstæðu en þá skal skattstjóri gera reikningseigenda að endurgreiða þann skattafslátt, sem honum hefur nýst vegna innleggs á reikninginn, ásamt sömu raunvöxtum af þeirri fjárhæð og reikningurinn gaf.

c. 5. mgr. fellur niður.

4. gr.

Síðasti málsl. 6. gr. laganna, „Komi til skilnaðar ... binditíma reikninganna“, fellur niður.

5. gr.

Á eftir 6. gr. laganna bætist ný grein er verði 7. gr., svohljóðandi:

Heimilt er foreldrum að stofna til sparnaðarreiknings í nafni barns síns og nýtist foreldrum þá skattafslátturinn. Binditími skal vera til 16 ára aldurs barns en síðan gildi venjulegir skilmálar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í umræðum um húsnæðismál á undanförnum árum hefur hvað eftir annað verið vakin athygli á því hve nauðsynlegt það sé að hvetja ungt fólk til sparnaðar áður en það festir kaup á íbúð. Að öðrum kosti sé hætt við því að það sökkvi í fen skammtímalána og skuldbindinga sem því muni reynast erfitt að ná sér upp úr. Það var af þessum sökum sem löggjöfin um húsnæðissparnaðarreikningana var sett. Það kom síðan í ljós að skilmálar þeirra voru of harðir til þess að þeir þættu fýsilegir, auk þess sem „skattlausa árið“ setti strik í reikninginn. Innlánsreikningur með skattfríðindum er að sjálfsögðu marklaus á því ári sem launatekjur eru ekki skattlagðar. Af þessum sökum hafa mjög fáir stofnað til húsnæðissparnaðarreikninga, en reynslan erlendis sýnir að þetta sparnaðarform nýtur vinsælda um leið og menn hafa áttað sig á kostum þess.

Í frumvarpi þessu er lagt til að binditími fjárins verði styttur verulega, auk þess sem foreldri er gefinn kostur á að stofna til húsnæðissparnaðarreiknings á nafni barns síns og nýtur foreldrið þá skattfríðindanna. Hinn almenni binditími er bundinn við fimm ár í stað tíu áður og við þrjú ár fyrir þá sem náð hafa 67 ára aldri. Sektarákvæði laganna eru afnumin, en heimilað er að losa innstæðu, enda endurgreiði reikningseigandi þann skattafslátt, sem honum hefur nýst vegna innleggs á reikninginn, ásamt sömu raunvöxtum af þeirri fjárhæð sem reikningurinn gaf þannig að hann verði jafnsettur eftir eins og hann hefði engra skattfríðinda notið. Loks er gert ráð fyrir missirislegum greiðslum í stað ársfjórðungslegra.

Ed. 767. Frumvarp til laga [417. mál]

um breytingu á lögum um samvinnufélög, nr. 46 frá 13. júní 1937.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson, Halldór Blöndal, Eyjólfur Konráð Jónsson.

1. gr.

Á eftir 34. gr. í VI. kafla laganna, um samvinnusambönd, komi fjórar nýjar greinar er orðist svo:

a. (35. gr.)

Verði rekstrarafgangur hjá félaginu getur aðalfundur ákveðið að leggja hann eða hluta af honum í sérstakan sjóð er nefnist arðjöfnunarsjóður. Að öðru leyti skiptist rekstrarafgangur á milli félagsaðila í réttu hlutfalli við viðskipti hvers og eins á árinu og færist á sérstakan reikning hvers félagsaðila. Þetta fé skal teljast lán til félagsins. Félagsaðilar eiga arðjöfnunarsjóð og eignir félagsins umfram bókfært verð í réttu hlutfalli við viðskipti hvers og eins, endurmetið frá ársbyrjun 1981 eftir verðbreytingarstuðli sem miðast við breytingu á meðaltalsbyggingarvísitölu milli ára, reiknaðri út eftir gildandi lögum á hverjum tíma.

Árlega skal gefið út eignarskírteini er sýni eignarhlutfall hvers félagsaðila við hver áramót.

Félagsaðilar eiga ekki rétt á að fá greiddan út eignarhlut sinn í arðjöfnunarsjóði og öðrum eignum félagsins. Félagsaðilum er óheimilt að selja eignarskírteini sín, en hafi þeir hætt að vera félagsaðilar ber félaginu að innleysa eignarskírteinin og skal verðmæti þeirra vera óskiptur reikningslegur tekjuafgangur Sambands íslenskra samvinnufélaga eða fyrirtækja sem SÍS á að öllu leyti eða hlutdeild í, að frádregnum útreiknuðum eignarhlutum annarra eignaraðila. Verðmæti eignarskírteinis skal miðast við ársreikning við næstu áramót eftir að félagsaðili fer úr félaginu eða hættir rekstri vegna gjaldþrots og breytist ekki eftir það, og skal tekið tillit til skatta sem SÍS eða fyrirtækjum, sem SÍS á, bæri að greiða vegna eignarhlutarins hérlendis og erlendis. Eignarhlutur félagsaðila greiðist út á 10 árum með 3,5% vöxtum og verðtryggingu samkvæmt lánskjaravísitölu. Gefin verða út skuldabréf þegar eignarhluturinn liggur fyrir. Krafa um eignarhlut fyrnist á 10 árum frá því félagsaðild lauk.

Eignarskírteinin veita engan rétt til afskipta af stjórn félagsins eða rekstri. Heimilt er stjórn félagsins með samþykki aðalfundar að ákveða að eigendum eignarskírteina skuli greiddir vextir af eign sinni samkvæmt eignarskírteinum. Stjórn félagsins getur sett nánari reglur um gerð og meðferð eignarskírteina.

b. (36. gr.)

Ákvæði 24. og 25. gr. skulu ekki gilda um reikningsuppgjör samvinnusambanda.

c. (37. gr.)

Allar eignir samvinnusambanda, þar með taldir varasjóðir og stofnsjóðir, skulu falla undir eignauppgjör í samræmi við ákvæði 35. gr.

d. (38. gr.)

Önnur lagaákvæði, er brjóta í bága við ákvæði 35. gr. þessara laga eða hindra framkvæmd þeirra á grundvelli gildandi laga um samvinnufélög, skulu ekki gilda gagnvart samvinnusamböndum, SÍS.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Viðskiptaráðherra skal annast framkvæmd þessara laga. Skal samvinnusamböndum — Sambandi íslenskra samvinnufélaga — og aðildarfélögum þeirra gefinn hæfilegur frestur til að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sínum og reikningsuppgjörum til að fullnægja ákvæðum þessara laga.

Með hæfilegum fresti er átt við að lögin verði komin til fullra framkvæmda við reikningsuppgjör ársins 1988.

Viðskiptaráðherra gerir Alþingi grein fyrir hvað undirbúningi að framkvæmd laganna líður er þing kemur saman haustið 1988.

Komi upp vafaatriði eða ágreiningur um eignatengsl, eignamat, uppgjör eigna eða önnur veigamikil atriði er varða stöðu samvinnusambanda, SÍS eða eignaraðila, skal ráðherra heimilt að kveða til sérfróða menn er úrskurði um ágreiningsatriði. Þá er ráðherra heimilt að gefa út reglugerð við lausn slíkra vandamála.

Greinargerð.

Viðurkennt er að lög um samvinnufélög, nr. 46 frá 13. júní 1937, séu orðin algjörlega úrelt og í engu samræmi við ríkjandi aðstæður í nútímaatvinnulífi þrátt fyrir nokkrar breytingar frá því að þau voru sett. Stöðugt eru gerðar meiri kröfur um aukna ábyrgð og skyldur einstaklinga og fyrirtækja. Eftir því sem fyrirtækin eru stærri og umfangsmeiri eru gerðar ákveðnari kröfur um upplýsingaskyldu. Hérlendis eru hliðstæðar skyldur ekki lagðar á stórfyrirtæki né fyrirtækjasamsteypur. Í lögum um samvinnufélög eru mjög takmörkuð og óskýr ákvæði varðandi raunverulega eignar- og réttarstöðu aðildarfélaga samvinnusambanda svo sem Sambandi íslenskra samvinnufélaga (SÍS). Gildir það einnig um stöðu þriðja aðila svo sem kröfuhafa sem kynnu að eiga kröfur á hendur þessum aðilum við gjaldþrot eða slit umræddra eignarfélaga (fyrirtækja).

Nægir að vísa til óljósrar réttarstöðu kröfuhafa, og jafnvel stjórnarmanna, við nýorðið gjaldþrot eins af eignaraðilum Sambands íslenskra samvinnufélaga, Kaupfélags Svalbarðseyrar. Þá er það þekkt úr gjaldþrotasögu ýmissa kaupfélaga að fjöldi lánardrottna hafi tapað miklum fjármunum við gjaldþrot þessara fyrirtækja, m.a. vegna þess að réttmætur eignarhluti kaupfélaga í samvinnusambandi (SÍS) hefur ekki komið til skipta. Síðan hafa kaupfélög verið endurreist undir nýju nafni í skjóli samvinnulaga. Slíkt er að sjálfsögðu með öllu óþolandi og felur í sér óeðlilega vernd á kostnað annarra.

Á grundvelli gildandi laga um samvinnufélög á sér stað uppsöfnun eigna í samvinnusamböndum, SÍS, sem aðildarfélög, kaupfélögin, fá aldrei hlutdeild í. Slíkt verður að teljast óeðlilegt og í engu samræmi við 31. gr. samvinnufélagalaga, svo sem sjá má í lögunum um samvinnufélög sem birt eru sem fylgiskjal með þessu frumvarpi.

Þrátt fyrir það sem að framan segir eru ákvæði laganna ekki nægilega afgerandi með sérstöku tilliti til hins nýja og útvíkkaða hlutverks samvinnufélaga og samvinnusambanda í íslensku atvinnulífi. Enda ber þá að hafa í huga að lög um samvinnufélög eru að meginstofni frá árinu 1937.

Þá voru ríkjandi allt aðrar aðstæður á Íslandi og kröfur um rekstrarform fyrirtækja gjörólíkar því sem nú tíðkast. Í þessu sambandi má m.a. vísa til ræðu er núverandi forstjóri SÍS, Guðjón Ólafsson, flutti í mars sl., þar sem hann lagði áherslu á að núverandi rekstrarform íslensku samvinnuhreyfingarinnar væri orðið úrelt og þar þyrftu að koma til skipulagsbreytingar í samræmi við kröfur og samkeppni nútímans. Þessi ummæli Guðjóns Ólafssonar hljóta að vera mönnum ærið umhugsunarefni, ekki síst í þeim byggðarlögum þar sem nánast allir þættir atvinnulífsins eru í höndum kaupfélagsins á staðnum.

Það er því ljóst að gildandi lög um samvinnufélög eru alls ófullnægjandi fyrir bæði eignaraðila, samvinnusambönd (SÍS), sem og þriðja aðila, sem kynni að eiga bótakröfu á hendur þeim við gjaldþrot svo sem dæmin sanna. Hliðstæð rök eiga við um mörg önnur ákvæði umræddra laga. Það er því brýnt og ekki seinna vænna að nú þegar verði ýmis ákvæði laga um samvinnufélög frá 1937 tekin til endurskoðunar og þeim breytt til nútímahorfs. Þetta á einkum við þau ákvæði laganna er lúta að eignavörslu og uppfærslu raunverulegra eigna aðildarfélaga samvinnusambanda, SÍS.

Það verður að teljast eðlilegt að félagsskapur, sem nýtur sérstakrar lagaverndar og telur tugi þúsunda félagsmanna innan sinna vébanda, uppfæri árlega í reikningum sínum nettó-eignarhluta einstakra aðildarfélaga og sýni þar með árlega raunverulega eignarstöðu sem og breytingar ár frá ári.

Samband íslenskra samvinnufélaga er orðið voldugasta fyrirtækjasamsteypa íslensku þjóðarinnar og kemur við sögu í flestum greinum atvinnulífsins. Rekstrarhlutdeild þess og ýmissa undirfélaga er víða um eða yfir 50% af heildarviðskiptum viðkomandi greina. Það er því mikilvægt að eignarhlutdeild, ábyrgð og tryggingar, og eignaraðild, komi skýrt fram á hverjum tíma þannig að þetta umfangsmikla fyrirtæki sé hafið yfir allan grun í rekstrarlegu tilliti og sitji við sama borð og aðrir rekstraraðilar. Enn síður getur löggjafinn unað þeirri óvissu sem nú er um það hver sé raunverulegur eigandi Sambands íslenskra samvinnufélaga og dótturfyrirtækja þess.

Tilgangur þessarar lagabreytingar er að ná þessu markmiði, sem og að tryggja að einstakir eignaraðilar samvinnusambanda, þ.e. SÍS, kaupfélög og önnur samvinnufélög, viti hver er raunveruleg eign þeirra í viðkomandi samvinnusambandi, umfram stofnsjóð, jafnframt því sem kröfuhafar geta við hugsanlegt gjaldþrot aðildarfélags gert kröfur í þessa eign og aðrar eignir þrotabús. Eins og nú háttar um eignauppgjör samvinnusambanda er slíkt útilokað, enda ekki gert ráð fyrir slíku sundurliðuðu eignauppgjöri í núgildandi lögum. Þessi skylda verður að teljast eðlileg, þegar haft er í huga að umsvif aðalsamvinnusambands Íslands, Sambands íslenskra samvinnufélaga, hefur aukist mikið á síðustu árum, heima fyrir og erlendis. SÍS er eignaraðili í mörgum stórum og umsvifamiklum fyrirtækjum sem hafa myndað miklar eignir vegna reksturs síns. Krafa aðildarfélaga SÍS og helstu eignaraðila þeirra, þ.e. félagsmanna samvinnufélaganna, hlýtur því að vera sú að þeir viti á hverjum tíma hver er raunverulegur hluti þeirra í eignauppbyggingu samvinnuhreyfingarinnar. Þá getur löggjafinn ekki lengur unað við það að stærsta rekstrarsamsteypa þjóðarinnar, SÍS, sé ekki gert skylt að sundurliða eignastöðu sína með viðunandi hætti eins og öðrum aðilum er gert skylt samkvæmt gildandi lögum.

Þess má geta hér að í sambærilegum stórfyrirtækjum hérlendis sem erlendis er sá háttur við hafður í eignauppgjöri sem hér er lagt til.

Á grundvelli sambærilegra ákvæða í samþykktum viðkomandi fyrirtækja er árlega færður upp eignarhluti viðkomandi félagsaðila og birtur í ársreikningum. Með þessum hætti vita félagsaðilar nákvæmlega hver er eignarhluti þeirra í heildareignum slíkra stórfyrirtækja. Þá hlýtur það að hafa mikla þýðingu fyrir viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækja sem og fyrir aðra viðskiptavini að slíkar upplýsingar liggi jafnan fyrir. Í eignauppgjöri sem þessu felst enn fremur veigamikil trygging fyrir kröfuhafa við gjaldþrot, jafnframt því sem stjórnendum stórfyrirtækja, sem byggð eru upp á úreltum ákvæðum laga um samvinnufélög, er veitt sambærilegt aðhald og aðrir búa við í rekstri fyrirtækja á Íslandi.

Ástæða er til að álíta að hinn mikli fjöldi eignaraðila að kaupfélögum og SÍS, félagar samvinnuhreyfingarinnar, sem að sögn forráðamanna þessara fyrirtækja, skipta tugum þúsunda (40–50 000) hljóti að fagna þeim lagabreytingum, sem þetta frumvarp felur í sér. Með þeim er tryggð nauðsynleg upplýsingaskylda um raunverulega eign manna í samvinnuhreyfingum samfara nauðsynlegu aðhaldi um meðferð mikilla eigna í þágu fjöldans.

Fylgiskjal.

Lög um samvinnufélög, nr. 46 13. júní 1937, með síðari breytingum.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi gilda um öll félög, er starfa á samvinnugrundvelli, með því markmiði að efla hagsæld félagsmanna, í réttu hlutfalli við þátttöku þeirra í félagsstarfinu, og hafa það verksvið og skipulag, sem nánar er tekið fram í eftirfarandi greinum.

2. gr.

Verksvið samvinnufélaga er:

1. Að kaupa vörur til heimilisþarfa handa félagsmönnum eða hluti, er þeir þarfnast til afnota fyrir sjálfa sig, á þann hátt, að vörurnar fáist sem beinasta leið frá framleiðendum og sparist útgjöld við óþarfa milliliði (kaupfélög, pöntunarfélög).
2. Að selja afurðir af búum félagsmanna, eða vörur, er þeir framleiða sjálfir með eigin atvinnurekstri, enda sé lögð stund á vöruvöndun og hún háð opinberu eftirliti eða tryggð á annan hátt (sláturfélög, smjörbú).
3. Önnur starfsemi, svo sem almenn fræðsla, bygging híbýla fyrir fjölskyldur, starfræksla iðnaðarfyrirtækja og útvegun lána til atvinnurekstrar.

3. gr.

Aðaleinkenni á skipulagi samvinnufélaga eru:

1. Aðgangur frjáls fyrir alla, er fullnægja ákveðnum skilyrðum. Heimilt er þó fólki í ákveðinni starfsgrein að stofna framleiðslusamvinnufélag, sem hafi að markmiði að annast atvinnustarfsemi innan starfsgreinarinnar, og má þá setja það skilyrði, að félagið sé aðeins opið fólki úr viðkomandi starfsgrein.
2. Atkvæðisréttur jafn, þannig að hver félagsmaður hafi eitt atkvæði, án tillits til eigna eða viðskipta í félaginu.
3. ...
4. Tekjuafgangi í ársreikningi félagsins, er stafar af því, sem útsöluverð á keyptum vörum félagsmanna hefir verið ofan við kostnaðarverð, ellegar útborgað verð fyrir seldar vörur þeirra hefir reynzt neðan við fullnaðarverð, skal úthlutað eftir viðskiptamagni hvors um sig.
5. Í stofnsjóð leggist sem séreign hvers félagsmanns nokkuð af tekjuafgangi þeim, er kemur í hans hlut við reikningslok.
6. Arður af viðskiptum, er utanfélagsmenn kunna að hafa gert við félagið, að frádregnum opinberum gjöldum, sem á hann eru lögð, skal lagður í varasjóð, nema honum sé varið á annan hátt til almenningsþarfa.
7. Vextir af inneignum félagsmanna, hvort heldur í stofnsjóði eða innlánsdeild, ellegar viðskiptareikningi, eigi hærri en 1½% ofan við innlánsvexti í bönkum, enda eigi úthlutað arði á annan hátt.
8. Nafnaskrá skal haldin yfir félagsmenn, svo að jafnan sé fyrir hendi óræk skýrsla um félagatal.

9. Innstæðufé í óskiptilegum sameignarsjóðum sé ekki útborgað við félagsslit, heldur skal það, að loknum öllum skuldbindingum, sem á félagsheildinni hvíla, ávaxtað undir umsjón hlutaðeigandi héraðsstjórnar, unz samvinnufélag eða samvinnufélög með sama markmiði taka til starfa á félagssvæðinu. Fær það félag eða þau félög þá umráð sjóðeignarinnar, að áskildu samþykki sýslunefndar, eða bæjarstjórnar, og atvinnumálaráðherra.

II. KAFLI

Félagsstofnun.

4. gr.

Nú vilja menn stofna samvinnufélag, og skulu þeir þá kveðja til almenns fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða.

Ef 15 menn eða fleiri koma sér saman um félagsstofnun og bindast samtökum að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir, í samræmi við lög þessi, og er þá félagið löglega stofnað.

5. gr.

Í samþykktum skulu greind eftirfarandi atriði:

1. Heiti félagsins fullum stöfum og skammstafað, heimilisfang og varnarþing.
2. Markmið félagsins og fyrirhugaðar framkvæmdir.
3. Tilhögun á stjórn félagsins og vald hennar í félagsmálum.
4. Deildarskipun félagsins, ef gert er ráð fyrir því fyrirkomulagi, og fulltrúakosning deilda.
5. Skipun framkvæmdarstjóra og starfsvið hans.
6. Vald og verksvið félagsfunda og á hvaða tímabili aðalfund skal halda ár hvert.
7. Sjóðstofnanir og lántökuheimildir.
8. Ábyrgð félagsmanna gagnvart skuldbindingum félagsins. Ábyrgð hvers félagsmanns í félögum, sem um ræðir í 2. gr. 1. tölulið, má ekki vera minni en 300 kr., auk innstæðu hans í stofnsjóði. Þó má í félögum, sem eingöngu selja gegn staðgreiðslu, takmarka ábyrgð félagsmanns við stofnsjóðsinnstæðu hans, enda skal þá leggja helming af úthlutuðum tekjuafgangi við stofnsjóðsinnstæðu hans, umfram stofnsjóðstillag skv. 26. gr., unz innstæðan nemur 300 kr.
9. Reikningsskil, endurskoðun og úrskurðir reikninga.
10. Breytingar á samþykktum og viðaukar, svo og félagsslit.

6. gr.

Jafnskjótt sem félag er stofnað og samþykktir settar, skal kjósa stjórn og endurskoðendur.

7. gr.

Í samþykktum skulu ákveðin skilyrði fyrir inngöngu nýrra félagsmanna. Við inngöngu skrifar hver félagsmaður undir skuldbindingu um, að hann sé háður samþykktum félagsins eins og þær eru eða verða á hverjum tíma.

Inngöngueyrir er minnst 10 kr., er rennur í varasjóð eða annan óskiptilegan sameignarsjóð.

8. gr.

Enn fremur skulu í samþykktum ákveðin skilyrði fyrir úrgöngu úr félaginu og ástæður, er heimili brottrekstur félagsmanna. Úrsögn sendist félagsstjórn og sömuleiðis tilkynning um andlát félagsmanns eða burtflutning af félagssvæðinu. Félagsmaður, er fer úr félaginu, eða bú þess, er deyr, ber ábyrgð á þeim skuldbindingum félagsins, er á því hvíldu, er hann gekk úr, þó eigi lengur en 2 ár frá næstu áramótum eftir úrgöngu, nema mál hafi risið út af skuld, er bíði úrslita dómstólanna.

III. KAFLI

Skrásetning.

9. gr.

Samvinnufélag, sem löglega er stofnað, skal skrásett samkvæmt lögum þessum, og getur það þá fyrst öðlazt réttindi á hendur mönnum með samningi, og aðrir á hendur því.

Í félagi, sem ekki er skrásett, bera stjórnendur þess eða félagsmenn sem einstaklingar ábyrgð á þeim skuldbindingum, er þeir gera fyrir félagsins hönd.

10. gr.

Skrásetning annast lögreglustjóri, þar sem félagið hefir heimilisfang. Atvinnumálaráðherra setur ákvæði um, hvernig skrásetningu skuli haga, og lætur gera eyðublöð undir tilkynningar til skrásetningar.

11. gr.

Á mánaðarfresti eftir að félag er stofnað skal stjórn þess tilkynna það til skrásetningar. Félög, sem stofnuð eru áður en lög þessi öðlast gildi, hafa tilkynningarfrest frá fyrsta aðalfundi, sem tækifæri hefir haft til að breyta félagssamþykktum í það horf, sem lög þessi mæla fyrir. Í tilkynningu skulu greind þessi atriði:

1. Heiti félagsins, heimili og varnarþing.
2. Tilgangur félagsins og starfsemi.
3. Dagsetning félagssamþykkta.
4. Full nöfn, staða og heimili stjórnenda og framkvæmdarstjóra.
5. Hver heimild hafi til að skuldbinda félagið með samningum og hvernig undirskrift sé hagað.
6. Hvernig boða skuli félagsmönnum fundi og birta þeim fundarályktanir eða önnur málefni, er þá varða.
7. Hve mikla ábyrgð hver félagsmaður ber á skuldbindingum félagsins.

Tilkynningu skulu fylgja samþykktir félgsins í 2 eintökum, svo og lögboðin gjöld.

12. gr.

Nú setur samvinnufélag útibú í öðru lögsagnarumdæmi en heimili þess er, og skal félagið þá einnig skrásett þar. Tilkynning sé komin til lögreglustjóra, þegar útibúið tekur til starfa, og skal auk þess, sem fyrr greinir, geta þess, hver stýri útibúi og skuldbindi félagið vegna þess.

Ef félag setur útibú í sama lögsagnarumdæmi og heimili þess er, skal tilkynna til skráningar stofnun útibúsins og hver skuldbindi félagið vegna þess.

13. gr.

Ef samþykktum félags er breytt eða breyting verður að öðru leyti á því, sem tilkynnt hefir verið til skrásetningar, skal tilkynna lögreglustjóra breytinguna innan mánaðar. Bústaðaskipti þarf þó ekki að tilkynna, nema maður taki sér bólfestu utanlands, né heldur breytingu á heimilisfangi félags innan sama lögsagnarumdæmis. En sé heimili þess flutt í annað lögsagnarumdæmi, skal félagið skrásett þar.

Sé samþykkt að breyta ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins, skal breytingin þegar tilkynnt til skrásetningar og auglýst í Lögbirtingablaðinu. Ef ábyrgð félagsmanna er minnkuð fær breytingin ekki gildi um eldri skuldbindingar gagnvart öðrum en nýjum félagsmönnum, fyrr en tvö ár eru liðin frá auglýsingardegi. Ef beiðni um að taka félagið til skipta er afhent skiptaráðanda áður en þessi frestur er liðinn, breytist ábyrgð félagsmanna ekki, nema beiðnin sé afturkölluð eða reynist ekki á rökum byggð.

Ef ábyrgð félagsmanna er aukin, gildir breytingin aðeins gagnvart þeim félagsmönnum, sem samþykkja hana skriflega. Aðalfundi er heimilt að ákveða, að þeir félagsmenn, er eigi samþykkja ábyrgðarhækkun, missi félagsréttindi.

14. gr.

Nú vantar í tilkynningu greinargerð um einhver þau atriði, sem skylt er að geta, eða henni er áfátt að öðru leyti, og skal lögreglustjóri birta það tilkynnanda, svo fljótt sem kostur er á, en fresta skrásetningu unz úr er bætt. Rétt er tilkynnanda að bera málið undir atvinnumálaráðherra eða leita úrlausnar dómstóla.

15. gr.

Tilkynningu til skrásetningar skal lögreglustjóri tafarlaust birta í Lögbirtingablaði, á kostnað tilkynnanda.

Skrá yfir allar tilkynningar, sem auglýstar hafa verið á ári hverju, lætur atvinnumálaráðherra birta í B-deild Stjórnartíðinda.

16. gr.

Um firmu samvinnufélaga fer eftir ákvæðum firmalaganna.

Sama er um varnarþing, stefnubirtingu og stefnufrest í málum á hendur félagi.

17. gr.

Það, sem skrásett hefir verið og birt samkvæmt lögum þessum, skal telja manni kunnugt, nema atvik séu svo vaxin, að telja megi hann hvorki hafa haft vitneskju um það né að til þess verði ætlazt af honum. Nú hefir lögskipuð birting eigi fram farið, og hefir skrásetningin þá eigi þýðingu gagnvart öðrum en þeim, er sannanlega höfðu vitneskju um hana.

IV. KAFLI

Félagsstjórn.

18. gr.

Félagsfundur hefir æðsta vald í málefnum félagsins, með þeim hætti, sem lög ákveða og samþykktir þess.

Einn aðalfund skal halda ár hvert. Aukafund getur félagsstjórn boðað, þegar henni þykir þess þörf. Ennfremur er stjórninni skylt að boða til aukafundar, ef fjórðungur félagsmanna eða þriðjungur félagsdeilda krefst þess skriflega og greinir fundarefni. Nú hefir stjórn eigi boðað fund innan 14 daga, eftir að henni barst krafan, og geta hlutaðeigendur þá sjálfir kvatt til fundar, sbr. og 22. gr.

Dagskrá skal jafnan greina í fundarboði.

19. gr.

Á fundum í félagi, sem er óskipt heild, hafa allir félagsmenn atkvæðisrétt. En í félagi, sem skiptist í deildir, hafa fulltrúar deildanna einir atkvæðisrétt. Hve marga fulltrúa hver félagsdeild má senda á fund með fullu umboði, fer eftir tölu félagsmanna í deildinni, svo sem samþykktir félagsins nánar ákveða. Heimilt er þó að ákveða, til þess að tryggja viðskipti félagsdeilda við félag, að fulltrúatalan fari jafnframt eftir heildarvöruskiptum deildanna við félagið.

Þar sem félag nær yfir tvær eða fleiri sýslur, má haga kosningum til félagsfunda eftir ákvæðunum um kosningar til fulltrúafunda í samvinnusamböndum, þannig, að hver sýsla félagsins kemur í stað félags í samvinnusambandi og kýs sameiginlega fulltrúa til félagsfunda, eftir því sem samþykktir nánar ákveða.

Aðalfundur er lögmætur, er meir en þriðjungur félagsmanna eða fulltrúar frá meira en helmingi félagsdeilda sækja fundinn, enda sé á fundinum meiri hluti þeirra fulltrúa, sem þar eiga atkvæðisrétt.

Úrslitum mála á félagsfundum ræður afl atkvæða, nema þar sem lög þessi eða félagssamþykktir mæla fyrir um aukinn meiri hluta.

20. gr.

Á aðalfundi skal kjósa stjórn, aðalmenn og varamenn, og gengur varamaður til fulls í stjórnina, ef aðalmaður deyr, gengur úr félaginu eða víkur úr stjórninni á löglegan hátt, áður en kjörtími hans er liðinn. Í samþykktum skal tiltaka tölu stjórnenda og kjörtíma, og séu þeir eigi færri en þrír. Skulu þeir ganga úr á víxl, og aldrei meiri hluti á sama ári, nema óviðráðanleg atvik valdi.

Engan má kjósa í stjórn nema hann sé félagsmaður.

Starfsmenn samvinnufélaga eru einnig kjörgengir, séu þeir félagsmenn.

21. gr.

Stjórnarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur stjórnenda er á fundi. Stjórnin fer með málefni félagsins milli funda samkvæmt lögum og samþykktum félagsins. Úrslitum ræður afl atkvæða, en séu þau jöfn, ræður atkvæði formanns.

Stjórnendur bera ábyrgð fyrir aðalfundi, einn fyrir alla og allir fyrir einn, nema sá, er látið hefir bóka ágreiningsatkvæði í gerðabók félagsins.

22. gr.

Á aðalfundi skal kjósa tvo endurskoðendur og aðra tvo til vara. Kosning þeirra gildir um 2 ár, og ganga þeir úr sitt árið hvor.

Endurskoðendur skulu vera félagsmenn, en mega ekki vera í stjórn félagsins. Þeim er skylt að sannprófa, að reikningum beri saman við bækur félagsins, enda eigi þeir aðgang að öllum bókum og skjölum, hvenær sem er á starfstíma félagsins, og er stjórninni skylt að veita þeim þær upplýsingar, sem þeim eru nauðsynlegar við framkvæmd starfsins. Ennfremur er það skylda endurskoðenda að hafa eftirlit með starfrækslu félagsins yfirleitt. Nú verða þeir varir við misfellur, er þeir álíta félaginu stafi hætta af, og skulu þeir þá hlutast til um, að bót verði á ráðin, svo fljótt sem þörf krefur. En takist það eigi, skulu þeir kveðja til fundar í félaginu og bera málið þar upp til úrlausnar.

Endurskoðendur bera ábyrgð fyrir aðalfundi.

23. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið svo tímanlega að endurskoðun geti farið fram áður en ársfundur er haldinn.

Á aðalfundi skal ávallt leggja fram endurskoðaða reikninga fyrir umliðið ár og taka ákvörðun um þá. Nú fellir fundurinn tillögu um að samþykkja reikninga, og getur hann þá ákveðið, að yfirskoðun skuli fram fara eftir þeim reglum, er fundurinn setur. Að þeirri yfirskoðun lokinni, skal af nýju boða til fundar, er tekur fullnaðarákvörðun um reikningana.

V. KAFLI

Skyldur og réttindi.

24. gr.

Í samþykktum félags skulu vera ákvæði um greiðslur í varasjóð og aðra óskiptilega tryggingarsjóði. Fé má ekki greiða úr varasjóði, nema eftir tillögu félagsstjórnar, í samráði við endurskoðendur og með samþykki aðalfundar, enda sé tillögunni fylgjandi eigi færri en ⅔ þeirra félagsmanna eða fulltrúa, sem atkvæðisrétt eiga á fundinum.

25. gr.

Fé stofnsjóðs skal notað sem veltufé í þarfir félagsins, og skulu vextir lagðir við höfuðstólinn um hver áramót.

Stofnsjóðseign hvers félagsmanns fellur til útborgunar:

a. Við andlát hans.
b. Við burtflutning af félagssvæði.
c. Við gjaldþrot hans.
d. Verði hann fátækrastyrksþurfi.

Þegar stofnsjóðseign félagsmanns verður meiri en svo, að nemi árlegri úttekt hans, eins og hún hefir verið að meðaltali 5 næstliðin ár, má greiða það, sem umfram er, niður að 300 kr., enda hafi hann ekki skipt við félagið skemur en 15 ár.

Aldrei má þó borga út stofnsjóðseign fyrr en eigandi hefir innt af hendi allar fjárhagslegar skuldbindingar, er á honum hvíla sem félagsmanni.

Ef eignatöp eða tekjuhalli hefir orðið hjá félagi og tryggingarsjóðir þess nægja ekki til að greiða töpin eða hallann, og hætta er á, að félagið verði að hætta störfum af þeim orsökum, er félagsfundi eða fulltrúafundi heimilt að ákveða, að stofnsjóðsinnstæður félagsmanna og annarra, sem í stofnsjóði eiga, skuli notaðar til greiðslu á töpunum eða hallanum.

Að öðru leyti er stofnsjóðsfé óuppsegjanlegt, og verður ekki selt né af hendi látið á annan hátt, nema með samþykki félagsstjórnar.

26. gr.

Stjórnendur samvinnufélags mega ekki úthluta tekjuafgangi fyrr en:

1. Fasteignir, áhöld og aðrar eignir félagsins hafa verið afskrifaðar nægilega.
2. Áskilin gjöld í óskiptilega sjóði félagsins hafa verið greidd.

Í félögum, sem hafa vörukaup sem verksvið, má ekki greiða tekjuafgang út fyrr en minnst 3% af verði aðkeyptra vara, sem félagsmenn hafa keypt, hefir verið lagt í stofnsjóð.

27. gr.

Framleiðslusamvinnufélög greiða laun til starfsmanna sinna í samræmi við vinnuframlag hvers og eins. Laun skulu þó aldrei vera lakari en gildandi kjarasamningar viðkomandi verkalýðsfélaga við atvinnurekendur á svæðinu. Framleiðslusamvinnufélög skulu hafa nána samvinnu við viðkomandi verkalýðsfélög vegna kaupgjaldsmála og vinna að sameiginlegum hagsmunum verkafólks.

28. gr.

Ef tvö eða fleiri samvinnufélög óska að sameinast, skal samhljóða ályktun um það efni samþykkt í báðum eða öllum félögunum á tveim lögmætum félagsfundum í röð, og séu henni fylgjandi eigi færri en ⅔ atkvæðisbærra fundarmanna, enda hafi ályktunin í félagi, sem skiptist í deildir, verið borin undir deildarfundi milli félagsfunda og samþykkt af þeim með meiri hluta atkvæða.

Skrásetning framangreindrar ályktunar er fullnægjandi afsal á eignum hinna einstöku félaga til hins sameinaða félags. Þinglýsingar- og stimpilgjald skal eigi greiða vegna slíkrar eignayfirfærslu.

Þegar slík ályktun er skrásett, skal afmá nöfn hinna einstöku félaga úr samvinnufélagsskrá. Hin einstöku félög mega skuldskeyta hið sameinaða félag. Réttur kröfuhafa má þó ekki rýrna við það.

29. gr.

Samvinnufélög hafa heimild til að stofna og starfrækja innlánsdeild, er tekur við innlögum frá félagsmönnum til ávöxtunar sem rekstrarfé. Um útborganir á innlögum fer eftir ákvæðum félagssamþykkta.

Til tryggingar fyrir fé því, sem lagt er í innlánsdeild, er varasjóður félagsins og aðrar eignir þess, ásamt ábyrgð félagsmanna.

30. gr.

Heimilt er samvinnufélögum, er leysa borgarabréf, að hafa verzlunarviðskipti við utanfélagsmenn, hvort heldur er aðaldeild félagsins eða útibú. Enn fremur er þeim heimilt að hafa útsölustaði í sama kauptúni, svo marga sem viðskiptaþörf krefur.

VI. KAFLI

Samvinnusambönd.

31. gr.

Ef 3 eða fleiri samvinnufélög með líku verksviði koma sér saman um að mynda samband sem sérstakt félag, skulu um stofnun þess, skrásetningu og skipulag gilda sömu ákvæði sem um samvinnufélög yfirleitt, að því leyti sem þau eiga við.

Hvert það félag, sem fullnægir ákvæðum laga þessara og skilyrðum þeim, er sambandið setur, hefir rétt til upptöku.

32. gr.

Æðsta vald í sambandsmálum er í höndum fulltrúafunda. Fulltrúar eru kosnir af félögum þeim, sem eru í sambandinu, og fer tala þeirra, er hvert félag má senda á sambandsfund, eftir tölu félagsmanna. Heimilt er þó að ákveða, til þess að tryggja viðskipti félaga við samband, að fulltrúatalan fari jafnframt eftir heildarvöruskiptum félaganna við sambandið.

Einn aðalfund skal halda ár hvert, og aukafundi þá er stjórn þess þykir nauðsyn á eða meiri hluti fulltrúa óskar. Sambandsfundur er lögmætur, þegar meiri hluti fulltrúa sækir fundinn. Úrslitum mála ræður afl atkvæða, nema þar sem lög þessi eða sambandssamþykktir mæla fyrir um aukinn meiri hluta.

33. gr.

Sambandsstjórn skal kosin á aðalfundi, og séu í henni eigi færri en 3 menn. Stjórnin boðar til fulltrúafunda og undirbýr fundarmálefni, framkvæmir fundarályktanir og annast störf milli funda, leggur fyrir aðalfund endurskoðaða reikninga sambandsins fyrir næsta ár á undan, hefir umsjón með sjóðeignum, húsum, áhöldum og öðrum eignum og gætir hagsmuna sambandsins í öllum greinum.

Sambandsstjórn ræður framkvæmdastjóra til þess að standa fyrir starfrækslu sambandsins, sjá um viðskipti og annast reikningsskil. Hún gerir við hann starfssamning, er skal lagður fyrir fulltrúafund til álita.

34. gr.

Endurskoðun reikninga hafa á hendi tveir menn, er aðalfundur kýs. Þeir skulu rannsaka reikningsskil, starfrækslu og allan hag sambandsins. Tillögur þeirra skulu lagðar fyrir aðalfund til úrskurðar ásamt ársreikningum.

Heimilt er sambandsstjórn að hafa eftirlit með öllum félögum í sambandinu, á þann hátt að láta trúnaðarmann sinn rannsaka reikninga þeirra, starfshætti og efnahag. Yfirskoðunarmaður þessi hlutast til um, að bót sé á ráðin, ef misfellur eru, og gefur félagsstjórn leiðbeiningar í því, sem betur má fara, en lætur sambandsstjórn í té skýrslu um árangur af rannsókninni.

VII. KAFLI

Félagsslit.

35. gr.

Samvinnufélagi skal slíta, ef ályktun um það er samþykkt af tveim lögmætum félagsfundum í röð og henni eru fylgjandi eigi færri en ⅔ atkvæðisbærra fundarmanna, enda hafi ályktunin í félagi, sem skiptist í deildir, verið borin undir deildarfundi, milli félagsfunda, og samþykkt af þeim með meiri hluta atkvæða.

36. gr.

Þegar fundur ákveður félagsslit getur hann annaðhvort afhent félagsbúið skiptarétti til meðferðar eða kosið skilanefnd til þess að fara með mál félagsins, meðan á félagsslitum stendur. Í skilanefnd er einn maður eða fleiri, löggiltir af dómsmálaráðherra. Skilanefnd kemur í stað stjórnar félagsins og hefir samskonar vald og skyldur og ábyrgð. En félagsfundur getur sett nefndarmenn frá starfinu, hvenær sem er. Meðan skilanefnd stjórnar félagi, gilda reglur laga þessara um félagsfundi, reikningsskil og endurskoðun.

Um meðferð skilanefndar á félagsbúi gilda ákvæði skiptalaganna, að því leyti sem við á, og ber skilanefnd að haga störfum sínum eftir þeim. Félagsslit skal jafnan tilkynna lögreglustjóra, og skal hann þá afmá skrásetningu félagsins.

37. gr.

Skilanefnd skal birta áskorun til skuldheimtumanna félagsins um að lýsa kröfum sínum fyrir henni, með sama hætti og sömu verkum sem segir í 2. gr. laga nr. 19 frá 4. júní 1924. Þegar skuldir félagsins eru greiddar eða trygging sett og félagsfundur hefir samþykkt fullnaðarreikninga skilanefndar, má greiða félagsmönnum og öðrum, sem eiga í stofnsjóði, stofnsjóðsinnstæður. Stofnsjóðsinnstæður má ekki skuldajafna.

Ágreining um skuldakröfu og stofnsjóðsinnstæður má bera undir skiptarétt þann, er átt hefði að fara með bú félagsins, ef það hefði verið tekið til opinberra skipta.

38. gr.

Sömu aðiljar, sem ráða félagsslitum, geta stöðvað þau á hvaða stigi sem er, fengið félagsbúið aftur afhent sér í hendur og haldið áfram starfsemi félagsins af nýju. En þar að lútandi ályktun skal vera samþykkt með sama hætti og hin upphaflega ályktun um félagsslitin.

39. gr.

Stjórn samvinnufélags er rétt og skylt að framselja bú þess til gjaldþrotaskipta á sama hátt, sem einstakur maður getur gert eða er skyldur að gera um bú sitt. Á henni hvíla samsvarandi skyldur sem einstökum mönnum til þess að veita skiptarétti upplýsingar um búið, enda liggur sama við, ef út af er brugðið.

Skiptaréttur skal tilkynna til skrásetningar upphaf og lok gjaldþrotaskipta.

40. gr.

Ef svo ber til, að samvinnufélag, sem skrásett hefir verið, fullnægir ekki ákvæðum laga þessara, og þess er ekki kostur að koma því aftur í löglegt horf, er stjórn félagsins skylt, innan eins árs, að tilkynna það lögreglustjóra, svo að skrásetning þess verði afmáð, enda nýtur það úr því engra réttinda samkvæmt lögum þessum.

41. gr.

Bækur félags, sem slitið er, eru ríkiseign, og skal afhenda þær á þjóðskjalasafnið. Sama gildir um bækur annarra félaga, sem orðnar eru eldri en svo, að nota þurfi í þarfir félagsins.

VIII. KAFLI

Ýmisleg ákvæði.

42. gr.

Þangað til að fram hefir farið gagngerð endurskoðun á löggjöfinni um tekjur sveitar- og bæjarsjóða, greiða samvinnufélög gjöld til þeirra sem hér segir:

1. Skatt af lóðum og öðrum fasteignum eftir því sem lög mæla fyrir.
2. og 3. ...

Um gjöld til ríkissjóðs fer eftir almennum lögum.

43. gr.

Ef stjórnendur eða skilanefndarmenn herma vísvitandi rangt eða villandi í skýrslum, reikningum, auglýsingum eða yfirlýsingum til félagsfunda eða forráðamanna, eða í tilkynningum til skrásetningar, skulu þeir sæta sektum eða fangelsi, samkv. 26. gr. hinna almennu hegningarlaga, nema verkið varði þyngri refsingu að lögum.

Sömuleiðis liggja sektir við, ... ef þeir herma vísvitandi eða af stórfelldu gáleysi rangt eða villandi frá öðrum skjölum, viðskiptabréfum, umburðarbréfum eða tilkynningum um eignir og efnahag félags, er þeir stýra, eða ef þeir brjóta ákvæði 26. gr.

Ennfremur varðar það sektum, ... að vanrækja tilkynningu til skrásetningar lögum þessum samkvæmt.

44. gr.

Mál út af brotum þeim, sem um er rætt í undanfarandi grein, skulu rekin sem almenn lögreglumál. Sektir renna í ríkissjóð.

45. gr.

...

46. gr.

Félögum, sem skrásett eru eftir lögum þessum, er einum heimilt að hafa orðin „kaupfélag“, „samvinnufélag“, „pöntunarfélag“, „framleiðslusamvinnufélag“ eða önnur orð, sem merkja samvinnufélag í nafni sínu, eða skammstafanir úr þessum orðum.

Ed. 768. Frumvarp til laga [418. mál]

um breytingu á lögum nr. 49/1986, um þjóðarátak til byggingar Þjóðarbókhlöðu, sbr. l. nr. 40/1987.

Flm.: Halldór Blöndal, Salome Þorkelsdóttir, Egill Jónsson, Guðmundur H. Garðarsson, Eyjólfur Konráð Jónsson.

1. gr.

3. málsl. a-liðar 2. gr. laganna orðist svo: Þó skal ekki leggja sérstakan eignarskatt á eignir manna sem orðnir eru 67 ára eða eldri fyrir upphaf hlutaðeigandi gjaldárs né heldur þá menn sem nutu örorkulífeyris skv. II. og IV. kafla laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, á því tekjuári sem næst er á undan álagningarári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1988 vegna tekna og eigna í lok ársins 1987.

Greinargerð.

Það hefur yfirleitt verið svo að skattaleg réttindi öryrkja og ellilífeyrisþega hafa verið hin sömu. Fyrir því liggja augljósar ástæður. Þó var það svo, þegar sett voru lög um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986, að ellilífeyrisþegar voru undanþegnir eignarskattsauka en öryrkjar ekki og var ákvæði laganna síðan tekið orðrétt upp í lögin um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu. Hinn 16. mars 1987 féll úrskurður ríkisskattanefndar varðandi þetta atriði á þá lund að kærandanum, sem var 75% öryrki og naut örorkulífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins, sömu upphæðar og ellilífeyrisþegar, var gert að greiða eignarskattsauka, en úrskurður ríkisskattanefndar er prentaður sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að engin efnisrök standi til þess að gera með þessum hætti upp á milli öryrkja og þeirra sem orðnir eru 67 ára og er frumvarpið flutt til þess að eyða þeirri mismunun.

Fylgiskjal.

Ríkisskattanefnd.
Kæra 17. des. 1986.

Úrskurður nr. 212.
(16. mars 1987.)

Kærð er álagning eignarskattsauka gjaldárið 1986.

Við frumálagningu opinberra gjalda gjaldárið 1986 var lagður eignarskattsauki á kæranda að fjárhæð 7708 kr. Þessari álagningu var mótmælt af hálfu umboðsmanns kæranda í kæru til skattstjóra, dags. 26. ágúst 1986, með þeim rökum að kærandi væri 75% öryrki og nyti því örorkulífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins, sömu upphæðar og ellilífeyrisþegar, en þeim væri ekki gert að greiða eignarskattsauka. Skattstjóri tók kæruna til úrlausnar með kæruúrskurði, dags. 18. nóvember 1986. Hafnaði hann kröfu kæranda með því að ekki væri fyrir hendi lagaheimild til niðurfellingar eignarskattsauka í tilviki kæranda þar sem hann væri yngri en 67 ára og því ekki undanþeginn álagningu skatts þessa.

Kæruúrskurði skattstjóra hefur af hálfu umboðsmanns kæranda verið skotið til ríkisskattanefndar með kæru, dags. 17. desember 1986. Er þess krafist að fyrrnefndur eignarskattsauki, 7708 kr., verði felldur niður með sömu rökum og fram koma í kærunni til skattstjóra. Sé vandséð hvaða ástæður löggjafinn hafi haft til þess að gera mun á öryrkjum og ellilífeyrisþegum í lögum um eignarskattsauka þar sem þessir aðilar hafi hingað til haft sömu skattalegu réttindin.

Með bréfi, dags. 6. febrúar 1987, gerir ríkisskattstjóri svofelldar kröfur í málinu f.h. gjaldkrefjenda:

„Að úrskurður skattstjóra verði staðfestur með vísan til forsendna hans."

Hinn umdeildi skattur var álagður skv. 2. gr. laga nr. 48/1985, um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986. Í niðurlagsákvæði a-liðar 1. mgr. nefndrar lagagreinar, en í staflið þessum er fjallað um álagningu eignarskattsauka á eignarskattsstofn manna samkvæmt nánar tilgreindum reglum, er sú undantekning ein gerð frá álagningu

skatts þessa að hann skal ekki lagður á eignir manna sem eru 67 ára eða eldri. Undanþága þessi tekur samkvæmt berum orðum sínum eigi til tilviks kæranda og eigi verður talið að aðrar lögskýringar geti leitt til þess að kærandi leysist undan skattskyldu í þessum efnum. Með þessum athugasemdum þykir bera að staðfesta hinn kærða úrskurð skattstjóra.

Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður skattstjóra er staðfestur.
Úrskurð þennan kváðu upp Ólafur H. Ólafsson, Skúli Pálsson og Gylfi Knudsen.

Sþ. 769. Tillaga til þingsályktunar [419. mál]

um athugun á vegarstæði milli Norður- og Austurlands.

Flm.: Halldór Blöndal, Egill Jónsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta gera athugun á því hvar heppilegast sé að þjóðvegurinn liggi um Möðrudalsöræfi til þess að vetrarsamgöngum verði uppi haldið milli Norður- og Austurlands.

Greinargerð.

Margvísleg samskipti og viðskipti hafa um langan aldur verið milli Austfirðinga og Norðlendinga sem þó hafa orðið minni en æskilegt hefði verið sakir þess að samgöngur á landi eru mjög torveldar að vetrinum, en Skipaútgerð ríkisins siglir einungis á hálfs mánaðar fresti milli Akureyrar og Austfjarðahafna. Á hinn bóginn heldur Flugfélag Norðurlands uppi daglegum áætlunarferðum milli Akureyrar og Egilsstaða sem nýtast vel til farþegaflutninga en vitaskuld ekki nema að litlu leyti til vöruflutninga. Óþarft er að fara um það mörgum orðum hversu brýnt það er að landsfjórðungar og byggðarlög, sem saman liggja, geti óhindrað átt sem greiðust og víðtækust samskipti, bæði atvinnulegs, viðskiptalegs og menningarlegs eðlis. Fyrir flutningsmönnum vakir að stuðla að því að svo geti orðið, enda er samgönguþátturinn einna veigamestur í heilbrigðri byggðastefnu. Ef hann er í lagi fylgir annað í kjölfarið. Um það höfum við dæmin fyrir okkur.

Austurlandsvegur um Möðrudalsöræfi tengir saman Norður- og Austurland. Hann er að jafnaði lokaður um háveturinn vegna snjóa eins og glöggt kemur fram á töflu sem prentuð er sem fylgiskjal með þessari þingsályktunartillögu. Þar sést að hann hefur verið lokaður 137 daga að meðaltali sl. 10 ár. Auk þess hefur umferð um veginn verið takmörkuð á vorin vegna aurbleytu þó að það hafi verið heldur minna sl. ár vegna styrkingar og endurbóta sem framkvæmdar voru fyrir nokkrum árum.

Þjóðvegurinn milli Akureyrar og Egilsstaða er 276 km og nær 660 metra hæð þar sem hann liggur yfir Möðrudalsfjallgarð, en þar teppist hann fyrst. Flutningsmenn vilja ekki útiloka að hægt sé að gera þær endurbætur og lagfæringar á veginum þar sem hann liggur nú að dugi til þess að hann geti talist sæmilega tryggur til vetrarsamgangna. Á hinn bóginn er óverjandi annað en að nú verði þegar tekið til gagngerrar athugunar hvort sá kostur sé ekki betri til frambúðar að færa vegarstæðið, þannig að sneitt verði fram hjá Möðrudalsfjallgarði, en nýr vegur lagður um Langadal og suðaustur á Jökuldal. Til þess að bera saman þessa tvo kosti er tillaga þessi flutt.

Fylgiskjal.

Vegagerðin:

Austurlandsvegur um Möðrudalsöræfi.
Fjöldi daga sem lokað var vegna snjóa, 1978–1987.
(21. mars 1988.)

	JAN	FEB	MAR	APR	MAÍ	JÚN	JÚL	ÁG	SEP	OKT	NÓV	DES	ALLS
1987	10	22	25	12						2	2		73
1986	31	28	31	15	8						5	31	149
1985		26	14	14								15	69
1984	31	29	31	14						3	17		125
1983	31	28	31	29	10					17	25	31	202
1982	31	28	31	15	9					3	18	31	166
1981	31	28	31	20	3					13	28	31	185
1980	29	29	26	13						2	1	20	120
1979	31	28	31	25	24						12	8	159
1978	31	28	31	19								11	120
													1368

Að meðaltali 136,8 daga á ári.

Sþ. 770. Tillaga til þingsályktunar [420. mál]

um útsendingar veðurfregna.

Flm.: Ingi Björn Albertsson, Júlíus Sólnes, Óli Þ. Guðbjartsson, Guðmundur Ágústsson.

Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra að beita sér fyrir því að veðurfregnir verði í framtíðinni sendar út samtímis á öllum útvarpsstöðvum og rásum þeirra.

Greinargerð.

Með samþykkt tillögu þeirrar, sem hér er lögð fram, væri stigið stórt skref í þá átt að tryggja enn frekar öryggi sjómanna og þeirra er ferðast mikið um fjöll og firnindi.

Allmargir, sem stunda sjóinn, eru með útvarp stillt á dægurrásirnar og missa því mjög oft af veðurfregnum á Rás 1 þar sem þeim er nú útvarpað. Á þetta ekki síst við um sjómenn á smærri bátum.

Þessi tillaga er því flutt til þess að veðurfregnir fari ekki fram hjá nokkrum manni sem á annað borð er með opið fyrir útvarp.

Það þarf ekki að eyða orðum að því hvað getur gerst — og hefur gerst — ef menn missa af veðurfregnum.

Sþ. 771. Tillaga til þingsályktunar [421. mál]

um íslenskunámskeið fyrir almenning.

Flm.: Júlíus Sólnes, Óli Þ. Guðbjartsson, Guðmundur H. Garðarsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta undirbúa og halda íslenskunámskeið fyrir almenning í sjónvarpi og á vinnustöðum. Gera skal ráð fyrir því að fólki gefist kostur á að rifja upp beygingarfræði íslenskrar tungu, fá æfingu í réttritun og ritmáli, þjálfun í framsögn og kennslu í talmáli. Slík námskeið skulu haldin reglulega í sjónvarpi og útvarpi. Kostnaður vegna þeirra skal greiddur úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Öllum má vera ljóst að móðurmálið á nú í vök að verjast. Áhrif erlendra tungumála á málfar manna á Íslandi, einkum þó enskrar tungu, eru uggvænleg. Enskuslettur verða sífellt meira áberandi í málfari manna. Fólki verður æ tamara að grípa til enskra orða og hugtaka í máli sínu og virðist það vera farið að gleyma góðum og gildum íslenskum orðum. Þá er sú þróun mjög alvarleg að svo virðist sem það þyki ekki lengur fínt að nota íslensk orð í verslun og viðskiptum manna á meðal. Ensk heiti á íslenskum fyrirtækjum ryðja sér til rúms. Í sumum atvinnugreinum og ýmsum greinum tómstundastarfa er nánast töluð enska. Ef ekki verður að gert hlýtur að vera hætta á því að íslenskunnar bíði sömu örlög og geliskunnar á Írlandi.

Setningaskipan bæði í talmáli og ritmáli er byrjuð að brenglast verulega og tekur meir og meir mið af enskri tungu. Allir þekkja þunglamalegt stofnanamálið og ofnotkun nafnorða. Málkennd manna virðist fara hrakandi. Beygingarvillur og ritvillur eru mjög áberandi bæði í talmáli og ritmáli og algengt er að heyra að fólk misskilur gömul hugtök og orðskviði og ruglar þeim saman. Ef við tökum okkur ekki tak og reynum að sporna við þessari þróun má búast við því að íslenska sem talmál líði undir lok á næstu öld.

Íslenska er erfitt tungumál, enda beygingarkerfi hennar talsvert flóknara en í flestum þjóðtungum Evrópulandanna. Þótt íslenskukennsla í skólum landsins sé yfirleitt góð er hætta á því að málfræðiundirstaðan gleymist og beygingar- og stafsetningarreglur ryðgi hjá mjög mörgum. Þess vegna er full þörf á því að bjóða almenningi upp á sérstök upprifjunarnámskeið í íslensku og reyna þannig að stuðla að betra málfari. Það má hugsa sér að riðið verði á vaðið með þáttaröð í sjónvarpi og útvarpi þar sem helstu atriði beygingar- og setningakerfis íslensku yrðu skýrð. Enn fremur yrði farið yfir helstu réttritunarreglur og notkun orðskviða. Þá er nauðsynlegt að fara yfir mismun á talmáli og ritmáli og kenna fólki að tileinka sér vandað málfar í ræðu og riti og veita því þjálfun í framsögn. Að þessu loknu mætti hugsa sér að fylgja þessu eftir með styttri námskeiðum sem haldin yrðu um allt land fyrir starfsfólk og stjórnendur á stórum vinnustöðum og í stofnunum eða annars staðar þar sem það hentar. Eflaust þarf að endurtaka þetta námskeiðahald reglubundið.

Með áróðri fyrir vönduðu íslensku máli í ræðu og riti og samstilltu þjóðarátaki til þess að hefja móðurmálið til vegs og virðingar að nýju má koma í veg fyrir að íslenskukunnáttu þjóðarinnar hraki frekar en orðið er og snúa þannig vörn í sókn. Það þarf að koma því á að þeir sem sletta erlendum orðum að óþörfu séu taldir hlægilegir. Enn fremur þarf að skapa almenna virðingu fyrir móðurmálinu svo að menn fyrirverði sig fyrir að tala lélegt mál og séu taldir aumkunarverðir fyrir málglöp að óþörfu.

Ed. 772. Frumvarp til laga [422. mál]

um Tónlistarháskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

Markmið.

1. gr.

Tónlistarháskóli Íslands er æðsta menntastofnun landsins í tónlist, þjálfar skapandi og túlkandi tónlistarmenn, mótar stefnu í tónlistaruppeldi og eflir tónmennt með þjóðinni. Skólinn hefur aðsetur í Reykjavík.

2. gr.

Skólinn menntar kennara á öllum sviðum tónlistar, annast viðbótar- og endurmenntun þeirra og hefur forustu um nýjungar í tónlistarkennslu. Hann er tónlistarskólum í landinu til ráðuneytis um námsefni, kennslutilhögun og samræmingu prófa.

3. gr.

Skólinn kappkostar að varðveita og ávaxta íslenskan tónlistararf og stuðla að nýsköpun í tónlist.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið getur heimilað skólanum að starfrækja deildir neðan háskólastigs sem búa nemendur undir æðra tónlistarnám, enda hafi tekist samkomulag milli ráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um rekstur deildanna, sbr. 20. gr.

Inntökuskilyrði.

5. gr.

Rétt til inngöngu í Tónlistarháskóla Íslands hefur nemandi sem lokið hefur stúdentsprófi eða hefur sambærilega almenna menntun og hefur staðist inntökupróf sem tryggir að hann sé nægilega undir æðra tónlistarnám búinn.

Deildir.

6. gr.

Deildir í skólanum eru þessar:

1. Hjóðfæradeild.
2. Söngdeild.
3. Tónfræða- og tónsmíðadeild.
4. Tónlistarkennaradeildir.

Menntamálaráðuneytið getur heimilað stofnun fleiri deilda við skólann samkvæmt tillögum skólaráðs.

Stjórn.

7. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.

8. gr.

Rektor er yfirmaður skólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum. Rektor hefur yfirumsjón með starfsemi skólans og rekstri og vinnur að stefnumótun í málefnum hans.

Rektor er kjörinn til fjögurra ára í senn af föstum kennurum skólans og úr hópi þeirra.

9. gr.

Í skólaráði eiga sæti rektor og fjórir kjörnir fulltrúar sem hér segir: Tveir fulltrúar fastra kennara, kjörnir úr hópi þeirra til tveggja ára í senn, einn fulltrúi lausráðinna kennara, kjörinn úr hópi þeirra til eins árs í senn, og einn fulltrúi nemenda, tilnefndur af almennum samtökum þeirra til eins árs í senn. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Skólaritari á sæti á fundum skólaráðs með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

Rektor er formaður skólaráðs, en varaformaður skal vera annar fulltrúi fastra kennara, kosinn af ráðinu til eins árs í senn. Skólaritari ritar fundargerðir ráðsins.

Skólaráð er því aðeins ályktunarfært að fjórir atkvæðisbærir menn sæki fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn sker atkvæði rektors úr eða þess sem gegnir formannsstarfi í forföllum hans.

10. gr.

Skólaráð fjallar um meginatriði í starfsemi skólans og ber ásamt rektor ábyrgð á að hún sé í samræmi við lög og aðrar gildandi reglur. Það sker úr málum er varða skipulag kennslu, próf og inntöku nemenda, veitir umsögn um ráðningu fastra kennara, leggur samþykki á árlega fjárhagsáætlun og sinnir að öðru leyti þeim verkefnum sem því eru falin í lögum og reglugerð.

11. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar skólaritara að fenginni umsögn skólaráðs. Skólaritari stýrir í umboði rektors og undir yfirstjórn hans skrifstofu skólans og annast fjárreiður. Með sama hætti undirbýr hann árlega fjárhagsáætlun og hefur eftirlit með því að rekstur skólans sé í samræmi við gildandi heimildir.

Rektor ræður með samþykki menntamálaráðuneytisins kennslustjóra úr hópi kennara til tveggja ára í senn. Kennslustjóri vinnur ásamt rektor og í umboði hans að málum er varða skipulag og framkvæmd kennslu og annarrar starfsemi skólans.

12. gr.

Fastir kennarar við hverja deild skólans kjósa einn úr sínum hópi til að gegna starfi deildarstjóra til tveggja ára í senn. Deildarstjóri starfar í umboði rektors og skólaráðs. Deildarstjóri hefur eftirlit með því að kennslu og prófum í deildinni sé hagað í samræmi við reglugerð og námsskrá og hefur í samráði við kennara og nemendur frumkvæði um ráðstafanir sem horfa til að efla og bæta starf deildarinnar. Deildarstjóri er stjórnendum skólans til aðstoðar við ráðningu stundakennara.

Skólaráð heldur fundi með deildarstjórum eigi sjaldnar en einu sinni á hverju námsmissiri.

Kennarar og aðrir starfsmenn.

13. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar kennara skólans.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna fastri kennarastöðu. Skipar menntamálaráðherra einn mann í nefndina en skólaráð Tónlistarháskóla Íslands tvo, annan samkvæmt tilnefningu fastra kennara en hinn án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar. Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það, hvort af listrænum eða fræðilegum störfum umsækjanda, svo og náms- og starfsferli, megi ráða að hann sé hæfur til að gegna kennarastöðunni. Álitsgerð nefndarinnar skal höfð

til hliðsjónar þegar staðan er veitt og má engan mann skipa kennara við Tónlistarháskóla Íslands nema meiri hluti dómnefndar hafi látið í ljós það álit að hann sé hæfur til þess. Enn fremur skal leita álits skólaráðs um umsækjendur.

Rektor ræður stundakennara í samræmi við fjárveitingar.

14. gr.

Skólaráð ákveður hvernig starfsskylda fastra kennara skiptist milli kennslu og annarra starfsþátta innan marka sem sett eru í reglugerð og í samræmi við kjarasamninga.

15. gr.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt, þegar fjárveitingar leyfa, að ráða viðurkennda tónlistarmenn til að starfa við Tónlistarháskóla Íslands um takmarkaðan tíma án fastrar kennsluskyldu.

16. gr.

Við Tónlistarháskóla Íslands skal vera tónbókmennta- og hljóðritasafn. Rektor ræður safnvörð með samþykki menntamálaráðuneytisins. Safnvörður hefur einnig umsjón með hljóðfærakosti skólans.

17. gr.

Rektor ræður með samþykki menntamálaráðuneytisins húsvörð og annað starfslið skólans sem ekki er öðruvísi kveðið á um í lögum þessum.

Námsskipan og próf.

18. gr.

Um námsskipan og próf í einstökum deildum og prófgreinum skal mælt í reglugerð og í námsskrá sem skólaráð setur að fengnum tillögum deildarstjóra og menntamálaráðuneytið staðfestir.

19. gr.

Í aðalgreinum burtfararprófs skulu vera prófdómendur skipaðir af menntamálaráðuneytinu að fengnum tillögum rektors.

Fjármál.

20. gr.

Stofn- og rekstrarkostnaður Tónlistarháskóla Íslands greiðist úr ríkissjóði.

Verði skólanum heimilað að starfrækja deildir undir háskólastigi, sbr. 4. gr., skal leita eftir samkomulagi við Reykjavíkurborg um að borgarsjóður Reykjavíkur endurgreiði ríkissjóði þann kostnað sem hlýst af rekstri slíkra deilda sem sveitarfélögum ber að standa undir samkvæmt gildandi lögum þar um.

21. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1989.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Nemendum sem stunda nám á efri stigum Tónlistarskólans í Reykjavík við gildistöku þessara laga skal heimilt að halda náminu áfram í Tónlistarháskóla Íslands án sérstaks inntökuprófs. Þá skulu nemendur í framhaldsdeildum annarra tónlistarskóla í landinu við gildistöku laganna eiga kost á inngöngu í Tónlistarháskólann án slíks prófs.

Heimilt er að tónmenntakennaradeild samkvæmt reglugerð nr. 158/1959 starfi áfram á vegum Tónlistarháskólans í þrjú ár frá gildistöku laga þessara.

2. Menntamálaráðuneytinu er heimilt að greiða Söngskólanum í Reykjavík sérstakan styrk í allt að fjögur ár frá gildistöku laga þessara. Styrkurinn miðast við það að gera skólanum kleift að halda uppi kennslu fyrir þá nemendur sem stunda nám við skólann ofan 8. stigs, enda greiði slíkir nemendur ekki kennslugjald og námsskrá og prófkröfur séu samræmdar þeim kröfum sem gerðar eru við Tónlistarháskóla Íslands.

3. Fastráðnir kennarar Tónlistarskólans í Reykjavík, þegar lög þessi öðlast gildi, skulu eiga forgangsrétt til skipunar í kennarastöður í sömu greinum við Tónlistarháskóla Íslands í tvö ár frá gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem þáverandi menntamálaráðherra, Ragnhildur Helgadóttir, skipaði hinn 15. október 1985. Í nefndinni áttu sæti Jón Nordal, skólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík, formaður, Baldvin Tryggvason sparisjóðsstjóri, gjaldkeri Tónlistarfélagsins, og Árni Gunnarsson, skrifstofustjóri í menntaráðuneytinu. Nefndinni var falið að endurskoða drög að frumvarpi til laga um Tónlistarskóla Íslands sem samin voru á árunum 1978–79 að frumkvæði Vilhjálms Hjálmarssonar, þáverandi menntamálaráðherra, en það var fyrsta tilraunin hér á landi til þess að semja frumvarp um ríkisskóla í tónlist. Fáeinar breytingar voru gerðar á frumvarpinu að tilhlutan menntamálaráðuneytisins.

Skipulögð tónlistarfræðsla á Íslandi á sér ekki langa sögu. Hún hefst með stofnun Tónlistarskólans í Reykjavík 1930. Þeir sem komu honum á fót voru nokkrir áhugamenn um tónlist sem síðan stofnuðu Tónlistarfélagið, en það félag hefur rekið skólann fram á þennan dag. Tónlistarskólinn í Reykjavík var lengi vel eini tónlistarskóli landsins og hefur jafnan gegnt forustuhlutverki á sviði tónlistarmenntunar landsmanna. Nær allir starfandi tónlistarmenn okkar hafa hlotið þar menntun sína að meira eða minna leyti. Árið 1959 var með reglugerð menntamálaráðuneytisins komið á fót kennaradeild við skólann og var henni falið að mennta söngkennara (nú nefndir tónmenntakennarar) fyrir almenna skólakerfið. Þetta var mikilsverður áfangi í sögu Tónlistarskólans og viðurkenning á forustuhlutverki hans. Á næstu árum voru stofnaðar við skólann kennaradeildir fyrir píanó-, strengja- og blásturshljóðfærakennara sem vaxandi þörf var fyrir eftir því sem tónlistarskólum í landinu fjölgaði. Hafði skólinn engan veginn undan að fullnægja þeirri þörf því að þróunin var örari en nokkurn óraði fyrir. Með lögðum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla árið 1963 var rekstrargrundvöllur þeirra bættur mjög og enn frekar með löggjöf um sama efni 1975 og 1985. Hefur tónlistarskólum fjölgað ört síðan og eru þeir nú rúmlega sextíu á landinu öllu.

Á þessu má sjá að það hefur verið mikil uppbygging í tónmennt á Íslandi undanfarna áratugi og eftir því sem tónlistarfræðsla í landinu hefur komist á hærra stig og orðið markvissari hefur þörfin fyrir tónlistarháskóla orðið mönnum sífellt ljósari. Tónlistarskólinn í Reykjavík hefur gegnt hlutverki slíks æðri skóla eftir því sem hann hefur haft bolmagn til, en hann er að mestu leyti rekinn á sama fjárhagsgrundvelli og aðrir tónlistarskólar í landinu og um hann hafa aldrei verið sett sérstök lög.

Frumvarp það sem hér hefur verið sett saman er því að miklu leyti staðfesting á því starfi sem nú er unnið í Tónlistarskólanum í Reykjavík og nauðsynleg ráðstöfun til þess að styrkja þetta starf og tryggja því lagalegan og fjárhagslegan grundvöll. Aðeins á þann hátt getur skólinn rækt það hlutverk sem er svo þýðingarmikið fyrir tónlistarlífið í landinu.

Háskóladeildir THÍ verða samkvæmt frumvarpinu alfarið kostaðar af ríkissjóði og ekki gert ráð fyrir skólagjöldum. Má gera ráð fyrir talsverðri fjölgun nemenda frá því sem nú er á efstu stigum og í kennaradeildum Tónlistarskólans í Reykjavík, en þeir voru skráðir 107 á skólaárinu 1986–87. Væntanlega munu fleiri nemendur af efstu stigum annarra tónlistarskóla en TR leita í THÍ um framhaldsmenntun.

Gert er ráð fyrir að kostnaður af námi í deildum neðan háskólastigs í THÍ verði greiddur með hliðsjón af reglum laga sem gilda um hliðstæðar deildir almennt og að nemendur þar greiði skólagjöld.

Nefndin, sem frumvarpið samdi, fékk Runólf Birgi Leifsson, deildarstjóra í fjármálaskrifstofu menntamálaráðuneytisins, til að athuga hvaða áhrif stofnun Tónlistarháskóla Íslands samkvæmt frumvarpinu mundi hafa á útgjöld ríkissjóðs. Stutta greinargerð Runólfs Birgis um þetta efni er að finna í fylgiskjali. Athugunin tekur eingöngu til kennslu- og stjórnkostnaðar. Um húsnæðisaðstöðu er þess að geta að Tónlistarskólinn í Reykjavík starfar nú í húsnæði sem er í eigu Tónlistarfélagsins. Gera verður ráð fyrir að leitað yrði samninga við félagið um afnot Tónlistarháskóla Íslands af því húsnæði fyrst um sinn, en ljóst er að hefja þyrfti sem fyrst undirbúning að varanlegri lausn á húsnæðisþörfum skólans.

Ætla má að nám í háksóladeildum THÍ taki 3–4 ár og veiti BA-gráðu. Þeir nemendur sem ljúka því prófi ættu að vera vel búnir undir störf hér á landi, m.a. kennslu í tónlistarskólum. Eitt mikilvægasta hlutverk THÍ verður að sjá tónlistarskólum um allt land fyrir hæfum kennurum, en tónlistarskólarnir eru veigamikill þáttur í menningarlífi fjölmargra byggðarlaga. Einnig ætti BA-prófið að vera góður undirbúningur undir frekara nám erlendis sem æskilegt er að sem flestir nemendur geti veitt sér, íslensku tónlistarlífi til eflingar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

THÍ á að annast alla æðri tónlistarmenntun í landinu, enda er æskilegt að safna á einn stað bestu kennurum og nemendum sem völ er á og reyna þannig að koma á fót eins góðri og kraftmikilli stofnun og frekast er unnt.

Um 2. gr.

Eitt af höfuðverkefnum THÍ er að stuðla að bættri kennslu í tónlist, bæði í tónlistarskólum og almennum skólum um land allt. Það gerir hann með ráðgjöf og með því að veita kennurum á öllum stigum sem fjölbreyttast tækifæri til viðbótarmenntunar.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir því að í THÍ geti farið fram vísindalegar rannsóknir á þjóðlagaarfi okkar og tónlistarsögu landsins.

Um 4. gr.

Það er mat þeirra sem frumvarp þetta sömdu að nauðsynlegt sé að við skólann verði áfram starfræktar deildir neðan háskólastigs. Eru þeim aðallega ætluð eftirfarandi hlutverk: Að sjá kennaradeildum skólans fyrir nemendum til æfingakennslu, að búa nemendur undir háskólanám í tónlist og veita ungum nemendum með framúrskarandi hæfileika bestu fáanlega kennslu eins snemma og unnt er.

Um 5. gr.

Nauðsynlegt er að tryggt sé með inntökuprófi að allir nemendur í háskóladeildum skólans séu með þá hæfni í tónlistargreinum sem slíkt nám krefst. Inntökupróf tíðkast við nær allar sambærilegar stofnanir erlendis.

Um 6. gr.

Nú eru starfandi við skólann allar þær deildir sem nefndar eru í frumvarpinu. Í hljóðfæradeild og söngdeild eru þeir nemendur sem hafa hljóðfæraleik eða söng sem aðalgrein og stefna á lokapróf með sjálfstæðum tónleikum. Í hljóðfæradeild er kennt á strengja- og blásturshljóðfæri auk hljómborðshljóðfæra (píanós, orgels og sembals).

Í tónfræða- og tónsmíðadeild eru nemendur sem búa sig undir fræðistörf í tónlist eða ætla að snúa sér að skapandi störfum. Sú deild var stofnuð 1981 og var sniðin eftir sambærilegum deildum við erlenda háskóla.

Í tónlistarkennaradeild eru þeir nemendur sem búa sig undir störf í tónlistarskólum, bæði hljóðfæraleik og söng. Deildinni er skipt í smærri einingar svo sem píanókennaradeild, strengjakennaradeild, blásarakennaradeild o.s.frv.

Árið 1959 var með reglugerð menntamálaráðuneytisins sett á stofn tónmenntakennaradeild við Tónlistarskólann í Reykjavík og fékk hún það hlutverk að mennta kennara í tónlist fyrir barna- og unglingaskóla. Frá árinu 1980 hefur söngur og tónmennt verið valgrein í kennaranámi við Kennaraháskóla Íslands. Var þar með búið í haginn fyrir að KHÍ gæti annast menntun tónmenntakennara fyrir grunnskólastigið, enda ýmsir kostir því samfara að undirbúningur grunnskólakennara á þessu sviði sem öðrum tengist almennri kennaramenntun. Í samræmi við þessa þróun gerir frumvarpið ráð fyrir að grunnnám tónmenntakennara verði ekki við Tónlistarháskólann. Hins vegar er eðlilegt að tónmenntakennarar eigi kost á viðbótarnámi í tónlistarkennaradeild skólans, m.a. til að verða hæfir til að takast á hendur tónlistarkennslu í framhaldsskólum. Gert er ráð fyrir nokkrum aðlögunartíma, þannig að tónmenntakennaradeild í núverandi formi starfi áfram í þrjú ár frá gildistöku laganna, sbr. 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða.

Æskileg viðbót við núverandi deildir skólans væri kirkjutónlistardeild.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 8. gr.

Gert er ráð fyrir að forstöðumaður skólans beri starfsheitið rektor og sé kjörinn úr hópi fastra kennara fyrir afmarkað árabil í senn, hliðstætt því sem tíðkast í fleiri menntastofnunum á háskólastigi.

Um 9.–10. gr.

Í þessum greinum er fjallað um skipan, hlutverk og helstu verkefni skólaráðs. Á vettvangi ráðsins, sem starfar undir forsæti rektors en er að öðru leyti skipað fulltrúum kennara og nemenda, verður fjallað um mikilsverð atriði er varða starfsemi skólans og kennsluhætti, en jafnframt leyst úr ýmsum einstaklingsbundnum málum sem eðlilegt þykir að leggja undir úrskurð þess. Ekki þykir ástæða til að hver deild skólans kjósi fulltrúa í skólaráð, en hins vegar er gert ráð fyrir að ráðið haldi fundi með deildarstjórum a.m.k. einu sinni á hverju námsmissiri, sbr. 12. gr. Ætti með því móti að vera tryggt að skólaráð hafi jafnan nokkra yfirsýn yfir málefni einstakra deilda.

Varaformaður skólaráðs mun í raun gegna hlutverki vararektors ef nauðsyn krefur í meiri háttar forföllum rektors.

Um 11. gr.

Skólaritara er ætlað að annast fjármálalega framkvæmdastjórn stofnunarinnar, undir yfirumsjón rektors og í umboði hans. Með þeim hætti er ætlast til að rektor gefist sæmilegt tóm til að sinna málum er varða menntunarstarf skólans og þróun þess.

Hlutverk kennslustjóra er að vera rektor til aðstoðar við stjórn mála er varða kennslu og nám og aðra starfsemi á vegum skólans, svo sem tónleikahald. Hann þarf að hafa nána samvinnu við deildarstóra, sbr. 12. gr., og stuðla að samhæfingu á störfum þeirra. Gert er ráð fyrir að kennslustjóri sé úr hópi kennara, enda yrði væntanlega um hlutastarf að ræða fyrst um sinn.

Um 12. gr.

Hér ræðir um deildarstjóra, kosningu þeirra og starfssvið. Deildarstjóra er falið forustuhlutverk og framkvæmdastjórn í viðkomandi kennsludeild svo sem nánar er rakið í greininni. Kemur til kasta skólaráðs að meta, hversu mikinn hluta vinnuskyldu beri að ætla til þessa starfs, sbr. 14. gr.

Umfang einstakra deilda sem starfseininga verður það takmarkað, a.m.k. fyrst um sinn, að ekki þykir ástæða til að lögákveða fjölskipaðar deildarstjórnir að svo stöddu.

Um 13. gr.

Meginforsenda þess, að menntun sú, sem Tónlistarháskóli Íslands veitir, verði á því gæðastigi sem að er stefnt, er að við skólann starfi hæfir kennarar. Því er nauðsynlegt að gerðar verði strangar kröfur um val kennara, og að því miða ákvæði greinarinnar um dómnefndir til að fjalla um umsóknir um fastar kennarastöður.

Um 14. gr.

Gera verður ráð fyrir að fastur kennari við tónlistarháskóla eigi þess kost að gegna hluta starfsskyldu sinnar með öðrum hætti en beinni kennslu. Koma þá bæði til álita tónlistarstörf og rannsókir, hvort tveggja tengt kennslustarfinu og til þess að fallið að auðga kennsluna og efla, svo og þátttaka í stjórnunarstörfum. Ætlast er til að viðmiðunarmörk um skiptingu starfsskyldu verði sett í reglugerð en skólaráð taki nánari ákvörðun um skiptinguna innan þeirra marka og í samræmi við gildandi kjarasamninga hverju sinni.

Um 15. gr.

Ákvæði þessarar greinar miðar að því að unnt verði að tengja mikilhæfa tónlistarmenn Tónlistarháskólanum um nokkurt skeið í senn og gefa þeim kost á að hafa áhrif á starf skólans án þess að vera bundnir af fastri kennsluskyldu. Hér gæti bæði verið um að ræða tónskáld og túlkandi listamenn. Æskilegt væri að til ráðstöfunar yrði sem svaraði starfslaunum eins kennara á ári í þessu skyni.

16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar, en leggja ber áherslu á mikilvægi vel búins tónbókmennta- og hljóðritasafns fyrir starfsemi Tónlistarháskólans.

Um 17. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 18. gr.

Ekki þykir heppilegt að binda í lögum ákvæði um námsskipan og próf í skólanum, en gert er ráð fyrir að um þau efni verði mælt í reglugerð og námsskrá. Er það hliðstætt því sem tíðkast um aðrar menntastofnanir á háskólastigi.

Gera má ráð fyrir að skipulag kennslu í Tónlistarháskóla Íslands verði miðað við að nemendur geti að öðru jöfnu lokið náminu á þremur til fjórum árum.

Um 19. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 20. gr.

Gert er ráð fyrir að stofn- og rekstrarkostnaður þeirrar starfsemi skólans sem telst á háskólastigi greiðist úr ríkissjóði með venjulegum hætti án þess að nemendur séu krafðir um kennslugjöld.

Að því er varðar deildir undir háskólastigi, sem skólanum kann að verða heimilað að starfrækja, yrði hins vegar um að ræða starfsemi hliðstæða þeirri sem fram fer í tónlistarskólum er sveitarfélög standa að. Er því gert ráð fyrir að um rekstrarkostnað slíkra deilda fari með hliðsjón af gildandi lögum um slíka skóla, enda verði leitað eftir samkomulagi við Reykjavíkurborg um þá framkvæmd.

Um 21. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 22. gr.

Tímasetning gildistöku miðast við að lögin komi til framkvæmda á mótum tveggja skólaára eftir að kostur hefur verið á að taka mið af þeim við undirbúning fjárlaga.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þar sem Tónlistarháskóli Íslands mun með nokkrum hætti leysa Tónlistarskólann í Reykjavík af hólmi er eðlilegt að tekið verði tillit til hagsmuna núverandi nemenda og fastráðinna kennara þess skóla þegar hin nýja stofnun tekur til starfa, eftir því sem við getur átt. Þá er og gert ráð fyrir að nemendur sem þegar hafa byrjað nám í framhaldsdeildum annarra íslenskra tónlistarskóla eigi kost á inngöngu í hinn nýja Tónlistarháskóla án þess að þurfa að þreyta sérstakt inntökupróf.

Um tímabundna heimild til starfrækslu tónmenntakennaradeildar skal vísað til athugasemdar við 6. gr.

Söngskólinn í Reykjavík hefur nokkra sérstöðu meðal tónlistarskóla í landinu, en hann hefur starfað í 14 ár og eingöngu sinnt söngkennslu. Fyrstu nemendur í almennu söngnámi voru útskrifaðir úr skólanum 1977, en 1978 var stofnuð framhaldsdeild við skólann sem skiptist í einsöngvaradeild og söngkennaradeild og voru fyrstu nemendurnir í framhaldsdeild útskrifaðir 1980. Veturinn 1987–1988 stunda 18 nemendur nám í framhaldsdeildum skólans. Eðlilegt og sanngjarnt þykir að taka tillit til þeirrar staðreyndar að Söngskólinn í Reykjavík hefur þegar um nokkurra ára skeið sinnt kennslu á háskólastigi og veita þeim nemendum sem þegar stunda nám á framhaldsstigi skólans tækifæri til þess að ljúka námi sínu þar, svo og veita skólanum tækifæri til þess að aðlaga sig nýjum aðstæðum.

Fylgiskjal.

Greinargerð um kostnaðaráhrif vegna frumvarps til laga um Tónlistarháskóla Íslands.
(Frá fjármálaskrifstofu menntamálaráðuneytisins 22. mars 1988.)

Í skólanum voru 232 nemendur skólaárið 1986/1987, þar af 83 á efri stigum skólans (háskólastigi), þ.e. 38 í kennaradeildum, 10 í tónfræðadeild og 35 í 8. stigi og ofar.

Kostnaður ríkissjóðs af rekstri skólans fer nú eftir lögum nr. 75/1985, þó þannig að ríkissjóður greiðir til viðbótar 7 stöðugildi að fullu vegna kennaradeilda skólans. Útgjöld ríkissjóðs af rekstri skólans eru áætluð um 17 m.kr. í fjárlögum 1988, þar af um 10,5 m.kr. vegna náms á háskólastigi.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði allan kostnað af skólahaldinu á háskólastigi, en ekki einungis helming af launagjöldum eins og nú. Ef gert er ráð fyrir að auka hljóðfæra/söngkennslu á 8. stigi og ofar um helming eins og fyrirætlað er, nemendum fjölgi um 30 (sem er mjög varlega áætlað) og kennsluskylda minnki um 5,5% (vegna þess að fleiri nemendur verða á efri stigum) verða áætluð launaútgjöld ríkissjóðs vegna háskólastigs um 18 m.kr. og hækka því um 7,5 m.kr. eða 71%. Auk þessa bætast við önnur rekstrargjöld sem skv. fyrirliggjandi rekstrarreikningum gætu numið um 4 m.kr. vegna háskólastigs. Nemendagjöld á móti falla niður. Heildarkostnaður vegna háskólastigs gæti því orðið um 22 m.kr., sem er hækkun á útgjöldum ríkissjóðs um 11,5 m.kr. eða 110%.

Hér hefur verið miðað við varlegar forsendur, en fleira getur komið til svo sem:

a. Námsframboð verði aukið meir en nú er fyrirætlað
b. Aukinn nemendafjöldi
c. Nýir samningar við kennara til samræmis við aðra háskólakennara, sbr. 14. gr.
d. Aukin verkefni, sbr. 2. gr.
e. Þóknun til skólaráðs.
f. Ráðning deildarstjóra.
g. Nefnd skv. 13. gr.
h. Ráðning viðurkenndra tónlistarmanna án fastrar kennsluskyldu skv. 15. gr.
i. Safnvörður og búnaður í tónbókmennta- og hljóðritasafn skv. 16. gr.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði er menntamálaráðuneytinu heimilt að greiða Söngskólanum í Reykjavík sérstakan styrk í allt að fjögur ár frá gildistöku laganna. Ef miðað er við að ráðuneytið nýti þessa heimild og að styrkurinn jafngildi samsvarandi fjárhæð og nemendur hafa þurft að greiða hingað til þá gæti kostnaður vegna þessa orðið um 0,7 til 1 m.kr. á ári. Þá er miðað við 18 nemendur og að styrkurinn nemi 40 til 50 þús. kr. á nemanda.

Nd. 773. Frumvarp til laga [423. mál]

um heimild til hækkunar á hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja um hækkun á hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum úr 68,0 í 125,8 milljónir bandaríkjadala miðað við gullgengi dalsins hinn 1. júlí 1944.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í árslok 1945 gerðist Ísland stofnaðili að Alþjóðabankanum (IBRD) og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (IMF) sem aðsetur hafa í Washington. Síðar gerðist Ísland aðili að tveimur systurstofnunum Alþjóðabankans, Alþjóðalánastofnuninni (IFC) 1956 og Alþjóðaframfarastofnuninni (IDA) 1961. Starf Alþjóðabankans og systurstofnana hans hefur hin síðari ár fyrst og fremst beinst að aðstoð og fyrirgreiðslu við þróunarlöndin í formi lánveitinga. Í upphafi beitti Alþjóðabankinn sér einnig af krafti fyrir endurreisn efnahagslífs í ýmsum aðildarlöndum. Á árunum 1951–1973 fengu Íslendingar lán hjá bankanum að fjárhæð um 47 milljónir bandaríkjadala, m.a. til virkjana við Sog, Laxá, Búrfell og Sigöldu, Áburðarverksmiðjunnar, hitaveituframkvæmda í Reykjavík og loks hafnarframkvæmda í Þorlákshöfn og Grindavík eftir Vestmannaeyjagosið. Voru þessi lán veitt til langs tíma og á lágum vöxtum. Verða síðustu lánin að fullu endurgreidd á árinu 1998. Ekki verður um frekari lántöku Íslendinga að ræða hjá bankanum þar eð þjóðartekjur okkar eru nú langt fyrir ofan það mark sem bankinn miðar við í lánveitingum sínum. Hins vegar hafa Íslendingar möguleika á lánafyrirgreiðslu samkvæmt sérstökum reglum hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem er nátengdur bankanum.

Lán Alþjóðabankans til þróunarlandanna eru mjög mikil. Á fjárhagsárinu 1987 samþykkti bankinn þannig lánveitingar að fjárhæð röskir 14 milljarðar bandaríkjadala. Á árunum 1986–1988 er áætlað að lán bankans til þróunarlandanna verði um 5 milljarðar dala á ári nettó og er það um fjórðungur af öllum nettólánum til þessara landa. Lánveitingar Alþjóðaframfarastofnunarinnar, sem eru einkum til verst stöddu þróunarlandanna og á mjög hagstæðum kjörum, hafa einnig verið umtalsverðar og greiddu m.a. á sínum tíma fyrir grænu byltingunni.

Þótt lánveitingar bankans hafi vaxið ört hafa þróunarlöndin þó í enn ríkara mæli þurft á auknu lánsfjármagni að halda, m.a. til fjárfestingar og til að komast úr fátækt og skuldabasli. Þarf því með vissu millibili að hækka hlutafé aðildarríkjanna í bankanum til að tryggja heilbrigðan fjárhagsgrundvöll bankans og auka þannig möguleika hans á frekari lánveitingum eða annarri fjármagnsfyrirgreiðslu, þróunarlöndunum til hagsbóta. Ísland hefur tekið þátt í hækkunum á hlutafé í bankanum og var heimild fyrir síðustu hækkun veitt með lögum nr. 32 frá 4. maí 1982. Hækkaði hlutafé Íslands þá úr 22,2 í 68,0 milljónir dala miðað við gullgengi dalsins hinn 1. júlí 1944.

Með frumvarpi þessu er leitað eftir heimild fyrir ríkisstjórnina til að auka hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum úr 68,0 í 125,8 eða um 57,8 milljónir bandaríkjadala miðað við gullgengi á grundvelli tveggja samþykkta bankans sem nú skal gerð grein fyrir.

Annars vegar er farið fram á heimild til þátttöku í almennri hlutafjárhækkun á grundvelli samþykktar bankastjórnar Alþjóðabankans hinn 19. febrúar 1988. Stefnt er að því að hlutafé bankans hækki um 62,0 milljarða bandaríkjadala miðað við gullgengi. Með því að nota margföldunarstuðulinn 1,20635 jafngildir slíkt 74,8 milljörðum núverandi dala. Gert er ráð fyrir því að hlutafé Íslands hækki við þetta um 55,2 milljónir dala miðað við gullgengi eða 66 590 520 dali sem gerir á sölugengi hinn 1. mars 1988 (1 USD = 39,52 kr.) 2632 millj. kr. Af þessari upphæð yrðu þó aðeins 0,3% greidd í dölum, með öðrum orðum 200 000 dalir eða tæpar 8 millj. kr. á árinu 1989, og 2,7% í krónum, andvirði 1 800 000 dala (rösk 71 millj. kr.) sem skiptist á fimm ár, 1989–1993, þ.e. 360 000 dalir (röskar 14 millj. kr.) til greiðslu á ári. Fjárhæðirnar breytast í krónum eftir gengi krónunnar á greiðsludegi. Samtals er innborgunarfé því andvirði 2,0 milljóna dala (um 79 millj. kr.). Hinn hlutinn af hækkun hlutafjárins, tæpar 65 milljónir dala (2553 millj. kr. miðað við ofangreint gengi), er ábyrgðarfé, fé sem Ísland ábyrgist til tryggingar á sínum hluta í skuldbindingum bankans vegna ofangreindrar hækkunar hlutafjárins. Sáralitlar líkur eru taldar á því að á ábyrgðina reyni. Í því sambandi má nefna að aldrei hefur reynt á ábyrgðarskuldbindingar Íslands frá því að það gerðist aðili að bankanum fyrir tæpum 43 árum.

Hins vegar er farið fram á heimild til að taka þátt í sérstakri hlutafjárhækkun á grundvelli ályktunar bankaráðs Alþjóðabankans nr. 395 frá 30. ágúst 1984. Hlutafé Íslands mundi hækka miklu minna á grundvelli sérstöku hækkunarinnar en almennu hækkunarinnar eða um 2,6 milljónir bandaríkjadala miðað við gullgengi sem jafngildir 3 136 510 núverandi dölum. Það gerir á sölugengi hinn 1. mars 1988 um 124 millj. kr. Af upphæðinni yrðu þó aðeins greidd 0,875% í dölum, þ.e. 27 444,46 dalir (rösk 1 millj. kr.), og 7,875% í krónum, andvirði 247 000,16 dala (tæpar 10 millj. kr.). Samtals yrði innborgunarféð því andvirði 274 444,62 dala (tæpar 11 millj. kr.) og þarf að greiða það á árinu 1988. Er gert ráð fyrir að það yrði eina greiðslan til bankans á því ári (til samanburðar má nefna að greiðslur vegna þátttöku í almennu hlutafjárhækkuninni 1984–1987 voru tæpar 12 millj. kr. á ári). Af sérstöku hlutafjárhækkuninni yrði það fé, sem ekki þarf að greiða samkvæmt ofansögðu, ábyrgðarfé, með öðrum orðum 2 862 065,38 dalir eða um 113 millj. kr.

Samkvæmt framansögðu skiptast greiðslur til Alþjóðabankans á grundvelli almennu og sérstöku hlutafjárhækkananna (alls um 90 millj. kr.) sem hér segir miðað við sölugengi bandaríkjadals hinn 1. mars 1988 (tölur í m.kr., jafnaðar):

	1988	1989	1990	1991	1992	1993
a. Greitt í krónum	10	14	14	14	14	14
b. Greitt í dölum	1	8				
c. Samtals	11	22	14	14	14	14

Norðurlöndin hafa sameiginlega átt einn fulltrúa ásamt starfsliði í stjórn bankans og er skipt um á tveggja til þriggja ára fresti. Nokkrir Íslendingar hafa setið sem fulltrúar Norðurlandanna í stjórn bankans eða unnið á Norðurlandaskrifstofunni. Hinn 1. ágúst 1988 tekur Jónas Haralz bankastjóri við sem fulltrúi Norðurlandanna í stjórn bankans og verður starfstímabil hans í Washington þrjú ár.

Sþ. 774. Fyrirspurn [424. mál]

til samgönguráðherra um ferðamenn.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Hvað hafa margir ferðamenn komið til landsins á vegum innlendra ferðaskrifstofa frá 1980 og hvernig skiptast þeir á ferðaskrifstofur?

Sþ. 775. Fyrirspurn [425. mál]

til viðskiptaráðherra um endurskoðun á lögum um samvinnufélög.

Frá Halldóri Blöndal.

Hvað líður endurskoðun á lögum um samvinnufélög?

Sþ. 776. Tillaga til þingsályktunar [426. mál]

um sérstakan áhættulánasjóð og tæknigarða.

Flm.: Óli Þ. Guðbjartsson, Albert Guðmundsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Ingi Björn Albertsson, Guðmundur Ágústsson, Hreggviður Jónsson, Júlíus Sólnes.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á fót sérstakri sjálfseignarstofnun, Áhættulánasjóði Íslands, til aðstoðar við að undirbúa og hefja framleiðslu samkvæmt arðvænlegum hugmyndum einstaklinga. Sjóðurinn skal setja á stofn og reka almenna tæknigarða þar sem veitt er aðstoð við smíði á frumeintökum og þróun þeirra.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur stórfelld vakning orðið í öllum nágrannalöndum okkar hvað snertir nýsköpun á framleiðsluvörum, vélum og tækjum sem bæta samkeppnisaðstöðu á öllum sviðum iðnaðar- og útflutningsframleiðslu.

Með því að beina athyglinni að nýjum hugmyndum einstaklinga hafa komið fram alls konar tillögur sem margar hafa reynst fela í sér arðvænlegar nýjungar. Gott dæmi þess er árangursríkt samstarf félaga hugvitsmanna í Danmörku, DAFFO, og í Svíþjóð, SUF, við hið opinbera um áhættufjármagn og tæknigarða.

Hér nægir að benda á „Opfinderkontoret“ í Danmörku, en Danir telja að sú stofnun hafi á örfáum árum gefið danska ríkinu að jafnvirði 74 kr. fyrir hverja eina sem það lagði fram við stofnun þessarar ráðgjafarþjónustu og tæknigarðs.

„Opfinderkontoret“ er í fyrsta lagi rannsóknastofnun til að leggja mat á nýjar hugmyndir og í öðru lagi alhliða tæknigarður þar sem álitlegar hugmyndir eru teknar til frumsmíði.

Þar sem fjármagnsmarkaður hér á landi er með allt öðrum hætti en tíðkast erlendis er talið óhjákvæmilegt að íslensk stjórnvöld annist stofnun og rekstur þessa áhættulánasjóðs fyrstu árin. Auk stjórnar sjóðsins skal tilnefnd sérstök matsnefnd til að fjalla um innlagðar hugmyndir og ákveða framkvæmdir með hliðsjón af nýnæmisprófun og einkaleyfisrannsókn.

Sjóðurinn skal ekki krefjast fasteignaveðs sem tryggingar fyrir veitta fjármögnun, en þess í stað er trygging fyrir endurgreiðslum reist á raunsæju mati stjórnar sjóðsins og matsnefndar á verðmæti hugmyndanna.

Eftir að framkvæmdir hafa verið ákveðnar greiðir sjóðurinn höfundi laun á meðan hann fylgir verkefninu úr hlaði, og þegar arður fer að berast af framleiðslunni skal sjóðnum greiddur til baka útlagður kostnaður að viðbættri hæfilegri þóknun. Eftir það er framleiðsluréttur inn séreign höfundarins ásamt einkaleyfum.

Til frekara öryggis skal sjóðurinn tryggja einkarétt á þeim hugmyndum, sem hann fjármagnar, með umsóknum um alþjóðleg einkaleyfi og tryggingar. Skal hann hafa skilyrt eignarhald á þeim réttindum þar til kostnaður og þóknun eru að fullu greidd. Áhættan af framleiðslunni skal vera alfarið í höndum sjóðsins og skal hann einn bera tjónið ef hún mistekst.

Þótt hér starfi Iðntæknistofnun og áætlað sé að setja á stofn tvo tæknigarða á vegum Háskólans eru Iðntæknistofnun og aðrar rannsóknastofnanir lögum samkvæmt knúnar til þess að innheimta nær fullt gjald fyrir veitta aðstoð. Tæknigarðar Háskólans munu verða mjög sérhæfðir þannig að hér skortir eftir sem áður almenna tæknigarða til þjónustu á sem flestum sviðum atvinnulífsins.

Það er augljóst að einstaklingar geta vart staðið undir þeim mikla kostnaði sem útseld rannsóknastörf og aðstoð kosta hjá opinberum stofnunum. Það er staðreynd að margar hugmyndir, sem hefðu gefið þjóðarbúinu drjúgar tekjur, komast aldrei í framkvæmd, bæði vegna úreltra einkaleyfislaga og ekki síður vegna þess að fyrirgreiðsla hefur verið ófullnægjandi.

Iðnfyrirtæki hafa tiltölulega greiðan aðgang að lánsfjármagni til framleiðslu og vöruþróunar, enda skortir þau síður en einstaklinga veð fyrir hefðbundnum lánum. Auk þess hafa þau oft aðstöðu til þess að vinna að frumhugmyndum svo að þeirra vegna er síður þörf á almennum tæknigörðum.

Vegna þessa er sérstakur áhættulánasjóður og almennir tæknigarðar fyrst og fremst fyrir einstaklinga sem búa yfir góðum hugmyndum en hafa ekki aðgang að fjármagni eða aðstöðu til að koma þeim í framkvæmd.

Ed. 777. Frumvarp til laga [427. mál]

um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60 1. júní 1984, sbr. lög nr. 54/1986, lög nr. 27/1987 og lög nr. 84/1987.

Flm.: Halldór Blöndal, Egill Jónsson.

1. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein er verði 9. mgr. og orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 8. mgr. skulu umsækjendur, sem hyggjast byggja eða kaupa íbúð í byggðarlagi þar sem íbúðarbyggingar hafa legið niðri eða fólksfækkun orðið, sitja fyrir um lánveitingar skv. a- og b-liðum 13. gr.

2. gr.

Í stað orðanna „með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum“ í 4. mgr. 30. gr. laganna kemur: með jöfnum greiðslum afborgana að viðbættum vöxtum og verðbótum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ekki þarf lengi að fletta Alþingistíðindum til þess að sannfærast um að illa hefur tekist að standa svo að húsnæðislánakerfinu að viðunandi sé. Í lok „Viðreisnar“ hafði þó tekist að efla byggingarsjóðina svo að eftirleikurinn átti að geta orðið auðveldur ef fyrirhyggju hefði verið gætt. En verðbólguskeiðið, sem hófst með vinstri stjórninni 1971, olli straumhvörfum þannig að á næstu árum eyddist fé byggingarsjóðanna ört, en endurgreiðsla varð óveruleg og bitnaði það aftur á þeim sem síðar þurftu að festa sér húsnæði, byggja eða kaupa notað. Raungildi húsnæðislána fór lækkandi en biðtími lengdist og menn reyndu að bjarga sér með bráðabirgðafyrirgreiðslu í bönkum. Í tengslum við kjarasamningana 1986 náðist loks víðtækt samkomulag um það að lífeyrissjóðirnir mundu í vaxandi mæli festa kaup á skuldabréfum Húsnæðisstofnunar. Það er auðvitað mjög eðlilegt þar sem lífeyrissjóðirnir eru ekkert annað en sparnaður launþega, fólksins í landinu, og viðunandi ástand í húsnæðismálum er einn — og ekki veigaminnsti — þátturinn í því sem felst í hugtakinu mannsæmandi lífskjör. Nú er ástandið þannig að tekist hefur að hækka lánsfjárhæðina verulega, en biðtími er enn langur. Það er þó mikil réttar- og kjarabót að umsækjendur fá bindandi lánsloforð sem þeir geta treyst. Á hinn bóginn eru skuldbindingar ríkissjóðs vegna kaupa á skuldabréfum lífeyrissjóðanna verulegar.

Þegar lögin um núverandi húsnæðislánakerfi voru sett voru flestir sammála um að nauðsynlegt væri að láta á það reyna hversu það entist. Umþóttunartíminn yrði að líða áður en hlaupið yrði til og fitjað upp á öðru nýju og svo koll af kolli. Með því var í raun viðurkennt að lausung og los í húsnæðiskerfinu kæmi misjafnlega niður, en hinn almenni borgari ætti rétt á að vita með hæfilegum fyrirvara hverra kosta hann ætti völ varðandi lánsfyrirgreiðslu til kaupa á eigin húsnæði. Á þeim tíma var svokallaður Sigtúnshópur mjög áberandi og ekki vantaði að undir kröfur hans væri tekið.

Enginn vafi er á því að þorri landsmanna kýs að búa í eigin íbúð. Þetta kom glöggt fram í könnun sem Félagsvísindastofnun stóð fyrir á árinu 1985 og kallaði „Húsnæðismál unga fólksins 1985“. Í henni var spurt: „Hversu þýðingarmikið telur þú það almennt vera að fjölskyldan eigi sjálf íbúð þá er hún býr í?“

Svör	**Fjöldi**	**Hlutfall**
Mjög þýðingarmikið	490	73.4%
Fremur þýðingarmikið	128	19.2%
Veit ekki	10	1.5%
Ekki þýðingarmikið	25	3.7%
Alls ekki þýðingarmikið	11	1.6%
Svarar ekki	4	0.6%
Alls	668	100.0%

Niðurstaðan er einhlít. Sérstaklega er eftirtektarvert að einungis 14 af 668 skuli vera óráðnir eða ekki svara. Það endurspeglar þá almennu kröfu sem fólk hér á landi gerir til þess að það sé sjálfu sér ráðandi, búi að sínu undir eigin þaki. Þessi lífsskoðun hefur átt að kjörorði: Eign fyrir alla. Sú húsnæðisstefna, sem byggð er á öðrum forsendum, er dæmd til að mistakast af því að hún er andstæð lífsskoðun fólksins í landinu.

Þetta frumvarp er tvíþætt. Annars vegar er lagt til að umsækjendur um lán úr Byggingarsjóði ríkisins, sem hyggjast byggja eða kaupa íbúð í byggðarlagi þar sem íbúðabyggingar hafa legið niðri eða fólksfækkun orðið, skuli sitja fyrir um lánveitingar. Flutningsmenn líta svo á að þetta sé réttlætismál þar sem fé lífeyrissjóðanna fellur til í öllum byggðarlögum og því sé eðlilegt að tillit sé til þess tekið ef óeðlilega fáar lánsumsóknir hafa borist frá einstökum stöðum. En oft er það svo að það er komið undir aflabrögðum og atvinnuástandinu á viðkomandi stað hvort fólk hugsar sér til hreyfings í íbúðarmálum eða ekki.

Hins vegar er lagt til að horfið verði frá þeirri reglu að lán Byggingarsjóðs ríkisins séu jafngreiðslulán (annuitet), enda auðvelt að sýna fram á að sú endurgreiðsluregla samræmist ekki verðtryggingu sé horft til hagsmuna skuldarans. Þvert á móti hlýtur hann að keppa að því að eignast fljótt verulegan hlut í húsnæðinu til þess að létta á greiðslubyrðinni, þó ekki væri nema til þess að vera betur í stakk búinn að halda húsnæðinu sæmilega við eða ráðast í að kaupa annað stærra — allt eftir því hvernig á stendur. Þynging greiðslubyrðarinnar er ekki veruleg fyrir hvern einstakan, en hins vegar munar Byggingarsjóð ríkisins mikið um að fá hraðari innborganir til þess að geta veitt öðrum úrlausn. Það hlýtur að vera öllum keppikefli að unnt sé að stytta biðtímann eftir lánum og um leið draga úr skuldbindingum ríkissjóðs vegna húsnæðislánakerfisins.

Þá benda flutningsmenn á að eðlilegt sé að almenn lán Byggingarsjóðs ríkisins séu til mislangs tíma eftir fjárhæðum, 20, 30 og 40 ár, í stað þess að nú eru öll lán til byggingar eða kaupa á húsnæði til 40 ára. Þessi breyting er á valdi stjórnar Húsnæðisstofnunar ríkisins og mundi ásamt þeirri breytingartillögu, sem í frumvarpinu felst, gjörbreyta efnahag Byggingarsjóðs ríkisins og draga að sama skapi úr þeim skuldbindingum sem ríkissjóður ella þyrfti að taka á sig vegna lífeyrissjóðanna.

Þegar greitt er með jafngreiðslulánum greiða menn fyrst vexti að meiri hluta en höfuðstólinn síðar. Eignarhlutinn vex því fyrr ef um JAH-lán er að ræða, þ.e. lán með fasta greiðslu af höfuðstól. Þetta er sýnt í línuritinu hér að neðan. Eignarhlutfall á hverju ári er sýnt fyrir þessar tvær tegundir lána. Miðað er við 40 ára lánstíma og 3,5% vexti.

Eignarhlutdeild á hverju ári miðað við jafngreiðslulán og JAH-lán.



Nd. 778. Frumvarp til laga [428. mál]

um breytingu á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Ingi Björn Albertsson, Málmfríður Sigurðardóttir, Óli Þ. Guðbjartsson, Ragnar Arnalds.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 9. gr. laganna komi ný málsgrein er orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal þó heimilt við útreikning söluskatts að draga frá heildarandvirði vöru þann hluta þess sem rekja má beint til flutningskostnaðar á milli staða innan lands, enda skal álagning á þann hluta innkaupsverðsins óheimil. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um þennan frádrátt.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1988.

Greinargerð.

Söluskattur er lagður á flutningskostnað milli staða innan lands. Mestur hluti alls innflutnings er fluttur um Reykjavík og þaðan til einstakra verslunarstaða á landinu. Útkoman er því sú að þeir sem búa t.d. á Ísafirði, Akureyri eða Egilsstöðum eru látnir borga fleiri krónur í söluskatt á hvaðeina sem þeir kaupa á þessum stöðum en þeir sem versla í Reykjavík. Í stað þess að minnka aðstöðumuninn í þjóðfélaginu er hann aukinn með þessum hætti. Slíkri skattlagningu verður að linna.

Enn fremur er lagt til, til að auðvelda verðlagseftirlit, að verslunum verði ekki heimil verslunarálagning á flutningskostnað milli staða innan lands.

Sþ. 779. Tillaga til þingsályktunar [429. mál]

um vinnuvernd í verslunum.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson, Halldór Blöndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja undirbúning að setningu laga um vinnuvernd í verslunum.

Greinargerð.

Óþarfi er að hafa langa greinargerð með þessari tillögu. Alkunna er að vinnuálag á verslunarfólk hefur aukist gífurlega á síðustu árum. Aukin almenn velmegun og breytt viðhorf í viðskiptum hafa leitt til þess að opnunartími verslana hefur lengst til muna og er nú svo komið að í ýmsum stórmörkuðum getur daglegur vinnutími fólks verið allt að 12–14 klst. fimm daga vikunnar. Þar við bætast 7–8 klst. á laugardögum. Þess eru dæmi að vinnuvikan komist í 70–80 klst. Þrátt fyrir ítarlegar viðræður fulltrúa launþega og vinnuveitenda í verslunum hefur enn ekki tekist að ná viðunandi samkomulagi um tilhögun vinnutíma í þessari grein. Virðist stefna í fullkomið óefni og hugsanlega alvarleg átök milli aðila ef ekkert verður að gert til að tryggja hag fólksins í þessum efnum.

Með þessari þingsályktunartillögu er ekki stefnt að því að þrengja hag eða rekstrarstöðu verslunarfyrirtækja, heldur lögð sú skylda á herðar Alþingis og ríkisstjórnar að tryggja að verslunarfólki verði ekki misboðið með of miklu vinnuálagi, auk þess sem fjölskyldulífi þeirra er starfa við verslun verði ekki stefnt í voða vegna óheyrilega langs vinnutíma sex daga vikunnar allt árið um kring.

Víða erlendis hafa farið fram miklar umræður um hliðstæð vandamál og hér er við að stríða. Unnið hefur verið að setningu laga og útgáfu reglna sem m.a. eiga að veita verslunarfólki ákveðna vinnuvernd.

Alþingi Íslendinga og ríkisstjórn hljóta samkvæmt framansögðu að koma hér til skjalanna með setningu laga sem fela í sér ákveðna vinnuvernd fyrir verslunarfólk jafnframt því sem kröfum nútímans um aukna þjónustu er mætt á viðunandi hátt.

Sþ. 780. Tillaga til þingsályktunar [430. mál]

um arðgreiðslur viðskiptabanka í ríkiseign.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson, Eyjólfur Konráð Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir er tryggi að viðskiptabankar í eigu ríkisins greiði eðlilegan arð af eigin fé bankanna í ríkissjóð.

Greinargerð.

Nú liggja fyrir reikningar um afkomu banka síðastliðið ár. Samkvæmt þeim hefur bankastarfsemi gengið vel á árinu 1987 og hagnaður verið umtalsverður. Athygli vekur að einkabankar landsins greiða eigendum sínum, hluthöfum, ákveðinn arð af hlutafjáreign. Árið 1987 var þessi greiðsla almennt um 10% af hlutafé. Á sama tíma á engin sambærileg greiðsla sér stað hjá viðskiptabönkum í ríkiseign þrátt fyrir mjög góða rekstrarafkomu.

Eðlilegt er, miðað við aðstæður, að viðskiptabankar í eign ríkisins greiði ákveðinn arð í samræmi við eigið fé til ríkissjóðs (eigenda) á sama hátt og einkabankar greiða arð af hlutafé. Þessi þingsályktunartillaga er þess vegna fram borin. Eðlilegt hlýtur að teljast að ríkisstjórn fyrir hönd eigenda geri þær kröfur til viðskiptabanka í ríkiseign að þeir greiði að minnsta kosti 10% arð af eigin fé í ríkissjóð vegna afkomu ársins 1987.

Í þessu felst einnig nokkur jöfnun á samkeppnisaðstöðu milli viðskiptabanka í ríkiseign annars vegar og einkabanka og sparisjóða hins vegar.

Lágmarkskrafa nútímaviðskiptahátta er að rekstraraðilar í sambærilegum rekstri sitji við sama borð.

Ed. 781. Frumvarp til laga [431. mál]

um virðisaukaskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

Upphafsákvæði.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð virðisaukaskatt af viðskiptum innan lands á öllum stigum, svo og af innflutningi vöru og þjónustu, eins og nánar er ákveðið í lögum þessum.

I. KAFLI

Skattskyldusvið.

2. gr.

Skattskyldan nær til allra vara og verðmæta, nýrra og notaðra. Með vörum í þessu sambandi teljast ekki fasteignir, en hins vegar rafmagn, varmi og önnur orka. Hlutabréf, skuldabréf, eyðublöð og aðrir slíkir hlutir eru vörur þegar þeir eru látnir í té sem prentvarningur. Peningaseðlar, mynt og frímerki eru vörur þegar þeir hlutir eru seldir sem söfnunargripir.

Skattskyldan nær til allrar vinnu og þjónustu, hverju nafni sem nefnist, sbr. þó 3. mgr.

Eftirtalin vinna og þjónusta er undanþegin virðisaukaskatti:

1. Þjónusta sjúkrahúsa, fæðingarstofnana, heilsuhæla og annarra hliðstæðra stofnana, svo og lækningar, tannlækningar og önnur eiginleg heilbrigðisþjónusta.
2. Félagsleg þjónusta, svo sem rekstur leikskóla, barnaheimila, skóladagheimila og upptökuheimila og önnur hliðstæð þjónusta.
3. Rekstur skóla og menntastofnana.
4. Rekstur safna og bókasafna.
5. Íþróttamót, íþróttasýningar og rekstur sundstaða og skíðalyftna.
6. Fólksflutningar.
7. Póstþjónusta. Burðargjald fyrir almennan bögglapóst er þó skattskylt.
8. Útleiga íbúðarhúsnæðis, þó ekki leiga hótel- eða gistiherbergja og samkomuhúsa.
9. Vátryggingarstarfsemi.
10. Þjónusta banka, sparisjóða og annarra lánastofnana, svo og verðbréfamiðlun.
11. Happdrætti og getraunastarfsemi.
12. Starfsemi rithöfunda og tónskálda við samningu hugverka.
13. Þjónusta ferðaskrifstofa.
14. Útfararþjónusta og prestsþjónusta hvers konar.

Undanþágur skv. 3. mgr. ná aðeins til sölu eða afhendingar vinnu og þjónustu sem þar getur, en ekki til virðisaukaskatts (innskatts) af aðföngum til hinnar undanþegnu starfsemi, sbr. 3. og 4. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 16. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð undanþegið góðgerðarstarfsemi skattskyldu þegar hagnaður af henni rennur að öllu leyti til líknarmála.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari skilyrði fyrir undanþágum samkvæmt þessari grein og ákveða nánar hvað undir þær falli.

II. KAFLI

Skattskyldir aðilar, aðilar undanþegnir skatti og tilkynningarskylda.

3. gr.

Skylda til að innheimta virðisaukaskatt og standa skil á honum í ríkissjóð hvílir á þessum aðilum:

1. Þeim sem í atvinnuskyni eða með sjálfstæðri starfsemi sinni selja eða afhenda vörur eða verðmæti ellegar inna af hendi skattskylda vinnu eða þjónustu.
2. Samvinnufélögum, svo og öðrum félögum og stofnunum, enda þótt þau selji aðeins félagsmönnum sínum eða selji eingöngu skattskyldar vörur og þjónustu félagsmanna sinna.
3. Opinberum orku- og veitufyrirtækjum að því leyti sem þau selja skattskyldar vörur og þjónustu.
4. Ríki, bæjar- og sveitarfélögum og stofnunum eða fyrirtækjum þeirra að því leyti sem þeir aðilar selja vörur eða skattskylda þjónustu í samkeppni við atvinnufyrirtæki.
5. Uppboðshöldurum.
6. Umboðsmönnum og öðrum sem eru í fyrirsvari fyrir erlenda aðila sem reka hér á landi skattskyld viðskipti.

Fjármálaráðherra getur ákveðið með hliðsjón af samkeppnisaðstæðum að atvinnufyrirtæki, félög, stofnanir og aðrir aðilar greiði virðisaukaskatt af skattskyldum vörum og þjónustu þegar vara er framleidd eða þjónusta innt af hendi eingöngu til eigin nota.

4. gr.

Undanþegnir skattskyldu skv. 3. gr. eru:

1. Aðilar sem eingöngu selja vöru eða þjónustu sem undanþegin er virðisaukaskatti.
2. Listamenn, að því er varðar sölu þeirra á eigin listaverkum, enda falli listaverkið undir tollskrárnúmer 9701.1000–9703.0000.
3. Þeir sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir minna en 100 000 kr. á ári.

5. gr.

Hver sá, sem skattskyldur er skv. 3. gr., sbr. 4. gr., skal ótilkvaddur og eigi síðar en átta dögum áður en starfsemi hefst tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá skattstjóra þar sem hann er heimilisfastur. Breytingar, sem verða á starfsemi eftir að skráning hefur farið fram, skal tilkynna eigi síðar en átta dögum eftir að breyting á sér stað.

Skattstjóri gefur út staðfestingu til skráningarskylds aðila um að skráning hafi átt sér stað.

Tilkynningar skv. 1. mgr. skal senda á þar til gerðum eyðublöðum sem ríkisskattstjóri lætur gera. Ríkisskattstjóri ákveður hvaða upplýsingar skuli gefa á þessum eyðublöðum.

6. gr.

Fjármálaráðherra getur sett reglur um að fyrirtæki, sem selja aðra þjónustu en þá sem skattskyld er skv. 2. gr., geti farið fram á skráningu (frjáls skráning).

Fyrirtæki, sem skráð eru samkvæmt heimild í 1. mgr., skulu greiða virðisaukaskatt af sölu þeirrar þjónustu sem hin frjálsa skráning nær til.

Skráning skv. 1. mgr. getur aldrei verið til skemmri tíma en tveggja ára.

Þeim sem stunda byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð á eigin kostnað í þeim tilgangi að selja fasteignir skráðum aðilum samkvæmt lögum þessum er heimilt að sækja um sérstaka skráningu til skattstjóra. Heimili skattstjóri slíka skráningu er aðila heimilt að færa til

frádráttar sem innskatt virðisaukaskatt af öllum aðföngum er varða sölu hans á fasteign til hins skráða kaupanda, sbr. 1. mgr. 16. gr. Ráðherra setur nánari reglur um skilyrði sem uppfylla þarf til að öðlast skráningu samkvæmt þessari málsgrein, svo og um reikningshald og uppgjör til virðisaukaskatts samkvæmt henni.

III. KAFLI

Skattverð.

7. gr.

Skattverð er það verð sem virðisaukaskattur er reiknaður af við sölu á vörum og verðmætum, skattskyldri vinnu og þjónustu. Skattverð miðast við heildarendurgjald eða heildarandvirði hins selda án virðisaukaskatts.

Til skattverðs telst m.a.:

1. Skattar og gjöld samkvæmt öðrum lögum sem á hafa verið lögð á fyrri viðskiptastigum eða greidd hafa verið við innflutning til landsins eða virðisaukaskattsskyldur aðili á að standa skil á vegna sölu.
2. Umbúðakostnaður, sendingarkostnaður, vátryggingar og slíkur kostnaður sem er innifalinn í verði eða seljandi krefur kaupanda sérstaklega um.
3. Tengingar- og stofngjöld og aðrar fjárhæðir sem seljandi krefur kaupanda um sem skilyrði fyrir afhendingu skattskyldrar vöru og þjónustu.
4. Umboðs- og sölulaun og uppboðsþóknun.
5. Afslættir sem háðir eru skilyrðum sem ekki eru uppfyllt við afhendingu (reikningsútgáfu). Hins vegar skal óskilyrtur afsláttur, sem veittur er við afhendingu á hinni seldu vöru, vinnu eða þjónustu, dreginn frá söluverði við ákvörðun á skattverði.
6. Verðbætur sem falla til fram að afhendingu vöru eða þjónustu. Hins vegar teljast vextir og verðbætur, sem hvort tveggja er reiknað við sölu með afborgunarskilmálum, ekki með í skattverði enda sé sérstaklega tilgreint í kaupsamningi hver vaxta- og verðbótagreiðsla sé hverju sinni.
7. Þjónustugjald sem ekki er innifalið í söluverði.

8. gr.

Þegar eigandi tekur út úr eigin fyrirtæki vörur eða skattskylda þjónustu til eigin nota skal skattverð miðast við almennt gangverð án virðisaukaskatts. Sama gildir um vörur og þjónustu sem fyrirtækið notar í öðrum tilgangi en varðar sölu þess á skattskyldum vörum og þjónustu eða í tilgangi er varðar atriði sem rakin eru í 3. mgr. 16. gr.

Við skipti á vörum eða þjónustu eða við afhendingu vöru án endurgjalds skal miða skattverð við almennt gangverð í sams konar viðskiptum. Liggi slíkt almennt gangverð ekki fyrir skal miða skattverð við reiknað útsöluverð þar sem tekið er tillit til alls kostnaðar að viðbættri þeirri álagningu sem almennt er notuð á vörur eða þjónustu af sama tagi.

Ákvæði 2. mgr. þessarar greinar skulu einnig gilda um skattskyldar vörur og þjónustu sem fyrirtæki notar til að byggja fasteign til notkunar fyrir eiganda þess. Hið sama gildir um skattskyldar vörur og þjónustu sem fyrirtæki notar til að byggja fasteign á eigin kostnað þegar nota á fasteignina í öðrum tilgangi en varðar sölu þess á skattskyldum vörum og þjónustu eða til að byggja fasteign sem síðar á að selja eða leigja eða nota í tilgangi er varðar atriði sem rakin eru í 3. mgr. 16. gr.

9. gr.

Við viðskipti milli skyldra eða tengdra aðila skal miða skattverð við almennt gangverð í sams konar viðskiptum milli ótengdra aðila.

10. gr.

Við sölu notaðrar fólksbifreiðar fyrir færri en níu menn, sem seljandi hefur keypt til endursölu í atvinnuskyni, er seljanda heimilt að miða skattverð við 81,97% af mismun innkaupsverðs og söluverðs bifreiðarinnar að meðtöldum virðisaukaskatti. Sé söluverð lægra en kaupverð reiknast enginn skattur. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda þegar skattur samkvæmt lögum þessum kemur ekki fram á reikningi við söluna til endurseljandans.

Sé skattverð notaðra bifreiða ákvarðað með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr. má ekki tilgreina fjárhæð virðisaukaskatts á reikningi vegna sölunnar eða á annan hátt þannig að hægt sé að reikna út fjárhæð virðisaukaskattsins.

IV. KAFLI

Skattskyld velta.

11. gr.

Til skattskyldrar veltu skráðs aðila telst öll sala eða afhending vöru og verðmæta gegn greiðslu, svo og seld vinna og þjónusta. Hér með telst andvirði vöru eða skattskyldrar þjónustu sem fyrirtæki selur eða framleiðir og eigandi tekur út til eigin nota. Til skattskyldrar veltu telst einnig andvirði skattskyldrar vöru og þjónustu sem fyrirtæki notar í öðrum tilgangi en varðar sölu þess á skattskyldum vörum og þjónustu eða í tilgangi er varðar atriði sem rakin eru í 3. mgr. 16. gr.

Til skattskyldrar veltu telst sala eða afhending á vöru sem seld er í umsýslu- eða umboðssölu.

Til skattskyldrar veltu telst sala eða afhending á vélum, tækjum og öðrum rekstrarfjármunum. Sama gildir um vörubirgðir, vélar, tæki og aðra rekstrarfjármuni þegar fyrirtæki tilkynnir sig út af skrá, sbr. 1. mgr. 5. gr.

12. gr.

Til skattskyldrar veltu telst ekki:

1. Vara sem seld er úr landi, svo og vinna og þjónusta sem veitt er erlendis.
2. Vöruflutningar milli landa og vöruflutningar innan lands þegar flutt er beint til eða frá landinu.
3. Vinna við vöru á kostnað erlends aðila þegar fyrirtækið, sem annast vinnuna, flytur vöruna út að vinnu lokinni, svo og gerð og mótun vöru á kostnað erlends aðila þegar framleiðsla á vöruna erlendis.
4. Hönnun, skipulagning, áætlanagerð og önnur sambærileg vinna er varðar byggingar og aðrar fasteignir á erlendri grund.
5. Vistir, eldsneyti, tæki og annar búnaður sem afhentur er til nota um borð í millilandaförum, svo og sú þjónusta sem veitt er slíkum förum. Undanþágа þessi nær þó ekki til skemmtibáta og einkaloftfara.
6. Sala og útleiga loftfara og skipa, þó ekki skemmtibáta og einkaloftfara.
7. Viðgerðar- og viðhaldsvinna við skip og loftför og fastan útbúnað þeirra, svo og efni og vörur sem það fyrirtæki, sem annast viðgerðina, notar og lætur af hendi við þá vinnu. Undanþágа þessi nær þó ekki til skemmtibáta og einkaloftfara.
8. Tímarit á erlendu tungumáli sem erlendur útgefandi sendir áskrifanda.
9. Sala dagblaða og sambærilegra landsmála- og héraðsfréttablaða.

Fjármálaráðherra getur í reglugerð sett nánari skilyrði fyrir undanþágum skv. 1. mgr. Einnig getur hann ákveðið að þjónusta, sem innt er af hendi hér á landi fyrir aðila heimilisfasta erlendis, sé undanþegin með sama hætti. Þá getur fjármálaráðherra kveðið svo á að endurgreiða megi virðisaukaskatt af vörum sem erlendir ferðamenn kaupa hérlendis og

hafa með sér er þeir hverfa úr landi, enda séu uppfyllt þau skilyrði sem hann telur nauðsynleg.

Til skattskyldrar veltu telst ekki sala á vörum sem keyptar hafa verið eða notaðar í þeim tilgangi eingöngu er um ræðir í 3. mgr. 16. gr.

Eignayfirfærslu vörubirgða, véla og annarra rekstrarfjármuna má ekki telja til skattskyldrar veltu þegar yfirfærslan á sér stað í sambandi við eigendaskipti á fyrirtæki eða hluta þess og hinn nýi eigandi hefur með höndum skráðan eða skráningarskyldan rekstur samkvæmt lögum þessum. Við slíka sölu skal seljandi tilkynna skattyfirvöldum um eigendaskipti og söluandvirði eigi síðar en átta dögum eftir að eignayfirfærsla fór fram.

V. KAFLI

Uppgjör skattskyldrar veltu.

13. gr.

Skattskyld velta á hverju uppgjörstímabili, sbr. 24. gr., telst heildarskattverð allra vara sem afhentar hafa verið, svo og heildarskattverð allrar skattskyldrar vinnu og þjónustu sem innt hefur verið af hendi á tímabilinu.

Ef gefinn er út reikningur vegna afhendingar telst hún hafa farið fram á þeim degi sem tilgreindur er á reikningi, enda sé reikningur gefinn út fyrir eða samtímis afhendingu.

Þegar greiðsla fer fram að fullu eða að hluta áður en afhending á sér stað teljast 81,97% af hinni mótteknu fjárhæð til skattskyldrar veltu á því tímabili sem greiðsla fer fram. Þó er heimilt að miða virðisaukaskattinn við það tímabil sem afhending fer fram ef umsaminn afhendingartími er innan þriggja mánaða frá fyrstu innborgun eða umsamdar innborganir nema samtals lægri fjárhæð en 100 000 kr.

Vörur, sem afhentar eru til umsýslu- eða umboðssölu, má annaðhvort telja til skattskyldrar veltu á því uppgjörstímabili þegar afhending fer fram eða til veltu þess tímabils þegar gert er upp við umsýslu- eða umboðsmann. Sé síðarnefnda aðferðin valin má ekki gefa út reikning skv. 20. gr. fyrr en uppgjörið fer fram.

Við uppgjör á skattskyldri veltu er seljanda heimilt að draga frá sem hér segir:

1. 81,97% þeirrar fjárhæðar sem hann endurgreiðir viðskiptavinum sínum vegna endursendra vara.
2. 81,97% af töpuðum útistandandi viðskiptaskuldum, enda hafi hin tapaða fjárhæð áður verið talin til skattskyldrar veltu. Fáist fjárhæðin síðar greidd skulu 81,97% hennar talin með skattskyldri veltu á því tímabili þegar hún fæst greidd.
3. Afslátt sem veittur er eftir að afhending hefur átt sér stað ef hann er veittur aðila sem getur dregið virðisaukaskattinn frá sem innskatt í uppgjöri sínu, sbr. 3. og 4. mgr. 15. gr., og skilyrði til að veita afslátt voru ekki fyrir hendi við afhendingu. Afsláttur af þessu tagi til annarra er ekki frádráttarbær. Frádráttur samkvæmt þessum tölulið er háður því að gefinn sé út innleggsreikningur (kreditreikningur) fyrir afslættinum og fjárhæð skattsins komi þar einnig fram, sbr. 1. og 3. mgr. 20. gr.

Skattskyld vara og þjónusta, sem eigandi tekur út úr eigin fyrirtæki, telst til skattskyldrar veltu á því uppgjörstímabili þegar úttektin á sér stað. Sama gildir um skattskylda vöru og þjónustu sem fyrirtæki notar í öðrum tilgangi en varðar sölu þess á skattskyldum vörum og þjónustu eða í tilgangi er varðar atriði sem rakin eru í 3. mgr. 16. gr.

VI. KAFLI

Skatthlutfall.

14. gr.

Virðisaukaskattur skal vera 22% og rennur í ríkissjóð.

VII. KAFLI

Uppgjör á virðisaukaskatti.

15. gr.

Skattskyldir aðilar skv. 3. gr. skulu greiða í ríkissjóð mismun útskatts og innskatts hvers uppgjörstímabils, sbr. 24. gr. Sé innskattur á uppgjörstímabili hærri en útskattur skal ríkissjóður endurgreiða mismuninn, sbr. 26. gr.

Útskattur merkir í lögum þessum þann virðisaukaskatt sem fellur á skattskylda sölu eða afhendingu skattaðila á tímabilinu, sbr. V. kafla.

Innskattur merkir í lögum þessum þann virðisaukaskatt sem á tímabilinu fellur á kaup skattaðila á skattskyldum vörum og þjónustu til nota í rekstrinum, sbr. þó 16. gr.

Innskattur á uppgjörstímabili er sá virðisaukaskattur sem fram kemur á reikningum þeirra sem selt hafa hinum skattskylda aðila á tímabilinu, svo og virðisaukaskattur af innflutningi hans á tímabilinu, sbr. XI. kafla.

16. gr.

Til innskatts á hverju uppgjörstímabili, sbr. 24. gr., skal telja virðisaukaskatt af aðkeyptum rekstrarfjármunum, vörum, vinnu, þjónustu og öðrum aðföngum sem eingöngu varða sölu skattaðila á vörum og skattskyldri þjónustu.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja reglur um að til innskatts megi telja ákveðinn hluta af virðisaukaskatti innkaupa sem ekki varðar eingöngu sölu skattaðila á vörum og skattskyldri þjónustu. Ráðherra getur einnig sett reglur um leiðréttingu á frádrætti vegna innskatts þegar breyting verður á notkun varanlegra rekstrarfjármuna, þar á meðal fasteigna, sem hefur í för með sér breytingu á frádráttarrétti. Leiðréttingin getur tekið til allt að fimm ára frá því að fjármunanna var aflað. Varðandi fasteignir getur leiðréttingin þó tekið til allt að tíu ára. Í reglum um slíkar leiðréttingar getur ráðherra haft hliðsjón af þeim verðbreytingum sem orðið hafa frá því að fjármunanna var aflað.

Til innskatts er ekki heimilt að telja virðisaukaskatt af aðföngum er varða eftirfarandi:

1. Kaffistofu eða mötuneyti skattaðila og hvers konar fæðiskaup hans.
2. Öflun eða rekstur íbúðarhúsnæðis fyrir eiganda eða starfsmenn.
3. Hlunnindi til eiganda eða starfsmanna.
4. Öflun og rekstur orlofsheimila, sumarbústaða, barnaheimila og þess háttar fyrir eiganda eða starfsmenn.
5. Risnu og gjafir.
6. Dvöl á hótelum eða gistihúsum.
7. Öflun, rekstur og leigu fólksbifreiða fyrir færri en níu menn.

Ríki, bæjar- og sveitarfélög og stofnanir þeirra mega einungis telja til innskatts virðisaukaskatt af þeim aðföngum sem eingöngu varða sölu á skattskyldri vöru eða þjónustu, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. Sama á við um innskatt af skattskyldum eigin notum þeirra aðila er greinir í 2. mgr. 3. gr.

Þegar vörur, sem notaðar eru af eiganda fyrirtækis, teljast til skattskyldrar veltu fyrirtækisins skv. 1. mgr. 11. gr. má telja virðisaukaskatt af innkaupunum til innskatts. Hið sama gildir um skattskyldar vörur og þjónustu sem fyrirtæki notar í öðrum tilgangi, en varðar sölu þess á skattskyldum vörum og þjónustu eða í tilgangi er varðar atriði er rakin eru í 3. mgr. þessarar greinar.

Þrátt fyrir ákvæði 7. tölul. 3. mgr. þessarar greinar er skattskyldum aðilum, sem hafa með höndum sölu eða leigu bifreiða, heimilt að telja skatt af aðföngum vegna þeirra viðskipta sem innskatt.

VIII. KAFLI

Tilhögun bókhalds.

17. gr.

Allir, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skulu auk þess sem fyrir er mælt í lögum nr. 51/1968, um bókhald, haga bókhaldi sínu og uppgjöri til virðisaukaskatts þannig að skattyfirvöld geti jafnan gengið úr skugga um réttmæti virðisaukaskattsskila og á það einnig við um þá sem ekki eru taldir bókhaldsskyldir samkvæmt bókhaldslögum.

Allar bækur, uppgjör og gögn er varða virðisaukaskattsskil, þar með talið sjóðvélastrimlar, staðgreiðslusölulistar og staðgreiðslusöluyfirlit, skal geyma að minnsta kosti í sex ár eftir lok þess reikningsárs er þau varða.

18. gr.

Skattskyldir aðilar skulu annaðhvort hafa í aðalbókhaldi sínu sérstaka reikninga fyrir þær fjárhæðir er færa skal á virðisaukaskattsskýrslu eða færa þær í sérstakar undirbækur eða yfirlit sem byggð eru á aðalbókhaldinu. Færslum skal þannig hagað að rekja megi einstakar fjárhæðir á virðisaukaskattsskýrslu til þeirra gagna sem á er byggt.

Reki aðili, sem er skattskyldur samkvæmt lögum þessum, margþætta starfsemi þannig að sumir þættir hennar séu skattskyldir en aðrir undanþegnir skattskyldu, skulu hin skattskyldu og undanþegnu viðskipti greinilega aðgreind bæði í bókhaldi hans og á virðisaukaskattsskýrslu.

Virðisaukaskattsskyldum innkaupum og þeim sem undanþegin eru virðisaukaskatti skal halda aðgreindum í bókhaldi.

Í bókhaldi skal og færa sérstaka reikninga yfir innskatt annars vegar og útskatt hins vegar. Reikninga þessa má færa í lok hvers uppgjörstímabils, enda sé hægt að reikna skattfjárhæðirnar beint á grundvelli reikninga bókhaldsins yfir kaup og sölu skattskyldrar vöru og þjónustu.

Skattskyldir aðilar, sem ekki eru bókhaldsskyldir og ekki færa bókhald samkvæmt lögum nr. 51/1968, um bókhald, skulu færa sérstakt bókhald yfir hin skattskyldu viðskipti. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um tilhögun slíks bókhalds.

19. gr.

Sala skattskyldra aðila samkvæmt lögum þessum skal teljast skattskyld að því marki sem aðilar þessir geta ekki sýnt fram á með bókhaldi og gögnum sem þeim er skylt að halda að salan sé undanþegin virðisaukaskatti. Vanræki aðili að taka virðisaukaskatt af vöru eða þjónustu sem skattskyld er samkvæmt lögum þessum ber honum eigi að síður að standa skil á skattinum.

20. gr.

Við sérhverja sölu eða afhendingu á vöru eða skattskyldri þjónustu skal seljandi gefa út reikning, sbr. þó 21. gr. Á reikningi skal koma fram útgáfudagur, nafn og kennitala kaupanda og seljanda, skráningarnúmer seljanda, tegund sölu, magn, einingarverð og heildarverð. Reikningseyðublöð skulu vera fyrir fram tölusett í samfelldri töluröð. Reikningur skal bera greinilega með sér hvort virðisaukaskattur er innifalinn í heildarfjárhæð hans eða ekki. Enn fremur skal sérstaklega koma fram hver fjárhæð virðisaukaskatts er, ellegar að virðisaukaskattur sé 18,03% af heildarverði. Við sölu til skattskylds aðila skal fjárhæð virðisaukaskatts ætíð koma fram.

Sé greitt að fullu eða að hluta áður en afhending fer fram, sbr. 3. mgr. 13. gr., skal móttakandi greiðslu gefa út kvittun til greiðanda í samræmi við ákvæði 1. mgr. þessarar greinar eftir því sem við á.

Þegar seldum verðmætum er skilað til seljanda skal ætíð gefa út innleggsreikning (kreditreikning) fyrir hinum mótteknu verðmætum með tilvísun til fyrri reiknings. Sama gildir um afslátt sem veittur er eftir að reikningur hefur verið gefinn út, svo og leiðréttingar á fyrri reikningum.

Við sölu, sem er að hluta til skattskyld og að hluta til undanþegin skatti, skal halda viðskiptum, sem eru skattskyld, frá öðrum viðskiptum þannig að þau séu færð á sérstaka reikninga.

Seljandi skal varðveita samrit af reikningum og kvittunum samkvæmt þessari grein.

Skattskyldur aðili samkvæmt lögum þessum skal haga bókhaldi sínu og vörslu bókhaldsgagna þannig að hann geti að kröfu skattyfirvalda gefið upplýsingar um innkaup sín á skattskyldum vörum og þjónustu frá einstökum skattskyldum aðilum og um sölu sína á skattskyldum vörum og þjónustu til einstakra skattskyldra aðila samkvæmt lögum þessum.

Til sönnunar á innskatti skal skattskyldur aðili geta lagt fram reikninga eða önnur gögn í samræmi við ákvæði þessarar greinar. Sömuleiðis skal aðili, sem flytur inn vörur erlendis frá, geta lagt fram greiðsluskjöl frá tollyfirvöldum fyrir virðisaukaskatti sem lagður er á vörur þær er hann flytur inn. Reikningur að fjárhæð 3000 kr. eða minna frá smásöluverslun eða aðila, sem nær eingöngu selur til endanlegs neytanda, telst fullnægjandi í þessu sambandi enda þótt ekki komi fram nafn og kennitala kaupanda.

21. gr.

Við staðgreiðslusölu smásöluverslana og hliðstæðra aðila er ekki skylt að gefa út reikning skv. 1. mgr. 20. gr. nema salan sé til aðila sem skattskyldur er samkvæmt ákvæðum þessara laga. Sé reikningur gefinn út í slíkum viðskiptum má víkja frá kröfum 20. gr. um auðkenni á reikningum eftir nánari reglum sem fjármálaráðherra setur.

Þeir sem taka framleiðslu annarra til vinnslu eða endursölu skulu gefa út innleggsnótur (afreikninga) eða móttökukvittanir sem geta komið í stað reikninga skv. 20. gr. og gilda sömu reglur um þær og rakið er í 20. gr. eftir því sem við á. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda meðal annars um kaup eða móttöku samlaga, samvinnufélaga og annarra á framleiðsluvörum bænda, sjávarafla og hvers konar iðnaðarvörum, fullunnum og hálfunnum.

22. gr.

Þeir sem undanþegnir eru skattskyldu mega hvorki tilgreina á reikningum sínum né gefa á annan hátt til kynna á þeim að virðisaukaskattur sé innifalinn í reikningsfjárhæð.

Nú tekur aðili, sem undanþeginn er skattskyldu, við innleggsnótu (afreikningi) þar sem virðisaukaskattur er tilgreindur eða þar sem tilgreint er að virðisaukaskattur sé innifalinn í heildarfjárhæð og skal hann þá vekja athygli útgefanda innleggsnótu á því og endurgreiða honum skatt sem hann kann að hafa tekið við.

Þeir sem tilgreina á einhvern hátt á reikningum sínum þrátt fyrir 1. mgr. að virðisaukaskattur sé innifalinn í heildarfjárhæð skulu skila skattinum í ríkissjóð. Sama gildir um skattskylda aðila sem tilgreina á reikningum sínum of háan virðisaukaskatt eða virðisaukaskatt af viðskiptum sem ekki eru skattskyld. Verði leiðréttingu komið við gagnvart kaupanda fellur skilaskylda samkvæmt þessari málsgrein niður.

Í upplýsingum um verð á vöru eða skattskyldri þjónustu skal koma greinilega fram ef upp gefið verð er ekki með virðisaukaskatti.

23. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um sérstakt bókhald, fylgiskjöl þess og færslu, þar með talið birgðabókhald, fyrir alla virðisaukaskattsskylda aðila

og birgðatalningu, notkun sjóðvéla og annarra gagna til sönnunar færslum, löggildingu bóka og gagna, svo og geymslu þeirra.

Í reglugerð samkvæmt fyrri málsgrein má mæla fyrir um framtalsgögn og skjöl sem þeim skuli fylgja.

IX. KAFLI

Uppgjörstímabil, gjalddagar, álag, kærur o.fl.

24. gr.

Hvert uppgjörstímabil er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Skráningarskyldir aðilar skulu eftir lok hvers uppgjörstímabils greiða ótilkvaddir virðisaukaskatt þann sem þeim ber að standa skil á samkvæmt lögum þessum. Fjármálaráðherra ákveður í reglugerð um greiðslustaði, greiðslufyrirkomulag og efni skýrslu.

Virðisaukaskatti ásamt virðisaukaskattsskýrslu skal skila eigi síðar en á fimmta degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils vegna viðskipta á því tímabili. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist gjalddagi á næsta virkan dag á eftir.

Sé innskattur á einhverju uppgjörstímabili hærri en útskattur skal skráningarskyldur aðili senda skattstjóra innan sömu tímamarka skýrslu í því formi er um getur í 1. mgr.

Fyrirtæki geta fengið heimild hjá skattstjóra til þess að nota hvern almanaksmánuð sem uppgjörstímabil ef útskattur er að jafnaði lægri en innskattur vegna þess að verulegur hluti veltunnar er undanþeginn skv. 1. mgr. 12. gr. Nú nemur útskattur í slíku fyrirtæki að jafnaði minna en helmingi innskatts og getur skattstjóri þá heimilað því að nota skemmra uppgjörstímabil en einn mánuð, en þó ekki skemmra en eina viku. Uppgjörstímabili má einungis breyta þannig að það sé miðað við upphaf tveggja mánaða tímabils skv. 1. mgr. Beiðni um slíka breytingu verður að hafa borist skattstjóra a.m.k. einum mánuði fyrir gildistöku væntanlegrar breytingar. Fái aðili heimild til að breyta uppgjörstímabili skal sú breyting gilda í a.m.k. tvö ár.

Sérhver aðili, sem rekur starfsemi í fleiri en einni starfsgrein, skal láta í té sérstaka virðisaukaskattsskýrslu fyrir hverja þeirra eftir nánari ákvörðun skattstjóra.

Skattstjóra er heimilt að fallast á umsókn aðila, sem hefur með höndum margþættan atvinnurekstur, um að skila sérstakri skýrslu fyrir hverja sjálfstæða rekstrareiningu.

25. gr.

Skattstjóri skal rannsaka virðisaukaskattsskýrslur og leiðrétta þær ef þær eða einstakir liðir þeirra eru í ósamræmi við lög þessi eða fyrirmæli sem sett verða samkvæmt þeim. Þá skal skattstjóri áætla skatt af viðskiptum þeirra aðila sem ekki senda skýrslur innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og skattgreiðanda um áætlanir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið.

26. gr.

Sé innskattur á einhverju uppgjörstímabili hærri en útskattur skal innheimtumaður ríkissjóðs endurgreiða skattaðila mismuninn.

Hafi skýrslu verið skilað á tilskildum tíma skal endurgreiðsla fara fram innan fimmtán daga frá lokum skilafrests. Berist skýrsla eftir lok skilafrests skal endurgreiðsla fara fram innan fimmtán daga frá því að skattstjóri kveður upp úrskurð skv. 29. gr. Geti skattstjóri ekki vegna aðstæðna skattaðila gert nauðsynlegar athuganir á gögnum þeim er skýrslugjöfin byggist á framlengist framangreindur frestur um þann tíma sem slíkar aðstæður ríkja.

Endurgreiðsla skv. 1. mgr. má því aðeins fara fram að skattákvörðun liggi fyrir vegna fyrri tímabila. Kröfu um vangreiddan virðisaukaskatt ásamt álagi skal skuldajafna á móti endurgreiðslu.

Komi í ljós að endurgreiðsla samkvæmt þessari grein hafi verið of há skal skattstjóri þegar í stað tilkynna skattaðila og innheimtumanni ríkissjóðs þar um. Skattaðila ber eigi síðar en sjö dögum eftir tilkynningu skattstjóra um of háa endurgreiðslu að greiða innheimtumanni það sem ofgreitt var.

27. gr.

Sé virðisaukaskattur ekki greiddur á tilskildum tíma skal aðili sæta álagi til viðbótar skatti samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu eða til viðbótar þeim skatti sem honum bar að standa skil á, sbr. 19. gr. Sama gildir ef virðisaukaskattsskýrslu hefur ekki verið skilað eða verið ábótavant og virðisaukaskattur því áætlaður eða endurgreiðsla skv. 26. gr. hefur verið of há.

Álag skv. 1. mgr. skal vera 1% af þeirri fjárhæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%.

Við útreikning á álagi á áætlaðan virðisaukaskatt telst gjalddagi sá sami og gjalddagi virðisaukaskatts þess uppgjörstímabils sem áætlað er fyrir. Sama gildir um álag á vangreiddan, ógreiddan eða ofendurgreiddan virðisaukaskatt eldri tímabila.

Sendi aðili fullnægjandi virðisaukaskattsskýrslu innan kærufrests, sbr. 29. gr., skal hann greiða virðisaukaskatt samkvæmt skýrslunni auk álags skv. 2. mgr. Kæri aðili áætlaðan virðisaukaskatt skal hann greiða virðisaukaskatt samkvæmt kæruúrskurði auk álags skv. 2. mgr.

Komi í ljós að aðila, sem greiða átti virðisaukaskatt, hafi ekki verið áætlaður skattur eða áætlun verið lægri en sá skattur sem honum bar að greiða skal hann greiða þann skatt sem honum bar, auk álags skv. 2. mgr.

Fella má niður álag skv. 2. mgr. ef aðili færir gildar ástæður sér til málsbóta og geta skattyfirvöld metið það í hverju tilviki hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi. Breyta má fyrri áætlun eftir lok kærufrests ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi og fær aðili þá kærufrest að nýju nema um lækkun á fyrri áætlun hafi verið að ræða.

Heimilt er að áætla virðisaukaskatt aðila ef í ljós kemur að virðisaukaskattsskýrsla styðst ekki við tilskilið bókhald samkvæmt lögum nr. 51/1968, samkvæmt ákvæðum laga þessara eða ákvæðum reglugerða settra samkvæmt þeim. Jafnframt er heimilt að áætla virðisaukaskatt aðila ef í ljós kemur að færsla á innskatti eða útskatti eða öðrum þáttum, sem virðisaukaskattsskýrslan byggist á, styðst ekki við lögmæt gögn. Sama gildir ef bókhald og þau gögn, sem liggja fyrir um fjárhæðir á virðisaukaskattsskýrslu, verða ekki talin nægilega örugg. Enn fremur er heimilt að áætla virðisaukaskatt aðila ef ekki er lagt fram bókhald eða þau gögn sem skattyfirvöld kunna að biðja um til að sannprófa virðisaukaskattsskýrslu. Ákvæði 2. mgr. eiga einnig við um áætlanir samkvæmt þessari málsgrein.

Hafi skattstjóri grun um að verulegur undandráttur á virðisaukaskatti hafi átt sér stað skal hann senda skattrannsóknarstjóra skýrslu um málið. Þegar skattrannsóknarstjóra hefur borist slík skýrsla skal hann, ef hann telur ástæðu til, hefja rannsókn í málinu sjálfur eða fela hana skattstjóra.

Sé skattur vanreiknaður eða viðskipti dregin undan má gera aðila að greiða virðisaukaskatt sex ár aftur í tímann, talið frá byrjun þess árs þegar álagning fer fram. Sama gildir um endurákvörðun á áður ofendurgreiddum skatti. Fari fram rannsókn við embætti ríkisskattstjóra eða hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins á skattskilum aðila reiknast heimild til endurreiknings frá byrjun þess árs þegar rannsókn hófst.

Ætíð skal gera aðila viðvart í ábyrgðarbréfi áður en virðisaukaskattur er reiknaður að nýju skv. 9. mgr. Heimilt er aðila að kæra slíka álagningu samkvæmt ákvæðum 29. gr.

28. gr.

Sé virðisaukaskattur ekki greiddur innan mánaðar frá gjalddaga, sbr. 24. gr., skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Sama gildir ef endurgreiðsla hefur verið of há. Dráttarvextir eru þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt lögum nr. 36/1986.

Virðisaukaskattur, álag, dráttarvextir og kröfur um endurheimtu of hárra endurgreiðslna njóta lögtaksréttar. Virðisaukaskatti og álagi ásamt endurheimtu of hárrar endurgreiðslu, sbr. 26. og 27. gr., skal við skipti á þrotabúum og skuldafrágöngubúum skipað í skuldaröð skv. 82. gr. laga nr. 3/1878. Óheimilt er að slíta félagi fyrr en kröfur þessar hafa verið greiddar að fullu fyrir allan starfstíma þess. Hafi félagi verið slitið án þess að kröfur þessar hafi verið greiddar bera skilanefndarmenn búskipta ábyrgð á greiðslu þeirra. Stjórnarmenn félaga, sjóða og stofnana, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. og 4. tölul. 3. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, bera óskipta ábyrgð á kröfum samkvæmt þessari málsgrein.

Innheimtumaður getur látið lögreglu stöðva atvinnurekstur þeirra aðila sem ekki gera fullnægjandi skil á skattinum, álagi skv. 27. gr. eða dráttarvöxtum skv. 1. mgr. þessarar greinar á tilskildum tíma með því m.a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil eru gerð.

Nú á aðili rétt á endurgreiðslu skv. 26. gr. og hún er ekki innt af hendi innan mánaðar frá lokum frests samkvæmt sömu grein og skal þá ríkissjóður greiða aðila dráttarvexti, sbr. 1. mgr., af þeirri fjárhæð sem endurgreiða skal.

29. gr.

Þeir sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun skattstjóra á virðisaukaskatti geta kært skattinn til hans innan fimmtán daga frá því er skatturinn var ákveðinn. Skattstjóri skal kveða upp úrskurð um kæruna og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi innan fimmtán daga frá lokum kærufrests.

Úskurði skattstjóra má skjóta til ríkisskattanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð.

Kærufrestur til ríkisskattanefndar skal vera fimmtán dagar frá póstlagningu úrskurðar skattstjóra og úrskurðarfrestur ríkisskattanefndar fimmtán dagar.

Ríkisskattstjóri hefur heimild til að skjóta ákvörðunum skattstjóra til ríkisskattanefndar án tillits til kærufrests.

Ágreining um skattskyldu og skatthæð má bera undir dómstóla, en það skal þó gert innan sex mánaða frá því að ríkisskattanefnd úrskurðar í málinu.

Ákvæði 100. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu að öðru leyti gilda um málsmeðferð fyrir ríkisskattanefnd eftir því sem við getur átt.

Áfrýjun eða deila um skattskyldu frestar ekki gjalddaga skattsins né leysir undan neinum þeim viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu hans, en verði skattur lækkaður eftir úrskurði eða dómi skal endurgreiða það sem lækkuninni nemur.

X. KAFLI

Sérstök ákvæði um landbúnað.

30. gr.

Skráningarskyldir aðilar, sem stunda landbúnað, skulu færðir á sérstaka skrá, landbúnaðarskrá og skal um virðisaukaskattsskil þeirra fara eftir þessum kafla.

Starfsemi, sem fellur undir flokk 0 í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands önnur en þjónusta við búrekstur, telst landbúnaður í skilningi 1. mgr.

31. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 24. gr. skulu þeir sem um ræðir í 30. gr. skila innheimtumanni ríkissjóðs virðisaukaskatti ásamt virðisaukaskattsskýrslu tvisvar á ári. Skýrslu vegna fyrri hluta árs skal skilað ásamt virðisaukaskatti í síðasta lagi 1. september ár hvert og vegna síðari hluta árs 1. mars ár hvert. Að öðru leyti skulu ákvæði IX. kafla gilda um virðisaukaskattsskil þeirra sem stunda landbúnað eftir því sem við getur átt, sbr. þó 32. og 33. gr.

32. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 31. gr. skulu þeir sem um ræðir í 30. gr. og hafa 60% eða meira af heildaratvinnurekstrartekjum af annars konar starfsemi en landbúnaði skila virðisaukaskatti ásamt skýrslum á reglulegum skiladögum skv. 24. gr.

33. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 31. gr. er skattstjóra heimilt að fallast á beiðni þeirra sem stunda landbúnað um aukauppgjör á virðisaukaskatti ef í ljós kemur að þeir eiga kröfu á verulegri endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa á fjárfestingar- og rekstrarvörum. Fjármálaráðherra getur í reglugerð sett nánari skilyrði fyrir því hvenær fallast beri á beiðni um aukauppgjör virðisaukaskatts samkvæmt þessari grein.

Ef nauðsyn ber til er fjármálaráðherra heimilt að setja í reglugerð aðrar reglur en kveðið er á um í þessum kafla og IX. kafla um uppgjörstímabil og skil þeirra bænda sem fá söluverð afurða sinna ekki gert upp með reglubundnum hætti, a.m.k. sex sinnum á ári. Heimilt er að láta reglur þessar á sama hátt taka til viðskiptaaðila þeirra bænda sem hér um ræðir. Reglugerð þessi skal sett að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra.

XI. KAFLI

Sérstök ákvæði um innflutning.

34. gr.

Við innflutning á vöru skal virðisaukaskattur innheimtur af tollverði skattskyldrar vöru að viðbættum tolli og öðrum gjöldum sem á eru lögð við tollmeðferð.

Um ákvörðun tollverðs skulu gilda ákvæði þar að lútandi í tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur fjármálaráðherra ákveðið að ákvæði 109. gr. tollalaga, nr. 55/1987, um greiðslufrest aðflutningsgjalda af innfluttum vörum, skuli gilda með sama hætti um greiðslu virðisaukaskatts við innflutning. Gjalddagi skal eigi vera síðar en á gjalddaga virðisaukaskatts þess tímabils þegar tollafgreiðsla fer fram.

35. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða svo á í reglugerð að greiða skuli virðisaukaskatt af greiðslum fyrir skattskylda þjónustu sem keypt er erlendis sé hún veitt eða nýtt hérlendis.

36. gr.

Vara, sem er tollfrjáls eða undanþegin tolli skv. 5. gr. eða 4.–7., 9.–12., 20. og 21. tölul. 6. gr. tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum, skal undanþegin virðisaukaskatti við innflutning að uppfylltum sömu skilyrðum og tilgreind eru í tollalögum.

Við innflutning vöru, sem undanþegin er skattskyldri veltu, sbr. 6. og 8. tölul. 12. gr., og við innflutning listamanna á eigin listaverkum, sem falla undir tollskrárnúmer 9701.1000–9703.0000, skal ekki greiða virðisaukaskatt.

37. gr.

Virðisaukaskattur af innflutningi skal innheimtur með aðflutningsgjöldum.

Að því leyti, sem eigi er ákveðið í lögum þessum eða reglugerð eða öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim um skattskyldu, úrskurð um skattskyldu, álagningu, innheimtu, lækkun eða endurgreiðslu vegna rýrnunar, skemmda eða endursendingar, lögvernd, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi virðisaukaskatt af innfluttum vörum og þjónustu, skulu gilda ákvæði tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim lögum.

XII. KAFLI

Um eftirlit, upplýsingaskyldu og refsiákvæði.

38. gr.

Öllum aðilum, bæði virðisaukaskattsskyldum og öðrum, er skylt að láta skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi sem óskað er allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða gjald- og skilaskyldu þeirra aðila eða eftirlit með þeim.

Skattyfirvöld hafa þannig m.a. rétt til þess að krefjast upplýsinga af þeim er hafa keypt af skattskyldum aðila eða selt honum vörur eða haft við hann önnur viðskipti, þar með að krefja húseigendur um upplýsingar um atvinnurekendur og aðra sem hafa verslun, verkstæði, skrifstofur eða aðra starfsstöð í húsum þeirra. Einnig skulu félög og félagasamtök atvinnurekenda, iðnaðarmanna og annarra viðkomandi aðila skyld að gefa upplýsingar um félaga sína og atvinnu þeirra og rekstur.

Vegna skatteftirlits samkvæmt lögum þessum getur skattstjóri, skattrannsóknarstjóri, ríkisskattstjóri og menn, sem þeir fela skatteftirlitsstörf, krafist þess að virðisaukaskattsskyldir aðilar leggi fram til könnunar bókhald sitt og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn, þar með talin bréf og samningar. Enn fremur hafa þessir aðilar aðgang að framangreindum gögnum og aðgang að starfsstöðvum virðisaukaskattsskyldra aðila og birgðageymslum og heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta. Sömu heimildir hefur skattrannsóknarstjóri vegna rannsókna skv. 39. gr.

Ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri hafa enn fremur heimildir þær er um getur í 3. mgr. gagnvart aðilum sem ekki eru virðisaukaskattsskyldir, svo sem öllum stofnunum, bönkum, sparisjóðum og öðrum peningastofnunum.

Nú verður ágreiningur um skyldu aðila samkvæmt þessari grein og getur ríkisskattstjóri þá leitað um hann úrskurðar sakadóms. Gegni einhver ekki upplýsingaskyldu sinni má vísa máli til opinberrar rannsóknar.

39. gr.

Ríkisskattstjóri skal hafa eftirlit með störfum skattstjóra og sjá um að sem best samræmi sé í ákvörðunum um virðisaukaskatt hvarvetna á landinu. Hann skal leiðbeina skattstjórum um allt er að ákvörðunum um virðisaukaskatt lýtur, m.a. með því að kynna þeim dóma og úrskurði sem almennt gildi hafa.

Nú telur ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ályktun skattstjóra um virðisaukaskatt og getur hann þá gert aðila skatt að nýju.

Skattrannsóknarstjóri skal fylgjast með eftirlitsstörfum skattstjóra og afla upplýsinga um þau, leiðbeina skattstjórum um eftirlitsaðgerðir og veita þeim upplýsingar um atvinnugreinar, atvinnuvegi eða önnur atriði sem þýðingu hafa við skatteftirlit.

Skattrannsóknarstjóri getur hafið rannsókn á hverju því atriði er varðar skattskil samkvæmt lögum þessum. Hann skal annast rannsóknir eftir kröfu ríkisskattstjóra og hann skal annast rannsóknir í málum sem til hans er vísað, sbr. 8. mgr. 27. gr., nema hann feli skattstjóra rannsóknina. Hann getur einnig falið skattstjórum athugun eða rannsókn á hverju því atriði sem um getur í þessari grein.

Þegar aðgerðir skattrannsóknarstjóra gefa tilefni til ákvörðunar eða endurákvörðunar á skatti samkvæmt lögum þessum skal ríkisskattstjóri annast ákvörðunina eða endurákvörðunina nema hann feli hana skattstjóra.

40. gr.

Skýri skattskyldur aðili af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um virðisaukaskatt hans eða afhendi hann eigi á lögmæltum tíma virðisaukaskattsskýrslu eða virðisaukaskatt sem hann hefur innheimt eða honum bar að innheimta skal hann auk ógreidds skatts greiða sekt er nemi allt að tífaldri þeirri fjárhæð sem undan var dregin, vanrækt var greiðsla á eða ofendurgreidd var. Álag skv. 27. gr. dregst frá sektarfjárhæð.

Ef aðili vanrækir tilkynningarskyldu sína skv. 5. gr., vanrækir skyldu sína að halda tilskilið bókhald samkvæmt lögum þessum, vanrækir að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skýrslur eða gögn, svo sem ákveðið er í lögum þessum eða ákvæðum reglna, sem settar eru samkvæmt þeim, skýrir rangt eða villandi frá einhverju er varðar virðisaukaskattsskýrslur hans, þótt upplýsingarnar hafi ekki áhrif á skattskyldu hans eða skattgreiðslur, eða brýtur á annan hátt gegn lögum þessum, skal hann sæta sektum, enda liggi eigi við brotinu þyngri refsing eftir þessum eða öðrum lögum.

Verði brot skv. 1. mgr. uppvíst við skipti dánarbús skal greiða úr búinu sekt er nemi allt að fjórfaldri þeirri skattfjárhæð sem undan var dregin eða vanrækt var að greiða. Sé svo ástatt sem í 2. mgr. segir má gera búinu sekt.

Hver sá, sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn um atriði varðandi virðisaukaskattsskýrslur annarra aðila eða gegnir ekki skyldu sinni skv. 38. gr., skal greiða sekt. Sama gildir um þann sem aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda.

Sektir eftir lögum þessum má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Hafi fyrirsvarsmaður lögaðila framið brot á lögum þessum má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu.

Sé brot ítrekað eða sakir miklar að öðru leyti má auk sektar beita varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga og varða slík brot sektum nema öðru vísi sé ákveðið í grein þessari.

41. gr.

Ríkisskattanefnd úrskurðar sektir skv. 40. gr. nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 2. mgr. Við meðferð mála hjá nefndinni skal gæta ákvæða 100. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á, og veita sakborningi færi á að taka til varna. Skattrannsóknarstjóri kemur fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni þegar hún úrskurðar sektir. Úrskurður ríkisskattanefndar um sektir er fullnaðarúrskurður. Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum nefndarinnar.

Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála út af brotum á lögum þessum. Skattrannsóknarstjóri getur vísað máli til opinberrar rannsóknar af

sjálfsdáðum, svo og eftir ósk sökunautar ef hann vill eigi hlíta því að mál hans verði afgreitt af ríkisskattanefnd.

Mál vegna brota á lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála og skulu rekin fyrir sakadómi. Skattkröfu má hafa uppi, rannsaka og dæma í slíkum málum, sbr. XVII. kafla laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Um innheimtu sekta, er ríkisskattanefnd úrskurðar, gilda sömu reglur og um innheimtu skatts eftir lögunum, þar á meðal lögtaksrétt. Einnig má beita ákvæðum 2. og 3. mgr. 28. gr. við innheimtu hans.

Sök skv. 40. gr. fyrnist á sex árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra eða rannsóknarlögreglustjóra ríkisins eða hjá löglærðum fulltrúum þeirra gegn skattaðila sem sökunaut, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

XIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

42. gr.

Skatt- og tollyfirvöldum, starfsmönnum þeirra og erindrekum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í starfi sínu um viðskipti einstakra manna og fyrirtækja. Þagnarskyldan helst þó að starfsmenn þessir láti af starfi sínu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu skatt- og tollyfirvöld veita Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnun upplýsingar er varða skýrslugerð þeirra.

43. gr.

Fjárhæðir, sem um ræðir í 3. tölul. 4. gr., 3. mgr. 13. gr. og 7. mgr. 20. gr., eru grunnfjárhæðir er skulu taka árlega sömu hlutfallslegu breytingu og byggingarvísitala sú er öðlast gildi 1. janúar ár hvert, sbr. lög nr. 42/1987. Grunnfjárhæðir þessar miðast við vísitölu 1. október 1987, þ.e. 102,4 stig.

44. gr.

Skattstjórar skulu árlega semja og leggja fram virðisaukaskattsskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu, en í henni skal tilgreina ákvarðaðan virðisaukaskatt eða endurgreiddan virðisaukaskatt hvers skattskylds aðila. Virðisaukaskattsskrá skal liggja frammi til sýnis á hentugum stað í tvær vikur í hverju sveitarfélagi. Skattstjóri eða umboðsmaður hans auglýsir í tæka tíð hvar skráin liggur frammi.

45. gr.

Fjármálaráðherra hefur eftirlit með því að skattstjórar, skattrannsóknarstjóri, ríkisskattstjóri, ríkisskattanefnd og innheimtumenn ríkissjóðs ræki skyldur sínar samkvæmt lögum þessum. Hann hefur rétt til þess að fá til athugunar virðisaukaskattsskýrslur og gögn er þær varða og krefja framangreinda aðila skýringa á öllu því er framkvæmd laga þessara varðar.

46. gr.

Sala á skattskyldri vöru og þjónustu til varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, sbr. lög nr. 110/1951, um lagagildi varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, svo og sala á vörum sem ætlaðar eru til endursölu í tollfrjálsum verslunum, sbr. VIII. kafla tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum, telst sala úr landi í skilningi laga þessara.

47. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Þá er fjármálaráðherra heimilt að undanþiggja tiltekna aðila skattskyldu umfram það sem kveðið er á um í 4. gr., enda teljist slíkt nauðsynlegt til þess að samræmis gæti varðandi skattskyldu samkvæmt lögum þessum. Hann getur enn fremur ákveðið með reglugerð að hvaða marki skuli endurgreiða sendimönnum erlendra ríkja virðisaukaskatt af kaupum á vörum og þjónustu hér á landi.

Á sama hátt er fjármálaráðherra heimilt að setja reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts sem erlend fyrirtæki hafa greitt hérlendis vegna kaupa, aðvinnslu, geymslu eða flutnings á vörum sem flytja á úr landi.

Um þau atriði, sem ekki eru sérstök ákvæði um í lögum þessum, fer samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á.

48 gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1989. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum. Ákvæði þeirra laga skulu þó gilda um söluskatt af sölu til og með 30. júní 1989.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Fari afhending skattskyldrar vöru og þjónustu fram eftir gildistöku laga þessara skal hún teljast til virðisaukaskattsskyldrar veltu samkvæmt lögum þessum. Þetta gildir án tillits til þess hvort samningur um sölu skattskyldrar vöru og þjónustu hefur verið gerður fyrir gildistöku laganna eða greiðsla hefur farið fram að hluta eða fullu.

Hafi samningur, sbr. 1. mgr. þessa ákvæðis, verið gerður skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna sem svarar virðisaukaskatti samkvæmt lögum þessum sé um að ræða sölu á vöru og þjónustu sem ekki var skattskyld samkvæmt söluskattslögum, nema sannað sé að virðisaukaskattur hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess. Hafi slík vara eða þjónusta verið skattskyld samkvæmt söluskattslögum skal seljandi endurgreiða kaupanda mismun á söluskatti og virðisaukaskatti, nema sannað sé að kaupverð samkvæmt samningnum hafi verið miðað við virðisaukaskatt samkvæmt lögum þessum.

Um greiðslu virðisaukaskatts af innflutningi skattskyldrar vöru og þjónustu fer eftir þeim reglum sem gilda þegar tollmeðferð fer fram.

Þeim aðilum, sem um ræðir í 4. mgr. 6. gr., er heimilt við uppgjör virðisaukaskatts að draga frá greiddan söluskatt af byggingarefni í byggingar og verk sem byggð eru í þeim tilgangi að selja skráðum aðilum en eru óseld 30. júní 1989. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um þennan frádrátt, þar á meðal um það á hvaða uppgjörstímabilum hann leyfist og hvaða gögn þurfa að liggja til grundvallar.

II

Skráningarskyldir aðilar skv. 5. gr. laga þessara skulu tilkynna sig til skráningar eigi síðar en 31. október 1988.

III

Þrátt fyrir ákvæði 24. gr. laga þessara skal skattauppgjör fyrir 1. til og með 15. dag nóvembermánaðar 1989 fylgja uppgjöri fyrir mánuðina september og október.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennar athugasemdir.

1. Inngangur.

Virðisaukaskattur (VASK) hefur verið til umræðu hér á landi í einn og hálfan áratug. Margvíslegar athuganir hafa farið fram á þessu skattformi og tvær skýrslur hafa verið samdar um málið að tilhlutan fjármálaráðuneytisins, sú fyrri á árinu 1971 og hin síðari á árinu 1975. Þær athuganir, sem fram hafa farið hér á landi, komu í kjölfar þess að virðisaukaskattur var tekinn upp í flestum löndum Vestur-Evrópu.

Haustið 1983 lagði fjármálaráðherra fram frumvarp til laga um virðisaukaskatt, sem samið var af starfshópi á vegum fjármálaráðuneytisins. Frumvarpið var fyrst og fremst lagt fram til kynningar auk þess sem því var ætlað að vekja upp umræðu um breytt fyrirkomulag neysluskattlagningar hérlendis. Frumvarp þetta var nær óbreytt lagt fram á ný haustið 1984 og mælt fyrir því þá.

Frumvarpið fékk allnokkra umfjöllun í fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar Alþingis, sem einnig aflaði umsagnar frá nokkrum hagsmunasamtökum. Í samhljóða áliti nefndarinnar sagði, að yfirleitt væru umsagnir þessar neikvæðar. Þá benti nefndin á, að ekki lægi fyrir í hverju þær víðtæku hliðarráðstafanir yrðu fólgnar, sem þá voru taldar nauðsynlegar í kjölfar þess að hár virðisaukaskattur yrði lagður á ýmsar nauðsynjar sem þá voru undanþegnar söluskatti. Þótti nefndinni ljóst, að málið þarfnaðist fyllri undirbúnings og frekari athugunar og lagði til að því yrði vísað til ríkisstjórnarinnar og varð það úr.

Að tilhlutan fjármálaráðherra var frumvarpið endurskoðað sumarið og haustið 1986. Frumvarpið var síðan lagt fyrir 109. löggjafarþingið og mælt fyrir því í desember 1986. Það varð ekki útrætt, en á sama þingi voru til meðferðar aðrar veigamiklar nýjungar í skattamálum, þ.e. staðgreiðsla skatta og tengd mál, sem voru látin hafa forgang.

Við endurskoðun frumvarpsins á árinu 1986 var tekið aukið mið af lagareglum og reynslu nágrannaþjóða okkar, einkum Dana, auk þess sem stuðst var við fyrri athuganir hér á landi. Efnislega var frumvarpið lítið breytt frá fyrri frumvörpum. Hins vegar var efnisskipan og orðalagi breytt allmikið og í enn ríkari mæli en áður tekið mið af uppsetningu og efnisskipan dönsku laganna um virðisaukaskatt. Í þessu sambandi er rétt að minna á, að um nokkurt skeið hafa verið viðræður milli annarra Norðurlandaþjóða um samræmingu á löggjöf þeirra um virðisaukaskatt. Líklegt er að dönsku lögin verði einkum höfð til hliðsjónar við þá samræmingu ef af verður.

Ekki þarf að fjölyrða um það hagræði sem því fylgir að miða framsetningu og texta, að svo miklu leyti sem um er að ræða sömu efnisákvæði, við löggjöf sem reynsla er komin á. Auk þeirrar samræmingar, sem getið er að framan, er ljóst að með þessum hætti má spara bæði verulegan kostnað og fyrirhöfn við ýmsan undirbúning og framkvæmd þessarar skattheimtu. Má í þessu sambandi nefna gerð handbóka og annarra upplýsingarita sem nauðsynlegar eru við þjálfun og fræðslu starfsmanna skattkerfisins, svo og gjaldenda. Úrlausn ýmissa vandamála og vafaatriða, sem upp kunna að koma í framkvæmd, ætti jafnframt að verða mun auðveldari og fljótlegri þar sem hægt er að styðjast við reynslu annarra í þessum efnum.

Af einstökum breytingum þessa frumvarps, frá því að frumvarp sama efnis var síðast lagt fram, eru þessar veigamestar:

1. Lagt er til að skatthlutfallið verði 22% í stað 24%.
2. Fallið er frá því að kveða á um sérstakt skatthlutfall í landbúnaði. Þá er lagt til að uppgjörstímabilið í landbúnaði verði sex mánuðir í stað tólf mánaða áður.

3. Fallið er frá hugmyndum um sérstaka úrskurðarnefnd í tilteknum málum varðandi skattskyldu og framkvæmd. Þess í stað er lagt til að þessum málum verði skipað með sama hætti og gert er í söluskattslögum varðandi kærur, úrskurði og réttarfar.

Auk þess hafa verið gerðar á frumvarpinu fjölmargar minni háttar lagfæringar, sem fæstar fela þó í sér efnislegar breytingar, en miða að skýrari framsetningu.

Frumvarp þetta er lagt fram í samræmi við starfsáætlun ríkisstjórnarinnar, en þar segir m.a. að stefna ríkisstjórnarinnar sé að „megintekjustofnar hins opinbera verði sem almennastir þannig að skattlagning verði sem hlutlausust“ og „virðisaukaskattur, eða nýtt og endurbætt söluskattskerfi, verði komið í varanlegt horf 1989“.

Hér á eftir er fyrst fjallað um helstu ástæður þess að taka beri upp virðisaukaskatt í stað söluskatts, verðlagsáhrif o.fl. (2. og 3. kafli). Því næst er dregin upp mynd af þróun söluskattskerfisins hér á landi og virðisaukaskatti í Evrópu (4.–6. kafli). Í 7.–10. kafla er fjallað nánar um einstök efnisatriði, skattskyldu, bókhald, uppgjör, skattskil, eftirlit o.fl. Loks eru ítarlegar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

2. Hvers vegna virðisaukaskatt í stað söluskatts?

Tekjuöflun ríkisins, sem öll þjónusta þess og önnur útgjöld grundvallast á, byggist að mestu leyti á óbeinum sköttum. Af þeim vegur söluskatturinn langþyngst. Hann er mikilvægasti tekjustofn ríkisins. Áætlað er að innheimta söluskatts 1988 muni nema um 31,9 milljörðum króna. Tekjur af þessum eina skatti eru því um 50% af öllum tekjum ríkisins. Það er ekki algengt meðal þjóða heims að einn einstakur skattur vegi svo þungt. Þeim mun mikilvægara er að skattkerfi, sem slík tekjuöflun er byggð á, sé rökrétt og öruggt og valdi ekki mismunun.

Veigamiklar endurbætur sem gerðar hafa verið á söluskattskerfinu á síðustu mánuðum hafa einkum beinst að því að fækka undanþágum og gera söluskattskerfið þannig þjálla tæki til skatteftirlits en áður. Eftir standa sem áður þeir vankantar sem ekki verða sniðnir af án grundvallarbreytinga. Um þetta eru framkvæmdar- og eftirlitsaðilar innan skattkerfisins sammála, sem og flest hagsmunasamtök atvinnulífsins.

Það er nær samdóma álit þeirra sérfræðinga, sem um málið hafa fjallað, að með upptöku virðisaukaskatts megi að verulegu leyti sneiða hjá ókostum söluskattskerfisins. Það er engin tilviljun að virðisaukaskattur hefur verið tekinn upp í flestum viðskiptalöndum Íslendinga í Vestur-Evrópu, nú síðast á Spáni og í Portúgal árið 1986.

2.1 Hverjir eru gallar söluskattsins?

Söluskattur í núverandi mynd hefur verið innheimtur frá árinu 1960. Frá þeim tíma hafa aðstæður allar breyst verulega og viðskiptahættir tekið stakkaskiptum. Aukið frjálsræði í milliríkjaverslun, harðari samkeppni og meiri sérhæfing, ásamt hækkandi skatthlutfalli, hefur leitt til þess, að söluskattur getur ekki til frambúðar gegnt því hlutverki sem honum var ætlað í tekjuöflun ríkisins. Hann hamlar gegn milliríkjaviðskiptum og heilbrigðri þróun atvinnu- og viðskiptalífs.

Söluskatturinn er ekki hlutlaus, þótt aðalreglan sé sú, að hann sé einsstigsskattur. Hann leggst t.d. á ýmis mikilvæg aðföng fyrirtækja, svo sem orku, orkugjafa og viðhaldsþjónustu, auk þess sem hann er innheimtur af flestum fjárfestingarvörum öðrum en ýmsum vélum og tækjum til samkeppnisiðnaðar, fiskiðnaðar og flutningastarfsemi. Af þessum ástæðum felur núgildandi söluskattskerfi í sér uppsöfnun skatts og raskar með ófyrirsjáanlegum hætti samkeppnisaðstöðu einstakra atvinnugreina. Uppsöfnun skattsins getur þar með haft áhrif á

val neytenda á neysluvörum og raskað með tilviljanakenndum hætti samkeppnisstöðu íslenskra framleiðsluvara bæði á erlendum og innlendum markaði, gagnvart vörum framleiddum erlendis.

Veruleg vandkvæði eru á innheimtu söluskatts af ýmiss konar starfsemi og notkun fyrirtækja á eigin þjónustu og framleiðslu. Ótvíræð skilgreining er ekki til á því hvað af þessu tagi sé skattskylt og hvað ekki. Hér skiptir meginmáli hvort framleiðsla eða þjónusta er unnin innan fyrirtækis eða keypt af öðrum. Má t.d. nefna eigin viðgerðir eða verkstæðisvinnu annars vegar og aðkeypta vinnu af þessu tagi hins vegar. Einnig eigin ljósritun eða prentun og aðkeypta prentþjónustu.

Mikil óvissa ríkir um skattskyldu af notkun eigin tækja og búnaðar við verklegar framkvæmdir og byggingarstarfsemi ýmiss konar. Nokkur ágreiningsefni um söluskatt af slíkri starfsemi hafa komið til kasta dómstóla á síðustu misserum. Þannig hefur ríkt óþolandi réttaróvissa á fjölmörgum sviðum varðandi innheimtu söluskatts. Stórt skref var þó stigið nú um áramótin í þá átt að eyða henni í matvöruversluninni.

Undanþágur þær sem enn eru við lýði í söluskattskerfinu eru með margvíslegum hætti. Þannig eru ennþá ýmsar tegundir vöru og þjónustu undanþegnar söluskatti. Sala til ýmissa aðila, svo sem endurseljenda og í vissum tilvikum til annarra, er undanþegin og sala ýmissa aðila eða atvinnugreina er undanþegin söluskatti. Þá er söluskattur af ýmsum vörum, tækjum og efnivörum endurgreiddur í vissum tilvikum. Oft er afar erfitt að ákvarða hvort sala er söluskattsskyld eða ekki. Á það t.d. við um sölu til ýmissa framleiðenda, en þá fer skattskyldan eftir því hvort um er að ræða sölu á hráefnum eða óvaranlegum hjálparefnum til framleiðslu.

Hin flóknu undanþágu- og endurgreiðsluákvæði söluskattslaga og reglna mismuna atvinnugreinum og framleiðsluaðferðum á sama hátt og uppsöfnun söluskattsins í framleiðslukostnaði. Ljóst er að neytendur beina vali sínu fremur að vöru og þjónustu, sem er undanþegin söluskatti en þeirri sem er söluskattsskyld. Þannig getur söluskatturinn haft áhrif á neysluvenjur og leitt til óeðlilegrar eða óheppilegrar dreifingar framleiðsluaflanna. Sem dæmi um mismunun af þessu tagi má nefna, að vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð er undanþegin söluskatti, fari vinnan fram á byggingarstað. Séu húshlutar hins vegar framleiddir í verksmiðju, verður salan söluskattsskyld. Hér mismunar söluskatturinn framleiðsluaðferðum og kemur jafnvel í veg fyrir eðlilega vélvæðingu eða hagræðingu við framleiðslu. Nokkuð hefur þó dregið úr þessari mismunun með sérreglum um verksmiðjuframleidd íbúðarhús. Þær reglur eru þó hvergi nægilega markvissar.

Spyrja mætti hvort ekki væri unnt að bæta úr göllum núverandi söluskattskerfis. Þetta hefur verið reynt, m.a. með endurgreiðslum á ýmsum sviðum og undanþágum til að draga úr mismunun og áhrifum af uppsöfnun söluskatts í framleiðslukostnaði. Allar þessar aðgerðir eru afar ónákvæmar og hafa flestar skapað fleiri vandamál en þær hafa leyst. Á söluskattskerfinu sjálfu eru veigamiklir gallar, sem fullvíst er að ekki verða lagfærðir innan þess. Þess vegna er nauðsynlegt að taka upp nýtt skattkerfi, virðisaukaskatt.

2.2 Eiginleikar virðisaukaskatts.

Virðisaukaskattur eyðir sjálfkrafa flestum göllum söluskattskerfisins. Hann greiðir fyrir eðlilegum viðskiptum milli landa og er mikilvæg forsenda heilbrigðrar þróunar atvinnu- og viðskiptalífs hér á landi.

Virðisaukaskattur er hlutlaus gagnvart atvinnulífinu og einstökum greinum þess. Hann hvorki ívilnar né íþyngir einstökum greinum. Skatturinn hefur þar af leiðandi ekki áhrif á dreifingu framleiðsluþátta til hinna ýmsu atvinnugreina og stuðlar því að skynsamlegri nýtingu þeirra.

Skattfjárhæð, sem leggst á vöru eða þjónustu, er óháð fjölda þeirra viðskiptastiga sem farið er um áður en endanlegum neytanda er náð. Skatturinn safnast ekki upp í vöruverðinu á leiðinni til neytandans og stuðlar að því að draga úr mismun á vöruverði milli landshluta. Skatturinn á hvorki að hafa áhrif á neysluval né notkun fyrirtækja á rekstraraðföngum.

Í utanríkisviðskiptum er virðisaukaskattur hlutlaus bæði að því er varðar innflutning og útflutning. Þetta þýðir, að skattur, sem leggst á innfluttar vörur, er nákvæmlega jafnhár og skattur á sambærilega innlenda framleiðslu. Útfluttar vörur eru undanþegnar skattinum og standa þær því jafnfætis vörum annarra þjóða á erlendum mörkuðum að því er skattlagningu varðar. Þannig veikir skatturinn ekki samkeppnisstöðu íslensks útflutnings eins og núverandi söluskattur getur gert. Mikilvægi þessa atriðis fer sívaxandi í heimi lækkandi aðflutningsgjalda og harðnandi samkeppni í viðskiptum milli landa.

Í innheimtu virðisaukaskatts er á vissan hátt fólgið sjálfvirkt öryggi, þar sem greiddur skattur kemur til frádráttar innheimtum skatti hjá öllum öðrum en hinum endanlega neytanda. Öryggi í álagningu og þar með innheimtu virðisaukaskattsins er þó tvímælalaust mun meira en í söluskattskerfinu, m.a. vegna þess að margvíslegri óvissu er eytt varðandi skattskyldumörkin og heilsteypt og rökrétt skattkerfi kemur í stað kerfis sem er úr sér gengið. Undandráttur ætti einnig að minnka, þar eð sá sem dregur veltu undan virðisaukaskatti kemst ekki hjá því að greiða sjálfur skatt af aðföngum sínum. Á hinn bóginn er ljóst, að áfram er þörf á virku skatteftirliti, enda hlýtur það að skipta mestu máli í viðleitni til að draga úr skattsvikum.

Megineinkenni virðisaukaskatts og jafnframt helstu kostir hans umfram söluskatt eru þannig eftirfarandi:

* Hann mismunar ekki framleiðslugreinum eða framleiðsluaðferðum.
* Hann hefur ekki áhrif á val neytenda á neysluvörum eða þjónustu.
* Hann veldur ekki tilviljanakenndri hækkun framleiðslukostnaðar.
* Hann bætir samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum aðilum sem búa við virðisaukaskatt, bæði á erlendum mörkuðum og hérlendis.
* Innheimta og eftirlit með álagningu verður öruggara.

2.3 Er virðisaukaskattur gallalaus?

Ýmsir telja að virðisaukaskatti fylgi meiri skriffinnska og fyrirhöfn en hinu eldra kerfi. Þetta er að hluta á misskilningi byggt. Það er rétt, að gjaldendum í virðisaukaskatti fjölgar verulega, sbr. kafla 8.10. Ákvörðun skattsins verður hins vegar mun rökréttari og auðveldari í flestum atriðum. Hjá þeim sem á annað borð færa vélrænt bókhald, eins og nú er algengt, verður útreikningur á skattstofni og skatti og jafnvel gerð skattskýrslna auðveldari. Virðisaukaskattskerfið á því ekki að valda fyrirtækjum umtalsverðri viðbótarfyrirhöfn þegar búið er að taka það upp. Nokkur fjölgun starfsmanna í skattkerfinu er þó fyrirsjáanleg, en hún er hvort eð er óhjákvæmileg til þess að framkvæmdin í núverandi söluskattskerfi geti talist fullnægjandi.

Gagnrýnisraddir hafa heyrst um aukna fjárbindingu þeirra sem innheimta munu skattinn og standa skil á honum í ríkissjóð. Þegar á heildina er litið er þó ljóst, að þessi fjárbinding er jákvæð fyrir atvinnulífið, þar sem skilum á skatti seinkar nokkuð. Í þessu efni er þó ekkert hægt að alhæfa, og einhver tilflutningur verður á greiðslustreymi við þessa kerfisbreytingu. Hjá þeim sem nú fá endurgreiddan uppsafnaðan söluskatt gæti fjárbinding í einhverjum tilfellum minnkað. Úr aukinni fjárbindingu er unnt að draga í sérstökum tilvikum, m.a. með tíðari uppgjörstímabilum eða öðrum aðgerðum þegar sérstaklega stendur á, sbr. ákvæði 4. mgr. 24. gr.

2.4 Niðurstöður.

Í þessum kafla hefur verið reynt í stuttu máli að draga saman helstu sjónarmið sem mæla með upptöku virðisaukaskatts hér á landi.

Það er ljóst að innheimta söluskatts á Íslandi er orðin úrelt og núverandi skipan stenst ekki kröfur tímans. Fjölþættara atvinnulíf, aukin og fjölbreyttari útflutningsframleiðsla og breyttir viðskiptahættir knýja á um grundvallarbreytingu á þessu sviði. Eini raunhæfi kosturinn er að taka upp virðisaukaskatt. Hann hefur verið til athugunar hjá íslenskum stjórnvöldum í næstum tvo áratugi og á dagskrá nær allra ríkisstjórna á því tímabili. Nú er komið að framkvæmdinni.

3. Áhrif virðisaukaskatts á verðlag.

Verðlagsáhrif upptöku virðisaukaskatts í stað söluskatts eru tvíþætt. Annars vegar eru **bein áhrif**, sem rekja má til þess að á vörur og þjónustu sem nú eru með 12% eða 25% söluskatti fá á sig annað skatthlutfall í virðisaukaskatti. Hins vegar eru **óbein áhrif** sem rekja má til þess að uppsöfnun söluskatts í vöruverði hverfa.

Ýmis tormerki eru á því að segja nákvæmlega fyrir um hvaða áhrif upptaka virðisaukaskatts hafi á verðlag í landinu. Verðáhrifin ráðast m.a. af þeim ráðstöfunum sem gripið verður til í tengslum við kerfisbreytinguna. Þá skiptir einnig miklu máli hvernig almenn staða efnahagsmála verður, hvernig eftirspurn er háttað þegar kerfisbreytingin kemur til framkvæmda. Þannig má ætla, að afnám á uppsöfnun söluskatts komi fyrr fram í þeim greinum þar sem mikil samkeppni ríkir.

Í töflunni hér á eftir kemur fram hvernig áætlað er að bein áhrif mismunandi skatthlutfalla endurspeglist í breytingum á verði einstakra þátta einkaneyslunnar. Tekin eru dæmi um virðisaukaskatt frá 20% til 25%. Í öllum tilvikum er reiknað með því, að skattur sem leggst á húshitun verði að fullu endurgreiddur.

Áætluð bein áhrif mismunandi skatthlutfalls á verðlag einkaneyslu.
%

	Skatthlutfall			
	20%	22%	23,5%	25%
1. Matvæli	−4,0	−2,4	−1,2	0,0
2. Drykkjarvörur og tóbak	−4,0	−2,4	−1,2	0,0
3. Fatnaður	−4,0	−2,4	−1,2	0,0
4. Húsnæði, ljós, hiti*	0,7	1,1	1,5	1,8
5. Húsgögn, húsbúnaður o.fl.	−3,7	−2,2	−1,1	0,0
6. Lyf og læknishjálp	−2,4	−1,5	−0,7	0,0
7. Flutningatæki og samgöngur	−3,3	−2,0	−1,0	0,0
8. Tómstundaiðja, skemmtanir menntun og menningarmál	0,9	2,4	3,4	4,5
9. Annað	−0,5	0,7	1,5	2,4
Samtals verðbreyting einkaneyslu	−2,3	−1,0	0,0	1,0

* Að teknu tilliti til niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar.

Í töflunni kemur fram, að reiknað er með því að bein verðlækkunaráhrif af 20% virðisaukaskatti nemi um 2,3% í verðlagi einkaneyslu og gera má ráð fyrir því að áhrif á vísitölu framfærslukostnaðar séu mjög svipuð. Við 22% skatthlutfall er verðlækkun einkaneyslu áætluð 1% og þeir þættir einkaneyslunnar, sem nú bera 25% söluskatt, lækka um 2,4%. Þetta á við um matvörur, fatnað o.fl. Á hinn bóginn verður lítils háttar hækkun á nokkrum liðum sem nú eru að hluta eða öllu leyti undanþegnir söluskatti.

Við mat á framangreindum verðbreytingum er eftir að reikna með óbeinum verðlagsáhrifum, þ.e. þeim verðlækkunum, sem fylgja afnámi söluskattsins, en uppsöfnunaráhrif skattsins hverfa þá einnig. Hve fljótt þessara áhrifa gætir í verði fer eftir markaðsaðstæðum, en einnig þarf að hafa í huga að afnám uppsöfnunar af fjárfestingarvörum gætir síðar en af rekstrarvörum. Hins vegar má leiða líkur að því, að þegar uppsöfnunaráhrifin eru horfin ætti upptaka virðisaukaskatts að leiða til enn frekari verðlækkunar í einkaneyslu. Heildaráhrif uppsöfnunar til verðlækkunar eru talin vera um 2% í framfærsluvísitölu. Samkvæmt þessu má áætla heildaráhrif mismunandi skatthlutfalls virðisaukaskatts á verðlag sem hér segir:

	Skatthlutfall			
	20%	22%	23,5%	25%
Bein verðlagsáhrif	−2,3	−1,0	0,0	1,0
Áhrif uppsöfnunar	−2,0	−2,0	−2,0	−2,0
Samtals áætluð áhrif á				
Framfærsluvísitölu	−4,3	−3,0	−2,0	−1,0
Byggingarvísitölu	−1,6	−1,0	−0,5	0,0
Lánskjaravísitölu	−3,4	−2,3	−1,5	−0,7

Eins og áður sagði er ljóst, að almennt ástand efnahagsmála og samkeppnisaðstæður geta haft mikil áhrif á það í hvaða mæli og hversu fljótt verðlagsáhrif koma fram. Jafnframt skal það undirstrikað, að skatthlutfallið hefur auðvitað afgerandi áhrif á tekjur ríkissjóðs. Í kafla 8.9 er gerð grein fyrir áhrifum mismunandi skatthlutfalls á tekjur ríkissjóðs. Í töflu 3 í þeim kafla kemur fram, að til þess að ná sömu tekjum og af söluskatti þarf skatthlutfall í virðisaukaskatti að vera 23,5%. Með lægra skatthlutfalli og miðað við að jafnvægi haldist í ríkisbúskapnum blasir annað tveggja við, að styrkja aðra tekjuöflun eða lækka útgjöld. Aukin tekjuöflun á öðrum sviðum getur að sjálfsögðu haft áhrif á verðlag, en eins og að framan greinir er til þess nokkurt svigrúm. Að þessari hlið málsins er nánar vikið í kafla 8.9.

Virðisaukaskattur mun leggjast á heitt vatn og aðra orkugjafa til húshitunar, en jafnframt verða teknar upp niðurgreiðslur hjá hitaveitum og öðrum orkusölufyrirtækjum, þannig að verðhækkunaráhrifum þessa verður að fullu eytt. Þessi aðgerð er talin kosta um 950 millj. kr. miðað við áætlað meðalverðlag 1988.

Þar sem virðisaukaskattur mun leggjast á vinnu iðnaðarmanna á byggingarstað, sem nú er undanþegin söluskatti, er gert ráð fyrir sérstökum aðgerðum til að vega upp á móti þeirri 5–7% hækkun byggingarkostnaðar sem af þessu hlýst.

Í frumvarpinu er miðað við að allur sá tekjuauki sem af þessu verður renni óskiptur til baka til íbúðarbyggjenda. Einkum koma til greina tvær leiðir til að koma þeim peningum til skila og hugsanlegt er að nýta þær báðar að einhverju marki. Annars vegar kemur til álita að fella niður vörugjald, 14%, sem nú leggst á ýmsar byggingarvörur, svo sem steypustyrktarjárn og raflagnaefni. Hins vegar er bent á þá leið að endurgreiða húsbyggjendum virðisaukaskatt af þeirri vinnu sem unnin er á byggingarstað, þó að vissu hámarki miðað við stærð húsnæðisins og fjölskyldustærð húsbyggjandans. Endurgreiðslur þessar gætu t.d. byggt á upplýsingum sem fram koma á húsbyggingarskýrslum og launamiðum sem húsbyggjendur skila árlega með skattframtölum sínum. Hér er um verulegar fjárhæðir að tefla. Miðað við byggingarkostnað vísitöluhússins gæti endurgreiðsla numið allt að 2500 kr. á fermetra.

Með þessu móti ætti að vera tryggt, að íbúðarhúsabyggjendur skaðist ekki af álagningu virðisaukaskattsins. Þess má geta, að byggjendur atvinnuhúsnæðis munu fá virðisaukaskatt sem þeir greiða dreginn frá þeim skatti sem þeir innheimta af viðskiptavinum sínum.

Setja þarf sérstakar reglur um endurgreiðslur þessar, en þær koma að sjálfsögðu ekki til framkvæmda fyrr en virðisaukaskattskerfið sjálft. Gefst því góður tími til að grandskoða þessa leið, sem og aðrar hugsanlegar leiðir að sama marki, áður en lögin taka gildi.

4. Söluskattur hér á landi.

Söluskattur hefur verið innheimtur hér á landi í einhverri mynd allt frá árinu 1945 að undanskildum árunum 1946 og 1947. Á árunum 1945 til 1960 var innheimtur fjölstigasöluskattur með nokkuð mismunandi hætti og var hann nefndur ýmsum nöfnum, svo sem veltuskattur, söluskattur, innflutningssöluskattur, framleiðslusjóðsgjald, útflutningssjóðsgjald, farmiðagjald og iðgjaldaskattur. Skattstofnar voru ólíkir eins og nöfnin benda til.

Með lögum nr. 62/1945 var fyrst innheimtur söluskattur hér á landi og nefndist hann þá veltuskattur. Náði hann til heildsölu, smásölu, framleiðslu og þjónustu. Skatturinn var því fjölstigaskattur, sem innheimtur var af heildarsölu á hverju viðskiptastigi. Veltuskatturinn var aðeins innheimtur á árinu 1945, en á næstu árum þar á eftir tóku við aðrar tegundir söluskatts með mismunandi nöfnum eins og fram er komið.

Með lögum nr. 10/1960 var tekið upp nýtt söluskattskerfi, en þau lög eru að stofni til enn í gildi.

Ef dregnir eru saman meginþættir þess söluskattskerfis, sem í gildi var fyrir breytinguna 1960, má segja að söluskatturinn hafi verið fjölstigaskattur, þar sem skattur var lagður á sölu á öllum stigum framleiðslu og dreifingar. Reyndist þetta kerfi mjög þungt í vöfum og erfitt að hafa raunhæft eftirlit með því undir lok gildistíma þess, m.a. vegna fjölda markatilvika og erfiðleika á að draga skýr mörk milli skattskyldrar og skattfrjálsrar sölu.

Með lögum nr. 10/1960, um söluskatt, var gerð mikilvæg breyting á álagningu og innheimtu söluskatts hér á landi frá því sem áður hafði verið. Innheimta söluskatts grundvallast enn á þeim lögum, þótt gerðar hafi verið nokkrar breytingar á þeim. Á tímabilinu frá 1960 til 1963 var, auk söluskattsins, innheimtur innflutningssöluskattur af tollverði innfluttrar vöru, en að öðru leyti á sú stutta lýsing, sem hér fer á eftir, við um gildandi söluskattsákvæði og framkvæmd þeirra.

Söluskattur er nú lagður á andvirði seldra vara og þjónustu í innlendum viðskiptum og á innfluttar vörur til eigin nota eða neyslu innflytjanda eins og nánar er ákveðið í lögum og reglugerðum. Söluskatturinn er almennt bundinn við síðasta stig viðskipta eða sölu til neytenda og er því einsstigssöluskattur. Frá þeirri meginreglu að vísu eru nokkrar undantekningar. Söluskattur leggst einnig á fjölmörg aðföng fyrirtækja, svo sem fjárfestingu, orku og ýmsar óvaranlegar rekstrarvörur og fæst þá yfirleitt hvorki endurgreiddur né frádreginn innheimtum skatti af sölu.

Allir þeir sem selja eða afhenda í atvinnuskyni vöru eða verðmæti og inna af höndum vinnu eða þjónustu eru skattskyldir með þeim takmörkunum sem lög og reglur ákveða. Þannig greiða t.d. fyrirtæki ríkis og sveitarfélaga söluskatt á sama hátt og aðrir söluskattsgreiðendur.

Fjölmargar undanþágur eru nú frá hinni almennu söluskattsskyldu við sölu á síðasta viðskiptastigi. Undanþágum verða ekki gerð hér tæmandi skil en drepið á þær helstu:

Vörur:

* Vörur sem seldar eru úr landi.
* Fiskumbúðir, veiðarfæri, salt og beita.
* Áburður, fóðurmjöl og hey.
* Eldsneyti fyrir flugvélar í flugrekstri, svartolía og gasolía.
* Varahlutir til skipa- og flugvélaviðgerða.
* Sala á fasteignum, skipum og flugvélum.
* Ýmsar vélar og tæki til fiskvinnslu og samkeppnisiðnaðar.

Þjónusta o.fl:

* Vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð, viðhald og endurbætur slíkra mannvirkja.
* Vinna við skipa- og flugvélaviðgerðir og veiðarfæraviðgerðir.
* Völuflutningar og fólksflutningar.
* Rekstur sjúkrahúsa o.þ.h.
* Sala á neysluvatni, heitu vatni og olíu. Enn fremur sala á rafmagni til húshitunar.
* Þjónusta banka og sparisjóða.

Á síðustu mánuðum hefur töluvert verið dregið úr undanþágum frá söluskatti. Á sl. sumri var söluskattur lagður á ný á tölvur og farsíma, sérstakur 10% söluskattur var lagður á ýmis matvæli frá 1. ágúst sl. og á sérfræðiþjónustu frá 1. september sl. Frá ársbyrjun 1988 komu til framkvæmda umfangsmiklar breytingar á lögum um söluskatt sem fólu í sér samræmingu og víkkun skattstofnsins, einkum á þann hátt að neysluvörur, sem áður báru sérstakan söluskatt eða voru skattfrjálsar, urðu söluskattsskyldar. Með þessum breytingum á söluskattskerfinu hefur jarðvegurinn fyrir upptöku virðisaukaskatts verið undirbúinn.

Veigamiklir gallar eru á söluskattskerfinu hér á landi eins og rakið var í kafla 2.1. Þar vega uppsöfnunaráhrifin og hin flóknu undanþáguákvæði þyngst. Söluskattskerfið hefur þó óneitanlega einnig nokkra kosti.

Framkvæmd söluskattskerfisins hefur verið afar ódýr og litlu verið til kostað. Þegar gerður er samanburður á kostnaði við framkvæmd einstakra skattkerfa verður þó um leið að íhuga hvort framkvæmdin á hverjum tíma fullnægi þeim kröfum sem talið er eðlilegt að gera til hennar, svo sem varðandi öryggi, eftirlit með skilum o.fl. Telja verður að svo hafi ekki verið að því er söluskatt og eftirlit með honum varðar, einkum með tilliti til hækkunar hans á síðustu árum og aukins mikilvægis í tekjuöflun ríkissjóðs. Af þessu leiðir að samanburður á kostnaði milli ýmissa skattkerfa verður vart raunhæfur miðað við núverandi framkvæmd.

Söluskattsskyldir aðilar eru hlutfallslega fáir miðað við heildarfjárhæð skattsins og er það tvímælalaust kostur. Því fylgir hins vegar nokkur áhætta að innheimta svo hátt söluskattshlutfall sem hér er gert á einu og sama viðskiptastiginu.

5. Þróun virðisaukaskatts í Evrópu.

Eftir fyrri heimsstyrjöld komu fyrst fram hugmyndir um innheimtu neysluskatta með því að skattleggja virðisauka, þ.e. þá verðmætissköpun sem verður til á hverju framleiðslustigi. Hugmyndinni um virðisaukaskatt var þó ekki hrint í framkvæmd í Evrópu fyrr en Frakkar komu á nýju skattkerfi á árinu 1955, en það byggðist í höfuðdráttum á reglunni um skattheimtu af virðisauka.

Með stofnun Efnahagsbandalags Evrópu árið 1957, síðar Evrópubandalagsins, var stigið skref sem átti eftir að hafa úrslitaáhrif á mótun og samræmingu skattkerfa í Evrópu. Markmiðið með stofnun bandalagsins var m.a. að stuðla að fríverslun innan aðildarríkjanna. Í upphafi var höfuðáhersla lögð á niðurfellingu innflutningsgjalda í viðskiptum innan bandalagsins. Fljótlega varð þó ljóst að mismunandi skattkerfi þjóðanna voru hemill á sókn þeirra að settu marki. Samræming skattlagningar vöru í viðskiptum innan landamæranna var ekki síður mikilvæg en samræming innflutningsgjalda.

Aðildarríkin settust því á rökstóla um þetta efni og eftir áralangar viðræður og rannsóknir á skattkerfum var ákveðið árið 1967 að samræma neysluskattkerfi landanna með því að taka upp virðisaukaskatt. Skyldi breytingin vera um garð gengin fyrir 1. janúar 1970. Þegar til kom varð þó af ýmsum framkvæmdaástæðum að veita rýmri tímamörk. Árið 1973 höfðu hins vegar öll ríkin sex, sem upphaflega stóðu að stofnun Evrópubandalagsins, tekið upp virðisaukaskattskerfi.

Sú samræming, sem átti sér stað á neysluskattkerfum Evrópubandalagsríkjanna, og þær rannsóknir, sem fóru fram á skattamálum í því sambandi, leiddu til þess að ýmsar Evrópuþjóðir, sem þá stóðu utan bandalagsins, tóku einnig upp virðisaukaskatt.

Danir innleiddu virðisaukaskatt árið 1967, Írar 1972, Englendingar 1973 og önnur ríki, sem síðar gengu í Evrópubandalagið, hafa fylgt í kjölfarið. Nokkur ríki Evrópu, sem nú standa utan bandalagsins, hafa einnig tekið upp virðisaukaskatt, t.d. Svíþjóð á árinu 1969 og Noregur á árinu 1970.

Þó að virðisaukaskattur hafi verið innleiddur í flestum löndum Vestur-Evrópu er framkvæmd við skattheimtu mjög mismunandi. T.d. er skatthlutfallið mjög breytilegt frá einu landi til annars, svo og hvaða starfsemi er skattskyld og hver ekki.

Í mörgum löndum Evrópu eru í gildi fleiri en eitt skatthlutfall eftir því hvaða starfsemi á í hlut. Eru skatthlutföll og skipting vöruflokka og þjónustu á þau mjög mismunandi eftir löndum. Þó er lægsta hlutfallið undantekningarlaust á matvöru og öðrum nauðsynjavörum.

Undanþágur og mismunandi skatthlutföll eru þó ekki í samræmi við þá grundvallarhugmynd sem liggur að baki virðisaukaskatti. Auk þess torveldar slík mismunun milli vörutegunda og þjónustu einfalda og réttláta framkvæmd skattheimtunnar.

Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hefur einungis verið notað eitt skatthlutfall með þeirri undantekningu að í Svíþjóð er ýmis þjónusta með lægra skatthlutfalli. Í Finnlandi er söluskattur með virðisaukaskattssniði, skatthlutfall er aðeins eitt, en kjöt og mjólkurvörur að mestu skattfrjálsar, þar sem skatturinn er endurgreiddur að stærstum hluta. Hér á eftir er yfirlit í grófum dráttum um fyrirkomulag virðisauka- og söluskatts í löndum OECD.

Yfirlit yfir álagningu söluskatts/virðisaukaskatts í aðildarríkjum OECD[1])

	Fjöldi þrepa	Skattþrep			Skattur á ýmis matvæli	Til samanburðar: Heildarskatttekjur hins opinbera í hlutfalli við landsframleiðslu[2])
		Almennt	Hæsta	Lægsta		
		%	%	%	%	%
I. Virðisaukaskattur						
1. Danmörk (EB)	1	22,0	.	.	22,0	50,3
2. Noregur	1	20,0	.	.	20,0	49,9
3. Svíþjóð	1	23,5	.	.	23,5	52,2
4. Finnland	1	19,0	.	.	(0,0) [3])	38,6
5. Nýja-Sjáland	1	10,0	.	.	10,0	34,3
6. V-Þýskaland (EB)	2	14,0	.	7,0	7,0	37,4
7. Holland (EB)	2	20,0	.	6,0	6,0	46,1
8. Bretland (EB)	2	15,0	.	0,0	0,0	39,1
9. Austurríki	3	20,0	32,0	10,0	10,0	42,3
10. Grikkland (EB)	3	18,0	36,0	9,0	(9,0)	35,1
11. Írland (EB)	3	25,0	.	0,0	0,0	40,2
12. Luxemborg (EB)	3	10,0	.	2,0	2,0	41,5
13. Portúgal (EB)	3	16,0	30,0	8,0	0,0	30,6
14. Spánn (EB)	3	12,0	33,0	6,0	6,0	30,3
15. Frakkland (EB)	4	18,6	33,3	5,5	5,5	45,1
16. Ítalía (EB)	4	18,0	38,0	2,0	2,0	34,7
17. Tyrkland	4	12,0	.	0,0	0,0	16,1
18. Belgía (EB)	6	19,0	33,0	1,0	6,0	46,9
II. Söluskattur						
19. ÍSLAND	1	25,0	.	.	25,0	29,1
20. Kanada	1	12,0	.	.	0,0	33,9
21. Sviss	1	6,2	.	.	0,0	31,1
22. Ástralía	3	20,0	30,0	10,0	0,0	30,3
23. Bandaríkin [4])	–	–	–	–	–	29,2
24. Japan [4])	–	–	–	–	–	28,0

[1]) Hér er almennt miðað við álagningu söluskatts á vörur í ársbyrjun 1987. Oftast eiga þessar upplýsingar líka við um útselda þjónustu, nema á Íslandi og í Svíþjóð, en þar er lægra skattþrep, 12%, á ýmissi þjónustu. Tölur fyrir Ísland taka þó mið af ákvæðum nýrra söluskattslaga sem komu til framkvæmda í upphafi þessa árs.

[2]) Yfirleitt miðað við árið 1986 skv. upplýsingum frá OECD. Til samanburðar má nefna að skatthlutfallið hér á landi er skv. afar lauslegum áætlunum talið 29,1% árið 1987 og gæti nálgast 31% árið 1988.

[3]) Í Finnlandi er stuðst við söluskatt með virðisaukaskattssniði, þ.e. endurgreiðslukerfi til þess að koma í veg fyrir uppsöfnun skatts á einstökum framleiðslustigum. Kjötvörur og mjólkurvörur eru undanþegnar skatti á fyrsta stigi framleiðslunnar, en ekki hinum síðari. Vegna sérstakra endurgreiðslureglna á þessum vörum má þó heita að þær séu því sem næst skattfrjálsar á endanlegu sölustigi.

[4]) Í Bandaríkjunum er ekki lagður á almennur söluskattur, heldur einungis í einstökum ríkjum. Í Japan er enginn söluskattur innheimtur.

Heimild: OECD, Working Papers No. 40: Tax Reform in OECD Countries, August 1987.

Stefnan innan Evrópubandalagsins var lengst af sú að samræma reglur aðildarríkjanna, þannig að eitt og sama hlutfall gilti um alla starfsemi innan hvers aðildarríkis. Almennt er viðurkennt, og kemur það fram í þeim skýrslum sem fjalla um þessi mál innan Evrópubandalagsins og raunar annarra samtaka svo sem OECD, að langæskilegast er að styðjast við eitt skatthlutfall sem leggst undantekningarlaust á allar vörur. Vilji menn leita leiða til þess að jafna kjör þegnanna sé heppilegra og mun árangursríkara að gera það með hækkun barnabóta og tilfærslna en með undanþágum og/eða margþrepa söluskatti. Um þetta eru menn sammála.

Þær hugmyndir sem nú eru uppi innan EB, þ.e. að virðisaukaskattur verði í tveimur stigum, 4–9% á ýmsar nauðsynjar og 14–19% á aðrar vörur, eru fyrst og fremst tilraun til þess að samræma og einfalda núgildandi kerfi innan EB, þar sem skattþrepin eru mishá og mismörg eða frá einu í Danmörku upp í sex í Belgíu. Ekki er að undra þótt menn treysti sér ekki að ganga lengra í samræmingarátt að þessu sinni en fækka þrepunum í tvö. Mjög langt er þó í land að slíkar tillögur nái fram að ganga og reyndar njóta þessar hugmyndir einungis stuðnings Þjóðverja og Hollendinga. Ljóst er því að þær sæta mikilli gagnrýni og eru nánast óframkvæmanlegar í sumum aðildarríkjanna, t.d. Danmörku, þar sem tekjur af virðisaukaskatti mundu rýrna um þriðjung ef farið yrði að tillögunum.

6. Almennur neysluskattur.

Almennur neysluskattur, sem komið gæti í stað söluskatts sem mikilvægasti tekjustofn ríkissjóðs á næstu árum, þarf að vera hlutlaus gagnvart framleiðslu, dreifingu og neyslu. Hann má því ekki mismuna einstökum framleiðsluaðferðum, viðskiptaháttum eða atvinnugreinum og ætti að hafa sem minnst áhrif á almennar neysluvenjur. Einnig skiptir miklu máli jafnt fyrir atvinnulífið sem ríkissjóð að ákvörðun skatts og innheimta sé eins einföld í framkvæmd og kostur er. Jafnframt þarf skattstofninn að vera glöggt afmarkaður og ótvíræður.

Til þess að skatturinn geti talist hlutlaus gagnvart atvinnulífinu eða dreifingu framleiðsluafla á einstakar greinar verður fjárhæð skattsins að vera óháð fjölda viðskiptastiga, þ.e. óháð því hve vara fer um mörg viðskiptastig áður en endanlegum neytanda er náð. Hundraðshluti skattfjárhæðar af vöruverði verður að vera sá sami hvar sem kaupandinn festir kaup á vörunni og hver sem framleiðsluaðferðin er, svo sem hvort vara er handunnin eða verksmiðjuframleidd. Skattkerfið ætti þannig ekki að hafa áhrif á það við hvaða dreifingaraðila kaupandi kýs að hafa viðskipti. Enn fremur verður kerfið að vera þannig úr garði gert að það hindri ekki eðlilega hagræðingu við framleiðslu eða dreifingu.

Hlutleysi skattsins gagnvart almennu neysluvali felst í því að hann hafi ekki áhrif á val neytenda á neysluvörum. Því markmiði verður best náð með því að skatturinn breyti ekki verðhlutföllum milli neysluvara.

Krafan um hlutleysi neysluskatts gagnvart utanríkisviðskiptum snertir bæði innflutning og útflutning. Að því er innflutning varðar felur hlutleysið í sér að skatturinn sé nákvæmlega jafnhár á innfluttri vöru og sams konar vöru sem framleidd er í landinu sjálfu og seld er á sama verði og hin innflutta vara. Jafnframt verður að undanþiggja útflutningsvörur skatti, þannig að skatturinn hafi ekki áhrif á samkeppnisstöðu íslenskrar útflutningsvöru á erlendum mörkuðum.

Það verður sífellt mikilvægara fyrir Íslendinga að skattkerfið sé hlutlaust gagnvart utanríkisviðskiptum því að aðflutningsgjöld hafa að undanförnu farið lækkandi og dregið hefur úr viðskiptahömlum. Breytingum í þá átt hefur enn fremur fylgt samræming

neysluskattskerfa flestra Vestur-Evrópuríkja, þar sem utanríkisviðskiptin eru gerð óháð slíkum skatti. Íslenskar útflutningsvörur, sem að einhverju leyti bera söluskatt, geta átt erfitt uppdráttar á erlendum mörkuðum í samkeppni við framleiðsluvörur annarra þjóða sem eytt hafa áhrifum söluskatts á framleiðsluverð.

7. Nánar um helstu einkenni virðisaukaskatts.

Virðisaukaskattur er neysluskattur eða söluskattur sem lagður er á söluverð vöru og þjónustu á öllum viðskiptastigum. Skatturinn er fjölstigaskattur þar sem fyrirtækjum, jafnt í frumgreinum, úrvinnslugreinum sem þjónustugreinum, er gert að innheimta skatt af heildarandvirði seldrar vöru og þjónustu. Skatturinn hefur hins vegar ekki margsköttun í för með sér því að við skil á skattinum í ríkissjóð mega fyrirtækin draga frá innheimtum skatti af heildarsölu, hér eftir nefndur **útskattur**, þann skatt sem þau greiða við kaup á vörum og hvers konar aðföngum, hér eftir nefndur **innskattur**. Þannig skilar hvert fyrirtæki í ríkissjóð aðeins skatti af virðisaukanum, sem hjá því myndast, þ.e. mismuninum á útskatti og innskatti.

Orðið **virðisauki** í þessu sambandi er þó fremur tæknilegt hugtak en hagrænt því að hér er ekki átt við hinn hagræna virðisauka, sem skapast í hverju fyrirtæki, heldur mismun milli ákveðinna stærða sem nánar er skilgreindur í þeim lögum og reglum sem um skattinn gilda.

Aðaleinkenni virðisaukaskattsins er að hann leggst í raun aðeins einu sinni á sama verðmætið, hversu oft sem það gengur milli viðskiptastiga. Skatturinn er því hlutlaus gagnvart söluverði til hins endanlega neytanda. Þessu marki er náð með frádráttarheimildinni á hverju viðskiptastigi sem áður var nefnd. Það er einkum þessi eiginleiki virðisaukaskattskerfisins sem skilur það frá öðrum söluskattskerfum, þar sem uppsöfnunaráhrifa söluskatts gætir mismunandi mikið eftir því hve varan eða verðmætin fara um mörg viðskiptastig áður en hinum endanlega neytanda er náð.

Með öðrum orðum, ef 22% virðisaukaskattur er innheimtur á öllum viðskiptastigum svarar heildarfjárhæð skattsins til 22% af söluverðinu til endanlegs neytanda. Þetta skal skýrt með dæmi. (Til einföldunar er gert ráð fyrir því að hrávöruframleiðandinn kaupi ekki aðföng til framleiðslunnar):

		Verð án VASK	Virðis-auki	VASK	Verð með VASK
Hrávöruframleiðandi	Kaup	0			0
	Sala	1.000	1.000	220	1.220
Framleiðandi sem fullvinnur vöru	Kaup	1.000			
	Sala	1.600	600	132	1.952
Heildsali	Kaup	1.600			
	Sala	1.800	200	44	2.196
Smásali	Kaup	1.800			
	Sala	2.300	500	110	2.806
Söluverð til neytanda		2.300			2.806
Virðisauki			2.300		
Virðisaukaskattur				506	

Af dæminu sést, að söluverð til neytanda, 2.300 kr., er jafnhátt virðisaukanum samtals á hverju viðskiptastigi og samanlagður virðisaukaskattur er 22% af þeirri fjárhæð, eða 506 kr.

Nemi heildarsala fyrirtækis á ákveðnu uppgjörstímabili samtals 1.600 kr. verður virðisaukaskatturinn, sem innheimtur er af viðskiptamönnum þess, 352 kr. miðað við að skatthlutfallið sé 22%. Sé gert ráð fyrir að fyrirtækið hafi keypt aðföng, þ.e. hráefni og aðrar rekstrarvörur, fyrir 1.000 kr. verður innskatturinn 220 kr. Fyrirtækinu ber því að skila í ríkissjóð virðisaukaskatti að fjárhæð 132 kr. eða mismuninum af útskatti og innskatti. Það skal tekið fram að uppgjör innskatts miðast við kaup á vörum og öðrum aðföngum á hverju uppgjörstímabili og skiptir því ekki máli hve mikið af vörunum er óselt í lok hvers tímabils.

Virðisaukaskattur er fjölstigaskattur eins og áður segir enda er hann innheimtur á öllum viðskiptastigum framleiðslu og dreifingar. Mætti því spyrja hvort skatturinn berist ekki fyrr í ríkissjóð en t.d. söluskattur á síðasta viðskiptastigi eins og sá sem nú er innheimtur hér á landi. Þessari spurningu verður að svara neitandi og skal það skýrt nánar.

Virðisaukaskatturinn er innheimtur á öllum stigum viðskipta eins og áður segir. Frádráttarheimild endurseljenda á innskatti veldur því hins vegar, að skatturinn rennur ekki í ríkissjóð fyrr en við sölu til hins endanlega neytanda. Fyrirtækin mega draga allan skatt af vörukaupum frá skatti af seldum vörum. Þau þurfa því almennt ekki að fjármagna skatt af vörubirgðum þar sem innskattur af þeim er dreginn frá útskatti af öðrum vörum við skil til ríkissjóðs eða fæst endurgreiddur. Þetta má skýra með dæmi þar sem framleiðsluvöru er fylgt í gegnum fjögur viðskiptastig á jafnmörgum greiðslutímabilum, sjá mynd hér á eftir.



RÍKISSJÓÐUR

Skoðum annað dæmi, þar sem innfluttu heimilistæki er fylgt um þrjú viðskiptastig á þremur uppgjörstímabilum.

Á fyrsta greiðslutímabili er tækið flutt til landsins og tollafgreitt. Við tollafgreiðslu greiðir heildsalinn virðisaukaskatt, sem tollyfirvöld skila í ríkissjóð. Um leið öðlast heildsalinn endurgreiðslurétt á ríkissjóð vegna greidds innskatts sem hann dregur frá útskatti af öðrum vörum við skil til ríkissjóðs eða fær endurgreiddan. Í lok fyrsta tímabils er tækið óselt í höndum heildsalans og ríkissjóður hefur ekki fengið skatt af því.

Á öðru greiðslutímabili selur heildsalinn tækið til smásala. Um leið innheimtir heildsalinn virðisaukaskatt af smásalanum og skilar skattinum í ríkissjóð en á sama tíma öðlast smásalinn endurgreiðslurétt hjá ríkissjóði vegna greidds innskatts af tækinu og dregur hann frá útskatti af öðrum vörum á öðru greiðslutímabili eða fær hann endurgreiddan. Í lok annars tímabils er tækið óselt í höndum smásalans og ríkissjóður hefur enn ekki fengið virðisaukaskatt af tækinu.

Á þriðja tímabili selur smásalinn tækið til endanlegs notanda, innheimtir af honum virðisaukaskatt og skilar honum í ríkissjóð. Þá loks fær ríkissjóður skattinn af heildarandvirði tækisins.

Ef tækið hefði farið um öll framangreind viðskiptastig á einu og sama greiðslutímabilinu, hefði ríkissjóður að sjálfsögðu fengið skatt af tækinu innan þess tíma. Einnig er rétt að geta þess að endurgreiðsluréttur sá sem að framan er nefndur jafnast oftast út á móti útskatti af annarri sölu.

8. Meginatriði frumvarpsins.

8.1 Skattskyldusviðið.

Virðisaukaskattur þarf í grundvallaratriðum að taka til allrar vöru og þjónustu ef hann á að ná þeim markmiðum sem stefnt er að með upptöku slíks kerfis. Eins og áður er nefnt er nær útilokað að undanþiggja einstakar vörutegundir virðisaukaskatti á smásölustigi eins og nú er gert í söluskattskerfinu auk þess sem undanþága einstakra vörutegunda á fyrri stigum mundi gera kerfið erfitt í framkvæmd.

Frá sjónarmiði hins opinbera er mikilvægt, að skattskyldan sé sem almennust, en það gefur einnig möguleika á að beita lægra skatthlutfalli en ella. Víðtæk skattskylda hefur úrslitaþýðingu um framkvæmd slíks kerfis og öryggi þess. Jafnframt er víðtæk skattskylda forsenda hlutleysis gagnvart neysluvali og framleiðsluaðferðum eins og áður er komið fram.

Með hliðsjón af framanrituðu er meginregla frumvarpsins sú að öll almenn sala skráðra fyrirtækja á vörum og þjónustu er skattskyld. Til skattskyldrar sölu telst öll sala, hvort sem er til annarra fyrirtækja eða neytenda, og teljast vörur, sem eigandi tekur út til eigin nota, til hinnar skattskyldu veltu. Það verðmæti, sem útskatturinn er reiknaður af, er andvirði hinnar seldu vöru eða þjónustu.

Þrátt fyrir þá áherslu sem hér hefur verið lögð á víðtæka skattskyldu er tæknilega mögulegt að halda afmörkuðum þáttum utan skattskyldunnar og stundum getur verið hagræði af því í framkvæmd. Í öllum löndum, sem tekið hafa upp virðisaukaskatt, eru einhverjar undanþágur frá hinni almennu skattskyldu.

Eins og áður er komið fram gera grundvallarreglur virðisaukaskattkerfisins ráð fyrir fullri undanþágu á sölu úr landi. Einnig er hugsanlegt að undanþiggja sölu á skýrt afmörkuðum vörum eða þjónustu sem ekki hefur í för með sér mismun á samkeppnisaðstöðu eða erfiðleika í framkvæmd.

Undanþágur frá virðisaukaskatti eru í grundvallaratriðum tvenns konar. Annars vegar er ákveðnum þjónustusviðum haldið algjörlega utan kerfisins. Þessi svið eru upp talin í 3. mgr. 2. gr. Meðal þeirra má nefna þjónustu sjúkrahúsa og hliðstæðra stofnana, félagslega þjónustu ýmiss konar, þjónustu lækna og tannlækna, þjónustu banka, vátryggingarstarfsemi

o.fl. Þessir aðilar verða þó að greiða innskatt af aðföngum og fá hann ekki frádreginn þar sem þeir innheimta ekki útskatt af þjónustu sinni. Þeir eru þannig ekki undanþegnir skattskyldunni, þar sem þeir bera innskattinn, en undanþágan frá skráningarskyldunni mun í þessum tilvikum einfalda framkvæmd kerfisins án þess að fórnað sé öðrum umtalsverðum hagsmunum. Hliðstæðar reglur eru settar um smáfyrirtæki, sbr. 3. tölul. 4. gr.

Hinn meginflokkur undanþága felst í því að heimilt er við ákveðnar aðstæður að draga endurgjald fyrir vöru eða þjónustu frá heildarveltu við uppgjör skattsins. Þessar undanþágur eru taldar upp í 12. gr. frumvarpsins. Meðal þeirra má nefna vörur og þjónustu sem seld er úr landi, sölu skipa og flugvéla og flutninga milli landa. Áhrif þessarar undanþágu eru mun víðtækari en hinnar fyrrnefndu, þar sem þeim, sem hana hafa, er líka oftast heimilt að draga frá innskatt, þannig að engin uppsöfnun skatts á sér stað í verði hinnar undanþegnu vöru og þjónustu.

8.2 Skráningarskylda fyrirtækja.

Samkvæmt núgildandi söluskattskerfi eru allir, sem stunda í atvinnuskyni viðskipti með söluskattsskylda vöru eða þjónustu, skyldir til að tilkynna skattstjóra um starfsemi sína. Þeir eru síðan skráðir og fá skírteini sem heimila þeim kaup án söluskatts á ákveðnum vörum og þjónustu til endursölu. Skráningarskyldan takmarkast þannig við þá sem reka söluskattsskyld viðskipti.

Samkvæmt frumvarpinu verða allir virðisaukaskattsskyldir aðilar skráningarskyldir á sama hátt og þeir sem eru söluskattsskyldir í núgildandi kerfi. Einnig þarf að skrá fyrirtæki ríkis eða sveitarfélaga sem selja vörur og þjónustu á almennum markaði í samkeppni við önnur fyrirtæki. Ekki er þörf fyrir áður nefnd heimildarskírteini sem nú eru notuð þar sem almenna reglan er sú að allar vörur og önnur aðföng eru keypt með skatti.

Af hagkvæmnisástæðum er ýmislegt sem mælir með því að halda smáfyrirtækjum utan við skráningarskylduna. Þetta er gert með því að ákveða að fyrirtæki, sem hafa veltu undir 100.000 kr. á ári, þurfa ekki að láta skrá sig. Undanþága smáfyrirtækja frá skráningarskyldu leiðir til þess að þau þurfa ekki að greiða skatt af sölu sinni og fá ekki heimild til frádráttar á innskatti af vörukaupum eða öðrum aðföngum. Þar sem óskráð fyrirtæki þurfa ekki að skila skatti af sölu sinni verður skatturinn ekki sérgreindur á sölureikningum þeirra. Skrásett fyrirtæki, sem kaupa aðföng af óskrásettum fyrirtækjum, fá því ekki frádreginn neinn innskatt af þessum kaupum.

Um skráningarskyldu vísast að öðru leyti til 5. gr. frumvarpsins og II. ákvæðis til bráðabirgða sem og til athugasemda við 5. gr.

8.3 Utanríkisviðskipti.

Almenna reglan er sú að virðisaukaskattur er greiddur af allri sölu á vöru og þjónustu án tillits til þess hver kaupandinn er. Sala úr landi er þó undantekning frá þessari meginreglu, sbr. 12. gr. Hliðstætt því sem nú gildir um söluskattinn eru skráð fyrirtæki í raun undanþegin virðisaukaskatti af sölu úr landi. Þau fá að draga innskatt af aðföngum frá innheimtum útskatti af sölu á innanlandsmarkaði eða fá hann endurgreiddan að svo miklu leyti sem hann er hærri en útskatturinn, sbr. 26. gr.

Við skattlagningu á innfluttar vörur koma aðallega tvær aðferðir til greina. Önnur þeirra gerir ráð fyrir innheimtu virðisaukaskatts af öllum innfluttum vörum strax við tollmeðferð. Með hinni aðferðinni er skatturinn aðeins innheimtur af innflutningi til neytenda við tollmeðferð, en skráð fyrirtæki greiða ekki skatt við tollmeðferð innflutnings.

Þegar fyrri aðferðin er notuð skiptir ekki máli hver innflytjandinn er því að skatturinn er innheimtur hvort sem um er að ræða neytanda eða skráð fyrirtæki sem flytur inn til endursölu. Þegar skráð fyrirtæki flytur inn vörur fær það virðisaukaskattinn, sem það greiðir við tollmeðferð, frádreginn útskatti af sölu og skilar mismuninum í ríkissjóð.

Telja verður að fyrri aðferðin, þ.e. innheimta virðisaukaskatts strax við tollmeðferð, sé öruggari í framkvæmd hér á landi, m.a. með tilliti til þeirra erfiðleika sem á því eru að ákvarða við tollmeðferð vöru til hvaða nota hún er ætluð. Þetta vandamál er vel þekkt í núgildandi söluskattskerfi hér á landi. Er því gert ráð fyrir að fyrri aðferðin verði lögleidd, sbr. ákvæði XI. kafla frumvarpsins.

8.4 Frádráttarheimildin.

Heimild fyrirtækja til að draga innskatt af aðföngum frá útskatti af sölu er veigamesta einkenni virðisaukaskattskerfisins. Með henni er komið í veg fyrir tvísköttun eða uppsöfnun skatts í framleiðslu- og dreifingarkostnaði.

Ef stefna á að algjöru hlutleysi virðisaukaskatts verður að fylgja þeirri grundvallarreglu að skráð fyrirtæki hafi heimild til að draga allan innskatt frá útskatti. Þess vegna er ekki nægilegt að frádráttarheimildin nái til innskatts af fullunnum vörum, sem keyptar eru í þeim tilgangi að selja þær aftur í óbreyttri mynd, eða hráefnum og hálfunnum vörum sem keyptar eru til frekari vinnslu. Heimildin nær til innskatts af hvers konar aðföngum, svo sem vélum, fasteignum, flutningatækjum, skrifstofuvélum og öðrum tækjum og efni sem á þarf að halda við reksturinn. Enn fremur nær heimildin til innskatts af öllum öðrum rekstrarkostnaði til að ná algjöru hlutleysi skattsins.

Reglur um frádrátt á innskatti af kaupum á fastafjármunum, svo sem vélum, áhöldum og fasteignum, eru nokkuð mismunandi í ríkjum sem tekið hafa upp virðisaukaskattskerfi. Tvær aðferðir eru einkum notaðar. Önnur þeirra gerir ráð fyrir fullri frádráttarheimild á innskattinum um leið og kaup á fastafjármunum fara fram. Hin reglan dreifir hins vegar frádráttarheimildinni á nokkur ár frá því að kaupin fara fram, hliðstætt því sem gert er með afskriftum. Þar sem síðari aðferðin er notuð verða fyrirtækin að fjármagna virðisaukaskattinn þann tíma, sem tekur að fá hann endurgreiddan eða dreginn frá útskatti. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að fyrrnefnda aðferðin verði notuð.

Enda þótt meginreglan sé sú að heimilt sé að draga innskattinn frá útskatti við skil til ríkissjóðs er samt sem áður eðlilegt að takmarka frádráttarheimildina í nokkrum tilvikum. Kaup aðfanga eða kostnaður getur verið þess eðlis að ekki sé eðlilegt að veita fullan frádrátt á innskatti. Að sjálfsögðu er innskattur af einkaneyslu eiganda fyrirtækis ekki frádráttarbær. Sama gildir um vörur og önnur aðföng sem notuð eru til að greiða starfsfólki laun í hlunnindum eða með öðrum hætti. Til dæmis er ekki eðlilegt að innskattur af matvælum til starfsfólks fáist frádreginn. Sama má segja um byggingarkostnað við íbúðir starfsfólks, barnaheimili og annan kostnað sem snertir á einhvern hátt kjör starfsfólksins. Skerðing frádráttarheimildarinnar að þessu leyti er eðlileg af því að vinnulaun eru þáttur í virðisauka hvers fyrirtækis. Í þessu sambandi á ekki að skipta máli með hvaða hætti launin eru greidd eða á hvern hátt búið er að starfsfólkinu.

Réttmætt getur verið að takmarka frádráttarheimildina á fleiri sviðum en hér hefur verið nefnt og er það víða gert. Þar má nefna risnu, bifreiðakostnað og önnur útgjöld sem tengjast oft persónulegri neyslu eigenda eða starfsmanna. Vísast um þetta til 16. gr.

Þeir sem reka óskráð fyrirtæki verða að teljast neytendur þeirra aðfanga sem notuð eru í fyrirtækjum þeirra. Þeir fá því ekki að draga innskatt af keyptum aðföngum frá útskatti eins og áður er lýst.

Hugsanlegt er að einstaka skráningarskylt fyrirtæki hafi jafnframt með höndum starfsemi sem virðisaukaskattur tekur ekki til. Þegar þannig stendur á fá fyrirtækin ekki að draga frá innskatt af aðföngum þess hluta rekstrarins sem fellur utan ramma virðisaukaskattsins. Vegna þeirra erfiðleika, sem geta verið á því að komast að réttri niðurstöðu um frádrátt í slíkum blönduðum rekstri, er nauðsynlegt að afmarka hið skattskylda svið þannig að slík blönduð fyrirtæki verði eins fá og tök eru á.

Takmörkun eða skipting frádráttar á innskatti kemur einnig til þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru bæði notaðir í atvinnurekstri og til einkanota. Búi verslunareigandi t.d. í sama húsi og verslunin er í verður að skipta innskatti af byggingarkostnaði og rekstrarkostnaði fasteignarinnar þannig að einungis komi til frádráttar sá innskattur sem varðar sjálfan verslunarreksturinn.

8.5 Bókhald og uppgjör.

Fyrirtækjum er gert að innheimta virðisaukaskatt af sölu, gera hann upp og skila í ríkissjóð á grundvelli skráningar í bókhaldi. Verða því að liggja fyrir greinilegar upplýsingar um skatt af sölu og skatt af keyptum aðföngum á hverju uppgjörstímabili. Hefur VIII. kafli frumvarpsins að geyma allítarleg ákvæði um þessi atriði og vísast um þau að mestu leyti til athugasemda við þann kafla.

Í löndum sem tekið hafa upp virðisaukaskatt eru skattskilin ýmist miðuð við afhendingartíma hins selda og aðfanga og bókhaldslega færslu þeirra eða peningalegar greiðslur. Fyrri aðferðina mætti nefna **reikningsaðferð** (afhendingaraðferð) en hina síðari **greiðsluaðferð**. Yfirleitt er önnur hvor aðferðin notuð sem aðalregla, en sums staðar geta fyrirtæki valið milli þessara aðferða eða fengið heimild til að víkja frá aðalreglunni í vissum tilvikum.

Þegar reikningsaðferðin er notuð eru skattskilin miðuð við afhendingartíma vöru og aðfanga eins og áður segir og skiptir því ekki máli hvort keypt er eða selt með gjaldfresti. Þessi aðferð er notuð í gildandi söluskattskerfi hér á landi.

Með greiðsluaðferðinni kemur útskatturinn ekki til uppgjörs fyrr en andvirði hins selda er greitt fyrirtækinu. Útskattur af staðgreiðslusölu kemur til uppgjörs á sama tíma samkvæmt báðum aðferðum, en skil á útskatti af lánssölu eiga sér ekki stað eftir greiðsluaðferð fyrr en hún er greidd. Þegar greiðsluaðferðin er notuð varðandi útskatt verður jafnframt að nota hana við uppgjör á innskattinum, þannig að hann kemur ekki til frádráttar útskatti fyrr en við greiðslu aðfanganna.

Það er nokkuð mismunandi eftir atvinnugreinum eða tegundum fyrirtækja hvor uppgjörsleiðin kemur sér betur fyrir fyrirtækin. Fyrirtæki sem selja hlutfallslega meira með gjaldfresti en nemur gjaldfresti þeirra á innkaupum aðfanga hefðu t.d. hag af greiðsluaðferðinni en þar sem þessu er öfugt farið væri sú leið óhagstæðari.

Það yrði yfirleitt mun flóknara og fyrirhafnarmeira fyrir fyrirtæki að nota greiðsluaðferðina. Við innborganir og útborganir upp í viðskipti yrði skatturinn ekki sérgreindur á kvittunum og yrði því að reikna skattinn út í hvert sinn. Innborganir vegna skattskyldrar sölu og útborganir vegna innkaupa, sem veita heimild til frádráttar á innskatti, yrðu að færast í sérstaka reikninga í bókhaldi eða færast í sérstakt bókhald til þess að uppgjör skattsins yrði mögulegt.

Við reikningsaðferðina er byggt á mótteknum og afhentum reikningum um kaup og sölu þar sem skatturinn kemur sérstaklega fram. Að því leyti er sú aðferð skýrari og einfaldari og hún fellur einnig betur að almennum bókhaldsvenjum en greiðsluaðferðin.

Margt mælir því með reikningsaðferðinni og er í frumvarpinu lagt til að hún verði lögleidd sem almenn regla við uppgjör virðisaukaskatts.

Telja verður að upptaka virðisaukaskatts í stað söluskatts hafi í för með sér aukna fyrirhöfn fyrir þau fyrirtæki sem ekki innheimta söluskatt en munu innheimta virðisaukaskatt. Einnig veldur frádráttarheimildin á innskatti því að meiri kröfur verður að gera til bókhalds að því er varðar skráningu og gögn um kaup á aðföngum.

Upptaka virðisaukaskatts í stað söluskatts þarf ekki að leiða til aukinnar fyrirhafnar hjá þeim fyrirtækjum sem nú innheimta söluskatt, e.t.v. með mjög mörgum og flóknum undanþágum. Það veltur þó allt á því að sú víðtæka og afdráttarlausa skattskylda, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, haldist.

8.6 Skil á skatti.

Með sama hætti og nú á sér stað um söluskatt verða skráð fyrirtæki að gera skil á innheimtum virðisaukaskatti með ákveðnu millibili. Skilunum þurfa að fylgja upplýsingar um útskatt og innskatt á hverju greiðslutímabili.

Samkvæmt gildandi söluskattslögum er aðalreglan sú að greiða skuli söluskatt mánaðarlega. Fellur hann í gjalddaga 15. næsta mánaðar eftir uppgjörsmánuð og er eindagi skattsins 10 dögum síðar.

Vinna skattyfirvalda og framteljanda vex eftir því sem uppgjörstímabilum fjölgar. Að þessu leyti er því hagkvæmara að uppgjörstímabilin séu lengri og færri. Hins vegar hafa löng uppgjörstímabil í för með sér langan gjaldfrest á skattgreiðslum til handa fyrirtækjum og þar með minnkandi raungildi skatttekna ríkissjóðs ef verðbólga er veruleg. Auk þess verða skattfjárhæðir, sem fyrirtækin verða að greiða hverju sinni, hærri. Af því leiðir einnig að meiri sveiflur verða á innstreymi skatts í ríkissjóð og á greiðslugetu fyrirtækjanna. Á það ber hins vegar að líta að við upptöku virðisaukaskatts í stað söluskatts lækkar sú skattfjárhæð sem hverju fyrirtæki ber að skila í ríkissjóð. Með hliðsjón af þessum atriðum er lagt til í frumvarpinu að árlegum uppgjörstímabilum verði fækkað úr 12 í 6. Þá er lagt til að eindagi skattsins verði 5. dag annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

Lengra uppgjörstímabil með þessum hætti leiðir að sjálfsögðu til þess að tekjur ríkissjóðs af skattinum hliðrast til og verða þess vegna minni á því ári sem breytingin gengur yfir. Benda lauslegar áætlanir til þess að tekjulækkun af þessum sökum gæti orðið um 8–9% og jafngildir það um 4% af heildartekjum ríkissjóðs á því ári. Til þess að draga úr tekjutapi ríkissjóðs af þessum sökum er í III. bráðabirgðaákvæði lagt til að uppgjörstímabil að hausti, þ.e. september–október, verði á fyrsta ári nokkru lengra, eða til miðs nóvembers. Í þessu felst að á árinu 1989 innheimtist virðisaukaskattur fyrir fjóra og hálfan mánuð í stað fjögurra mánaða að réttu lagi, og fimm mánaða ef um óbreytt fyrirkomulag söluskatts væri að ræða. Á árinu 1990 innheimtist virðisaukaskattur fyrir ellefu og hálfan mánuð en eftir það tólf almanaksmánuði á hverju ári.

8.7 Sérreglur um landbúnað.

Landbúnaður hefur um margt sérstöðu sem leiðir til þess að eðlilegt virðist að lögleiða sérstakar reglur um virðisaukaskatt í þeirri grein. Stór hluti þeirrar fjölgunar framteljenda, sem verður við upptöku virðisaukaskattskerfis, kemur úr þessari grein. Því er mikilvægt að finna leiðir sem gætu einfaldað virðisaukaskattsuppgjör í landbúnaði. Í X. kafla frumvarpsins er að finna tillögur í því efni.

Búrekstur er eina atvinnugreinin í landinu sem yfirleitt er ekki háð bókhaldsskyldu samkvæmt ákvæðum laga um bókhald. Það verður því afar mikilvægt að laga virðisaukaskattskerfið þannig að landbúnaðinum að framkvæmd þess valdi ekki verulegri fyrirhöfn fyrir bændur og skattyfirvöld. Enn fremur má benda á að landbúnaðurinn hefur nokkra sérstöðu að því er varðar tekjustreymi, en tekjur bænda koma oft inn á öðrum tíma en rekstrarkostnaður fellur til. Segja má að í landbúnaði séu margar litlar rekstrareiningar sem selja nær allar afurðir sínar til fárra vinnslustöðva. Frá þeirri meginreglu eru fáar undantekningar.

Framangreind atriði, og reyndar fleiri, valda því að ástæða er til að huga að sérstakri meðferð landbúnaðarins í virðisaukaskattskerfi hér á landi eins og gert hefur verið í flestum öðrum löndum sem tekið hafa upp þetta kerfi.

Í frumvarpi því um virðisaukaskatt, sem lagt var fyrir Alþingi árið 1986, var gert ráð fyrir að bændur innheimtu 11% skatt af þeim afurðum sem lagðar væru inn hjá vinnslustöðvum landbúnaðarins í stað almenns 24% skatthlutfalls. Þessi skattur samsvaraði þeim innskatti sem áætlað var að bændur greiddu að meðaltali af aðföngum sínum. Vinnslustöðvarnar áttu að innheimta skatt samkvæmt hinu almenna skatthlutfalli. Þá áttu bændur að gera skil einu sinni á ári með skattframtali sínu til tekjuskatts og eignarskatts. Með þessum hætti

var stefnt að því að auðvelda skattskil og jafnframt að sjá til þess að framleiðendur fengju innskattinn endurgreiddan við sölu afurða sinna með þeim 11% skatti sem vinnslustöðvarnar greiddu þeim.

Bent hefur verið á að lægra skatthlutfall hjá bændum geti orkað tvímælis og sé þeim jafnvel óhagstætt þar sem gert er ráð fyrir að þeir innheimti að meðaltali jafnháan innskatt og þeir greiða af aðföngum sínum og njóti því ekki hagræðis af að vera um tíma með skatt af virðisaukanum í veltunni. Enn fremur er ljóst að langur uppgjörstími hjá bændum getur valdið þeim erfiðleikum sem verða að bíða lengi eftir tekjum af afurðasölu sinni en þurfa á sama tíma að binda fjármagn í innskatti.

Í frumvarpi þessu er lagt til að uppgjörstími bænda verði sex mánuðir í stað tólf í eldra frumvarpi og jafnframt að þeir innheimti skatt með sama hlutfalli og aðrir. Er þetta sama fyrirkomulag og t.d. í Danmörku.

Sú breyting, að bændur innheimti skatt með sama skatthlutfalli og aðrir, hefur þau áhrif að þeir eru að jafnaði með meiri útskatt en innskatt í rekstri sínum. Veltufé bænda eykst því með þessu móti, en eins og sést í dæmunum hér á eftir hefði þetta veltufé samkvæmt fyrra frumvarpi verið hjá vinnslustöðvunum.

Í dæmi 1 eru sýnd skattskil hjá bónda með 11% skatthlutfall og vinnslustöð og smásala með 22% skatthlutfall. Sjá má að bóndinn skilar engum skatti, vinnslustöðin skilar 22 kr. og smásalinn 11 kr. Í dæmi 2 er gert ráð fyrir að allir séu með sama skatthlutfall, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, og þá sést að skattskil vinnslustöðvarinnar hefur lækkað um 11 kr. en bóndinn á nú að skila þessum mismun. Smásalinn skilar sama skatti og áður.

DÆMI 1

Landbúnaður með 11% skatt hjá bændum en 22% skatt hjá öðrum.

	Verð án skatts	Innskattur	Útskattur	Skil
Bóndi	kr.	kr.	kr.	kr.
Innkaup	50	11		
Sala	100		11	0
Vinnslustöð				
Innkaup	100	11		
Sala	150		33	22
Smásali				
Innkaup	150	33		
Sala	200		44	11
Samtals				33

DÆMI 2

Landbúnaður með 22% skatt á öllum stigum.

	Verð án skatts	Innskattur	Útskattur	Skil
Bóndi	kr.	kr.	kr.	kr.
Innkaup	50	11		
Sala	100		22	11
Vinnslustöð				
Innkaup	100		22	
Sala	150		33	11
Smásali				
Innkaup	150	33		
Sala	200		44	11
Samtals				33

8.8 Byggingarstarfsemi.

Samkvæmt gildandi söluskattsákvæðum er sala bygginga og hvers konar fasteigna undanþegin söluskatti. Vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð, svo og vinna við endurbætur og viðhald, er einnig undanþegin söluskatti. Undanþágan á þó ekki við um vinnu við framleiðslu byggingarvara eða byggingarhluta sem fram fer í verksmiðju eða á verkstæði heldur tekur hún einungis til vinnu á byggingarstað. Söluskattsskyldan við húsagerð og aðra mannvirkjagerð nær því einungis til efniskostnaðar við mannvirkjagerð og þar með til þeirra hluta sem framleiddir eru í verksmiðjum eða unnið er að á verkstæðum. Sömu reglur gilda um viðhald mannvirkja.

Ókostur þessarar undanþágu er sá að söluskatturinn verður hærri á verksmiðjuframleiddum byggingarhlutum en þeim sem unnir eru með hefðbundnum byggingaraðferðum. Þessi ókostur er tilfinnanlegur og kann að standa í vegi fyrir hagræðingu í byggingariðnaði, enda þótt nokkuð hafi verið úr þessu dregið með sérreglum um verksmiðjuframleidd íbúðarhús. Er aðkallandi að bæta hér úr þannig að söluskatturinn mismuni ekki framleiðslu- og byggingaraðferðum.

Vegna þess að áður nefnd undanþága miðast við það hvar vinnan fer fram getur verið afar erfitt fyrir byggingarfyrirtæki að ákvarða skiptingu milli söluskattsskyldrar og söluskattsfrjálsrar sölu. Enn fremur hafa skattyfirvöld litla möguleika til að sannreyna þá skiptingu með nákvæmni. Á þetta t.d. við um innréttingasmíði og uppsetningu þeirra sem yfirleitt fer fram bæði á verkstæði og byggingarstað.

Þegar vinna og efni er selt í einu lagi, t.d. eftir tilboði, getur einnig orðið torvelt að ákvarða skiptingu milli efnis og söluskattsskyldrar vinnu annars vegar og undanþeginnar vinnu hins vegar.

Við upptöku virðisaukaskatts hér á landi verða allir, sem reka sjálfstæða starfsemi í byggingariðnaði, skráningarskyldir. Verða þeir að innheimta virðisaukaskatt af sölu sinni eins og aðrar greinar atvinnurekstrar. Áætla má að gjaldendum fjölgi um 3000 í þessari grein.

Undanþága á sölu byggingarfyrirtækja frá virðisaukaskatti á hliðstæðan hátt og nú á sér stað í söluskattskerfinu hefði margvíslega ókosti í för með sér. Með því væri vikið frá grundvallarreglum kerfisins með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Vandamálin við söluskatt í byggingariðnaði nú yrðu þau sömu, og að svo miklu leyti sem hægt væri að leysa þau yrði að gera það með sama hætti. Undanþágan hefur þann kost helstan að gjaldendur yrðu færri í kerfinu.

Því er gert ráð fyrir í frumvarpinu að full skattskylda verði jafnt á vinnu við húsbyggingar og mannvirkjagerð sem efniskostnað. Full skattskylda hefur í för með sér talsverða hækkun á byggingarkostnaði einkaaðila, ríkis og sveitarfélaga. Skráð fyrirtæki fá hins vegar að draga innskattinn frá útskatti.

Með endurgreiðslum til húsbyggjenda, sbr. kafla 3.1 hér að framan, er komið í veg fyrir að virðisaukaskattur leiði til hækkunar á byggingarkostnaði íbúðarhúsnæðis.

8.9 Skatthlutfallið.

Í 14. gr. frumvarpsins er kveðið á um að skatthlutfallið skuli vera 22%. Þetta má bera saman við þann 25% söluskatt, sem nú er í gildi, og hugmyndir um 24% virðisaukaskatt skv. frumvarpi því sem lagt var fram haustið 1986. Ljóst er að með þessari lækkun skatthlutfallsins er teflt á nokkuð tæpt vað með tekjuöflun ríkissjóðs. Margt mælir með því, að fremur verði dregið úr vægi söluskatts í heildartekjum ríkissjóðs, en aðrir tekjustofnar styrktir ef nauðsyn krefur. Hlutur söluskatts í heildartekjum ríkisins er áætlaður um 50% á árinu 1988 og er óvíða eða hvergi hærri. Þetta þarf þó að skoðast með hliðsjón af því að hlutfall heildarskatta af landsframleiðslu hér á landi er með því lægsta sem þekkist. Þar munar fyrst og fremst um lægri beina skatta á einstaklinga. Lækkun skatthlutfalls dregur úr tilhneigingu til undandráttar, hefur jákvæð áhrif á verðlagsþróun innan lands og styrkir samkeppnisstöðu

innlendrar verslunar gagnvart útlöndum, svo að nokkuð sé nefnt. Hér á eftir verður í stuttu máli leitast við að gera grein fyrir þeim útreikningum sem liggja að baki áætlunum um skatthlutfallið.

Miðað er við það að skatthlutfall verði aðeins eitt, sbr. það sem segir um ókosti margra skatthlutfalla hér að framan. Svið skattskyldunnar er markað í 2. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um undanþágu frá útskatti, svo og í 12. gr. sem tekur til undanþágu bæði á innskatti og útskatti.

Eftir að svið skattskyldunnar hefur verið afmarkað er unnt að áætla skatttekjur miðað við tiltekið skatthlutfall eins og nánar er lýst hér á eftir. Byggt er á spá Þjóðhagsstofnunar um landsframleiðslu ársins 1987 og innbyrðis skiptingu hennar það ár. Tegundarsundurliðun einkaneyslunnar er að mestu með sama hætti og árin 1983—84. Fyrst eru metin þau verðmæti sem ráðstafað er til endanlegra nota í þjóðarbúskapnum og verða mundu skattskyld við álagningu virðisaukaskatts. Þetta er hin svonefnda ráðstöfunaraðferð þjóðhagsreikninga en samkvæmt henni er landsframleiðslunni skipt upp í einkaneyslu, samneyslu, fjármunamyndun, útflutning og innflutning. Þessar tölur eru jafnan á markaðsverði sem þýðir að óbeinir skattar, eins og söluskattur, eru þá meðtaldir í verði vörunnar.

Við mat á fjárhæðum er áætluð einkaneysla ársins 1987 því fyrst lækkuð um álagðan söluskatt á því ári. Þannig fæst skattstofn virðisaukaskattsins í einkaneyslu áður en tekið hefur verið tillit til undanþágu frá skattinum. Í 2. gr. frumvarpsins eru undanþágurnar í einkaneyslu taldar upp. Munar þar mestu um útleigu íbúðarhúsnæðis sem þá leiðir einnig til undanþágu á reiknaðri eigin leigu íbúðarhúsnæðisins eins og hún er áætluð í einkaneyslunni. Þá má einnig nefna fólksflutninga á landi og með flugi og nokkra smærri liði. Alls er hér gert ráð fyrir því að um 80% af einkaneyslunni yrðu skattskyld í virðisaukaskattskerfinu. Til samanburðar má geta þess að eftir álagningu söluskatts á matvöru og ýmsa þjónustu frá ársbyrjun 1988 leggst söluskattur á um 75% einkaneyslunnar. Skattskyldan víkkar því talsvert. Í töflu 1 kemur fram hvernig skattskyldan skiptist á einstaka flokka einkaneyslu, eins og matvæli, drykkjarvörur o.s.frv. frá ársbyrjun 1988. Í töflu 1 er einnig sýnd hliðstæð skipting eftir upptöku virðisaukaskatts.

TAFLA 1

Söluskattur og virðisaukaskattur af einkaneyslu á verðlagi ársins 1987 (m.kr.)

		Þar af:		Fjárhæðir alls með skatti		
	Fjárhæð alls án sölusk.	Stofn sölu-skatts	Stofn virðis-aukask.	Með núv. sölu-skatti	Með 22% VASK	Með 25% VASK
1. Matvæli	23.702	23.702	23.702	29.628	28.916	29.628
2. Drykkjarvörur og tóbak	7.035	7.035	7.035	8.794	8.583	8.794
3. Fatnaður	9.659	9.659	9.659	12.074	11.784	12.074
4. Húsnæði, ljós og hiti*	22.776	3.670	9.053	23.694	23.961	24.123
5. Húsgögn, húsbúnaður o.fl.	11.911	10.935	10.935	14.645	14.317	14.645
6. Lyf og læknishjálp	1.431	791	791	1.629	1.605	1.629
7. Flutningatæki og samgöngur	17.670	14.085	14.085	21.191	20.769	21.191
8. Tómstundaiðja, skemmtanir, menntun og menningarmál	10.185	6.281	8.397	11.755	12.032	12.284
9. Annað	13.270	7.319	8.782	15.100	15.202	15.466
Einkaneysla alls	117.639	83.477	92.439	138.510	137.169	139.832

* Að teknu tilliti til niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar.

Tafla 1 sýnir skattstofna söluskatts og virðisaukaskatts í einkaneyslu og fjárhæðir einstakra þátta hennar með skatti. Reiknuð eru tvö tilvik um virðisaukaskatt, annars vegar m.v. 22% skatt, skv. frumvarpinu, og hins vegar 25% skatt, þ.e. sama skatthlutfall og nú er í söluskatti. Varðandi verðbreytingar einkaneyslu vísast til yfirlits í kafla 3, um áhrif virðisaukaskatts á verðlag miðað við mismunandi forsendur um skatthlutfall.

Auk einkaneyslunnar yrðu íbúðabyggingar skattskyldar samkvæmt frumvarpinu. Við mat á skatthlutfallinu er þó ekki gert ráð fyrir því að nettóskatttekjur af íbúðarhúsabyggingum aukist frá því sem nú er þrátt fyrir víðari skattskyldu. **Ástæðan er sú að hér er reiknað með því að tekjuaukinn verði endurgreiddur húsbyggjendum eins og áður hefur verið gerð grein fyrir.** Opinberar byggingar og samgöngumannvirki eru á hinn bóginn skattlögð að fullu. Sama máli gegnir um aðföng samneyslunnar, svo og aðföng þess atvinnurekstrar sem að öðru leyti er utan skattskyldu eins og banka, vátryggingarstarfsemi, aðföng ýmissar félagslegrar þjónustu o.fl.

Víðtækari skattskylda á samneyslu og opinberar framkvæmdir í virðisaukaskatti en í söluskatti þýðir í raun að hið opinbera skattleggur sjálft sig. Hér er því ekki um að ræða raunverulegan skattstofn sem skili tekjuauka í ríkissjóð því að á móti kemur að samneyslan og framkvæmdir hins opinbera verða dýrari. Við þessu er séð í útreikningi á skatthlutfallinu og ekki er reiknað með tekjuauka af þessum sökum.

TAFLA 2

Söluskattur og virðisaukaskattur af íbúðabyggingum, opinberum byggingum, samgöngumannvirkjum, samneyslu og skattskyldum aðföngum á verðlagi ársins 1987 (m.kr.).

	Fjárhæð alls án söluskatts	Stofn sölu-skatts	Stofn virðis-aukaskatts
Einkaneysla	117.639	83.477	92.439
Íbúðabyggingar	6.161	3.040	3.040
Opinberar byggingar	2.383	1.176	1.176
Samgöngumannvirki	4.397	1.567	1.567
Samneysla	34.560	6.960	6.960
Skattskyld aðföng og fjárfesting ásamt skekkjum		14.797	9.700
Samtals		111.017	114.882

Tafla 3 sýnir hlutfallslega skiptingu skattstofns, annars vegar samkvæmt núverandi söluskatti og hins vegar samkvæmt frumvarpinu. Í töflunni kemur fram að miðað við áætlað verðlag ársins 1988 og landsframleiðslu ársins mundi virðisaukaskatturinn leggjast á um 135,6 milljarða kr. skattstofn samanborið við 131 milljarð kr. í söluskatti. Skattstofninn stækkar því einungis um 3,5%, en þá er rétt að hafa í huga að hér er miðað við skattstofn söluskatts eins og hann er eftir afnám veigamikilla undanþága í ársbyrjun 1988.

TAFLA 3

Áætlaður stofn söluskatts 1988 og virðisaukaskatts samkvæmt frumvarpi og hlutfallsleg skipting hans.

	Söluskattur %	Virðisaukaskattur %
1. Einkaneysla	75,2	80,5
2. Íbúðabyggingar	2,7	2,6
3. Opinberar byggingar	1,1	1,0
4. Samgöngumannvirki	1,4	1,4
5. Samneysla	6,3	6,0
6. Skattskyld aðföng og fjárfesting ásamt skekkjum	13,3	8,4
7. Samtals	100,0	100,0
8. Skattstofn í fjárhæðum miðað við áætlað verðlag 1988, m.kr.	131.000	135.561
þar af: a) með 25% skatti	124.150	
b) með 12% skatti	6.850	
9. Áætlaðar tekjur af söluskatti 1988	31.860	
10. Virðisaukaskattsprósenta sem skilar sömu tekjum og 25% og 12% söluskattur		23½%

Með þeirri breikkun skattstofns sem fram kemur í töflu 3 er ljóst að skatthlutfallið gæti lækkað nokkuð eða í rúmlega 23½%, en samt skilað sömu tekjum og söluskatturinn gerir. Hins vegar má ætla að hlutfallið gæti jafnvel lækkað enn meira vegna betri innheimtu virðisaukaskatts en söluskatts.

Með hliðsjón af því sem hér hefur verið rakið má draga saman tekjur og gjöld af virðisaukaskatti og söluskatti með eftirfarandi hætti:

TAFLA 4

Yfirlit um áhrif virðisaukaskatts á tekjur ríkissjóðs miðað við áætlað verðlag 1988 (m.kr.).

	Miðað við mismunandi skatthlutfall virðisaukaskatts			
	20%	22%	23½%	25%
1. Tekjur af söluskatti	−31.860	−31.860	−31.860	−31.860
2. Jöfnunargjald, nettó	−176	−176	−176	−176
3. Endurgreiddur söluskattur	937	937	937	937
4. Niðurgreiðsla húshitunar	−858	−944	−1.008	−1.072
5. Tekjuþörf, brúttó	−31.957	−32.043	−32.107	−32.171
6. Tekjur af virðisaukaskatti	27.112	29.823	31.857	33.890
7. Áhrif bættrar innheimtu	1.000	1.000	1.000	1.000
8. Heildartekjur af virðisaukaskatti (6.+7.)	28.112	30.823	32.857	34.890
9. Viðbótartekjuþörf, nettó (8.−5.)	−3.845	−1.220	750	2.719

Í töflu 4 kemur fram að m.v. 23½% skatthlutfall er því sem næst jafnvægi á tekjum og gjöldum ríkissjóðs vegna kerfisbreytingarinnar. Við 22% skatthlutfall vantar hins vegar samkvæmt þessum áætlunum um 1.200 millj. kr. á að virðisaukaskattur skili sömu tekjum og áætlað er að söluskattur geri á þessu ári. Hefur þá, sem og í öllum dæmunum, verið reiknað með því að virðisaukaskattur af húshitun verði að fullu endurgreiddur. Jafnframt er reiknað með því að bætt innheimta skili tekjuauka sem nemur um 3% af áætluðum söluskattstekjum ársins 1988.

Fyrir liggur að allar áætlanir um tekjur af virðisaukaskatti þurfi að endurskoða fyrir gerð fjárlagafrumvarps 1989, ekki síst vegna þeirra umfangsmiklu skattkerfisbreytinga sem komu til framkvæmda í upphafi þessa árs. Breytingar á skattsviði og miklar breytingar á verðhlutföllum kunna að hafa áhrif á eftirspurn og þar með skatttekjur, en mjög torvelt er að áætla þessi áhrif nákvæmlega. Gangi þær áætlanir eftir sem hér eru settar fram er ljóst að nauðsynlegt verður að bregðast við tekjutapi með því annaðhvort að styrkja aðra tekjustofna eða draga úr útgjöldum við fjárlagagerð fyrir árið 1989.

Ekki þarf að hafa mörg orð um það að ýmis rök mæla með því að dregið verði úr vægi almenns neysluskatts, söluskatts eða virðisaukaskatts, í heildartekjuöflun ríkisins. Ef þetta á að gerast án þess að það leiði til hallareksturs á ríkissjóði koma einungis tvær leiðir til greina, niðurskurður útgjalda eða aukin tekjuöflun. Eðli málsins samkvæmt kemur þetta verkefni til kasta næsta þings, en um það skal þó farið nokkrum orðum.

Í fyrsta lagi er þess að gæta að þeirri endurskoðun tekjuöflunarkerfisins, sem ríkisstjórnin hefur einsett sér, er ekki lokið. Eigi síðar en við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1989 er þess að vænta að gerðar verði verulegar breytingar á skattlagningu atvinnurekstrar. Hér má telja endurskoðun á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, þar með talin endurskoðun á skattlagningu eignatekna, hverju nafni sem nefnast. Þá er að geta samræmingar og endurskoðunar á sköttum og gjöldum sem reiknast af launagreiðslum fyrirtækja, launaskatti, lífeyristryggingargjaldi, slysatryggingargjaldi og iðgjaldi til Atvinnuleysistryggingarsjóðs. Loks er að geta afnáms mörkunar ýmissa tekjustofna, m.a. bensíngjalds, þungaskatts o.fl. Þessi endurskoðun gæti falið í sér auknar tekjur fyrir ríkissjóð, að því marki sem bil milli tekna og gjalda verður ekki brúað með lækkun útgjalda.

Í öðru lagi skal á það bent að í töflu 4 byggja útreikningar á tekjuþörf ríkissjóðs á því að í öllum vöruflokkum, sem nú bera 25% skatt, verði um að ræða tekjutap sem svarar til lækkunar skatthlutfallsins úr 25%. Þetta á t.d. við um áfengi og tóbak, en verðlækkun á þeim varningi samhliða upptöku virðisaukaskatts er ekki á dagskrá, heldur reiknað með því að einkasölugjald ríkisins hækki á móti sem nemur lækkun skatthlutfallsins. Þannig getur komið til álita að brúa tekjuþörfina að hluta til með því að fylla upp í þau verðlækkunartilefni sem lækkun neysluskattshlutfallsins gæti gefið ástæðu til.

Aðhald með útgjöldum ríkisins og lækkun þeirra er verkefni sem jafnan hlýtur að vera mjög á dagskrá við gerð fjárlaga. Ekki er ástæða til þess að fjalla um þetta verkefni sérstaklega í þessari greinargerð, en þó skal minnt á það í þessu sambandi að samhliða þeim breytingum sem gerðar voru á aðflutningsgjöldum og söluskatti um síðustu áramót var gripið til umfangsmikilla aðgerða til tekjujöfnunar. Þessar aðgerðir fólu m.a. í sér aukningu á niðurgreiðslum á búvörum og fiski, hækkun barnabóta og barnabótaauka, svo og bóta lífeyristrygginga. Sérstök aukning útgjalda vegna þessara aðgerða nam um 2.210 millj. kr. á árinu 1988.

Hækkun útgjalda til niðurgreiðslna miðaðist í aðalatriðum við það að með þeim yrði eytt þeirri verðhækkun sem ella hefði leitt af 25% skatti á ýmsar nauðsynjar heimilanna. Við lækkandi skatthlutfall er rökrétt að endurskoða þessi útgjöld sérstaklega, en nærri lætur að við 22% skatthlutfall hefðu niðurgreiðslur getað orðið um 200 millj. kr. lægri en fjárlög ársins ákveða, án þess að raska verði niðurgreiddra vara.

Upptaka virðisaukaskatts hefur í för með sér tilflutning á skattbyrðinni þannig að stærri hluti skattsins en áður er innheimtur beint af einkaneyslunni. Áætlað er að um 80% af virðisaukaskattinum komi frá einkaneyslunni, samanborið við 75% í söluskattskerfinu. Á móti kemur að verulega dregur úr skattlagningu aðfanga og fjárfestingar atvinnuvega þannig að um 8% af skattinum kemur frá þessum þáttum í stað um 13% í söluskattinum. Af þessu leiðir svo að uppsöfnun skattsins í rekstrarkostnaði atvinnuveganna hverfur að mestu leyti og það markmið næst með skattinum að hann verður hlutlaus gagnvart atvinnulífinu eða dreifingu framleiðsluþáttanna á einstakar framleiðslugreinar.

8.10 Fjölgun framteljenda við upptöku virðisaukaskatts.

Ýmsar upplýsingar eru til um fjölda þeirra fyrirtækja og einstaklinga sem sjálfstæðan atvinnurekstur stunda í landinu. Af þeim heimildum, sem nú ná til allra atvinnugreina, má helst nefna fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands, slysatryggingargögn og launamiðaskýrslur skattyfirvalda. Tvær síðast töldu heimildirnar eru þó náskyldar.

Í fyrirtækjaskrá Hagstofunnar eru skráð öll einstaklingsfyrirtæki sem eru með sérstöku heiti, enn fremur hvers konar félög sem atvinnurekstur stunda, svo og stofnanir, embætti og félagasamtök. Hins vegar koma ekki fram í fyrirtækjaskrá þeir einstaklingar sem stunda atvinnurekstur í eigin nafni. Þá er þess að geta að í fyrirtækjaskrá er hvert fyrirtæki aðeins talið til einnar atvinnugreinar jafnvel þótt það starfi í mörgum greinum. Að jafnaði er fyrirtæki þó talið til þeirrar atvinnugreinar þar sem það er talið hafa mest umsvif.

Öðru máli gegnir um slysatryggingargögnin og launamiðaskýrslur. Þar er ætlast til þess að hvert fyrirtæki sé skráð í öllum þeim atvinnugreinum þar sem það er með einhverja starfsemi. Af því leiðir að hvert fyrirtæki eða lögaðili getur verið margtalið ef starfsemin er margþætt eða starfsstaðir eru margir. Aðilar, sem fram koma í slysatryggingargögnum og í launamiðaskýrslum, eru því fleiri en í fyrirtækjaskrá.

Í þeim tölum, sem hér fara á eftir, hefur sá kostur verið valinn við mat á fjölgun innheimtuaðila að miða við launamiðaskýrslur og launaframtöl fyrirtækja en ekki við fyrirtækjaskrá. Hér er því fjallað um fjölda aðila eða framteljenda til virðisaukaskatts en ekki fjölda fyrirtækja. Samkvæmt þessum gögnum eru aðilar, sem fram koma í launamiðaskýrslum á árinu 1985, alls 31.000 og eru einyrkjar þá meðtaldir en tölur um fjölda bænda, sem hér eru einnig meðtaldir, eru áætlaðar eftir öðrum heimildum. Þessi heildartala gefur þó ekki rétta mynd af fjölda þeirra aðila sem gætu orðið framtalsskyldir. Er þá fyrst að nefna að inni í heildartölunni eru allir húsbyggjendur sem hafa greitt laun á tímabilinu en hafa húsbyggingar ekki sem aðalstarf. Ætla má að þeir hafi verið um 600 á árinu 1985. Þá má nefna þá sem greiða virðisaukaskatt af aðföngum sínum en er að öðru leyti haldið utan skattskyldu og þurfa því ekki að skila framtali til virðisaukaskatts. Er það stjórnsýsla ríkis og sveitarfélaga, menntamál, almannatryggingar, sjúkrahús, elliheimili og önnur heilbrigðisþjónusta, velferðarstofnanir, trúmálastarfsemi, auk ýmiss atvinnurekstrar eins og banka og tryggingarfélaga, fólksflutninga, húsfélaga, fasteignarekstrar o.fl. Lauslega áætlað gætu þetta verið 5.700 aðilar sem undanþegnir yrðu framtalsskyldu.

Nánari skipting er sem hér segir:

	Fjöldi launagreiðenda
Húsbyggingar	600
Starfsemi ríkis og sveitarfélaga, þ.e. stjórnsýslan, skólar, sjúkrahús o.fl.	1.025
Velferðarþjónusta	700
Heilbrigðisþjónusta á vegum einkaaðila	1.175
Fólksflutningar	1.200
Starfsemi banka, sparisjóða, lífeyrissjóða og tryggingafélaga	350
Fasteignarekstur, húsfélög o.fl.	600
Samtals	5.650

Framteljendur til virðisaukaskatts gætu því orðið allt að 25.350. Þennan fjölda má bera saman við framteljendur til söluskatts, en ætla má að á árinu 1988 verði þeir ekki undir 11.300 talsins og er þá búið að reikna með fjölgun framteljenda vegna breiðari skattskyldu til söluskatts. Upptaka virðisaukaskatts með því skattskyldusviði, sem hér er gert ráð fyrir, felur í sér að framteljendum fjölgar um nálægt 14.050. Tölur um fjölgun framteljenda einar sér þurfa ekki að gefa rétta mynd af kostnaðarauka hins opinbera eða framteljenda af upptöku skattsins. Hér skiptir mestu máli hvernig framtalsskyldunni verður hagað, hve oft á ári framteljanda ber að skila skýrslu o.s.frv. Í þessu sambandi er rétt að líta á það í hvaða atvinnugreinum framteljendum fjölgar mest:

	Fjölgun framteljenda
Landbúnaður	5.000
Fiskveiðar	1.450
Fiskiðnaður	600
Byggingarstarfsemi	3.000
Samgöngur	1.500
Annað, skekkjur o.fl.	2.500
Samtals	14.050

Af þessum tölum má ráða að mest öll fjölgunin komi fram í landbúnaði, byggingarstarfsemi og sjávarútvegi. Meðferð þessara greina ræður því úrslitum um fjölgun framteljenda. Í 32. gr. frumvarpsins er sett fram sú almenna regla að þeir, sem stunda landbúnað, skuli einungis skila virðisaukaskattsskýrslu tvisvar á ári.

Nánar tiltekið er áætlað að skýrslufjöldi breytist sem hér segir:

	Fjöldi	Skil á ári	Skýrslur á ári
Söluskattsskyldir aðilar	11.300	12	135.600
Virðisaukaskattsskyldir:			
Í landbúnaði	5.000	2	10.000
Aðrir	20.350	6	122.100
Fækkun skattskýrslna			3.500

9. Örugg skil á virðisaukaskatti og eftirlit.

Virðisaukaskattur er talinn mun öruggari tekjustofn en söluskattur. Stafar það m.a. af því sjálfseftirliti sem myndast í kerfinu með frádráttarheimildinni, þar sem hvert fyrirtæki hefur hag af því að telja fram öll innkaup og fá innskattinn af þeim dreginn frá innheimtum útskatti. Sjálfseftirlitið hefur oft verið nefnt sem einn aðalkostur virðisaukaskattskerfisins. Eftir sem áður er þó mikilvægt að eftirlit skattyfirvalda sé virkt.

Hlutfall innfluttra vara í heildarneyslunni er mjög hátt hér á landi miðað við önnur nálæg lönd. Um árabil hefur allur innflutningur verið skráður og flokkaður í tölvum á einstaka innflytjendur en þau gögn geta skattyfirvöld síðan notað til veltueftirlits. Hér er um mjög mikilvæg eftirlitsgögn að ræða sem munu ekki eiga sér hliðstæðu með öðrum þjóðum. Eftirlitið með heildarveltu ætti m.a. af þessum ástæðum að geta orðið mjög virkt hér á landi.

Þegar meta skal öryggi við innheimtu virðisaukaskatts annars vegar og núverandi söluskatts hins vegar er margt sem hafa verður í huga. Innheimta söluskattsins nú á einu viðskiptastigi er áhættusöm en með dreifingu innheimtunnar á fleiri innheimtuaðila ætti tilhneiging til undandráttar að minnka. Þessi breyting er sennilega sú sem mestu máli skiptir varðandi samanburð á öryggi þessara skatta. Öryggi virðisaukaskatts og möguleikar til eftirlits með innheimtu hans veltur einnig mjög á uppbyggingu kerfisins, svo sem því hve skýr skattskyldan er, hve undanþágur eru margar o.fl. eins og þegar hefur verið nefnt.

Þegar virðisaukaskattur er tekinn upp þarf að leggja áherslu á að upplýsingar, sem fást við endurskoðun uppgjörsgagna og hvers konar könnun á skilum fyrirtækja, verði skráðar og geymdar í tölvutæku formi eftir því sem unnt er. Enn fremur verður að efla mjög annað eftirlit frá því sem nú er, m.a. með frekari öflun gagna til eftirlits og tíðari athugunum á bókhaldi og öðrum þeim gögnum sem uppgjör fyrirtækjanna byggjast á.

10. Kostnaður við upptöku virðisaukaskatts.

Upptaka virðisaukaskatts í stað núgildandi söluskatts hefur í för með sér aukna fyrirhöfn og kostnað bæði fyrir fyrirtæki sem innheimta hann og fyrir skattyfirvöld. Erfitt er þó að áætla þann kostnaðarauka með nokkurri vissu.

Ljóst er að veruleg fjölgun framteljenda hefur í för með sér aukinn kostnað fyrir skattyfirvöld en úr því er nokkuð dregið með ákvæðunum um misserisleg skil framteljenda í landbúnaði. Enn fremur hefur víðtækt skattskyldusvið og fáar undanþágur verulega þýðingu í þessu efni.

Nú vinna aðeins um 35 starfsmenn hjá skattyfirvöldum störf er snerta eingöngu söluskattinn. Fjölga verður verulega starfsmönnum við upptöku virðisaukaskatts en samanburður á kostnaðarauka verður ekki raunhæfur vegna þess að auka þyrfti verulega aðhald með núgildandi söluskatti. Mjög lauslega áætlað má reikna með að við upptöku virðisaukaskatts þyrftu starfsmenn að verða helmingi fleiri.

Skattkerfisbreytingunni sjálfri fylgir talsverður kostnaður, einkum við margs konar undirbúning að breytingunni. Áður hefur þess verið getið að innheimtuaðilum fjölgar og verða fyrirtæki, sem nú greiða ekki söluskatt, að skila uppgjöri og greiða virðisaukaskatt. Auk þess má búast við því að uppgjör á skatti verði yfirleitt nokkru viðameira fyrir fyrirtækin en uppgjör á söluskatti. Þessu veldur frádráttur innskatts og sérstök færsla hans í bókhaldi. Þetta ætti þó ekki að breyta miklu fyrir þau fyrirtæki sem nú selja bæði söluskattsskyldar og söluskattsfrjálsar vörur til neytenda og verða af þeim sökum að færa innkaup eða sölu þessara vara aðgreind í bókhaldi.

Þegar á allt er litið verður að telja að virðisaukaskattskerfið hafi í upphafi í för með sér einhvern kostnaðarauka bæði fyrir skattyfirvöld og framteljendur. Þessi kostnaður mun skila sér fljótt aftur í bættri samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja, lægra vöruverði og skilvirkara skattakerfi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessum upphafsákvæðum er að finna stutta lýsingu á efni lagafrumvarpsins.

Í fyrstu grein kemur fram að virðisaukaskatt skal innheimta á öllum stigum viðskipta en skv. 15. gr. skal þó einungis standa skil á skatti af virðisauka á hverju stigi. Þá er kveðið á um virðisaukaskattsskyldu af innflutningi vöru og þjónustu en nánari ákvæði um það er að finna í XI. kafla.

Um 2. gr.

Samkvæmt greininni eru allar vörur, nýjar og notaðar, skattskyldar. Á hinn bóginn geta skattskyldar vörur undir vissum kringumstæðum verið undanþegnar skattskyldri veltu, sbr. 12. gr. Eins og rakið er í almennum athugasemdum með frumvarpinu er miklum örðugleikum háð að undanþiggja einstakar vörutegundir virðisaukaskatti á smásölustigi auk þess sem undanþága einstakra vörutegunda á öðrum stigum viðskipta mundi gera virðisaukaskattskerfið erfitt í framkvæmd. Samkvæmt almennum skilgreiningum teljast fasteignir ekki til vara. Þó þykir öruggara að taka þetta sérstaklega fram í frumvarpstexta. Undanþágan um fasteignir er í samræmi við undanþágu í gildandi söluskattslögum. Af ákvæðum frumvarpsins leiðir hins vegar að byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð í atvinnuskyni er skattskyld, þ.e. efni og vinna við byggingar og mannvirkjagerð. Vísast í þessu sambandi einkum til athugasemda með 4. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Sérstaklega er tekið fram að rafmagn, varmi og önnur orka falli undir vöruhugtakið. Þá skal ekki heimta skatt af sölu viðskiptabréfa. Sala prentvarnings, t.d. frá prentsmiðju, er skattskyld og eins þótt prentvarningurinn hafi að geyma eyðublöð fyrir slík bréf.

Á sama hátt og gildir um vörur skv. 1. mgr. er í 2. mgr. kveðið á um skattskyldu allrar vinnu og þjónustu, hverju nafni sem nefnist, með þeim undantekningum einum sem nefndar eru í 3. mgr. Af því sem sagt er hér að framan má ráða þá meginreglu varðandi skattskyldusviðið að vara, vinna eða þjónusta, sem ekki er sérstaklega undanþegin virðisaukaskatti, sé skattskyld.

Í 3. mgr. þessarar greinar er síðan að finna tæmandi upptalningu á þeirri vinnu og þjónustu sem undanþegin er virðisaukaskatti samkvæmt frumvarpinu. Undanþágum þessum er haldið í algeru lágmarki. Þær eru í samræmi við undanþágur sem leyfðar eru hjá flestum þeim þjóðum sem búa við virðisaukaskattskerfi.

Áður en vikið verður nánar að undanþágunum skal það ítrekað sem segir í almennum athugasemdum með frumvarpinu að ef þjónustu einhvers aðila er haldið utan við skattskyldusviðið samkvæmt þessari grein verður hann að greiða innskatt af aðföngum, en fær hann ekki frádreginn þar sem hann innheimtir ekki útskatt af þjónustu sinni. Slíkur aðili er þannig ekki undanþeginn skattinum þar sem hann verður að bera innskattinn, sbr. nánar 4. mgr. greinarinnar. Þessir aðilar eru að sjálfsögðu ekki skráningarskyldir og skráningar-

skyldir aðilar, sem eiga viðskipti við þá, fá ekki frádreginn neinn innskatt af innkaupum frá þeim. Nokkur eðlismunur er samkvæmt framansögðu á þessum undanþágum sem lúta að vinnu og þjónustu og hins vegar þeim undanþágum sem rætt er um í 12. gr. og lúta að skattskyldri veltu, sbr. það sem rakið er í kafla 8.1 í almennum athugasemdum.

Sjónarmið, sem ráða því að undanþágur eru gerðar í 3. mgr., eru af ýmsum toga. Þannig má segja að félags- og heilbrigðissjónarmið ráði undanþágunum í 1. og 2. tölul., tæknileg sjónarmið í 7., 10. og 13. tölul., félagsleg og tæknileg í 3. og 9. tölul. o.s.frv.

Í 1. og 2. tölul. 3. mgr. er kveðið á um að ýmis heilbrigðis- og félagsleg þjónusta sé undanþegin. Önnur þjónusta af þessu tagi sem fellur undir 1. og 2. tölul. 3. mgr. eftir atvikum, sbr. lokaorð beggja töluliðanna, er m.a. þjónusta elliheimila, endurhæfingarstöðva fyrir lamaða og fatlaða og stofnana fyrir þroskahefta. Sömuleiðis þjónusta sjúkraþjálfara sem fá sjúklinga til meðferðar frá lækni, enda sé hún greidd af Tryggingastofnun ríkisins. Heilsuræktarstöðvar, sólbaðsstofur og önnur slík starfsemi fellur hins vegar ekki undir þessar undanþágur.

Til reksturs skóla og menntastofnana, sbr. 3. tölul. 3. mgr., telst öll venjuleg skóla- og háskólakennsla, fagleg menntun, endurmenntun og önnur kennslu- og menntastarfsemi. Til undanþeginnar starfsemi samkvæmt þessu, auk hefðbundinnar skóla- og menntastarfsemi, telst t.d. starfsemi málaskóla, tónlistarkennsla og námskeið eða kennsla í skrifstofu- og stjórnunarfræðum. Við mat á því hvort nám teljist skattfrjálst er eðlilegt að hafa hliðsjón af því hvort boðið er upp á það í hinu almenna skólakerfi eða ekki. Hafi námsgreinin t.d. unnið sér fastan sess í hinu almenna skólakerfi ber samkvæmt framansögðu að líta svo á að skóla- eða námskeiðsgjöld séu skattfrjáls. Ekki nægir þó í þessu sambandi að boðið sé upp á námsgreinina eða námsbrautina í einstökum skólum heldur verður námið að hafa unnið sér fastan og almennan sess í skólakerfinu. Þannig er ökukennsla, starfsemi dansskóla, reiðskóla o.s.frv. skattskyld samkvæmt framansögðu.

Með hugtakinu „söfnum“ í 4. tölul. 3. mgr. er m.a. átt við minjasöfn, náttúrugripasöfn og listasöfn.

Í 6. tölul. 3. mgr. er kveðið á um að fólksflutningar séu undanþegnir skattskyldu. Ákvæði þetta er í samræmi við gildandi reglur um söluskatt.

Samkvæmt 7. tölul. 3. mgr. er póstþjónusta undanþegin skattskyldu, að undanskildum almennum bögglapósti. Rétt er að vekja athygli á því að fjarskipti hvers konar eru skattskyld.

Samkvæmt 8. tölul. 3. mgr. er útleiga íbúðarhúsnæðis undanþegin. Samkvæmt gildandi söluskattslögum er ekki innheimtur söluskattur af húsaleigu almennt. Undanþágan í 8. tölul. er í samræmi við það að því er íbúðarhúsnæði varðar til þess að ekki verði hækkun á húsnæðiskostnaði leigjenda. Útleiga annars húsnæðis er hins vegar virðisaukaskattsskyld. Það þýðir m.a. að skráningarskylt fyrirtæki sem leigir atvinnurekstrarhúsnæði getur dregið innskattinn frá í virðisaukaskattsuppgjöri sínu.

Samkvæmt 9. tölul. 3. mgr. er vátryggingarstarfsemi undanþegin skattskyldu. Aðalástæðan fyrir því að undanþiggja vátryggingarstarfsemi er að hún er í eðli sínu alþjóðleg og er undanþegin víðast hvar erlendis. Undanþágan er því nauðsynleg af samkeppnisástæðum, enda er óframkvæmanlegt að skattleggja einstakar tryggingar sem innlendir aðilar kunna að kaupa af erlendum vátryggingarfélögum. Enn fremur eru oft vissir tæknilegir örðugleikar á því að reikna virðisaukaskatt í þessari grein. Þá styðja félagsleg sjónarmið þessa niðurstöðu þar sem ekki þykir eðlilegt að heimta virðisaukaskatt af ýmsum tryggingum, svo sem líftryggingum og slysatryggingum, sem atvinnurekendum er skylt að kaupa fyrir starfsmenn sína samkvæmt kjarasamningum.

Þjónusta banka, sparisjóða og annarra lánastofnana er undanþegin af tæknilegum ástæðum, sbr. 10. tölul. 3. mgr. Undir þessa undanþágu falla einnig þeir sem hafa með höndum verðbréfamiðlun. Undir undanþáguákvæðið fellur einungis eiginleg banka- og lánastarfsemi. Ef aðilar þessir reka t.d. prentsmiðju í eigin þágu mundi slík starfsemi teljast skattskyld, sbr. 2. mgr. 3. gr.

Vegna eðlis þeirrar starfsemi sem um ræðir í 11., 12. og 14. tölul. 3. mgr. þykir rétt að undanþiggja hana skattskyldu. Starfsemi þessi hefur t.d. ætíð verið söluskattsfrjáls og er undanþegin virðisaukaskatti hjá nágrannaþjóðum okkar.

Starfsemi ferðaskrifstofa er þjónusta sem veitt er bæði innan lands og erlendis og er þess vegna undanþegin af tæknilegum ástæðum aðallega. Hér er eingöngu verið að undanþiggja þá starfsemi ferðaskrifstofa sem felst í milligöngu um ferðaþjónustu en ekki aðra starfsemi sem ferðaskrifstofur kunna að hafa með höndum.

Eins og áður segir verða þeir, sem stunda starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 3. mgr. 2. gr., að bera innskattinn af kaupum sínum á aðföngum á sama hátt og hinn almenni neytandi án nokkurs frádráttar- eða endurgreiðsluréttar.

Samkvæmt greininni getur fjármálaráðherra kveðið nánar á í reglugerð um það sem undanþegið er samkvæmt þessari grein. Hann getur sett frekari skilyrði fyrir undanþágum en hins vegar er ekki gert ráð fyrir að önnur starfsemi sé undanþegin en upp er talin í greininni, sbr. þó 5. mgr.

Um 3. gr.

Samkvæmt greininni eru allir þeir skattskyldir sem selja eða afhenda vörur eða verðmæti eða inna af hendi vinnu eða þjónustu í atvinnuskyni eða sjálfstæðri starfsemi. Þetta á bæði við um menn og lögaðila. Hvort um atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er að ræða fer eftir svipuðum sjónarmiðum og gilda um skilgreiningu þessara atriða í tekjuskattslögum. Sérstaklega er tekið fram um skattskyldu hvers konar félaga og stofnana sem eingöngu eiga viðskipti við félagsmenn sína og gætu af þeim sökum talist falla utan áðurnefndrar skilgreiningar. Hugtökin **sala** og **afhending** eru skýrð nánar í III. og IV. kafla en undir þau geta meðal annars fallið skipti, afhending án endurgjalds, úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki og eigin not fyrirtækis á vöru, þjónustu og öðrum verðmætum. Um tímamörk sölu vísast nánar til 13. gr.

Þó að vandamál varðandi eigin not og eigin þjónustu skráðra aðila leysist sjálfkrafa í virðisaukaskatti er ljóst að þau eru enn upp á teningnum hjá óskráðum aðilum. Fyrir skráðan aðila breytir það t.d. engu hvort hann kaupir að þjónustu þar sem honum er heimilt að draga frá virðisaukaskatt, sem hann þarf að greiða af slíkri þjónustu, frá þeim virðisaukaskatti sem hann á að skila. Skatturinn hefur þannig engin áhrif á það hvort hann velur í þessu efni að kaupa að þjónustu eða veita sér hana sjálfur. Vandinn varðandi eigin not óskráðra aðila verður hins vegar sá sami í virðisaukaskatti og almennt er í söluskatti. Í söluskattslögum er beinlínis kveðið á um skattskyldu eigin nota. Augljós vandamál eru því samfara að innheimta sölu- eða virðisaukaskatt af eigin notum þar sem ákvörðun skattstofnsins er nokkrum erfiðleikum háð. Engu síður verður ekki hjá því komist að setja reglur um skattskyldu eigin nota óskráðra aðila í því skyni að tryggja samkeppnisstöðu þeirra sem selja sambærilega vöru og þjónustu og eigin notin lúta að. Því er fjármálaráðherra heimilað að ákveða með reglugerð að ríki, bæjar- eða sveitarfélög og stofnanir og fyrirtæki þeirra, svo og aðrir sem reka starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti, greiði virðisaukaskatt af vöru, sem er framleidd til eigin þarfa, eða af eigin þjónustu.

Til fróðleiks skal þess getið í þessu sambandi að í Danmörku eru í gildi sérstakar reglur sem lúta að því að endurgreiða sveitarfélögum þann virðisaukaskatt sem þau þurfa að greiða

af kaupum á vöru og þjónustu. Reglum þessum er í fyrsta lagi ætlað að tryggja jafna stöðu sveitarfélaga, hvort heldur þau kjósa að kaupa vöru eða þjónustu eða þjónusta sig sjálf. Í öðru lagi er með þessum reglum stefnt að því að tryggja samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja sem selja hliðstæða vöru eða þjónustu. Með þessum hætti er þannig reynt að koma í veg fyrir að skatturinn hafi áhrif á það hvor leiðin valin er í þessum efnum. Í sama skyni hafa Danir sett sérstakar reglur varðandi óskráð ríkisfyrirtæki. Reglur þessar mætti hafa til hliðsjónar telji menn slíkt nauðsynlegt í því skyni að gera skattinn hlutlausan og jafna þar með samkeppnisstöðu skráðra fyrirtækja gagnvart eigin þjónustu og framleiðslu opinberra aðila.

Fjármálaráðherra verður heimilt að ákveða með reglugerð að ríki, bæjar- og sveitarfélög og stofnanir og fyrirtæki þeirra, svo og aðrir, sem reka starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti, greiði virðisaukaskatt af vöru sem framleidd er til eigin þarfa eða af eigin þjónustu þar sem slíkt er nauðsynlegt með tilliti til samkeppnisstöðu annarra fyrirtækja sem láta í té hliðstæða vöru og þjónustu sem skattskyld er.

Greinin kveður einungis á um þá sem skyldir eru til að innheimta virðisaukaskatt við sölu eða afhendingu á vöru eða þjónustu. Skylda til að greiða virðisaukaskatt af innkaupum (innskatt) er hins vegar ekki bundin við þessa aðila. Það er almenn skylda allra, jafnvel þeirra sem almennt eru undanþegnir opinberum gjöldum í sérstökum lögum.

Um 4. gr.

Þeir sem njóta undanþágu samkvæmt greininni þurfa ekki að innheimta virðisaukaskatt af sölu sinni en geta þá á hinn bóginn ekki fengið frádreginn virðisaukaskatt vegna innkaupa sinna. Minnt er á ákvæði í 3. mgr. 22. gr. sem kveða á um að hafi sá sem undanþeginn er virðisaukaskatti tilgreint virðisaukaskatt á reikningum sínum skuli skila honum í ríkissjóð.

Samkvæmt 2. tölul. greinarinnar er sala listamanns á eigin listaverkum ekki talin virðisaukaskattsskyld, enda falli listaverkið undir þar greind tollskrárnúmer. Öðrum sem selja listaverk, þar með taldir uppboðshaldarar, ber hins vegar að innheimta virðisaukaskatt og standa skil á honum í ríkissjóð. Undir hugtakið listaverk í þessu sambandi falla ekki endurgerðir listaverka í fjöldaframleiðslu eða handiðnaðarvörur með einkennum verslunarvöru.

Tilgangurinn með undanþáguákvæðinu í 3. tölul. er að undanþiggja mjög lítil fyrirtæki eða starfsemi sem eingöngu eru rekin í hjáverkum eða stöku sinnum. Þetta helgast fyrst og fremst af hagkvæmnisástæðum. Þar sem þessi óskráðu fyrirtæki þurfa ekki að skila skatti af sölu sinni geta skráð fyrirtæki, sem kaupa af þeim aðföng, ekki fengið frádreginn neinn innskatt af þeim kaupum.

Um 5. gr.

Samkvæmt greininni skulu allir virðisaukaskattsskyldir aðilar tilkynna starfsemi sína til skráningar hjá skattstjóra í því umdæmi sem þeir eru heimilisfastir. Skattstjóri heldur skrá yfir virðisaukaskattsskylda aðila. Þeir sem stunda landbúnað skulu skráðir á sérstaka skrá, sbr. 30. gr.

Samkvæmt gildandi söluskattslögum fær söluskattsskyldur aðili söluskattsskírteini hjá skattstjóra sem heimilar honum að kaupa endursöluvörur án söluskatts. Þar sem virðisaukaskattskerfið gerir ráð fyrir því sem aðalreglu að skattur sé innheimtur af öllum viðskiptum milli skráðra aðila er ekki þörf á slíkum skírteinum. Í 2. mgr. greinarinnar er þó gert ráð fyrir að skráningarskyldur aðili fái um það staðfestingu frá skattstjóra að skráning hafi farið fram og einnig er gert ráð fyrir því að hann fái sérstakt skráningarnúmer, sbr. 1. mgr. 20. gr., er fram kæmi á reikningum sem hann kann að gefa út.

Um skráningu starfandi fyrirtækja í fyrsta skipti við gildistöku laganna eru reglur í II. ákvæði til bráðabirgða.

Um 6. gr.

Samkvæmt þessari grein getur fjármálaráðherra sett reglur um að fyrirtæki, er inna af hendi þjónustu sem ekki er skattskyld, geti farið fram á svokallaða frjálsa skráningu. Af frjálsri skráningu leiðir að fyrirtæki, sem þannig er skráð, ber að greiða virðisaukaskatt eftir almennum reglum af þeirri þjónustu er það innir af hendi og skráningin lýtur að.

Heimild til frjálsrar skráningar getur haft þýðingu fyrir fyrirtæki sem leggja þurfa í verulega fjárfestingu vegna viðskipta við skráða aðila. Við skráninguna verður þjónusta hins frjálst skráða fyrirtækis skattskyld andstætt því sem hún væri ella. Hins vegar getur fyrirtækið dregið frá útskatti innskatt af vörum og þjónustu sem það hefur keypt vegna þessarar sölu. Jafnframt er skráðum aðila, sem kaupir þessa þjónustu, heimilt að draga þannig greiddan skatt frá sem innskatt.

Af hagkvæmnisástæðum er kveðið á um að frjáls skráning geti aldrei staðið skemur en í tvö ár.

Eins og áður segir skulu fyrirtæki, sem skráð eru frjálsri skráningu, skila skatti af sölu á þeirri þjónustu sem skráning tekur til. Af þessu leiðir að skatti skal skila af allri þjónustu sem skráningin lýtur að, óháð því hver kaupir hana.

Í 4. mgr. er að finna sérreglu varðandi byggingu atvinnuhúsnæðis. Þar er kveðið á um að þeir, sem stunda byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð á eigin kostnað í þeim tilgangi að selja skráðum aðilum skv. 5 gr., geti farið fram á sérstaka skráningu vegna þessarar starfsemi. Að fenginni sérskráningu af þessu tagi er aðila heimilt að færa til frádráttar sem innskatt virðisaukaskatt af öllum aðföngum er varða sölu hans á fasteigninni til hins skráða kaupanda, sbr. 16. gr. Ákvæði þessu er fyrst og fremst ætlað að tryggja samkeppnisstöðu þeirra sem stunda byggingarstarfsemi á atvinnuhúsnæði til endursölu gagnvart þeim sem eru skráðir og byggja sjálfir slíkt húsnæði til eigin nota.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. kemur fram sú meginregla að virðisaukaskatt skuli reikna af heildarandvirði hins selda án virðisaukaskatts. Samkvæmt lokamálslið 1. mgr. 20. gr. skal upphæð virðisaukaskatts ætíð koma sérstaklega fram á reikningi þegar um viðskipti milli virðisaukaskattsskyldra aðila er að ræða. Eðlilegast er því að miða skattverðið við heildarandvirði eða heildarendurgjald hins selda án skattsins en það þýðir að skatturinn kemur sérstaklega fram á reikningi sem síðan liggur til grundvallar innskattsfrádrætti skráningarskylds kaupanda.

Þá er í 1. tölul. 2. mgr. kveðið á um að skattar og gjöld samkvæmt öðrum lögum skuli teljast hluti af skattverði. Skráður aðili á fyrri stigum viðskipta hefur oft þurft að skila t.d. framleiðslutollum og vörugjöldum af framleiðslu sinni. Þessi gjöld mynda síðan hluta af söluverði hans til skráðs kaupanda, t.d. smásala, sem ekki veit hve há þessi gjöld eru. Einfaldast er því að gjöld þessi teljist hluti af söluverði skráðs söluaðila og virðisaukaskattur reiknist af heildarfjárhæð sölunnar að meðtöldum þessum gjöldum. Reglan hefur það í för með sér að skráður kaupandi fær til frádráttar innskatt af hærri fjárhæð og söluaðili skilar samsvarandi hærri útskatti í ríkissjóð en verið hefði ef nettóaðferð hefði verið beitt. Niðurstaðan er sú sama fyrir ríkissjóð. Svipuð sjónarmið ráða því að hvers konar kostnaður og gjöld sem seljandi krefur kaupanda um teljast hluti skattverðs og skiptir í því sambandi ekki máli hvort þau eru innifalin í söluverði án sérgreiningar eða koma sérstaklega fram á reikningi eða á sérreikningi.

Ákvæðið í 2. tölul. er í samræmi við gildandi skilgreiningar á skattverði til söluskatts og þarfnast ekki nánari skýringa.

Samkvæmt 3. tölul. eru tengingar- og stofngjöld og önnur slík gjöld sem seljandi krefur kaupanda um hluti skattverðs. Ekki þykir hjá því komist að kveða sérstaklega á um þetta

atriði í því skyni að koma í veg fyrir vafa í þessu sambandi. Ákvæðinu er ætlað að girða fyrir þann möguleika að þeir, sem krefja um slík gjöld, verðleggi þjónustu á þann hátt að innheimta óeðlilega há stofngjöld en verðleggi aðra skattskylda vöru eða þjónustu þeim mun lægra til þess að komast hjá skattgreiðslu.

Í 4. tölul. er kveðið á um að umboðs- og sölulaun og uppboðsþóknun séu hluti skattverðs. Ákvæði þetta er í samræmi við ákvæði gildandi laga um söluskatt.

Samkvæmt 5. tölul. er það aðeins afsláttur sem liggur fyrir og er veittur þegar vara er afhent sem telst ekki til skattverðs. Í þeim tilfellum eingöngu er skattverðið söluverð að frádregnum afslætti. Allur annar afsláttur telst alltaf til skattverðs. Reglan byggist á því að virðisaukaskattsskyldur kaupandi má aðeins draga frá sem innskatt þann virðisaukaskatt sem greindur er á reikningi seljanda og seljandi verður að reikna virðisaukaskatt að fullu á reikningi sínum til kaupanda vegna þess að á þeim tíma, sem reikningurinn er gefinn út, er ekki vitað hvort eða hvenær skilyrðum afsláttarins verður fullnægt. Verði skilyrðunum fullnægt síðar fer um frádráttarheimild eftir 3. tölul. 5. mgr. 13. gr.

Nauðsynlegt þykir að taka fram að vextir og verðbætur, sem greidd eru í afborgunarviðskiptum, teljast ekki til skattverðs enda hafi afhending þess selda þegar átt sér stað og í kaupsamningi verið kveðið á um vaxta- og verðbótagreiðslur. Verðbætur, sem falla til fram að afhendingu þess selda, teljast hins vegar ætíð hluti skattverðs.

Varðandi 7. tölul. vísast til þess sem fram kemur um 4. tölul. hér að framan.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. eru ákvæði um við hvað skattverð skuli miðast þegar eigandi tekur út úr eigin fyrirtæki vörur eða skattskylda þjónustu. Eigin úttekt telst skv. 11. gr. til skattskyldrar veltu. Sömu reglur gilda um skattskyldar vörur og þjónustu sem fyrirtæki notar í tilgangi sem ekki varðar skattskylda sölu þess eða í tilgangi sem varðar atriði er ekki veita rétt til frádráttar og rakin eru í 3. mgr. 16. gr. Skattverð í þessum tilvikum skal miða við gangverð án virðisaukaskatts í sams konar viðskiptum milli ótengdra aðila. Það sama á við um skipti á vörum eða þjónustu eða afhendingu án endurgjalds. Liggi slíkt gangverð ekki fyrir skal það reiknað út og í því sambandi skal taka tillit til alls tilkostnaðar að viðbættri venjulegri álagningu sem notuð er almennt í sambærilegum viðskiptum. Eru þetta svipaðar reglur og gilda í núgildandi söluskattslögum.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. fellur fasteign ekki undir vöruhugtakið og er því ekki skattskyld. Hins vegar er byggingarstarfsemi, þ.e. efni til og vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð, skattskyld samkvæmt frumvarpinu. Af þessum sökum þykir nauðsynlegt að taka fram, svo að óyggjandi sé, að eigin úttekt eiganda eða fyrirtækis á efni eða vinnu til húsbygginga er skattskyld og skattverð ákvarðast með sama hætti og kveðið er á í 1. mgr. þegar bygging er notuð í öðrum tilgangi en varðar sölu þess á vörum eða þjónustu eða tilgangi er varðar atriði sem rakin eru í 3. mgr. 16. gr.

Um 9. gr.

Ákvæðin í þessari grein eru sett til þess að koma í veg fyrir að óeðlileg verðlagning, í því skyni að lækka skattgreiðslur, eigi sér stað í viðskiptum milli tengdra eða skyldra aðila. Á sama hátt og í 8. gr. skal miða við almennt gangverð við ákvörðun skattverðs, sbr. athugasemdir við þá grein.

Aðilar eru tengdir eða skyldir í merkingu ákvæðisins ef annar hefur fjárhagslegra hagsmuna að gæta varðandi starfsemi eða eignir hins, þar á meðal ef samband þeirra er með þeim hætti að þeir yrðu taldir nákomnir í skilningi gjaldþrotalaga, nr. 6/1978.

Um 10. gr.

Í 10. gr. er kveðið á um sérreglu um skattverð þegar notaðar fólksbifreiðar fyrir færri en níu menn eru til endursölu í atvinnuskyni. Hér er um að ræða notaðar bifreiðar sem virðisaukaskattur hefur verið greiddur af við innkaup og ekki fengist frádreginn sem innskattur eða verið endurgreiddur. Ef ekki er sett sérregla um þetta atriði er ljóst að virðisaukaskattur safnast upp í verði þeirra notuðu bifreiða sem keyptar eru til endursölu. Með þessum hætti er reynt að tryggja samkeppnisstöðu þeirra sem kaupa notaðar fólksbifreiðar til endursölu í atvinnuskyni gagnvart viðskiptum af sama tagi milli einkaaðila. Af ákvæðum greinarinnar leiðir að virðisaukaskattur leggst einungis á þann virðisauka sem myndast hjá endurseljanda en ekki heildarandvirði hins selda. Þessi regla getur að sjálfsögðu aðeins átt við þegar skattur samkvæmt frumvarpinu kemur ekki fram á reikningi við söluna til endurseljanda.

Um 11. gr.

Í upphafi 1. mgr. þessarar greinar er kveðið á um að öll afhending vöru og verðmæta, vinnu og þjónustu gegn greiðslu teljist til skattskyldrar veltu nema sérstakar undanþágur komi til samkvæmt öðrum ákvæðum frumvarpsins.

Til skattskyldrar veltu skal auk þess telja vörur sem teknar eru út af birgðum fyrirtækis til eigin nota eiganda fyrirtækis eða til þess konar notkunar þar sem ekki er leyfður frádráttur virðisaukaskatts á innkaupunum. Til skattskyldrar veltu telst einnig verðmæti þjónustu sem innt er af hendi fyrir eiganda fyrirtækis eða er ekki frádráttarbær.

Útsköttun (útreikningur útskatts) skattskyldrar vöru og þjónustu, sem notuð er af eiganda fyrirtækisins eða í áðurgreindum tilgangi, kemur einungis til greina ef fyrirtækið sjálft framleiðir vöruna eða innir þjónustuna af hendi eða þegar fyrirtækið verslar með slíkar vörur og ekki er hægt að ákveða við innkaupin hvort þær verði endurseldar eða notaðar af eiganda o.s.frv. Athygli skal vakin á því að skráðu fyrirtæki er óheimilt að draga frá innskatt af innkaupum sem ekki varðar sölu fyrirtækisins á vörum þess og skattskyldri þjónustu, sbr. 16. gr. frumvarpsins. Þetta þýðir að óheimilt verður við innkaup á vörum til eigin nota eigandans, sem fyrirtæki hans verslar ekki sjálft með, að reikna virðisaukaskatt af þeim til innskatts og útskatta vörurnar þegar eigandi tekur þær í notkun síðar.

Samkvæmt 3. mgr. telst sala skráðs fyrirtækis á vélum, tækjum og öðrum rekstrarfjármunum, sem notaðir hafa verið í fyrirtækinu, til skattskyldrar veltu. Sama gildir um vélar, tæki og aðra rekstrarfjármuni þegar fyrirtæki tilkynnir sig út af skrá. Slíkt ákvæði er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að reglur frumvarpsins séu sniðgengnar vegna þess að við kaup á þeim vörum og fjármunum hefur fyrirtækið fengið virðisaukaskattinn dreginn frá sem innskatt eða endurgreiddan sé innskattur hærri en útskattur.

Um 12. gr.

Í þessari grein er að finna veigamiklar undantekningar frá almennu reglunni um skattskylda veltu sem fram kemur í 11. gr. Samkvæmt greininni er heimilt að draga endurgjald fyrir tiltekna vöru, vinnu eða þjónustu frá heildarveltu við uppgjör skattsins. Áhrif þessa eru fyrst og fremst þau að ekki á sér stað nein uppsöfnun skatts vegna þessara viðskipta þar sem þeir aðilar sem hér um ræðir hafa oftast heimild til frádráttar á innskatti, andstætt því sem raunin er hjá þeim sem stunda viðskipti sem undanþegin eru skattskyldu skv. 3. mgr. 2. gr.

Í 1. tölul. er kveðið á um að vara, sem seld er úr landi, sé undanþegin virðisaukaskatti, svo og vinna og þjónusta sem veitt er og seld erlendis. Skattur af aðföngum útfluttra vara og þjónustu fæst annaðhvort dreginn frá útskatti af skattskyldri sölu skv. 15. gr. eða er endurgreiddur skv. 26. gr. Útflutningur er þar með alveg undanþeginn virðisaukaskatti og er

samkeppnisstaða hans því óháð skattinum, sbr. hins vegar uppsöfnun söluskatts í útflutningi við núverandi fyrirkomulag. Rétt er að leggja áherslu á að því aðeins er heimilt að halda viðskiptum utan skattskyldrar veltu samkvæmt þessum tölulið að hægt sé að styðja sölu úr landi lögboðnum skjölum og gögnum. Heimild þessi á t.d. ekki við um vörur sem kaupandi flytur síðar úr landi.

Samkvæmt 2. tölul. eru vöruflutningar milli landa undanþegnir skattskyldri veltu. Það sama á við um flutningskostnað innan lands þegar flutt er beint til eða frá landinu. Þessi undanþága leiðir af undanþágu millilandaflutninga og er sett vegna þess hve erfitt kann að vera að skipta flutningskostnaði, t.d. vegna flutninga með skipi sem kemur við á mörgum höfnum innan lands áður en það kemur til endanlegs áfangastaðar. Þá er reglunni og ætlað að girða fyrir möguleika á tvísköttun þar sem frádráttur vegna virðisaukaskatts kemur ekki til greina þegar flutningskostnaður er greiddur af erlendum aðila. Vöruflutningar innan lands eru að öðru leyti skattskyldir. Vegna frádráttarheimildarinnar hefur skatturinn þó ekki áhrif á endanlegt vöruverð til neytanda.

Í 3. og 4. tölul. er vinna og þjónusta fyrir útlendinga undanþegin skattlagningu út frá svipuðum sjónarmiðum og búa að baki undanþágunni í 1. tölul., þó að vinnan og þjónustan sé innt af hendi hérlendis.

Í 5. tölul. er gert ráð fyrir að vistir og þjónusta, sem veitt er um borð í millilandaförum, sé undanþegin svo og eldsneyti, tæki og búnaður sem notað er um borð. Sömu sjónarmið og búa að baki ákvæða 1.–3. tölul. eiga og við hér. Tekið skal fram að þetta ákvæði á hvorki við um fiskiskip, t.d. þegar þau sigla með eigin afla, né skemmtibáta og einkaloftför, heldur aðeins för sem notuð eru í eiginlegri flutningastarfsemi.

Samkvæmt 6. tölul. er sala og útleiga loftfara og skipa, annarra en einkaloftfara og skemmtibáta, undanþegin skattskyldri veltu. Þó að sérreglu þessari væri ekki fyrir að fara yrði engin uppsöfnun virðisaukaskatts í fjárfestingu af þessu tagi þar eð draga mætti hann frá sem innskatt. Ákvæðið kemur hins vegar í veg fyrir fjárbindingu um langan eða skamman tíma vegna skattsins sem getur verið mjög kostnaðarsöm þar sem hér er oft og tíðum um verulega fjárfestingu að ræða. Sambærilegar reglur gilda um sölu á þessum vörum í nágrannalöndunum. Hliðstætt undanþáguákvæði er í gildandi söluskattslöggjöf og hefur upptaka virðisaukaskattsins því enga breytingu í för með sér að þessu leyti.

Samkvæmt 7. tölul. er viðgerðar- og viðhaldsvinna, sem unnin er við skip og loftför og fastan útbúnað þeirra, svo og varahlutir sem notaðir eru í því sambandi, undanþegin skattskyldri veltu. Með föstum útbúnaði er aðallega átt við útbúnað sem er fastur við skip eða loftfar, t.d. fjarskiptabúnaður, ratsjá og önnur siglingatæki, en nær einnig til björgunarbáta og annars öryggisútbúnaðar. Veiðarfæri, fiskkassar og annað lausafé telst ekki til fasts útbúnaðar í þessu sambandi. Með ákvæði þessu er fyrst og fremst stefnt að því að tryggja að fullu samkeppnisstöðu þeirra, sem viðgerðarvinnu stunda, gagnvart útlendingum.

Í 8. tölul. er ákvæði um skattfrelsi erlendra tímarita sem erlendir útgefendur senda innlendum áskrifendum. Að baki undanþágu þessari býr fyrst og fremst sú staðreynd að í framkvæmd er ekki mögulegt að koma við og hafa eftirlit með skattheimtu í þessum tilvikum þar sem dreifing erlendra tímarita, sem seld eru í áskrift, á sér stað í almennum bréfapósti.

Í 9. tölul. er sala dagblaða undanþegin skattskyldri veltu. Sala dagblaða og hliðstæðra blaða, svo og tímarita sem ekki eru gefin út í ágóðaskyni, er sem kunnugt er undanþegin söluskatti. Í reynd hafa nær öll blöð og tímarit, sem ekki teljast hrein afþreyingar- og skemmtirit, verið undanþegin söluskatti á grundvelli þessa ákvæðis söluskattslaga. Framkvæmd þessi hefur verið nokkuð umdeild. Þrátt fyrir meginstefnu þessa frumvarps um að vörusala skuli ætíð vera skattskyld þykir ekki hjá því komist í ljósi nokkurrar sérstöðu eiginlegra dagblaða á sviði nútímafjölmiðlunar að leggja til að þau verði undanþegin

skattskyldu með sama hætti og áður. Undanþága þessi er í samræmi við svipaðar reglur sem tíðkast í þessum efnum í nágrannalöndunum.

Rétt þykir að árétta að með dagblöðum í skilningi undanþáguákvæðis þessa er aðeins átt við blöð sem koma út með reglubundnum hætti, a.m.k. sex sinnum í viku, og hafa að geyma almennar fréttir af innlendum og erlendum vettvangi, svo og svokölluð landsmála- og héraðsfréttablöð sem að formi til eru svipuð dagblöðum og koma út a.m.k. einu sinni í mánuði. Undanþágan næði samkvæmt framansögðu t.d. til dagblaða eins og Þjóðviljans, Morgunblaðsins, Tímans, Alþýðublaðsins, DV, Dags, Helgarpóstsins, Víkurblaðsins, Suðurlands, Þjóðólfs, Austra, Vesturlands og annarra slíkra dagblaða og héraðsfréttablaða. Undanþágan tekur hins vegar hvorki til tímarita almenns efnis né fagtímarita og afþreyingar- og skemmtirita. Þannig tæki hún ekki til tímarita eins og Vikunnar, Mannlífs, Þjóðlífs, Lífs, Heimsmyndar, Frjálsrar verslunar, Sjávarfrétta og annarra sambærilegra rita.

Í 2. mgr. er heimild til handa fjármálaráðherra að setja reglur um skilyrði fyrir undanþágum samkvæmt greininni. Einnig hefur hann heimild til að undanþiggja aðra þjónustu en þá sem upp er talin að framan ef þjónusta er veitt útlendingum. Samkvæmt þessari málsgrein getur ráðherra ákveðið um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til erlendra ferðamanna vegna innkaupa þeirra hérlendis.

Í 3. mgr. er tekið fram að vörur, sem keyptar hafa verið eða notaðar í þeim tilgangi einum sem um ræðir í 3. mgr. 16. gr., teljist ekki til skattskyldrar veltu ef fyrirtæki selur þær síðar. Reglan helgast af því að virðisaukaskattur á innkaupum í þessum tilgangi kemur ekki til frádráttar sem innskattur.

Samkvæmt 4. mgr. er sala á vörubirgðum, vélum og öðrum rekstrarfjármunum undanþegin skatti þegar fyrirtækið í heild eða að hluta er selt til skattskylds aðila. Þessi undanþága er sett af hagkvæmnisástæðum þar sem ríkissjóður fær engar skatttekjur af þessum viðskiptum. Seljandi mundi að vísu skila skatti af sölunni en kaupandi fær sömu fjárhæð endurgreidda eða getur dregið hana frá útskatti. Forsenda fyrir þessari undanþágu er að skattyfirvöldum sé tilkynnt um eigendaskipti innan átta daga frá því að salan fór fram.

Um 13. gr.

Í greininni eru ákvæði um uppgjör skattskyldrar veltu. Aðalreglan er sú að það fer eftir því hvenær afhending vörunnar eða hinnar skattskyldu þjónustu fer fram til hvaða uppgjörstímabils skattskylda veltan telst. Tímamark skattskyldu er þannig tengt afhendingu. Það er því afhendingin (afhendingarreglan eða reikningsaðferðin) en ekki innborganir (greiðsluaðferðin) sem ræður því hvenær skattskilin fara fram. Í samræmi við þetta er tekið fram í 2. mgr. að sé gefinn út reikningur vegna afhendingar telst hún hafa farið fram á þeim degi, enda sé reikningur gefinn út fyrir eða samtímis afhendingunni.

Samkvæmt framansögðu breytir engu í sambandi við tímamark skattskila þótt greiðsla fari fram eftir afhendingu, t.d. við sölu gegn gjaldfresti eða með afborgunarskilmálum, þar sem settir kunna að verða skilmálar um hlutbundinn rétt seljanda í hinu selda verði ekki staðið í skilum með greiðslur, t.d. sölu með eignarréttarfyrirvara. Sama á við eftir atvikum um kaupleigusamninga (fjármögnunarleigu) sem samkvæmt eðli sínu yrðu fremur taldir vera kaupsamningar en afnotasamningar.

Í 3. mgr. er hins vegar fjallað um tilvik þegar greiðsla fer fram að fullu eða að hluta áður en afhending á sér stað en þá teljast sem aðalregla 81,97% af hinni mótteknu fjárhæð til skattskyldrar veltu á því tímabili þegar greiðsla fer fram. Þetta ákvæði er sett í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að reikningsútgáfa sé dregin á langinn.

Í 4. mgr. kemur fram sérákvæði er varðar umsýslu eða umboðssölu þar sem aðilum, sem afhenda vörur í umboðs- eða umsýslusölu (umbjóðendum), er gefinn kostur á að velja á milli afhendingar- og greiðsluaðferðanna.

Í 5. mgr. er að finna ákvæði um að við uppgjör á skattskyldri veltu geti seljandi, að fullnægðum ákveðnum skilyrðum, dregið frá skattskyldri veltu skattverð endursendra vara og töp á útistandandi viðskiptaskuldum. Svipaðar reglur gilda um greiðslur skv. 3. mgr. þessarar greinar áður en afhending fer fram. Ástæðan fyrir þessum ákvæðum er sú að skattskyld velta er gerð upp samkvæmt afhendingaraðferðinni. Hér er þannig sett fram sú meginregla að með innborgunum inn á umsamda sölu sé verið að greiða jafnt virðisaukaskatt sem söluandvirði vörunnar og því beri að skila virðisaukaskatti til ríkisins þá þegar. Það skal sérstaklega tekið fram vegna ákvæða 2. tölul. 5. mgr. að reglur laga um tekjuskatt og eignarskatt um það hvenær draga má tapaðar viðskiptaskuldir frá atvinnurekstrartekjum, sbr. 3. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, skulu gilda varðandi heimild þá sem hér um ræðir.

Hlutfallstalan 81,97% er það hlutfall af greiðslu sem nemur söluandvirði þess selda án virðisaukaskatts ef reiknað er með að virðisaukaskattur sé innifalinn í greiðslunni.

Í 1. og 2. tölul. 5. mgr. eru heimildir til að draga frá 81,97% þeirra fjárhæða sem aðili þarf að endurgreiða viðskiptamönnum sínum vegna endursendra vara. Undir þetta ákvæði mundu einnig falla endurgreiðslur vegna gallaðra vara. Sama gildir um fjárhæðir sem tapast í útlánsviðskiptum.

Sé virðisaukaskattsskyldum viðskiptavini skattaðila veittur afsláttur eftir að afhending hins selda hefur farið fram er heimilt skv. 3. tölul. 5. mgr. að draga afsláttinn frá skattskyldri veltu, enda hafi skilyrði til að veita afsláttinn ekki verið fyrir hendi við afhendingu. Það er forsenda fyrir færslum af þessu tagi að fullnægjandi fylgiskjöl liggi fyrir þar sem afsláttur og virðisaukaskattur koma fram, sbr. athugasemdir við 7. gr.

Afslátt til óskattskylds aðila eftir afhendingu er óheimilt að draga frá skattskyldri veltu þar sem telja má að ógjörningur sé fyrir skattyfirvöld að fylgjast með því að slíkir afslættir séu ekki misnotaðir.

Um 14. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að virðisaukaskattur renni í ríkissjóð en skatti þessum er ætlað að koma í stað núverandi söluskatts. Um skatthlutfallið vísast til almennra athugasemda hér að framan.

Um 15. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að sérhver skattskyldur aðili skal skila til ríkissjóðs mismun innskatts af aðföngum og útskatts af sölu á hverju uppgjörstímabili. Í þessari málsgrein felst ein meginregla virðisaukaskattskerfisins, þ.e. að skattaðili greiðir og skilar í ríkissjóð skatti af þeim virðisauka sem á hverju tímabili hefur myndast í fyrirtæki hans. Ekki skiptir máli í þessu sambandi hvort innkaup og sala á söluvöru falli til á einu og sama uppgjörstímabili. Innskatt má draga strax frá jafnvel þótt varan sé keypt eða framleidd til birgðaaukningar og seld á síðari tímabilum. Sé innskattur hærri en útskattur á einhverju uppgjörstímabili skal endurgreiða skattaðila mismuninn eftir reglum sem fram koma í 26. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er hugtakið „útskattur“ skilgreint en samkvæmt þeirri skilgreiningu skal leggja virðisaukaskatt á alla skattskylda sölu eða afhendingu skattaðilans. Skatturinn reiknast af skattverði hins selda, sbr. 7. gr.

Innskattur, sbr. 3. mgr., er virðisaukaskattur af öllum vörum og aðföngum til nota í rekstrinum. Hér er ekki eingöngu átt við skatt af efni til vinnslu eða af vörum til endursölu, heldur einnig skatt af fjárfestingum og rekstrarvörum, enda séu fjármunir þessir tengdir tekjuöflun fyrirtækisins. Sem dæmi má nefna skatt af byggingum, vélum, áhöldum o.fl. í atvinnurekstri. Til frekari skýringar skal eftirfarandi tekið fram:

Aðalreglan er sú að virðisaukaskattur af innkaupum skráðs fyrirtækis telst til innskatts að því leyti sem innkaupin varða sölu (veltu) fyrirtækisins á skattskyldum vörum og

þjónustu, þ.e. bæði þá veltu sem greiða skal virðisaukaskatt af og þá veltu sem ekki er reiknaður virðisaukaskattur af samkvæmt ákvæðum 12. gr. (útflutningur o.s.frv.). Í 3. mgr. 16. gr. eru hins vegar tilgreind ýmis innkaup með virðisaukaskatti þar sem ekki er heimilt að telja skattinn af innkaupunum til innskatts, jafnvel þótt þau gætu að öllu leyti eða að hluta talist varða sölu fyrirtækisins á skattskyldum vörum og þjónustu, sbr. nánar athugasemdir við 16. gr.

Í 4. mgr. er í samræmi við áður nefnda reikningsaðferð, sbr. athugasemdir við 13. gr., kveðið á um að til innskatts á hverju uppgjörstímabili teljist sá virðisaukaskattur sem fram kemur á reikningum til kaupanda vegna afhendingar skattskyldrar vöru og þjónustu á tímabilinu. Hins vegar gildir svokölluð greiðsluregla um virðisaukaskatt af innflutningi, þ.e. innflytjandi skal telja virðisaukaskatt af innflutningi til innskatts á sama tímabili og greiðsla fer fram til tollyfirvalda, sbr. XI. kafla.

Um 16. gr.

Í greininni er að finna nánari afmörkun þess hvað teljist til innskatts sem síðan má draga frá útskatti eða fá endurgreitt.

Í 1. mgr. er því slegið föstu að til innskatts megi aðeins telja virðisaukaskatt af innkaupum o.s.frv. sem eingöngu varðar sölu (veltu) skattskyldrar vöru og þjónustu. Samkvæmt þessu ákvæði væri t.d. óheimill frádráttur innskatts sem varðar byggingu sem aðeins að hluta er notuð í skattskyldri starfsemi fyrirtækisins. Í 2. mgr. er hins vegar að finna ákvæði þar sem fjármálaráðherra er heimilað að setja reglur um frádrátt að hluta (eftir atvikum hlutfallslegan frádráttarrétt) vegna virðisaukaskatts á innkaupum sem varða ekki að fullu sölu skattaðila á skattskyldum vörum og þjónustu. Þá er fjármálaráðherra á sama hátt heimilað að leiðrétta áður fenginn frádrátt vegna virðisaukaskatts þegar breyting verður síðar á notkun varanlegra rekstrarfjármuna sem hefur í för með sér breytingu á frádráttarréttinum.

Í 3. mgr. eru tiltekin ýmis innkaup sem ekki koma til greina við uppgjör innskatts. Athygli skal vakin á því að það leiðir þegar af ákvæðum 1. mgr. að frádráttur innskatts á vörum sem keyptar eru til einkaneyslu eigandans er óheimill. Slík innkaup varða ekki sölu fyrirtækisins á skattskyldum vörum og þjónustu. Þau innkaup sem ekki heimila frádrátt innskatts skv. 3. mgr. eru kaup á matvælum til neyslu starfsfólks, enn fremur öflun og rekstur íbúðarhúsnæðis, barnaheimila, orlofsbúða o.s.frv. auk annarra innkaupa sem varða önnur hlunnindi til starfsfólks eða eiganda. Í skilningi frumvarps þessa má líta á innkaup í slíkum tilgangi sem kaup til endanlegrar neyslu, þ.e. ef fyrirtækið hefði greitt hærri peningalaun í staðinn fyrir að veita starfsfólkinu hlunnindi hefði starfsfólkið þurft að greiða virðisaukaskatt við kaup á þeim vörum og þeirri þjónustu.

Bann við frádrætti vegna risnu, gjafa og gistingar er m.a. sett til þess að koma í veg fyrir misnotkun. Það skal þó tekið fram að gjafir, sem bersýnilega eru gefnar og notaðar í auglýsingaskyni, eru frádráttarbærar eins og t.d. almanök, pennar o.s.frv. Í 7. tölul. er takmörkun á frádráttarheimild vegna öflunar, rekstrar og leigu fólksbifreiða fyrir færri en níu menn. Án slíkrar takmörkunar kæmu upp svipuð vandamál og nú eru í tekjuskattslögum varðandi ákvarðanir um hvað teljist vera einkanot eiganda og hvað teljist vera afnot í tengslum við atvinnurekstur.

Í 4. mgr. eru ákvæði um innskattsfrádrátt ríkis, bæjar- og sveitarfélaga og fyrirtækja og stofnana þeirra, svo og um innskatt vegna eigin nota þeirra er um ræðir í 2. mgr. 3. gr. Ákvæði þetta er sett til öryggis en um frádrátt þeirra mundu að öðru leyti gilda reglur sem settar yrðu á grundvelli heimildar í 2. mgr. þessarar greinar.

Ákvæðum 5. mgr. er ætlað að koma í veg fyrir tvísköttun á vörum sem eigandi fyrirtækis notar en fyrirtækið framleiðir eða verslar með eða þjónustu sem það innir af hendi og ber

skv. ákvæðum 1. mgr. 11. gr. að telja skattskylda veltu. Sama á við um notkun fyrirtækisins sjálfs á vörum þessum eða þjónustu í tilgangi sem ekki varðar sölu þess á skattskyldum vörum og þjónustu eða í tilgangi sem lýst er í 3. mgr. þessarar greinar. Reglan felur m.a. í sér að smásali getur tekið út vörur til einkaneyslu af vörubirgðum sínum enda þótt virðisaukaskattur hafi verið talinn til innskatts við kaup þessara vara. Smásalanum ber hins vegar að telja hinar útteknu vörur til skattskyldrar veltu, sbr. 1. mgr. 11. gr.

Í 6. mgr. kemur fram að þeir sem hafa með höndum sölu eða leigu bifreiða eru ekki háðir takmörkun á frádráttarrétti varðandi þær bifreiðar sem seldar eru eða leigðar. Ákvæði 7. tölul. gilda hins vegar að sjálfsögðu um aðrar bifreiðar sem þessir aðilar nota í rekstri sínum.

Um 17. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar kemur fram sú mikilvæga meginregla að virðisaukaskattsskyldir aðilar skuli haga bókhaldi sínu og uppgjöri til virðisaukaskatts þannig að skattyfirvöld geti jafnan gengið úr skugga um réttmæti virðisaukaskattsskila. Segja má að aðrar greinar kaflans feli í sér nánari útfærslu á þessari meginreglu.

Um 18. gr.

Samkvæmt 1. mgr. greinarinnar verður bókhald vegna virðisaukaskatts að færast í sjálfu aðalbókhaldinu eða í sérstökum undirbókum sem byggjast á aðalbókhaldinu. Oftast er eðlilegast og hagkvæmast að færa þetta bókhald í sjálfu aðalbókhaldinu.

Í 4. mgr. er boðið að sérstaka reikninga skuli færa í bókhaldi fyrir innskatt annars vegar og útskatt hins vegar. Gert er ráð fyrir því að annaðhvort sé innskattur og útskattur færður á þessa sérstöku reikninga jafnóðum eða í lok hvers uppgjörstímabils. Ef síðari aðferðin er notuð skal fjárhæð innskatts eða útskatts reiknuð í lok uppgjörstímabils sem 18,03% af innkaupum eða sölu að meðtöldum skatti, miðað við 22% skatt.

Samkvæmt 5. mgr. er gert ráð fyrir að virðisaukaskattsskyldir aðilar, sem ekki eru bókhaldsskyldir samkvæmt bókhaldslögum, skuli færa sérstakt bókhald vegna virðisaukaskatts. Sem dæmi um slíka aðila má nefna bændur sem stunda búrekstur þar sem afurðirnar eru að meiri hluta seldar eða lagðar inn hjá vinnslustöðvum eða samtökum, sem hafa með höndum vinnslu eða dreifingu þeirra, en ekki seldar beint til smásala eða neytenda, sbr. síðari málsl. 15. tölul. b-liðar 2. gr. laga nr. 51/1968, um bókhald. Hjá þessum aðilum geta innleggsnótur (afreikningar) eða móttökukvittanir vinnslustöðva og samlaga komið í stað reikninga yfir sölu þeirra á afurðum, sbr. 2. mgr. 21. gr. frumvarpsins. Hins vegar mundu þessir aðilar þurfa að varðveita alla reikninga yfir aðkeypt aðföng til þess að fá frádreginn innskatt. Í 5. mgr. er síðan gert ráð fyrir því að þeir haldi sérstakt bókhald yfir hin skattskyldu viðskipti og að fjármálaráðherra ákveði nánar um tilhögun þess. Rétt er að taka fram að sala bænda beint til neytenda er háð ákvæðum frumvarps þessa um reikningsútgáfu.

Um 19. gr.

Greinin hefur að geyma sönnunarreglu sem er fyrst og fremst þýðingarmikil fyrir þá sem reka margþætta starfsemi þegar sumir hlutar hennar eru skattskyldir en aðrir undanþegnir, sbr. t.d. 2. mgr. 18. gr. og 4. mgr. 20. gr. Hafi þessir aðilar t.d. ekki hagað bókhaldi sínu og gögnum þannig að þeir geti sýnt fram á að sala sé undanþegin virðisaukaskatti geta þeir átt það á hættu að salan verði talin skattskyld.

Um 20. gr.

Greinin er að mestu í samræmi við núgildandi ákvæði söluskattsreglna um reikningsútgáfu auk þess sem hún hefur ekki í för með sér verulegar breytingar á reglum um bókhald frá því sem nú er. Ákvæði þessi eru svipuð þeim sem gilda í Danmörku í þessum efnum.

Athygli skal vakin á því að skv. 1. mgr. skal fjárhæð virðisaukaskatts ætíð koma fram þegar um er að ræða sölu til virðisaukaskattsskylds aðila.

Ákvæði 6. mgr. tengjast hinni víðtæku upplýsingaskyldu sem lögð er á aðila skv. 38. gr. Mjög mikilvægt er að unnt sé að rekja viðskipti milli skráðra aðila í virðisaukaskatti, m.a. vegna heimildar kaupanda til frádráttar innskatts. Ekki eru settar um það nánari reglur í frumvarpinu hvernig skráður aðili hagar bókhaldi sínu til þess að geta gefið upplýsingar um sölu til einstaks skráðs aðila, en hann getur t.d. gert þetta með því að varðveita eitt eintak sölureikninga í stafrófsröð ef ekki er færð sérstök viðskiptamannabók yfir slíka sölu. Er að þessu leyti um sömu reglur að ræða og gilda samkvæmt núgildandi reglugerð um söluskatt. Skráður kaupandi verður einnig samkvæmt frumvarpinu að geta gefið upplýsingar um kaup sín frá einstökum skráðum seljendum. Við kaup gegn gjaldfresti er skylt samkvæmt bókhaldslögum að færa slík viðskipti í viðskiptamannabók og gæti þá kaupandi gefið upplýsingar úr viðskiptareikningi seljandans. Ekki er í frumvarpi þessu gert að skyldu að halda viðskiptamannabækur umfram það sem skylt er samkvæmt lögum nr. 51/1968, um bókhald. Vegna hinnar víðtæku upplýsingaskyldu getur verið hagkvæmt fyrir fyrirtæki að skrá einnig staðgreidd innkaup jafnóðum, en einnig má sundurliða þau síðar samkvæmt fyrirliggjandi innkaupareikningum bókhalds krefjist skattyfirvöld upplýsinga á grundvelli þessa ákvæðis.

Ákvæði 7. mgr. tengjast ákvæðum 15. gr., sbr. 16. gr., um frádrátt vegna innskatts, sbr. enn fremur 34. gr. um virðisaukaskatt við innflutning. Geti virðisaukaskattsskyldur aðili ekki lagt fram umrædd gögn í réttu formi til sönnunar innskatti getur hann átt það á hættu að frádráttur vegna innskatts af viðskiptum verði ekki leyfður. Ákvæði lokamálsliðar 7. mgr. eru sett til þess að létta vinnu af smásöluverslunum.

Um 21. gr.

Staðgreiðslusala smásöluverslana og hliðstæðra aðila er undanþegin reikningsskyldu. Slík reikningsskylda væri almennt ekki framkvæmanleg í smásöluverslun auk þess sem sú sala er að mestu leyti til neytenda sem endanlega bera virðisaukaskattinn og þurfa því ekki reikning vegna frádráttar innskatts. Sé slík sala hins vegar til skráðs kaupanda þarf hann að hafa fullnægjandi reikning til sönnunar vegna frádráttar innskatts. Í slíkum tilfellum verður því að leggja þá skyldu á smásala að hann gefi út reikning yfir staðgreiðslusölu í smásölu. Eðlilegt getur verið að víkja frá kröfum 20. gr. um auðkenni á reikningi, t.d. að tilgreina bílnúmer í stað nafns kaupanda á reikningi, og er fjármálaráðherra ætlað að setja nánari reglur um slík frávik.

Varðandi 2. mgr. vísast til athugasemda um 5. mgr. 18. gr. hér að framan.

Um 22. gr.

Nauðsynlegt þykir að leggja beinlínis bann við því að þeir sem undanþegnir eru virðisaukaskattsskyldu tilgreini á reikningum sínum eða gefi á annan hátt í skyn að virðisaukaskattur sé innifalinn í reikningsfjárhæð. Þetta bann er ekki einungis nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir að fyrirtæki innheimti ranglega virðisaukaskatt sem ekki er skilað í ríkissjóð, heldur einnig til þess að koma í veg fyrir að skráður viðskiptamaður slíks fyrirtækis fái óréttmætan frádrátt vegna innskatts sem seljandi skilar ekki sem útskatti í ríkissjóð. Ákvæði 1. mgr. hafa að geyma þetta bann en 3. mgr. fjallar um það hvernig skuli leiðrétta ef út af hefur verið brugðið.

Af svipuðum toga er efni 2. mgr. en þar er fjallað um seljanda sem er heimilt að gera upp tekjur sínar samkvæmt afreikningi frá vinnslustöðvum eða samlögum, sbr. 2. mgr. 21. gr.

Samkvæmt 4. mgr. er gert ráð fyrir þeirri aðalreglu að verð á vöru eða skattskyldri þjónustu sé tilgreint að meðtöldum virðisaukaskatti. Hér er átt við upplýsingar um verð vöru í auglýsingum eða með öðrum hætti og er reglan sett með hagsmuni neytenda í huga.

Um 23. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 24. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að uppgjörstímabilin verði tveir mánuðir í stað eins mánaðar í núgildandi söluskattskerfi, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða III. Markmiðið með því að lengja uppgjörstímabilin er m.a. að draga nokkuð úr vinnu gjaldenda og þeirri vinnu sem skattyfirvöld þurfa að leggja í við úrvinnslu á skýrslum, en sú vinna mun aukast við upptöku virðisaukaskatts, m.a. vegna fjölgunar skattaðila.

Í 2. mgr. er gjalddagi virðisaukaskatts ákveðinn 5. dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Þetta þýðir að virðisaukaskatti ásamt skýrslu vegna t.d. tímabilsins janúar–febrúar skal skilað eigi síðar en 5. apríl. Í 3. mgr. kemur fram að skila ber skýrslu þegar innskattur er hærri en útskattur, en skv. 26. gr. ber þá að endurgreiða úr ríkissjóði mismun innskatts og útskatts.

Samkvæmt ákvæðum 4. mgr. geta fyrirtæki sem eru að jafnaði með lægri útskatt en innskatt vegna útflutnings fengið heimild skattstjóra til að vera með almanaksmánuð sem uppgjörstímabil. Slík fyrirtæki, sem eiga þannig að jafnaði að fá endurgreiðslu, þurfa því ekki að bíða allt upp í rúma þrjá mánuði eftir endurgreiðslu. Fyrirtæki, sem eru fyrst og fremst útflutningsfyrirtæki og hafa að jafnaði helmingi minni útskatt en innskatt, geta fengið heimild til að hafa vikulegt uppgjörstímabil. Með þessum hætti er reynt að koma í veg fyrir óhóflega langa fjárbindingu hjá þeim fyrirtækjum sem falla undir greinina.

Gert er ráð fyrir að umsókn um breytt uppgjörstímabil hafi borist skattstjóra a.m.k. mánuði fyrir gildistöku væntanlegrar breytingar og að fyrirtæki sé bundið af hinu nýja uppgjörstímabili í tvö ár. Þessi tímatakmörk eru sett til að koma í veg fyrir að þeir, sem í einstaka tilvikum sjá sér hag í að nýta sér þessar reglur en njóta að öðru leyti hagræðis af tveggja mánaða uppgjörstímabili vegna þess að útskattur þeirra er að jafnaði hærri en innskattur, breyti óeðlilega oft um uppgjörstímabil.

Um 25. gr.

Samkvæmt þessari grein á skattstjóri að yfirfara virðisaukaskattsskýrslur og leiðrétta þær ef með þarf. Þá ber skattstjóra að áætla ef aðili skilar ekki skýrslu eða ef skýrslan, þar með talin fylgigögn hennar, er ófullnægjandi og ekki unnt að byggja á henni, t.d. þegar hún er óundirrituð, ólæsileg o.s.frv. Skattstjóri skal ávallt tilkynna skattaðila og innheimtumanni um áætlanir og breytingar sem hann gerir samkvæmt þessari grein. Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við núgildandi reglur um söluskatt.

Um 26. gr.

Þegar skattaðili skilar virðisaukaskattsskýrslu þar sem fram kemur að innskattur hefur verið hærri en útskattur á uppgjörstímabilinu á ríkissjóður samkvæmt þessari grein að endurgreiða mismuninn innan 15 daga frá lokum skilafrests, enda hafi skýrslunni verið skilað á tilsettum tíma. Sé skýrslu ekki skilað á tilsettum tíma er skattaðila áætlaður skattur, sbr. 25. gr., og gefinn 15 daga kærufrestur, sbr. 29. gr. Komi skattaðili með endurgreiðslukröfu áður en kærufresti lýkur skal ríkissjóður endurgreiða skattinn innan 15 daga frá því skattstjóri hefur úrskurðað í málinu.

Þegar svo er ástatt að skattstjóri getur ekki gert nauðsynlegar athuganir á bókhaldi og öðrum gögnum sem skýrslugjöfin byggist á vegna aðstæðna skattaðila, t.d. þegar skattaðili afhendir ekki gögnin, ekki næst til skattaðila o.s.frv., framlengist framangreindur frestur.

Í 3. mgr. kemur fram að því aðeins megi endurgreiða skatt að fyrir liggi skattákvörðun vegna fyrri tímabila. Það þykir ekki rétt að skattaðili geti fengið endurgreiðslu á einhverju uppgjörstímabili á sama tíma og skattstjóri er að fjalla um skýrslu vegna fyrra tímabils. Þá er í málsgreininni kveðið á um að endurgreiðslukröfu skuli skuldajafna á móti vangreiddum skatti og samkvæmt eðli málsins á það sama við um ofendurgreiddan skatt.

Um 27. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um álagsgreiðslur sem skattaðila er gert að sæta ef virðisaukaskatti er ekki skilað á tilskildum tíma, virðisaukaskattur áætlaður eða ef endurgreiðsla hefur verið of há. Fylgt er sömu grundvallarreglum um álag og nú eru í söluskattslögum. Þó er álag fyrir hvern byrjaðan vanskiladag 1% í stað 4% í söluskattslögum. Hámarksálag er hins vegar 10%. Ákvæði um dráttarvexti eru í 28. gr.

Þá eru í greininni svipuð ákvæði og í söluskattslögum um heimild skattstjóra til að falla frá viðurlögum og breyta áætlun utan kærufrests ef skattaðili færir til þess gildar ástæður að mati skattstjóra.

Heimildir skattstjóra, ef í ljós kemur að skattaðili hefur greitt of lágan skatt eða ef fylgiskjöl eða bókhald eru ófullnægjandi, eru einnig sambærilegar við núgildandi framkvæmd söluskattslaga.

Samkvæmt 10. mgr. skal ætíð gera aðila viðvart áður en virðisaukaskattur er reiknaður að nýju skv. 9. mgr., sbr. hins vegar 25. gr. þar sem skattstjóra nægir að tilkynna aðila um þær leiðréttingar sem gerðar hafa verið samkvæmt þeirri grein.

Um 28. gr.

Gert er ráð fyrir svipuðum reglum um dráttarvexti og er í núgildandi tekjuskattslögum þegar skattaðili greiðir ekki virðisaukaskatt innan mánaðar frá gjalddaga.

Í 4. mgr. er ákvæði um að ríkissjóður greiði skattaðila dráttarvexti ef endurgreiðsla skv. 26. gr., sem skattaðili á rétt á og ríkissjóði ber að greiða, hefur dregist í a.m.k. mánuð. Vegna hins sérstaka eðlis þessara endurgreiðslna þykir rétt að gera ríkissjóði að greiða dráttarvexti enda getur verið um mikla fjármuni að tefla.

Rétt þykir að tryggja kröfur ríkissjóðs á virðisaukaskatti, þar með talinni of hárri endurgreiðslu, ásamt álagi og dráttarvöxtum, svo sem kostur er. Skattur þessi er þess eðlis að óeðlilegt er að aðrir kröfuhafar geti hagnast af ólögmætum athöfnum skuldarans sem yrði hafi kröfur þessar ekki þann forgang sem hér er gerð tillaga um. Þær njóta skv. 2. mgr. lögtaksréttar auk þess sem þeim er skipað í skuldaröð samkvæmt 82. gr. laga nr. 3/1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl. Óheimilt er að slíta félögum fyrr en kröfur þessar eru greiddar. Hér eru kröfur ríkissjóðs tryggðar allmiklu betur en í núgildandi söluskattslögum.

Um 29. gr.

Greinin hefur að geyma ákvæði um kærurétt vegna ákvörðunar skattstjóra á virðisaukaskatti, svo og úrskurðarfresti skattyfirvalda.

Kærufrestir til skattstjóra og ríkisskattanefndar verða 15 dagar. Úrskurðarfrestir skattstjóra og ríkisskattanefndar eru einnig 15 dagar.

Samkvæmt 4. mgr. hefur ríkisskattstjóri rétt til að skjóta úrskurðum skattstjóra til ríkisskattanefndar, en í núgildandi söluskattslögum er það fjármálaráðherra sem hefur þessa heimild.

Um 30. gr.

Hjá skattyfirvöldum skal halda sérstaka skrá yfir skattaðila sem stunda landbúnað. Þessi skrá er nauðsynleg vegna sérákvæða sem fram koma í 31.–33. gr. Þá er lagt til að skilgreining í atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar verði lögð til grundvallar við afmörkun þeirrar starfsemi sem telst landbúnaður í skilningi frumvarpsins.

Um 31. gr.

Eins og rakið er í almennum athugasemdum hér að framan er í þessu frumvarpi, andstætt því sem lagt hefur verið til í fyrri frumvörpum um virðisaukaskatt, gert ráð fyrir að bændur innheimti sama skatthlutfall af afurðasölu sinni og aðrir framleiðendur. Engu síður þykir með tilliti til sérstöðu landbúnaðar í íslensku atvinnulífi rétt að kveða á um að þeir sem hann stunda þurfi aðeins að skila virðisaukaskattsskýrslu tvisvar á ári. Hafa verður í huga að bændur eru almennt ekki bókhaldsskyldir, nema þeir sem selja meiri hluta afurða beint til smásala eða neytenda, sbr. 15. tölul. 2. gr. bókhaldslaga. Atvinnurekstrartekjur þeirra koma oftast frá fáum aðilum (vinnslustöðvum) auk þess sem sala þeirra til endanlegs neytanda er oft lítil eða jafnvel engin. Í ljósi þessa þykir rétt, í því skyni að draga úr skriffinnsku og vinnu, jafnt hjá skattyfirvöldum sem gjaldendum, að þeir sem stunda landbúnað skili skýrslu að jafnaði aðeins tvisvar á ári, sbr. þó 32. gr. Skilafrestur vegna fyrri árshelmings er 1. september en 1. mars vegna síðari helmings liðins árs og skulu ákvæði IX. kafla að öðru leyti gilda um skilin að teknu tilliti til framangreindra skilafresta.

Um 32. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að þeir sem hafa 60% eða meira af heildaratvinnurekstrartekjum sínum af öðru en landbúnaði skuli skila virðisaukaskatti ásamt skýrslu á reglulegum skiladögum sbr. 24. gr. Þetta þykir nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun í sambandi við sérreglu þá sem um ræðir í 31 gr.

Um 33. gr.

Samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar er skattstjóra veitt heimild til þess að fallast á beiðni bónda um sérstakt aukauppgjör virðisaukaskatts sýni hann fram á að hann eigi kröfu á verulegri endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa á fjárfestingar- og rekstrarvörum sem fæst seint endurgreiddur í sölu. Ákvæði þetta á sérstaklega við þá bændur sem fá söluverð afurða sinna gert upp löngu eftir að tilkostnaður vegna framleiðslunnar fellur til eins og raunin er hjá sauðfjár- og garðyrkjubændum.

Jafnframt þykir ekki hjá því komist að kveða á um heimild til ráðherra til þess að setja ef nauðsyn krefur sérreglur er víkja frá almennum reglum frumvarpsins um skil og uppgjörstímabil þeirra bænda sem fá afurðir sínar ekki gerðar upp með reglubundnum hætti a.m.k. sex sinnum á ári. Reglur þessar gætu á sama hátt tekið til skila og uppgjörstímabila vinnslustöðva ef þurfa þætti. Með þessu móti er hægt að taka á þeim vandamálum sem löng uppgjörstímabil kunna að hafa í för með sér bæði varðandi fjárbindingu þeirra sem skattinum þurfa að svara við kaup svo og greiðsluerfiðleikum þeirra er skila þurfa innskatti sem safnast fyrir í rekstri þeirra á lengri tíma en hin almenna regla 24. gr. kveður á um.

Um 34. gr.

Samkvæmt þessari grein skal virðisaukaskattur greiddur við innflutning á skattskyldri vöru og þjónustu en um skilgreiningu á því hvað teljist skattskyld vara vísast til 2. gr. Greitt er af tollverði að viðbættum tollum og öðrum gjöldum álögðum við tollmeðferð.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum hér að framan er þessi leið valin þar sem hún er talin öruggari í framkvæmd en aðrar leiðir sem til álita koma. Samkvæmt

núgildandi söluskattslögum er söluskattur innheimtur við innflutning til eigin nota en ekki af vörum sem ætlaðar eru til endursölu. Samkvæmt þessari grein er ekki gerður slíkur greinarmunur þar sem innflutningur er allur gerður skattskyldur.

Þá er gert ráð fyrir að reglur tollalaga, nr. 55/1987, gildi um ákvörðun tollverðs.

Samkvæmt 3. mgr. getur fjármálaráðherra ákveðið að sömu reglur og settar kunna að verða um greiðslufrest aðflutningsgjalds skv. heimild í 109. gr. tollalaga skuli með sömu skilyrðum eiga við um virðisaukaskatt sem greiða ber við innflutning. Verði heimild þessi nýtt er gert ráð fyrir að fyrst og fremst verði innflytjendum sem í atvinnuskyni stunda innflutning á vörum til endursölu veittur greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum og virðisaukaskatti svo og framleiðslufyrirtækjum sem annast innflutning á ýmsum aðföngum til starfsemi sinnar. Með þessum hætti má koma í veg fyrir að skráðir aðilar verði fyrir óhóflegum fjármagnskostnaði vegna greiðslu virðisaukaskatts í tolli. Tekið skal fram að gert er ráð fyrir að reglur um lengd greiðslufrests, sem kveðið er á um í tollalögum varðandi aðflutningsgjöld, verði samræmdar greiðslufresti þeim sem kveðið er á um í þessari grein, þ.e. að gjalddagi þeirra skuli eigi vera síðar en á gjalddaga þess uppgjörstímabils virðisaukaskatts þegar tollafgreiðsla fer fram.

Um 35. gr.

Eðli málsins samkvæmt taka ákvæði tollalaga fyrst og fremst til vöru. Til öryggis þykir því nauðsynlegt að kveða sérstaklega á um heimild fyrir fjármálaráðherra til að setja reglur um greiðslu virðisaukaskatts af þjónustu sem keypt er erlendis sé hún veitt eða nýtt hérlendis. Markmiðið með heimild þessari er að jafna stöðu innlendrar þjónustu gagnvart erlendri. Einkum getur þetta komið til varðandi sérfræðiþjónustu ýmiss konar. Samkvæmt heimild þessari getur ráðherra m.a. kveðið svo á að sá sem kaupir skattskylda þjónustu erlendis skuli greiða virðisaukaskatt af henni hérlendis.

Um 36. gr.

Með sama hætti og gilt hefur varðandi söluskatt er í þessari grein lagt til að vörur, sem tollfrjálsar eru samkvæmt heimildum í 5. gr. eða 4.–7., 9.–12., 20. og 21. tölul. 6. gr. tollalaga, nr. 55/1987, skuli undanþegnar virðisaukaskatti við innflutning að uppfylltum sömu skilyrðum sem þar um ræðir. Sem dæmi um vörur þessar má nefna fylgifé skipa, vörum sem hér er umskipað, venjulegur farangur ferðamanna, heimilismunir manna sem flytjast búferlum hingað til lands, vörur sem hér eru til sýningar, reynslu, viðgerðar um stundarsakir eða eru notaðar í stuttan tíma við vísindarannsóknir o.s.frv.

Um 37. gr.

Samkvæmt þessari grein skal innheimta virðisaukaskatts af innflutningi fylgja algerlega innheimtu aðflutningsgjalda, svo og lögum og reglum um ákvörðun þeirra að því leyti sem lög þessi og reglur brjóta ekki í bága við ákvæði lagafrumvarps þessa eða reglur settar samkvæmt þeim.

Um 38. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 39. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 40. gr.

Greinin er að mestu í samræmi við núgildandi ákvæði söluskattslaga. Hafi skattskyldur aðili af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi skýrt rangt eða villandi frá, þannig að hann hafi fengið endurgreiðslu eða of mikla endurgreiðslu skv. 26. gr. fellur sú háttsemi undir 1. mgr., enda er þar sérstaklega vikið að of hárri endurgreiðslu. Engin sektarhámörk eru í greininni og er það breyting frá gildandi söluskattslögum að því er 2., 3., 4. og 7. mgr. varðar.

Ríkisskattanefnd er bær til að úrskurða sektir vegna brota á bókhaldsákvæðum laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim án tillits til þess hvort brotin kunna einnig að varða almenn ákvæði bókhaldslaga og reglugerða.

Um 41. gr.

Greinin er í samræmi við 26. gr. gildandi söluskattslaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 42. gr.

Greinin er í samræmi við gildandi ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt og þarfnast ekki skýringa.

Um 43. gr.

Greinin hefur að geyma ákvæði um að breyta skuli fjárhæðum tiltekinna greina til samræmis við verðlagsþróun. Fjárhæðir í þeim greinum eru miðaðar við byggingarvísitölu þá er gildi tók þann 1. október 1987 og var þá 102,4 stig.

Um 44. gr.

Greinin er í samræmi við 27. gr. núgildandi söluskattslaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 45. gr.

Greinin er efnislega í samræmi við gildandi lög um tekjuskatt og eignarskatt og þarfnast ekki skýringa.

Um 46. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að vörusala Íslendinga til varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli til notkunar á varnarsvæðunum, svo og þjónusta sem þeir inna af hendi fyrir varnarliðið, teljist útflutningur í skilningi frumvarpsins. Sala þessi telst því ekki til skattskyldrar veltu, sbr. 1. tölul. 12. gr. Ákvæði þessu er fyrst og fremst ætlað að tryggja samkeppnisstöðu innlendra aðila gagnvart erlendum í viðskiptum við varnarliðið.

Jafnframt er kveðið á um að sala á vörum til tollfrjálsra verslana skuli einnig teljast útflutningur í skilningi laganna. Um kaup þessara verslana á þjónustu gilda hins vegar almennar reglur frumvarpsins.

Um 47. gr.

Í greininni er auk almennra heimilda til að setja reglugerð um framkvæmd laganna kveðið á um heimild fjármálaráðherra til þess að undanþiggja ef brýnt þykir tiltekna aðila skattskyldu. Til öryggis þykir nauðsynlegt að geta heimildar þessarar til þess að hægt verði á fljótvirkan hátt að leiðrétta ósamræmi sem upp kann að koma varðandi skattskyldu sambærilegra eða hliðstæðra aðila sem upp kann að koma í kjölfar svo róttækrar skattkerfisbreytingar sem leiðir af lögfestingu þessa frumvarps. Að auki er kveðið á um heimild fjár-

málaráðherra til að setja reglur um endurgreiðslu á virðisaukaskatti sem útlendingar, þar með taldir sendimenn erlendra ríkja, hafa þurft að geiða við kaup á innlendum markaði. Endurgreiðsluheimild þessari er fyrst og fremst ætlað að tryggja samkeppnisstöðu landsmanna gagnvart útlendingum í viðskiptum af þessu tagi.

Um 48. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um I. og II. ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

Um III. ákvæði til bráðabirgða.

Um skýringar á þessu ákvæði vísast til almennra athugasemda í kafla 8.6.

Ed. 782. Frumvarp til laga [432. mál]

um breyting á lögum nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun.

Flm.: Þorvaldur Garðar Kristjánsson, Karl Steinar Guðnason, Jóhann Einvarðsson.

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Ríkisendurskoðun getur krafist reikningsskila af stofnunum, samtökum, sjóðum og öðrum aðilum sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu. Jafnframt er Ríkisendurskoðun heimilt að kalla eftir greinargerðum um ráðstöfun styrkja og annarra framlaga af ríkisfé. Þá er Ríkisendurskoðun heimill aðgangur að og skoðun á grundvallargögnum eða skýrslum sem færðar eru samhliða reikningsgerð á hendur ríkinu eða ríkisstofnunum fyrir vinnu eða þjónustu, sem greiðsluskyld er að öllu leyti eða að verulegum hluta úr ríkissjóði á grundvelli laga, verksamninga eða gjaldskrársamninga við einstaklinga, félög eða stofnanir, til að sannreyna efni innsendra reikninga og greiðsluskyldu ríkissjóðs.

Ríkisendurskoðun getur rannsakað reikningsskil sveitarfélaga sem varða sameiginlega starfsemi ríkisins og sveitarfélaga. Enn fremur getur hún rannsakað reikningsskil þeirra stofnana og félaga sem ríkissjóður á hlut í.

Nú verður ágreiningur um skoðunarheimild Ríkisendurskoðunar samkvæmt þessari grein og getur ríkisendurskoðandi þá leitað um hann úrskurðar sakadóms.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ríkisendurskoðandi hefur tjáð forsetum Alþingis að nauðsyn beri til að gera breytingu á lögum nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun. Hafa forsetar fallist á þetta og standa þeir allir að flutningi þessa frumvarps.

Það er grundvallarregla samkvæmt lögunum um Ríkisendurskoðun að öll meðferð ríkisfjár skuli sæta endurskoðun. Í lögunum er því tekið fram hvaða aðilar skuli lúta endurskoðun og Ríkisendurskoðun veittar tilteknar heimildir til endurskoðunar.

Gert var ráð fyrir að þessi ákvæði laganna væru tæmandi þannig að Ríkisendurskoðunin gæti gegnt sínu mikilvæga hlutverki. Og með því að lögin ákveða að Ríkisendurskoðunin

skuli vera á vegum Alþingis átti þannig að tryggja eftirlit löggjafarvaldsins með því hvernig framkvæmdarvaldið nýtir fjárlagaheimildir Alþingis og hvort farið hafi verið út fyrir löglegar heimildir. Þannig átti að vera búið um hnútana til þess að Alþingi gæti betur haldið á fjárveitingavaldi sínu.

En nú hefur komið í ljós að skoðunarheimildir Ríkisendurskoðunar eru ekki eins óyggjandi og ætla mætti. Kom þetta fram við niðurstöðu innsetningarmáls sem Ríkisendurskoðun taldi sig knúna til að hefja. Snerist það mál um skoðunarheimild gagnvart aðila sem hefur með höndum fyrir eigin reikning verk- og þjónustustarfsemi fyrir ríkið eða ríkisstofnanir. Slík skoðunarheimild hafði ekki verið vefengd fyrr og gengur raunar ekki lengra en áður hafði verið í framkvæmd hjá Ríkisendurskoðun.

Til þess að skoðunarheimild Ríkisendurskoðunar megi vera ótvíræð eins og ætlað var þegar lögin nr. 12/1986 voru sett er lagt til með frumvarpi þessu að lögfest verði almennt ákvæði um þá skoðunarheimild sem vefengd var í innsetningarmálinu.

Þá er lagt til í frumvarpi þessu að heimila ákveðna leið, ef ágreiningur kemur upp um heimildir Ríkisendurskoðunar til að skoða gögn eða fá gögn afhent. Hliðstætt ákvæði er að finna í lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessa grein er bætt við tveimur ákvæðum sem ekki er nú að finna í lögum nr. 12/1986. Annars vegar er ákvæði um að Ríkisendurskoðun sé heimill aðgangur að grundvallargögnum sem varða reikningsgerð á hendur ríkinu eða ríkisstofnunum. Hins vegar er ákvæði um að ríkisendurskoðandi geti leitað úrskurðar sakadóms, ef ágreiningur verður um skoðunarheimild Ríkisendurskoðunar.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Ed. 783. Frumvarp til laga [433. mál]

um heimild fyrir fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs til að selja fasteignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins að Síðumúla 34 og jarðhús í Ártúnsbrekku við Elliðaár.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að selja fasteignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins að Síðumúla 34 og jarðhús í Ártúnsbrekku við Elliðaár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á árinu 1986 var undirritaður samningur milli sölusamtaka íslenskra matjurtaframleiðenda og ríkissjóðs um sölu eigna Grænmetisverslunar landbúnaðarins með fyrirvara um samþykki Alþingis.

Í fjárlögum síðasta árs var heimild til að selja ofangreindar eignir, sbr. lið 5.22 í 6. gr., en sú heimild var ekki nýtt, einkum vegna eftirtalinna tveggja atriða:

1. Ekki var talið að það ákvæði, sem var í heimildinni um að fasteignirnar yrðu nýttar áfram í þágu samtaka framleiðenda matjurta, væri til staðar.
2. Upplýsingar lágu fyrir um slæma rekstrarafkomu SÍM og að samtökin áformuðu að selja hluta fasteigna til að mæta þeim fjárhagsvanda sem leiddi af slæmri rekstrarafkomu.

Við afgreiðslu fjárlaga þessa árs var ákveðið að endurnýja ekki þessa heimild, heldur boðað að lagt yrði fyrir Alþingi sérstakt frumvarp um sölu nefndra eigna. Þetta frumvarp er því flutt til að afla fjármálaráðherra heimildar til að ganga endanlega frá ráðstöfun og sölu eigna Grænmetisverslunar landbúnaðarins í Síðumúla og Ártúnsbrekku.

Ed. 784. Frumvarp til laga [434. mál]

um breyting á lögum nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Hver sá, sem ríkissjóður gengur í einfalda ábyrgð fyrir, skal greiða honum áhættugjald um leið og ábyrgð er tekin sem nema skal 1,5% af ábyrgðarupphæð.

Taki ríkissjóður á sig sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr., skal greiða áhættugjald er nemi 2,0% af ábyrgðarupphæð um leið og ábyrgð er veitt.

2. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Bankar, lánasjóðir, lánastofnanir, fyrirtæki og aðrir þeir aðilar, sem lögum samkvæmt njóta ábyrgðar ríkissjóðs hvort sem hún byggist á eignaraðild ríkissjóðs eða öðru, skulu greiða ábyrgðargjald til ríkissjóðs af skuldbindingum sínum gagnvart erlendum aðilum, þar með talið af ábyrgðum, sbr. þó 9. gr.

Ábyrgðargjald skv. 1. mgr. skal greiða ársfjórðungslega og nemur það 0,0625% af höfuðstól gjaldskyldra skuldbindinga eins og hann er að meðaltali á hverju gjaldtímabili, sbr. 10. gr.

3. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Við ákvörðun ábyrgðargjalds skv. 8. gr. af erlendum ábyrgðum er heimilt að draga frá gjaldstofni samanlagða fjárhæð staðgreiðsluábyrgða innlánsstofnana vegna innfluttrar vöru sem í gildi eru á uppgjörsdögum, sbr. 1. mgr. 10. gr., og gilda lengst í 60 daga. Staðgreiðsluábyrgð í þessu sambandi telst skuldbinding um innlausn heimildarskjala við framvísun þeirra erlendis.

Lántökur, sem áhættugjald skv. 4. gr. hefur verið greitt af, svo og afurðalán vegna útflutnings, útflutningslán og birgðalán, sem tekin eru erlendis, eða endurlánað erlent lánsfé til útflytjenda í því skyni að flýta uppgjöri söluandvirðis við framleiðendur útflutningsafurða, mynda ekki stofn við ákvörðun ábyrgðargjalds skv. 8. gr. Sama á við um skuldbindingar vegna inneigna á innlendum gjaldeyrisreikningum í innlánsstofnunum.

Ábyrgðargjald vegna skuldbindinga fyrirtækja, sem eru að hluta í eigu ríkissjóðs, skal reikna af sama hlutfalli skuldbindinganna og eignaraðild hans nemur. Eignaraðild ríkissjóðs í félögum og fyrirtækjum þar sem ábyrgð eigenda takmarkast við framlag þeirra, t.d. í hlutafélögum, veldur ekki gjaldskyldu.

Seðlabanki Íslands skal undanþeginn ábyrgðargjaldi skv. 8. gr.

4. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Gjaldskyldir aðilar skv. 8. gr. skulu skila skýrslu í því formi sem Seðlabanki Íslands ákveður þar sem fram komi brúttófjárhæð allra gjaldskyldra skuldbindinga eins og höfuðstóll þeirra er hinn 10., 20. og síðasta dag hvers mánaðar á hverju gjaldtímabili. Gjaldstofn ábyrgðargjalds er einfalt meðaltal fyrrgreindra fjárhæða.

Ábyrgðargjaldi skv. 8. gr. skal skila ásamt skýrslu skv. 1. mgr. til Ríkisábyrgðasjóðs ársfjórðungslega eftir á. Gjalddagi vegna hvers ársfjórðungs er 15. dagur næsta mánaðar eftir að gjaldtímabili lýkur. Sé ábyrgðargjald ekki greitt á gjalddaga skal greiða dráttarvexti af því sem ógreitt er, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987.

5. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Seðlabanki Íslands annast útreikning og álagningu ábyrgðargjalds skv. 8. gr. og hefur með höndum eftirlit með innheimtu þess. Gjaldskyldir aðilar skulu veita honum allar þær upplýsingar sem hann telur nauðsynlegar í því sambandi. Ríkisábyrgðasjóður hefur með hendi innheimtu gjaldsins og skilar því í ríkissjóð.

6. gr.

Við lögin bætist ný grein, er verði 12. gr., og orðist svo:

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara svo sem um framkvæmd gjaldtöku skv. 4. og 8. gr., upplýsingaskyldu gjaldskyldra aðila, útreikninga, álagningu og innheimtu. Jafnframt getur hann í reglugerð m.a. ákveðið að ábyrgð ríkissjóðs megi ekki fara fram úr tilteknum hundraðshluta miðað við matsverð framkvæmdar, nema lög mæli fyrir á annan hátt.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi ákvæði V. og VI. kafla bráðabirgðalaga nr. 68/1987, um ráðstafanir í fjármálum. Ábyrgðargjald af skuldbindingum sem um ræðir í b-lið 2. gr. og innlendum ábyrgðum skv. c-lið 2. gr. skal greiðast í fyrsta sinn vegna 2. ársfjórðungs 1988.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt V. kafla bráðabirgðalaga nr. 68/1987, um ráðstafanir í fjármálum, sem sett voru á sl. sumri og í fólust margháttaðar breytingar á tekjuöflun ríkissjóðs, var m.a. áhættugjald vegna ríkisábyrgða hækkað úr 1% í 1,5% vegna einfaldra ábyrgða ríkissjóðs og úr 1,5% í 2% ef um sjálfskuldarábyrgð hans væri að ræða. Í VI. kafla bráðabirgðalaganna var jafnframt kveðið á um nýtt gjald, ábyrgðargjald, sem bönkum, lánasjóðum, lánastofnunum, fyrirtækjum og öðrum þeim aðilum, sem lögum samkvæmt njóta ábyrgðar ríkissjóðs, er skylt að greiða af skuldbindingum sínum í erlendum gjaldeyri.

Frumvarp til staðfestingar á umræddum bráðabirgðalögum var eins og lög gera ráð fyrir lagt fram á sl. hausti. Síðan hafa ákvæði II.–IV. kafla og VII. kafla bráðabirgðalaganna verið afnumin þar sem þau hafa verið felld inn í aðra löggjöf. Má í því sambandi nefna að

ákvæði II. kafla bráðbirgðalaganna er nú að finna í lögum um söluskatt, ákvæði III. kafla voru felld inn í lög um tekjuskatt og eignarskatt, ákvæði IV. kafla voru felld inn í lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988 og ákvæði VII. kafla inn í tollalög.

Í ljósi þess, sem að framan er rakið, hefur sá kostur verið valinn að sameina umrædd ákvæði V. og VI. kafla bráðabirgðalaganna í eitt frumvarp er fjallar um breytingar á gildandi lögum um ríkisábyrgðir. Jafnframt er á sama hátt gert ráð fyrir að flytja sérstakt frumvarp til laga um bifreiðagjald en það er nú innheimt skv. I. kafla umræddra bráðabirgðalaga. Með þessum hætti er sneitt hjá því að fjalla um óskyld mál í sömu lögunum eins og raunin yrði ef bráðabirgðalögin um ráðstafanir í fjármálum yrðu staðfest með þeim breytingum sem þegar hafa verið gerðar á þeim. Því er frumvarp þetta flutt.

Í frumvarpi þessu felast ekki efnisbreytingar frá ákvæðum V. og VI. kafla bráðabirgðalaganna. Hins vegar er orðalagi og uppsetningu breytt nokkuð, einkum í því skyni að gera lagaákvæðin skýrari og ótvíræðari. Í því efni hefur verið tekið mið af þeirri reynslu sem komin er á gjaldtöku þessa svo og framkvæmdareglum sem mótaðar hafa verið með reglugerð. Hafa verður í huga í þessu sambandi að í gildandi lögum um ríkisábyrgðir er ekki að finna sambærileg ákvæði um ábyrgðargjald. Lagaákvæði um gjaldtöku þessa eiga þó réttilega heima þar með sama hætti og ákvæðin um innheimtu áhættugjalds vegna ríkisábyrgða. Af þessum sökum er valinn sá kostur að sameina ákvæði V. og VI. kafla bráðabirgðalaganna í eitt frumvarp.

Nd. 785. Frumvarp til laga [435. mál]

um breytingu á lögum nr. 46/1987, um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

2. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 68. gr. tekjuskattslaga skal óráðstafaður persónuafsláttur, sem nýtist til greiðslu eignarskatts manna á gjaldárinu 1988, ekki vera hærri en 38 021 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda árið 1988 vegna tekna ársins 1987.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í gildandi lögum, þ.e. 2. mgr. laga nr. 46/1987, um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, er ákveðið að óráðstafaður persónuafsláttur nýtist ekki til greiðslu eignarskatts á árinu 1988. Þetta ákvæði var sett til samræmis við þær reglur sem gilda í staðgreiðslu, en samkvæmt þeim mun persónuafsláttur ekki ganga til greiðslu eignarskatts.

Þegar fyrirframgreiðsla á árinu 1988 var ákveðin í byrjun þessa árs og í ljós kom að ýmsir aðilar fengu fyrirframálagningu vegna eignarskatts sem ekki höfðu greitt eignarskatt áður, m.a. ellilífeyrisþegar, var ákvæði þetta tekið til athugunar. Ástæðan fyrir þessu er sú að hjá þeim sem hafa verið undir skattleysismörkum hefur persónuafsláttur gengið til greiðslu á eignarskatti á árum áður.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því að hluti af ónýttum persónuafslætti skuli nýtast til greiðslu eignarskatts manna á árinu 1988. Er við það miðað að sú fjárhæð verði ekki hærri en 38 021 kr. Þetta hefur það í för með sér að þeir sem nýta alla þessa upphæð til greiðslu eignarskatts borga ekki eignarskatt af hreinni eign sem nemur allt að 6 milljónum króna hjá einstaklingi og tvöfaldri þeirri upphæð hjá hjónum.

Hins vegar er ljóst að þessi breyting hefur það ekki í för með sér að slíkt hið sama gildi á næsta ári og verður því að taka það mál til sérstakrar athugunar áður en kemur til álagningar á árinu 1989.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt þessari grein er gerð breyting á 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna sem kveður á um að óráðstafaður persónuafsláttur nýtist ekki til greiðslu eignarskatts manna á gjaldárinu 1988. Þessi breyting hefur því það í för með sér að hluti af ónýttum persónuafslætti, að fjárhæð allt að 38 021 kr., nýtist til greiðslu eignarskatts á árinu 1988.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Ed. 786. Frumvarp til laga [436. mál]

um bifreiðagjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

Greiða skal til ríkissjóðs bifreiðagjald af bifreiðum sem skráðar eru hér á landi eins og nánar er ákveðið í lögum þessum.

Með gjaldskyldri bifreið samkvæmt lögum þessum er átt við vélknúið ökutæki sem uppfyllir eitt eða fleiri eftirtalinna skilyrða:

a. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og er á fjórum hjólum eða fleiri, eða á þremur hjólum, og er 400 kg að eigin þyngd eða meira og hannað er til hraðari aksturs en 30 km á klukkustund eða aka má svo hratt án verulegra breytinga.
b. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til að draga annað ökutæki og hannað er til hraðari aksturs en 30 km á klukkustund.
c. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga eða til að draga annað ökutæki og er búið beltum og eftir atvikum stýrimeiðum/stýrihjólum og er 400 kg að eigin þyngd eða meira.
d. Fjórhjól er fellur í vörulið 8703 í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Verði ágreiningur um gjaldskyldu bifreiðar sker fjármálaráðherra úr.

2. gr.

Bifreiðagjald skal vera sem hér segir:

a. Af bifreiðum, sem eru að eigin þyngd allt að 2500 kg, skal greiða 2,15 kr. fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd bifreiðar, þó aldrei lægra gjald en 1000 kr. vegna hverrar bifreiðar á hverju gjaldtímabili, sbr. 1. mgr. 3. gr.
b. Af bifreiðum, sem eru að eigin þyngd 2500 kg eða þyngri, skal greiða 5375 kr. á hverju gjaldtímabili vegna hverrar bifreiðar, sbr. 1. mgr. 3. gr.

3. gr.

Gjalddagar bifreiðagjalds eru 1. janúar ár hvert vegna gjaldtímabilsins 1. janúar til 30. júní og 1. júlí ár hvert vegna gjaldtímabilsins 1. júlí til 31. desember, en eindagi er síðasti dagur næsta mánaðar eftir gjalddaga. Skal gjaldið innheimtast þar sem bifreið er skráð á gjalddaga.

Gjald vegna nýskráðra bifreiða skal greiðast í hlutfalli við skráningartíma þeirra á gjaldtímabilinu og telst gjaldskyldan frá og með afhendingu skráningarmerkis. Gjaldið reiknast fyrir heila mánuði þannig að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður, en færri dögum skal sleppt. Bifreiðagjald vegna nýskráðra bifreiða skal þó aldrei vera lægra en 500 kr. Gjald vegna nýskráðra bifreiða fellur í eindaga við skráningu.

Bifreiðagjald skal sá greiða sem er skráður eigandi á gjalddaga. Hafi orðið eigandaskipti að bifreið án þess að þau hafi verið tilkynnt til skráningar hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda.

Eigi skal endurgreiða gjald af bifreið sem greitt hefur verið af þótt eigandaskipti verði, hún flutt í annað skráningarumdæmi eða afskráð. Gildir greiðslan fyrir bifreiðina hver sem eigandi hennar er eða hvert sem hún er flutt á landinu.

Fjármálaráðherra er heimilt að endurgreiða, lækka eða fella niður bifreiðagjald af bifreiðum í eigu öryrkja og björgunarsveita, svo og bifreiðum sem eru eldri en 25 ára í upphafi gjaldárs. Getur hann í reglugerð kveðið nánar á um hverjir falli undir undanþáguheimild þessa og önnur skilyrði sem hann telur nauðsynleg.

4. gr.

Við árlega aðalskoðun bifreiðar, sem gjaldskyld er samkvæmt þessum kafla, skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á að greitt hafi verið af henni gjaldfallið bifreiðagjald. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á bifreiðinni, taka af henni skráningarmerki og afhenda þau lögreglustjóra. Lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu bifreiðagjaldsins.

Skráning eða umskráning bifreiða skal ekki fara fram nema gjaldfallið bifreiðagjald hafi áður verið greitt af henni.

Ef bifreiðagjald er ekki greitt fyrir eindaga skal lögreglustjóri, eftir kröfu innheimtumanns, taka af bifreiðinni skráningarmerki til geymslu svo sem að framan segir.

5. gr.

Bifreiðagjald skv. 2. gr. og lágmarksgjald skv. 3. gr. eru grunngjöld. Fjármálaráðherra er heimilt að hækka gjöld þessi í réttu hlutfalli við hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 42/1987. Grunngjöld bifreiðagjalds og lágmarksgjalds eru miðuð við vísitölu 1. janúar 1988, þ.e. 107,4 stig.

6. gr.

Sé bifreiðagjald ekki greitt í síðasta lagi á eindaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, af því sem ógreitt er talið frá og með gjalddaga.

7. gr.

Innheimtu bifreiðagjalds annast lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því sem fjármálaráðherra ákveður. Heimilt er að fela Bifreiðaeftirliti ríkisins innheimtu bifreiðagjalds.

Bifreiðagjald nýtur lögtaksréttar.

8. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi ákvæði I. kafla bráðabirgðalaga nr. 68/1987, um ráðstafanir í fjármálum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt I. kafla bráðabirgðalaga nr. 68/1987, um ráðstafanir í fjármálum, sem sett voru á sl. sumri og í fólust margháttaðar breytingar á tekjuöflun ríkissjóðs, var m.a. kveðið á um innheimtu bifreiðagjalds. Frumvarp til staðfestingar á umræddum bráðabirgðalögum var eins og lög gera ráð fyrir lagt fram á sl. hausti. Síðan hafa ákvæði II.–IV. kafla og VII. kafla verið afnumin þar sem þau hafa verið felld inn í aðra löggjöf. Má í því sambandi nefna að ákvæði II. kafla bráðabirgðalaganna er nú að finna í lögum um söluskatt, ákvæði III. kafla voru felld inn í lög um tekjuskatt og eignarskatt, ákvæði IV. kafla voru felld inn í lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988 og ákvæði VII. kafla inn í tollalög.

Í ljósi þess sem að framan er rakið hefur sá kostur verið valinn að flytja sérstakt frumvarp um efni I. kafla bráðabirgðalaganna, þ. e. bifreiðagjald. Á þennan hátt er stefnt að því að koma öllum köflum bráðabirgðalaganna, sem í raun eiga fátt sameiginlegt, fyrir í sérlögum. Í þessu sambandi skal þess getið að sérstakt frumvarp um breytingu á lögum um ríkisábyrgðir, er í felast efnisákvæði V. og VI. kafla bráðabirgðalaganna, verður flutt af sömu ástæðum. Með þessu móti er afnumið það óæskilega lagaform sem birtist í umræddum bráðabirgðalögum og gengur í daglegu tali undir nafninu „bandormur".

Frumvarpið er efnislega samhljóða I. kafla bráðabirgðalaganna að öðru leyti en því að ráðherra eru veittar rýmri heimildir en gert er í gildandi ákvæðum til þess að undanþiggja bifreiðagjaldi bifreiðir í eigu öryrkja og björgunarsveita.

Einstakar greinar frumvarpsins þarfnast ekki nánari skýringa.

Sþ. 787. Tillaga til þingsályktunar [437. mál]

um löggjöf um forskólastig og áætlun um uppbyggingu dagvistarstofnana.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að kjósa milliþinganefnd til að undirbúa frumvarp til laga um forskólastig og framkvæmdaáætlun til 10 ára um uppbyggingu dagvistarstofnana með það að markmiði að öll börn á aldrinum 1–6 ára öðlist rétt á góðri dagvistun með uppeldi og menntun við hæfi. Í nefndinni verði fulltrúar frá öllum þingflokkum, en einnig verði leitað eftir tilnefningu á fulltrúum í nefndina frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Fóstrufélagi Íslands.

Allur kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Samstillt átak nauðsynlegt.

Örar þjóðfélagsbreytingar valda því að aðstaða barna er nú öll önnur en áður var. Stórfjölskyldan er að heita má úr sögunni og við hafa tekið kjarnafjölskyldur þar sem börnum fer fækkandi. Fjöldi barna elst upp hjá einstæðu foreldri, oftast mæðrum. Konum hefur fjölgað óðfluga á vinnumarkaði og þær eru ómissandi fyrir atvinnulífið. Þjóðfélagið hefur hins vegar ekki brugðist við þessum breytingum með viðunandi hætti þar sem börnin eiga í hlut.

Í því sambandi skiptir mestu uppbygging góðra dagvistarheimila út frá uppeldislegum og félagslegum sjónarmiðum þannig að litið sé á þroskaskilyrði barnsins í samfellu frá byrjun. Því þarf að móta löggjöf um forskólastigið ekki síður en um grunnskólann.

Það er löngu úrelt sjónarmið að dagvistarheimili séu einhvers konar neyðarbrauð fyrir börnin. Uppeldislegt gildi góðra dagvistarstofnana er löngu viðurkennt og því eiga þær ekki aðeins að vera opnar fyrir börn þeirra sem stunda nám eða vinna utan heimilis, heldur einnig fyrir börn heimavinnandi foreldra.

Heimilið verður að sjálfsögðu áfram kjölfestan í uppeldi barnsins en á góðum dagvistarstofnunum er hægt að þroska aðra þætti ekki síður en leitast er við að gera í grunnskólum. Þar á börnunum að gefast kostur á að vera innan um jafnaldra sína og njóta handleiðslu fullorðinna með sérþekkingu á uppeldismálum. Því yngra sem barnið er þeim mun mikilvægara er að vel takist til um uppeldi þess og persónuþroska. Börnin eru sú auðlind sem mestu skiptir fyrir hverja þjóð að vel sé að hlúð. Því á það að vera réttur hvers barns og forráðamanns þess að eiga kost á forskóla fyrir barnið með vel menntuðu starfsliði og sá réttur ætti að vera jafnsjálfsagður og skóli frá 7 ára aldri.

Hérlendis eru þessi mál hins vegar á heildina litið enn í miklum ólestri. Því er nauðsynlegt barnanna vegna og framtíðarinnar að hið fyrsta verði gert samstillt átak í dagvistarmálum.

Þegar rætt er um forskóla og forskólastig í tillögu þessari eru hafðar í huga allar þær stofnanir utan heimilis sem viðurkenndar eru til að taka að sér uppeldi og umönnun barna 1–6 ára hluta úr degi eða allan daginn.

Undir forskólahugtakinu rúmast samkvæmt þessu vöggustofur, dagheimili, leikskólar og skólavist 5 og 6 ára barna. Eðlilegt er að líta svo á að forskólastig barna hefjist þegar fæðingarorlofi foreldra lýkur, en væntanlega verður það fljótlega lengt í eitt ár.

Með löggjöf um forskólastigið þarf að skapa ramma um alla þessa starfsemi, að svo miklu leyti sem rétt er talið að binda ákvæði um hana í lögum. Í því sambandi koma til álita þættir eins og ábyrgð og eftirlit, húsnæði, annar aðbúnaður, fjöldi í hópum, starfslið, uppeldisleg markmið og fræðsla, rannsóknir, sérfræðiþjónusta, aðlögun að vinnumarkaði, sérþarfir einstakra hópa og samvinna við grunnskóla og skóladagheimili.

Gefa þarf sérstakan gaum að því hver vera skuli hlutur ríkisins annars vegar og sveitarfélaga og hugsanlega fleiri aðila hins vegar varðandi frumkvæði, fjármögnun og eftirlit vegna forskólastofnana.

Fjalla þarf um menntun starfsliðs, fóstrunámið, menntun annars starfsfólks og endurmenntun. Sérstaklega þarf að athuga hvert stefna beri varðandi skilin milli forskóla- og grunnskólastigs og jafnframt um samvinnu grunnskóla og forskóla út frá uppeldislegum forsendum og þá einnig varðandi menntun hlutaðeigandi starfsliðs. Skýra þarf skilin milli fóstrumenntunar og almennrar kennaramenntunar með tilliti til barnanna, réttindi viðkomandi starfshópa o.s.frv.

Minna ber á þörfina á rannsóknum varðandi uppeldi út frá sérískenskum aðstæðum. Þótt margt megi flytja hingað af reynslu erlendis frá kemur það ekki í staðinn fyrir sjálfstæðar athuganir og þróunarstarf í íslensku umhverfi.

Reynslan af núverandi breytingaskeiði ætti að hafa kennt mönnum að ekki má líta á uppeldi út frá einhverri algildri formúlu. Börnin mega ekki sitja eftir í gamaldags kerfum, heldur verða uppeldisstofnanir að þróast í takt við tímann. Aðbúnaður þeirra og menntun starfsfólks svo og lagaramminn eiga því að vera í stöðugri endurskoðun.

Jafnrétti barna og foreldra.

Gildi þess að koma málefnum forskólastigsins í viðunandi horf er margþætt.

— Mikilverðast í því sambandi er að veita börnunum gott uppeldi og sem jafnasta aðstöðu til að þroska hæfileika sína.
— Fyrir foreldra hefur það ómetanlega þýðingu að vita börnin í góðum höndum við holla iðju.
— Fyrir mæður er vistun barnanna á góðri forskólastofnun ein mikilvægasta forsendan til að ná jafnstöðu á við karla í samfélaginu, hvort sem um er að ræða konur í námi eða við störf innan eða utan heimilis.
— Fyrir atvinnulífið hefur það ótvírætt og vaxandi gildi að foreldrar eigi greiðan aðgang að dagvistarstofnunum, og fyrir byggðaþróun er það lykilatriði að þjónusta við börn sé sem best.

Framkvæmdaáætlun til aldamóta.

Milliþinganefndinni er ætlað að móta framkvæmdaáætlun til 10 ára sem í reynd þýðir fram til aldamóta. Sú áætlun þarf ekki aðeins að taka mið af uppbyggingu forskólastofnana, heldur einnig af bættu innra starfi út frá skilgreindum uppeldismarkmiðum. Menntun starfsfólks, rannsóknir og nauðsynleg samhæfing eru liðir sem ekki mega gleymast.

Til allra þessara þátta þarf fjármagn og brýnt er að finna raunhæfar leiðir til að stórhuga áætlanir geti orðið að veruleika. Ekki er óeðlilegt að huga að sérstökum tekjustofnum í því skyni, má t.d. nefna reynsluna af Framkvæmdasjóði fatlaðra, en einnig hlýtur að koma til aðgangur að lánsfé.

Það yrði eitt af verkefnum nefndarinnar að áætla kostnað og benda á fjármögnunarleiðir, m.a. með hliðsjón af framkomnum hugmyndum.

Í því sambandi er ástæða til að vekja athygli á tveimur lagafrumvörpum sem fram hafa komið á yfirstandandi þingi, annað um ríkisframlag til sveitarfélaga vegna dagvistunar barna á forskólaaldri (þskj. 110, flm. Ásmundur Stefánsson), hitt um tímabundið átak í uppbyggingu dagvistarheimila fyrir börn (þskj. 574, flm. Sigríður Lillý Baldursdóttir o.fl.).

Í greinargerð með frumvarpi á þskj. 110 segir Ásmundur Stefánsson um kostnaðarþáttinn:

„Rekstrarkostnaður almenns dagheimilis er um 19 þús. kr. á mánuði á hvert barn, og við það má bæta hátt í 5 þús. kr. vegna fjárfestingar. Samanlagt er því kostnaður á barn á mánuði nærri 24 þús. kr.

Fjöldi barna í hverjum árgangi á forskólaaldri er um fjögur þúsund. Ef þau væru öll á dagheimili yrði heildarkostnaðurinn því 96 millj. kr. á mánuði eða 1152 millj. kr. á ári. Ef helmingur þeirra væri á dagheimili yrði kostnaður þannig 570–580 millj. kr. á ári vegna hvers árgangs. Dagheimilisárgangarnir eru fimm og kostnaður vegna þeirra allra yrði þá nálægt 2,9 milljörðum króna.

Vistun barna á vöggustofum er dýrari en á almennum dagheimilum. Að auki kemur kostnaður vegna þeirra tveggja árganga sem þurfa á vöggustofuþjónustu að halda.

Leikskólar eru mun ódýrari en dagheimili, en einnig þarf að taka tillit til þess kostnaðar sem þeim fylgir.

Þegar allt er dregið saman er því ekki ólíklegt að heildarkostnaður við vistun barna á forskólaaldri gæti verið um 4 milljarðar króna á ári sé þjónustunni ætlað að mæta þörf."

Ásmundur leggur til í frumvarpi sínu að ríkið leggi fram einn þriðja hluta kostnaðar við dagvistunina, þ.e. um 1300 millj. kr. á ári.

Sérstaklega þarf að huga að uppbyggingu og skipulagi forskólastofnana í fámennari sveitarfélögum úti um land til sjávar og sveita þar sem þörfin er síst minni en í þéttbýli.

Skipan og starfsaðstaða nefndarinnar.

Í svo mikilvægu máli og hér um ræðir er nauðsynlegt að skapa víðtæka pólitíska samstöðu og tryggja samráð við sem flesta hlutaðeigandi. Því er hér gert ráð fyrir að allir þingflokkar eigi aðild að þeirri milliþinganefnd sem móta skal tillögur um forskólastigið.

Sveitarfélögunum er lögum samkvæmt ætlað að vera frumkvæðisaðili í dagvistarmálum og því er eðlilegt að þau eigi beina aðild að nefndinni með fulltrúa sem tillagan gerir ráð fyrir að tilnefndur verði af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Gera verður ráð fyrir að þannig verði tryggð tengsl við sveitarfélög úti um land og við landshlutasamtök sveitarfélaga.

Fóstrufélag Íslands er samtök fóstra á landsvísu. Félagið hefur sem vænta má ætíð látið sig miklu varða málefni dagvistarheimila og menntunarmál fóstra. Því er að mati flutningsmanns einboðið að félaginu verði boðið að tilnefna fulltrúa í nefndina.

Menntamálaráðuneytið hefur farið með dagvistarstofnanir í stjórnkerfinu og undir það heyrir Fósturskóli Íslands. Þar er því að finna margháttaða þekkingu á þessum málum og fólk með reynslu sem nauðsynlegt er að nýtist nefndinni. Verður að reikna með að ráðuneytið og aðrir opinberir aðilar veiti nefndinni nauðsynlegan stuðning og sérfræðilega aðstoð.

Vegna forustu sveitarfélaganna í uppbyggingu og rekstri dagvistarstofnana er brýnt að nefndin hafi sem best samband við þau. Þar er Samband íslenskra sveitarfélaga samnefnari, en einnig ber að hafa í huga dreifbýlisnefnd sambandsins og landshlutasamtök sveitarfélaga.

Nauðsynlegt er að nefndin hafi náið samráð við marga aðila, svo sem við Fósturskóla Íslands, samtök grunnskólakennara, Kennaraháskóla Íslands, sálfræði- og ráðgjafarþjónustu skóla og dagvistarheimila og aðra sem lagt gætu lið við þessa mikilvægu stefnumörkun.

Lög og reglur um dagvistarstofnanir.

Lög um dagvistarheimili voru sett hérlendis árið 1973 og eru ákvæði þeirra í meginatriðum enn í gildi ef frá er talin breyting sem gerð var 1976 þegar sett voru núgildandi lög, nr. 112/1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, og reglugerð nr. 149/1977 á grundvelli þeirra. Mikilvæg viðbót kom síðan við lögin 1981 með ákvæði um að menntamálaráðuneytið semdi starfsáætlun fyrir dagvistarheimili eins og vikið er að hér á eftir.

Lögin kveða á um að ríkissjóður greiði 50% stofnkostnaðar fullbúins dagvistarheimilis, en Alþingi ákveður hverju sinni í fjárlögum framlag til byggingarframkvæmda. Þó er gert ráð fyrir að ríkissjóður standi „að jafnaði“ skil á sínum hluta „á næstu fjórum árum eftir að fyrsta fjárveiting til framkvæmdarinnar hefur verið samþykkt“. Mikill misbrestur hefur í reynd verið á því að við þetta væri staðið og ríkisframlag til byggingar dagvistarstofnana hefur farið lækkandi ár frá ári að undanförnu (sjá fylgiskjal VI).

Í lögunum frá 1973 var gert ráð fyrir að ríkissjóður tæki allt að ⅓ hluta þátt í rekstri dagvistarheimila, en við endurskoðun laganna 1976 var það ákvæði fellt úr gildi. Hins vegar er kveðið á um að sveitarfélag greiði allt að 60% af rekstrarkostnaði dagheimila og skóladagheimila og allt að 40% til reksturs leikskóla. Í reynd hefur hlutur sveitarfélaga oftast verið til muna meiri. Það sem á vantar greiða aðstandendur barna.

Í stjórnarfrumvarpi um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sem lagt var fram í desember 1987, er gert ráð fyrir að ríkið hætti með öllu að leggja fram fé til dagvistarheimila, og verði það hlutverk sveitarfélaga að kosta byggingu þeirra og rekstur. Meðal greina sem gert er ráð fyrir að niður falli úr gildandi lögum er 11. gr. þar sem kveðið er á um að ráðuneytið setji með reglugerð ákvæði um húsakost dagvistarheimila, stærðareiningar, húsrými á barn, barnafjölda á deildum, fjölda starfsliðs o.fl. Stjórn Fóstrufélags Íslands gagnrýndi ýmsar þær breytingar sem felast í frumvarpinu eins og fram kemur í bréfi til félagsmálanefndar neðri deildar. Er sú umsögn félagsins um frumvarpið fylgiskjal IV með þessari tillögu.

Uppeldisleg markmið og áætlanir.

Í 1. gr. laganna um dagvistarheimili segir að markmið með starfsemi þeirra sé „að gefa börnum kost á að njóta handleiðslu sérmenntaðs fólks í uppeldismálum og búa þeim þau uppeldisskilyrði er efli persónulegan og félagslegan þroska þeirra".

Með lagabreytingu, sem gerð var að tillögu Guðrúnar Helgadóttur alþingismanns 1981, var kveðið á um að „gerð verði starfsáætlun á vegum menntamálaráðuneytisins er kveði nánar á um markmið og leiðir í uppeldisstarfi á dagvistarheimilum í samráði við þá aðila er að uppeldis- og skólamálum vinna".

Í samræmi við þetta ákvæði setti menntamálaráðherra 1982 á fót nefnd til að semja „starfsáætlun um uppeldisstörf á dagvistarheimilum". Valborg Sigurðardóttir, skólastjóri Fósturskóla Íslands, var ráðin starfsmaður nefndarinnar. Nefndin skilaði af sér „Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili — markmið og leiðir". Gaf menntamálaráðuneytið áætlunina út 1985 og sendi hana til dagvistarstofnana. Bætti áætlun þessi úr brýnni þörf, en hún er þó aðeins leiðbeinandi.

Við gerð kjarasamninga ASÍ og vinnuveitenda haustið 1980 gengust stjórnvöld inn á að beita sér fyrir því að fullnægt yrði þörf fyrir dagvistarþjónustu barna á næstu 10 árum. Í mars 1981 skipaði þáverandi menntamálaráðherra nefnd til þess að gera slíka áætlun og tillögur um námskeið fyrir ófaglærða starfsmenn dagvistarheimila. Nefndin skilaði áliti í apríl 1982 í formi áætlunar um byggingu dagvistarheimila fyrir börn til 10 ára aldurs, annars vegar fyrir börn 0–5 ára á leikskólum og dagheimilum og hins vegar 6–9 ára á skóladagheimilum. Fyrir Reykjavík gekk nefndin út frá áætlun sem borgarstjórn Reykjavíkur hafði gert fyrir tímabilið 1981–1990. Meginatriði úr áætlun nefndarinnar eru birt sem fylgiskjal V hér á eftir.

Varðandi vanefndirnar á þessum fyrirheitum hefur nýlega komið fram (frumvarp Sigríðar Lillýjar Baldursdóttur o.fl. um tímabundið átak í uppbyggingu dagvistarheimila, þskj. 574, 1987–1988) að á núvirði vanti um 2300 milljónir króna á að ríkið hafi greitt sinn hluta til þessarar áætlunar og upp á hlut sveitarfélaganna vanti um 2100 millj. kr., eða samtals um 4400 millj. kr. Á árunum 1981–1987 greiddi ríkið samtals aðeins sem svarar 425 milljónum króna í stofnkostnað til dagvistarheimila (verðlag í janúar 1988). Því er réttmætt að staðhæfa að ríki og sveitarfélög hafi að mestu látið áætlun þessa sem vind um eyru þjóta þar eð svo lítið fjármagn hefur verið lagt til dagvistarmála á þessu tímabili.

Í lögum um dagvistarheimili segir m.a.: „Forstöðumaður dagvistarheimilis og starfslið, er annast fóstrustörf, skal hafa hlotið fóstrumenntun. Þó er með samþykki ráðuneytis heimilt að víkja frá þessu ákvæði sé þess enginn kostur að fá fólk með framangreinda menntun til starfs."

Mikill og vaxandi skortur er á fóstrum til starfa og er skýringanna m.a. að leita í bágum launakjörum og erfiðum starfsskilyrðum. Allvíða á landinu eru starfræktir leikskólar þar sem engin fóstra er starfandi. Ávæði laganna um sálfræði- og ráðgjafarþjónustu eru víða einnig dauður bókstafur.

Nýlega, eða í mars 1988, skipaði menntamálaráðherra nefnd til þess að endurskoða lög nr. 10/1973, um Fósturskóla Íslands, og ganga frá frumvarpi til laga er tekur til menntunar fóstra, þar með talin framhaldsmenntun þeirra. Samkvæmt fréttatilkynningu ráðuneytisins á frumvarpið einnig að taka til menntunar annars starfsliðs sem vinnur á dagvistarstofnunum.

Ástand dagvistarmála.

Í eftirfarandi yfirliti kemur fram fjöldi dagvistarheimila, fjöldi barna á þeim, fóstra og ófaglærðs fólks og fjöldi á biðlistum eftir dagvistarrými í árslok 1986 flokkað eftir kjördæmum, svo og bráðabirgðatölur fyrir árið 1987:

Kjördæmi	Fjöldi heimila	Fjöldi barna			Börn alls	Fóstrur	Ófagl.	Biðlisti	
		Skólad.	Dagh.	Leiksk.				Dagh.	Leiksk.
Reykjavík	77	389	1485	2562	4436	238.2	321.1	748	1391
Reykjanes	37	76	584	1763	2423	99.1	168.2	268	1234
Vesturland	13	0	70	557	627	12.5	42.7	67	279
Vestfirðir	10	0	34	410	444	8.6	31.9	24	102
Norðurl. v.	9	0	28	417	445	5.4	33.6	13	57
Norðurl. e.	18	30	182	625	837	27.2	63.0	84	342
Austurland	12	0	34	516	550	11.0	38.9	6	160
Suðurland	15	14	79	598	691	21.1	38.0	57	149
Alls 1986	191	509	2496	7448	10453	423.1	737.4	1267	3714
Alls 1987	199	504	2558	7500	10562	467.7	770.2	1343	3694

Alls eru þetta um 200 dagvistarheimili fyrir samtals um 10 000 börn í 80 sveitarfélögum, þar af eru um ¾ hlutar á leikskólum í hálfsdagsdvöl. Nánara yfirlit eftir sveitarfélögum kemur fram á fylgiskjali I. Þar sést m.a. að víða á þéttbýlisstöðum úti á landi er aðeins um að ræða leikskóla og að við 25 slíka starfaði engin fóstra á árinu 1986.

Börn á aldrinum 1–6 ára voru á árinu 1987 samtals 20 551 og samkvæmt ofangreindu átti aðeins um helmingur þeirra kost á einhverju dagvistarplássi.

Á biðlistum voru í árslok 1986 um 5000 börn, þ.e. 1267 vegna dagheimila og 3714 vegna leikskóla. Slíkir biðlistar segja þó ekki nema hálfa sögu. Þannig er t.d. ekki tíunduð bið eftir dagheimilum úti á landi þar sem enga slíka þjónustu er að finna og víða skráir fólk ekki börn sín á biðlista þar eð það telur slíkt ekki hafa neina þýðingu.

Fullyrða má að víða hérlendis sé ástandið slæmt í dagvistarmálum. Kemur það vel í ljós ef litið er til þessa þáttar hjá nágrannaþjóðum og er þó langt frá því að málefni forskólabarna séu þar að öllu leyti til fyrirmyndar.

Dæmi frá öðrum Norðurlöndum.

Í Danmörku eru dagvistarmálefni í höndum sveitarstjórna. Þarlendis er að störfum nefnd sem fjallar um forskólastigið með þátttöku allra þingflokka. Dagvistaraðstaða er þar langtum betri en hér gerist, framboð á dagvistarrými meira og rekstur dagvistarstofnana er aðlagaður vinnumarkaði. Mikil umræða fer nú fram þar í landi um forskólastigið, m.a. sem hluta af „helhedsskole".

Í Svíþjóð samþykkti þjóðþingið 1985 tillögu um forskóla. Samkvæmt henni eiga öll börn frá 18 mánaða aldri og þar til þau byrja í grunnskóla að hafa rétt til að vera í forskóla, í síðasta lagi árið 1991. Forskólinn greinist í dagheimili og „deltidsgrupp" (eins konar leikskóla). Dagheimili eru opin allan daginn fyrir börn á aldrinum 1–6 ára. „Deltidsgrupp" er forskóli í þrjá tíma á dag fyrir börn á aldrinum 4–6 ára sem annars eru heima eða á fjölskyldudagheimili. Öll sex ára börn (og fimm ára í strjálbýli) fá sjálfkrafa kvaðningu í forskólann. Þjóðþingið (Riksdagen) hefur líka samþykkt stefnuyfirlýsingu um innra starf

forskólans og fól félagsmálastjórninni (Socialstyrelsen) að ganga frá uppeldisáætlun sem er leiðbeinandi fyrir sveitarfélögin, en þau bera ábyrgð á forskólastiginu. Sú áætlun var fullbúin vorið 1987.

Samkvæmt norskum lögum bera sveitarfélög ábyrgð á byggingu og rekstri dagvistarheimila. Í Noregi stendur nú yfir sérstök hvatningarherferð með það að markmiði að fjölga dagheimilisplássum og bæta innra starf á barnaheimilum, þannig að um aldamót eigi öll börn á forskólaaldri (neðan grunnskóla) rétt á dvöl á dagheimili. Samtímis á að fjölga skóladagheimilum fyrir yngstu árganga í grunnskóla og lengja skóladaginn. Rekstrarstyrkur ríkisins til dagvistarheimila hækkar í áföngum og er gert ráð fyrir að hann nemi bráðlega um 40% af heildarútgjöldum, en 60% skiptist nokkurn veginn jafnt milli sveitarfélags og foreldra. Ríkisvaldið beitir sér nú fyrir að sveitarfélögin fái aukin lán til byggingar dagvistarstofnana. Norska ríkisstjórnin gaf í skyn í skýrslu til Stórþingsins í vetur að sinni sveitarfélögin ekki kalli um uppbyggingu forskólastofnana komi til greina að lögbjóða byggingu þeirra.

Það er fróðlegt að bera þessa stefnu í dagvistarmálum hjá grannþjóðum okkar saman við þær hugmyndir sem hér hafa verið á döfinni um sama efni.

Víðtækrar samstöðu þörf.

Til að ná fram þeim miklu breytingum sem hér þurfa að verða á forskólastigi sem fyrst er æskilegt að víðtæk samstaða geti skapast um þær á Alþingi og hjá framkvæmdarvaldinu, ríki og sveitarfélögum. Því er mikið undir því komið að milliþinganefndin geti unnið starf sitt vel og að innan hennar geti tekist samstaða um meginatriði.

Í tillögunni eru nefndinni ekki sett ákveðin tímamörk til að skila tillögum sínum til þingsins, en æskilegt er að það geti orðið innan árs þannig að unnt verði að fjalla um málið á næsta þingi. Þannig gæti fyrsta ár framkvæmdaáætlunar orðið árið 1990, um það leyti sem síðasti áratugur þessarar aldar gengur í garð.

Fylgiskjöl:

1. Fjöldi barna á dagvistarheimilum. Desember 1986.
2. Lög um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, nr. 112/1976.
3. Frumvarp til laga um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, V. kafli. Um breytingu á lögum nr. 112/1976, 194. mál, 1987.
4. Umsögn Fóstrufélag Íslands frá 29. janúar 1988.
5. Úr „Tíu ára áætlun um byggingu dagvistarheimila 1981–1990". Menntamálaráðuneytið, apríl 1982.
6. Dagvistarheimili. Stofnkostnaður. Framlög ríkisins 1978–1987.

Fylgiskjal I.

FJÖLDI BARNA Á DAGVISTARHEIMILUM DES. 1986. 25.06. 1987

KJÖR-DÆMI NR	SVEITARFÉLAG :	Fjöldi barna: Fjöldi heimila	Skóladag-heimili	Dag-heimili	Leik-skólar	Börn alls	Starfsfólk v/barna (heilar stöður): Fóstrur	Önnur uppe.m.	Ófaglært fólk	Önnur störf	Biðlisti: Dag-heimili	Leik-skólar
0	Reykjavíkurborg	60	272	1156	2470	3898	173	20	276	58	579	1255
0	Reykjavík, Borgarspítali	4	20	126		146	20,7	2	15	4,8	41	
0	Reykjavík, KFUM og K	1			62	62	1	1	2,5	0,5		95
0	Reykjavík, Kleppspítali	1	17	33		50	6,3		6,6	1,5		
0	Reykjavík, Landakot	3	23	34		57	8		5,5	2,5	53	
0	Reykjavík, Landsspítali	4	42	86		128	19,7		9,5	7,7		
0	Litla hlíð, Eiríksgötu 34	1	15			15	2		1,5	0,5		
0	Reykjavík, ós	1		20		20	3,5			0,75	61	
0	Reykjavík, Ananda Marga	1		10	30	40	1	2	3		14	41
0	Reykjavík, Hrafnista-DAS	1		20		20	3	0	1,5	0,5		
	ALLS KJÖRDÆMI 0 :	77	389	1485	2562	4436	238,2	25	321,1	76,75	748	1391
2	Garðabær	2		17	180	197	6,5	1	7,5	1,3		130
2	Garðabær - Vífilsstaðir	1	15	24		39	6		3,5	1,2		
2	Garðahreppur	1			69	69			4,5	0,5		33
2	Grindavík	1			62	62	0,5	0,5	4	0,5		94
2	Hafnarfjörður	6	23	88	275	386	15	5,7	23	6	74	284
2	Hafnarfjörður, Hörðuvellir	1		40		40	2,5		5	2	21	
2	Hafnarfjörður, St. Jósepssystur	1		28	36	64	1,8		4	1		61
2	Keflavík	2		57	185	242	4	2	22	5		168
2	Kjalarnes	1			29	29			2			
2	Kópavogur	10	38	196	423	657	48		38	11	82	211
2	Mosfellssveit	2		37	138	175	4		12,7	2	44	90
2	Mosfellssveit, Reykjarlundur	1		11		11	1	1	1		5	
2	Njarðvík	2		19	106	125	2		11,5	2,5	18	79
2	Dagheimili Kópavogshælis	1		15		15	3,3		1,5	0,3		
2	Sandgerði	1		7	69	76	0,5		6	1		35
2	Seltjarnarnes	2		31	158	189	2,5		18	2,3	24	45
2	Vogar, Vatnsleysuströnd	1			33	33			2,5	0,4		4
2	Hafnarfjörður, Hrafnista-DAS	1		14		14	1,5		1,5			
	ALLS KJÖRDÆMI 2 :	37	76	584	1763	2423	99,1	10,2	168,2	37	268	1234
3	Akranes	4		43	156	199	5,5	0,5	15	6	60	160
3	Akranes, sjúkrahús	1		21		21	2		1,5	0,3	7	
3	Borgarnes	1			84	84	2		4	0,5		27
3	Búðardalur, Laxárdalshreppur	1			30	30			2			3
3	Grundarfjörður	1			46	46		0,5	3,5	0,5		11
3	Hellissandur	1			58	58			4	0,5		
3	Ólafsvík	1			70	70			5,5	1		33
3	Stykkishólmur	1			86	86	2		5	0,5		45
3	Foreldrafél. Andak.hr. Hvanneyri	1			13	13			1,2	0,3		
3	Foreldrafél. Reykh. og Hálsahr., Reykholti	1		6	14	20	1		1			
	ALLS KJÖRDÆMI 3 :	13	0	70	557	627	12,5	1	42,7	9,6	67	279
4	Bíldudalur	1		3	24	27			2	0,5		
4	Bolungarvík	1			64	64	1,6		4,2	0,5		17
4	Hólmavík	1			17	17			1,5			
4	Ísafjörður	3		31	145	176	5		15,2	2	24	62
4	Patreksfjörður	1			75	75	1	0,5	4	0,4		15
4	Suðureyri, Súgandafirði	1			32	32		0,8	2	0,4		
4	Tálknafjörður	1			30	30	1		1	0,4		8
4	Þingeyri	1			23	23			2	0,4		
	ALLS KJÖRDÆMI 4 :	10	0	34	410	444	8,6	1,3	31,9	4,6	24	102

FJÖLDI BARNA Á DAGVISTARHEIMILUM DES. 1986.

KJÖR-DÆMI NR	SVEITARFÉLAG :	Fjöldi barna: Fjöldi heimila	Skóladag-heimili	Dag-heimili	Leik-skólar	Börn alls	Starfsfólk v/barna (heilar stöður): Fóstrur	Þroskaþj. uppe.m.	Ófaglært fólk	Þroskaþj. störf	Bíðlisti: Dag-heimili	Leik-skólar
5	Blönduós	1		10	58	68	1	0,5	7	0,4		13
5	Hofsós	1			18	18			1,5			
5	Hvammstangi	1			46	46		3	2,5	0,5		4
5	Sauðárkrókur	2			146	146	1,5	0,5	10	1		17
5	Siglufjörður	1		13	83	96	1		8	0,5	13	17
5	Skagaströnd	1			40	40	0,5	0,5	3	0,4		4
5	Foreldrafél. Seyluhr. Varmahlíð	1		2	14	16	1		1			2
5	Foreldrafél. Hólar í Hjaltadal	1		3	12	15	0,4		0,6			
	ALLS KJÖRDÆMI 5 :	9	0	28	417	445	5,4	4,5	33,6	2,8	13	57
6	Akureyri	7	30	70	322	422	13	0,5	36	9,6	33	250
6	Akureyri, fjórðungssjúkrahús	1		40		40	1	3,7	3,5	1,3	20	
6	Akureyri, Krógaból	1		26		26	2,5		2,5	0,3	9	
6	Dalvík	1		3	52	55	1,5		3	0,4		32
6	Grenivík	1			13	13			1			
6	Hrísey	1			22	22	1		1	0,3		1
6	Húsavík	1		36	82	118	5		7	3	22	43
6	Ólafsfjörður	1		2	56	58	1,5	0,5	3,5	0,5		14
6	Raufarhöfn	1		1	25	26	0,5		1,5	0,4		2
6	Foreldarafél. Kópasker	1		4	10	14			2	0,4		
6	Skútustaðahreppur	1			17	17	0,6		0,5	0,2		
6	Þórshöfn	1			26	26	0,6		1,5	0,3		
	ALLS KJÖRDÆMI 6 :	18	30	182	625	837	27,2	4,7	63	16,7	84	342
7	Borgarfjörður eystri	1			13	13			1,4	0,3		
7	Breiðdalsvík	1			12	12			1			
7	Búðarhreppur, Fáskrúðsfjörður	1			49	49	1		4,5	0,25	2	
7	Djúpivogur	1			23	23			2	0,2		
7	Egilsstaðir	1			59	59	2,5		3,5	0,4		40
7	Eskifjörður	1			69	69	2		5	0,4		18
7	Höfn í Hornafirði	1			79	79	1,5	0,3	5,5	0,5		50
7	Neskaupstaður	1		34	63	97	2	1	4,5	3	4	14
7	Reyðarfjörður	1			29	29	1		1,5	0,4		
7	Seyðisfjörður	1			63	63	1		5	0,4		19
7	Stöðvarfjörður	1			17	17			2	0,4		7
7	Vopnafjörður	1			40	40			3	0,4		12
	ALLS KJÖRDÆMI 7 :	12	0	34	516	550	11	1,3	38,9	6,65	6	160
8	Eyrarbakki	1			21	21			2			
8	Hella	1			47	47	0,5	1	1	0,4		
8	Hveragerði	1			77	77	2		4	0,5		
8	Hvolsvöllur	1			36	36	0,6		2	0,4		
8	Kirkjubæjarklaustur	1		9	5	14	1		0,5	0,3		
8	Laugarvatn	1			12	12			1,8	0,4		
8	Selfoss	3	14	15	125	154	6,5	1,3	7,2	1,5	18	63
8	Stokkseyri	1			16	16	0,5		0,5	0,4		
8	Vestmannaeyjar	3		55	161	216	10	1	12	4	39	66
8	Vík í Mýrdal	1			23	23			2	0,4		
8	Þorlákshöfn	1			75	75		2	5	0,5		20
	ALLS KJÖRDÆMI 8 :	15	14	79	598	691	21,1	5,3	38	8,8	57	149
	ALLS KJÖRDÆMI 0 - 8 :	191	589	2496	7448	10453	423,1	53,3	737,4	162,9	1267	3714

Fylgiskjal II.

Lög
um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI.

1. gr.

Markmið með starfsemi dagvistarheimila er að gefa börnum kost á að njóta handleiðslu sérmenntaðs fólks í uppeldismálum og búa þeim þau uppeldisskilyrði er efli persónulegan og félagslegan þroska þeirra.

[Gerð verði starfsáætlun á vegum menntamálaráðuneytisins er kveði nánar á um markmið og leiðir í uppeldisstarfi á dagvistarheimilum í samráði við þá aðila er að uppeldis- og skólamálum vinna.]

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn mála er varða dagvistarheimili.

Aðili, sem hyggst setja á stofn dagvistarheimili, skal hljóta samþykki ráðuneytisins til þess.

Ríkið skal leggja fram fé til byggingar dagvistarheimila fyrir börn en sveitarfélög til rekstrar þeirra svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

3. gr.

Aðilar, er njóta ríkisframlags til byggingar dagvistarheimila og rekstrarstyrks úr sveitarsjóði, eru: sveitarfélög og áhugafélög, svo og húsfélög fjölbýlishúsa, starfsmannafélög og aðrir þeir aðilar sem reka vilja dagvistarheimili í samræmi við markmið þessara laga.

4. gr.

Eftirtalin dagvistarheimili njóta styrks til byggingar úr ríkissjóði og til rekstrar frá sveitarfélagi samkvæmt lögum þessum:

1. Dagheimili fyrir börn frá þriggja mánaða aldri til skólaskyldualdurs þar sem börnin geta dvalist a.m.k. 5 klst. á dag.
2. Skóladagheimili fyrir börn á skólaskyldualdri.
3. Leikskólar fyrir börn frá tveggja ára aldri til skólaskyldualdurs þar sem börnin geta dvalist a.m.k. 3 klst. á dag.

Ákveðið skal nánar um starfstíma ofangreindra dagvistarheimila í reglugerð.

5. gr.

Framlags úr sveitarsjóði geta notið þau dagvistarheimili sem reka starfsemi sína að minnsta kosti fjóra mánuði ársins samfellt.

Sveitarstjórn getur veitt dagvistarheimili styrk úr sveitarsjóði enda þótt það starfi skemur en fjóra mánuði ef sérstakar aðstæður krefjast.

II. KAFLI.

6. gr.

Sveitarfélag, sem óskar að reisa dagvistarheimili eftir lögum þessum, skal njóta styrks úr ríkissjóði sem hér segir:

Til dagheimila, skóladagheimila og leikskóla 50% áætlaðs stofnkostnaðar fullbúins húsnæðis í samræmi við ákvæði í reglugerð um stofnkostnað skóla, nr. 159/1969.

Þeir aðilar aðrir en sveitarfélög, sem taldir eru upp í 3. gr., skulu njóta sama ríkisframlags ef viðkomandi sveitarfélag mælir með því.

Nú hefur aðili fengið styrk úr ríkissjóði til stofnunar dagvistarheimilis en hætt rekstri þess og er þá styrkurinn endurkræfur til ríkissjóðs samkvæmt reglum þar um sem ákveðnar verða í reglugerð.

7. gr.

Heimilt er með samþykki menntamálaráðuneytisins að festa kaup á eldra húsnæði til rekstrar dagvistarheimilis og skal framlag ríkisins til þess vera sambærilegt við framlag til nýbyggingar.

Umsóknir aðila um ríkisframlag í þessu skyni skulu hlíta sömu skilyrðum sem um nýbyggingar væri að ræða.

III. KAFLI.

8. gr.

Af rekstrarkostnaði dagvistarheimila greiði sveitarfélag sem hér segir:

1. Til dagheimila og skóladagheimila allt að 60%.
2. Til leikskóla allt að 40%.

Af rekstrarkostnaði dagvistarheimila, sem leyfi hafa til rekstrar og eigi eru rekin af sveitarfélaginu sjálfu, greiði sveitarfélagið rekstrarstyrk að loknu ársuppgjöri dagvistarheimilisins. Skal í reglugerð setja nánari ákvæði um hvað falla skuli undir þann rekstrarkostnað sem sveitarfélagið tekur þátt í.

Heimilt er að greiða allt að 50% af rekstrarkostnaði fyrirfram.

IV. KAFLI.

9. gr.

Þegar aðili skv. 3. gr. óskar styrks úr ríkissjóði til að reisa og/eða leyfis til að reka dagvistarheimili fyrir börn skal hann senda beiðni um það til menntamálaráðuneytisins.

Umsókn um leyfi til að reisa og/eða reka dagvistarheimili skulu fylgja eftirtalin gögn:

1. Áætlanir um starfsemi stofnunarinnar, upplýsingar um rekstraraðila og starfsfólk.
2. Rekstraráætlun.

Þegar annar aðili en sveitarfélag sækir um styrk eða leyfi til rekstrar dagvistarheimilis skal auk framangreindra gagna fylgja umsögn viðkomandi sveitarstjórnar um hvort dagvistarheimilið sé í samræmi við þarfir sveitarfélagsins og á þeim stað er hagkvæmast má telja fyrir íbúana.

Óski aðili að reka dagvistarheimili í leiguhúsnæði er heimilt að veita styrk til rekstrarins skv. 8. gr.

10. gr.

Menntamálaráðuneytið lætur athuga umsókn og þau gögn sem henni fylgja. Að lokinni athugun tilkynnir ráðuneytið hvort það hafi fallist á umsókn.

Ef ráðuneytið getur ekki á umsókn fallist skal það tilkynnt aðila og skal í synjun ráðuneytis tekið fram hvort hafnað sé í heild hugmyndum um téð heimili eða hvort synjun stafi af því að frumathugun sé áfátt þannig að bæta megi úr og skal þá bent á hverju áfátt er að dómi ráðuneytisins.

11. gr.

Ráðuneytið setur með reglugerð ákvæði um húsakost dagvistarheimila, stærðareiningar, húsrými á barn, barnafjölda á deild, fjölda starfsliðs hverrar deildar, svo og ákvæði um útivistarsvæði og innri gerð.

Ráðuneytið skal láta gera staðlaðar teikningar af dagvistarheimilum sem byggjendur dagvistarheimila eiga kost á að fá gegn sanngjörnu gjaldi.

12. gr.

Eftir að ráðuneytið hefur fallist á umsókn skv. 3. og 9. gr. skal umsóknaraðili leggja fram uppdrætti og gögn varðandi alla undirbúningsvinnu til samþykktar.

Til undirbúningsvinnu telst m.a.:

1. Uppdráttur að lóð.
2. Uppdrættir að fyrirhuguðu mannvirki.
3. Séruppdrættir að því sem menntamálaráðuneytið kann að áskilja sérstaklega.
4. Vottorð byggingafulltrúa eða oddvita um að byggingarnefnd (hreppsnefnd) hafi fallist á uppdrætti, svo og vottorð annarra (byggingar-) yfirvalda um að uppdrættir séu í samræmi við lög og reglugerðir.
5. Tíma- og greiðsluáætlun um framkvæmd verksins og yfirlýsing hlutaðeigandi umsóknaraðila um að tryggð verði þau fjárframlög sem um er að ræða frá öðrum en ríkissjóði. Ef ráðuneytið telur framangreind gögn ekki fullnægjandi skal það tilkynna hvað á skorti.

13. gr.

Þegar ráðuneytið hefur gengið úr skugga um að undirbúningur sé fullnægjandi samkvæmt framansögðu og fjárframlög tryggð sér það um að gerður verði samningur milli þess og annarra aðila um greiðslur skv. 6. gr. þessara laga og heimilar að hafinn verði tæknilegur undirbúningur.

14. gr.

Alþingi ákveður hverju sinni í fjárlögum framlag til byggingarframkvæmda.

Eigi er heimilt að hefja framkvæmdir fyrr en fé hefur verið veitt í fjárlögum og fyrir liggur skriflegt samþykki menntamálaráðuneytisins.

Ef hafnar eru framkvæmdir án samþykkis ráðuneytis verður stofnkostnaður ríkissjóði óviðkomandi.

Ríkissjóður skal að jafnaði greiða sinn hluta af áætluðum byggingarkostnaði dagvistarheimila á næstu fjórum árum eftir að fyrsta fjárveiting til framkvæmdarinnar hefur verið samþykkt.

Ef framkvæmdaraðili getur útvegað lánsfé til byggingar dagvistarheimila með sölu skuldabréfa eða á annan hátt er heimilt að ríkissjóður ábyrgist slík lán allt að því er nemur greiðslu hluta ríkissjóðs skv. 6. gr.

Áætlaður stofnkostnaður dagvistarheimila skiptist í áætlaðan byggingarkostnað og áætlaðan kostnað stofnbúnaðar. Skal í áætlun þessari miða við þá staðla sem reglugerð kveður á um varðandi gerð og búnað hvers heimilis. Í áætlun þessari skal miða við byggingarkostnað og verðlag á þeim tíma þegar áætlun er gerð og miðast ríkisframlag við áætlaða fjárhæð að viðbættri vísitölu byggingarkostnaðar á byggingartíma.

15. gr.

Ráðuneytið skal hafa í þjónustu sinni starfsmann sem lokið hefur námi í Fósturskóla Íslands eða í sambærilegum skóla og hlotið framhaldsmenntun. Auk þess skal hann hafa reynslu í uppeldisstarfi. Þessi starfsmaður skal athuga allar umsóknir um húsaskipan og rekstur dagvistarheimila áður en leyfi er veitt. Ber honum að hlutast til um að fullnægt sé öllum ákvæðum sem lög þessi og reglugerðir mæla fyrir um varðandi byggingu og rekstur dagvistarheimila. Hann skal vera stjórnendum dagvistarheimila til ráðuneytis um starfsemi heimilanna og annast eftirlit með þeim.

V. KAFLI.

16. gr.

Forstöðumaður dagvistarheimilis og starfslið, er annast fósturstörf, skal hafa hlotið fósturmenntun, svo og þeir sem annast umsjón með dagvistarheimilum á vegum rekstraraðila.

Heimilt er þó með samþykki ráðuneytisins að víkja frá þessu ákvæði sé þess enginn kostur að fá fólk með framangreinda menntun til starfs.

17. gr.

Læknar skulu hafa eftirlit með heilsufari barna á dagvistarheimilum. Skal kveða nánar á um það í reglugerð, svo og reglum um heilbrigðiseftirlit með starfsfólki.

Stefnt skal að því að dagvistarheimili eigi kost á sálfræði- og ráðgjafarþjónustu. Tengja skal þá þjónustu við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skóla eða félagsmálastofnana eftir því sem við á í hverju sveitarfélagi.

18. gr.

Forstöðumaður dagvistarheimilis skal halda reglulega fundi með starfsliði um stjórn heimilisins og velferð hvers einstaks barns.

Skylt er rekstraraðila dagvistarheimilis að skipuleggja tengsl milli foreldra barnanna og dagvistarheimilis í því skyni að efla samstarf milli þessara aðila um velferð barnsins.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 29/1973, um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila, og önnur ákvæði sem kunna að brjóta í bága við þessi lög.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1976.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Fylgiskjal III.

Frumvarp til laga
um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, V. kafli.
(194. mál, 110. löggjafarþing 1987.)
Um breytingu á lögum nr. 112/1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, með síðari breytingum.

12. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Bygging og rekstur dagvistarheimila er í verkahring sveitarfélaga. Menntamálaráðuneytið skal hafa með höndum faglega umsjón og eftirlit með dagvistarstofnunum og vera sveitarstjórnum til ráðuneytis um þessi mál.

Samþykki menntamálaráðuneytis og viðkomandi sveitarstjórnar þarf til að setja á stofn dagvistarheimili.

13. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórn ákveður byggingu og fyrirkomulag á rekstri dagvistarheimila í eigu þess.

Sveitarstjórn veitir styrki til byggingar og reksturs til aðila sem reka vilja dagvistarheimili í samræmi við markmið þessara laga eftir því sem ákveðið er í fjárhagsáætlun sveitarstjórnar. Áður en framkvæmdir hefjast skal ganga frá samningi milli sveitarstjórnar og félags um styrk og skilyrði varðandi rekstur heimilisins.

14. gr.

Í 1. mgr. 4. gr. laganna falli niður orðin „úr ríkissjóði".

15. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráðuneyti skal í samráði við stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga setja reglugerð um almenn ákvæði varðandi húsnæði og búnað dagvistarheimila sem falla undir ákvæði laga þessara.

Nú hættir aðili rekstri dagvistarheimilis sem notið hefur opinbers styrks til stofnunar þess og er styrkurinn þá endurkræfur til viðkomandi sveitarfélags.

16. gr.

7. gr. laganna falli niður.

17. gr.

9., 10., 11., 12., 13. og 14. gr. laganna falli niður. Tölusetning annarra greina breytist til samræmis.

Fylgiskjal IV.

Umsögn Fóstrufélags Íslands.
(Send félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis 29. jan. 1988.)

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, 194. mál.

Stjórn Fóstrufélags Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og fagnar því.

Stjórn Fóstrufélags Íslands leggur áherslu á að gerður verði skýr greinarmunur á þeim tveimur meginflokkum er snerta málefni dagvistarheimila, en þeir eru:

a. fjármögnun varðandi uppbyggingu og rekstur dagvistarheimila,
b. innra starf dagvistarheimilanna, þ.e. það uppeldis- og kennslustarf er þar fer fram.

A-liður.

Stjórn Fóstrufélagsins telur að ríkinu beri skylda til að fylgjast með uppbyggingu og rekstri dagvistarheimila, m.a. í þeim tilgangi að tryggja að öll börn hafi sama rétt til uppeldis og menntunar innan dagvistarheimila. Því skorar stjórn Fóstrufélagsins á neðri deild Alþingis að halda vöku sinni varðandi málefni forskólabarna og sjá til þess að tryggt verði að öll íslensk forskólabörn hafi sömu möguleika til menntunar.

B-liður.

Á forskólaaldri eru börnin á mikilvægu mótunarskeiði sem þau búa að alla ævi sína. Því er mikilvægt að vanda til verka varðandi menntun þeirra og umönnun, þeim og þjóðfélaginu öllu til heilla.

Stjórn Fóstrufélags Íslands telur því að menntamálaráðuneytinu sé skylt að hafa yfirumsjón með uppeldis- og menntunarmálum forskólabarna svo sem verið hefur, ekki síður en með málefnum grunnskólabarna.

Út frá ofangreindri skilgreiningu er álit stjórnar Fóstrufélagsins unnið. Stjórnin gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

1. gr. núgildandi laga.

Þar sem stjórn Fóstrufélags Íslands leggur áherslu á að menntamálaráðuneytið hafi með höndum yfirumsjón með faglegu starfi dagvistarheimila gerir stjórnin það að tillögu sinni að viðbótartillaga verði gerð við 1. gr. í núgildandi lögum. Á eftir 1. mgr. komi því:

„Menntamálaráðuneytið fer með yfirumsjón mála er varða dagvistarheimili og setur skýr og ákveðin markmið fyrir starfsemi dagvistarheimila sem byggja á „Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili — markmið og leiðir." (Menntamálaráðuneytið 1985.)

12. gr. frumvarpsins/2. gr. laganna (bls. 3 í frv.).

Þar sem menntamálaráðuneytið er ráðgjafaraðili við sveitarfélögin að því er varðar hina ýmsu ytri sem innri þætti dagvistarmála leggur stjórn Fóstrufélags Íslands til að á eftir

orðunum „faglega umsjón“ í 2. mgr. komi hugtakið „ráðgjöf“, þannig að setningin hljóði svo: „Menntamálaráðuneytið skal hafa með höndum faglega umsjón, ráðgjöf og eftirlit ...“

Erfitt er að átta sig á með hvaða hætti framkvæmdinni varðandi umsjón og eftirlit verði háttað frá hendi menntamálaráðuneytisins. Því leggur stjórnin til að á eftir 2. mgr. komi: Um framkvæmd skal kveðið nánar á í reglugerð er menntamálaráðuneytið setur.

13. gr. frumvarpsins/3. gr. laganna (bls. 3 í frv.).

Til samræmingar við 12. gr. frv., 2. gr. laganna, komi viðaukatillaga. Á eftir orðunum „sveitarstjórn ákveður byggingu ...“ komi: í samráði við menntamálaráðuneytið“.

15. gr. frumvarpsins/6. gr. laganna (bls. 3 í frv.).

Gert er ráð fyrir að 11. gr. núgildandi laga falli alfarið niður. Þessu vill stjórn Fóstrufélagsins mótmæla harðlega. Stjórnin telur það aðför að íslenskum forskólabörnum ef ekki finnast lög í landinu er kveða á um ákveðin viðmiðunarákvæði varðandi húsrými á barn, barnafjölda á deild, fjölda starfsliðs hverrar deildar o.s.frv. Krefjast verður af hverjum þeim er hyggst byggja og reka dagvistarheimili fyrir börn að börnunum verði búin þau uppeldisskilyrði er þroskavænleg geta talist og samræmast nútímaþekkingu manna á gildi uppeldis innan dagvistarheimila.

Stjórn Fóstrufélags Íslands telur það hrapalleg mistök falli 11. gr. núgildandi laga alfarið niður og leggur því til að 1. mgr. 11. gr. haldist óbreytt.

Stjórn Fóstrufélags Íslands lýsir sig reiðubúna til viðræðna við félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis um þessi mál sé þess óskað.

Með von um að fagleg sjónarmið og þarfir forskólabarna verði látin sitja í fyrirrúmi í allri umræðu um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Selma Dóra Þorsteinsdóttir,
formaður.

Fylgiskjal V.

Tíu ára áætlun um byggingu dagvistarheimila 1981–1990.

(Áætlun unnin á vegum menntamálaráðuneytisins, apríl 1982.)

Með bréfi, dags. 26. mars 1981, skipaði menntamálaráðherra nefnd til þess að gera 10 ára áætlun um uppbyggingu dagvistarheimila fyrir börn og gera tillögur um námskeið fyrir ófaglærða starfsmenn dagvistarheimila.

Í nefndina voru skipaðir:

1. Logi Kristjánsson bæjarstjóri og til vara Garðar Sigurgeirsson viðskiptafræðingur, samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga.
2.-3. Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir og Guðríður Elíasdóttir, samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands.
4. Elín Torfadóttir forstöðukona, samkvæmt tilnefningu félagsmálaráðuneytisins.
5. Gerður Steinþórsdóttir borgarfulltrúi og Svandís Skúladóttir, fulltrúi í menntamálaráðuneytinu, skipaðar án tilnefningar.

Svandís Skúladóttir var skipuð formaður nefndarinnar, Gerður Steinþórsdóttir skrifaði fundargerðir nefndarinnar.

Nefndin hóf störf í apríl 1981 og hefur haldið sex fundi, en á milli funda hafa nefndarmenn unnið að einstökum þáttum verkefnisins. Nefndin hefur lokið störfum með sameiginlegri niðurstöðu. Meginþættir hennar eru:

1. Lögð er fram rammaáætlun um skipan námskeiða fyrir ófaglært starfsfólk dagvistarheimila og er lögð áhersla á að ríkisstjórnin tryggi fé til nauðsynlegrar námsgagnagerðar. Nefndin telur að tryggja þurfi að minnsta kosti 12 mánaða vinnu í 20. launaflokki opinberra starfsmanna auk útgáfukostnaðar.
2. Lögð er fram 10 ára áætlun um uppbyggingu dagvistarheimila á landinu öllu sem byggð er á tveimur mismunandi forsendum. Samkvæmt forsendu I vantar 3920 dagvistarrými fyrir börn á aldrinum 0–5 ára og 1220 skóladagheimilisrými. Tilsvarandi tölur fyrir forsendu II eru 6420 rými fyrir börn 0–5 ára gömul, en 2364 skóladagheimilisrými. Samkvæmt forsendu I þarf að byggja 302 dagvistardeildir en 513 samkvæmt forsendu II og árlegt framlag ríkissjóðs til stofnkostnaðar dagvistarheimila þarf að vera 30 millj. kr. samkvæmt forsendu I, og 50 millj. kr. samkvæmt forsendu II, miðað við byggingarvísitölu 909.

Að lokum vill nefndin benda á að eðlilegt er að sú áætlun um uppbyggingu dagvistarheimila sem hér er lögð fram verði endurskoðuð eftir eitt til tvö ár.

f.h. nefndarinnar,
Svandís Skúladóttir.

Tíu ára áætlun um uppbyggingu dagvistarstofnana.

3.1. Viðhorf sveitarstjórna (kannað).

Um það leyti sem nefndin hóf störf barst henni í hendur áætlun um uppbyggingu dagvistarþjónustu í Reykjavík á næstu tíu árum þ.e. frá 1981–1990.

Viðhorf annarra sveitarstjórna um uppbyggingu dagheimila á næstu árum lágu ekki fyrir.

Til að reyna að átta sig á breytilegum þörfum einstaka sveitarfélaga fyrir dagvistun barna 0–9 ára og fá viðhorf sveitarstjórnarmanna til þarfarinnar ákvað nefndin að senda út bréf (fskj. I) til 71 þéttbýlissveitarfélags og lagði eftirfarandi spurningar fyrir sveitarstjórnir:

a. Hvað teljið þér að þörf verði mikil fyrir dagvistun barna í fjórum tilgreindum aldurshópum á dagvistarstofnunum?
b. Hve mörg % barna í dagvistun teljið þér að þurfi dagvistun:
   1. í allt að 4 stundir á dag,
   2. í 5 stundir á dag,
   3. lengur en 5 stundir á dag?

Til að auðvelda sveitarstjórnum að meta þörfina fylgdi bréfinu blað, „Áætlun um dagvistarþörf barna 1981–1990“ í viðkomandi sveitarfélagi þar sem fram kom:

1. Íbúafjöldi sveitarfélagsins 1980 ásamt spá um íbúafjölgun fram til 1990.
2. Áætlun um þörf fyrir dagvistarrými 1981, 1985 og 1990 miðað við tvær forsendur fyrir dagvistarþörf eftirtalinna aldurshópa.

	Dæmi I	Dæmi II
3–12 mánaða	12%	30%
1 árs	30%	60%
2–5 ára	70%	80%
6–9 ára	10%	20%

Dæmi um hlutfallslega skiptingu milli dagheimila og leikskóla:

	Dæmi A	Dæmi B
Dagheimili	40%	62%
Leikskóli	60%	38%

Dæmi I og A svara til þeirrar reynslu sem er af rekstri dagvistarheimilis í Neskaupstað en þar hefur þörfinni fyrir dagvistun barna á aldrinum 2–5 ára verið fullnægt undanfarin ár og dæmi II og B eru forsendur sem Reykjavíkurborg leggur til grundvallar áætlun sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt sem meginstefnu. Rétt er að benda á að hlutfallsleg þörf fyrir dagvistarrými annars vegar og lengd dvalar á barnaheimili eru óháðar forsendur.

3. Dagvistarrými til staðar í árslok 1980 og jafnframt hve stórum hluta áætlaðrar þarfar (dæmi I og dæmi II) er fullnægt.
4. Áætluð viðbótarþörf á dagvistarrými fram til 1990 frá því sem var í árslok 1980 bæði fjöldi plássa og deilda.

Svar við bréfi nefndarinnar barst frá 30 sveitarfélögum þar af 12 kaupstöðum eða rúmlega 40% af þeim sem bréfið fengu. Þrjú svör sem bárust var ekki hægt að styðjast við í úrlausninni en niðurstöður 27 sveitarfélaga við spurningum nefndarinnar eru eftirfarandi:

Svar a)

	Meðaltal
3–12 mánaða,.....	15.7%
1 árs	33.1%
2–5 ára	72.6%
6–9 ára	12.4%

Svar b)

Í allt að 4 stundir	53.9%
Í 5 stundir	20.8%
Lengur en 5 stundir	25.3%
	100.0%

Ljóst er af niðurstöðum að þær falla allvel að dæmi I, en við nánari athugun kemur í ljós að misjöfn viðhorf eru til dagvistunar og á þetta sérstaklega við um yngstu og elstu aldurshópa enda er dagvistun þeirra hópa ekki eins algeng og hinna. Í nokkrum tilvikum eru svör mjög langt frá líklegri niðurstöðu og draga þau meðaltalið frekar upp á við. Stærð sveitarfélaga hefur nokkur áhrif á svör og þá í þá áttina að því fjölmennari sem sveitarfélögin eru þeim mum meiri þörf fyrir dagvistun. Þrátt fyrir þessa dreifingu verður að telja að svörin gefi marktæka niðurstöðu.

Athyglisvert er að í svörum sveitarstjórna er aðeins í einu tilviki gerð athugasemd við áætlaðan íbúafjölda og í engu tilfelli við þann fjölda dagvistarplássa sem talinn var vera fyrir hendi í sveitarfélögunum.

Eins og fram kemur fyrr í þessum kafla hefur borgarstjórn Reykjavíkur látið gera áætlun um uppbyggingu dagvistarstofnana fram til 1990 og samþykkt þá áætlun sem meginstefnu. Sú áætlun er nokkuð frábrugðin þeirri stefnu sem fram kemur í svörum sveitarfélaganna. Í þeirri áætlun er gert ráð fyrir svipuðum íbúafjölda 1990 og nú er, en fækkun barna á aldrinum 0–5 ára úr 7880 börnum í 6000 börn eða um 31,3%.

Gert er ráð fyrir að um 66,6% barna á þessum aldri óski eftir vistun á dagvistarstofnunum.

Af þeim hópi er óski eftir dagvistun þurfi 62,5% barnanna vistun lengur en 5 klst. en 37,5% nægi vistun allt að 5 klst.

3.2. Forsendur útreikninga fyrir dagvistarþörf.

Eftir umræður og athugun á viðhorfum sveitarstjórna hefur nefndin orðið sammála um að leggja eftirfarandi forsendur til grundvallar útreikningi fyrir dagvistarþörf.

Áætlunartímabil verði frá árinu 1981 til ársins 1990. Áætlunin nái til dagvistarþarfa barna til 10 ára aldurs, fyrir 0–5 ára á dagheimili og leikskóla og 6–9 ára á skóladagheimili. Gerð verði áætlun fyrir hvert sveitarfélag sem hefur þann barnafjölda og þær aðstæður (þéttbýli) að þurfi að koma upp dagvistun í einhverju formi. Fyrir Reykjavík verður gengið út frá þeirra áætlun og þeirra forsendum í meginatriðum.

Íbúafjöldinn 1. des. 1980, nánar tiltekið barnafjöldi í hverjum aldurshópi, er lagður til grundvallar útreiknings og gert er ráð fyrir 1,6% fjölgun á ári fram til 1985 og frá 1984–1990 1,4% á ári. Dagvistarrými í lok ársins 1980 hjá hverju sveitarfélagi er lagt til grundvallar útreikningum. (Dagvistarrými til staðar.) Þær upplýsingar byggjast á skýrslum menntamálaráðuneytisins ... Vegna þess hve seint sveitarfélögin sendu inn sínar upplýsingar var ekki hægt að styðjast við árslok 1981 nema hjá þeim sveitarfélögum sem tóku nýjar byggingar í notkun það ár ... Hjá öðrum er breytingin óveruleg.

Rétt er að taka fram að til fjölda dagvistarheimila og dagvistarplássa eru talin öll heimili og öll pláss í viðkomandi sveitarfélagi burtséð frá rekstaraðila. T.d. er dagheimilið að Vífilsstöðum talið til Garðabæjar.

Í áætlun fyrir árið 1990 (ekki fyrir 1981) er tekið tillit til þess að í nokkrum tilfellum eru dagvistarstofnanir í bráðabirgðahúsnæði sem lagt yrði niður um leið og nýtt húsnæði yrði tekið í notkun ...

Í þessari áætlun er ekki litið á gæsluvelli sem dagvistarstofnun né tekin afstaða til hvaða áhrif þeir hefðu á dagvistarþörf. Gæsluvellir leysa að einhverju leyti brýnan vanda og vissa þörf gæslu, en þeir nýtast tæplega nema hluta úr árinu a.m.k. um norðanvert landið.

Dagvistarþörf einstakra aldurshópa verði reiknuð út eins og áður frá tveimur mismunandi forsendum:

	Forsenda I	Forsenda II
3–12 mánaða	10%	22%
1 árs	25%	50%
2–5 ára	65%	80%
6–9 ára	8%	17%

Skipting dagvistarplássa milli dagvistarforma verði einnig reiknuð með tveimur forsendum:

	Forsenda A	Forsenda B
Dagheimili (lengur en 5 klst.)	30%	45%
Leikskólar (5 klst.)	70%	55%

Útreikningar vegna 0–5 ára aldurshóps eru annars vegar gerðir samkvæmt forsendum I og A, hins vegar skv. II og B. Þessir tveir útreikningar gefa því áætluð ystu mörk þarfarinnar.

Að framan sést að þörfin er talin mismunandi fyrir einstaka aldurshópa, minnst þörf fyrir þau yngstu en mest fyrir elsta aldurshópinn. Þessi mismunandi þörf svaraði til þess að samkvæmt forsendum I nytu dagvistunar um 50% allra barna á aldrinum þriggja mánaða til fimm ára, en 64% samkvæmt forsendum II.

Samkvæmt forsendum I og A verður gert ráð fyrir að 15% allra barna á aldrinum 0–5 ára fái vistun á dagheimilum en 35% á leikskólum. Fyrir forsendur II og B eru þessi hlutföll 29% og 35% allra barna 0–5 ára. Þessi útreikningur byggist á því að allir árgangar séu jafnstórir.

Fyrir aldurshópinn 6–9 ára eru útreikningar eingöngu gerðir samkvæmt forsendum I og II.

Reykjavík hefur sérstöðu í þessari áætlun þar sem nær alfarið er stuðst við þeirra áætlun og niðurstöður hennar færðar í töfluna til samræmis við það sem reiknað er út fyrir önnur sveitarfélög.

Forsendur Reykjavíkur fyrir dagvistarþörf eru:

0–5 ára	66.6%
6–9 ára	15–20%

Og fyrir skiptingu dagvistarplássa:

Dagheimili	62.5%
Leikskóli	37.5%

Samkvæmt þessu er talið að um 41,6% allra barna 0–5 ára þurfi dagheimilispláss en 25% leikskólapláss.

Þessi hlutföll eru allverulega hærri en forsenda I og einnig II hvað dagheimilispláss varðar. Rétt er þó að benda á að í sinni áætlun gerir Reykjavík ráð fyrir 31% fækkun barna á áætlunartímabilinu, en hjá öðrum sveitarfélögum er fjölgun barna 11% að meðaltali.

Deildafjöldi sem þarf til viðbótar fram til 1990 er reiknaður út frá fjölda dagvistarplássa og er gert ráð fyrir 17 börnum á hverri dagheimilisdeild að meðaltali og 19 börnum á leikskóla. Leikskólar eru tvísettir, þ.e. ein deild fyrir hádegi og önnur eftir hádegi og þarf því að byggja eina deild (heilsdagsdeild) fyrir hverjar 2 leikskóladeildir. Börnum yngri en tveggja ára er eingöngu ætlað pláss á dagheimilum. Á deildum skóladagheimila er gert ráð fyrir 20 börnum. Til þess að reiknað sé með einni deild þurfa a.m.k. um 40% plássa að vera setin.

Niðurstöður útreikninga geta bent til þess að breyta þurfi einni tegund deilda yfir í aðra og jafnframt að ekki fái allir pláss á deild, en þá yrði að gera ráð fyrir að sá fjöldi fengi pláss hjá dagmömmu.

Til glöggvunar var reiknuð út samkvæmt framangreindum forsendum dagvistarþörf í (sveitarfélögum) „BYGGÐ“ sem var með 1000 íbúa 1980 og meðalfjölda barna í aldurshópum sama ár.

Hverju útreikningsstigi hér á eftir fylgja svo frekari skýringar.

3.3. Byggingar og forsendur kostnaðarútreikninga.

Þegar fyrir liggur hve margar deildir (heilsdagsdeildir) þarf að byggja í hverju sveitarfélagi er gerð kostnaðaráætlun fyrir byggingarþörfina.

Í hverju sveitarfélagi er valin ákveðin (-nar) húsgerð (-ir) úr stöðluðum teikningum menntamálaráðuneytisins til samræmis við þörfina, sbr. töflur 5 og 6.

Við val á stofnunum er það haft sem markmið:

— að þær séu ekki stórar, helst ekki stærri en þrjár deildir,
— að þar sé sem mestur sveigjanleiki,
— að fötluð börn geti verið á heimilunum og geti notið þar nauðsynlegrar umönnunar.

Stærð hennar er margfölduð með einingarverði á m^2 húss. Kostnaður við lóð er ákveðin prósenta af byggingarkostnaði húss. Vísitala útreiknings er 909 stig.

Rétt er að taka fram að frekar eru valdar stórar leikskóladeildir þar sem þróunin bendir til þess að skilin milli leikskóladeilda og dagheimilisdeilda verði minni en nú er og nauðsynlegt að geta nýtt húsnæðið fyrir hvort tveggja vegna breytilegra þarfa milli ára.

Þá er það ljóst að þörfum fatlaðra barna verður vart mætt þar sem þrengsli eru mikil. Í þessu sambandi er ástæða til að vekja athygli á nauðsyn þess að reglugerð um stærð leikskóla og skil þeirra frá dagheimilum verði endurskoðuð. Fyrir skóladagheimili er eingöngu valin ein gerð af deild sem hentar vel, bæði sem sjálfstæð eining og sem viðbygging.

3.4. Töflur.

Eins og fram hefur komið eru gerðir ýmsir útreikningar fyrir 70 sveitarfélög, þ.e.

— Reykjavík
— 21 kaupstað og
— 48 kauptún eða

alls 70 sveitarfélög.

Allir útreikningar eru settir upp í töflur, en þær eru alls tíu.

1. Áætluð dagvistarþörf barna 0–5 ára á árinu 1981.
2. Áætluð dagvistarþörf barna 6–9 ára á árinu 1981.
3. Áætluð dagvistarþörf barna 0–5 ára á árinu 1990.
4. Áætluð dagvistarþörf barna 6–9 ára á árinu 1990.
5. Áætlaður viðbótarfjöldi dagvistardeilda barna fram til 1990 (forsendur I).
6. Áætlaður viðbótarfjöldi dagvistardeilda barna fram til 1990 (forsendur II).
7. Áætlaður byggingarkostnaður dagvistardeilda barna 0–5 ára fram til 1990 (forsendur I).
8. Áætlaður byggingarkostnaður dagvistardeilda barna 6–9 ára fram til 1990 (forsendur I).
9. Áætlaður byggingarkostnaður dagvistardeilda barna 0–5 ára fram til 1990 (forsendur II).
10. Áætlaður byggingarkostnaður dagvistardeildar barna 6–9 ára fram til 1990 (forsendur II).

Skýringar við einstakar töflur eru neðan sérhverrar yfirlitstöflu.

Fylgiskjal VI.

Dagvistarheimili, stofnkostnaður.
Framlög ríkisins samkvæmt fjárlögum áranna 1978–1987.

	Á verðlagi hvers árs	Á verðlagi jan. '88 (byggingarvísitala)
	Þús. kr.	Þús. kr.
1978	1 800	41 664
1979	3 600	56 609
1980	5 500	55 726
1981	11 000	73 562
1982	15 000	64 005
1983	27 000	67 911
1984	31 640	65 766
1985	34 901	54 905
1986	40 000	50 523
1987	43 195	46 364

Sveitarfélög greiða 50% stofnkostnaðar.

Ed. 788. Frumvarp til laga [438. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Svavar Gestsson, Margrét Frímannsdóttir, Skúli Alexandersson.

1. gr.

Upphaf 1. mgr. 44. gr. laganna orðist svo:

Fyrir tannlæknaþjónustu veitta af heilsugæslustöðvum, skólatannlæknum eða á stofum tannlækna, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur samning við, greiða sjúkrasamlög 25%. Að öðru leyti greiða sjúkrasamlögin sem hér segir:

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það var heilbrigðisráðherra Alþýðubandalagsins, Magnús Kjartansson, sem kom því á að almannatryggingar greiddu stærri hluta tannlæknaþjónustu en áður hafði verið gert. Í apríl 1983 var svo sett reglugerð sem gerði ráð fyrir því að almannatryggingar greiddu 20% af

tannlæknakostnaði. Þessi reglugerð komst aldrei til framkvæmda því að Matthías Bjarnason heilbrigðisráðherra afnam reglugerðina nokkrum sólarhringum áður en hún átti að koma til framkvæmda.

Rökin fyrir reglugerðinni — og þar með þessu frumvarpi sem flutt er af þingmönnum Alþýðubandalagsins — eru þessi:

1. Tannlæknaþjónusta er svo rándýr að þúsundir heimila hafa ekki efni á að nota þessa þjónustu og greiða fyrir hana fullu verði.
2. Með þessari kostnaðarhlutdeild er stigið fyrsta skrefið í þá áttina að tannlækningar verði hluti af heilbrigðisþjónustunni, heilsugæslunni sérstaklega.
3. Gera má ráð fyrir því að auknar skatttekjur ríkissjóðs af tannlækningum mundu standa langleiðina undir þeirri kostnaðaraukningu sem frumvarpið hefði í för með sér.

Hér á eftir birtist grein eftir Magnús R. Gíslason yfirtannlækni um tannheilsu og kostnað við tannlækningar hér á landi en greinin birtist í síðasta hefti „Almannatrygginga“:

Hugleiðingar um tannheilsu og kostnað við tannlækningar.

Tannlækningaþjónustan.

Hinn 21. maí 1974 voru í fyrsta sinn sett lög hér á landi sem gerðu ráð fyrir að hið opinbera tæki þátt í kostnaði vegna tannlækningaþjónustu landsmanna.

Áður hafði hið opinbera eingöngu tekið þátt í þeim tannlækningakostnaði sem tengdist annarri lækningaþjónustu eins og meðfæddum líkamsgöllum og vinnuslysum. Er sú tilhögun óbreytt. Einnig er óhjákvæmilegur ferðakostnaður greiddur eftir reglum sem tryggingaráð setur.

Með lögunum var stefnt að því að hið opinbera greiddi helming alls kostnaðar vegna tannlækningaþjónustu landsmanna en takmarka átti þjónustuna við tiltekna þjónustu og tiltekna hópa meðan uppbygging tannlækningaþjónustu á heilsugæslustöðvum stæði yfir.

Aðaláherslan var lögð á þjónustu við skólabörn 6–15 ára og 1. september 1974 hófust endurgreiðslur fyrir þann hóp. Var sveitarfélögum gert að greiða helming kostnaðarins á móti ríkissjóði þannig að öll þjónustan var greidd að fullu af opinberum aðilum.

Eftir 1. janúar 1975 var auk þess endurgreiddur helmingur kostnaðar vegna tannlækningaþjónustu barna 3–5 ára, 16 ára unglinga, ellilífeyrisþega, öryrkja og vanfærra kvenna. Ekki var þó greitt fyrir gullfyllingar, krónur og brýr hjá þessum hópum.

Tvisvar hafa verið gerðar veigamiklar breytingar á lögunum, 1978 og 1984.

Helstu breytingarnar 1978 voru þær að hætt var endurgreiðslum til vanfærra kvenna, bætt við aldurshópnum 0–2 ára og hækkaðar greiðslur til forskólabarna og 16 ára unglinga. Þannig voru endurgreidd 75% kostnaðar vegna 0–5 ára og 16 ára.

Jafnframt voru lækkaðar endurgreiðslur fyrir gullfyllingar, krónur, brýr og tannréttingar úr 100% í 75%. Aftur á móti var byrjað að greiða fyrir unglinga þótt eldri væru en 16 ára 75% kostnaðar við tannréttingar sem hafnar höfðu verið áður en þeir urðu 16 ára þar til meðferð lauk. Einnig var veitt heimild til að greiða 75% aðgerða á 17 og 18 ára unglingum ef þörfin hafði komið upp fyrr og talið rétt að fresta aðgerð. Þá var tryggingaráði veitt heimild til að hækka greiðslur elli- og örorkulífeyrisþega í 75% og til langsjúkra og vangefinna í 100%.

Árið 1984 var ákveðið að draga úr ríkisútgjöldum og m.a. minnka endurgreiðslur hins opinbera vegna tannlækningaþjónustu. Voru endurgreiðslur fyrir gullfyllingar, krónur, brýr

og tannréttingar lækkaðar úr 75% í 50% en greiðslur fyrir börn 5 ára og yngri urðu þó óbreyttar. Jafnframt var ráðherra heimilað að setja gjaldskrá tækjust ekki samningar við tannlækna.

Helstu breytingar á lögunum frá 1974 hafa því orðið þær að minnkaðar hafa verið endurgreiðslur fyrir gullfyllingar, krónur, brýr og tannréttingar úr 100% í 50%, bætt var við þremur árgöngum forskólabarna 0–2 ára, greiðslur til 0–5 ára hækkaðar úr 50% í 75%, lengt um 2 ár tímabilið sem heimilt er að endurgreiða fyrir unglinga, lengt tímabilið sem heimilt var að greiða fyrir tannréttingar og greiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta tekjutryggingar auknar í 75%.

Einnig hafa verið felldar niður greiðslur fyrir vanfærar konur.

Við könnun sem gerð var í september 1986 kom eftirfarandi í ljós.

Þjónustan.

Þátttaka hins opinbera í tannlækningaþjónustu hjá Norðurlandaþjóðunum fimm er mjög mismunandi.

Allar leggja þær aðaláhersluna á að veita yngstu aldurshópunum skipulega ókeypis þjónustu, Finnar til 17 ára aldurs, Danir til 18 ára aldurs, Norðmenn til 19 ára aldurs, Svíar til 20 ára aldurs og Íslendingar til 16 ára aldurs með vissum undantekningum.

Alls staðar nema á Íslandi er þjónustan að mestu leyti veitt á tannlækningastofum hins opinbera af starfsfólki með föst laun og því óháð gjaldskrám.

Svíar veita þeim sem eldri eru mesta opinbera fyrirgreiðslu og greiða hluta af kostnaði vegna alhliða þjónustu. Danir greiða hluta af einföldum aðgerðum, Norðmenn greiða hluta af kostnaði vegna 19 og 20 ára unglinga og flóknari aðgerða, Finnar greiða hluta af kostnaði til 30 aldurs, Íslendingar greiða hluta af kostnaði vegna 16 ára unglinga og ellilífeyrisþega.

Hlutdeild hins opinbera í kostnaði vegna tannlækningaþjónustu á Norðurlöndum.



Samanburður við önnur Norðurlönd.

Hvar er þjónustan veitt?

Svíar, Finnar og Norðmenn veita alhliða tannlækningaþjónustu á stofum hins opinbera sem allir hafa aðgang að, en yngri aldurshóparnir ganga fyrir.

Í Danmörku sjá sveitarfélögin um þjónustu barna og unglinga, að mestu leyti á eigin stofum.

Þjónusta fyrir fullorðna í Danmörku er eingöngu veitt hjá sjálfstætt starfandi tannlæknum og að stærstum hluta líka í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

Á Íslandi er öll þjónustan veitt á stofum sjálfstætt starfandi tannlækna nema í Reykjavík þar sem borgin býður upp á þjónustu fyrir skólabörn á eigin stofum en heimilt er að nýta þjónustu sjálfstætt starfandi tannlækna.

Gjaldskráin.

Ákveðnar gjaldskrár, með ákveðnum frávikum þó, eru í gildi í Svíþjóð og Noregi. Gilda þær um alla tannlækningaþjónustu hvort sem hún er unnin af sjálfstætt starfandi tannlæknum eða á stofum hins opinbera. Segja má að hið opinbera ráði gjaldskránum.

Í Finnlandi eru í gildi tvær gjaldskrár. Opinber gjaldskrá sem greitt er eftir á stofum hins opinbera og gjaldskrá sem sjálfstætt starfandi tannlæknar nota en hún er um 50% hærri.

Í Danmörku er gjaldskrá sem byggist á samkomulagi milli hins opinbera og tannlæknafélagsins. Sú gjaldskrá takmarkast þó eingöngu við þau einföldu verk sem hið opinbera greiðir fyrir að hluta. Auk þess taka tannlæknar í Danmörku fyrir verkin eftir óbundinni gjaldskrá.

Þar eð hið opinbera annast sjálft að stórum hluta þá þjónustu sem það greiðir fyrir í Svíþjóð, Finnlandi, Noregi og Danmörku er það minna háð samningum um gjaldskrár, reikningsform og spjaldskrár.

Hér á landi er gjaldskráin, sem endurgreitt er eftir, samningsatriði milli Tryggingastofnunar ríkisins og Tannlæknafélags Íslands, en náist ekki samkomulag er ráðherra heimilt að ákvarða gjaldskrá.

Verð á þjónustu.

Tímaeining er mikið lögð til grundvallar við verðlagningu í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi.

Hún er hæst hjá starfandi tannlæknum í Finnlandi ef um stuttan tíma er að ræða (10 mín.), næsthæst á Íslandi, en jafndýr á Íslandi og Finnlandi ef verkið tekur langan tíma (40 mín.). Í Noregi og Svíþjóð er tímaeiningin lægri.

Amalgamfyllingar eru dýrastar hjá sjálfstætt starfandi tannlæknum í Finnlandi. Þær eru álíka dýrar á Íslandi og í Danmörku ef um einfaldar fyllingar er að ræða, en ódýrari í Danmörku en á Íslandi ef um stórar fyllingar er að ræða. Ódýrastar eru amalgamfyllingar í Noregi og Svíþjóð.

Gervigómar eru dýrastir á Íslandi.

Röntgenmyndatökur eru dýrastar hjá sjálfstætt starfandi tannlæknum í Finnlandi. Síðan kemur Ísland en ódýrastar eru þær á heilsugæslustöðvum í Finnlandi.

Ljósar fyllingar eru erfiðar í verðsamanburði vegna mismunandi efna og aðferða.

Þjónusta sérfræðinga.

Sérfræðiþjónusta fyrir þá hópa, sem hið opinbera tekur þátt í greiðslum fyrir, er oftast veitt á opinberum stofnunum af fastlaunuðum tannlæknum nema á Íslandi þar sem þjónustan er veitt af sjálfstætt starfandi tannlæknum.

Breytingar á tíðni tannátu 12 ára barna 1970–1986.



Frá 1983 hefur ástandið heldur batnað samkvæmt rannsóknum Sigfúsar Þórs Elíassonar prófessors enda hefur fræðsla aukist og varnarstörf.

Í Svíþjóð mega sérfræðingar, sem starfa sjálfstætt, taka 40% álag og í Finnlandi 30%. Í Noregi er álagningin 15%–17% á tímaeiningu en ekki á ákvæðisvinnu. Á Íslandi er álagningin 32% og eru sérgreinarnar fleiri hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum eða 9,7 í Svíþjóð, 4 í Finnlandi og Noregi og 2 í Danmörku.

Tegundir aðgerða.

Hér á landi skiptir hið opinbera sér ekki af hvaða tegundir aðgerða eru framkvæmdar nema hvað varðar gullfyllingar, krónur, brýr og tannréttingar, enda er erfitt um vik því að tannlæknar eru ekki starfsmenn hins opinbera og starfa sjálfstætt nema í Skólatannlækningum Reykjavíkurborgar. Í mörgum tilvikum verður því að virkja heilsugæslulækna, hjúkrunarfræðinga, ljósmæður og kennara, sem eru starfsmenn hins opinbera, til að annast fræðslu og forvarnarstörf fyrir hópa.

Skipulegar skólatannlækningar.

Tannlækningaþjónusta fyrir skólabörn er víða óskipuleg hérlendis og tilviljanakennd. Á þeim stöðum þar sem börnin eru ekki kölluð inn til eftirlits reglulega virðist raunin verða sú að þriðjungur þeirra fer ekki til tannlæknis fyrr en þau fá verk eða bólgu. Afleiðingin er sú að þegar þau loksins koma verða viðgerðirnar umfangsmiklar og dýrar. Einnig verða tennurnar veikari á eftir ef þær tapast hreinlega ekki.

Af þessu leiðir að hérlendis er fjöldi rótfylltra tanna, gullkróna og tannréttinga óvenju mikil. Þessu átta yfirvöld og aðrir sig oft ekki á og halda að komi ekki reikningur fyrir einhver börn eitt árið þá sé það sparnaður, en þessu er öðruvísi farið því að loksins þegar reikningarnir berast eru þeir mjög háir.

Árið 1985 var sett reglugerð um skipulegar skólatannlækningar en erfitt hefur reynst að framfylgja henni.

Forskólabörn.

Ekki hefur heldur verið lögð nægileg áhersla á tennur forskólabarna. Sá skilningur virðist enn vera ríkjandi að þar eð þær eigi eftir að víkja þurfi ekki að leggja eins mikla áherslu á þær. Þetta er auðvitað rangt. Verði að draga úr barnatönn getur afleiðingin orðið sú að kjálkinn vaxi ekki eðlilega og því þurfa þessi börn oftar en eðlilegt er að fá tannréttingu. Enda er eftirspurnin eftir tannréttingum hérlendis mjög mikil.

Svo virðist sem í Íslendingum skemmist að jafnaði fleiri tennur en í flestum öðrum þjóðum í heiminum, tvisvar sinnum fleiri en skemmast í öðrum Norðurlandabúum.

Niðurstöður samanburðarkannana Pálma Möller, sem hann gerði 1970 og 1983, sýndu að fjöldi þeirra tanna sem skemmdust var engu minni þegar hið opinbera endurgreiddi hluta tannlækningaþjónustunnar. Eini árangurinn sem náðst hafði var sá að okkur tókst að koma í veg fyrir að skemmdirnar sæjust of mikið með því að gera jafnóðum við þær skemmdir sem mynduðust en öðluðumst jafnframt falska öryggiskennd.

Fjöldi tannlækna.

Við erum fimmta best setta þjóðin í heiminum hvað varðar fjölda tannlækna á íbúa, höfum einn tannlækni fyrir hverja 1100 íbúa og verðum komnir með 1:1000 eins og aðrar Norðurlandaþjóðir innan skamms. Í Bandaríkjunum eru aftur á móti um 1700 íbúar á hvern tannlækni og fjöldi tanna sem skemmast aðeins tæpur þriðjungur af þeim fjölda sem skemmist hérlendis. Atvinnuleysi er meðal tannlækna í Bandaríkjunum og hefur tannlæknum þar fækkað og tannlæknaskólum verið lokað vegna skorts á verkefnum.

Þjónusta utan Reykjavíkur.

Við athugun á hvar helst vantar tannlækningaþjónustu utan Stór-Reykjavíkursvæðisins kemur í ljós að ástandið hefur lítið batnað undanfarið þrátt fyrir aukinn fjölda tannlækna.

Helstu svæðin með ónóga þjónustu eru þessi: Frá Stykkishólmi til Ísafjarðar að Patreksfirði frátöldum, frá Ísafirði til Blönduóss, Ólafsfjörður, frá Húsavík til Egilsstaða, Neskaupstaður, frá Eskifirði til Hornafjarðar og frá Hornafirði til Hvolsvallar.

Flestum þessara svæða er þjónað með stuttum heimsóknum tannlækna sem í fæstum tilfellum er nægjanlegt.

Við nánari athugun kemur í ljós að tannlæknar hafa flutt eða eru að flytja frá sumum þessara staða til þéttbýlisins án þess að aðrir hafi komið í staðinn. Má í þessu sambandi nefna Ísafjörð, Hvammstanga, Ólafsfjörð, Húsavík og Hellu.

Ástæðan er m.a. sú að verkefni eru fyrir hendi í þéttbýlinu en hið opinbera hefur ekki nema að litlu leyti talið rétt að leggja mismunandi áherslu á verkefni eftir mikilvægi.

Hvað er að hjá okkur?

Í stórum dráttum má skipta tannlækningaþjónustunni í tvo þætti, tannviðgerðir og varnir gegn tannskemmdum.

Við höfum reynt að útrýma tannskemmdum með því að gera við skemmdirnar. Aðrar Norðurlandaþjóðir hafa aftur á móti lagt aðaláhersluna á forvarnaraðgerðir og sýnt fram á að með því móti er hægt að koma í veg fyrir tannskemmdir.

Þessar varnaraðgerðir er hægt að láta sérhæft aðstoðarfólk tannlækna annast. Störfin felast aðallega í fræðslu, tannhreinsun og flúormeðferð.

Með því að auka þennan þátt þjónustunnar má minnka tannviðgerðirnar sem er sérhæfðasti og dýrasti hluti þjónustunnar og sá þáttur sem tannlæknar annast.

Þetta er sú stefna um verkaskiptingu sem virðist ríkjandi á hinum Norðurlöndunum og hefur skilað árangri.

Kostnaður.

Eins og áður var getið var árið 1975 fyrst endurgreitt allt árið fyrir tannlækningaþjónustu hérlendis og urðu útgjöldin þá 2,7% af heildarútgjöldum sjúkrasamlaganna en árið 1986 4,9%.

Það árið greiddu ríkissjóður og sveitarfélögin rúmar 354 millj. kr. fyrir tannlækningaþjónustu. Bráðabirgðatölur fyrir árið 1987 eru 525 millj. kr. sem er 48% hækkun frá fyrra ári.

Auðvitað hefur ástand tanna þjóðarinnar batnað á tímabilinu því að óviðgerðum tönnum og skörðum hefur fækkað en fjöldi þeirra tanna sem skemmast hefur minnkað of hægt.

Framtíðin.

Brýnasta verkefnið og vænlegast til árangurs tel ég vera að auka forvarnarstarf.

Þá þarf að koma á skipulögðu eftirliti með tönnum skólabarna og forskólabarna til að koma í veg fyrir að skemmdirnar verði umfangsmiklar vegna trassaskapar.

Eigi að auka þátttöku hins opinbera í þjónustunni finnst mér að veita eigi vanfærum konum fræðslu og eftirlit því að vitað er að þær eru mjög móttækilegar vegna umhyggju fyrir börnum sínum. Flúrtöflugjöf þyrfti einnig að auka, sérstaklega fyrir forskólabörn. Best væri að tengja þessa þjónustu við heilsugæslustöðvarnar eftir því sem hægt er. Í tengslum við skólana er hægt að framkvæma flúrskolun, fræðslu og koma á skólamáltíðum sem ég tel mjög aðkallandi.

„Sjoppufæði“.

Breyttir þjóðfélagshættir, m.a. aukin sókn kvenna út á vinnumarkaðinn, hafa leitt til þess að víða hérlendis hefur vönduðum heimilismáltíðum fækkað, sérstaklega á morgnana og í hádeginu. Því miður virðist „sjoppufæði“ hafa komið í staðinn.

Sjoppur eru ótrúlega margar hérlendis og auk þess er algengt að svonefnt „sjoppufæði“ sé til sölu á ólíklegustu stöðum eins og t.d. bensínstöðvum, myndbandaleigum og sjúkrahúsum. Varla er opnaður svo nýr skóli að ekki sé sett upp sjoppa í næsta nágrenni, jafnvel í bráðabirgðahúsnæði á skólalóðinni ef ekki er annað hús til staðar fyrir. Sama er að segja um sundstaði og íþróttahús. Einnig er algengt að sjoppur séu samkomustaður eða félagsheimili fyrir unglinga, ekki síst á stöðum úti á landi.

Þetta er óæskileg þróun sem án efa á stærstan þátt í hve margar tennur skemmast í Íslendingum og erfiðlega gengur að fækka skemmdunum. Við neytum meiri sykurs, sælgætis og sætra drykkja en flestar aðrar þjóðir og m.a. vegna máttar auglýsinga er hætt að líta á vatn sem svaladrykk.

Þeir sem að heilbrigðismálum starfa verða að fylgjast með breyttum þjóðfélagsháttum og reyna að selja það sem talist getur hollt eins og annan varning, hvort sem um er að ræða harðfisk, gróft brauð eða vatn.

Íslendingar hafa tiltölulega fleiri lækna og tannlækna en flestar aðrar þjóðir og sama máli gegnir um sjúkrarúm. Einnig neytum við meira magns af lyfjum en flestar aðrar þjóðir, einkum fúkalyfja. Við höfum lagt aðaláhersluna á viðgerðaþjónustuna í heilbrigðismálum því að Íslendingar hafa sjaldan tíma til að vera veikir. Aftur á móti má nefna að Danir nota aðeins um 40% af kostnaði við tannlækningaþjónustuna til að greiða fyrir viðgerðir en um 60% til forvarnarstarfa. Hins vegar notum við stærsta hlutann til að greiða fyrir viðgerðir.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja aukna áherslu á forvarnir undir forustu Guðmundar Bjarnasonar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Vonandi tekst að snúa dæminu við þannig að koma megi í veg fyrir sjúkdóma en við látum okkur ekki nægja að lækna þá eftir að þeir hafa komið í ljós.

Ed. 789. Frumvarp til laga [439. mál]

um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Skúli Alexandersson, Svavar Gestsson.

1. gr.

Á eftir tölulið 6. gr. laganna komi ný málsgrein sem orðist svo:

Einnig eru iðgjöld af tryggingum bifreiða öryrkja undanþegin söluskatti. Fjármálaráðherra setur í samráði við heilbrigðisráðherra reglugerð um tilhögun þessarar undanþágu.

2. gr.

Lög þessi gilda fyrir tryggingaárið frá 1. mars 1988 og áfram.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að tryggingaiðgjöld hækkuðu nú nýverið um nærri 100%. Hafa þingmenn Alþýðubandalagsins flutt um það tillögu hvernig lækka megi tryggingaiðgjöld.

Hér er flutt frumvarp um afmarkaðan þátt þessa máls, þ.e. iðgjöld af bifreiðum öryrkja. Það má öllum ljóst vera að iðgjöld af bílatryggingum eru láglaunafólki öllu ofviða að ekki sé talað um fatlaða. Munurinn er hins vegar sá að fatlaðir eiga margir engan kost á því að komast um nema með bifreið. Hækkunin á iðgjöldunum jafngildir þess vegna algjöru ferðabanni á fjölda þessa fólks. Því er hér lagt til að ríkið felli niður söluskatt af iðgjöldum bíla fatlaðra.

Þetta frumvarp er í samræmi við ábendingar sem komið hafa fram frá fötluðum.

Ed. 790. Frumvarp til laga [440. mál]

um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

Lög þessi gilda um hvers kyns fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi nema annað leiði af sérákvæðum annarra laga eða reglum settum samkvæmt þeim.

2. gr.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

„Erlendur aðili“ merkir einstakling, búsettan erlendis, án tillits til ríkisfangs, félag, stofnun, sjóð eða annan lögaðila, sem á heimili erlendis, erlent ríki og ríkisfyrirtæki, svo og atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum. Einstaklingur telst búsettur erlendis ef hann á lögheimili erlendis eða á þar heimili samkvæmt skilgreiningu lögheimilislaga á heimili þótt hann sé jafnframt skráður með lögheimili hér á landi. Lögaðili telst eiga heimili erlendis ef hann er skráður til heimilis erlendis eða telur heimili sitt erlendis samkvæmt samþykktum sínum.

„Íslenskt atvinnufyrirtæki“ merkir atvinnufyrirtæki sem stundar atvinnurekstur hér á landi og á heimili hér á landi, án tillits til þess hvernig rekstrarformi og eignarhaldi viðkomandi atvinnufyrirtækis er háttað. Atvinnufyrirtæki telst eiga heimili hér á landi ef það er skráð hér á landi, ef það telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn þess er hér á landi.

„Atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum“ merkir íslenskt atvinnufyrirtæki þar sem erlendur aðili eða aðilar eiga meiri hluta fyrirtækisins, svo sem meiri hluta hlutafjár eða stofnfjár, eða fara með meiri hluta atkvæðisréttar eða hafa með öðrum hætti raunveruleg yfirráð yfir viðkomandi atvinnufyrirtæki.

„Fjárfesting“ merkir fjárframlag eða annað framlag til eigin fjár atvinnufyrirtækis eða kaup á eignarhlut sem fyrir er í atvinnufyrirtæki.

„Erlend fjárfesting“ merkir fjárfestingu erlends aðila í atvinnurekstri hér á landi, án tillits til þess hvort um er að ræða nýtt framlag eða endurfjárfestingu á úthlutuðum arði eða hlut eða söluandvirði vegna fyrri fjárfestingar hér á landi.

3. gr.

Erlendum aðilum er heimilt að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi með þeim takmörkunum sem í þessum lögum eða sérlögum greinir og að uppfylltum öðrum skilyrðum og að fengnum tilskildum leyfum lögum samkvæmt.

4. gr.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi er háð eftirfarandi takmörkunum:

1. Fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands mega einir stunda íslenskir ríkisborgarar og þeir íslenskir lögaðilar sem slíkt er heimilt samkvæmt ákvæðum laga nr. 33/1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi, ásamt síðari breytingum.
2. Erlendum aðila skal óheimilt að reka fiskvinnslu hér á landi, en með fiskvinnslu er hér átt við hvers konar vinnslu, verkun og úrvinnslu á fiski og öðrum sjávarafurðum. Erlendum aðila skal óheimilt að eiga hlut í íslensku atvinnufyrirtæki sem rekur fisk-

vinnslu hér á landi ef viðkomandi atvinnufyrirtæki stundar jafnframt fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Samanlagður eignarhlutur erlendra aðila í íslensku atvinnufyrirtæki, sem rekur fiskvinnslu hér á landi en stundar ekki jafnframt fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, má á hverjum tíma ekki vera meiri er 50%, nema með sérstöku leyfi viðskiptaráðherra.

3. Erlendum aðila skal óheimilt að gefa út dagblað eða að reka útvarpsstöð hér á landi. Samanlagður eignarhlutur erlendra aðila í íslensku atvinnufyrirtæki, sem gefur út dagblað eða rekur útvarpsstöð hér á landi, má á hverjum tíma ekki vera meiri en 25%. Með dagblaði er hér átt við blað sem kemur út að jafnaði a.m.k. fimm daga í viku.
4. Samanlögð hlutafjáreign erlendra aðila í viðskiptabanka, sem rekinn er af hlutafélagi, hlutafélagsbanka, má á hverjum tíma ekki vera meiri en 25% hlutafjár hlutafélagsbankans.
5. Erlendum aðila skal óheimilt að gerast félagsmaður í félagi sem á heimili og stundar atvinnurekstur hér á landi þar sem allir félagsmenn bera fulla ábyrgð á skuldbindingum félagsins, nema með sérstöku leyfi viðskiptaráðherra. Sé um að ræða félag þar sem sumir félagsmenn bera fulla ábyrgð á skuldbindingum félags en aðrir ekki getur erlendur aðili ekki verið einn þeirra félagsmanna sem fulla ábyrgð ber á skuldbindingum félagsins, nema með sérstöku leyfi viðskiptaráðherra. Leyfis viðskiptaráðherra er þó ekki þörf vegna þátttöku atvinnufyrirtækis undir erlendum yfirráðum í félögum sem hér um ræðir.
6. Fjárfesting erlends ríkis eða fyrirtækis í eigu erlends ríkis í atvinnurekstri hér á landi er óheimil, nema með sérstöku leyfi viðskiptaráðherra.
7. Fari heildarfjárfesting erlends aðila eða samanlögð fjárfesting fjárhagslega tengdra erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi fram úr 100 milljónum króna á einu almanaksári skal fjárfesting umfram fyrrgreind viðmiðunarmörk háð sérstöku leyfi viðskiptaráðherra. Viðmiðunarmörkin miðast við lánskjaravísitölu í febrúar 1988, 1958 stig, og breytast í samræmi við breytingar sem verða á henni til hækkunar eða lækkunar. Fjárfesting erlends aðila telst eiga sér stað í skilningi þessa töluliðs þegar tilkynningarskylda stofnast, sbr. 5. gr.
8. Setja má í samþykktir félags eða félagssamning ákvæði sem takmarka sölu eða annað framsal eignarhluta í viðkomandi félagi til erlends aðila.
9. Nú vill erlendur aðili reka atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni og skal þá svo með fara:
   a. Sé um að ræða einstakling sem búsettur er erlendis skal honum óheimilt að vinna sjálfstætt eða starfrækja eigið atvinnufyrirtæki hér á landi, nema með sérstöku leyfi viðskiptaráðherra, enda sé búseta hér á landi ekki óundanþægt skilyrði samkvæmt lögum um viðkomandi atvinnugrein eða veiting undanþágu frá búsetuskilyrði falin öðrum.
   b. Um rétt hlutafélags, sem á heimili erlendis, til að starfa hér á landi fer samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög.
   c. Viðskiptaráðherra getur veitt öðrum lögaðilum, sem heimili eiga erlendis, leyfi til að starfa hér á landi, enda sé þá að því er varðar slíka lögaðila og starfsemi þeirra hér á landi fullnægt sömu skilyrðum og fylgt sömu meginreglum og að því er varðar erlend hlutafélög, sbr. b-lið hér að framan. Útibú slíks lögaðila skal skráð í firmaskrá á heimilisvarnarþingi útibúsins.

10. Nú telur nefnd um erlenda fjárfestingu, sbr. 2. mgr. 11. gr., að tiltekin erlend fjárfesting ógni öryggi landsins, skerði verulega samkeppni fyrirtækja í viðkomandi atvinnugrein eða sé á annan hátt til þess fallin að hafa óæskileg áhrif á atvinnulíf í landinu og getur viðskiptaráðherra þá stöðvað viðkomandi fjárfestingu, enda kunngeri hann þá slíka ákvörðun innan þriggja vikna frá því að Seðlabanka Íslands, gjaldeyriseftirliti, berst tilkynning um hlutaðeigandi fjárfestingu, sbr. 5. gr.

5. gr.

Tilkynna ber Seðlabanka Íslands, gjaldeyriseftirliti, alla erlenda fjárfestingu jafnskjótt og samningur eða ákvarðanir þar að lútandi liggja fyrir. Tilkynningarskyldan tekur bæði til fjárfestingar erlends aðila í atvinnufyrirtæki sem hann hefur ekki átt í áður og viðbótarfjárfestingar í slíku fyrirtæki. Tilkynningu skulu fylgja afrit eða ljósrit af skjölum eða gögnum sem málið varða og nauðsynleg teljast að mati Seðlabanka Islands. Seðlabanki Íslands gerir viðskiptaráðherra jafnharðan grein fyrir þeim tilkynningum um erlenda fjárfestingu sem gjaldeyriseftirlitinu berast. Sé um að ræða erlenda fjárfestingu í íslensku atvinnufyrirtæki hvílir tilkynningarskyldan á viðkomandi atvinnufyrirtæki, en sé um að ræða fyrirhugaða atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni erlends aðila hvílir tilkynningarskyldan á honum.

Gjaldeyriseftirlit Seðlabanka Íslands hefur sams konar rétt til upplýsingaöflunar og athugana vegna fjárfestingar erlendra aðila og það hefur samkvæmt lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

6. gr.

Erlendum aðila, sem fjárfestir í atvinnurekstri hér á landi, skal frjálst að flytja í því skyni til landsins erlendan gjaldmiðil, enda sé slíkur fjármagnsflutningur tilkynntur gjaldeyriseftirliti Seðlabanka Íslands. Um skilaskyldu slíks gjaldmiðils skal fara samkvæmt almennum reglum. Sé um að ræða erlendan gjaldmiðil sem Seðlabanki Íslands annast reglubundna gengisskráningu á skal hinn erlendi aðili eiga rétt á að fá hinum erlenda gjaldmiðli skipt í íslenskar krónur. Um framkvæmd slíkrar gjaldeyrisyfirfærslu skal fara samkvæmt gildandi lögum og reglum um framkvæmd gjaldeyrismála á hverjum tíma.

7. gr.

Erlendur aðili, sem fjárfestir í atvinnurekstri hér á landi, skal eiga rétt á að fá yfirfært í hvern þann erlendan gjaldmiðil, sem Seðlabanki Íslands annast reglubundna skráningu á, móttekinn arð eða annan hagnaðarhlut og söluandvirði fjárfestingar. Um framkvæmd slíkrar gjaldeyrisyfirfærslu skal fara samkvæmt gildandi lögum og reglum um framkvæmd gjaldeyrismála á hverjum tíma.

8. gr.

Í íslenskum atvinnufyrirtækjum skulu framkvæmdastjórar og meiri hluti stjórnarmanna ávallt vera búsettir hér á landi óháð eignarhlut, atkvæðisrétti eða öðrum yfirráðum erlendra aðila. Viðskiptaráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

9. gr.

Um heimildir erlends aðila eða íslensks atvinnufyrirtækis, sem erlendur aðili á hlut í, til að öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteignum hér á landi til notkunar í atvinnurekstri skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 19/1966, um eignarrétt eða afnotarétt fasteigna, ásamt síðari breytingum.

10. gr.

Um skattskyldu erlends aðila, sem fjárfestir í atvinnurekstri hér á landi, fer samkvæmt ákvæðum almennra íslenskra skattalaga. Sé í gildi samningur milli Íslands og heimaríkis slíks aðila til að koma í veg fyrir tvísköttun fer um skattskyldu hins erlenda aðila eftir ákvæðum þess samnings.

11. gr.

Viðskiptaráðherra fer með leyfisveitingar samkvæmt lögum þessum og annast eftirlit með framkvæmd þeirra að svo miklu leyti sem tiltekið eftirlit eða leyfisveitingar eru ekki samkvæmt ákvæðum laganna faldar öðrum.

Sérstök fimm manna nefnd, nefnd um erlenda fjárfestingu, skal vera viðskiptaráðherra til ráðuneytis um leyfisveitingar samkvæmt lögum þessum og umsagnaraðili um einstök mál. Viðskiptaráðherra skipar nefndina eftir hverjar alþingiskosningar. Einn nefndarmanna skipar ráðherra án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu iðnaðarráðherra, einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra, einn samkvæmt tilnefningu dómsmálaráðherra og einn samkvæmt tilnefningu utanríkisráðherra. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Viðskiptaráðherra skipar einn nefndarmanna formann nefndarinnar og annan varaformann hennar.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að fjórum árum.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

13. gr.

1. gr. laga nr. 33/1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi, orðist svo:

Fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands mega einir stunda íslenskir ríkisborgarar og lögaðilar sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara eða annarra íslenskra aðila.

14. gr.

2. gr. laga nr. 33/1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi, orðist svo:

Til fiskveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands má aðeins hafa íslenska báta eða skip, en íslenskir nefnast í lögum þessum þeir bátar eða skip sem skráð eru hér á landi.

15. gr.

8. gr. og 11. gr. laga nr. 33/1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi, falla niður.

16. gr.

1. gr. laga nr. 26/1949, um hvalveiðar, breytist þannig:

a. 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. orðist svo: Slík leyfi má aðeins veita aðilum er fullnægja skilyrðum til að mega stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.
b. 2. mgr. 1. gr. falli niður.

17. gr.

2. gr. laga nr. 19/1987, um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla, orðist svo:

Leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar má einungis veita aðilum sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

a. Hafa íslenskan ríkisborgararétt og eru búsettir hér á landi. Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.
b. Eru fjárráða.
c. Hafa forræði á búi sínu.

Enn fremur má veita hlutafélögum eða öðrum lögaðilum leyfi til reksturs, enda uppfylli stjórnarmenn og framkvæmdastjórar lögaðila skilyrði b- og c- liða 1. mgr. hér að framan. Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í skal auk þess fullnægt þeim skilyrðum sem sett kunna að vera í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

18. gr.

10. gr. námulaga, nr. 24/1973, orðist svo:

Rétt er ráðherra að veita sérleyfi til leitar og vinnslu jarðefna hér á landi, enda sé fullnægt ákvæðum 7., 8. og 9. gr. laga þessara ef um einkaeign er að ræða. Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í skal enn fremur fullnægt þeim skilyrðum sem sett kunna að verða í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

19. gr.

1. mgr. 10. gr. laga nr. 57/1956, um prentrétt, orðist svo:

Útgefandi blaðs eða tímarits, sem gefið er út hér á landi, skal vera íslenskur ríkisborgari, fjárráða og með forræði á búi sínu og búsettur hér á landi, félag eða annar lögaðili. Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang. Um heimildir erlends aðila eða íslensks lögaðila, sem erlendur aðili á hlut í, til að gefa út hér á landi blað eða tímarit, fer samkvæmt lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

20. gr.

2. tölul. 2. mgr. 3. gr. útvarpslaga, nr. 68/1985, orðist svo: Um heimildir erlends aðila eða íslensks lögaðila, sem erlendur aðili á hlut í, til að reka útvarpsstöð hér á landi fer samkvæmt lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

21. gr.

Í stað 1. málsl. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, komi tveir málsliðir, svohljóðandi: Hlutafé í hlutafélagsbanka skal skiptast í a.m.k. 50 hluti og nema minnst 100 000 000 kr. Um heimildir erlends aðila til að eiga hlut í hlutafélagsbanka fer samkvæmt lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

22. gr.

15. gr. laga nr. 7/1987, um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands, falli niður.

23. gr.

3. gr. iðnaðarlaga, nr. 42/1978, breytist þannig:

a. Við 1. tölul. 3. gr. bætist: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.
b. Síðari málsliður 6. tölul. 3. gr. orðist þannig: Iðnaðarráðherra getur veitt undanþágur frá ríkisfangsskilyrði 1. tölul. og ákvæðum 4. og 5. tölul.

24. gr.

4. gr. iðnaðarlaga, nr. 42/1978, orðist svo:

Nú vill félag eða annar lögaðili reka iðnað og getur þá slíkur lögaðili fengið til þess leyfi, enda uppfylli framkvæmdastjórar og stjórnarmenn lögaðila og, sé um að ræða félag þar sem allir eða sumir félagsmanna bera fulla ábyrgð á skuldbindingum félagsins, þeir félagsmanna, sem fulla ábyrgð bera á skuldbindingum félagsins, skilyrði 2.–6. tölul. 3. gr. Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í skal enn fremur fullnægt þeim skilyrðum sem sett kunna að verða í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

Iðnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá þeim skilyrðum er greinir í 4. og 5. tölul. 3. gr.

25. gr.

Við 1. tölul. 4. gr. laga nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, bætist: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

26. gr.

5. gr. laga nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, orðist svo:

Félag eða annar lögaðili á rétt á verslunarleyfi eða endurnýjun verslunarleyfis, enda uppfylli framkvæmdastjórar og stjórnarmenn lögaðila og, sé um að ræða félag þar sem allir eða sumir félagsmanna bera fulla ábyrgð á skuldbindingum félagsins, þeir félagsmanna, sem fulla ábyrgð bera á skuldbindingum félagsins, skilyrði 2. og 4. tölul. 4. gr. Þá skal einn stjórnarmanna og framkvæmdastjóri jafnframt fullnægja skilyrðum 3. tölul. 4. gr. Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í skal enn fremur fullnægt þeim skilyrðum sem sett kunna að verða í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

27. gr.

5. mgr. 10. gr. laga nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, orðist svo:

Heimilt er ráðherra að veita undanþágu frá ríkisfangsskilyrði 1. tölul. 4. gr.

28. gr.

9. gr. laga nr. 26/1982, um atvinnuréttindi útlendinga, breytist þannig:

a. Upphaf 1. mgr. 9. gr. orðist svo:
   Útlendingi, sem búsettur hefur verið hér á landi í minna en eitt ár, er óheimilt ...
b. 1. tölul. 2. mgr. 9. gr. orðist svo:
   1. umsækjandi eigi lögheimili á Íslandi.

29. gr.

Við 2. mgr. 14. gr. laga nr. 50/1978, um vátryggingarstarfsemi, bætist: Enn fremur skal fullnægt þeim skilyrðum sem sett kunna að verða í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

30. gr.

Við 2. mgr. 34. gr. laga nr. 50/1978, um vátryggingarstarfsemi, bætist: Sé um að ræða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í er leyfisveiting háð því að fullnægt sé þeim skilyrðum sem sett kunna að verða í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

31. gr.

Við 84. gr. laga nr. 34/1964, um loftferðir, bætist ný málsgrein er verði 4. mgr. 84. gr., svohljóðandi:

Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í er leyfi til loftferðastarfsemi háð því að fullnægt sé þeim skilyrðum sem sett kunna að verða í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

32. gr.

17. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, breytist þannig:

a. 1. mgr. 17. gr. orðist svo:

Skilyrði til að geta öðlast leyfi til reksturs ferðaskrifstofu er að leyfishafi uppfylli eftirtalin skilyrði:

a. Sé búsettur hér á landi.
b. Sé fjárráða og hafi forræði á búi sínu.

b. 3. mgr. 17. gr. orðist svo:

Leyfi má veita félagi eða öðrum lögaðila, enda sé framkvæmdastjóri slíks lögaðila fjárráða og hafi forræði á búi sínu. Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í er leyfisveiting þó háð því að fullnægt sé þeim skilyrðum sem sett kunna að verða í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

33. gr.

1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 67/1985, um veitinga- og gististaði, orðist svo:

Til þess að öðlast leyfi samkvæmt lögum þessum þarf umsækjandi að:

a. Vera búsettur hér á landi.
b. Vera fjárráða og hafa forræði á búi sínu.

Leyfi samkvæmt lögum þessum má veita félagi eða öðrum lögaðila, enda sé framkvæmdastjóri slíks lögaðila fjárráða og hafi forræði á búi sínu. Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í er leyfisveiting þó háð því að fullnægt sé þeim skilyrðum sem sett kunna að verða í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

34. gr.

Við 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 34/1986, um fasteigna- og skipasölu, bætist: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

35. gr.

Við a-lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 27/1986, um verðbréfamiðlun, bætist: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

36. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. laga nr. 87/1985, um sparisjóði, bætist: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

37. gr.

Við 4. tölul. 9. gr. og 4. tölul. 14. gr. laga nr. 61/1942, um málflytjendur, bætist: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

38. gr.

Við 1. tölul. 2. gr. laga nr. 74/1938, um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns, bætist: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

39. gr.

Við 2. gr. laga nr. 58/1976, um sjúkraþjálfun, bætist: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

40. gr.

Við 2. gr. laga nr. 75/1977, um iðjuþjálfun, bætist: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

41. gr.

Við 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 35/1978, um lyfjafræðinga, bætist: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

42. gr.

Við 1. tölul. 3. gr. laga nr. 48/1933, um leiðsögu skipa, bætist: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

43. gr.

Aftan við 1. málsl. 2. gr. laga nr. 17/1984, um sjóntækjafræðinga, bætist nýr málsliður er verði 2. málsl. 2. gr., svohljóðandi: Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.

44. gr.

1. gr. laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, orðist svo:

Enginn má öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteignum á landi hér, þar á meðal veiðirétt, vatnsréttindi eða önnur fasteignaréttindi, hvort sem er fyrir frjálsa afhendingu eða nauðungarráðstöfun, hjúskap, erfðir eða afsal, nema þeim skilyrðum sé fullnægt sem nú skal greina:

1. Ef einstakur maður er þá skal hann vera íslenskur ríkisborgari.
2. Ef fleiri menn eru með í félagi og ber hver fulla ábyrgð á skuldum félagsins þá skulu þeir allir vera íslenskir ríkisborgarar.

3. Ef félag er og bera sumir fulla en sumir takmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins þá skulu þeir er fulla ábyrgð bera allir vera íslenskir ríkisborgarar.
4. Ef félag er, þar sem enginn félaga ber fulla ábyrgð á skuldum félagsins, eða stofnun þá skal félagið eða stofnunin eiga hér heimilisfang og varnarþing og stjórnendur allir vera íslenskir ríkisborgarar. Í hlutafélögum skulu 4/5 hlutar hlutafjár vera eign íslenskra ríkisborgara og íslenskir ríkisborgarar fara með meiri hluta atkvæða á hluthafafundum.

Nú eru skilyrði þau eigi fyrir hendi er í 1.–4. tölul. 1. mgr. segir og er ráðherra þá rétt að veita leyfi ef ástæða þykir til. Eigi þarf þó leyfi:

1. Ef um er að ræða leigu á fasteign eða réttindi yfir henni, sé leigutími eða annar réttindatími þrjú ár eða skemmri eða sé uppsögn áskilin með eigi lengri en árs fyrirvara.
2. Ef aðili, sem ekki fullnægir skilyrðum 1.–4. tölul. 1. mgr. en hefur rétt til þess að stunda atvinnurekstur hér á landi, öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteign til beinnar notkunar í atvinnustarfseminni, enda fylgi henni einungis venjuleg lóðarréttindi, en ekki önnur réttindi, svo sem veiðiréttur eða vatnsréttindi.

Leggja skal fyrir dómsmálaráðuneytið samninga, afsöl eða önnur heimildarskjöl vegna gerninga sem um ræðir í 2. tölul. 2. mgr. og öðlast gerningurinn eigi gildi fyrr en ráðuneytið hefur staðfest hann með áritun sinni.

45. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Takmarkanir þær, sem lög þessi setja fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi, skulu ekki ná til fjárfestingar erlends aðila sem átt hefur sér stað fyrir gildistöku laga þessara samkvæmt heimildum í eldri lögum. Tilkynna ber slíka fjárfestingu til Seðlabanka Íslands, gjaldeyriseftirlits, sbr. 5. gr., innan þriggja mánaða frá gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram til kynningar á þessu þingi, en mun aftur lagt fram á þingi í haust.

Undirbúningur þessa máls hófst í tíð fyrrverandi forsætisráðherra, en frumvarp þetta er samið af nefnd sem núverandi forsætisráðherra skipaði hinn 4. september 1987 til þess að gera tillögur um samræmingu á lögum og reglum um fjárfestingu erlendra aðila í íslensku atvinnulífi. Í nefndinni áttu sæti: Baldur Guðlaugsson hæstaréttarlögmaður, formaður, Björn Friðfinnsson, aðstoðarmaður dómsmálaráðherra, Brynjólfur Bjarnason framkvæmdastjóri, Eiríkur Tómasson hæstaréttarlögmaður, Margeir Daníelsson hagfræðingur og Þorvaldur Gylfason prófessor. Með nefndinni starfaði Tryggvi Axelsson deildarstjóri.

Nefndin, sem frumvarp þetta samdi, hafði tvennt að leiðarljósi í störfum sínum. Í fyrsta lagi þá nauðsyn sem til þess ber að samræma lagareglur um heimildir erlendra aðila til að fjárfesta í íslenskum atvinnurekstri, en gildandi lagaákvæði þar að lútandi eru bæði sundurleit og ósamstæð. Vísast í því sambandi til skýrslu þáverandi viðskiptaráðherra um erlenda fjárfestingu og íslenskt atvinnulíf sem lögð var fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–1987, en skýrslan fylgir frumvarpi þessu. Skýrsla þessi var tekin saman í framhaldi af þingsályktun sem Alþingi samþykkti 9. maí 1985, en þar var skorað á þáverandi ríkisstjórn að láta fara fram endurskoðun á gildandi lagaákvæðum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi. Í öðru lagi lagði nefndin til grundvallar starfi sínu þá pólitísku stefnumörkun sem fram kemur í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar um markmið endurskoðunar og samræmingar á lögum og reglum um erlent fjármagn í íslensku atvinnulífi, en í starfs-

áætluninni segir: „Erlent áhættufé geti komið í staðinn fyrir erlent lánsfé við fjármögnun atvinnufyrirtækja hér á landi, en jafnframt verði tryggt að erlendir aðilar nái ekki tökum á náttúruauðlindum lands og sjávar.“

Sem áður greinir eru gildandi lagaákvæði um heimildir erlendra aðila til að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi mjög ósamstæð að efni til. Auk þess eru þessi ákvæði á víð og dreif í lögum. Mjög erfitt er því að fylgjast með og hafa yfirsýn yfir fjárfestingu erlendra aðila hér á landi. Við endurskoðun og samræmingu þessara lagaákvæða koma tvær aðferðir til greina. Annars vegar sú aðferð að leitast við að samræma efnisákvæði hinna einstöku laga, en láta þá skipan haldast eftir sem áður að ákvæði um erlenda fjárfestingu sé að finna á víð og dreif í lögum. Hin aðferðin felur í sér að sett sé almenn löggjöf um erlenda fjárfestingu sem leysi af hólmi ákvæði í einstökum lögum. Nefndin valdi síðari kostinn og réð þar úrslitum sú skoðun nefndarinnar að þannig náist betri samræming á efnisreglum, betri yfirsýn yfir gildandi rétt á þessu sviði sem og betri möguleikar til að fylgjast með erlendri fjárfestingu hér á landi en samkvæmt hinni aðferðinni. Auk þess gilda lögin þá sjálfkrafa um núverandi og nýjar atvinnugreinar þótt sérstök lög hafi ekki verið um þær sett. Má í því sambandi nefna að nokkur óvissa og skoðanamunur hefur ríkt varðandi það hverjar séu heimildir erlendra aðila til að fjárfesta í ýmsum atvinnugreinum hér á landi sem sérstök lög hafa ekki verið sett um. Samkvæmt frumvarpinu kæmu sem fyrr segir ein lög að mestu í stað margra og margvíslegra lagaákvæða sem nú gilda um heimildir erlendra aðila til að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi.

Áður en nánar er vikið að einstökum greinum frumvarpsins þykir rétt að gera nokkra grein fyrir þeim almennu viðhorfum innan lands sem utan er til hliðsjónar voru höfð við gerð þessa frumvarps. Sérstaklega skal þó bent á áðurnefnda skýrslu viðskiptaráðherra um erlenda fjárfestingu og íslenskt atvinnulíf, en þar er bæði að finna yfirlit um gildandi lagaákvæði er lúta að erlendri fjárfestingu hér á landi og um stöðu þessara mála erlendis, einkum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) sem Ísland á aðild að, auk þess sem í skýrslunni er fjallað um gildi erlendrar fjárfestingar, aðallega í samanburði við erlendar lántökur.

Frá því árið 1960, eða frá upphafi OECD, hafa aðildarríki stofnunarinnar verið sammála um að stefna beri að sem frjálsustum viðskiptum með fjármagn, vöru og þjónustu. Stefna þessi byggir á því að með auknu frjálsræði í fjármagnsviðskiptum milli landa verði tryggð hámarksnýting þeirra framleiðslugæða sem hagsæld hvílir á. Samþykktir OECD um að stefnt skuli að frjálsum fjármagnshreyfingum taka bæði til beinnar fjárfestingar, svo sem með hlutafjárkaupum, sem og til óbeinnar fjárfestingar, svo sem með lánveitingum. Meginmarkmiðið er að svipað frelsi gildi um fjármagn og almennt þykir sjálfsagt í dag að gildi um viðskipti með vörur og þjónustu.

Milliríkjaviðskipti með fjármagn og sú efnahagsuppbygging, sem af þessu hlýst, leiða yfirleitt til virkari og víðtækari samskipta ríkja á milli og eru þá líkleg til að leiða til bættrar hagstjórnunar aðildarríkjanna. Jafnframt er stefnt að því að atvinnufyrirtækjum í aðildarríkjum OECD, sem við slíkt frjálsræði búa, séu tryggð jöfn starfsskilyrði samkvæmt lögum og reglugerðum, svo og í stjórnarframkvæmd allri, þótt fyrirtækin séu í eigu eða undir stjórn erlendra aðila.

Þrátt fyrir frjálslynda stefnu í þessum efnum hafa aðildarríki OECD lagt á það áherslu í samþykktum sínum að ekki séu fyrir borð bornir almennir öryggishagsmunir þeirra né réttur til að standa við gerða samninga á alþjóðavettvangi.

Í kjölfar stefnuyfirlýsinga OECD og markvissra rannsókna á löggjöf í aðildarríkjum OECD hafa aðildarríkin á undanförnum árum breytt löggjöf sinni og dregið úr takmörkunum á erlendum fjárfestingum. Að sama skapi hefur traust í alþjóðlegum fjárfestingum farið vaxandi.

Samhliða þeirri þróun hefur verðmæti erlendrar fjárfestingar OECD-ríkja vaxið verulega. Þannig nam heildarfjárfesting þeirra samkvæmt skýrslum OECD á árunum 1980–1983 samtals 21,3 milljörðum bandaríkjadala á ári til samanburðar við 18,6 milljarða dala á ári á árunum 1974–1979.

Við nánari athugun á tölum fyrir tímabilið 1980–1983 kemur í ljós að nokkrar sveiflur eru á milli einstakra ára innan tímabilsins. Enn fremur sést að nokkur frávik eru hjá einstökum ríkjum OECD frá þeim meðaltalstölum sem er að finna í könnunum OECD. Sérstaka athygli vekur að verðmæti erlendrar fjárfestingar Japana og Ítala hefur verið hlutfallslega mikið og stöðugt á undanförnum árum gagnstætt því sem segja má um Bandaríkin. Samhliða hefur orðið mikil aukning á beinni fjárfestingu erlendra aðila innan Bandaríkjanna.

Sú grófa mynd, er hér hefur verið dregin upp varðandi nýjustu vísbendingar um erlendar fjárfestingar, endurspeglar jafnframt hin almennu efnahagsskilyrði sem einkennt hafa þau ár sem athuguð hafa verið. Einn meginhvati að mikilli fjárfestingu erlendis hefur verið ótryggt efnahagsástand þegar litið er á heiminn í heild. Telja verður að háir vextir svo og þróun gengismála í heiminum hafi haft einna mest áhrif. Mikil skuldasöfnun ríkja í Rómönsku Ameríku og afleiðingar hennar hafa einnig mikil áhrif á það til hvaða landa erlend fjárfesting beinist hverju sinni.

Auk þeirra meginþátta efnahagslífs, sem hér eru nefndir, hafa margir aðrir þættir veruleg áhrif eins og nánar kemur fram í skýrslum OECD um þessi efni. Rétt er þó að geta þess að þær tölur, sem síðasta könnun OECD byggir á, eru frá árinu 1983, en samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir árin 1984 og 1985 virðist sem erlendar fjárfestingar hafi enn aukist. Svo virðist þó sem alþjóðlegar og beinar fjárfestingar verði stöðugt háðari þeim breytingum sem verða á fyrrnefndum meginþáttum efnahagslífsins og lúta þær því meira en áður ársbundnum sveiflum.

Í frumvarpinu er lagt til að aukið samræmi verði tryggt í þeim reglum er um fjárfestingar erlendra aðila gilda og hefur nefndin í því skyni kannað ítarlega þær reglur sem í gildi eru í hinum margvíslegustu atvinnugreinum. Þá er í frumvarpinu gerð tilraun til að skilgreina nokkur hugtök sem þýðingu hafa á sviði erlendrar fjárfestingar. Verður þannig að finna á einum stað lagaumgjörð um réttarstöðu erlendra fjárfestingaraðila.

Tillögur nefndarinnar taka mið af þeim fyrirvara, sem getið er í áðurnefndri grein, í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar, þ.e. að full yfirráð Íslendinga verði tryggð yfir náttúruauðlindum lands og sjávar. Auk þess geymir frumvarpið nokkrar aðrar takmarkanir á erlendum fjárfestingum hér á landi, einkum vegna öryggishagsmuna og af menningarlegum ástæðum. Helstu takmarkanir eru á sviði fiskveiða og fiskvinnslu. Þá eru skorður reistar við aðild erlendra aðila að viðskiptabönkum, blaðaútgáfu og rekstri útvarpsstöðva hér á landi, auk þess sem erlend fjárfesting er í vissum tilvikum háð leyfi. Með frumvarpi þessu er þó almennt lagt til að um verulega rýmkun verði að ræða varðandi rétt erlendra aðila til fjárfestingar í atvinnurekstri hér á landi. Jafnframt er lögð áhersla á eftirlit með erlendri fjárfestingu og að þeir erlendir aðilar, sem hér fjárfesta, lúti í einu og öllu íslenskum lögum, þar á meðal skattalögum, og lögsögu íslenskra dómstóla.

Nefndin telur að með því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, sé stigið mikilvægt skref í þá átt að erlent áhættufé geti í ríkara mæli komið í staðinn fyrir erlent lánsfé við fjármögnun atvinnurekstrar hér á landi. Frumvarp þetta mun því, ef að lögum verður, hafa mikilvæg áhrif á vaxtar- og þróunarskilyrði atvinnufyrirtækja innan fjölmargra atvinnugreina. Auknir möguleikar innlendra fyrirtækja til samvinnu við erlenda aðila, einkum í framleiðslu- og útflutningsgreinum, geta skapað ný tækifæri sem leitt geta til aukinnar verðmætasköpunar innan lands og þar af leiðandi til aukinnar hagsældar þjóðarbúsins í heild, svo sem vegna

aukinna skatttekna, hærri vinnulauna, aukinnar þekkingar og lækkaðs verðlags svo að eitthvað sé nefnt. Er og vert að hafa hugfast í þessu sambandi að fáar þjóðir eru svo háðar utanríkisviðskiptum sem Íslendingar. Fer og í vöxt að íslenskir aðilar reki og taki þátt í atvinnufyrirtækjum í öðrum löndum. Á hitt ber þó jafnframt að líta að þótt heimildir erlendra aðila til að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi verði rýmkaðar er ekki þar með sagt að vænta megi mikils áhuga erlendra aðila. Hér eru ekki í boði neinir sérstakir fjárfestingarhvatar eins og víða annars staðar, heimamarkaðurinn er lítill, fjarlægðir frá öðrum mörkuðum verulegar og náttúruauðæfi ekki fjölbreytt. En verði frumvarp þetta að lögum ættu þó a.m.k. ekki lagalegir óvissuþættir og hindranir að þurfa að standa í vegi fyrir fjárfestingu erlendra aðila í sama mæli og til þessa sé áhugi erlendra aðila á annað borð fyrir hendi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er gildissvið frumvarpsins afmarkað. Samkvæmt þessari grein frumvarpsins eiga lögin að gilda um fjárfestingu erlendra aðila, sbr. nánari skilgreiningu á fjárfestingu og erlendum aðilum í 2. gr. frumvarpsins, en ekki um venjulegar lánveitingar eða aðra fjármagnsflutninga erlendra aðila til landsins sem ekki tengjast eignar- og rekstraraðild þeirra að atvinnurekstri hér á landi. Þá tekur frumvarpið einungis til fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri, en ekki til annarrar hugsanlegrar fjárfestingar erlendra aðila hér á landi, svo sem fjárfestingar í skuldabréfum, fasteignum, frímerkjum, málverkum eða öðrum verðmætum. Tekið er fram að frumvarpið gildi um hvers kyns fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi, nema annað leiði af sérákvæðum annarra laga eða reglum settum samkvæmt þeim. Í því sambandi skal minnt á að í gildi eru sérstök lög um heimildir erlendra aðila til þátttöku í tilteknum stóriðjuverum, svo sem lög nr. 76/1966, um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík, ásamt síðari lögum um lagagildi viðaukasamninga milli sömu aðila, lög nr. 80/1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, ásamt síðari breytingum og viðaukum, lög nr. 18/1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, ásamt síðari breytingum og lög nr. 70/1982 um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Frumvarpið gildir um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi hvort sem hinn erlendi aðili hyggst stunda hér atvinnurekstur beint í eigin nafni eða með eignaraðild að íslensku atvinnufyrirtæki.

Um 2. gr.

Hér eru helstu hugtök skilgreind. Búseta einstaklings og heimili lögaðila eru lögð til grundvallar varðandi skilgreiningu á því hver teljist vera erlendur aðili í skilningi frumvarpsins. Þannig telst t.d. íslenskur ríkisborgari sem á lögheimili erlendis vera erlendur aðili. Er þetta í samræmi við þá stefnu sem fylgt er t.d. hjá OECD þar sem áherslan liggur á búsetunni en ekki þjóðerninu. Til erlends aðila telst og íslenskt atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum, en þá er átt við að erlendur aðili eða aðilar eigi meiri hluta fyrirtækisins eða fari með meiri hluta atkvæðisréttar í því þótt minnihlutaeigandi sé eða hafi með öðrum hætti, svo sem með stjórnunarsamningi, raunveruleg yfirráð yfir viðkomandi atvinnufyrirtæki. Ástæðan fyrir því að íslenskt atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum er í frumvarpinu skilgreint sem erlendur aðili er sú að þannig á að reyna að girða fyrir að erlendur aðili geti farið bakdyramegin inn á svið þar sem fjárfestingu erlendra aðila eru skorður settar. Ella gæti erlendur aðili fyrst stofnað eða fjárfest í atvinnufyrirtæki hér á landi sem þar með teldist íslenskur aðili og það fyrirtæki síðan fjárfest á umræddu sviði. Sé hins vegar um að ræða íslenskt atvinnufyrirtæki sem íslenskir aðilar hafa yfirráð yfir þótt erlendir aðilar eigi

jafnframt hlut í því eru ákvæði frumvarpsins ekki því til fyrirstöðu að slíkt fyrirtæki fjárfesti í öðru atvinnufyrirtæki hér á landi. Við mat á því, hvort um fjárfestingu er að tefla, getur það ráðið úrslitum hvort um er að ræða framlag til eigin fjár viðkomandi atvinnufyrirtækis. Lánveiting telst því ekki fjárfesting nema um sé að ræða lán í einhverju því formi sem skattyfirvöld viðurkenna eða úrskurða að flokka beri sem eigið fé viðkomandi fyrirtækis. Hér mundu einkum geta komið til álita svonefnd víkjandi lán. Auk þess sem nú er nefnt teljast kaup á eignarhlut sem fyrir er í atvinnufyrirtæki að sjálfsögðu vera fjárfesting þótt endurgjaldið renni þá ekki alltaf til fyrirtækisins sjálfs, heldur til þeirra sem áttu eignarhlut fyrir.

Um 3. gr.

Í 3. gr. kemur fram sú meginstefna frumvarpsins að erlendum aðilum sé heimilt að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi með þeim takmörkunum einum sem af öðrum ákvæðum frumvarpsins og ákvæðum sérlaga leiðir og að uppfylltum öðrum skilyrðum og að fengnum tilskildum leyfum lögum samkvæmt. Fjórða grein frumvarpsins hefur að geyma ákvæði um ýmis frávik frá þessari meginreglu. Einnig leiðir af ákvæðum ýmissa annarra laga að á sumum sviðum er í reynd útilokað fyrir erlenda aðila að fjárfesta. Sem dæmi má nefna að samkvæmt áfengislögum, póstlögum og lögum um Áburðarverksmiðju ríkisins hafa tiltekin ríkisfyrirtæki einkarétt til starfrækslu á ákveðnum sviðum. Og lög um viðskiptabanka takmarka rétt erlendra banka til að stunda bankastarfsemi hér á landi. En eftir sem áður felst í 3. gr. frumvarpsins sú grundvallarstefna að erlendum aðilum sé heimilt að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi að því marki sem slíkri fjárfestingu eru ekki bein takmörk sett. Fjárfesting erlendra aðila er þó með sama hætti og fjárfesting íslenskra aðila háð því að almennum lagaskilyrðum sé fullnægt, enda verða erlendir aðilar sem reka atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni sem og íslensk atvinnufyrirtæki með erlendri eignaraðild í einu og öllu háð íslenskum lögum og reglum og lúta lögsögu íslenskra dómstóla að því er varðar starfsemina hér á landi.

Samkvæmt gildandi lögum er ýmis atvinnustarfsemi háð sérstöku leyfi stjórnvalda, oft ráðherra. Má nefna sem dæmi um slík leyfi iðnaðarleyfi, verslunarleyfi, leyfi til reksturs ferðaskrifstofu og leyfi til vátryggingarstarfsemi. Hin ýmsu sérlög geyma ákvæði um hæfisskilyrði, svo sem um menntun og starfsreynslu, sem uppfylla þarf til að leyfi eða löggildingu megi veita til starfa á viðkomandi sviði. Fjárfesting erlendra aðila verður að sjálfsögðu því háð að hinir erlendu aðilar eða íslensk atvinnufyrirtæki, sem þeir hyggjast taka þátt í að stofna eða kaupa sig inn í, uppfylli sett skilyrði og hafi tilskilin leyfi. Það er síðan mismunandi eftir atvinnugreinum hvar leyfisveitingarvaldið liggur.

Rétt er að taka fram að í frumvarpinu felast hvorki breytingar á lagaákvæðum um skráningu skipa eða skráningu loftfara og munu því áfram gilda sömu skilyrði að því er varðar eignarhald til þess að skip eða loftfar fáist skráð hér á landi.

Um 4. gr.

Fjórða grein frumvarpsins hefur að geyma ýmsar undantekningar frá meginreglu 3. gr. Þær takmarkanir, sem þar er kveðið á um, eru af þrennum toga. Í fyrsta lagi eru lagðar fyrir fram hömlur við fjárfestingu erlendra aðila á tilteknum sviðum, þ.e. í útgerð, fiskvinnslu, útgáfu dagblaða, rekstri útvarpsstöðva og í viðskiptabönkum, sbr. 1.–4. tölul. 4. gr. Í öðru lagi verður tiltekin fjárfesting háð leyfi ráðherra, sbr. 5.–7. tölul. og 9. tölul. 4. gr. Og í þriðja lagi getur ráðherra í sérstökum tilvikum og innan vissra tímamarka stöðvað tiltekna erlenda fjárfestingu, sbr. 10. tölul. 4. gr.

Verður nú vikið nánar að hverjum tölulið 4. gr. fyrir sig.

Um 1. tölul.

Í 1. tölul. er vísað til laga nr. 33/1922, um rétt til fiskiveiða í landhelgi, að því er varðar efnisregluna um það hverjir stunda megi fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Að þessu leyti er hér annar háttur á hafður en almennt er fylgt í frumvarpinu því að við gerð frumvarpsins var leitast við flytja efnisákvæði um heimildir erlendra aðila til að fjárfesta í íslenskum atvinnurekstri úr hinum ýmsu sérlögum í þau heildarlög sem hér er gerð tillaga um. Ástæða þess að gerð er undantekning, að því er varðar rétt til fiskveiða, er sú að ýmis önnur ákvæði laga nr. 33/1922, sem og ákvæði í öðrum lögum, byggja á ákvæðum 1. og 2. gr. laga nr. 33/1922, þar sem kveðið er á um hverjir stunda megi veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þótti því ekki fært að flytja þessi ákvæði úr lögunum. Þar sem frumvarpi þessu er ætlað að draga upp sem heillegasta mynd af þeim reglum sem um erlenda fjárfestingu eiga að gilda þykir rétt engu að síður að 4. gr. geymi tilvísun til laga nr. 33/1922.

Samkvæmt núgildandi ákvæðum laga nr. 33/1922 mega íslenskir ríkisborgarar einir reka fiskveiðar í landhelgi við Ísland og má aðeins hafa íslenska báta eða skip til veiðanna. Tekið er fram að íslenskir kallist þeir bátar eða skip sem íslenskir ríkisborgarar eiga einir. Þrátt fyrir þessa meginreglu mega erlendir ríkisborgarar skv. 11. gr. laga nr. 33/1922 eiga í hlutafélögum sem fiskveiðar stunda í landhelgi, svo lengi sem meira en helmingur hlutafjárins er eign íslenskra ríkisborgara, félagið á heimili á Íslandi og stjórn þess er skipuð íslenskum ríkisborgurum, enda sé a.m.k. helmingur þeirra búsettur hér á landi.

Í 13.–15. gr. frumvarps þessa er gerð tillaga um nokkra breytingu á lögum nr. 33/1922. Eru þessar breytingar þríþættar. Í fyrsta lagi er lagt til að úr gildi verði numin heimild erlendra aðila til að eiga allt að helmingi hlutafjár í útgerðarhlutafélögum. Er og með því leitast við að laga löggjöfina að þeirri stefnumörkun sem fram kemur í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar, að þrátt fyrir rýmkun á heimildum erlendra aðila til að fjárfesta í íslenskum atvinnurekstri skuli tryggt að erlendir aðilar nái ekki tökum á náttúruauðlindum lands og sjávar. Í öðru lagi er með 14. gr. frumvarpsins gerð tillaga um þá breytingu á lögum nr. 33/1922 að í stað þess að miða við, að þeir bátar og þau skip teljist íslensk í skilningi laganna sem íslenskir ríkisborgarar einir eiga, sé við það miðað að þeir bátar og þau skip teljist íslensk sem skráð eru hér á landi. Ræðst það þá af skilyrðum laga um skráningu skipa á hverjum tíma. Í þriðja lagi er lagt til að niður falli 8. og 11. gr. úr lögum nr. 33/1922, bæði vegna þess að tillaga er gerð um að niður verði felld heimild erlendra aðila til eignaraðildar að útgerðarfélögum vegna þess að ákvæðin eru að nokkru leyti úrelt og vegna þess að þau hafa gefið tilefni til lagaóvissu um það hvort erlendir aðilar mættu reka eða eiga hlut í fiskvinnslu hér á landi. Um það yrði samkvæmt frumvarpinu kveðið á í 2. tölul. 4. gr.

Um 2. tölul.

Hér er lagt til að erlendum aðila skuli óheimilt að reka fiskvinnslu hér á landi beint í eigin nafni og skuli einnig óheimilt að eiga hlut í íslensku atvinnufyrirtæki sem rekur fiskvinnslu hér á landi ef viðkomandi atvinnufyrirtæki stundar jafnframt fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Sé hins vegar um að ræða íslenskt atvinnufyrirtæki sem ekki stundar útgerð hér við land er erlendum aðilum heimilt að fjárfesta í slíku fyrirtæki, en þó má samanlagður eignarhlutur erlendra aðila í slíku fyrirtæki á hverjum tíma ekki vera meiri en 50% nema með sérstöku leyfi viðskiptaráðherra. Ljóst er að mörkin á milli fiskiðnaðar og annars iðnaðar geta í sumum tilvikum verið óglögg, en samkvæmt frumvarpinu er með fiskvinnslu átt við hvers konar vinnslu, verkun og úrvinnslu á fiski og öðrum sjávarafurðum. Fiskiðnaður Íslendinga er viðkvæm atvinnugrein í harðri erlendri samkeppni. Því þykir rétt að setja fjárfestingarheimildum erlendra aðila í fiskvinnslu nokkrar skorður, þótt ágreiningslaust sé að rétturinn til sjálfra veiðanna skipti mestu varðandi yfirráð yfir þessari mikilvægustu náttúruauðlind þjóðarinnar.

Um 3. tölul.

Samkvæmt 2. tölul. 2. mgr. 3. gr. útvarpslaga, nr. 68/1985, er óheimilt að veita erlendum aðila leyfi til útvarpsrekstrar né félagi eða stofnun þar sem eignarhlutdeild erlendra aðila er meiri en 10%. Að því er varðar útgáfu blaða og tímarita er óljóst samkvæmt gildandi lögum hvort og þá að hvaða marki erlendir aðilar geta átt í útgáfufyrirtæki sem hér á heimili því að skv. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 57/1956, um prentrétt, getur íslenskur ópersónulegur aðili verið útgefandi blaðs eða tímarits, en ósagt er látið hvort erlendur aðili geti verið eigandi eða meðeigandi slíks íslensks ópersónulegs aðila.

Hér er lagt til að erlendum aðilum skuli óheimilt að gefa út dagblað eða reka útvarpsstöð hér á landi. Hins vegar verði erlendum aðilum heimilt að eiga í íslensku atvinnufyrirtæki sem gefur út dagblað eða rekur útvarpsstöð, en samanlagður eignarhlutur erlendra aðila í hverju slíku fyrirtæki má þó á hverjum tíma ekki vera meiri en 25%. Þrátt fyrir þá rýmkun á heimildum erlendra aðila til fjárfestingar hér á landi, sem í frumvarpinu felst, þykir rétt að standa sérstakan vörð um þessar tvær höfuðgreinar fjölmiðlunar. Er það í samræmi við það sem tíðkast víða erlendis þótt fjárfestingarheimildir erlendra aðila séu að öðru leyti rúmar. Tekið skal fram að takmörkun sú, sem í þessum tölulið felst, nær ekki til annarra blaða en dagblaða og ekki til tímarita og verður erlendum aðilum því að fullnægðum öðrum skilyrðum heimilt að gefa út önnur blöð og tímarit eða eiga í íslenskum atvinnufyrirtækjum sem slíka útgáfu hafa með höndum. Nú er það svo að ekkert íslenskt „dagblað" kemur út daglega og er því ekki unnt að miða mörkin milli dagblaða og annarra blaða við þá útgáfutíðni. En með hliðsjón af því hvernig útgáfu íslenskra dagblaða er hagað er í frumvarpi þessu við það miðað að dagblöð séu þau blöð sem út eru gefin að jafnaði a.m.k. fimm daga í viku.

Um 4. tölul.

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 86/1985 skal hlutafé í hlutafélagsbanka allt vera í íslenskri eigu. Með 15. gr. laga nr. 7/1987, um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands, var gerð undantekning að því er varðar Útvegsbanka Íslands hf. og kveðið svo á að bönkum sem eiga lögheimili og varnarþing erlendis skuli heimilt að eiga á hverjum tíma samtals allt að 25% hlutafjár í bankanum. Hér er lagt til að aflétt sé hinu algjöra banni viðskiptabankalaganna við erlendri eignaraðild, en samanlögð hlutafjáreign erlendra aðila í hlutafélagsbanka megi þó á hverjum tíma ekki vera meiri en 25% hlutafjár hlutafélagsbankans. Samkvæmt viðskiptabankalögum getur einungis verið um að ræða tvenns konar viðskiptabanka hér á landi, ríkisviðskiptabanka í eigu ríkisins og hlutafélagsbanka. Eignaraðild erlendra aðila takmarkast því eðli málsins samkvæmt við hlutafélagsbanka. Heimild erlendra aðila til takmarkaðrar eignaraðildar að hlutafélagsbönkum einskorðast samkvæmt frumvarpinu ekki við erlenda banka eins og nú er að því er varðar Útvegsbanka Íslands hf., heldur verður að fullnægðum öðrum skilyrðum frumvarpsins hvaða erlendum aðila sem er heimilt að gerast hluthafi í hlutafélagsbanka.

Sú takmörkun, sem í töluliðnum felst, tekur einvörðungu til hlutafélagsbanka. Hún nær hins vegar ekki til annarra fyrirtækja á íslenskum fjármagnsmarkaði, svo sem verðbréfafyrirtækja, fjárfestingarfyrirtækja, fjármögnunarleigna og greiðslukortafyrirtækja. Eignaraðild erlendra aðila að slíkum fyrirtækjum eru engar skorður settar samkvæmt gildandi lögum. Samkvæmt frumvarpinu gæti aðild erlendra aðila að slíkum fyrirtækjum á hinn bóginn takmarkast af ákvæðum annarra tölulíða 4. gr.

Um 5. tölul.

Hér segir að án sérstaks leyfis viðskiptaráðherra geti erlendur aðili ekki verið félagsmaður í félagi sem á heimili og stundar atvinnurekstur hér á landi ef því fylgir að hann

beri fulla ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Tekur þetta til að mynda bæði til sameignar- og samlagsfélaga. Rétt þykir að hafa þennan hátt á svo unnt sé að meta hvert tilvik sérstaklega og hugsanlega að setja skilyrði, svo sem varðandi það að hinn erlendi aðili hafi fyrirsvarsmann hér á landi svo auðveldara sé að stefna honum fyrir íslenska dómstóla ef þess gerist þörf. Vegna hinnar víðtæku ábyrgðar viðkomandi félagsmanna á skuldbindingum viðkomandi félags, sem oft gerir það að verkum að félag nýtur meira lánstrausts en ella væri, þykir nauðsynlegt að hafa nokkra hönd í bagga með fjárfestingum erlendra aðila í þessu formi. Tekið er fram að leyfis ráðherra sé ekki þörf þegar atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum tekur þátt í félögum sem um ræðir í töluliðnum, enda á slíkt atvinnufyrirtæki heimili hér á landi, þótt það sé skilgreint sem erlendur aðili.

Um 6. tölul.

Hér er lagt til að til þurfi að koma sérstakt leyfi viðskiptaráðherra til þess að erlent ríki eða fyrirtæki í eigu erlends ríkis geti og megi fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi. Fyrir þessari skipan eru þau rök að áhugi erlends ríkis á að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi getur stafað af öðru en voninni um ávinning af slíkri fjárfestingu. Þykir því rétt að tækifæri gefist til að skoða hvert tilvik sérstaklega.

Um 7. tölul.

Með þessum tölulið er sleginn ákveðinn varnagli að því er varðar umfang fjárfestinga einstakra erlendra aðila hér á landi.

Samkvæmt þessum tölulið þarf sérstakt leyfi viðskiptaráðherra til að koma til þess að heildarfjárfesting erlends aðila eða samanlögð fjárfesting fjárhagslega tengdra aðila geti farið fram úr ákveðinni fjárhæð á ári hverju. Gildir þá einu hvort fyrirhuguð fjárfesting felur í sér meirihlutaeign eða minnihlutaeign í viðkomandi atvinnufyrirtæki. Ekki er ástæða til að ætla að oft muni að vænta erlendrar fjárfestingar af þeirri stærðargráðu sem í töluliðnum greinir eða að slík fjárfesting, ef af yrði, orki þá einhvers tvímælis. Ákvæði töluliðsins er alfarið á því byggt að eðlilegt sé að gæta vissrar varfærni þegar stærri fjárfesting er annars vegar.

Um 8. tölul.

Hér er áréttuð sú meginregla að í samþykktir félags eða félagssamning íslensks félags megi setja ákvæði sem takmarka sölu eða annað framsal eignarhluta í viðkomandi félagi til erlends aðila. Slíkum takmörkunum verður við komið óháð hluthafafjölda í hlutafélögum því að bann 18. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, við viðskiptahömlum í hlutafélögum, þar sem hluthafar eru 200 eða fleiri, nær einungis til þess að leggja hömlur á viðskipti með almenn hlutabréf milli íslenskra aðila. Ekkert er því t.d. til fyrirstöðu að hlutafélag gefi út hlutabréf í tveimur eða fleiri flokkum og takmarki sölu eða annað framsal hlutabréfa í einum flokki til erlendra aðila þótt sala eða annað framsal hlutabréfa í öðrum flokkum sé án takmarkana.

Um 9. tölul.

Í þessum tölulið er kveðið á um það hvernig með skuli fara ef erlendur aðili vill reka atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni, en ekki með aðild að íslensku atvinnufyrirtæki. Greint er á milli þess hvort um er að ræða erlendan einstakling, erlent hlutafélag eða annan erlendan lögaðila. Í hlutafélagalögum eru ákvæði um heimildir erlendra hlutafélaga til að starfa hér á landi, sbr. XVII. kafla laga nr. 32/1978, um hlutafélög, og er tekið fram í 9. tölul. að um rétt hlutafélags, sem á heimili erlendis til að starfa hér á landi, fari samkvæmt þeim ákvæðum. Viðskiptaráðherra getur veitt öðrum erlendum lögaðilum leyfi til að starfa hér á landi, enda sé þá að því er varðar slíka lögaðila og starfsemi þeirra hér á landi fullnægt sömu skilyrðum og fylgt sömu meginreglum og að því er varðar erlend hlutafélög sem starfa hér á

landi. Þá segir að einstaklingi, sem búsettur er erlendis, sé óheimilt að vinna sjálfstætt eða starfrækja eigið atvinnufyrirtæki hér á landi, nema með sérstöku leyfi viðskiptaráðherra. Sé búseta hins vegar óundanþægt skilyrði samkvæmt lögum um viðkomandi atvinnugrein eins og oftast er eða veiting undanþágu frá búsetuskilyrðinu falin öðrum getur viðskiptaráðherra ekki veitt viðkomandi einstaklingi leyfi. Til kasta viðskiptaráðherra kemur því fyrst og fremst ef um er að ræða áhuga erlendra einstaklinga á að stunda hér atvinnustarfsemi sem ekki hafa verið sett nein sérstök lög um. Í þeim tilvikum gæti ráðherra t.d. bundið leyfi því skilyrði að viðkomandi einstaklingur hafi fyrirsvarsmann með heimilisfesti hér á landi og helgast það m.a. af réttarfarsástæðum.

Um 10. tölul.

Hér er lagt til að stöðva megi tiltekna fjárfestingu ef hún er talin ógna öryggi landsins, skerða verulega samkeppni fyrirtækja í viðkomandi atvinnugrein eða ef hún er á annan hátt til þess fallin að hafa óæskileg áhrif á atvinnulíf í landinu. Þessu ákvæði er ætlað að vera ákveðinn öryggisventill vegna fjárfestingar erlendra aðila sem hættuleg þykir eða óæskileg, en er hvorki bönnuð né háð leyfi viðskiptaráðherra samkvæmt einhverjum af fyrri töluliðum 4. gr. eða samkvæmt ákvæðum annarra laga. Ógnun við öryggi landsins getur bæði falið í sér ógnun við innra og ytra öryggi landsins. Með verulegri skerðingu á samkeppni fyrirtækja í viðkomandi atvinnugrein er fyrst og fremst átt við tilvik sem ætla má að gengju þvert á löggjöf um auðhringa og hringamyndanir, ef sett hefðu verið, með hliðsjón af ákvæðum slíkrar löggjafar í nágrannalöndum. Ekki er fyrir fram unnt að sjá fyrir á tæmandi hátt þau dæmi sem upp gætu komið um fjárfestingu erlendra aðila sem þættu til þess fallin að hafa óæskileg áhrif í atvinnulíf í landinu. Þar verður reynslan að skera úr. Þótt það leiði þannig af eðli máls að útilokað sé að skilgreina nákvæmlega í lögum skilyrði fyrir því að stöðvunarheimild þessari sé beitt og þar hljóti ávallt að verða að vera visst svigrúm fyrir frjálst mat er ljóst að ákvæðinu er eingöngu ætlað að vera nokkurs konar varnagli sem ekki sé gripið til nema nauðsyn beri til. Því er lagt til að viðskiptaráðherra geti því aðeins stöðvað erlenda fjárfestingu á grundvelli þessa töluliðar að fyrir liggi álit nefndar um erlenda fjárfestingu, sbr. 2. mgr. 11. gr., um að skilyrði fyrir beitingu stöðvunarheimildar séu fyrir hendi. Og til þess að erlendir aðilar þurfi ekki að vera lengi í óvissu um það hvort tiltekin fjárfesting nær fram að ganga, — en það er eitt og sér til þess fallið að draga úr áhuga erlendra aðila á að fjárfesta í tilteknu landi ef lengi þarf að bíða niðurstöðu um það hvort fjárfesting verður heimiluð eða stöðvuð — er tekið fram að það sé skilyrði fyrir stöðvun fjárfestingar að ákvörðun þar að lútandi sé kunngerð innan þriggja vikna frá því að réttum stjórnvöldum berst tilkynning um hlutaðeigandi fjárfestingu.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að öll erlend fjárfesting verði tilkynningarskyld til gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands jafnskjótt og samningur eða ákvarðanir þar að lútandi liggja fyrir. Tilkynningarskyldan tekur jafnt til viðbótarfjárfestingar erlends aðila í atvinnufyrirtæki, sem hann á þegar í, sem og fjárfestingar í nýju fyrirtæki eða starfandi fyrirtæki sem hann hefur ekki átt í áður. Tímabilið, sem stöðvunarheimild skv. 10. tölul. 4. gr. stendur, hefst þegar gjaldeyriseftirlitinu berst tilkynning um hlutaðeigandi fjárfestingu.

Tekið er fram að gjaldeyriseftirlitið hafi sams konar rétt til upplýsingaöflunar og athugana vegna fjárfestingar erlendra aðila og það hefur samkvæmt lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Vísast í því sambandi einkum til 3. og 4. mgr. laga nr. 63 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

Um 6.–7. gr.

Í 6. gr. og 7. gr. frumvarpsins er lagt til að tekin verði af öll tvímæli í lögum um rétt erlends fjárfestingaraðila til innflutnings á erlendu fjármagni vegna fjárfestingar og yfirfærslu þess í íslenskar krónur, um tilkynningarskyldu slíks fjármagnsflutnings og um rétt aðila til að flytja arð og söluandvirði eða annað endurgreiðsluverð úr landinu að nýju. Samkvæmt lögum nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, og reglum settum samkvæmt þeim, er greiðsla arðs til erlendra aðila sem hér hafa fjárfest svo og endurgreiðsla á verðmæti fjárfestingar, svo sem vegna sölu á eignarhlut eða slita á atvinnufyrirtæki, háð leyfi og frjálsu mati gjaldeyrisyfirvalda. Sú skipan er til þess fallin að vekja tortryggni og efasemdir hjá hugsanlegum fjárfestingaraðilum. Með 7. gr. er þeirri óvissu eytt. Um framkvæmd gjaldeyrisyfirfærslna vegna fjármagnsflutninga til og frá landinu í tengslum við erlenda fjárfestingu skal fara samkvæmt gildandi lögum og reglum um framkvæmd gjaldeyrismála á hverjum tíma. Aðrar fjármagnsgreiðslur til og frá landinu munu áfram háðar óbreyttum lögum og reglum.

Um 8. gr.

Í 8. gr. frumvarpsins er sett fram sú meginregla að framkvæmdastjórar og meiri hluti stjórnarmanna í íslenskum atvinnufyrirtækjum skuli ávallt vera búsettir hér á landi óháð eignarhlut, atkvæðisrétti eða öðrum yfirráðum erlendra aðila. Viðskiptaráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði. Hér er um að ræða sams konar ákvæði og gildir varðandi búsetu framkvæmdastjóra og meiri hluta stjórnarmanna í hlutafélögum, sbr. 2. mgr. 50. gr. hlutafélagalaga, en þetta verður nú almenn regla óháð félagsformi.

Um 9. gr.

Samkvæmt lögum nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, þarf sérstakt leyfi dómsmálaráðherra til þess að erlendir aðilar eða íslenskir lögaðilar með erlendri félagsaðild eða eignaraðild umfram tiltekið eignarhlutfall geti eignast eða fengið afnotarétt að fasteign. Þetta er afar óþjál og að mörgu leyti óeðlileg skipan þegar í hlut eiga aðilar sem rétt hafa til að stunda atvinnustarfsemi hér á landi og um er að ræða eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteign til beinnar notkunar í viðkomandi atvinnustarfsemi. Í 9. gr. segir að um þessi efni skuli áfram fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 19/1966, en í 44. gr. frumvarpsins er hins vegar lagt til að sú breyting verði á 1. gr. laga nr. 19/1966 að ekki þurfi leyfi ráðherra þótt um sé að ræða aðila sem ekki fullnægi almennum skilyrðum 1. gr. laga nr. 19/1966 til að öðlast án leyfis eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteign hér á landi ef viðkomandi aðili hefur rétt til að stunda atvinnurekstur hér á landi og um er að ræða eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteign til beinnar notkunar í atvinnustarfseminni, enda fylgi fasteigninni einungis venjuleg lóðarréttindi. Eftir sem áður þyrfti leyfi dómsmálaráðherra til þess að framangreindir aðilar gætu eignast eða nýtt önnur réttindi yfir fasteignum, svo sem vatns- og veiðiréttindi.

Þar sem rísa kunna álitamál um það hvenær fasteignaréttindi eru undanþegin leyfi á grundvelli þessa ákvæðis er kveðið svo á um að heimildarskjöl vegna slíkra gerninga skuli lögð fyrir dómsmálaráðuneytið og öðlast gerningurinn ekki gildi fyrr en ráðuneytið hefur staðfest hann með áritun sinni.

Um 10. gr.

Í 10. gr. frumvarpsins er tekið fram að um skattskyldu erlends aðila, sem fjárfestir hér á landi, fari samkvæmt ákvæðum almennra íslenskra skattalaga. Sé í gildi svonefndur tvísköttunarsamningur milli Íslands og heimaríkis erlends fjárfestingaraðila gilda ákvæði slíks samnings. Ísland hefur ekki gert tvísköttunarsamninga nema við fáein ríki, en unnið er að gerð slíkra samninga við fleiri ríki. Nefndin, sem frumvarpið samdi, íhugaði en hafnaði að

taka upp í frumvarpið almenna heimild til þess að beita ákvæðum tiltekins tvísköttunarsamnings ef í hlut ætti erlendur aðili frá ríki sem tvísköttunarsamningur hefur ekki verið gerður við, sbr. hins vegar 8. gr. laga nr. 18/1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Um 11. gr.

Samkvæmt 11. gr. mun viðskiptaráðherra fara með leyfisveitingar og annast eftirlit með framkvæmd laganna ef frumvarpið verður að lögum, að svo miklu leyti sem tiltekið eftirlit eða leyfisveitingar eru ekki samkvæmt ákvæðum frumvarpsins beinlínis faldar öðrum. Öll rök hníga að því að eftirlit með hvers kyns erlendri fjárfestingu, leyfisveitingar og vald til að stöðva tiltekna erlenda fjárfestingu heyri undir einn ráðherra þegar ein fjárfestingarlög koma í stað ákvæða í mörgum og mismunandi lögum. Og með því að gjaldeyris- og viðskiptamál falla undir viðskiptaráðherra er lagt til að hann fari með yfirstjórn mála sem varða erlenda fjárfestingu. Í þessu sambandi er þó rétt að endurtaka það sem áður greinir að veiting leyfa til að stunda ákveðna atvinnustarfsemi verður, þar sem slíkra leyfa er krafist, áfram í höndum sömu stjórnvalda og áður.

Í 11. gr. er jafnframt lagt til að sérstök nefnd, nefnd um erlenda fjárfestingu, verði viðskiptaráðherra til ráðuneytis um leyfisveitingar samkvæmt frumvarpinu og umsagnaraðili um einstök mál. Samkvæmt 10. tölul. 4. gr. þarf nefnd þessi og að hafa komist að þeirri niðurstöðu að þar greind skilyrði séu til staðar til þess að viðskiptaráðherra geti stöðvað tiltekna erlenda fjárfestingu. Lagt er til að nefndin verði skipuð fimm mönnum og að viðskiptaráðherra skipi einn þeirra án tilnefningar en hina fjóra samkvæmt tilnefningum jafnmargra ráðherra, þ.e. iðnaðarráðherra, sjávarútvegsráðherra, dómsmálaráðherra og utanríkisráðherra. Er með þessum hætti leitast við að tryggja að stjórnvaldsákvarðanir á sviði erlendrar fjárfestingar muni styðjast við sem víðfeðmasta faglega og pólitíska ráðgjöf. Þess er að vænta að erlend fjárfesting muni einkum koma til álita á sviði iðnaðar, viðskipta og verslunar og fiskvinnslu. Því er eðlilegt að iðnaðarráðherra, viðskiptaráðherra og sjávarútvegsráðherra tilnefni menn til setu í nefndinni. Rökin fyrir því að utanríkisráðherra tilnefni mann til setu í nefndinni eru þau annars vegar að hann fer með utanríkisviðskiptamál og hins vegar þau að æskilegt er í sumum tilvikum að í nefndinni sitji fulltrúi tilnefndur af utanríkisráðherra, svo sem þegar mat er lagt á það hvort leyfa eigi fjárfestingu erlends ríkis eða erlends ríkisfyrirtækis, sbr. 6. tölul. 4. gr., og þegar mat er lagt á það hvort tiltekin erlend fjárfesting ógni öryggi landsins, sbr. 10. tölul. 4. gr. Aðild fulltrúa tilnefnds af dómsmálaráðherra að nefndinni er með sama hætti æskileg bæði vegna mats á hugsanlegri ógnun við öryggi landsins og vegna aðildar dómsmálaráðuneytisins að málum sem varða fasteignaréttindi.

Um 12. gr.

Hér er lagt til að brot gegn ákvæðum laganna og reglum settum samkvæmt þeim varði sektum eða fangelsi allt að fjórum árum og að mál út af brotum á lögunum fari að hætti opinberra mála.

Meðal brota gegn lögunum má nefna að ekki sé tilkynnt um erlenda fjárfestingu eða fjármagnsflutninga vegna hennar, að ekki séu virtar fjárfestingartakmarkanir skv. 1.–4. tölul. 4. gr. og að leyfis viðskiptaráðherra sé ekki leitað til erlendrar fjárfestingar þegar skylt er. Refsiábyrgðin getur eftir atvikum og almennum reglum ýmist legið hjá erlendum og/eða innlendum aðilum.

Um 13.–15. gr.

Vísað er til athugasemda við 1. og 2. tölul. 4. gr.

Um 16. gr.

Hér er lagt til að samræmi verði komið á varðandi það hverjir stunda mega fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands annars vegar og hverjum veita megi leyfi samkvæmt lögum um hvalveiðar hins vegar.

Um 17. gr.

Hér er lagt til að á 2. gr. laga nr. 19/1987, um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla, verði nokkrar breytingar sem fela það í sér í fyrsta lagi að í stað þess, að íslenskur ríkisborgari þurfi að hafa haft fasta búsetu hér á landi síðastliðin tvö ár til þess að geta fengið leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar, nægi að hann sé búsettur hér á landi, í öðru lagi verði erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang og í þriðja og síðasta lagi megi veita erlendum aðila eða íslenskum lögaðila með erlendri eignaraðild leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar sé fullnægt þeim skilyrðum sem sett kunna að vera í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

Um 18. gr.

Hér er lagt til að heimild ráðherra til að veita erlendum aðila eða íslenskum lögaðila, sem erlendur aðili á hlut í, sérleyfi til leitar eða vinnslu jarðefna takmarkist einungis af ákvæðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

Um 19. gr.

Sú breyting, sem hér er lagt til að gerð verði á lögum um prentrétt, lýtur annars vegar að því að undanþiggja erlendan ríkisborgara, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skilyrði fyrir íslensku ríkisfangi til að mega gefa út blað eða tímarit og hins vegar að því að vísa til ákvæða laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi að því er varðar efnisreglur um heimildir erlends aðila til að gefa út hér á landi blað eða tímarit. Vísast í því sambandi sérstaklega til athugasemda við 3. tölul. 4. gr. frumvarpsins.

Um 20. gr.

Hér er lagt til að niður falli úr útvarpslögum efnisregla varðandi heimila erlenda fjárfestingu í útvarpsrekstri hér á landi, en þess í stað sé í útvarpslögum vísað til ákvæða laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi. Vísast í því sambandi sérstaklega til athugasemda við 3. tölul. 4. gr. frumvarpsins.

Um 21. gr.

Hér er lagt til að úr viðskiptabankalögum falli ákvæði til takmörkunar á erlendri eignaraðild en þess í stað verði í lögunum vísað til ákvæða laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi. Vísast í því sambandi sérstaklega til athugasemda við 4. tölul. 4. gr. frumvarpsins.

Um 22. gr.

Ef viðskiptabankalögum er breytt samkvæmt því sem lagt er til í 21. gr. frumvarpsins og 4. tölul. 4. gr. frumvarpsins nær fram að ganga hlýtur 15. gr. laga nr. 7/1987, um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands, að eiga að falla niður því að ella mundi leyfileg erlend eignaraðild að Útvegsbanka Íslands hf. áfram einskorðast við þann banka þótt hvers kyns erlendir aðilar hefðu fengið heimild til takmarkaðrar eignaraðildar að öðrum hlutafélagsbönkum.

Um 23. gr.

Hér er lagt til að á 3. gr. iðnaðarlaga verði annars vegar sú breyting að erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skuli undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang, sem einstaklingur þarf að fullnægja til að geta fengið iðnaðarleyfi, og hins vegar sú breyting að iðnaðarráðherra geti ekki lengur veitt einstaklingi, sem sækir um iðnaðarleyfi, undanþágu frá búsetuskilyrði. Síðari breytingin byggist á þeirri almennu stefnu frumvarpsins að erlendur einstaklingur, sem hér vill reka sjálfstæða einstaklingsatvinnustarfsemi, þurfi að vera búsettur hér á landi.

Um 24. gr.

Hér er lagt til að niður falli úr iðnaðarlögum ákvæði sem takmarka heimildir erlendra aðila eða íslenskra lögaðila með erlendri eignaraðild til fjárfestinga í iðnaði, en þess í stað verði í iðnaðarlögum vísað til ákvæða laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi. Af því leiðir að ekki verða settar neinar takmarkanir fyrir fram við erlendri fjárfestingu í iðnaði þótt slík fjárfesting kunni að sæta takmörkunum skv. 5.–10. tölul. 4. gr. frumvarpsins.

Um 25.–27. gr.

Hér er lagt til að á lögum um verslunaratvinnu verði gerðar breytingar sama efnis og lagt er til í 23. gr. og 24. gr. frumvarpsins að gerðar verði á iðnaðarlögum. Vísast til athugasemda við þær greinar frumvarpsins.

Um 28. gr.

Samkvæmt 9. gr. laga nr. 26/1982, um atvinnuréttindi útlendinga, er útlendingi óheimilt að vinna sjálfstætt eða starfrækja atvinnufyrirtæki án leyfis félagsmálaráðherra (atvinnurekstrarleyfi), nema þar sem starfinn er framkvæmdur samkvæmt sérstakri löggildingu eða leyfi annarra stjórnvalda lögum samkvæmt. Í a-lið 9. tölul. 4. gr. frumvarpsins segir að leyfi viðskiptaráðherra þurfi til þess að einstaklingur, sem búsettur er erlendis, megi vinna hér sjálfstætt eða starfrækja eigið atvinnufyrirtæki. Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að áskilnaður 9. gr. laga nr. 26/1982 um leyfi frá félagsmálaráðherra takmarkist við þá útlendinga, þ.e. erlenda ríkisborgara sem búsettir hafa verið hér á landi í minna en eitt ár. Er það og í samræmi við þær breytingar sem gerð er tillaga um í 34.–43. gr. frumvarpsins. Viðskiptaráðherra fer þá með slík mál einstaklinga sem búsettir eru erlendis, nema veiting undanþágu frá búsetuskilyrði sé falin öðrum, enda eiga þau mál fremur skylt við erlenda fjárfestingu.

Um 29.–30. gr.

Hér er lagt til að í lög um vátryggingarstarfsemi bætist vísan til þeirra skilyrða sem sett kunni að vera í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

Um 31. gr.

Hér er lagt til að í lög um loftferðir bætist ákvæði þess efnis að leyfi til loftferðastarfsemi skuli, þegar um er að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila með erlendri eignaraðild, vera háð því að fullnægt sé þeim skilyrðum sem sett kunni að vera í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

Um 32. gr.

Samkvæmt lögum nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, má veita íslensku félagi eða fyrirtæki leyfi til reksturs ferðaskrifstofu, enda sé stjórnin innlend. Ekkert virðist því til fyrirstöðu að veita megi íslensku atvinnufyrirtæki leyfi þótt erlendir aðilar eigi þar meiri hluta. Hins vegar leyfa lögin ekki að erlendum aðila sé veitt leyfi til reksturs ferðaskrifstofu í eigin nafni.

Í 32. gr. frumvarpsins er lagt til að 17. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, breytist á þá lund að heimilt verði að veita hvort heldur erlendum aðila eða íslenskum lögaðila með erlendri eignaraðild leyfi til reksturs ferðaskrifstofu, sé auk almennra skilyrða laganna um skipulag ferðamála fullnægt þeim skilyrðum sem sett kunna að vera í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

Samkvæmt lögum nr. 79/1985 er það ekki skilyrði fyrir því að veita megi einstaklingi leyfi til reksturs ferðaskrifstofu að hann sé íslenskur ríkisborgari og er ekki gerð tillaga um breytingu þar á.

Um 33. gr.

Hér er lagt til að á lögum nr. 67/1985, um veitinga- og gististaði, verði gerðar sams konar breytingar og á lögum um skipulag ferðamála, sbr. 32. gr. frumvarpsins. Vísast til athugasemda með þeirri grein.

Um 34.–43. gr.

Erlendur ríkisborgari, sem er búsettur hér á landi, er ekki erlendur aðili í skilningi frumvarpsins. Því má segja að það falli í raun utan viðfangsefnisins að huga yfirleitt að því hvaða reglur gildi um heimildir erlendra ríkisborgara, sem hér eru búsettir, til þess að stunda atvinnustarfsemi hér á landi. Á móti kemur að þar sem búseta en ekki ríkisfang er samkvæmt frumvarpinu lögð til grundvallar varðandi skilgreiningu á því hvort einstaklingur telst erlendur aðili eða ekki væri rökrétt að einstaklingar, sem búsettir eru hér á landi, sætu að því er varðar rétt til að stunda atvinnustarfsemi hér á landi við sama borð óháð ríkisfangi. Þessu er þó í reynd mjög misjafnlega háttað. Stundum er íslenskur ríkisborgararéttur einstaklings óundanþægt skilyrði fyrir því að hann megi stunda tiltekna atvinnustarfsemi þótt hún sé ekki háð leyfi eða skilyrði fyrir því að hann geti fengið löggildingu eða leyfi til að stunda viðkomandi starfsemi. Í öðrum tilvikum er krafist íslensks ríkisfangs, en það skilyrði samt undanþægt, sbr. t.d. skilyrði fyrir iðnaðarleyfi og verslunarleyfi. Loks er um að ræða ýmis svið þar sem það er ekki skilyrði fyrir rétti til sjálfstæðra starfa eða starfrækslu að viðkomandi einstaklingur eða leyfishafi sé íslenskur ríkisborgari. Nefna má leyfi til reksturs ferðaskrifstofu, leyfi til reksturs veitinga- eða gististaðar og skilyrði til starfa sem læknir, tannlæknir, verkfræðingur, tæknifræðingur, löggiltur endurskoðandi og sálfræðingur.

Í þessu frumvarpi er hvorki lagt til að ríkisfangsskilyrði verði afnumin í þeim fjölmörgu lögum þar sem þau er nú að finna né lagt til að þau verði tekin upp þar sem þau eru ekki gerð í dag enda má vera að misræmi það sem nú ríkir styðjist stundum við gild sjónarmið. En í 34.–43. gr. frumvarpsins og reyndar einnig í 17. gr., 23. gr. og 25. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um að við þau lög, sem þar eru greind, bætist ákvæði þess efnis að erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það í a.m.k. eitt ár, skuli vera undanþeginn skilyrði því um íslenskt ríkisfang sem viðkomandi lög geyma ákvæði um. Rétt er þó að taka fram að ekki er lagt til að ákvæði laga um rétt til fiskveiða í landhelgi eða ákvæði laga um skráningu skips eða loftfara breytist að þessu leyti. Þótt erlendur ríkisborgari, sem hér er búsettur, verði þannig í sumum tilvikum undanþeginn ríkisfangsskilyrði þarf hann að sjálfsögðu eftir sem áður að fullnægja öðrum lagaskilyrðum.

Um 44. gr.

Vísað er til athugasemda með 9. gr. frumvarpsins varðandi efnisbreytingu þá sem lagt er til að gerð verði á 1. gr. laga nr. 19/1966. Auk þess er gerð tillaga um breytingar á niðurskipan texta greinarinnar sem ekki fela þó í sér efnisbreytingar.

Um 45. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Skýrsla

viðskiptaráðherra um erlenda fjárfestingu og íslenskt atvinnulíf.

(Lögð fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

AÐFARAORÐ

Hinn 9. maí 1985 samþykkti Alþingi þingsályktun þar sem skorað er á ríkisstjórnina að láta fara fram endurskoðun á gildandi lagaákvæðum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi. Ályktunin var samþykkt mótatkvæðalaust og án umræðu eftir að atvinnumálanefnd sameinaðs Alþingis hafði mælt með samþykkt hennar.

Af þingskjölum verður ekki séð hvaða sjónarmið hafi ráðið samþykkt þingsályktunarinnar. Vera kann að umsagnir ýmissa aðila um þingmálið, sem atvinnumálanefnd óskaði eftir, hafi haft nokkur áhrif en þessir aðilar reyndust hlynntir framgangi málsins. Engu að síður er ljóst að erlend fjárfesting hefur verið mönnum ágreiningsefni hér á landi, bæði innan þings og utan, og því varasamt að draga víðtækar ályktanir af samþykkt ályktunarinnar sem einungis mælir fyrir um endurskoðunina en ekki inntak hennar.

Þingsályktunin var send forsætisráðherra og viðskiptaráðherra sem fólu höfundum þessarar skýrslu, Birni Líndal og Hreini Loftssyni, að vinna að málinu. Það varð að ráði að tekin skyldi saman skýrsla er hefði að geyma skilgreiningu hugtaksins, svo og greinargerð um hvern þeirra þriggja meginþátta sem efnislega skipta mestu máli við mörkun heildarstefnu gagnvart erlendri fjárfestingu í atvinnurekstri á Íslandi. Þeir þættir, sem hér um ræðir, eru í fyrsta lagi yfirlit um gildandi lagaákvæði er lúta að erlendri fjárfestingu. Í öðru lagi yfirlit um stöðu þessara mála erlendis þar sem athyglinni er einkum beint að aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD), en á vegum þeirrar stofnunar hefur á undanförnum árum verið unnið mikið starf til að auka frelsi í alþjóðlegum fjármagnsflutningum, þar með talið að rýmka reglur í aðildarríkjum um erlenda fjárfestingu. Sér í lagi þótti ástæða til að kanna reglur sem í gildi eru á Norðurlöndum um þetta efni. Í þriðja lagi er fjallað um gildi erlendrar fjárfestingar, einkum í samanburði við erlendar lántökur. Lokakafli skýrslunnar hefur að geyma niðurstöður og tillögur til breytinga á lagaákvæðum sem varða erlenda fjárfestingu.

Við gerð skýrslunnar hefur verið stuðst við ýmis gögn, einkum frá Efnahags- og framfarastofnuninni í París og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í Washington. Er þeirra getið eftir því sem við á í skýrslunni.

I ERLEND FJÁRFESTING — SKILGREINING HUGTAKSINS

Erlendar fjármagnsgreiðslur til fyrirtækja sem starfa hér á landi geta verið með tvenns konar hætti. Annars vegar getur verið um að ræða yfirfærslur á erlendu fjárfestingarfé og hins vegar erlend lán sem fyrirtækin taka beint eða fyrir milligöngu þriðja aðila. Í þessari skýrslu er einungis ætlunin að fjalla um hið fyrrnefnda þótt færa megi að því rök að endurskoðun reglna um erlendar lántökur tengist breytingum á reglum um erlenda fjárfestingu.

Íslensk löggjöf hefur ekki að geyma skilgreiningu á hugtakinu erlend fjárfesting og er nokkuð mismunandi með hvaða hætti hugtakið er skýrt í rétti annarra ríkja. Á vegum alþjóðastofnana, einkum Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD), hefur verið leitast við að samræma skilgreiningu hugtaksins og hefur verið stuðst við þá vinnu við gerð þessarar skýrslu. (Sjá nánar ritið *Detailed Benchmark Definition of Foreign Investment,* OECD 1983.)

Samkvæmt gögnum OECD er það kallað erlend fjárfesting þegar eigandi fjármagns (fjárfestingaraðilinn) leggur fé í atvinnufyrirtæki en er ekki búsettur í landinu (fjárfestingarlandinu) sem fyrirtækið starfar í. Ríkisfang fjárfestingaraðila skipti hins vegar ekki máli samkvæmt reglum OECD. Þá er það hugtaksskilyrði að fjárfestingin felist í eiginfjárframlagi fjárfestingaraðilans (sem er oftast hlutafjárframlag), endurfjárfestingu á hluta arðs sem fjárfestingaraðila er úthlutað vegna fyrri fjárfestingar sinnar í fjárfestingarlandinu eða lánum móðurfélags (fjárfestingaraðilans) til dótturfélags. Loks er gerður greinarmunur á erlendri fjárfestingu eftir því hversu umfangsmikil hún er í einstökum tilvikum.

Bein erlend fjárfesting er það kallað þegar fjárfestingin veitir aðila langvarandi og virk áhrif á stjórn viðkomandi fyrirtækis. Óbein erlend fjárfesting („portfólíó") er hins vegar sú fjárfesting sem oftast fer fram á verðbréfamörkuðum, fjárfestingaraðili eignast einungis lítinn eða tiltölulega lítinn eignarhlut í fyrirtæki og hefur lítil eða engin áhrif á stjórn þess.

II ÁKVÆÐI ÍSLENSKRA LAGA UM ERLENDA FJÁRFESTINGU

1. Inngangur.

Í þessum kafla verður gefið yfirlit um lagaákvæði sem lúta að fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi. Er hér átt við lagaákvæði er skapa atvinnufyrirtækjum, sem eru að hluta eða að fullu í eigu erlendra ríkisborgara eða lögaðila, önnur starfskjör en þau fyrirtæki búa við sem eru að fullu í íslenskri eigu.

Þessi ákvæði er víða að finna í lögum. Sérlög um einstök stóriðjuver hafa að geyma umfangsmestu ákvæðin. Lög þessi hafa hins vegar ekki almennt gildi heldur lögfesta samninga íslenskra stjórnvalda við erlenda eignaraðila um starfrækslu þessara fyrirtækja. Verður vikið stuttlega að þessum lögum hér á eftir. Mikilvægustu ákvæðin í hópi þeirra sem hafa almennt gildi eru aftur á móti í lögum sem hafa verið sett um flestar helstu atvinnugreinar Íslendinga, svo sem fiskveiðar og fiskvinnslu, iðnað og verslun. Jafnframt hafa lög um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, lög um eignarrétt og afnotarétt af fasteignum og lög um hlutafélög að geyma þýðingarmikil ákvæði. Enn fremur geta ákvæði skattalaga skipt máli í þessu sambandi.

Lagaákvæðin varða með mismunandi hætti möguleika erlendra aðila til að fjárfesta í atvinnurekstri á Íslandi. Til einföldunar má greina á milli fjögurra meginatriða: Í fyrsta lagi er um að ræða reglur um stofnun eða kaup erlendra aðila á fyrirtækjum á Íslandi, svo og reglur um setu erlendra ríkisborgara í stjórn fyrirtækja sem eru skráð og starfrækt hér. Í öðru lagi skipta máli reglur um kaup eða leigu slíkra fyrirtækja á fasteignum. Í þriðja lagi hafa reglur um fjármagnsgreiðslur til og frá landinu sérstaka þýðingu fyrir þessi fyrirtæki. Í fjórða lagi geta ákvæði skattalaga breytt starfskjörum þessara fyrirtækja. Verður nú farið nánar yfir hvert þessara atriða.

2. Stofnun eða kaup fyrirtækja og seta í stjórn.

Stofnun nýs fyrirtækis af hálfu eða með þátttöku erlendra aðila er oftast háð tilteknum takmörkunum eða skilyrðum í íslenskri löggjöf. Sama máli gegnir þegar erlendir aðilar hyggjast festa kaup á starfandi fyrirtæki að nokkru eða öllu leyti. Ákvæði þessa efnis er fyrst og fremst að finna í lögum um einstakar atvinnugreinar, hlutafélagalögum og lögum um

eignarrétt og afnotarétt af fasteignum. Að síðastnefndu lögunum verður vikið sérstaklega í lið II.3. hér á eftir. Ákvæði um setu útlendinga í stjórn fyrirtækja, svo og um ríkisfang og búsetu framkvæmdastjóra, er í lögum um einstakar atvinnugreinar, en hlutafélagalög hafa einnig að geyma ákvæði um þennan þátt. Þá hafa lög um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála að geyma ákvæði um fjármagnsflutninga vegna stofnunar eða kaupa erlendra aðila á fyrirtækjum og eru þeim þætti gerð skil undir lið II.4.

2.1. Atvinnugreinar háðar sérlögum.

Lög um einstakar atvinnugreinar hafa mörg hver þann megintilgang að binda rekstur fyrirtækja í þeirri atvinnugrein sem þau taka til við þá aðila er fullnægja tilteknum hæfisskilyrðum, svo sem um menntun eða starfsreynslu innan viðkomandi greinar. Mörg þessara laga reisa einnig skorður við eignaraðild útlendinga að atvinnurekstri þótt þær takmarkanir séu með mismunandi hætti eftir lögum. Til að gæta þess að skilyrði laganna séu virt kveða lögin oftast nær svo á að rekstur fyrirtækis á því sviði sem þau taka til sé háður sérstöku leyfi stjórnvalda. Veitingarvaldið getur þá verið í höndum hlutaðeigandi ráðherra en einnig hjá sýslumanni, bæjarfógeta eða lögreglustjóra í því umdæmi sem fyrirtækið hyggst hafa aðsetur í.

Til að varpa skýrara ljósi á stöðu þessara mála er nauðsynlegt að fjalla um hverja atvinnugrein fyrir sig og þau sérlög sem um greinina gilda. Ekki er þó um tæmandi yfirlit að ræða og takmarkast yfirlitið einkum með tvenns konar hætti. Í fyrsta lagi er ekki gerð grein fyrir lögum um atvinnustarfsemi sem að mati höfunda er svo tengd persónulegum hæfisskilyrðum að ætla má að vart komi til greina að erlendur aðili fjárfesti í fyrirtæki í viðkomandi atvinnugrein. Má sem dæmi nefna lög um endurskoðendur og málflytjendur. Í öðru lagi er ekki gerð grein fyrir löggjöf á sviði mennta- og skólamála, almannatrygginga, heilbrigðisþjónustu og tengdrar starfsemi, svo sem lyfsölu og lyfjagerðar.

2.1.1. Landbúnaður.

a. Á sviði landbúnaðar gilda margvíslegar lagareglur sem fela í sér að þeir einir geti haft slíkan rekstur með höndum er hafa til þess leyfi stjórnvalda. Lagaákvæðin takmarka hvorki né banna berum orðum erlenda fjárfestingu á þessu sviði en engu að síður er það fyrirkomulag, sem kveðið er á um í lögum varðandi þessa atvinnugrein og tengda starfsemi, með þeim hætti að telja verður ólíklegt að erlend fjárfesting geti þar átt sér stað nema í litlum mæli. Má í þessu sambandi benda á ákvæði jarðalaga, nr. 65/1976, en þar er gert ráð fyrir að jarðanefnd sitji í hverri sýslu landsins, skipuð heimamönnum sem áskilið er að veiti samþykki sitt til ráðstöfunar jarða og eignarréttinda á jörðum sem falla undir lögin. Í upphafsgrein laganna segir að tilgangur þeirra sé m.a. að tryggja „að eignarráð á landi og búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra sem landbúnað stunda". Einnig kveða lögin svo á að land sem við gildistöku laganna sé nýtt til landbúnaðar megi ekki taka til annarra nota nema heimild sé til slíks í lögum. Þá er erlent eignarhald eða afnotaréttur af jörðum einnig háður þeim takmörkunum sem sett eru með lögum nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt af fasteignum, sbr. nánar í lið II.3.

Í lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, er einnig að finna ákvæði sem veita hlutaðeigandi stjórnvöldum og Framleiðsluráði landbúnaðarins vald til að ákveða hvort og að hve miklu leyti erlendum aðilum skuli heimilað að fjárfesta í greinum tengdum landbúnaði. Svipuð ákvæði er og að finna í öðrum lögum, svo sem lögum nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

b. Samkvæmt lögum nr. 53/1981, um loðdýrarækt, er slíkur atvinnurekstur óheimill nema á loðdýrabúum sem öðlast hafa leyfi (viðurkenningu) landbúnaðarráðuneytisins til rekstrarins. Lögin krefjast þess ekki að rekstraraðili hafi íslenskt ríkisfang eða heimilisfesti

og ræðst leyfisveiting af frjálsu mati landbúnaðarráðuneytisins. Ráðuneytinu er því heimilt lögum samkvæmt að ákveða að hve miklu leyti erlendum aðilum skuli heimilt að stofna til þessa rekstrar á Íslandi.

c. Samkvæmt lögum nr. 43/1971 hefur Áburðarverksmiðja ríkisins, sem er ríkisstofnun, einkarétt til sölu á tilbúnum áburði og er engum öðrum en henni heimilt að framleiða eða flytja hingað til landsins tilbúinn áburð.

2.1.2. Fiskveiðar og fiskvinnsla. — Hvalveiðar.

a. Í lögum nr. 33/1922, um fiskiveiðar í landhelgi, sbr. og lög nr. 81/1976, segir að einungis íslenskum ríkisborgurum sé heimilt að stunda „fiskiveiðar í landhelgi við Ísland". Virðist þessi regla ekki einungis ná til einstaklingsfyrirtækja heldur og til sameignarfélaga og annarra félaga sem rekin eru með ótakmarkaðri ábyrgð félagsmanna. Um hlutafélög gegnir nokkuð öðru máli og kveða lögin svo á að meira en helmingur hlutafjár í hlutafélögum, sem reka útgerð, skuli vera í eigu íslenskra ríkisborgara, félagið skuli eiga lögheimili á Íslandi og stjórn þess skipuð íslenskum ríkisborgurum og sé a.m.k. helmingur þeirra búsettur þar. Í lögum nr. 53/1970, um skráningu skipa, eru enn fremur settar strangar reglur um íslenskt eignarhald á skipum, þar á meðal þeim skipum sem notuð eru til fiskveiða.

Ákvæði laga nr. 33/1922 um fiskvinnslu eru ekki eins skýr að þessu leyti og ákvæðin sem gilda um útgerð. Samkvæmt athugasemdum er fylgdu frumvarpi að lögum þessum var megintilgangur þeirra sá að koma í veg fyrir að útlendingar gætu stundað fiskveiðar innan landhelgi og verkað aflann þar eða á landi. Um það álitaefni hvernig með skyldi farið ef útlendingur fjárfesti í fyrirtæki, sem einvörðungu stundar fiskvinnslu en ekki útgerð, virðist ekki fjallað í lögunum. Aðild útlendinga að fiskvinnslufyrirtækjum, sem fullnægja þessu skilyrði, virðist því geta komið til greina samkvæmt núgildandi lögum. Styðst það og við atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar sem síðar verður vikið að.

b. Samkvæmt lögum nr. 26/1949, um hvalveiðar, er einungis heimilt að veita íslenskum ríkisborgurum leyfi til slíkra veiða og verkunar aflans. Sé um félag að ræða skal meira en helmingur stofnfjár vera í eigu íslenskra ríkisborgara og stjórn félagsins skipuð íslenskum ríkisborgurum er eigi heimili og varnarþing á Íslandi.

2.1.3. Leit og vinnsla jarðefna.

Í námulögum, nr. 24/1973, er fjallað um rétt einstaklinga og lögaðila til leitar og vinnslu hvers konar jarðefna hér á landi. Áskilið er að hlutaðeigandi hafi öðlast leyfi iðnaðarráðherra áður en leit og vinnsla jarðefna er hafin og er ráðherra einungis heimilt að veita íslenskum aðilum slíkt leyfi og er nákvæm grein gerð fyrir því í 10. gr. laganna hvaða aðilar skuli teljast íslenskir í skilningi laganna. Hér er um að ræða stofnanir sem hlíta stjórn íslenska ríkisins, íslensk sveitarfélög og íslenska ríkisborgara. Jafnframt teljast til íslenskra aðila félög þar sem íslenskir ríkisborgarar, íslenska ríkið eða íslensk sveitarfélög ráða yfir a.m.k. ⅗ hlutum stofnfjár (hlutafjár). Einnig er áskilið að í stjórn þessara félaga eigi einungis sæti íslenskir ríkisborgarar með heimilisfesti hér á landi. Að auki getur iðnaðarráðherra samkvæmt lögunum veitt erlendum aðila sérleyfi til leitar og vinnslu jarðefna að fengnu samþykki Alþingis. Þá segir í lögunum að iðnaðarráðherra sé rétt að setja það skilyrði að leyfishafi undirgangist að hlíta varnarþingi á Íslandi og setji tryggingu sem ráðherra meti gilda fyrir fjárskuldbindingum sínum við íslenska aðila.

2.1.4. Virkjun fallvatna og jarðhita, rekstur orkuvera, orku- og vatnsdreifing.

a. Samkvæmt orkulögum, nr. 58/1967, þarf leyfi Alþingis til að reisa og reka raforkuver stærri en 2000 kw. Slíka heimild er m.a. að finna í lögum nr. 60/1981, um raforkuver. Til að reisa og reka raforkuver 200—2000 kw þarf hins vegar leyfi iðnaðarráð-

herra. Í orkulögum er ekki fjallað um það sérstaklega hvernig með skuli farið ef erlendir aðilar hafa hug á að starfrækja fyrirtæki á sviði raforkuframleiðslu heldur er gert ráð fyrir að Alþingi og eftir atvikum iðnaðarráðherra taki um það sérstaka ákvörðun. Í orkulögum er einnig fjallað um dreifingu raforku. Sveitarstjórnir og Rafmagnsveitur ríkisins hafa samkvæmt lögunum forgangsrétt til að sinna þessu verkefni og getur iðnaðarráðherra veitt þeim einkarétt í því skyni. Að auki gera lög nr. 42/1983, um Landsvirkjun, ráð fyrir því að það fyrirtæki geti flutt og selt í heildsölu raforku til almenningsrafveitna og iðjufyrirtækja samkvæmt sérstökum samningum. Nýti sveitarstjórnir og Rafmagnsveitur ríkisins sér ekki þann forgangsrétt, sem þessir aðilar hafa samkvæmt lögunum, getur ráðherra veitt einstaklingum og lögaðilum einkarétt til raforkudreifingar á viðkomandi orkuveitusvæði. Lögin hafa ekki að geyma skilyrði um íslenskt ríkisfang eða heimilisfesti þessara aðila.

b. Um hitaveitur segir í orkulögum að iðnaðarráðherra sé heimilt að veita sveitarfélögum eða samtökum þeirra einkaleyfi til þess að starfrækja hitaveitur sem annist sölu eða dreifingu heits vatns eða gufu til almenningsþarfa á tilteknu veitusvæði frá jarðhitastöðvum eða hitunarstöðvum með öðrum orkugjafa. Svo virðist að samkvæmt lögunum sé ráðherra nú óheimilt að veita öðrum aðilum, innlendum jafnt sem erlendum, heimild til þessa rekstrar.

c. Í III. kafla vatnalaga, nr. 15/1923, er fjallað um vatnsnotkun til heimilis- og búsþarfa, iðnaðar og iðju án orkunýtingar. Þar segir að bæjarstjórn sé heimilt að koma upp vatnsveitu til að fullnægja þörf almennings í kaupstöðum á vatni. Þegar slík vatnsveita hefur verið sett á stofn hefur hún einkasölu á vatni til hverra þarfa sem er í kaupstaðnum. Hliðstæðar reglur gilda í hreppum. Ekki verður séð að ákvæði laganna standi gegn því að sveitarfélag stofni sjálfstætt félag með einkaaðilum um rekstur vatnsveitunnar. Sé slíkt heimilt er ekkert í lögunum sem mælir gegn þátttöku erlendra aðila í slíku félagi.

2.1.5. Iðnaður.

Samkvæmt iðnaðarlögum, nr. 42/1978, má enginn reka iðnað hér á landi nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Sé um einstakling að ræða skal hann vera íslenskur ríkisborgari og búsettur hér á landi. Sama á við um félag með ótakmarkaðri ábyrgð. Allir félagsmenn skulu þar vera íslenskir ríkisborgarar og búsettir hér á landi. Í hlutafélagi er þess hins vegar krafist að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar uppfylli skilyrði um íslenskt ríkisfang og búsetu. Iðnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá þeim skilyrðum sem hér hafa verið talin, en þó skal meiri hluti hlutafjár alltaf vera eign manna búsettra hér á landi.

Eins og áður segir hafa verið sett lög um hvert þeirra þriggja stóriðjuvera sem byggja á erlendri eignaraðild. Lögin veita lagagildi samningum íslenskra stjórnvalda við hina erlendu eignaraðila og víkja þessir samningar til hliðar almennum lögum sem að öðrum kosti mundu gilda um starfsemina, svo sem hvað varðar fjármagnsflutninga, skattagreiðslur og eignarrétt að fasteignum.

2.1.6. Verslun.

a. Sá sem vill öðlast leyfi til verslunar hér á landi, sbr. lög nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, verður að fullnægja skilyrðum um íslenskt ríkisfang og búsetu. Einstaklingur verður þannig að hafa íslenskt ríkisfang og vera heimilisfastur á Íslandi. Í félagi með ótakmarkaðri ábyrgð verða allir stjórnarmenn og prókúruhafi að fullnægja þessum skilyrðum. Í hlutafélagi er áskilið að einn stjórnarmanna, endurskoðendur og framkvæmdastjórar hafi íslenskt ríkisfang og heimilisfesti hér á landi. Enn fremur skal hlutafé í hlutafélagi vera að meira en helmingi eign manna búsettra hér á landi. Viðskiptaráðherra getur veitt undanþágu frá öllum þessum skilyrðum „standi sérstaklega á“, eins og það er orðað í lögunum. Auk hefðbundinnar verslunar ná lögin einnig til rekstrar myndbandaleigu. Um

leigustarfsemi að öðru leyti, sem sérstök lög taka ekki til, gilda hins vegar þau sjónarmið sem rakin eru í lið II.2.2.

b. Engum er heimilt að annast kaup, sölu eða skipti á fasteignum eða skráningarskyldum skipum fyrir aðra nema hann hafi fengið til þess löggildingu dómsmálaráðuneytisins samkvæmt ákvæðum laga um fasteigna- og skipasölu, nr. 34/1986, eða leyfi samkvæmt lögum er áður giltu um fasteignasölu, þ.e. lögum nr. 47/1938. Þó þurfa hæstaréttar- eða héraðsdómsmenn ekki leyfi til slíkrar starfsemi ef hún tengist lögmannsstörfum þeirra. Í 2. gr. laganna er m.a. gert að skilyrði fyrir löggildingu að maður hafi íslenskan ríkisborgararétt og hafi heimilisfesti hér á landi. Samkvæmt 6. gr. laganna er fasteigna- og skipasala bundin við nafn og í 7. gr. kemur fram að þeir sem hafa löggildingu til slíkra starfa hafi réttindi og beri skyldur sem opinberir sýslunarmenn.

fjármagni, einkum til fjárfestingar, enda má getum leiða að því að aukið eigið fé fyrirtækjanna muni draga úr lánsfjárþörf þeirra og hafa þannig áhrif til lækkunar vaxta.

Við öflun erlends fjármagns er einkum um tvo kosti að velja. Íslendingar geta áfram fylgt þeirri stefnu að taka nær eingöngu fé að láni erlendis eða freista þess að auka fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi. Ljóst er að erlenda fjárfestingu má nýta í verulega auknum mæli í atvinnurekstri hér á landi til að ná þeim efnahagslegu markmiðum sem vikið er að hér að framan þótt slík notkun erlends fjármagns geti ekki að öllu leyti komið í stað erlendra lána.

Að frátöldum iðjuverunum í Straumsvík, á Grundartanga og við Mývatn er erlend fjárfesting aðeins óverulegur hluti alls erlends fjármagns hér á landi. Sú stefna, sem fylgt hefur verið, að afla þessa fjár að mestu leyti með lántökum, hefur hins vegar leitt af sér mikla skuldasöfnun við útlönd og er áætlað að skuldirnar nemi 74 milljörðum króna í lok þessa árs eða um 52% af landsframleiðslu á árinu. Greiðslubyrðin hefur á undanförnum árum numið sem svarar um fimmtungi útflutningstekna þjóðarinnar en hefur heldur minnkað að undanförnu, einkum vegna batnandi ytri skilyrða.

Skuldasöfnunin hefur verið mönnum mikið áhyggjuefni og um langa hríð hefur það verið eitt af forgangsverkefnum á sviði efnahagsmála að lækka erlendar skuldir. Í *Þjóðhagsáætlun* fyrir árið 1987 er mikilvægi þessa verkefnis undirstrikað og bent á að sívaxandi erlendar skuldir feli í sér þá hættu að lánstraust þjóðarinnar erlendis veikist. Jafnframt er bent á að vaxtagreiðslur af erlendum lánum skerði ráðstöfunartekjur þjóðarinnar og að miklar erlendar skuldir geti reynst hættulegar efnahagslegu sjálfstæði hennar.

Þegar þetta er virt, en nauðsyn nýsköpunar í atvinnulífinu jafnframt höfð í huga, er ljóst að Íslendingar verða að beina athygli sinni í auknum mæli að erlendri fjárfestingu. Ástæður þess að það hefur ekki verið gert í ríkari mæli en raun ber vitni eru margvíslegar. Má þar einkum nefna ákvæði í lögum sem takmarka möguleika erlendra aðila til þátttöku í atvinnustarfsemi hér á landi. Varfærin stefna íslenskra stjórnvalda hefur einnig haft sín áhrif í þessu efni. Hinu má þó ekki gleyma að erlendir aðilar hafa á liðnum árum ekki sýnt teljandi áhuga á því að fjárfesta hér í atvinnustarfsemi þótt nú megi merkja aukinn áhuga, einkum á sviði fiskeldis og fjármálaþjónustu.

Sé litið til reynslu annarra þjóða kemur í ljós að erlend fjárfesting felur í sér margvíslegt hagræði umfram erlendar lántökur. Með því móti nýtist þjóðinni erlent fjármagn með öðrum hætti en þegar tekin eru erlend lán. Greiða verður af lánum án tillits til árferðis, en slíkt getur dregið úr stöðugleika efnahagslífsins. Erlent fjárfestingarfé er á hinn bóginn áhættufé sem arður er ekki greiddur af nema þegar hlutaðeigandi fyrirtæki skilar hagnaði. Þannig dreifist áhættan af atvinnustarfseminni á fleiri herðar sem að sjálfsögðu á ekki við þegar erlend lán eru tekin. Eins og bent var á í upphafi þessa kafla er erlent fjárfestingarfé einnig frábrugðið erlendum lánum að því leyti að það telst til og eflir eigið fé fyrirtækja sem aftur á móti getur leitt til hagstæðari vaxtakjara innanlands.

Þá má gera ráð fyrir því að hluti arðsins verði eftir og hinir erlendu fjárfestingaraðilar nýti hann til enn frekari fjárfestingar í fjárfestingarlandinu eins og niðurstöður athugana á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á beinni erlendri fjárfestingu benda til. (Sbr. ritið *Foreign Private Investment in Developing Countries,* útg. af IMF í janúar 1985.) Einnig er á það að líta að erlend fjárfesting beinist oft að atvinnustarfsemi sem er ætlað að auka útflutning eða koma í stað innflutnings tiltekins varnings eða þjónustu. Einnig með þessum hætti getur erlend fjárfesting haft áhrif til hins betra á greiðslujöfnuð. Segja má að þessi hagur þjóðarbúsins vegi að miklu leyti upp arðinn sem fjárfestingaraðili fær í sinn hlut og flytur úr landi. Í því sambandi má benda á auknar skatttekjur, hærri vinnulaun eða lækkað verðlag innan lands.

Erlend fjárfesting er einnig frábrugðin erlendum lánum að því leyti að hún flytur með sér ýmiss konar þekkingu, svo sem á sviði tækni, stjórnunar og markaðsmála. Hin nýja þekking er að sjálfsögðu einkum bundin við atvinnustarfsemi þar sem erlend fjárfesting á sér stað, en þó má ætla að oft komi áhrifin einnig fram í öðrum fyrirtækjum eða atvinnugreinum sem eru að öllu leyti í höndum íslenskra aðila. Þessi þáttur er því til þess fallinn að auka framleiðni og bæta alþjóðlega samkeppnishæfni fyrirtækja. Í þessu sambandi er vert að veita því athygli að fyrirtæki, sem fjárfesta erlendis, hafa hin síðari ár farið nokkuð inn á nýjar brautir. Í stað þess að byggja upp fyrirtæki ein og sér hafa þau lagt aukna áherslu á samstarf við innlend fyrirtæki. Er þetta ekki einungis gert í því skyni að dreifa áhættu sem er samfara starfseminni, heldur einnig til að njóta aukinnar velvildar hjá stjórnvöldum og almenningi í viðkomandi landi. Samstarfið getur verið með ýmsum hætti og þarf ekki nauðsynlega að vera fólgið í beinni fjárfestingu, m.a. getur það falist í veitingu sérleyfa til framleiðslu eða stjórnunaraðstoð. Einnig þekkist að innlendu fyrirtækin gerist undirverktakar hjá hinum erlenda aðila. Eins og áður segir fylgir ekki erlent fjárfestingarfé samstarfi af þessu tagi nema að óverulegu leyti en samstarfið hefur á hinn bóginn í sér fólgna miðlun þekkingar og reynslu sem kemur innlendum fyrirtækjum til góða.

Þótt ýmislegt mæli þannig með því að erlent fjármagn verði í auknum mæli flutt til landsins sem erlent fjárfestingarfé er það takmörkunum háð að hve miklu leyti það getur komið í stað erlendra lána. Þetta er breytilegt eftir löndum og ræðst m.a. af eftirgreindum þáttum:

1. Ef einkaaðilar standa í fjármagnsfrekum framkvæmdum eru tiltölulega miklar líkur á því að bein erlend fjárfesting geti komið í stað erlendra lána, þ.e. svo fremi lög og reglur, t.d. varðandi skattheimtu, standi ekki í veginum. Ef framkvæmdin er á vegum opinberra aðila er oft erfiðara um vik þar sem lög og reglur takmarka þá oft aðgang erlendra aðila. Þessu getur þó verið háttað öðruvísi. Í Kína t.d. er bein erlend fjárfesting mun hærra hlutfall erlends fjármagns en erlend lán þótt þar séu það fyrst og fremst opinberir aðilar sem ráðast í framkvæmdir.

Sú stefna að veita opinberum fyrirtækjum og einkafyrirtækjum ríkisábyrgð á lánum, beint eða óbeint, dregur mjög úr því að fyrirtæki leiti samstarfs um framkvæmdir við erlenda aðila enda lækkar ríkisábyrgðin kostnað við lánin þar sem ríkisvaldið tekur á sig hluta af áhættu lánveitanda. Erlend lán verða þannig fýsilegri kostur fyrir lántaka en samstarf við erlenda aðila.

2. Þá kann að vera að sóst sé eftir fjármagni til framkvæmda sem ekki eru taldar arðvænlegar. Hér getur t.d. verið um að ræða framkvæmdir innanlands sem eru hagstæðar þegar til lengri tíma er litið en skila ekki beinum arði. Við þessu er brugðist með auknum útgjöldum ríkissjóðs, svo sem með niðurgreiðslum, hærri launum eða framlögum til félagsmála. Í þessu efni getur bein erlend fjárfesting naumast komið í stað þeirra erlendu lána sem ríkissjóður eða aðrir opinberir aðilar taka til að brúa bilið milli útgjalda og tekna.

3. Erlend lántaka sumra ríkja á að hafa þann tilgang að vega upp útstreymi innlends fjármagns. Í heild má segja að bein erlend fjárfesting geti vart komið í stað slíkra lána þar sem óhagstæðar gjaldeyrisreglur, gengis- eða vaxtastefna, sem eru oftast orsakir fjármagnsflóttans, hræða erlenda aðila frá fjárfestingu.

Þótt ýmis rök séu fyrir því að hlutdeild beinnar erlendrar fjárfestingar beri að auka í íslensku atvinnulífi er hinu ekki að leyna að meira þyrfti til að koma en endurskoðun laga eða reglugerða. Heimamarkaðurinn er afar lítill og ekki um mjög fjölbreytt náttúruauðæfi að ræða sem erlendir aðilar kynnu að sjá sér hag í að nýta. Þá er landið tiltölulega afskekkt og erlendum aðilum almennt ekki boðið upp á neinar þær ívilnanir, t.d. hvað varðar skatta, sem valda því að hagstæðara sé að fjárfesta hér en í öðrum löndum sem auk þess liggja nær helstu mörkuðum.

Þegar þetta er haft í huga virðist ekki ástæða til að ætla að erlend fjárfesting rýri sjálfsákvörðunarrétt þjóðarinnar eða muni veikja efnahagslegt sjálfstæði hennar. Að vísu hlýtur ávallt viss áhætta að fylgja því að erlendir aðilar komi inn í atvinnulífið. Vera kann að þeir muni ekki flytja inn nýja tækni nema gegn mjög háu endurgjaldi, þeir muni hámarka yfirfærslur sínar og kostnað og hafa þannig neikvæð áhrif á greiðslujöfnuð, allt í því skyni að auka eigin hagnað. Af þessum sökum verður að huga að sérstökum reglum um allar slíkar yfirfærslur þar sem eftirlit yrði tryggt.

Helstu rökin gegn beinni erlendri fjárfestingu eru þau að erlendir aðilar, oftast stórfyrirtæki, geta haft mikil áhrif á atvinnulífið í landinu. Þessu væri unnt að mæta með því að undanskilja vissar atvinnugreinar eða þá að leyfa aðeins minnihlutaeign útlendinga eða jafna skiptingu áhættu ("joint venture") á tilteknum sviðum. Til að forðast slíka árekstra mætti hugsa sér tilteknar viðmiðunarreglur í þessu sambandi. Meginreglan væri þá sú að bein erlend fjárfesting væri óheimil í greinum þar sem aðstæður væru til einokunar. Bein erlend fjárfesting væri því aðeins heimil á tilteknu sviði að innlend eða erlend samkeppni væri fyrir hendi.

Erlend fjárfesting getur einnig leitt af sér fækkun innlendra fyrirtækja þar sem þau standast ekki snúning við hinn erlenda aðila eða vegna yfirtöku ("takeover"). Ekki er þó endilega víst að yfirtaka dragi úr samkeppni, það er komið undir fyrirtækjunum sem eftir verða í greininni, auk hins erlenda aðila sjálfs. Í því efni skiptir almenn efnahagsstjórn miklu máli þar sem áhrifin á innanlandsmarkað af slíkri yfirtöku yrðu t.d. meiri ef heimamarkaðurinn nyti verndarstefnu.

Ákvörðun um erlenda þátttöku í efnahagslífinu er ekki einvörðungu efnahagslegs eðlis, hún er ekki síður stjórnmálaleg. Allt fer þetta eftir markmiðum stjórnvalda á hverjum tíma. Almenn stefna í efnahagsmálum getur og skipt sköpum um áhrifin af beinni erlendri fjárfestingu, kosti hennar og galla. Afstaða erlendu fyrirtækjanna sjálfra hefur svo að sjálfsögðu líka áhrif á það hvort gagnkvæmur hagur er af samstarfinu.

V NIÐURSTÖÐUR

Þegar íslensk lagasetning er skoðuð með tilliti til erlendrar fjárfestingar er athyglisvert hve hún er ósamstæð og má í því sambandi nefna eftirtalin atriði:

1. Í löggjöfinni er ekki leitast við að skýra hvað felist almennt séð í hugtakinu erlend fjárfesting og ekki markað með skýrum hætti hver skilin séu milli erlendrar fjárfestingar og erlendrar lántöku, einkum svonefndra „víkjandi lána" („subordinated loans"). Þar er ekki heldur að finna almenna skilgreiningu á því hverjir skuli teljast erlendir aðilar og hverjir innlendir í skilningi íslenskra laga. Í sumum tilvikum er áskilið að einstaklingar hafi bæði íslenskt ríkisfang og séu heimilisfastir á Íslandi en annars staðar er einungis sett skilyrði um búsetu.

2. Ef miðað er við skilgreiningu hugtaksins í I. kafla eru takmarkanir einstakra laga gagnvart erlendri fjárfestingu mjög mismunandi án þess að ástæður þess séu ljósar.

3. Í ýmsum lögum, svo sem lögum um verslunaratvinnu og lögum um eignarrétt og afnotarétt af fasteignum, hefur löggjafinn falið stjórnvöldum að meta hvort erlend fjárfesting skuli leyfð án þess að nokkrar leiðbeiningar sé að hafa í lögunum sjálfum eða lögskýringargögnum um þá þætti er ráða skuli slíku mati. Í því ákvæði laganna um skipan *gjaldeyris- og viðskiptamála, sem fjallar um fjármagnsgreiðslur, er hið sama uppi á* teningnum og gjaldeyrisyfirvöldum í meginatriðum falið að meta hvort leyfa skuli einstakar greiðslur. Það valdframsal löggjafans, sem felst í þessum ákvæðum, getur leitt til mikillar óvissu í lagaframkvæmd.

4. Við skoðun á þeim lagaákvæðum er lúta að erlendri fjárfestingu er áberandi hve lítið samræmi er milli einstakra ákvæða og hættan mikil á því að til árekstra geti komið milli einstakra stjórnvalda. Hafi t.d. samgönguráðherra veitt forsvarsmanni fyrirtækis, sem er að mestu leyti í eigu erlendra aðila, leyfi til hótelrekstrar getur dómsmálaráðherra komið í veg fyrir starfsemi hótelsins með vísan til laganna um eignarrétt og afnotarétt af fasteignum. Sé umrætt fyrirtæki hlutafélag, starfrækt sem útibú frá erlendu fyrirtæki og þar með að öllu leyti í eigu erlendra aðila, vandast málið enn frekar þar sem nauðsynlegt er að sækja einnig um leyfi til viðskiptaráðherra vegna starfseminnar.

5. Óljós hugtakanotkun löggjafans getur valdið mikilli óvissu í stjórnarframkvæmd. Hvað merkja t.d. orðin „innlend félög“, „innlend stjórn“, „íslenskur ópersónulegur lögaðili“ og „íslenskir aðilar“? Víða í þeirri löggjöf, sem fjallað var um í II. kafla, virðist einnig sem þess hafi ekki verið gætt að lögaðilar geta líkt og einstaklingar stofnað félög til atvinnurekstrar. Þannig er málum t.d. háttað í lögum um fiskveiðar í landhelgi og iðnaðarlögum. Af því leiðir að þessi löggjöf svarar ekki þeirri spurningu hvernig með skuli farið þegar lögaðili, t.d. hlutafélag, er að meiri hluta til í eigu erlendra aðila og á þátt í stofnun félags sem hyggst hafa t.d. iðnrekstur með höndum. Færa má sterk rök að því að erlendir aðilar, sem starfrækja með löglegum hætti fyrirtæki hér á landi, geti með aðild þess fyrirtækis að félagi sem rekur iðnað komist fram hjá ákvæðum núgildandi iðnaðarlaga sem einungis segja að meiri hluti hlutafjár í hlutafélagi skuli alltaf vera í eign manna búsettra hér á landi.

6. Athyglisvert er að iðnaðarlögin frá 1978 takmarka meira möguleika erlendra aðila til þátttöku í iðnrekstri hér á landi en þau lög gerðu sem áður giltu. Samkvæmt þeim lögum, lögum um iðju og iðnað, nr. 79/1971, var ráðherra heimilt að veita undanþágu frá búsetuskilyrðum laganna og m.a. var erlendum aðila heimilað að eignast meiri hluta í iðnaðarfyrirtæki hér á landi. Sams konar heimild var einnig sett í lög um verslunaratvinnu og var þetta gert vegna inngöngu Íslands í Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA). Var þetta nauðsynlegt skilyrði vegna ákvæða 16. gr. fríverslunarsáttmálans sem veitir fyrirtækjum í hverju aðildarríki heimild til að hafa með höndum starfsemi á sviði iðnaðar og verslunar innan allra hinna aðildarríkjanna. Við gildistöku iðnaðarlaganna 1978 féll þessi heimild niður án þess að séð verði af þingskjölum eða umræðum á þingi að það hafi verið ætlunin. Virðist því nú að ákvæði íslensku iðnaðarlaganna brjóti í bága við 16. gr. fríverslunarsáttmálans sem Íslendingar eru bundnir af að þjóðarétti.

Í kaflanum um erlenda fjárfestingu í ríkjum OECD kemur fram að erlend fjárfesting fer sívaxandi í heiminum. Hvað Íslendinga varðar er athygli vert að áhugi fyrir slíkri fjárfestingu hefur aukist verulega annars staðar á Norðurlöndum. Á vegum Norðurlandaráðs hefur m.a. mikið verið rætt hvernig unnt sé að greiða fyrir fjárfestingu milli ríkjanna innbyrðis og hefur sérstökum nefndum embættismanna verið falið að athuga m.a. hvernig hrinda megi í framkvæmd úrbótum er greiði fyrir slíkri fjárfestingu innan Norðurlandanna.

Ljóst er að helstu eigendur fjárfestingarfjármagns í heiminum sækjast mun meira eftir að fjárfesta í iðnvæddum ríkjum en í þróunarríkjunum. Valda því m.a. efnahagslegir þættir innan þróunarríkjanna, svo sem mikil verðbólga og röng gengisskráning en einnig mikill óstöðugleiki í stjórnmálum. Helstu eigendur þessa fjármagns eru fjölþjóðleg stórfyrirtæki og hefur helmingur af fjárfestingu þeirra runnið til ýmiss konar framleiðsluiðnaðar, fjórðungur til vinnslu jarðefna og annar fjórðungur til ýmiss konar þjónustustarfsemi.

Eins og fram kemur í III. kafla gildir sú aðalregla í ríkjum OECD að erlendum aðilum er almennt heimilt að fjárfesta í atvinnufyrirtækjum innan þeirra. Ýmsar undantekningar eru frá þessari aðalreglu en það breytir ekki þeirri staðreynd að samanborið við meginþorra þessara ríkja búa Íslendingar við löggjöf sem hefur takmarkað í mjög verulegum mæli erlenda fjárfestingu í atvinnulífinu. Má segja að meginstefnan í þessari löggjöf beri

töluverðan keim af þeim undantekningum sem gilda um tilteknar atvinnugreinar í öðrum aðildarríkjum OECD. Þannig er Ísland nú eina ríkið innan OECD sem heldur fast við hinn almenna fyrirvara í samþykkt stofnunarinnar um aukið frelsi í fjármagnsflutningum og er því óbundið af reglum stofnunarinnar sem almennt njóta viðurkenningar aðildarríkjanna á þessu sviði. Sú sérstaða, sem Íslendingar eru með árunum að skapa sér innan stofnunarinnar vegna fyrirvarans, mun án efa leiða til þess að athygli annarra aðildarríkja (einkum þeirra sem eiga í viðskiptum við Ísland) muni í auknum mæli beinast að þeim lagareglum sem gilda hér á landi á þessu sviði.

Í kaflanum um gildi erlendrar fjárfestingar er áhersla lögð á að Íslendingum er nauðsyn að auka fjölbreytni í atvinnulífinu til að tryggja að hagvöxtur hér á landi haldist svipaður á næstu árum og í helstu nágranna- og viðskiptalöndum. Á hinn bóginn er ljóst að greiðslubyrði erlendra skulda er meiri en svo að unað verði við til lengdar. Eigi að síður verður ekki horft fram hjá þeirri staðreynd að erlent fé er Íslendingum nauðsynlegt til að byggja upp nýjar atvinnugreinar.

Við þessar aðstæður virðist aukin erlend fjárfesting í atvinnurekstri vera kostur sem Íslendingar verða að grípa til í auknum mæli. Í fyrrgreindum kafla var því hagræði lýst sem fylgir breyttri stefnu á þessu sviði. Skylt er að geta þess að ýmsir telja mikla hættu fylgja erlendri fjárfestingu, þ.e. að erlendir aðilar muni seilast til óeðlilegra áhrifa í þjóðlífinu og stefna þannig sjálfsákvörðunarrétti þjóðarinnar í tvísýnu. Jafnframt muni hinir erlendu aðilar reyna að komast hjá því að fylgja eðlilegum reglum á sviði gjaldeyris- og skattamála eins og rakið var í III. kafla. Eins og fram kom í kaflanum er hins vegar unnt að grípa til ýmissa ráðstafana gegn slíku.

Með hliðsjón af framansögðu er það niðurstaða höfunda þessarar skýrslu að rétt sé að breyta gildandi lögum á þá lund að frjálsræði verði verulega aukið hvað snertir fjárfestingu erlendra aðila. Slíkar breytingar eiga að tryggja að fyrirtæki, sem eru að fullu í íslenskri eigu, og fyrirtæki, sem eru að hluta eða fullu í eigu erlendra aðila, búi við sömu starfskjör hér á landi af hálfu ríkisvaldsins. Í samræmi við þessa afstöðu er lagt til að eftirtaldar breytingar verði gerðar á gildandi löggjöf.

1. Stofnun eða kaup á fyrirtækjum á Íslandi af hálfu eða með þátttöku erlendra aðila.

Lagt er til að ákvæði einstakra atvinnulaga sem binda starfrækslu fyrirtækja hér á landi með einum eða öðrum hætti við íslenskt ríkisfang og heimilisfesti eignaraðila verði, flest hver a.m.k., felld brott. Í stað þessara ákvæða komi almennt ákvæði í lög nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, er kveði svo á að gjaldeyriseftirlitið hafi umsjón með erlendri fjárfestingu nema lög mæli berum orðum á annan veg. Jafnframt verði skýrt í lögunum að með orðunum „umsjón með erlendri fjárfestingu“ sé átt við að gjaldeyriseftirlitið annist af hálfu stjórnvalda öll samskipti við hinn erlenda fjárfestingaraðila sem tengjast fjárfestingunni sem slíkri. Felst í þessu að önnur stjórnvöld hefðu ekki heimild til afskipta af fjárfestingu hins erlenda aðila í hlutaðeigandi fyrirtæki nema lög mæltu berum orðum fyrir um slíkt.

Samhliða væri nauðsynlegt að lögin skýrðu með hvaða hætti gjaldeyriseftirlitið skyldi inna af hendi þetta verkefni. Hér er lagt til að erlendum fjárfestingaraðila sé einungis gert að tilkynna gjaldeyriseftirlitinu um flutning erlends fjárfestingarfjármagns og færa að því sönnur að féð sé í raun ætlað að vera eiginfjárframlag hans í fyrirtæki sem starfar á Íslandi. Þetta er ekki ósvipað fyrirkomulag og gilt hefur að öðru leyti en því að einnig er lagt til að ákvæði atvinnulaga, sem takmarka erlenda fjárfestingu, verði í meginatriðum felld brott og afskiptum hlutaðeigandi fagráðuneyta af erlendri fjárfestingu hætt. Á hinn bóginn verði tekin upp sú nýbreytni að erlendur fjárfestingaraðili þurfi leyfi gjaldeyriseftirlitsins nemi fjárfesting hans á einu ári hærri fjárhæð en 40 millj. kr. svo framarlega sem fjárfestingin

færir honum meirihlutaaðild í viðkomandi fyrirtæki. Ekki þykir ástæða til að krefjast leyfis vegna smærri fjárfestingar erlendra aðila miðað við eitt ár þar sem ólíklegt er að slík fjárfesting geti haft teljandi áhrif til þenslu í efnahags- og atvinnulífi. Þess má geta að sú fjárhæð sem Danir hafa miðað við í þessu efni er heldur hærri eða um 55 milljónir íslenskra króna.

Sé fjárfesting háð leyfi gjaldeyriseftirlitsins er lagt til að því sé skylt að óska álits hlutaðeigandi fagráðuneytis á umsókn fjárfestingaraðilans. Væri tilgangur þess einkum sá að fá umsögn um þau áhrif sem stofnun nýs fjársterks fyrirtækis, sem erlendir aðilar ættu meirihlutaaðild að, mundi hafa innan atvinnugreinarinnar samanborið við þá almennu hagsmuni sem ætla mætti að fylgdu starfsemi fyrirtækisins. Kæmu ekki fram veigamiklar röksemdir í áliti ráðuneytisins gegn umsókninni eða svar þess bærist ekki innan hæfilegs frests bæri gjaldeyriseftirlitinu að veita leyfið. Í þeim tilvikum þegar sýnt þætti að svo veigamiklir hagsmunir mæltu gegn umsókn að rétt væri að synja um leyfi yrði hins vegar að gæta þess að synjunin bryti ekki í bága við þær þjóðréttarlegu skuldbindingar sem Íslendingar hafa gengist undir með aðild sinni að Fríverslunarsamtökum Evrópu.

Að auki er nauðsynlegt að tekið verði upp ákvæði í lögin um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála er setti skýr mörk milli þessarar fjárfestingar og erlendra lána. Við samningu þessa ákvæðis mætti hafa hliðsjón af skilgreiningu OECD á hugtakinu, sbr. I. kafla. Einnig þarf að lögfesta á einum stað hvað hugtakið „erlendur aðili" merkir. Þykir rétt að mæla með að fylgt verði reglum OECD og miðað við búsetu (heimilisfesti) utan fjárfestingarlandsins. Slíkt ákvæði ætti einnig að leysa af hólmi ákvæði þeirra atvinnulaga um ríkisfang sem ekki er lagt til að verði afnumin, sbr. það sem segir hér á eftir.

Ef ákveðið yrði að ráðast í framangreindar breytingar yrði og að breyta ákvæðum laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt af fasteignum. Annars er hætt við því að ekki næðist það samræmi í stjórnarframkvæmd á þessu sviði sem að væri stefnt. Tryggja verður fyrirtækjum í eigu erlendra aðila rétt til að kaupa eða leigja þær fasteignir sem nauðsynlegar eru vegna starfseminnar. Að öðru leyti væru fyrirtækin hins vegar háð ákvæðum laganna.

Almennt er viðurkennt í ríkjum OECD að veigamikil rök geti verið fyrir því að takmarka aðgang útlendinga að vissum atvinnugreinum. Þau rök styðjast einkum við öryggishagsmuni sem m.a. felast í því að tryggja öruggar samgöngur og yfirráð mikilvægra náttúruauðlinda, en einnig styðjast þau við það sem kalla má þjóðerniskennd og gætir slíkra sjónarmiða t.d. á sviði menningarmála. Þessi viðhorf geta átt nokkurn rétt á sér, a.m.k. er víst að þeirra gætir í ríkum mæli hér á landi. Erlendis, þar sem reynslan er meiri, hafa þessi sjónarmið látið undan síga á undanförnum árum og rýmkun reglna um erlenda fjárfestingu átt þar vaxandi fylgi að fagna. Hin Norðurlöndin eru eftirtektarvert dæmi um þessa framvindu mála. Í stað verulegra takmarkana gegn beinni erlendri fjárfestingu hafa ríki OECD eflt með sér samstarf og upplýsingaskipti á þessu sviði og samræmt að nokkru marki þær reglur sem gilda um fjármagnsflutninga. Með þessu móti hafa ríkin reynt að gæta þess að erlendir fjárfestingaraðilar fylgi settum reglum um leið og þau færa sér í nyt þá kosti sem ótvírætt geta fylgt erlendri fjárfestingu.

Hér er lagt til að farið verði inn á nýjar brautir í þessu efni að fordæmi annarra þjóða. Fyrst í stað yrðu takmarkanir á erlendri fjárfestingu afnumdar á sviði verslunar, iðnaðar, þar á meðal fiskiðnaðar, ferðamannaþjónustu, þar með talinn hótel- og veitingarekstur, að því marki sem takmarkana gætir þar nú, og einnig á sviði fjármálaþjónustu og annarrar þjónustustarfsemi. Fiskeldi félli einnig hér undir en fjárfesting erlendra aðila í þeirri grein er einungis háð ákvæðum laga um eignarrétt og afnotarétt af fasteignum. Síðar mætti hugsa sér að fram færi athugun á því hvernig til hefði tekist og metið hvort frekari breytinga væri þörf. Á það ber hins vegar að leggja áherslu að þrátt fyrir þessar breytingar mundu fyrirtæki í eigu erlendra aðila lúta íslenskum lögum og lögsögu um þau lögskipti sem af starfsemi þeirra leiðir.

2. Seta í stjórn fyrirtækis.

Í þeim lögum þar sem lagt er til að ákvæði, er takmarka erlenda fjárfestingu, verði afnumin er einnig lagt til að ákvæði um íslenskt ríkisfang og heimilisfesti stjórnarmanna verði felld úr gildi. Í stað þessara ákvæða muni ákvæði hlutafélagalaga gilda að því er varðar hlutafélög, en þar segir að meiri hluti stjórnarmanna skuli vera búsettir hér á landi, svo og framkvæmdastjóri. Viðskiptaráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðinu. Að því er varðar önnur félagsform, svo sem sameignarfélög, er lagt til að sams konar ákvæði verði tekið upp í lög nr. 42/1903, um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð. Sé um einstaklingsfyrirtæki að ræða í eigu erlends aðila sem ekki er hér búsettur er nauðsynlegt að fyrirtækið hafi forsvarsmann með heimilisfangi hér á landi og helgast það m.a. af réttarfarslegum ástæðum.

3. Reglur um fjármagnsflutninga vegna erlendrar fjárfestingar.

Markmið framangreindra tillagna er m.a. það að tryggja fyrirtækjum sambærileg starfskjör án tillits til þess hvort um erlenda eignaraðild er að ræða. Með tilliti til þessa er nauðsynlegt að fjármagnsgreiðslur til erlendra eigendafyrirtækja hér á landi, sem fela í sér geiðslu arðs eða endurgreiðslu á upphaflegu fjárfestingarframlagi, t.d. vegna sölu á eignarhlut, séu ekki bundnar takmörkunum. Að öðrum kosti búa þeir ekki við sömu kjör og innlendir eigendur fyrirtækja. Aðrar fjármagnsgreiðslur verða hins vegar að lúta almennum reglum en í því efni er þó mikilvægt að meðferð gjaldeyrisyfirvalda sé í sem bestu samræmi við reglur OECD. Í þessu felst ekki að um frjáls mat gjaldeyrisyfirvalda verð áfram að ræða, heldur yrði leitast við að kynna hverjar væru þær viðmiðanir sem gjaldeyrisyfirvöld nota við afgreiðslu umsókna.

4. Skattalög.

Ekki er ástæða til að gera aðra tillögu en þá að áfram verði unnið að gerð tvísköttunarsamninga við önnur ríki og er raunar unnið nú þegar að slíku á vegum fjármálaráðuneytisins.

5. Starfið innan OECD.

Á sama tíma og unnið yrði að frágangi nýrra reglna um erlenda fjárfestingu þarf að endurskoða afstöðu Íslands til samstarfsins sem fram fer innan OECD um aukið frelsi í fjármagnsflutningum og fjallað var um í 2. lið III. kafla. Skiptir mestu máli að Íslendingar láti verða af því síðastir aðildarríkja OECD að falla frá hinum almenna fyrirvara gagnvart samþykktinni um frelsi í fjármagnsflutningum. Þess í stað mætti kanna hvort ekki væri fremur ástæða til að nýta heimild 2. gr. samþykktarinnar um fyrirvara um einstök ákvæði hennar.

Ed. 791. Frumvarp til laga [441. mál]

um breyting á ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr., svohljóðandi:

Þá er ábúanda ríkisjarðar heimilt að veðsetja ábýlisjörð sína til tryggingar lánum sem hann á kost á í Búnaðarbanka Íslands til bústofnskaupa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 15. gr. ábúðarlaga nr. 64 31. maí 1976 er að finna heimild til handa leiguliðum til að veðsetja ábýlisjarðir sínar til tryggingar þeim lánum sem þeir eiga kost á í Búnaðarbanka Íslands, Lífeyrissjóði bænda og Orkusjóði vegna framkvæmda á ábúðarjörðum sínum, sem samþykktar hafa verið af byggingafulltrúa eða jarðræktarráðunaut og taldar eru við hæfi jarðarinnar að dómi jarðanefndar. Ákvæði þetta nær yfir jarðir í eigu hins opinbera og felur í sér heimild til að veita ábúendum á ríkisjörðum, sem eru fjölmargar, leyfi til að veðsetja jarðirnar innan þeirra marka sem ákvæði þetta setur.

Ákvæði 15. gr. hefur á hinn bóginn ekki verið talið veita örugga heimild til að leyfa ábúendum ríkisjarða að veðsetja ábýlisjarðir sínar til tryggingar lánum, sem tekin eru vegna bústofnskaupa. Hafa ábúendur ríkisjarða orðið að leggja fram hreppsábyrgð til að geta notið slíkra lána. Samkvæmt núgildandi sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, hafa sveitarstjórnir ekki lengur heimild til að veita slíka ábyrgð og þykir því nauðsyn bera til að auka við ákvæði 15. gr. ábúðarlaga eins og hér er lagt til, m.a. til að ábúendur ríkisjarða séu ekki lakar settir að þessu leyti en aðrir leiguliðar.

Nd. 792. Frumvarp til laga [442. mál]

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 56 30. mars 1987.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar greiðist ekki framlag úr ríkissjóði til nýræslu mýrlendis, sbr. a-lið II. tölul., né heldur til nýræktar túna sem unnin er á árinu 1988.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Heyfengur síðustu ára hefur verið mikill og með minnkandi bústofni virðist núverandi túnstærð vera nægjanleg. Telja verður því að ekki sé sem stendur þörf á aukinni nýrækt túna til heyöflunar. Af þeim sökum er eðlilegt að auka við ákvæði 10. gr. eins og hér er lagt til.

Nd. 793. Frumvarp til laga [443. mál]

um skógvernd og skógrækt.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

I. KAFLI

Tilgangur laganna, orðaskýringar og yfirstjórn.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að því:

1. að skóglendi verði verndað, aukið og bætt,
2. að nýir skógar verði ræktaðir þar sem það er talið hagkvæmt,
3. að frætt verði og leiðbeint um meðferð og ræktun skóga, skjólbelta og annars trjágróðurs.

2. gr.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

Skóglendi er land sem að mestu eða öllu leyti er vaxið trjágróðri, náttúrulegum eða ræktuðum, skógi eða kjarri.

Skógarjörð er jörð eða jarðarhluti þar sem skógur er ræktaður á stærra landi en 25 ha.

Nytjaskógur er skógur að nánar tilteknu lágmarksflatarmáli sem ræktaður er til búdrýginda og framleiðslu skógarafurða.

Skjólbelti er röð eða raðir af trjám og runnum sem ræktaðar eru til þess að draga úr vindhraða á nálægum svæðum.

Skógarlundur er land þar sem skógur er ræktaður á 3-25 ha lands.

Löggirðing: Girðing sem gerð er samkvæmt ákvæðum girðingarlaga.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til.

II. KAFLI

Um Skógrækt ríkisins.

4. gr.

Skógrækt ríkisins annast framkvæmd þessara laga og hefur eftirlit með því, fyrir hönd landbúnaðarráðuneytisins, að þeim sé fylgt.

Skógrækt ríkisins hefur umsjá með skóglendum, gróðrarstöðvum, skógarjörðum í eigu ríkisins og landa sem það leigir samkvæmt sérstökum samningum. Skal hún hafa forustu í öllu því er lýtur að notkun og nytjun skóga.

Skógrækt ríkisins annast rannsóknir á sviði skógræktar og hefur samvinnu um þær við aðrar rannsóknarstofnanir eftir því sem um er samið eða lög ákveða.

Skógrækt ríkisins annast leiðbeiningar og fræðslu um skógvernd og skógrækt.

5. gr.

Forseti Íslands skipar skógræktarstjóra og skal skipun hans lengst vera til sex ára í senn. Skógræktarstjóri skal hafa lokið háskólaprófi í skógrækt og fer hann með daglega stjórn Skógræktar ríkisins.

Skógræktarstjóri ræður sérmenntaða starfsmenn Skógræktar ríkisins í samræmi við skipulag stofnunarinnar. Þeir skulu hafa lokið háskólaprófi eða prófi frá skógtækniskóla.

Aðra starfsmenn ráða forstöðumenn deilda að höfðu samráði við skógræktarstjóra.

III. KAFLI

Um skógvernd og friðun.

6. gr.

Á land það, sem Skógrækt ríkisins hefur til friðunar og skógræktar, má ekki beita búfé. Skógræktarstjóra er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu ef sérstakar ástæður mæla með.

Um girðingar um skóglendi og hlið á þeim fer eftir ákvæðum girðingalaga nr. 10 25. mars 1965.

Liggi alfaravegur um friðuð skóglendi skulu vegfarendur loka þeim hliðum sem eru á girðingum um löndin svo að öruggt sé að hliðin opnist ekki af sjálfsdáðum. Týni vegfarendur

búfé í skógargirðingum eru þeir skyldir til að koma því út úr girðingunni svo fljótt sem unnt er.

Komist búfé inn í friðað skóglendi utan heimalands jarða er ráðherra heimilt samkvæmt tilmælum skógræktarstjóra að fyrirskipa að þau sveitarfélög, sem líklegast er að eigi búfé innan skógargirðinga, annist smölun og fjallskil innan þeirra á sinn kostnað.

7. gr.

Komist búfé inn á skógræktarsvæði sem girt er löggirðingu má umsjónarmaður svæðisins taka það í gæslu og láta merkja það. Skal hann tafarlaust tilkynna hreppstjóra hverjir séu eigendur búfjárins og hvernig það sé merkt. Hreppstjóri skal gera eigendum eða umsjónarmönnum boð ef búfé þeirra er tekið í gæslu og gefa þeim kost á að vitja þess innan ákveðins tíma. Sé búfjárins ekki vitjað ákveður hreppstjóri hvar því skuli sleppt.

Komist sama búfé aftur inn á skógræktarsvæðið án þess að snjóalögum verði um kennt getur umsjónarmaður svæðisins tekið það í sína vörslu og gert kröfu um að eigendur greiði kostnað af smölun svo og uslagjald samkvæmt mati tveggja manna er hreppstjóri tilnefnir. Hafi eigendur búpeningsins ekki sinnt þessu innan tveggja sólarhringa getur umsjónarmaður krafist þess að fénaðurinn verði seldur á opinberu uppboði. Uppboðsandvirði að frádregnu uslagjaldi, smölun og öðrum kostnaði greiðir hreppstjóri búfjáreiganda.

Nú verða óvenjuleg snjóalög svo að hætta er á að löggirðingu fenni í kaf. Getur þá umsjónarmaður girðingarinnar tilkynnt búfjáreigendum í nágrenni hennar á hvaða svæði girðingin sé ótrygg vörn og ber þá búfjáreigendum að hafa gætur á búfé sínu og halda þeim frá þessum svæðum uns girðing telst fjárheld á ný. Á sama hátt ber búfjáreigendum að gera skógareiganda eða umboðsmanni hans aðvart ef þeir verða þess varir að skógargirðing sé ótrygg vörn.

Komist hreindýr inn á skógræktarsvæði sem girt er löggirðingu og valdi skemmdum á skógi getur skógarvörður í samráði við landeiganda og fulltrúa menntamálaráðuneytis krafist þess að eftirlitsmaður hreindýra í viðkomandi sveitarfélagi aflífi dýrin ef aðrar ráðstafanir duga ekki til.

8. gr.

Skógræktarstjóra er heimilt að banna alla beit í skóglendi utan heimalanda frá 1. nóvember til 1. júní ár hvert.

Hagi svo til að gripahús standi í skóglendi eða við jaðra þess er eiganda þeirra eða notanda skylt að girða í hæfilegri fjarlægð frá húsunum svo að búpeningur komist ekki í skóglendið á tímabilinu 1. nóvember til 1. júní.

9. gr.

Nú er yfirvofandi hætta á að skóglendi eyðist og alger friðun þess fyrir beit er nauðsynleg að mati skógræktarstjóra og er þá eigendum eða notendum landsins skylt að standa straum af kostnaði við uppsetningu girðingar að hálfu á móti Skógrækt ríkisins. Skylt er eigendum eða notendum landsins að hafa umsjón með og annast viðhald slíkrar girðingar um ákveðið árabil eftir fyrirsögn skógræktarstjóra jafnframt því að verja landið fyrir ágangi búfjár. Gera skal sérstakan samning um slíka friðun lands.

Alþingi heimilar fé í þessu skyni með sérstakri fjárveitingu, enda liggi fyrir Alþingi tillögur skógræktarstjóra um friðun slíkra skóglenda til fimm ára í senn ásamt kostnaðaráætlun.

IV. KAFLI

Um meðferð skóglendis.

10. gr.

Skylt er eiganda eða notanda skóglendis að takmarka svo notkun þess að það rýrni hvorki að stærð né gæðum. Bannað er að leggja eld í skóglendi og aldrei má brenna sinu svo nærri skóglendi að hætta sé á að eldur geti borist þangað.

Hlífa skal nýgræðingi trjágróðurs.

11. gr.

Skóg má ekki höggva nema fyrir liggi samþykki Skógræktar ríkisins. Rækta skal nýjan skóg í stað hins höggna.

12. gr.

Gróðurverndarnefndir samkvæmt lögum nr. 17/1965, um landgræðslu, skulu senda Skógrækt ríkisins skýrslu um ástand og meðferð skóglendis í viðkomandi sýslu þyki þeim ástæða til eða sé um hana beðið af skógræktarstjóra.

13. gr.

Starfsmenn Skógræktar ríkisins skulu hver í sínu umdæmi hafa eftirlit með því hvort farið sé eftir ákvæðum og fyrirmælum um verndun og friðun skóglendis og hvort brotið sé gegn ákvæðum laga þessara og þeim reglugerðum sem settar kunna að verða um meðferð skóglendis samkvæmt lögum þessum. Þeir skulu jafnskjótt og þeir verða slíks varir gera skógræktarstjóra grein fyrir málinu.

14. gr.

Þar sem landeyðing og skógeyðing fara saman á stórum svæðum skulu Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins hafa samvinnu um friðunaraðgerðir.

V. KAFLI

Um ræktun nytjaskóga.

15. gr.

Í þeim héruðum landsins, þar sem skógræktarskilyrði eru vænleg, styrkir ríkissjóður ræktun nytjaskóga innan skógræktaráætlana sem Skógrækt ríkisins hefur gert og lögð er til grundvallar við afgreiðslu fjárlaga.

16. gr.

Styrkur skv. 15. gr. má nema allt að 90 af hundraði stofnkostnaðar við undirbúning skógræktarlandsins. Ráðherra ákveður í reglugerð hvaða framkvæmdir verði styrktar samkvæmt þessari grein. Jarðeigandi leggur fram vinnu við girðingar og gróðursetningu sem nemur 10% af heildarstofnkostnaði.

Þar sem margir eigendur samliggjandi landa koma sér saman um að girða landið af og rækta á því skóg eftir samþykktri áætlun greiðir ríkissjóður allan stofnkostnað að frátöldum kostnaði við girðingar.

Hlutur ríkissjóðs greiðist eftir stofnkostnaði á hvern hektara lands hverju sinni, enda liggi fyrir samningur skv. b-lið 17. gr.

17. gr.

Styrk má því aðeins veita að fullnægt sé eftirtöldum skilyrðum:

a. Að Skógrækt ríkisins hafi gert sérfræðilega athugun á skógræktarskilyrðum á svæðinu og skógræktarstjóri staðfest skógræktaráætlun fyrir þau lönd er til greina koma. Áður en skógræktarstjóri staðfestir áætlun skal afla umsagnar viðkomandi búnaðarsambands og samþykkis jarðanefndar, sveitarstjórnar og Skipulags ríkisins á ráðstöfun lands til ræktunar nytjaskóga samkvæmt skógræktaráætlun.
b. Að fyrir liggi samningur milli Skógræktar ríkisins og viðkomandi ábúanda og/eða jarðeiganda staðfestur af landbúnaðarráðuneytinu. Í þeim samningi skal m.a. kveðið á um stærð og mörk skógræktarlandsins, framkvæmdir, skiptingu stofnkostnaðar, meðferð landsins og vanefndir jarðeiganda eða ábúanda. Jafnframt skal kveðið á um skyldu jarðeiganda til að endurgreiða Skógrækt ríkisins 10% af brúttóandvirði afurða þegar þær falla til og rennur það fé í sérstakan sjóð í vörslu Skógræktar ríkisins til endurnýjunar sama skóglendis.

Samningi samkvæmt b-lið þessarar greinar skal þinglýsa sem kvöð á viðkomandi jörð áður en styrkur er greiddur.

18. gr.

Girðingar um nytjaskóga skulu vera löggirðingar. Um meðferð nytjaskóga skal fara eftir ákvæðum III. kafla laga þessara.

19. gr.

Óheimilt er landeiganda eða ábúanda án samþykkis Skógræktar ríkisins að leigja eða heimila öðrum afnot af landi sem ráðstafað hefur verið til skógræktar með samningi nema viðkomandi jörð sé leigð til ábúðar samkvæmt ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976.

Um mat á framkvæmdum, sem ábúandi á leigujörð gerir vegna ræktunar nytjaskóga, skal fara eftir 16. gr. ábúðarlaga nr. 64 31. maí 1976, en styrkur samkvæmt þessum kafla skal þó jafnan koma til frádráttar ásamt verðbótum.

20. gr.

Við aðilaskipti að réttindum yfir landi, sem hefur verið ráðstafað til skógræktar með samningi skv. b-lið 17. gr. fyrir kaup, gjöf, skipti, nauðungarsölu á uppboði þar með talin útlagning til veðhafa, búskipti, félags- og sameignaslit og fyrirframgreiðslu arfs, skal Skógrækt ríkisins eiga forkaupsrétt að landinu eða hluta þess næst á eftir lögboðnum forkaupsréttarhöfum skv. 30. gr. jarðalaga nr. 65 31. maí 1976. Skógrækt ríkisins öðlast þó ekki forkaupsrétt þegar jarðareigandi ráðstafar jörðinni í heild, enda taki viðkomandi jörðina til ábúðar og fullra nytja.

Neyti Skógrækt ríkisins forkaupsréttar skal kaupverð miðað við verð á sambærilegu landi án skógræktar að viðbættum verðmætisauka vegna skógræktarinnar, en að frádregnum styrk samkvæmt þessum kafla ásamt verðbótum miðað við byggingarvísitölu. Náist ekki samkomulag um kaupverð er hvorum aðila um sig heimilt að óska eftir mati tveggja dómkvaddra manna og gildir það þá sem söluverð.

Skógrækt ríkisins er heimilt að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra að selja skógræktarland sem hún hefur eignast skv. 1. mgr. eiganda viðkomandi jarðar til ræktunar nytjaskóga.

21. gr.

Skógrækt ríkisins hefur yfirumsjón með ræktun nytjaskóga sem stofnað er til samkvæmt lögum þessum.

Nefnd þriggja manna skal vera Skógrækt ríkisins til aðstoðar við undirbúning og framkvæmd skógræktaráætlunar skv. 15. gr. Skal nefndin skipuð fulltrúum Skógræktar

ríkisins, viðkomandi búnaðarsambands og skógræktarfélags, enda sé félagið aðili að Skógræktarfélagi Íslands. Fulltrúi Skógræktar ríkisins skal vera formaður nefndarinnar.

Starfi fleiri en eitt aðildarfélag Skógræktarfélags Íslands á því svæði sem skógræktaráætlun tekur til skulu félögin sameiginlega tilnefna fulltrúa í nefndina. Sama gildir um búnaðarsamböndin.

22. gr.

Skógrækt ríkisins skal að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið gera tillögu til fjárveitingavaldsins um framlög til skógræktaráætlana og lætur fylgja þeim tillögum rökstudda greinargerð ásamt framkvæmdaáætlun. Alþingi skiptir því fé sem veitt er til verkefna samkvæmt staðfestum áætlunum skv. 15. gr.

VI. KAFLI

Um ræktun skjólbelta og skógarlunda.

23. gr.

Skógrækt ríkisins er heimilt umfram það sem 15. gr. ákveður að styrkja einstaklinga og félagasamtök til skógræktar, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum, enda njóti viðkomandi ekki styrks til slíks samkvæmt öðrum lögum.

Heimilt er að greiða styrk til ræktunar skógarlunda, skjólbelta og til friðunar og ræktunar lands undir skóg. Styrkur má nema allt að 75% kostnaðar við trjáplöntukaup og 50% kostnaðar við girðingar vegna ræktunarinnar.

24. gr.

Styrkur greiðist aðeins á framkvæmdir á landi sem telst vel fallið til skógræktar að mati skógræktarstjóra og viðkomandi starfsmanns Skógræktar ríkisins og er minnst 3 ha innan girðingar.

25. gr.

Skógrækt ríkisins setur reglur um vörslu og hirðu svæða sem styrks njóta samkvæmt framanskráðu og ber öllum sem hluta eiga að máli að hlíta þeim.

VII. KAFLI

Um sölu og skiptingu skógarjarða og skóglendis.

26. gr.

Skógarjarðir má ekki selja án vitundar Skógræktar ríkisins. Skal hún hafa forkaupsrétt að skógarjörðum að frágengnum þeim sem forkaupsrétt hafa samkvæmt jarðalögum, nr. 65/1976.

27. gr.

Skóglendi má ekki hluta í sundur, skipta upp í lóðir eða taka undir mannvirki, svo sem sumarhús, veitulagnir, vegi o.þ.h., nema með leyfi ráðherra að fenginni umsögn skógræktarstjóra.

VIII. KAFLI

Um Skógræktarfélag Íslands.

28. gr.

Skógræktarfélag Íslands er viðurkennt sem samband skógræktarfélaga í landinu.

Styrkur sá, sem veittur er í fjárlögum til skógræktarfélaga, er bundinn því skilyrði að þau séu deildir í Skógræktarfélagi Íslands.

Ráðherra úthlutar styrknum að fengnum tillögum skógræktarstjóra og formanns Skógræktarfélags Íslands.

IX. KAFLI

Um sektir, málsmeðferð o.fl.

29. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs og fer um mál út af þeim brotum að hætti opinberra mála.

30. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 3/1955, 22/1966 og 76/1984.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gildandi lög um skógrækt eru nr. 3 6. mars 1955. Með lögum nr. 22 16. apríl 1966 var settur viðauki við þau lög sem kvað á um skjólbeltaræktun og styrki til hennar. Með lögum nr. 76 30. maí 1984 var lögunum frá 1955 síðan breytt þannig að bætt var við nýjum kafla með ákvæðum um ræktun nytjaskóga á bújörðum.

Markmið þessa frumvarps er einkum að fella saman framangreinda þrjá lagabálka um skógrækt og skógvernd í ein lög, auk breytinga á gildandi löggjöf sem voru orðnar mjög aðkallandi. Langt er um liðið síðan lög um skógrækt voru samþykkt og hafa breyttar aðstæður leitt af sér nokkur nýmæli og breytingar eins og rakið er í athugasemdum um einstakar greinar frumvarpsins. Árið 1979 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að endurskoða lög nr. 3/1955, um skógrækt. Sú nefnd vann um tíma að endurskoðun laganna en lauk ekki störfum. Síðan var endurskoðunin tekin upp að nýju og unnið að verkinu í samráði við starfsmenn Skógræktar ríkisins og stjórn Skógræktarfélags Íslands og er þetta frumvarp, sem nú sér dagsins ljós, árangur af þeirri samvinnu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Tilgangur laganna, orðaskýringar og yfirstjórn.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um tilgang laganna og er sama efnis og 1. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að Skógrækt ríkisins er ekki nefnd í texta, enda eru ákvæði um Skógrækt ríkisins í II. kafla frumvarpsins.

Um 2. gr.

Greinin er nýmæli í lögum um skógrækt og þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

II. KAFLI

Um Skógrækt ríkisins.

Um 4. gr.

Efni greinarinnar er upptalning á verkefnum Skógræktar ríkisins sem eru skilgreind betur en í gildandi lögum. Gert er ráð fyrir að Skógrækt ríkisins hafi með höndum rannsóknir á sviði skógræktarmála í samvinnu við aðra aðila er stunda rannsóknir í þágu atvinnuveganna og er það nýmæli frá því sem gildandi lög kveða á um.

Um 5. gr.

Greinin er nýmæli að því leyti að gert er ráð fyrir að skógræktarstjóri sé skipaður tímabundið lengst til sex ára í senn.

Þá er gert ráð fyrir því nýmæli að við Skógrækt ríkisins starfi sérmenntaðir starfsmenn er hafi tilskilda lágmarksmenntun, háskólapróf eða próf frá skógtækniskóla. Gert er ráð fyrir að sérmenntaðir starfsmenn Skógræktar ríkisins hafi með höndum rannsóknarverkefni og áætlanagerð, eftirlit með meðferð skóga á ákveðnum afmörkuðum svæðum landsins og eignaumsýslu fyrir Skógrækt ríkisins.

III. KAFLI

Um skógvernd og friðun.

Kafli þessi svarar efnislega mest til III. kafla núgildandi laga, en efnið er þó sett fram með talsvert öðrum hætti en í gildandi lögum.

Um 6. gr.

Greinin svarar til 14. og 15. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir að skógræktarstjóri hafi einn heimild til að veita undanþágu frá banni fyrstu málsgreinar og er það breyting frá því sem nú gildir.

Um 7. gr.

Efni greinarinnar svarar til 17. gr. gildandi laga en hér er þó um að ræða mun einfaldari ákvæði í framkvæmd en eru í núgildandi lögum. Hér er lagt til að heimilt verði að selja það búfé á uppboði sem fer inn á girt skógræktarsvæði a.m.k. í tvígang vitji eigandi þess ekki og greiði smölunarkostnað og uslagjald. Samkvæmt eldra ákvæði þurfti búfé að gera enn frekari usla í skógræktarsvæði áður en umsjónarmaður gat krafist uppboðssölu.

Í 4. mgr. er nýmæli sem tilkomið er vegna knýjandi nauðsynjar á að stemma stigu við því geigvænlega tjóni sem hreindýr valda á ungskógi í skógræktargirðingum á Austurlandi.

Um 8. gr.

Í fyrri málsgrein greinarinnar felst heimild til handa skógræktarstjóra til að banna alla beit í skóglendum utan heimalanda á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. júní ár hvert og er ákvæðið hliðstætt 1. málsl. 8.gr. gildandi laga. Önnur málsgrein hefur hins vegar að geyma nýmæli sem tekur til þeirrar sérstöðu þegar gripahús eru í eða við skóglendi og er þá eiganda eða notanda gripahússins skylt að hindra með girðingu að búfé komist í skóglendið á nefndu tímabili.

Um 9. gr.

Greinin svarar efnislega til 21. gr. gildandi laga. Þó er nú gert ráð fyrir að heimild til friðunaraðgerða vegna yfirvofandi hættu á að skóglendi eyðist verði hjá skógræktarstjóra að fengnu samþykki ráðherra í stað ráðherra áður, sbr. 1. mgr.

Jafnframt er nú lagt til að eigandi eða notandi lands taki að hálfu þátt í kostnaði af girðingu um skóglendi sem eyðst hefur af ágangi búfjár. Er þetta breyting frá 21. gr. gildandi laga að því leyti að eins og greinin hljóðar nú getur eigandi ávallt komið sér undan ábyrgð á friðunaraðgerðum.

Þá er ákvæði 2. mgr. nýmæli, en þar er gert ráð fyrir að skógræktarstjóri leggi fyrir Alþingi fimm ára áætlun um friðunaraðgerðir í þessu skyni.

IV. KAFLI

Um meðferð skóglendis.

Efni IV. kafla svarar til efnis II. kafla núgildandi laga.

Um 10. gr.

Greinin er nýmæli og þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Efni þessarar greinar er mun fortakslausara en svipuð ákvæði eldri laga. Skýlaust bann er við skógarhöggi án samþykkis Skógræktar ríkisins. Þá er ótvírætt skilyrði sett um að rækta skal skóg í stað þess sem höggvinn er og er það nýmæli.

Um 12. gr.

Greinin er nýmæli sem gerir ráð fyrir að gróðurverndarnefndir geti haft frumkvæði um sérfræðilegt mat á ástandi og meðferð skóglendis jafnframt því sem skógræktarstjóri getur leitað til nefndanna og óskað eftir skýrslu til Skógræktar ríkisins um ástand skóglendis og meðferð þess.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa. Greinin er sama efnis og 24. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að ekki er lengur gert ráð fyrir að hreppstjórar hafi eftirlit með því hvort ákvæðum laganna sé fylgt.

Um 14. gr.

Greinin er nýmæli og gerir ráð fyrir samvinnu Landgræðslu ríkisins, sbr. lög nr. 17/1965, og Skógræktar ríkisins um friðunaraðgerðir þegar svo háttar að saman fara landeyðing og skógeyðing á stórum svæðum.

V. KAFLI

Um ræktun nytjaskóga.

Efni kaflans svarar til 3. gr. laga nr. 76 30. maí 1984, um breytingu á lögum nr. 3/1955, um skógrækt, en með þeirri grein var nýjum kafla „Um ræktun nytjaskóga á bújörðum“ bætt við lög nr. 3/1955. Þó er það nýmæli í frumvarpi þessu að framlag ríkissjóðs til ræktunar nytjaskóga er ekki einungis bundið við bújarðir, heldur getur það, ef skilyrðum kaflans er fullnægt, einnig nýst öðrum jörðum jafnframt því sem lagt er til að framlag hækki úr 80 í 90% stofnkostnaðar. Þá er í 2. mgr. 16. gr. gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði allan stofnkostnað fyrir utan kostnað við girðingar þegar margir landeigendur koma sér saman um að rækta skóg eftir samþykktri áætlun og því fylgir friðun á landi í stórum stíl. Þá er gert ráð fyrir að þeir sem styrks njóta endurgreiði Skógrækt ríkisins hluta af verðmæti afurða þegar þær falla til og skal það fjármagn, sem þannig fæst, renna í sérstakan endurnýjunarsjóð viðkomandi skóglendis sem Skógrækt ríkisins varðveitir. Þá er það enn fremur nýmæli í þessu frumvarpi að framlag ríkissjóðs til ræktunar nytjaskóga greiðist á hvern hektara lands hverju sinni, en í gildandi lögum er ekki gert ráð fyrir því fyrirkomulagi. Það atriði er til þess fallið að einfalda stórlega framkvæmd laganna. Að öðru leyti þarfnast einstakar greinar kaflans ekki skýringa.

VI. KAFLI

Um ræktun skjólbelta og skógarlunda.

Um efni þessa kafla eru ákvæði í lögum nr. 22 16. apríl 1966, um viðauka við lög nr. 3/1955, um skógrækt. Í þessum kafla er þó gert ráð fyrir talsverðum breytingum á stuðningi við skógrækt.

Auk stuðnings samkvæmt þessum kafla er að finna ákvæði um framlög til skjólbeltaræktunar í 10. gr. jarðræktarlaga nr. 56/1987 og reglugerð um jarðrækt, nr. 344/1985.

Um 23. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að Skógrækt ríkisins hafi með höndum styrkveitingar til einstaklinga og félagasamtaka til skógræktar og hafi til þess fé á fjárlögum. Það skilyrði er sett í greininni að viðkomandi styrkþegi njóti ekki styrks samkvæmt öðrum lögum.

Önnur málsgrein hefur að geyma fyrirmæli um hvaða framkvæmdir er heimilt að styrkja. Efni 2. mgr. er hliðstætt 6. gr. laga nr. 22/1966. Þó er gert ráð fyrir verulega hærri styrk til trjáplöntukaupa en samkvæmt núgildandi ákvæði.

Um 24. gr.

Hér er gert ráð fyrir því skilyrði fyrir styrkveitingu að land það, sem ætlað er til skógræktar, sé a.m.k. 3 ha að stærð og sé auk þess vel fallið til skógræktar að mati viðkomandi starfsmanns Skógræktar ríkisins og skógræktarstjóra.

Um 25. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

VII. KAFLI

Um sölu og skiptingu skógarjarða og skóglendis.

Um 26. gr.

Í þessari grein felst það nýmæli að bannað er að selja skógarjarðir án vitundar Skógræktar ríkisins. Eigandi skógarjarðar, sem hyggst selja jörð sína, verður því að bjóða Skógrækt ríkisins hana til kaups með þeim hætti er greinir í 32. gr. jarðalaga nr. 65/1976, sbr. lög nr. 90/1984, næst á eftir sveitarstjórn þess sveitarfélags þar sem eignin er, sbr. 30. gr. jarðalaga.

Um 27. gr.

Greinin er nýmæli og leggur bann við skiptingu skóglendis eða að það sé tekið undir mannvirki án leyfis ráðherra.

VIII. KAFLI

Um Skógræktarfélag Íslands.

Efni kaflans svarar til V. kafla laga nr. 3/1955, sbr. 4. gr. laga nr. 76 30. maí 1984.

IX. KAFLI

Um sektir, málsmeðferð o.fl.

Kaflinn skýrir sig sjálfur. Það nýmæli felst í 30. gr frumvarpsins að gert er ráð fyrir að ráðherra kveði nánar á um framkvæmd laganna með reglugerð.

Nd. 794. Frumvarp til laga [444. mál]

um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–1988.)

1. gr.

Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna atvinnuleysisbóta fastráðins fiskvinnslufólks skulu inntar af hendi til fiskvinnslufyrirtækja eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Vinnuveitandi, sem hefur skuldbundið sig til þess að greiða fastráðnu fiskvinnslufólki föst laun fyrir dagvinnu í samræmi við nánari ákvæði í reglugerð þótt hráefnisskortur valdi vinnslustöðvun, skal eiga rétt á greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem hér segir:

Fyrirtæki, sem starfrækir fiskvinnslu og fullnægir skilyrðum 2. mgr. þessarar greinar og þarf að stöðva framleiðslu tímabundið vegna þess að hráefni er ekki fyrir hendi til vinnslu, skal eiga rétt til greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði fyrir hvern heilan vinnudag umfram tvo sem fyrirtækið heldur starfsmönnum á launaskrá.

Greiðsla samkvæmt þessari grein skal nema fjárhæð hámarksdagpeninga skv. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 64/1981 fyrir hvern starfsmann í fullu starfi sem orðið hefur verkefnalaus vegna stöðvunarinnar meðan stöðvunin varir, þó ekki lengur en fjórar vikur í senn og aldrei lengur en í sex vikur á hverju almanaksári. Vegna starfsmanna í föstu hlutastarfi skal greiðslan vera í samræmi við samningsbundið starfshlutfall hlutaðeigandi starfsmanna.

2. gr.

Fyrirtæki, sem hyggst njóta greiðslu skv. 1. gr., skal með a.m.k. fimm sólarhringa fyrirvara tilkynna fyrirhugaða vinnslustöðvun og orsakir hennar til vinnumiðlunar á staðnum þar sem það á við en ella til oddvita eða sveitarstjóra sem annast atvinnuleysisskráningu, sbr. 6. gr. laga um vinnumiðlun, nr. 18/1985. Þessir aðilar meta hvort skilyrði greiðslu eru fyrir hendi og tilkynna fyrirtæki niðurstöðu sína.

Sé greiðsla samþykkt skal atvinnurekandi afhenda vinnumiðlun eða sveitarstjórn skrá um allt fastráðið fiskvinnslufólk sem stöðvunin tekur til þar sem tilgreint sé starfshlutfall hvers starfsmanns samkvæmt ráðningarsamningi. Eintak skrárinnar með árituðu samþykki sínu sendir vinnumiðlun eða sveitarstjórn Atvinnuleysistryggingasjóði eða hlutaðeigandi umboðsmanni Tryggingastofnunar ríkisins svo og úthlutunarnefnd eða nefndum atvinnuleysisbóta vegna þeirra stéttarfélaga sem málið varðar.

3. gr.

Þegar Atvinnuleysistryggingasjóður eða umboðsmaður hans hefur fengið í hendur launaskrá skv. 2. gr. og hefur ekkert við hana að athuga greiðist sú fjárhæð, sem viðurkennd er, til hlutaðeigandi fyrirtækis vikulega á meðan á vinnslustöðvun stendur, sbr. þó 4. mgr. 1. gr.

Skylt er fyrirtæki, sem nýtur greiðslna atvinnuleysisbóta samkvæmt ákvæðum þessara laga, að tilkynna vinnumiðlun þegar í stað ef breyting verður á fjölda fastráðinna starfsmanna sem misst hafa vinnu af völdum vinnslustöðvunar. Hafi fastráðinn starfsmaður hafið störf annars staðar meðan vinnslustöðvun varir og launagreiðslur fyrirtækisins falla niður fellur greiðsla niður frá sama tíma.

Vinnumiðlun skal hafa aðgang að launa- og framleiðslubókhaldi fyrirtækis, svo og að fastráðningarsamningum sem í gildi eru milli fyrirtækisins og starfsmanna þess, í því skyni að ganga úr skugga um réttmæti framlagðrar launaskrár. Sama rétt á Atvinnuleysistryggingasjóður eða umboðsmaður hans.

Ef ágreiningur rís um rétt til greiðslu sker stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs úr ágreiningnum.

4. gr.

Fyrirtækjum, sem nýta rétt sinn til greiðslu skv. 1. gr., er skylt að hlutast til um að starfsfræðslunámskeið fyrir fiskvinnslufólk verði fyrst og fremst haldin á þeim tíma sem vinnslustöðvun varir. Verði því með engu móti við komið á fyrirtæki rétt á greiðslu fyrir þær vinnustundir hvers starfsmanns sem tapast vegna setu á námskeiðum sem haldin eru að opinberri tilhlutan, þó ekki meira en 40 stundir vegna hvers einstaklings. Þegar svo stendur á fer um tilkynningu og ákvörðun greiðslu eftir ákvæðum 2. gr. eftir því sem við á. Auk þess

er þar greinir skal leggja fram staðfestingu þess aðila er stendur fyrir námskeiði um námskeiðshaldið, tíma og efni. Greiðslur þessar teljast hluti þeirra greiðslna sem um ræðir í 1. gr.

5. gr.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög með sama heiti nr. 55 23. apríl 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 20. janúar 1988 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd til þess að endurskoða lög nr. 55/1986, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks. Samkvæmt 6. gr. laganna falla þau úr gildi hinn 31. maí nk.

Nefndin er þannig skipuð: Ágúst H. Elíasson tæknifræðingur, Eyjólfur Jónsson framkvæmdastjóri, Jón Steindór Valdimarsson lögfræðingur, Óskar Hallgrímsson deildarstjóri, Ragna Bergmann, formaður Verkakvennafélagsins Framsóknar og Þórir Daníelsson framkvæmdastjóri. Formaður nefndarinnar er Eyjólfur Jónsson.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um efnahagsaðgerðir hinn 29. febrúar 1988 segir m.a.: „Ákvæði laga og reglugerðar um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fastráðins fiskvinnslufólks verði endurskoðuð í samráði við hlutaðeigandi samtök."

Nefndin hefur lokið störfum og orðið sammála um meðfylgjandi frumvarp til laga um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fastráðins fiskvinnslufólks.

Lagt er til að lögin verði óbreytt að öðru leyti en því að fellt verði niður ákvæði í 3. mgr. 1. gr. um að skilyrði fyrir greiðslu til fyrirtækis sé að það hafi minnst tíu fastráðna starfsmenn svo og að felld verði niður 5. mgr. 1. gr., um að greiðslur takmarkist við tímabilin 1. janúar til 31. maí og 1. september til 31. desember og verði réttur til greiðslu þannig jafn allt árið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er samhljóða eldri lögum að öðru leyti en því að hér er í 3. mgr. fellt niður það skilyrði að fyrirtæki þurfi að hafa minnst 10 fastráðna starfsmenn til þess að eiga rétt á greiðslu samkvæmt lögunum. Þetta er rökstutt með því að ekki er talinn leika vafi á rétti starfsmanna smærri fyrirtækja til þess að fá fastráðningarsamning og því sjálfsagt að þau eigi rétt á greiðslu.

Í gildandi lögum er í 5. mgr. 1. gr. kveðið svo á að endurgreiðsla takmarkist við tímabilin 1. janúar til 31. maí og 1. september til 31. desember. Lagt er til að þetta ákvæði falli niður, enda verður tilganginum með lögunum ekki náð til fulls með slíkri takmörkun.

Um 2. gr.

Greinin er óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 3. gr.

Greinin er óbreytt frá núgildandi lögum nema felld er niður í 1. mgr. tilvitnun í 5. mgr. 1. gr. sem fellur niður, sbr. það sem segir um 1. gr.

Um 4. gr.

Greinin er óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 5. gr.

Greinin er óbreytt frá núgildandi lögum nema niður fellur ákvæði sem gerir ráð fyrir sérstökum reglugerðarákvæðum vegna námskeiða fyrir starfsfólk í fyrirtækjum með færri en tíu fastráðna starfsmenn sem verður óþarft, sbr. 1. gr.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Ed. 795. Frumvarp til laga [445. mál]

um eiturefni og hættuleg efni.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

I. KAFLI

Upphafsákvæði.

Eiturefni og hættuleg efni.

1. gr.

Eiturefni eru samkvæmt lögum þessum efni sem skráð eru á lista yfir eiturefni, sbr. 2. gr., svo og sérhver efnasamsetning og varningur er hefur að geyma slík efni í því formi og magni að venjuleg notkun þeirra felur í sér hættu á eitrunum í mönnum og dýrum samkvæmt mati ráðherra að fenginni umsögn eiturefnanefndar.

Hættuleg efni eru samkvæmt lögum þessum efni sem skráð eru á lista yfir hættuleg efni, sbr. 2. gr., svo og sérhver efnasamsetning og varningur er hefur að geyma slík efni í því formi og magni að venjuleg notkun þeirra felur í sér hættu fyrir heilsu manna og dýra samkvæmt mati ráðherra að fenginni umsögn eiturefnanefndar.

Nota ber eiturefni og hættuleg efni með gát og varúð og þannig að hvorki hljótist af tjón á mönnum eða dýrum né matvæli eða umhverfi mengist af efnunum.

Eiturefnanefnd.

2. gr.

Ráðherra skipar sex menn í eiturefnanefnd til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara. Eru þeir skipaðir til sex ára í senn. Einn nefndarmanna skal vera eiturefnafræðingur (toxicolog). Annar skal vera lyfjafræðingur (candidatus pharmaciae). Þriðji skal vera efnafræðingur. Fjórði skal vera efnaverkfræðingur. Fimmti skal vera heilsufræðingur eða maður með heilsufræðilega þekkingu. Sjötti skal vera efna- eða verkfræðingur með sérþekkingu á notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði, garðyrkju og til útrýmingar meindýra og tilnefndur af landbúnaðarráðuneyti. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna. Falli atkvæði jöfn í nefndinni ræður atkvæði formanns.

Eiturefnanefnd gerir tillögur um röðun efna á lista yfir eiturefni og hættuleg efni í samræmi við skaðleg áhrif og notkunarsvið þeirra. Ráðherra staðfestir tillögur eiturefnanefndar með reglugerð.

Eiturefnanefnd skal veita stjórnvöldum, einstaklingum eða fyrirtækjum upplýsingar um meðferð eiturefna og hættulegra efna svo sem eftir er leitað og kostur er á. Nefndin skal enn fremur gera tillögur um viðbrögð við slysum af völdum eiturefna og hættulegra efna eða við vá af þeirra völdum vegna hernaðar eða náttúruhamfara.

Eiturefnanefnd er heimilt að leita aðstoðar ráðunauta við lausn sérhæfðra verkefna svo sem vegna mats á notagildi efna og efnasamsetninga, sbr. 2. mgr.

Kostnaður við störf eiturefnanefndar greiðist úr ríkissjóði.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfssvið og starfshætti eiturefnanefndar.

3. gr.

Ákvæði laga þessara taka ekki til eiturefna og hættulegra efna ef þau eru notuð samkvæmt ákvæðum:

1. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46 28. maí 1980,
2. lyfjalaga, nr. 108 14. nóvember 1984 (lyf og dýralyf).

II. KAFLI

Ákvæði varðandi eiturefni.

Framleiðsla eiturefna.

4. gr.

Eiturefni mega þeir einir framleiða er til þess hafa fengið leyfi ráðherra, enda mæli Vinnueftirlit ríkisins og eiturefnanefnd með veitingu slíkra leyfa.

Blöndun og þynning eiturefna og pökkun í söluhæf ílát og umbúðir, þar með talið umpökkun og umhelling svo og íburður í klæði, skoðast framleiðsla nema öðruvísi sé ákveðið, sbr. 2. mgr. 5. gr.

Viðtaka eiturefna.

5. gr.

Þeir einir, er hér greinir, mega veita viðtöku eiturefnum og kaupa eiturefni:

1. Framleiðendur eiturefna, sbr. 4. gr.
2. Forstöðumenn efnagerða, efnaverksmiðja eða annarra fyrirtækja er tilkynnt hafa Vinnueftirliti ríkisins að við rekstur eða framleiðslu fyrirtækjanna sé þörf tiltekinna eiturefna, enda hafi þeir eða tilteknir starfsmenn þeirra leyfi til þess að nota eiturefnin.
3. Lyfjaverslun ríkisins, aðrar lyfjagerðir og lyfjaheildverslanir svo og lyfjabúðir.
4. Verslanir er fengið hafa leyfi ráðherra til þess að selja tiltekin eiturefni önnur en talin eru í næsta tölulið.
5. Verslanir sem fengið hafa leyfi ráðherra til þess að selja eiturefni og hættuleg efni til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.
6. Sjúkrahús og viðurkenndar rannsóknastofur.
7. Kennarar í raungreinum við framhaldsskóla vegna nota við kennslu.
8. Einstaklingar 18 ára eða eldri er framvísa réttum aðilum sérstökum eiturbeiðnum, sbr. ákvæði 6. gr., eða öðrum gildum leyfum til kaupa á eiturefnum, sbr. 7. gr.

Fyrirtækjum, sem greind eru í 4. og 5. tölul. að framan og versla með eiturefni, er þó heimilt að fengnu samþykki Vinnueftirlits ríkisins að vega þau sundur, blanda eða þykkja og umpakka eða umhella í ný söluhæf ílát.

Sala og innflutningur eiturefna.

6. gr.

Þeir einir mega selja og flytja inn eiturefni er greinir í 1.–5. tölul. 1. mgr. 5. gr. Um fyrirtæki, sem talin eru í 1. og 2. tölul. 1. mgr. 5. gr., gildir þó að þau mega einungis selja eiturefni svo fremi að þau séu hluti af venjulegri framleiðslu þeirra.

Þau fyrirtæki, sem talin eru í 1. og 2. tölul. 1. mgr. 5. gr., mega selja önnur eiturefni en þau sem fyrirtækin framleiða ef þau hafa fengið til þess leyfi, sbr. 4. eða 5. tölul. 1. mgr. 5. gr.

Setja skal í reglugerð ákvæði um veitingu leyfa handa verslunum þeim er ræðir í 4. og 5. tölul. 1. mgr. 5. gr.

Kaup einstaklinga á eiturefnum.

7. gr.

Einstaklingar, sbr. 8. tölul. 1. mgr. 5. gr., mega kaupa eiturefni til eigin nota ef þeir framvísa seljendum eiturefna, sbr. 6. gr., sérstökum eiturbeiðnum eða öðrum gildum leyfum til kaupa á tilteknum eiturefnum.

Heilbrigðisfulltrúar sveitarfélaga gefa út eiturbeiðnir að fenginni umsögn eiturefnanefndar. Aðeins má láta úti einu sinni gegn sömu eiturbeiðni. Eiturbeiðnir gilda lengst í hálft ár frá útgáfudegi.

Nú nota iðnaðarmenn eða aðrir einstaklingar tiltekin eiturefni að staðaldri við störf sín eða í þágu þeirra fyrirtækja er þeir starfa við, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. Má þá veita leyfi til kaupa á umræddum efnum er gilda til eins til þriggja ára í senn.

Ráðherra setur að fengnum tillögum eiturefnanefndar reglugerð um útgáfu eiturbeiðna og annarra tilsvarandi leyfa, afgreiðslu þeirra og varðveislu, um kaup á eiturefnum til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, til sótthreinsunar og til varnar fúa.

Útlát eiturefna.

8. gr.

Eiturefni má aðeins selja eða afhenda þeim sem eru 18 ára eða eldri. Eigi má afhenda eiturefni ef ástæða er til þess að ætla að viðkomandi kynnu að fara sjálfum sér að voða eða gætu unnið öðrum tjón með efnunum sökum geðveiki, neyslu vímugjafa, vanþroska, vanstillingar, fákunnáttu o.s.frv.

Heimilt er að selja á frjálsum markaði tiltekin varning er inniheldur eiturefni. Fellur þá niður kvöð um útgáfu eiturbeiðna eða hliðstæðra leyfa, sbr. 7. gr., enda skal þá jafnframt gæta þeirra fyrirmæla um sölu og afhendingu varningsins er sett verða í reglugerð.

9. gr.

Eiturefni skal láta úti í sterkum og velluktum ílátum. Ílátin skulu vera þannig útlits eða svo greinilega auðkennd að ekki verði villst á þeim og ílátum sem notuð eru undir lyf, matvæli og fóðurvörur, fegrunar- eða snyrtiefni eða önnur óskaðleg efni. Á ílátunum skal geta innihalds og á ílátum og ystu umbúðum um eiturefni skulu vera eiturmerki svo og nauðsynleg varnaðarorð. Skulu eiturmerki þessi vera hliðstæð eiturmerkjum er tíðkast í nálægum löndum, svo sem kostur er, sbr. 21. gr.

Eiturmerki má ekki nota á ílát og umbúðir um önnur efni en eiturefni, sbr. 1. mgr. 1. gr., nema það sé sérstaklega heimilað í reglugerðum sem settar eru með stoð í þessum lögum.

Varðveisla eiturefna.

10. gr.

Fyrirtæki og einstaklingar, sbr. 5. og 6. gr., skulu hlíta ákvæðum laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum varðandi varðveislu eiturefna og ákvæðum laga um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum eftir því sem við á. Um Lyfjaverslun ríkisins, aðrar lyfjagerðir og lyfjaheildverslanir svo og lyfjabúðir gilda enn fremur ákvæði laga um lyfjadreifingu.

Í verslunum, er leyfi hafa til þess að selja tiltekin eiturefni eða eiturefni til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, skal hlíta fyrirmælum að þessu lútandi er sett verða í reglugerð.

Á sjúkrahúsum og viðurkenndum rannsóknastofum skal varðveita eiturefni í umbúðum seljenda eða í öðrum umbúðum jafntryggum. Ef lyfjabúr er á sjúkrahúsi skal forstöðumaður þess hafa eftirlit með varðveislu eiturefna í umsjá Lyfjaeftirlits ríkisins. Einstaklingar og kennarar skulu varðveita eiturefni í umbúðum framleiðenda (seljenda).

Eiturefni skal jafnan varðveita tryggilega og þannig að þau séu aðskilin frá matvælum og dýrafóðri einnig frá lyfjum, fegrunar- og snyrtiefnum og þannig að óviðkomandi nái ekki til þeirra.

III. KAFLI

Ákvæði varðandi hættuleg efni.

Útlát hættulegra efna.

11. gr.

Hættuleg efni skal láta úti og selja í sterkum og velluktum ílátum. Ílátin skulu vera þannig útlits eða svo greinilega auðkennd að ekki verði villst á þeim og ílátum sem notuð eru undir lyf, matvæli og aðrar neysluvörur, fóðurvörur, fegrunar- eða snyrtiefni eða önnur efni. Ílátin skulu vera greinilega merkt og getið innihalds. Á ílátunum skulu enn fremur vera varnaðarorð á íslensku, sbr. 20. gr., og skulu þau vera í samræmi við hliðstæð varnaðarorð sem tíðkast í nálægum löndum, svo sem kostur er.

Takmarka má að fengnum tillögum eiturefnanefndar sölu og útlát tiltekinna hættulegra efna við lyfjabúðir, lyfjaheildsölur eða aðra sölustaði, ef sérstakar aðstæður gilda um notkun efnanna.

Eiturefnanefnd getur sett reglur um stærð söluíláta eða magn tiltekinna hættulegra efna sem selja má í smásölu í matvöruverslunum eða öðrum almennum verslunum.

Varðveisla hættulegra efna.

12. gr.

Hættuleg efni skal varðveita í umbúðum seljenda eða öðrum umbúðum jafntryggum.

Hættuleg efni skal varðveita tryggilega og þannig að þau séu skilin frá matvælum, neysluvörum og dýrafóðri einnig frá lyfjum, fegrunar- og snyrtiefnum og þannig að óviðkomandi nái ekki til þeirra.

Hollustuvernd ríkisins setur að höfðu samráði við eiturefnanefnd og að fengnu áliti samtaka hlutaðeigandi seljenda reglur um varðveislu hættulegra efna í matvöruverslunum. Sams konar reglur má og setja um varðveislu hættulegra efna í öðrum almennum verslunum.

Lífræn leysiefni.

13. gr.

Heimilt er að fengnum tillögum eiturefnanefndar að kveða á um mat á eiturhrifum og notagildi varnings er hefur tiltekin lífræn leysiefni að geyma og talin eru á lista, sbr. 2. mgr. 1. gr. Skal þá hlíta nánari ákvæðum um sölu og notkun varningsins eða banni við notkun hans er sett verða í reglugerð, sbr. 18. gr.

Hættulegar lofttegundir.

14. gr.

Heimilt er að fengnum tillögum eiturefnanefndar að setja nánari ákvæði um sölu og notkun hættulegra lofttegunda er hafa ekki lækningalegt gildi. Sama á við um sölu og notkun lofttegunda er hafa lækningalegt gildi ef þær eru ætlaðar til annars en lækninga.

Hættuleg efni ætluð til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, til þess að varna fúa eða til sótthreinsunar.

15. gr.

Hlíta skal um sölu hættulegra efna sem skráð eru til þessara nota, útlát þeirra og notkun, fyrirmælum er sett verða í reglugerð, sbr. 16. gr.

IV. KAFLI

Sameiginleg ákvæði.

Ákvæði um skráningu eiturefna og hættulegra efna til sérstakra nota.

16. gr.

Eiturefni og hættuleg efni, hrein og blönduð, má því einungis selja eða flytja til landsins og nota sem plöntulyf, örgresisefni, stýriefni eða útrýmingarefni, þar með talin aflífunarefni, fúavarnarefni, sótthreinsiefni, að þau hafi verið skráð sem slík, annaðhvort með samheiti eða með sérheiti framleiðanda. Ákvæði þessi taka einnig til örvera eða hluta lífvera („Biological Products“) ef þau eru notuð í sama skyni. Ráðherra setur nánari ákvæði um framangreind atriði í reglugerð að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og eiturefnanefndar. Skal þar m.a. kveða nánar á um skráningu efnanna, notkun þeirra og bann við notkun þeirra.

Ákvæði um matvæli og aðrar neysluvörur og nauðsynjavörur, fóðurvörur og sáðvörur.

17. gr.

Eiturefni og hættuleg efni má ekki setja í eða blanda saman við matvæli og aðrar neysluvörur eða fóðurvörur, nema það sé sérstaklega heimilað í reglugerð samkvæmt lögum þessum, lögum um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum eða öðrum lögum. Eiturefni og hættuleg efni má ekki setja á sáðvöru nema efnið eða efnasamsetningin hafi verið skráð til slíkrar notkunar, sbr. 16. gr. Ef sáðkorn hefur verið meðhöndlað með slíkum efnum skal það auðkennt með litun.

Nú er talin hætta á að matvæli, aðrar neysluvörur og nauðsynjavörur eða fóðurvörur mengist við framleiðslu eða á annan hátt af tilteknum eiturefnum eða hættulegum efnum og þannig að mönnum og dýrum geti orðið að tjóni. Ráðherra getur þá í reglugerð að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og eiturefnanefndar kveðið nánar á um hið mesta magn slíkra efna er vera megi í hverri þyngdar- eða lagareiningu.

Nánari reglur um notkun og bann við notkun eiturefna og hættulegra efna.

18. gr.

Ráðherra setur að fengnum tillögum eiturefnanefndar nánari reglur um notkun og bann við notkun eiturefna og hættulegra efna hvort sem efnin eru notuð hrein, í blöndum eða á annan hátt í samsetningum.

Heimilt er enn fremur að binda sölu og notkun varnings, er hefur tiltekin lífræn leysiefni að geyma, mati á eiturhrifum og notagildi varningsins, sbr. 13. grein.

Nánari reglur um notkun og bann við notkun krabbameinsvaldandi efna og efnasamsetninga.

19. gr.

Eiturefnanefnd skal fylgjast með öllum nýjungum er lúta að rannsóknum á eiturefnum og hættulegum efnum sem ætlað er að gætu valdið krabbameini eða öðrum illkynja breytingum í frumum manna eða dýra. Skal nefndin að jafnaði gera tillögur um bann við notkun slíkra efna og efnasamsetninga, en að öðrum kosti gera tillögur að reglum um

notkun þeirra til þess að koma í veg fyrir mengun fæðu og fóðurs eða umhverfis af völdum þeirra.

Eiturefnanefnd gerir tillögur að sérstökum lista yfir efni sem talin eru geta valdið krabbameini eða öðrum illkynja frumubreytingum í mönnum og að fyrirmælum um notkun og bann við notkun efnanna er ráðherra staðfestir og gefur út.

Óheimilt er að flytja til landsins eða selja eiturefni eða hættuleg efni sem eru krabbameinsvaldandi í mönnum eða dýrum eða varning sem hefur slík efni að geyma, nema samkvæmt heimild í þessum lögum.

Nánari fyrirmæli um ílát o.fl.

20. gr.

Eiturefnanefnd og Hollustuvernd ríkisins gera tillögur um gerð íláta og umbúða, merkingu, eiturmerki og varnaðarorð eða varnaðarmerki varðandi flutning, varðveislu, útlát og sölu eiturefna og hættulegra efna. Skulu merkingar þessar, merki og varnaðarorð vera í samræmi við hliðstæðar merkingar, merki og varnaðarorð er tíðkast í nálægum löndum, svo sem kostur er. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli þessu að lútandi.

Ef óhjákvæmilegt er að leyfa notkun efna eða efnasamsetninga sem eru krabbameinsvaldandi í mönnum eða dýrum eða liggja undir grun um að vera það skal taka sérstakt tillit til þess við gerð varnaðarorða eða varnaðarmerkja og gerð íláta svo sem kostur er.

Flutningur.

21. gr.

Eiturefnanefnd og Hollustuvernd ríkisins gera tillögur um búnað og merkingar farartækja á landi, sem flytja eiturefni og hættuleg efni, til viðkomandi ráðuneyta.

Um flutning eiturefna og hættulegra efna með skipum, loftförum, svo og í pósti, fer samkvæmt lögum þeim og reglugerðum er við eiga og í gildi eru hverju sinni.

Förgun eiturefna og hættulegra efna. Notuð ílát.

22. gr.

Eiturefnum og hættulegum efnum, tómum flöskum og öðrum umbúðum, sem hafa haft slík efni að geyma, skal farga eða hreinsa þannig að mönnum og dýrum stafi ekki hætta af. Að öðrum kosti skal endursenda seljanda eða umboðsmanni hans viðkomandi efni, ílát og umbúðir, luktar og merktar á viðeigandi hátt.

Ráðherra setur að fengnum tillögum eiturefnanefndar Hollustuverndar ríkisins og Náttúruvendarráðs reglugerð um förgun eiturefna og hættulegra efna.

Framkvæmd og eftirlit.

23. gr.

Yfirstjórn mála, er varða eiturefni og hættuleg efni, er í höndum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Eiturefnanefnd gerir tillögur um framkvæmd laga þessara og hversu eftirliti með eiturefnum og hættulegum efnum skuli nánar háttað, sbr. 2. gr. og næstu málsgrein.

Eftirlit með framkvæmd ákvæða laga þessara annast eftirtaldir aðilar:

a. Hollustuvernd ríkisins.
b. Vinnueftirlit ríkisins.
c. Lyfjaeftirlit ríkisins.
d. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga.
e. Lögreglustjórar og embættislæknar, hver á sínum stað.
f. Aðrir er tilnefndir kunna að verða.

Um valdsvið og þvingunarúrræði eftirlitsaðila fer samkvæmt þeim lögum sem þeir starfa eftir.

Kostnað við framkvæmd og eftirlit skal greiða úr ríkissjóði, nema önnur lög mæli öðruvísi.

Fulltrúar framangreindra stofnana, eiturefnanefndar og embættismanna, svo og aðrir er tilnefndir kunna að verða, eiga rétt á að skoða verslanir, verksmiðjur og vinnustaði þar sem seld eru eða umpökkuð, framleidd, varðveitt eða notuð eiturefni og hættuleg efni eða framleiddur varningur sem hefur að geyma slík efni í því formi og magni að mönnum og dýrum getur stafað hætta af. Þeim er einnig heimilt að rjúfa umbúðir og taka úr þeim sýnishorn til nánari athugunar og rannsóknar. Eigandi sýnishornsins getur krafist kvittunar úr hendi þess er sýnishorn tekur. Á kvittun skal greina magn og tegund sýnishornsins. Handhafi kvittunarinnar á síðar gegn framvísun hennar rétt á endurgreiðslu úr hendi innflytjanda eða framleiðanda.

Aðilar þeir, er um ræðir í 3. mgr., geta krafist þess að framleiðandi eða innflytjandi gefi yfirlýsingu samkvæmt bestu vitund um innihald eiturefna og hættulegra efna í tilteknum varningi svo sem fegrunar- og snyrtiefnum, matvælum og fóðurvöru. Innflytjandi eða framleiðandi getur krafist þess að með hana sé farið sem trúnaðarmál.

Undanþágur og röðun á lista til bráðabirgða.

24. gr.

Ráðherra getur að fenginni umsögn eiturefnanefndar heimilað að undanþiggja megi eiturefni og hættuleg efni eða varning sem hefur slík efni að geyma að nokkru eða öllu leyti ákvæðum þessara laga. Undanþágur má þó einungis veita svo fremi að fullnægt sé skilyrðum sem sett kunna að verða hverju sinni eða greind eru í reglugerðum sem settar eru samkvæmt heimild í öðrum lögum.

Eiturefnanefnd er heimilt í samráði við Hollustuvernd ríkisins, ef skjótra aðgerða er þörf, að setja á lista tiltekin efni og efnasamsetningar og kveða á notkun eða bann við notkun þeirra í allt að því eitt ár. Skal ráðherra staðfesta ákvörðun þessa með reglugerð innan árs. Að öðrum kosti fellur ákvörðun eiturefnanefndar úr gildi.

Refsingar.

25. gr.

Um mál er kunna að rísa út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim fer að hætti opinberra mála.

26. gr.

Fyrir brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal refsa með sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Nú er brot ítrekað eða stórfellt og getur refsing þá orðið varðhald eða fangelsi allt að tveimur árum. Tilraun eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum eru refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Eiturefni og hættuleg efni, sem inn eru flutt ólöglega eða seld eða framleidd eru ólöglega innan lands, má gera upptæk með dómi og einnig ágóða af slíkri ólöglegri starfsemi. Andvirði hins upptæka rennur í ríkissjóð.

V. KAFLI

Önnur ákvæði.

Samstarfsnefnd.

27. gr.

Ráðherra skipar samstarfsnefnd þeirra aðila sem tilgreindir eru í stafliðum a–c í 3. mgr. 24. gr., auk fulltrúa eiturefnanefndar. Aðilar tilnefna hver einn fulltrúa í nefndina. Ráðherra skipar fimmta manninn í nefndina án tilnefningar. Er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

Verkefni nefndarinnar er að fjalla um verkaskiptingu milli eftirlitsaðila í takmarkatilfellum og samræmingu aðgerða. Formaður kallar saman fund í nefndinni þegar tilefni er til. Fulltrúar geta krafist að fundir verði haldnir í nefndinni ef tilefni er til að þeirra dómi.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfssvið og starfsemi nefndarinnar.

Ráðgjöf eiturefnanefndar.

28. gr.

Eiturefnanefnd skal eftir nánara samkomulagi veita lyfjanefnd eiturefnafræðilega ráðgjöf ef þörf gerist.

Ráðherra getur enn fremur vegna sérfræðiþekkingar nefndarmanna falið eiturefnanefnd önnur verkefni en tilgreind eru í lögum þessum og gerir nefndin tillögur um framkvæmd þeirra mála hverju sinni.

VI. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

29. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara má setja í reglugerð er ráðherra setur að fengnum tillögum eiturefnanefndar.

Gildistaka.

30. gr.

Með lögum þessum, sem taka gildi 1. júlí 1988, falla úr gildi lög um eiturefni og hættuleg efni, nr. 85 31. desember 1968, og lög um breytingar á þeim lögum nr. 27 18. apríl 1973, nr. 19 12. maí 1981 og nr. 96 17. maí 1984.

Ákvæði í reglugerðum, auglýsingum og öðrum stjórnvaldsreglum um málefni, sem lög þessi taka til og ekki fara í bága við ákvæði þeirra, skulu gilda áfram uns þau hafa verið numin úr gildi með stjórnvaldsreglum settum samkvæmt lögum þessum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 17. gr. skulu haldast uns sett hafa verið í lög fyllri ákvæði um notkun eiturefna og hættulegra efna í matvæli og mengun matvæla af völdum slíkra efna.

Gildandi skipun manna í eiturefnanefnd samkvæmt ákvæðum laga nr. 85/1968 skal haldast til ársloka 1988. Skipar ráðherra þá menn í nefndina til sex ára samkvæmt ákvæðum 2. gr. Skulu nefndarmenn í eiturefnanefnd, meðan nefndin starfar samkvæmt þessu ákvæði, taka sérstakt tillit til undirbúnings framkvæmdar þeirra nýmæla sem eru í þessum lögum og ekki voru í lögum nr. 85/1968, með áorðnum breytingum, svo að tryggja megi sem best samfellu í störfum nefndarinnar um ókomin ár.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi dagsettu 13. september 1984 skipaði þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Matthías Bjarnason, nefnd er var falið að endurskoða lög um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968, með síðari breytingum.

Nefndinni var ekki ætlað það hlutverk að gera tillögur um skipan þessara mála innan matvælasviðsins þar sem ráðuneytið hafði í huga að kveðið yrði sérstaklega á um þann þátt í sérlöggjöf um matvæli.

Nefndin var skipuð eftirtöldum aðilum:

Ingolf J. Petersen, deildarstjóri lyfjamáladeildar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, og var hann jafnframt formaður nefndarinnar, Ólafur Pétursson, forstöðumaður mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins og dr. med. Þorkell Jóhannesson prófessor, formaður eiturefnanefndar.

Nefndin varð sammála um að sérstaklega þyrfti að lagfæra lög um eiturefni og hættuleg efni vegna þeirra breytinga sem orðið hafa frá gildistöku þeirra 1968, t.d. með tilkomu Vinnueftirlits ríkisins, sbr. lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, Hollustuverndar ríkisins, sbr. lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 109 1984, og Lyfjaeftirlits ríkisins, sbr. lyfjalög nr. 108/1984. Enn fremur þyrfti að taka á þeim þáttum sem snerta landlæknisembættið, en landlæknir fór með umsjón þessa málaflokks þegar gildandi lög voru samþykkt árið 1968. Breyting varð á þessu með stofnun sérstaks heilbrigðismálaráðuneytis með lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands. Endurskoðunarnefndin er sammála um að æskilegt sé að eiturefnanefnd haldist sem mest óbreytt, en verði í vaxandi mæli ráðgefandi fyrir fyrrgreinda eftirlitsaðila og ráðuneytið.

Gildandi lög um eiturefni og hættuleg efni eru dæmigerð rammalög þar sem kveðið er á um framkvæmdina að verulegu leyti í reglugerðum. Ekki þykir ástæða að breyta þeim búningi laganna.

Endurskoðunarnefndin skilaði áliti í formi frumvarps til nýrra laga um áramótin 1986–1987. Ráðuneytið sendi drögin til umsagnar Vinnueftirlits ríkisins, Hollustuverndar ríkisins, Lyfjaeftirlits ríkisins og fleiri aðila er málið varðar. Að fenginni umsögn þessara aðila fóru starfsmenn ráðuneytisins ítarlega yfir lagafrumvarpið og athugasemdir, reyndu að samræma athugasemdir og færa þær inn í lagafrumvarpið eftir því sem ástæður þóttu til.

Frumvarp það, sem hér liggur frammi, er að langmestu leyti samhljóða tillögum endurskoðunarnefndarinnar. Að einu leyti hefur verið gerð veigamikil breyting frá tillögu nefndarinnar og snertir hún ákvæði 2. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til varðandi flokkun efna á lista yfir eiturefni og hættuleg efni að flokkunin fari eftir skaðlegum áhrifum og notkunarsviði efnanna, en ekki eftir fyrir fram gefnum flokkunarreglum. Er þetta gert fyrst og fremst með það fyrir augum að hægt verði að kveða á um flokkun og merkingu í einni og sömu reglugerðinni og á þann hátt farið inn á sömu braut og Efnahagsbandalag Evrópu og önnur ríki á Norðurlöndum hafa gert. Það er skoðun ráðuneytisins að verði lögunum ekki breytt hvað þennan þátt snertir sé ómögulegt að merkja og flokka þessar vörur þannig að gætt verði samræmis við reglur Efnahagsbandalagsins og Norðurlandanna. Samræmdar merkingar hljóta að teljast mikill kostur auk þess sem þær auðvelda allt eftirlit með innflutningi, framleiðslu og dreifingu eiturefna og hættulegra efna. Er reyndar löngu tímabært að hér á landi verði teknar upp hliðstæðar merkingar. Sem stendur er unnið að reglugerð hér að lútandi og væri æskilegt að í henni væri tekið mið af sömu reglum og nefndar eru hér að framan.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Vakin er athygli á að tölur og tákn í svigum vísa til samsvarandi greina í lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 85/1968, þannig að (N) þýðir ný grein og númer í svigum (19.) vísar til samsvarandi nefndra laga svo að dæmi séu tekin.

Um 1. gr. (1.)

Ekki þykir ástæða til að breyta flokkun efna í tvo höfuðflokka, þ.e. annars vegar í eiturefni og hins vegar í hættuleg efni. Meginforsenda þessarar flokkunar er sú að eiturefni (sbr. II. kafli) eru ekki í fjálsri sölu, en hættuleg efni (sbr. III. kafli) eru það hins vegar, nema annað sé sérstaklega ákveðið. Eiturefni eru skaðvænlegri en hættuleg efni og líklegri til þess að valda eitrunum. Eiturefni eru því yfirleitt ekki látin úti nema til þeirra sem hafa tilskilin leyfisskírteini og sala þeirra og innflutningur er háður sérstökum skilyrðum. Slík fyrirmæli gilda hins vegar yfirleitt ekki um hættuleg efni, enda ekki ástæða til nema í undantekningartilvikum og er sérstaklega tekið á þeim í frumvarpinu.

Um 2. gr. (2.)

Gert er ráð fyrir breyttri skipan eiturefnanefndar að hluta til þannig að hún verði skipuð sex mönnum í stað fjögurra eða fimm þegar fjallað er um notkun eiturefna í landbúnaði. Í gildandi lögum er tiltekið að einn nefndarmanna skuli vera efnafræðingur eða efnaverkfræðingur. Hér er farin sú leið að skipa tvo nefndarmenn með efnafræðilega þekkingu, hvorn með sína menntun og mismunandi verksvið, annars vegar fræðilegt, hins vegar tæknilegt. Hvort tveggja er talið að muni nýtast vel í störfum nefndarinnar. Fulltrúi landbúnaðarráðuneytisins hefur um árabil setið alla fundi nefndarinnar og hefur sérfræðiþekking hans komið að margháttuðum notum. Ráðuneytinu þykir eðlilegt að fulltrúi landbúnaðarráðuneytisins hafi sömu stöðu í nefndinni og aðrir nefndarmenn þótt málið snerti ekki landbúnað og garðyrkju, enda er krafist af honum sérfræðiþekkingar. Að öðru leyti er skipun eiturefnanefndar óbreytt.

Eins og fram kemur í athugasemdun hér að framan er gert ráð fyrir því að eiturefni og hættuleg efni verði flokkuð í samræmi við skaðleg áhrif og notkunarsvið þeirra og enn fremur að þessir listar skuli sem mest sambærilegir þeim listum sem gefnir hafa verið út í nágrannalöndunum. Hér er um að ræða veigamikla breytingu frá gildandi ákvæðum, en í þeim er gert ráð fyrir skráningu efnanna eftir notkun, þ.e. hvort ætlunin sé að nota þau til landbúnaðar eða garðyrkju, til útrýmingar meindýra, til þess að varna fúa, til sótthreinsunar o.s.frv. Ráðuneytið telur þetta kerfi úrelt og ekki samrýmast þeim sjónarmiðum sem fram hafa komið um samræmingu lista yfir eiturefni og hættuleg efni og merkingu þeirra, t.d. á Norðurlöndunum, en þegar liggja fyrir samþykktir norrænu ráðherranefndarinnar um að stefnt skuli að samræmingu.

Til nýmæla má einnig telja aukna upplýsingaskyldu og tillögur um viðbrögð við slysum af völdum eiturefna og hættulegra efna sem eiturefnanefnd skal gera telji ráðherra nauðsyn bera til.

Gert er ráð fyrir að eiturefnanefnd starfi meira sem ráðgefandi nefnd fyrir hina einstöku eftirlitsaðila og ráðuneytið, einnig að ýmiss konar skrifstofuvinna, sem farið hefur fram á vegum nefndarinnar, flytjist yfir til annarra aðila og þá sérstaklega til Hollustuverndar ríkisins. Samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er gert ráð fyrir stofnun sérstaks eiturefnaeftirlits á vegum Hollustuverndar ríkisins og mundi það að verulegu leyti taka við þessu hlutverki.

Um 3. gr. (3.)

Í greininni er kveðið á um gildissvið laganna og í hvaða tilvikum þau gilda ekki komi önnur lög til.

Um 4. gr. (4.)

Greinin er óbreytt.

Um 5. gr. (5.)

Þær breytingar eru gerðar á gildandi lögum að ákvæði greinarinnar ná aðeins til viðtöku og kaupa á eiturefnum, en aðrir þættir um sölu og innflutning hafa verið færðir í sérstaka grein, 6. gr. Þá hefur verið bætt við í upptalningu þeirra aðila, er mega kaupa og veita eiturefnum viðtöku, verslunum er hafa fengið leyfi ráðherra til að selja tiltekin eiturefni. Enn fremur er bætt inn í lögin ákvæði um að kennarar í raungreinum við framhaldsskóla megi veita viðtöku og kaupa eiturefni til að nota við kennslu. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að slíkar heimildir eru nauðsynlegar. Heimild lækna er leyfi hafa til lyfjasölu og héraðsdýralækna til sölu á eiturefnum er felld niður. Engin þörf er á þeirri heimild lengur.

Um 6. gr. (N)

Með þessari grein og næstu grein á undan er leitast við að draga skýrari mörk milli þeirra er selja eða flytja inn eiturefni og þeirra er veita þeim viðtöku. Þá er einnig í greininni ákvæði er taka af allan vafa um það hver eiturefni fyrirtæki, sem tilgreind eru í 1. og 2. tölul. 5. gr., mega selja. Samkvæmt greininni skal enn fremur setja í reglugerð ákvæði um veitingu leyfa handa verslunum er ræðir í 4. og 5. tölul. 5. gr.

Um 7. gr. (6.)

Greinin er að mestu óbreytt. Þó er lagt til að aðeins verði heimilt að láta úti eiturefni einu sinni gegn hverri eiturbeiðni. Lagt er til að heilbrigðisfulltrúar sveitarfélaganna gefi út eiturbeiðnir í stað lögreglustjóra, enda er þannig búið nú að heilbriðgiseftirliti að heilbrigðisfulltrúar þurfa sérstakt leyfi til starfa og liggur að baki því viðurkennd sérþekking. Leita skal umsagnar eiturefnanefndar áður en leyfi er gefið út og er þar um nýmæli að ræða. Slíka umsögn væri hægt að veita í síma, með símskeyti eða bréflega.

Ekki er tekin afstaða til þess hverjir skuli gefa út leyfisskírteini á tiltekin eiturefni, sbr. 3. mgr., en eðlilegast væri þó að útgáfa slíkra leyfa væri í höndum Vinnueftirlits ríkisins eða heilbrigðisfulltrúa sveitarfélaganna.

Um 8. gr. (7.)

Felld er brott í þessari grein sérstök heimild til undanþágu frá ákvæðum um eiturefni ef selja skal efnin á frjálsum markaði. Reynslan hefur sýnt að hennar er ekki þörf. Að þessu leyti eru ákvæði 2. mgr. 8. gr. fullnægjandi.

Um 9. gr. (8.)

Í þessari grein eru það nýmæli að íslensk eiturmerki skulu vera í samræmi við hliðstæð eiturmerki í nálægum löndum svo sem kostur er og vísast nánar um það til þess er greinir hér að framan. Að öðru leyti er greinin óbreytt.

Um 10. gr. (9.)

Ákvæði þessarar greinar eru nokkuð fyllri og ítarlegri en ákvæði sömu greinar í gildandi lögum. Efnismunur er nánast enginn.

Um 11. gr. (10.)

Við þessa grein hefur verið bætt heimildarákvæði til takmörkunar á sölustöðum hættulegra efna ef sérstakar ástæður gilda um notkun efnanna. Eru hér einkum höfð í huga ýmis efni sem m.a. eru notuð í efnabreyta (reagensa) og erfitt getur verið að vera án. Þá eru það og nýmæli að takmarka megi stærð söluíláta (magn í sölueiningu) er innihalda hættuleg efni og eru á boðstólum í almennum verslunum, t.d. vítissóda.

Um 12. gr. (11.)

Hér er sett inn heimild handa Hollustuvernd ríkisins til þess að setja reglur um varðveislu hættulegra efna í matvöruverslunum og öðrum verslunum að höfðu samráði við eiturefnanefnd. Er þetta gert til þess að tryggt megi vera að þau séu ekki höfð innan um matvæli og þess háttar vörur.

Um 13. gr. (N)

Hér er um nýja grein að ræða sem ætlað er að sporna við þeirri hættu er fylgir notkun lífrænna leysiefna. Efni þessi eru mikið notuð til þess að leysa ýmis efni og efnasambönd sem torleyst eru í vatni, svo sem í límí, málningu og lökkum, til eldsneytis, t.d. ýmsar blöndur lífrænna leysiefna og til að fjarlægja eða leysa fitu og fitukennd efni bæði í iðnaði og við margháttaða rannsóknarstarfsemi. Má þar m.a. nefna terpentínu, steinolíu, lampaolíu, acetón, metanól, tetraklóretýlen (perklóretýlen), tríklóretýlen og etýlacetat sem dæmi um lífræn leysiefni og blöndur þeirra. Notagildi lífrænna leysiefna er geysilega mikið en eiturhrif ýmissa þeirra eru að sama skapi ekki jafn vel rannsökuð. Er eiturefnanefnd falið að reyna að stýra notkun þeirra í skynsamlegt far þannig að hin hættuminni þessara efna séu fremur notuð en hin hættumeiri. Hér er einnig höfð í huga snefun unglinga (sniff). Nánari ákvæði um notkun varnings, er inniheldur þessi efni, skal setja í reglugerð.

Um 14. gr. (12.)

Greinin er óbreytt nema með seinni málsgreininni er ætlað að breikka svið hennar því að sumar lofttegundir eru ýmist notaðar til lækninga eða í öðrum tilgangi.

Um 15. gr. (N)

Greinin þarfnast ekki skýringa. Að öðru leyti er vísað til athugasemda við 16. gr.

Um 16. gr. (14.)

Grein þessi er óbreytt, sbr. lög nr. 19/1981, um breytingu á lögum um eiturefni og hættuleg efni, nema hvað nú er beinlínis gert ráð fyrir skráningarskyldu fúavarnarefna og sótthreinsiefna, auk efna sem notuð eru í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra. Þótt flokkunarreglum sé breytt, sbr. nánar 2. gr., þykir ástæða til að taka sérstaklega á þessum efnum sem notuð eru almennt miklu meira heldur en önnur eiturefni og hættuleg efni og er því notkun þeirra í flestum tilvikum varhugaverðari, enda er hún almennari.

Um 17. gr. (15.)

Þessi grein er lítið breytt. Eins og áður er getið var endurskoðunarnefndinni ekki ætlað að fjalla um skipan mála varðandi eiturefni og hættuleg efni innan matvælasviðsins. Það er hins vegar skoðun nefndarinnar, og tekur ráðuneytið undir hana að ástæða sé til þess að viðhalda gildandi ákvæðum uns fyllri lög um notkun eiturefna og hættulegra efna í matvælum eða mengun matvæla af völdum slíkra efna hafa verið sett, sbr. einnig ákvæði til bráðabirgða í frumvarpi þessu.

Um 18. gr. (16.)

Fyrri hluti greinarinnar er óbreyttur og þarfnast ekki skýringar. Síðari hlutinn er nýmæli er fjallar um takmörkun á sölu varnings er inniheldur lífræn leysiefni. Skal þar tekið mið af eiturhrifum og notagildi varningsins og er það í samræmi við reglur um flokkun eiturefna og hættulegra efna, sbr. nánar 2. gr.

Um 19. gr. (N)

Lagt er til að eiturefnanefnd verði falið að fylgjast með upplýsingum um rannsóknir er varða krabbamein eða illkynja frumubreytingar í mönnum og dýrum af völdum eiturefna og hættulegra efna. Nefndinni er jafnframt falið að gera tillögur um bann við notkun þessara efna eða tillögur að reglum um notkun með sérstöku tilliti til þeirra efna í þessum flokki sem mest eru notuð og erfitt er að komast af án. Þá er eiturefnanefnd enn fremur ætlað að gera tillögur að sérstökum lista yfir efni sem sannanlega eru krabbameinsvaldar í mönnum, svo og tillögur að notkun og um bann við notkun þeirra. Er hér um nýmæli að ræða.

Um 20. gr. (17.)

Fyrri málsgrein er nánast óbreytt og skýrir sig sjálf að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir því að Hollustuvernd ríkisins hafi sama hlutverki að gegna varðandi tillögu um gerð íláta, umbúða, merkingu eiturefna o.fl. og eiturefnanefnd. Hér er enn fremur eins og í 9. og 11. gr. kveðið á um að íslenskar merkingar, merki og varnaðarorð á ílát eiturefna og hættulegra efna skuli var í samræmi við hliðstæðar merkingar í nálægum löndum.

Síðari málsgreinin er nýmæli en þar er kveðið á um sérstök varnaðarorð eða varnaðarmerki á ílát undir krabbameinsvaldandi efni sem óhjákvæmilegt er að leyfa notkun á, sbr. nánar 19. gr.

Um 21. gr. (18.)

Greinin skýrir sig sjálf. Nýmæli er þó að bætt er við fyrirmælum um að merkja skuli farartæki er flytja eiturefni og hættuleg efni, en slíkur flutningur hefur færst mjög í vöxt á undanförnum árum og má þar m.a. nefna tankbíla garðúðunarmanna.

Um 22. gr. (19.)

Grein þessi er efnislega samhljóða 1. mgr. 19. gr. gildandi laga. Þó hefur verið felld niður síðari málsgrein greinarinnar sem fjallaði um förgun meiri háttar birgða eiturefna og hættulegra efna, en slík fyrirmæli eru nú í verkahring mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins.

Um 23. gr. (20.)

Það telst breyting á gildandi lögum að ekki er reiknað með eiturefnanefnd sem eftirlitsaðila. *Þess í stað er gert ráð fyrir því að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna komi inn sem* eftirlitsaðilar. Að öðru leyti er gert ráð fyrir þeim eftirlitsaðilum sem starfa að þessu eftirliti í dag eins og Hollustuvernd ríkisins, Vinnueftirliti ríkisins, Lyfjaeftirliti ríkisins, lögreglustjórum og embættislæknum, þ.e. héraðslæknum og heilsugæslulæknum.

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer samkvæmt lögum um einstaka eftirlitsaðila, sbr. nánari upptalningu í inngangi með athugasemdum hér að framan.

Um 24. gr. (21.)

Nýmæli þessarar greinar eru 2. mgr. hennar. Samkvæmt henni er eiturefnanefnd heimilað einhliða að höfðu samráði við Hollustuvernd ríkisins að flokka á lista og kveða á um notkun eða bann við notkun efna eða efnasamsetninga sem uppvís verða eða grunur leikur á að geti við venjulega notkun þeirra falið í sér óvænta hættu á eitrun eða hættu fyrir heilsu manna eða dýra. Gert er ráð fyrir því að ráðherra staðfesti ákvörðun eiturefnanefndar í reglugerð innan árs, annars falli hlutaðeigandi efni eða efnasamsetninga sjálfkrafa út af lista.

Um 25. gr. (22.)

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 26. gr. (23.)

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 27. gr. (20.)

Hér er lagt til að lögfest verði samstarfsnefnd eftirlitsaðila með framkvæmd ákvæða laganna. Hér er höfð til hliðsjónar skipan núverandi samstarfsnefndar sem starfar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 238/1986, um eftirlit með framkvæmd ákvæða laga um eiturefni og hættuleg efni, nr. 85/1968.

Um 28. gr. (N)

Í þessari grein er aðallega fjallað um ráðgjöf af hálfu eiturefnanefndar í þágu eftirlitsaðila. Vegna sérþekkingar manna í eiturefnum þykir m.a. sjálfsagt að kveða þá til við mat á aukefnum framvegis sem hingað til og nýta þekkingu nefndarmanna í þágu íslensku matvælarannsóknanefndarinnar, en tíðkast hefur til þessa að í þeirri nefnd sitji aðili sem jafnframt á sæti í eiturefnanefnd. Með því að í lyfjanefnd situr ekki maður með eiturfræðilega þekkingu eða reynslu af eiturefnafræðilegum málum þykir enn fremur rétt að halda þeim möguleikum opnum að sú nefnd geti leitað til eiturefnanefndar um úrlausn ef nauðsyn telst vera til.

Um 29. gr. (24.)

Greinin er óbreytt og þarfnast ekki skýringar.

Um 30. gr. (25.)

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Um 1. mgr. vísast til athugasemdar við 17. gr. Ákvæði 2. mgr. taka mið af því að skipan eiturefnanefndar haldist óbreytt til ársloka 1988 og að frá og með þeim tíma skuli nefndin endurskipuð til næstu sex ára. Þetta er gert þar sem töluverðan tíma tekur að endurskipa í nefndina, enda ekki hlaupið að því að fá til þá sérþekkingu sem krafist er lögum samkvæmt. Ætla má að um hálft ár líði frá gildistöku laganna þar til ný eiturefnanefnd getur tekið til starfa. Á meðan þarf núverandi nefnd að starfa áfram.

Nd. 796. Frumvarp til laga [446. mál]

um Listasafn Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

Listasafn Íslands er eign íslenska ríkisins. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þess. Stjórn þess er að öðru leyti í höndum forstöðumanns safnsins og safnráðs. Rekstrarkostnaður safnsins greiðist úr ríkissjóði og skal árlega í fjárlögum ætluð ákveðin fjárveiting til listaverkakaupa. Skal sú upphæð vera tiltæk til ráðstöfunar fyrir safnið í upphafi hvers fjárlagaárs.

2. gr.

Listasafn Íslands skal vera meginsafn íslenskrar myndlistar í landinu og miðstöð rannsókna, heimildasöfnunar og kynningar á íslenskri myndlist. Skulu helstu verkefni safnsins vera þessi:

a. að afla svo fullkomins safns íslenskrar myndlistar sem unnt er, skrá það, varðveita og sýna, innan lands og utan. Leitast skal við að afla verka sem endurspegla sem best nýja strauma og stefnur í íslenskri myndlist á hverjum tíma,
b. að rannsaka eftir föngum íslenska myndlist að fornu og nýju,

c. að afla viðurkenndra erlendra listaverka og má verja í því skyni tíu af hundraði af því fé sem safninu er fengið til listaverkakaupa. Heimilt er að hækka hundraðshluta þennan í allt að tuttugu af hundraði þegar sérstaklega stendur á og allir safnráðsmenn eru því sammála. Geyma má fé í þessu skyni frá ári til árs,
d. að annast fræðslustarfsemi um myndlist, innlenda og erlenda, m.a. með fyrirlestrum, kvikmyndasýningum, leiðsögn um safnið, útgáfu mynda, myndbanda, litskyggna og rita eða með öðrum þeim hætti er henta þykir og fé er veitt til í fjárlögum,
e. að afla heimilda um íslenska myndlist að fornu og nýju og kaupa til safnsins nauðsynlegan bókakost, aðgengilegan sérfræðingum og öðrum til fræði- og rannsóknastarfa. Skal í því skyni komið á fót við safnið sérfræðilegu bókasafni um myndlist samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð,
f. að efna til kynninga á verkum safnsins og starfsemi þess,
g. að veita innlendum söfnum faglega ráðgjöf eftir föngum,
h. að veita erlendum söfnum og öðrum opinberum aðilum upplýsingar um íslenska myndlist eftir því sem við verður komið.

3. gr.

Listasafnið skal opið á auglýstum tíma.

Safnið og starfsemi þess skal kynnt nemendum skóla í samráði við skólayfirvöld, ýmist í safninu sjálfu eða í skólunum, og einnig skal efnt til slíkrar fræðslu fyrir almenning í safninu og fjölmiðlum.

4. gr.

Menntamálaráðherra ræður forstöðumann safnsins til fimm ára í senn að fenginni umsögn safnráðs. Ráðinn skal maður með sérfræðilega menntun og staðgóða þekkingu á myndlist og rekstri listasafna. Starfið skal auglýsa samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Endurnýja má ráðningu forstöðumanns einu sinni til næstu fimm ára ef meiri hluti safnráðs mælir með endurráðningu.

Forstöðumaður er stjórnandi safnsins og mótar listræna stefnu þess í samráði við safnráð. Hann stjórnar daglegum rekstri, skipuleggur sýningar á verkum safnsins og sér um aðra venjulega starfsemi.

Laun forstöðumanns og annarra starfsmanna Listasafnsins skulu ákveðin með sama hætti og annarra ríkisstarfsmanna. Við ákvörðun launa starfsmanna safnsins skal miðað við að þau séu sambærileg við laun starfsmanna annarra ríkissafna. Þó skal taka tillit til tímabundinnar ráðningar forstöðumanns við ákvörðun launa hans.

5. gr.

Menntamálaráðherra ræður nauðsynlegt starfslið að fengnum tillögum forstöðumanns þegar fé er veitt í því skyni á fjárlögum.

6. gr.

Menntamálaráðherra skipar fimm menn í safnráð.

Forstöðumaður á sæti í safnráði samkvæmt stöðu sinni, en menntamálaráðherra skipar fjóra aðra menn í safnráð til þriggja ára í senn: tvo samkvæmt tilnefningu fulltrúaráðs Sambands íslenskra myndlistarmanna og einn úr hópi fastráðinna starfsmanna safnsins. Formann ráðsins skipar ráðherra og skal hann hafa til að bera sérfræðilega þekkingu á höfundarétti og góða almenna þekkingu á myndlist. Safnráðsmenn skipaða samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra myndlistarmanna má aðeins endurskipa einu sinni.

Ráðherra skipar varamenn með hliðstæðum hætti.

Laun ráðsmanna greiðast úr ríkissjóði.

7. gr.

Hlutverk safnráðs er að hafa umsjón og eftirlit með starfsemi safnsins og annast önnur þau verkefni sem því eru falin sérstaklega í lögum þessum. Leita skal tillagna ráðsins um allar meiri háttar ákvarðanir er safnið varðar.

8. gr.

Sérstök innkaupanefnd annast kaup listaverka til safnsins. Forstöðumaður getur þó einn tekið ákvörðun um kaup erlendra listaverka þegar samráði við aðra nefndarmenn verður ekki við komið. Þá getur forstöðumaður ráðstafað allt að 20% af ráðstöfunarfé til kaupa innlendra verka án afskipta nefndarinnar. Innkaupanefnd skal skipuð þremur mönnum, forstöðumanni safnsins og tveimur fulltrúum listamanna í safnráði. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum mála í innkaupanefnd. Verði ágreiningur um kaup listaverks milli forstöðumanns og annarra nefndarmanna skal skjóta málinu til safnráðs til endanlegrar ákvörðunar. Laun innkaupanefndarmanna greiðast úr ríkissjóði.

9. gr.

Við val listaverka til safnsins ber að fara eftir listrænu gildi þeirra og hafa í huga hvað safnið á eftir sama höfund.

10. gr.

Heimilt er að selja myndir úr eigu safnsins í því skyni að kaupa annað verk eftir sama listamann er æskilegra þykir fyrir safnið. Sala er þó því aðeins heimil að meiri hluti safnsráðs og höfundur, sé hann á lífi, séu um það sammála.

11. gr.

Safnráð fjallar um gjafir sem safninu eru boðnar og metur hvort þær skuli þegnar. Þótt safnið veiti listaverki viðtöku sem gjöf má það eigi takast á hendur skuldbindingar um aðra meðferð þess en annarra listaverka safnsins. Þó má safnið aldrei selja eða á annan hátt láta af hendi listaverk er það hefur þegið að gjöf. Gjöf skal fylgja gjafabréf. Gjafir og fjárframlög til safnsins eru frádráttarbær til skatts, sbr. ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með áorðnum breytingum.

12. gr.

Óheimilt er að lána listaverk safnsins nema á listsýningar, enda sé gætt réttar höfunda samkvæmt ákvæðum höfundalaga um slíkar sýningar. Höfundur á alltaf rétt til að fá verk sín lánuð á eigin sýningar.

Heimilt skal þó að setja á stofn sérstaka útlánadeild við safnið er sjái um útlán listaverka sem sérstaklega verði keypt eða gefin safninu í því skyni.

13. gr.

Safnið fær þann rétt, sem á hverjum tíma fylgir listaverki samkvæmt íslenskum höfundalögum, við venjulegt, óskilorðsbundið afsal þess, þó með þeirri takmörkun um sölu eða aðra afhendingu sem leiðir af ákvæðum 10. og 11. gr. Safnið hefur rétt til opinberra sýninga á listaverkum á vegum safnsins, en um lán verka á aðrar listsýningar gilda ákvæði 12. gr. Enn fremur hefur safnið rétt til eftirmyndunar eða annarrar eftirgerðar fyrir það sjálft. Til annarrar eftirgerðar eða útgáfu þarf samþykki höfundar. Höfundur á kröfu til þess að safnið heimili honum aðgang að verki hans til fjölföldunar og útgáfu en safnið á jafnan forgangsrétt til útgáfu þess að öðru jöfnu.

14. gr.

Menntamálaráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Í þeim reglum má m.a. kveða nánar á um starfshætti safnsins, svo sem deildaskiptingu og önnur atriði varðandi starfsemi þess.

15. gr.

Heimilt er að stofna styrktarfélag við Listasafn Íslands og skal aflafé sett í sérstakan sjóð og einkum varið til að kaupa eldri íslensk listaverk til safnsins. Fé þetta skal ekki dragast frá almennri fjárveitingu til safnsins.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi lög nr. 15/1969 og önnur lög er kunna að brjóta í bág við þessi lög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um Listasafn Íslands gilda nú lög nr. 15 1. apríl 1969 en reynslan hefur sýnt að þörf er á að sníða af þeim ýmsa vankanta og færa þau til nútímahorfs, m.a. að því er varðar stjórn safnsins, tilnefningu í safnráð, ráðningartíma forstöðumanns, meðferð höfundaréttar á myndum sem safnið á og ýmis fleiri atriði.

Frumvarpið í endanlegri gerð sinni, sem það nú er lagt fram í, er að tilhlutan menntamálaráðherra, Birgis Ísleifs Gunnarssonar, samið af Knúti Hallssyni ráðuneytisstjóra, Sigurði Reyni Péturssyni hæstaréttarlögmanni og Beru Nordal, forstöðumanni Listasafnsins. Áður hafði fjallað um málið sérstök nefnd skipuð af fyrrverandi menntamálaráðherra, Ingvari Gíslasyni, en í henni áttu sæti Sigurður Reynir Pétursson hæstaréttarlögmaður, formaður, Dr. Selma heitin Jónsdóttir, Sigrún Guðjónsdóttir myndlistarkona, Jón Gunnar Árnason myndhöggvari og Jóhannes Jóhannesson listmálari. Sú nefnd hélt fjölmarga fundi og safnaði margvíslegum gögnum m.a. erlendis frá.

Í nefndinni náðist samstaða um tillögur til margvíslegra breytinga á gildandi löggjöf, en ágreiningur var um nokkur atriði.

Breytingar á gildandi lögum, sem felast í frumvarpi þessu, eru þessar helstar:

1. Lagt er til að löngu úrelt, flókið og óþjált kosningafyrirkomulag varðandi kosningu fulltrúa listamanna í safnráð verði lagt niður en í stað þess tekin upp bein tilnefning tveggja fulltrúa Sambands íslenskra myndlistarmanna í ráðið.
2. Ótímabundin ráðning forstöðumanns safnsins er lögð niður en tekin upp tímabundin ráðning hans á svipaðan hátt og gildir um ráðningu þjóðleikhússtjóra. Er þá gert ráð fyrir að forstöðumaður verði ráðinn til fimm ára en endurráða megi hann einu sinni til jafnlangs tíma.
3. Sérstök innkaupanefnd skipuð þremur mönnum úr safnráði annist um kaup á listaverkum til safnsins en forstöðumaður verði einn þeirra. Jafnframt hefur hann að vissu marki sjálfræði um slík kaup. Ákvörðun um val listaverka er nú í höndum safnráðs.
4. Æðsta stjórn safnsins verði eftir sem áður í höndum menntamálaráðuneytisins en stjórn þess verði að öðru leyti í höndum forstöðumanns og safnráðs.
5. Ákvæði laganna varðandi höfundarétt verði færð til nútímahorfs.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir að safnið verði eftir sem áður eign íslenska ríkisins og undir æðstu yfirstjórn menntamálaráðuneytisins. Stjórn safnsins verði að öðru leyti í höndum forstöðumanns og safnráðs.

Um 2. gr.

Rétt er að skýrt komi fram að Listasafn Íslands sé meginsafn og miðstöð íslenskrar myndlistar og rannsókna í myndlistarefnum, þ.e. að safnið sé þjóðlistasafn með hliðstæðum hætti og Landsbókasafn er þjóðbókasafn.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Hér er sú breyting frá gildandi lögum að ráðning forstöðumanns er tímabundin við skemmst fimm og mest tíu ár. Er þessu ákvæði m.a. ætlað að stuðla að frekari fjölbreytni og endurnýjun í starfsháttum og stefnumótun safnsins. Ótímabundin ráðning forstöðumanna stofnana af þessu tagi gæti verið til þess fallin að skapa stöðnun og fullmikinn ósveigjanleika.

Mjög mikilvægt er að við ákvörðun launa forstöðumanna meiri háttar ríkisstofnana sé tekið fyllsta tillit til þess ef um tímabundna ráðningu er að ræða eða forstöðumanni séð fyrir eins sambærilegu starfi og kostur er að ráðningartíma loknum eða með öðrum hætti verði reynt að koma til móts við það óhagræði sem skammtímaráðning kann að skapa fyrir starfsmanninn.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Grein þessi fjallar um skipan í safnráð. Sú grundvallarbreyting er gerð að óhæf eldri skipan um kosningar til safnráðs er afnumin, en í stað þess tekin upp bein tilnefning tveggja fulltrúa Sambands íslenskra myndlistarmanna í ráðið. Forstöðumaður verður áfram samkvæmt stöðu sinni í safnráði, en formaður ráðsins skal skipaður sérstaklega af ráðherra. Samkvæmt núgildandi lögum gegnir forstöðumaður jafnframt formennsku safnráðs. Verður að telja óeðlilegt og óviðeigandi að sami maður sé bæði forstöðumaður safnsins og formaður safnráðs og þannig yfirmaður sjálfs sín, en langalgengast er að forstöðumenn stofnana hafi einungis rétt til fundarsetu án atkvæðisréttar í stjórnarnefnd stofnunarinnar. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra skipi í ráðið einn úr hópi fastráðinna starfsmanna og gengið út frá því að forstöðumaður sé hafður með í ráðum við val hans, en um þetta mætti reyndar setja nánari ákvæði í reglugerð.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að við val listaverka sé hafður á svipaður háttur og víða tíðkast í nágrannalöndum okkar, t.d. Noregi, að sérstök innkaupanefnd annist valið. Þó er gert ráð fyrir að vald forstöðumanns sé mikið í þeim efnum, þannig ræður hann kaupum erlendra listaverka og hefur heimild til að ráðstafa allt að 20% af ráðstöfunarfé til kaupa á innlendum verkum án afskipta nefndarinnar. Þá hefur hann neitunarvald varðandi kaup og sker þá safnráð úr hvort kaupa skuli.

Um 9. og 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Ákvæði um að gjafir til Listasafnsins séu frádráttarbærar til skatts samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981, með áorðnum breytingum, er sett til að taka af allan vafa í þessu efni.

Um 12. gr.

Hér er tekin upp sú meginregla að ekki megi lána listaverk safnsins. Þó er heimilt að lána verk á listsýningar, enda sé gætt réttar höfunda samkvæmt ákvæðum höfundalaga um slíkar sýningar. Um það eru nú ákvæði í 25. gr. höfundalaga, nr. 73/1972.

Það er nýmæli að gert er ráð fyrir að sérstakri útlánadeild er jafnframt kynni að geta annast farandsýningar. Hér er um eldri hugmynd að ræða sem vakin er aftur til lífsins, m.a. með tilliti til þess að Kjarvalshús á Seltjarnarnesi mun væntanlega verða rýmt á næstunni, en eigendur þess og umráðamenn eru safnið og menntamálaráðuneytið.

Um 13. gr.

Grein þessi, sem fjallar um réttarsambönd höfunda og safnsins að því er varðar listaverk í eigu þess, er að mestu leyti óbreytt frá gildandi lögum en einstaka atriði fært til nútímahorfs. Safnið hefur skýlausan rétt til sýninga í safninu án sérstakra heimilda frá höfundum hverju sinni og án gjalds fyrir sýningarrétt. Um aðrar sýningar gilda almenn ákvæði höfundalaga. Safnið hefur rétt til eftirgerðar verka fyrir það sjálft, en til annarra eftirgerða þarf samþykki höfunda og er þar um nýmæli að ræða miðað við núgildandi lög um safnið. Enn fremur er það nýmæli að höfundar hafi rétt til aðgangs að verkum sínum til fjölföldunar og útgáfu. Í síðustu málsgrein er kveðið á um að safnið hafi forgangsrétt til útgáfu og geti þá gengið inn í útgáfusamning höfundar við aðra útgefendur með sömu skilmálum.

Um 13.–16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 797. Frumvarp til laga [447. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Halldór Blöndal, Egill Jónsson, Guðmundur H. Garðarsson, Eyjólfur Konráð Jónsson.

1. gr.

Við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður er verði 4. tölul. og hljóði svo:

4. Skyldusparnað manna á aldrinum 16–25 ára sem þeim er skylt að spara samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins.

2. gr.

Við 1. mgr. 67. gr. bætist nýr töluliður er verði 4. tölul. og hljóði svo:

4. Frá reiknaðri fjárhæð skv. 1. tölul. dregst, auk persónuafsláttar skv. 2. tölul. og sjómannaafsláttar skv. B-lið 68. gr., sérstakur skattafsláttur vegna húsnæðissparnaðarreiknings samkvæmt lögum um húsnæðissparnaðarreikninga.

3. gr.

Við 68. gr. bætist nýr stafliður, C-liður, er orðist svo:

Þeir menn, sem lagt hafa fé á bundna húsnæðissparnaðarreikninga og uppfylla öll skilyrði laga um þá, skulu eiga rétt á sérstökum skattafslætti vegna þess sparnaðar. Skattafsláttur þessi skal nema 25% af því fé sem menn leggja inn á húsnæðissparnaðarreikning sinn á tekjuárinu allt að því hámarki sem ákveðið er í lögum um húsnæðissparnaðarreikninga.

Afsláttur vegna húsnæðissparnaðarreikninga reiknast einungis við álagningu tekjuskatts en ekki í staðgreiðslu.

Ákvæði 7. tölul. 28. gr. eiga við um skattafslátt samkvæmt þessum staflið.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1989 vegna tekna á árinu 1988 og eigna í lok þess árs.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um breytingar á lögum um húsnæðissparnaðarreikninga og felur í sér nauðsynlegar breytingar í samræmi við lög um staðgreiðslukerfi skatta.

Ed. 798. Frumvarp til laga [448. mál]

um breytingu á lögum nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

Aftan við 81. gr. laganna bætast svohljóðandi málsgreinar:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur ráðherra heimilað eftir tillögu viðkomandi byggingarflokks og að fenginni umsögn stjórnar byggingarsamvinnufélags að byggingarflokkur sem heild segi sig úr félaginu. Slík úrsögn úr byggingarsamvinnufélagi getur þó aldrei átt sér stað fyrr en fimm árum eftir að byggingarsamvinnufélagið hefur lokið framkvæmdum enda hafi uppgjör byggingarflokksins farið fram og allir byggjendur hans séu skuldlausir við félagið.

Enda þótt heimild skv. 3. mgr. verði veitt geta einstakir íbúðareigendur eftir sem áður verið félagar í byggingarsamvinnufélaginu enda komi fram sérstök viljayfirlýsing þeirra þar að lútandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að einstaka byggingarflokkum verði heimilað að segja sig úr byggingarsamvinnufélagi.

Gildandi lagaákvæði um byggingarsamvinnufélög taka mið af þeim tímum þegar byggingarsamvinnufélög áttu kost á að gefa út skuldabréf með ríkisábyrgð. Eðlilegt var meðan sá háttur var hafður á að byggjendum væri óheimilt að segja skilið við byggingarsamvinnufélagið, a.m.k. ekki fyrr en full skil höfðu verið gerð á slíkum skuldum.

Nú á fjármögnun húsnæðis á vegum byggingarsamvinnufélaga sér stað með allt öðrum hætti en áður þannig að segja má að láðst hafi að færa lögin til nútímahorfs því til samræmis.

Þegar íbúðareigandi, sem byggt hefur íbúð á vegum byggingarsamvinnufélags, hefur staðið skil á öllum sínum fjárhagslegu skuldbindingum gagnvart félaginu má segja að sameiginlegir hagsmunir séu ekki lengur til staðar nema sá hinn sami hugsi sér að byggja aftur á vegum félagsins eða hann vilji af öðrum ástæðum vera áfram félagsmaður. Það virðist því ekki þjóna neinum tilgangi að halda í lagafyrirmæli sem þvinga fólk til veru í félagsskap sem hefur ekki lengur raunhæft gildi fyrir það en hefur í för með sér vafstur og fyrirhöfn við eigendaskipti á viðkomandi íbúðum.

Rétt þykir að nokkur tími líði frá því að byggingarhlutverki félagsins er lokið og þar til byggingarflokkurinn geti sem heild sagt sig úr félaginu til þess m.a. að íbúðaeigendur (byggjendur) geti sem best gert sér grein fyrir stöðu sinni gagnvart félaginu.

Ekki þykir rétt að svo komnu máli að gefa þetta alveg frjálst heldur leggja það í vald ráðherra að meta í hverju tilviki hvort ástæða sé til að heimila byggingarflokki að segja sig úr byggingarsamvinnufélagi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að sett verði heimildarákvæði þess efnis að byggingarflokkur innan byggingarsamvinnufélags geti í heild sinni sagt sig úr félaginu enda teljist tengsl íbúðareigenda innan byggingarflokksins við félagið orðin lítil. Það á við þegar eftirfarandi aðstæður eru fyrir hendi:

— byggingarsamvinnufélagið hefur lokið öllum byggingarframkvæmdum og engar framkvæmdir verið á vegum félagsins sl. fimm ár,
— lokauppgjör byggingarflokksins við félagið hefur farið fram,
— allir íbúðareigendur eru skuldlausir við félagið.

Þegar framangreindar aðstæður eru fyrir hendi má ljóst vera að tengsl íbúðareigenda við félagið eru orðin lítil sem engin og því þykir rétt að opna þann möguleika að þeir íbúðareigendur, sem óska þess að losna úr tengslum við félagið, eigi kost á því. Þeim sem hins vegar kjósa að vera áfram félagsmenn í byggingarsamvinnufélagi er það heimilt, enda láti þeir í ljós vilja sinn um það með sérstakri yfirlýsingu.

Lagt er til að beiðni um úrsögn byggingarflokks úr félaginu verði lögð fyrir félagsmálaráðherra sem metur hverju sinni hvort við henni verði orðið.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Ed. 799. Frumvarp til laga [449. mál]

um heimild fyrir Reykjavíkurborg til þess að taka eignarnámi hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda í Kópavogskaupstað.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

Borgarstjórn Reykjavíkur fyrir hönd borgarsjóðs skal heimilt að taka eignarnámi spildu af landi jarðarinnar Vatnsenda í Kópavogskaupstað til almenningsþarfa. Landið afmarkast að norðvestan af landi Reykjavíkurborgar, að norðan af landi Kópavogskaupstaðar (Samúelslandi), þá af landi Reykjavíkurborgar, þ.e. fornum farvegi árinnar Bugðu, þá af miðlínu árinnar Bugðu sem einnig afmarkar landið að austan. Að sunnan afmarkast landið af mörkum lands sem Rafmagnsveita Reykjavíkur á neðan Elliðavatnsstíflu, þá af miðlínu árinnar Dimmu og síðan af línu sem dregin er 60 metra sunnan miðlínu væntanlegs Arnarnesvegar. Vatnsveita Reykjavíkur á mjóa landspildu sem skiptir hinni umræddu spildu í tvo hluta. Landspildurnar tvær, sem eignarnámsheimild þessi tekur til, eru 46,3 ha að stærð samkvæmt mælingu mælingadeildar borgarverkfræðingsins í Reykjavík.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Framangreind eignarnámsheimild er nauðsynleg til þess að til framkvæmda geti komið samningur borgarsjóðs Reykjavíkur og Magnúsar Hjaltested, bónda að Vatnsenda, en á sölu lands úr jörðinni Vatnsenda eru kvaðir sem koma í veg fyrir sölu, nema eignarnámsheimild liggi fyrir. Í arfleiðsluskrá Magnúsar Hjaltested, dags. 29. október 1940, stendur m.a. þetta: „Allar eignir mínar — fastar og lausar — skulu ganga að erfðum til Sigurðar Kristjáns Lárussonar Hjaltested, með þeim nánari takmörkunum og skilyrðum er nú skal greina. Það má ekki selja fasteign þá er ég nú á — Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi — er hann fær að erfðum með þessari arfleiðsluskrá ...“ Núverandi eigandi jarðarinnar er bundinn af þessu ákvæði og getur því ekki selt jörðina Vatnsenda eða hluta lands úr henni með frjálsum samningum. Af þessum sökum ber nauðsyn til að afla eignarnámsheimildar með sérstökum lögum, þar sem um fasteign í öðru sveitarfélagi er að ræða.

Samningur um kaup landsins milli Reykjavíkurborgar og Magnúsar Hjaltested var undirritaður með fyrirvara um veitingu eignarnámsheimildar 7. október sl. Hinn 24. nóvember sl. var svo undirritaður samningur milli Reykjavíkurborgar og Kópavogskaupstaðar, þar sem sveitarfélögin semja um ný lögsögumörk sín á milli og hafa makaskipti á landspildum þar á meðal landspildum, sem Reykjavíkurborg fær úr Vatnsenda.

Í 7. gr. samningsins milli Reykjavíkurborgar og Magnúsar Hjaltested skuldbindur Magnús sig til þess að mæla með því við Alþingi að eignarnámsheimild verði veitt Reykjavíkurborg vegna landspildunnar og í 8. gr. samningsins milli Reykjavíkurborgar og Kópavogskaupstaðar segir að aðilar samningsins muni sameiginlega standa að beiðni til Alþingis um að samþykkja sérstaka eignarnámsheimild vegna kaupa á Vatnsendalandi samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og Magnúsar Hjaltested.

Samningarnir eru báðir prentaðir sem fylgiskjöl með athugasemdum þessum.

Fylgiskjal I.

KAUPSAMNINGUR

Borgarsjóður Reykjavíkur, nnr. 7307-1127, í samningi þessum nefndur kaupandi og Magnús Hjaltested bóndi að Vatnsenda, Kópavogi nnr. 6263-8222, í samningi þessum nefndur seljandi gera með sér svohljóðandi

samning:

1. gr.

Kaupandi hefur ákveðið að sækja um og neyta eignarnámsheimildar að landspildu úr Vatnsendalandi, en nauðsyn ber til að kaupa landið til almannaþarfa. Með samningi þessum festir kaupandi kaup á spildunni, en hún er merkt á meðfylgjandi korti og afmarkast af landi borgarsjóðs að norðvestan, landi Kópavogsbæjar (Samúelslandi) að norðan, að sunnan fyrst af línu, sem dregin er 60 metra sunnan miðlínu væntanlegs Arnarnesvegar, síðan af miðlínu Dimmu og seinast af mörkum lands sem Rafmagnsveita Reykjavíkur á neðan Elliðavatnsstíflu. Vatnsveita Reykjavíkur á mjóa landsspildu innan reitsins. Talið hefur verið að framangreint land sé um það bil 41 ha að stærð, en aðilar sætta sig við að þar geti einhverju munað við endanlega mælingu, þó eigi meiru en 10%. Aðilar eru sammála um að mælingadeild Reykjavíkurborgar framkvæmi útreikninga á endanlegri stærð landsins.

2. gr.

Vegarstæði Arnarnesvegar liggur að hluta á framangreindu landi og skuldbindur kaupandi sig til þess að hlutast til um að veghaldari setji upp girðingu meðfram veginum á mörkum Vatnsendalands og lands Reykjavíkurborgar og haldi girðingunni við. Jafnframt skuldbindur kaupandi sig til þess að setja upp pípuhlið á mörkum Reykjavíkur og Vatnsendalands við brú neðan Elliðavatnsstíflu. Reykjavíkurborg yfirtekur þá leigusamninga sem seljandi hefur gert um landspildur úr hinu selda landi.

3. gr.

Með kaupum þessum er lokið deilu aðila um landamerki við Grænugróf, en allt það land er tilheyrir jörðinni neðan Arnarnesvegar fylgir með í kaupunum, sbr. 1. gr.

4. gr.

Með samningi þessum eru felld niður öll málaferli og kröfugerð milli aðila vegna lagningar vatnsæðar Vatnsveitu Reykjavíkur milli Reykjavíkur og Kópavogs um land Vatnsenda og kröfugerð Vatnsendabónda vegna missis leigutekna af landi undir hesthúsabyggð, er fjarlægð var af því landi, er borgarsjóður nú kaupir. Sömuleiðis eru felldar niður allar þær kröfur aðrar vegna lands og landsréttinda Vatnsenda sem seljandi kann að hafa haft á hendur kaupanda.

5. gr.

Kaupandi skuldbindur sig til þess að endurkrefja eigi frá seljanda 1 milljón króna (gamlar krónur) sem Vatnsveita Reykjavíkur greiddi seljanda vegna lagningar vatnsæðar á árinu 1975 og að hlutast til þess að eftirtaldar fjárhæðir sem Vegagerð ríkisins hefur greitt seljanda vegna lagningar Arnarnesvegar verði eigi endurkrafðar:

Greiðsla í ágúst 1984 kr. 200 000
Greiðsla í desember 1985 kr. 150 000
Greiðsla í júlí 1986 kr. 150 000

Kaupandi skuldbindur sig til þess að greiða kostnað matsnefndar eignarnámsbóta vegna framangreindra málaferla út af lagningu vatnsæðar í Vatnsendaland.

6. gr.

Kaupandi greiðir seljanda fyrir framangreint land 23 milljónir króna sem greiðast sem hér segir:

a. Við undirskrift samnings þessa 5 milljónir króna
b. Hinn 1. febrúar 1988 3 milljónir króna

Eftirstöðvarnar, 15 milljónir króna, greiðast á 7 árum með allt að 7 verðtryggðum skuldabréfum eftir ósk seljanda. Skulu bréfin bera 7% ársvexti (fasta) og vera verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu septembermánaðar 1987.

Gjalddagar séu 2 á ári, 15. febrúar og 15. ágúst ár hvert. Borgarsjóði er þó heimilt að greiða skuldabréfin upp á skemmri tíma en 7 árum.

Fyrsti gjalddagi skuldabréfa er 15. ágúst 1988 og hefjast greiðslur eftirstöðvanna í samræmi við framangreint, enda þótt skuldabréfin hafi þá eigi verið gefin út, en höfuðstóll bréfanna lækkar þá að sama skapi. Vextir af eftirstöðvum (15 milljónum króna) greiðast frá afhendingardegi.

7. gr.

Kaup þessi eru háð því skilyrði að Alþingi samþykki lög um heimild til eignarnáms og sölu á framangreindri landspildu og að Kópavogskaupstaður falli frá forkaupsrétti að henni og jafnframt á breytingu á mörkum lögsagnarumdæma Kópavogs og Reykjavíkur, þannig að mörk landspildunnar að austan verði jafnframt lögsögumörk kaupstaðanna. Skuldbindur seljandi sig til þess að mæla með því að eignarnámsheimildin verði veitt.

8. gr.

Afsal og skuldabréf skal gefa út jafnskjótt og skilyrðum 7. gr. er fullnægt. Hnitasett teikning af landspildunni fylgir kaupsamningi.

Seljandi skal afhenda tryggingavíxla við móttöku greiðslna skv. 6. gr. a- og b-liða hér að framan og skulu þeir standa til tryggingar skilvísri endurgreiðslu fjárhæðanna ásamt vöxtum, ef kaupin ná ekki fram að ganga, sbr. 7. gr. samnings þessa.

9. gr.

Afhending hins selda lands skal fara fram 1. janúar nk. Hirðir kaupandi allan arð landsins og svarar jafnframt til skatta og skyldna af því frá þeim tíma. Nái kaupin eigi fram að ganga samkvæmt framansögðu ganga allar greiðslur samkvæmt þessari grein til baka milli aðila.

10. gr.

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Framangreindu til staðfestu eru undirskriftir aðila.

Reykjavík, 7. október 1987.

Magnús Hjaltested.

F.h. Reykjavíkurborgar
Magnús Óskarsson e.u.

Vottur: *Þórólfur Kristján Beck* hrl.

Fylgiskjal II.

Reykjavíkurborg og Kópavogskaupstaður gera með sér svofelldan

s a m n i n g :

1. Kópavogskaupstaður fellur frá forkaupsrétti á landspildu í Vatnsendalandi sem Reykjavíkurborg kaupir af Magnúsi Hjaltested samkvæmt samningi dags. 7. október 1987.
2. Af landinu, sem ofangreindur samningur frá 7. október 1987 tekur til, afsalar Reykjavíkurborg til Kópavogskaupstaðar eftirtöldum spildum, sem sýndar eru á uppdrætti mælingadeildar borgarverkfræðingsins í Reykjavík, í mkv. 1:2000, sem skoðast hluti samnings þessa ásamt tilheyrandi hnitaskrá:
   a. Skyggni og Vatnsendakrókum (-engjum), sem afmarkast af landspildu Reykjavíkurborgar við Elliðavatnsstíflu að sunnan, af miðju árinnar Dimmu að vestan og miðju árinnar Bugðu að norðan og austan; samtals 15,53 ha að stærð, merkt á uppdrætti svæði II. og IV. Svæði III, sem er 0,86 ha spilda Vatnsveitu Reykjavíkur, er undanskilið.
   b. 40 m breiðri spildu meðfram fyrirhugðum Arnarnesvegi að sunnanverðu, 3,05 ha að stærð, merkt svæði V.

3. Kópavogskaupstaður afsalar til Reykjavíkurborgar svonefndu Samúelsstykki, 8,75 ha.
4. Á 20 m breiðri spildu, mælt frá austurbakka Dimmu á eignarlandi Kópavogskaupstaðar skv. a-lið 2. gr., skal Reykjavíkurborg eiga fullan og ævarandi rétt til umferðar og athafna vegna veiða og annarra nytja af ánni, sbr. 7. gr.
5. Reykjavíkurborg og Kópavogskaupstaður hafa makaskipti á eftirtöldum landspildum í Lækjarbotnum eins og sýnt er á uppdrætti mælingadeildar borgarverkfræðingsins í Reykjavík, í mkv. 1:2000, sem verður hluti samnings þessa:
   a. Reykjavíkurborg afsalar Kópavogskaupstað um 40 ha spildu við hraunkantinn norðan og vestan við Selfjall.
   b. Kópavogskaupstaður afsalar Reykjavíkurborg sem næst jafnstórri spildu sunnan og vestan við Selfjall, sunnan og vestan við beina línu úr fastamerki sem setja skal á Sandfelli norðvestur í horn á Heiðmerkurgirðingu.

   Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík og bæjarverkfræðingur Kópavogs ákveða mörk nánar.
6. Samkomulag er um að hafa lögsögumörk sveitarfélaganna þannig:
   a. Á landi því, sem samningur Reykjavíkurborgar og Magnúsar Hjaltested tekur til, verði lögsögumörk frá núverandi bæjarmörkum norðan í Vatnsendahvarfi 20 m sunnan miðlínu staðfests Arnarnesvegar austur að fyrrum farvegi Bugðu sunnan undir Selási, þaðan bein lína eftir fyrrnefndum uppþornuðum farvegi að núverandi farvegi Bugðu. Þaðan ræður Bugða, sem fyrr, til austurs og suðurs að girðingu um 20 m norðan núverandi Elliðavatnsstíflu. Þá ræður girðing þessi í horn á vesturbakka Dimmu og þaðan í fastmerki sem setja skal í vesturenda Elliðavatnsstíflu.
   b. Í Elliðavatni og um Þingnes verða lögsögumörk frá fyrrnefndu fastamerki í vesturenda Elliðavatnsstíflu bein lína í væntanlegt fastamerki á austurodda nyrðri Þingneshólma, þaðan bein lína í merki í austurodda syðri Þingneshólma og þaðan bein lína í væntanlegt fastamerki á Þingnesi og þaðan bein lína í núverandi markapunkt við beitarhúsatóft, sem um getur í eldri markalýsingum.
      Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík og bæjarverkfræðingur Kópavogs setja niður í sameiningu fyrrnefnda fjóra markapunkta og ákvarða endanleg hnit á þeim.
   c. Í Lækjarbotnum skulu lögsögumörk fylgja eignarmörkum eins og þeim er lýst í 5. gr.

   Leitað verður staðfestingar félagsmálaráðherra á framangreindum lögsögumörkum.
7. Samkvæmt 4. gr. samnings Reykjavíkurborgar og Magnúsar Hjaltested falla niður allar kröfur Magnúsar á hendur Reykjavíkurborg vegna lands og landsréttinda. Aðilar eru um það sammála að í þessu felist m.a. að, réttur Reykjavíkurborgar til veiða í Elliðaám og annarra afnota af þeim sé óskoraður og án annarra takmarkana en lög almennt setja landeigendum.
8. Aðilar samnings þessa munu sameiginlega standa að beiðni til Alþingis um að samþykkja sérstaka eignarnámsheimild vegna kaupa á Vatnsendalandi samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og Magnúsar Hjaltested.
9. Vegna heildaruppgjörs samkvæmt þessum samningi greiðir Kópavogskaupstaður Reykjavíkurborg kr. 1 000 000 hinn 1. febr. 1988 og kr. 1 000 000 hinn 1. ágúst 1988. Við fjárhæðir þessar bætast ekki vextir eða verðbætur.
10. Samningur þessi, sem er háður fyrirvara um samþykki borgarráðs Reykjavíkur og bæjarstjórnar Kópavogs, tekur gildi þegar eignarnámsheimild skv. 8. gr. er fengin.

Reykjavík, 24. nóv. 1987.

F.h. Reykjavíkurborgar,
Magnús Óskarsson.

F. h. Kópavogskaupstaðar,
Kristján Guðmundsson.

Sþ. 800. Tillaga til þingsályktunar [450. mál]

um kynbótastöð fyrir eldislax.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta reisa og reka kynbótastöð fyrir eldislax.

Greinargerð.

Laxeldi er þegar orðin mikilvæg atvinnugrein á Íslandi.

Ekki er ólíklegt að útflutningur fiskeldisafurða nemi um 600 milljónum króna á þessu ári.

Á árinu 1987 var framleiðsla á sláturlaxi um 530 tonn, þar af um 40 tonn úr hafbeit. Framleiðslan kom frá 29 stöðvum og var um 180% aukning frá árinu 1986 þegar sláturlax nam um 188 tonnum frá 15 stöðvum.

Ársstörf í fiskeldi voru um 240 árið 1987, en það var um 33% aukning frá fyrra ári.

Áætlað er að á þessu ári verði framleiðsla sláturlax um 1400 tonn og á árinu 1989 um 2500 tonn. Áætluð framleiðsla gönguseiða er um 12 milljónir seiða 1988 og gæti orðið 15–20 milljónir seiða 1989.

Laxeldi er sú grein fiskeldis sem hraðast hefur vaxið.

Ef rétt er á málum haldið gæti laxeldi orðið gífurlega mikilvæg atvinnugrein hér á landi í framtíðinni. Erfitt er að benda á aðra framleiðslugrein sem býr yfir jafnmiklum möguleikum. Sem dæmi má nefna að Norðmenn hafa þegar meiri tekjur af laxeldi en af þorskveiðum og veiða þó mikinn þorsk. Mikilvægasta fisktegund Norðmanna, þeirrar miklu fiskveiðiþjóðar, er nú eldislax. Til eru áætlanir í Noregi um að innan tiltölulega fárra ára verði tekjur af fiskeldi þrisvar sinnum hærri en tekjur af öllum fiskveiðum Norðmanna samanlagðar og þó eru Norðmenn meðal mestu fiskveiðiþjóða heims.

Á ýmsum sviðum búa Íslendingar yfir einstæðum möguleikum til fiskeldis. Tæplega finnst, miðað við þá yfirsýn sem menn nú hafa, nokkur atvinnugrein sem gæti aukið þjóðartekjur Íslendinga jafnmikið og fiskeldi. Fiskeldi gæti í framtíðinni orðið sambærilegt við fiskveiðar í þjóðarbúskapnum.

En þá ríður á að halda rétt á málum.

Framleiðsla nálægra þjóða.




FRAMLEIÐSLA SKOTA Á LAXI FRÁ 1980 TIL 1990
Tonn
60000
50000
40000
30000
20000
10000
0
598
1133
2153
2536
3942
6921
10300
12700
21000
40000
55000
80
81
82
83
84
85
86
87
88
89
90
Ár


FRAMLEIÐSLA Á LAXI Í FÆREYJUM 1982 - 1990
Tonn
Ár
0
1000
2000
3000
4000
5000
6000
7000
8000
60
105
116
470
1370
3456
3660
8000
8000
82
83
84
85
86
87
88
89
90


FRAMLEIÐSLA Á LAXI Í ÍRLANDI FRÁ 1981 - 1990
Tonn
Ár
16000
14000
12000
10000
8000
6000
4000
2000
0
215
380
590
919
1250
1250
2232
5000
7200
15000
81
82
83
84
85
86
87
88
89
90

Aðstaða á Íslandi.

Aðstaða til fiskeldis á Íslandi er að mörgu leyti hin ákjósanlegasta. Framtíð Íslands í matvælaframleiðslu gæti orðið mikil.

Lega landsins norður við heimskautsbaug úti í miðju Atlantshafi er ákjósanleg í heimi vaxandi mengunar. Íbúar jarðarinnar munu í vaxandi mæli sækja í hollt, náttúrlegt fæði, framleitt við bestu aðstæður, án hvers konar mengunar og geislunar.

Stærð landsins og lág íbúatala skipta miklu í þessu sambandi. Hér er gnægð af fersku, góðu og smitfríu vatni til eldis. Sjór og loft eru hrein og ómenguð. Jarðhitinn býður upp á möguleika til að auka vaxtarhraða, möguleika sem aðeins fáir geta keppt við. Gnægð raforku er hér til dælingar og annarrar orkunotkunar. Fóður til fiskeldis má framleiða hér enda hráefnið að mestu innlent. Aðflutt aðföng eru því fremur lítil. Einangrun landsins minnkar áhættu af sjúkdómum. Allt leggst þetta á eitt.

Ólíklegt er að nokkrir geti keppt við Íslendinga í hagkvæmni við seiðaeldi.

Kynbætur.

Norðmenn hafa um nokkurt árabil stundað kynbætur á eldislaxi. Tilraunastöðin í Sunndalsöra var t.d. stofnuð 1971. Við kynbætur hafa Norðmenn lagt meginþunga á þrjú atriði: 1) aukinn vaxtarhraða, 2) síðbúinn kynþroska, 3) aukna mótstöðu gegn sjúkdómum.

Árangur er mikill eða 3–5% aukning vaxtarhraða á ári. Sem dæmi má nefna að 3% vaxtarhraðaaukning á ári þýðir tvöfaldan vöxt á 24 árum, en 5% vaxtarhraðaaukning á ári þýðir tvöfaldan vöxt á 14 árum.

Gífurleg eftirspurn er eftir hrognum úr kynbættum laxi í Noregi. Ljóst er að aukinn vaxtarhraði norska eldislaxins og síðbúinn kynþroski mun gera íslenskum eldisstöðvum erfitt fyrir í framtíðinni.

Íslensku laxastofnarnir verða í stórum mæli kynþroska eftir eitt ár í sjó. Við kynþroska fer fóður og orka mest í að þroska hrogn og svil. Fiskurinn vex ekki þrátt fyrir eldi og gæði fisksins til matar minnka. Úrval af seiðum til undaneldis er lítið og kynbætur nánast engar. Brýnasta málið við eldi á laxi á Íslandi er nú að kynbæta stofna til undaneldis. Vart er unnt nema í litlum mæli að treysta á innflutt hrogn, og áhætta af því er ef til vill mjög mikil því erfiðir sjúkdómar geta borist með hrognunum.

Íslensku fiskeldisstöðvarnar eru flestar ungar að árum og eiga fullt í fangi með að halda rekstrinum gangandi fyrstu árin. Því virðist ljóst að fiskeldisstöðvarnar eru þess ekki megnugar að reisa og reka kynbótastöð. Ríkið virðist vera sá aðili sem eðlilegast væri að kæmi starfseminni af stað. Hvert ár sem tapast er dýrt. Mjög mikilvægt er að hefja kynbætur hið fyrsta. Það tekur mörg ár að ná árangri. Framleiðsla landanna í kringum okkur eykst hröðum skrefum, en kynbótastöð mun stórbæta samkeppnisaðstöðu okkar.

Í Kollafirði eru hafnar kynbætur á hafbeitarlaxi. Þar er að hluta verið að leita annarra eiginleika en í eldi, svo sem ratvísi eða aukinna endurheimta. Þar er notuð kynbótaaðferð sem nefnd er fjölskylduval og þar eru í eldi um 150 fjölskyldur af þremur stofnum. Vonir eru bundnar við að þessar kynbætur geti aukið arðsemi við hafbeit um 3–6% á ári með hærri endurheimtum og meiri meðalþunga sláturlax.

Kynbótastöð.

Kynbótastöð fyrir eldislax þarf að vera við sjó. Strandlengjan við Þorlákshöfn kæmi vel til greina. Stöðin þarf að standa sér og nokkuð einangruð vegna sjúkdómahættu, en vel má vera að fluttir yrðu til hennar stofnfiskar frá mörgum stöðum í byrjun. Aðstaða þarf að vera til klaks, seiðaeldis, geymslu stofnfisks og einhvers áframeldis. Gera verður ráð fyrir að seiði yrðu síðan alin í nokkrum matfiskastöðvum samkvæmt samningi við kynbótastöðina. Mælingar á þroska fisksins og sláturþunga væru síðan notaðar til vals á fiski til undaneldis.

Það val væri framkvæmt á fiski sem alinn er í sjálfri kynbótastöðinni. Kynbótastöðin gæti síðan selt hrogn í framtíðinni og af reynslu Norðmanna að dæma er hér um mjög arðbært fyrirtæki að ræða.

Sjálf skipulagning og tölvustýring kynbótanna gæti verið framkvæmd af sérfræðingum hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Sérfræðingar landbúnaðarins hafa þegar mikla reynslu í kynbótum, og undirbúningur vegna kynbóta á hafbeitarlaxi mundi nýtast vel í kynbótastöð fyrir eldislax.

Eðlilegt væri að hugsa sér að ríkið stofnaði og ræki þessa kynbótastöð í byrjun. Kynbótastöðin væri hins vegar hlutafélag þar sem áhugaaðilum, svo sem fiskeldisstöðvum, gæfist kostur á kaupum á hlutabréfum. Þannig gætu fiskeldisstöðvarnar og landssamtök þeirra tekið við rekstrinum síðar meir er þeim vex fiskur um hrygg. Mikilvægt er að í stjórn kynbótastöðvarinnar ættu sæti frá byrjun fulltrúi landssambands fiskeldis og hafbeitarstöðva og fulltrúi rannsóknaaðila, e.t.v. Háskólans, auk aðila með rekstrarþekkingu.

Framtíð fiskeldis á Íslandi veltur á því að rannsóknir og tilraunir verði efldar. Íslendingar hafa þegar dregist aftur úr öðrum þjóðum í fiskeldi. Þróunin er mjög hröð, og nú þarf að láta hendur standa fram úr ermum ef ekki á að verða um seinan að hasla sér völl í þessari mikilvægu atvinnugrein framtíðarinnar.

Fylgiskjöl:

1) „Kynbætur á laxfiskum“. Stefán Aðalsteinsson.
2) „Kynbætur á laxfiskum“. Stefán Aðalsteinsson og Jónas Jónsson.
3) „Kynbætur á laxfiskum að Sunndalsöra í Noregi“. Stefán Aðalsteinsson.
4) „Úrval gegn ótímabærum kynþroska í laxfiskum“. Stefán Aðalsteinsson.

Fylgiskjal I.

Stefán Aðalsteinsson:

Kynbætur á laxfiskum.

Stefnumótun.

Hafist verði handa um skipulegar kynbætur á laxfiskum hér á landi sem fyrst til að tryggja samkeppnisaðstöðu íslenskra fiskeldisstöðva sem best.

Byggja þarf upp aðstöðu til að kynbæta eldislax, eldissilung og hafbeitarlax.

Erlend reynsla sýnir að kynbætur á eldisfiski eru með arðbærustu fjárfestingum sem völ er á.

Markmið kynbóta.

Stefnt er að því að ná framförum í þeim eiginleikum í eldisfiski og hafbeitarlaxi sem lýst er hér á eftir:

A. Eldislax (og eldissilungur).
   a. Aukinn vaxtarhraði.
   b. Aukinn lífsþróttur.
   c. Bætt gæði fisks.
   d. Kynþroski á 2. ári.
   e. Viðnám gegn sjúkdómum.

B. Hafbeitarlax.
   a. Auknar endurheimtur.
   b. Aukinn vaxtarhraði í sjó.
   c. Aukinn lífsþróttur seiða í eldi.

Framkvæmd kynbótastarfs.

Meginähersla verður lögð á val milli systkinahópa, en einstaklingsúrvali verður auk þess beitt innan systkinahópa við kynbætur á vaxtarhraða og kynþroska á eldisfiski.

Við kynbætur á eldislaxi erlendis hefur almennt verið miðað við að ættliðabilið sé 4 ár (1,5 ár í fersku vatni og 2,5 ár í sjó).

Hér á landi yrði stefnt að því að nýta jarðvarma til að flýta klaki og seiðaeldi um 1 ár, þannig að sjógönguseiðum yrði sleppt í sjó 6–8 mánuðum eftir klak (0+ seiði). Þá gæti ættliðabilið orðið 3 ár hjá eldislaxi og þeim hafbeitarlaxi sem væri 2 ár í sjó en færi niður í 2 ár hjá hafbeitarlaxi sem væri 1 ár í sjó.

Með því að sytta ættliðabilið úr 4 árum í 3 ár, eykst kynbótaframför um 33% á ári, en með því að sytta það úr 4 árum í 2 ár, eykst árleg kynbótaframför um 100%.

Aðstaða.

Aðstaða þarf að fást í eldisstöð sem yrði til fullra og óskoraðra umráða til kynbótatilrauna og kynbótastarfs á meðan festa væri að skapast í starfseminni.

Eftirfarandi aðstaða þarf að vera fyrir hendi í slíkri stöð:

a. Ker fyrir klakfisk frá því hann er valinn til kynbóta og fram yfir hrognatöku.
b. Klakbakkar fyrir hrogn úr 100–200 völdum hrygnum og sami fjöldi kera fyrir seiði fram að merkingu fyrir hvora kynbótaleið um sig, eldiskynbætur og hafbeitarkynbætur.
c. Aðstaða til sjóeldis á systkinahópum í kynbótum á laxi (og eldissilungi) þar sem allir hópar í árganginum væru sérmerktir og aldir saman.
d. Aðstaða til sjógeymslu og eldis á hópum í hafbeitarkynbótum sem væru alsystkin og hálfsystkin, hópum sem sleppt hefði verið í hafbeit.
e. Aðstaða til að halda fyrir fram gerðri áætlun um hitastig og ljóslotu á klaktíma og seiðastigi til að flýta klaki og seiðavexti og myndun sjógöngubúnings.
f. Aðstaða til að stjórna hitastigi og ljóslotu í þeim tilgangi að tímasetja kynþroska og hrygningu kynbótafiska.
g. Aðstaða til að ná miklum afköstum í merkingu seiða í systkinahópum.
h. Aðstaða til áframhaldandi eldis í ferskvatni á merktum seiðum.
i. Aðstaða til sleppingar á hafbeitarseiðum.
j. Aðstaða til að taka á móti endurheimtum laxi, slátra honum, lesa úr merkjum og vega og meta afurðir.
k. Aðstaða til úrvinnslu og uppgjörs gagna í afkastamikilli tölvu.

Tengsl kynbótastarfs og annarra rannsókna.

Þær rannsóknir, sem fyrst og fremst tengjast því kynbótastarfi sem hér er lýst, eru eftirfarandi:

a. Stjórnun á hrygningartíma klakfisks.
b. Flýting klaks, frumfóðrunar og seiðaþroska.
c. Seltuþol og alhliða sjóhæfni gönguseiða.

Rökstuðningur.

Fyrirsjáanlegt er að íslenskar fiskeldisstöðvar munu mæta harðnandi samkeppni við sölu afurða sinna á erlendum mörkuðum á næstu árum.

Ljóst er að ör vaxtarhraði í eldi matfiskjar muni hafa veruleg áhrif á hagkvæmni eldisstöðva hér á landi. Sá tími, sem hægt er að hafa lax í sjókvíum hér við land, er stuttur og afgerandi að nýta þann tíma sem best. Á sama hátt er ljóst að háar endurheimtur úr hafbeit munu skipta sköpum um fjárhagsafkomu hafbeitarstöðva.

Mikill árangur hefur náðst í kynbótum á eldisfiski í Noregi. Hagkvæmni í laxeldi þar byggist að verulegu leyti á því að framleiða stóran matfisk á suttum tíma. Söluverð á laxi fer hækkandi á hvert kg eftir því sem laxinn er stærri.

Vaxandi áhugi er á því að fá flutt inn hrogn af kynbættum eldislaxi frá Noregi. Í því sambandi er ástæða til að benda á að aðstæður við eldi í Noregi og á Íslandi eru ólíkar. Því er óvíst í hve miklum mæli kynbótaárangur, sem náðst hefur í Noregi, nýtist á Íslandi.

Innflutningi á hrognum fylgir veruleg hætta á innflutningi sjúkdóma og því er ástæða til að forðast hann í lengstu lög. Auk þess er óhjákvæmilegt að eldisfiskur sleppi úr haldi öðru hvoru. Innfluttur eldisfiskur gæti spillt villtum íslenskum stofnum með íblöndun á óskyldu og óheppilegu erfðaefni.

Erlendar rannsóknir benda til þess að auka megi endurheimtur á hafbeitarlaxi með kynbótum en hvergi er völ á skipulaga kynbættum efnivið til hafbeitar.

Ástæða er til að vekja sérstaka athygli á því að uppbygging á fiskeldisstöðvum hér á landi hefur byggst að verulegu leyti á innfluttri þekkingu og jafnframt er áhugi á að byggja eldið líka á innfluttum fiskstofnum. Þunga áherslu ber að leggja á nauðsyn þess að innlend þekking og innlendur fiskur sé hvort tveggja notað í sem ríkustum mæli við uppbyggingu á þessari mikilvægu atvinnugrein.

Fylgiskjal II.

Stefán Aðalsteinsson:

Úrval gegn ótímabærum kynþroska í laxfiskum.

(Úr Eldisfréttum, 2. tbl. 1988.)

Inngangur.

Kynþroski er forsenda þess að laxfiskar geti aukið kyn sitt og viðhaldið tegundinni á jörðunni. Það er þess vegna dálítið ankannalegt að ræða um það hvernig hægt sé að velja gegn kynþroska sem slíkum. Náttúran hefur tæpast gert ráð fyrir því að tvíkynja tegund hafi til að bera erfðavísa sem gera hana kynlausa með öllu.

Ótímabær kynþroski er hins vegar vandamál í fiskeldi. Val gegn honum er þá fólgið í því að breyta stofninum þannig með úrvali að fiskar í stofninum verði ekki kynþroska of snemma miðað við hagkvæmnisjónarmið þeirra sem eldið stunda.

Ótímabær kynþroski getur verið með tvennu móti. Annars vegar er um að ræða það fyrirbæri þegar smáhængar verða kynþroska áður en þeir ganga í sjó. Hins vegar er um það að ræða að fiskur í eldi verði kynþroska áður en hagkvæmri stærð er náð og þar af leiðandi verðminni til sölu.

Mikilvægi aldurs við kynþroska í fiskeldi.

Aldur við kynþroska er talinn mikilvægur eiginleiki í eldi laxfiska eins og sést á töflu 1 hér á eftir þar sem vægi eiginleikans eykst eftir því sem stjörnum fjölgar (Gjedrem, 1983).

Eins og 1. tafla sýnir skiptir aldur laxfiska við kynþroska verulegu máli vegna þess að gæði fisksins spillast þegar hann verður kynþroska. Ef fiskurinn verður snemma kynþroska verður að slátra honum áður en hann hefur náð hagkvæmustu stærð fyrir markaðinn.

Mikilvægi aldurs við kynþroska í fiskeldi

Aldur við kynþroska er talinn mikilvægur eiginleiki í eldi laxfiska eins og sést á 1. töflu hér á eftir þar sem vægi eiginleikans eykst eftir því sem stjörnum fjölgar (Gjedrem, 1983).

1. tafla. Fjárhagslegt vægi einstakra eiginleika nokkurra tegunda vatnadýra sem notaðar eru í eldi

Eiginleiki	Tegundir: Laxfiskar	Hitakærir fiskar	Skelfiskar	Rækjur
Vaxtarhraði	***	***	***	***
Gæði fiskjar	**	*	*	**
Afföll seiða	*	*	*	*
Afföll síðar	**	**	**	**
Kynþroskaaldur[1]	**	?	?	?
Frjósemi	0	0	0	0

[1] Við framleiðslu á stórum sláturfiski

Þættir sem hafa áhrif á kynþroska laxfiska.

Vitað er að kynþroski laxa eða regnbogasilunga er breytilegur innan sama stofns og að því er virðist við sömu skilyrði. Slíkur breytileiki getur stafað af erfðamun milli einstaklinga en getur einnig verið kominn til vegna sérstakra umhverfisáhrifa sem sumir fiskar innan stofnsins hafa orðið fyrir en aðrir ekki. Þá er einnig vitað að hægt er að hafa áhrif á kynþroska fiska með ýmiss konar meðferð sem margir einstaklingar eru látnir verða fyrir samtímis svo sem mismunandi ljósi, hormónagjöf, hitameðferð á hrognum og fleira.

Þá er enn vitað að mikill munur er oft milli stofna í aldri við kynþroska. Sá munur getur stafað af ytri aðstæðum ef stofnarnir búa við mismunandi skilyrði. Ef stofnamunur í kynþroska kemur fram þegar stofnarnir eru bornir saman við sömu skilyrði má gera ráð fyrir að munurinn sé að mestu leyti arfgengur.

Kynþroski smáhænga.

Hér á landi mun bera nokkuð á því að smáhængar í eldi verði kynþroska og drepist síðan flestir. Þetta kemur fram í auknum afföllum á seiðastigi.

Á tilraunastöðinni að Sunndalsöra í Noregi þar sem kynbótarannsóknir Norðmanna fara fram bar dálítið á kynþroska smáhængum í byrjun kynbótastarfsins en nú má heita að þeir séu hættir að sjást.

Valið hefur verið ákveðið gegn þessu fyrirbæri í kynbótastarfinu og það úrval virðist hafa borið árangur.

Í sérstakri úrvalstilraun, sem nýlega var gerð í Noregi með notkun hængseiða til undaneldis, kom i ljós að notkun hængseiða til undaneldis jók hlutfall kynþroska smáhænga meðal afkvæmanna verulega (Gjerde, 1986). Hér á landi má líklega búast við því að kynþroska smáhængar séu algengari í þeim laxastofnum sem búa við erfið skilyrði frá náttúrunnar hendi. Þar sem kaldur sjór og hafís dregur úr lífslíkum seiða í sjó og minnkar endurheimtur getur það verið stofninum hagstætt að eitthvað af hængum verði kynþroska á seiðastigi. Með því móti er viðhaldi stofnsins borgið ef einhverjum hrygnum tekst að skila sér úr sjó heim í ána. Við megum því búast við því að fá eitthvað af kynþroska smáhængum á hverju ári þar sem seiði til eldis eru fengin úr villtum stofnum.

Ef við tökum upp kynbótastarf á borð við það sem Norðmenn eru með förum við alfarið út í það að taka eldisseiði af kynbættum stofnum. Þar með ætti þetta fyrirbæri að hverfa mjög fljótlega.

Munur á laxastofnum hvað snertir kynþroska.

Margar rannsóknir eru til á því hversu snemma einstakir laxastofnar verða kynþroska þegar þeir eru bornir saman við sömu skilyrði. Samantektir um þetta efni eru m.a. til eftir Gjerde og Refstie (1984) og Gjerde og Gjedrem (1984).

Gjerde og Refstie (1984) rannsökuðu fimm stofna af Atlantshafslaxi í hreinrækt og í blöndun við alla hina stofnana þar sem hver stofn í blöndun kom fyrir bæði sem faðir og móðir. Í þessari rannsókn voru kannaðar samlagningarerfðir (additive effects), móðuráhrif og blendingsþróttur. Mikill meðalmunur kom fram milli stofna á hlutfalli kynþroska fisks eftir tvö ár í sjó. Móðuráhrif sumra stofnanna á kynþroska voru einnig hámarktæk en blendingsþróttur var lítill.

Þessi niðurstaða gefur ótvírætt til kynna að verulegur eðlismunur sé á milli stofna að því er varðar aldur við kynþroska. Einnig gefur rannsóknin sterka bendingu um að erfðaefni, sem berst aðeins frá móður til afkvæmis, beri með sér erfðavísa sem hafa áhrif á kynþroska. Þá segir rannsóknin okkur það enn fremur að sé tveimur stofnum blandað saman þá komi fram nokkurn veginn sá meðalaldur við kynþroska sem búast mátt við frá foreldrastofnunum. Blendingarnir víkja sem sé ekkert að ráði frá meðaltali foreldranna.

Arfgengi á aldri við kynþroska.

Arfgengi á kynþroskastigi eða aldri við kynþroska eru gerð skil í greinum eftir Gjedrem (1983) og Gjerde og Gjedrem (1984).

Í greininni frá 1983 tekur Gjedrem saman upplýsingar úr fjölmörgum ritgerðum á þessu sviði og dregur af þeim ályktanir.

Í 2. töflu eru sýndar tölur yfir arfgengi á kynþroska úr ýmsum rannsóknum. Eins og fram kemur í 2. töflu hefur aldur við kynþroska tæplega miðlungi hátt arfgengi í regnbogasilungi en til muna hærra í laxi.

Arfgengistölurnar eru allar það háar, sérstaklega fyrir laxinn, að búast má við verulegum árangir í því að velja að síðbúnum kynþroska. Reyndin af úrvali í eldislaxi og regnbogasilungi á Sunndalsöra í Noregi er sú að ótímabær kynþroski hefur minnkað jafnt og þétt eftir því sem úrvalið hefur verið stundað lengur og kynþroska smáhængar koma því sem næst aldrei fyrir þar lengur.

2. tafla. Arfgengi aldurs við kynþroska hjá regnbogasilungi og Atlantshafslaxi.

Tegund	Arfgengi h^2 +/- s.e. (h^2)		Aðferð[1)]	Heimild
Regnbogasilungur	0.21	....	F	(3)
Regnbogasilungur	0.26	....	M	(3)
Regnbogasilungur	0.21	0.14	Fj	(5)
Atlantshafslax	0.48	0.20	A-M	(1)
Atlantshafslax	0.39	....	F	(3)
Atlantshafslax	0.49	....	M	(3)
Atlantshafslax	1.00	0.67	M	(6)

1) Reikningsaðferðir við mat á arfgengi voru:
F: metið út frá fervikshætti milli feðra
M: metið út frá fervikshætti milli mæðra
Fj: metið út frá fervikshætti milli fjölskyldna
A-M: metið út frá aðhvarfi afkvæmis að móður

Samband milli vaxtar og kynþroska.

Það er löngu kunnugt að fiskar sem þroskast fljótt verða fyrr sjóbúnir og kynþroska heldur en hægvaxta fiskar. Af því telja margir að erfitt verði að velja samtímis að örum vexti og síðbúnum kynþroska.

Í norskum rannsóknum hefur verið reiknuð út erfðafylgni milli kynþroskastigs og nokkurra veigamikilla eiginleika í eldislaxi og regnbogasilungi (Gjerde og Gjedrem, 1984). Kynþroskastigin voru gefin eftir þroska kynkirtla við slátrun. Fiskur með kynþroskastig 0,1 og 2 var talinn ókynþroska en fiskur með stigin 3, 4 og 5 var talinn mundu hafa hrygnt á árinu. Erfðafylgnitölurnar eru sýndar í töflu 3.

Samkvæmt erfðafylgnitölunum í töflu 3 hækkar kynþroskastigið í laxinum með auknum sláturþunga. Þetta samband er þó ekki sterkara en það að verulegar líkur eru á að ná saman í sömu fjölskyldu miklum vexti og lágu kynþroskastigi við slátrun. Í Noregi er laxinum yfirleitt slátrað eftir þrjú sumur í sjó.

3. tafla. Erfðafylgni og svipfarsfylgni milli kynþroskastigs (0-5) og nokkurra annarra eiginleika hjá Atlantshafslaxi og regnbogasilungi (Gjerde og Gjedrem, 1984).

	Atlantshafslax		Regnbogasilungur	
Eiginleiki	Erfða-fylgni	Svipfars-fylgni	Erfða-fylgni	Svipfars-fylgni
Þungi, óslægður	0.52	0.32	0.11	0.11
Þungi, slægður	0.49	0.30	0.11	0.09
Lengd	0.28	0.13	0.16	0.11
Holdfylling	0.22	0.01	-0.15	-0.01

Hvað er til ráða á Íslandi?

Ótímabær kynþroski hefur valdið verulegum búsifjum í laxeldi hér á landi. Ekki liggur fyrir nein úttekt á því hverjar séu helstu orsakir þess að fiskur verður kynþroska við lágan þunga hér á landi. Gera má ráð fyrir að vandinn stafi að verulegu leyti af ýmsum umhverfisþáttum sem menn hafa ekki náð valdi á enn þá. Einnig verður að gera ráð fyrir því að þeir stofnar sem hér er völ á í eldi verði fyrr kynþroska heldur en til dæmis kynbættir stofnar af norskum eldislaxi þar sem sérstaklega hefur verið valið gegn ótímabærum kynþroska.

Það liggur ljóst fyrir að við þurfum meiri rannsóknir á þessu vandamáli en gerðar hafa verið hingað til.

Hér á eftir verður fjallað um tvo þætti þessa máls, þ.e. annars vegar tilraunir með umhverfisáhrif og hins vegar tilraunir með kynbótaúrval.

Tilraunir með umhverfisáhrif.

Hefja þarf skipulegt tilraunastarf þar sem settir eru upp hæfilega stórir tilraunaflokkar og þeir bornir saman við mismunandi aðstæður til þess að prófa sem best þá þætti sem hugsanlega má ná stjórn á til að draga úr þessum vanda. Í þessu máli þarf fiskeldið að taka í sína þágu tilraunatækni og tölfræðibeitingu sem notuð hefur verið um áratuga skeið með farsælum árangri í landbúnaðarrannsóknum. Í landbúnaðinum eru gerðar strangar kröfur um val á sambærilegum efnivið í alla meðferðarflokka, tilviljanakennt val einstaklinga í hvern meðferðarflokk, endurtekningar á öllum meðferðarflokkum og strangt tölfræðilegt mat á niðurstöðum.

Sú krafa er ófrávíkjanleg að hægt sé að segja með ákveðinni vissu hvort sá munur sem verið er að skoða sé marktækur (significant). Einnig er það ófrávíkjanleg krafa að hægt sé að fullyrða að munurinn sem fram kemur á milli tveggja tilraunaflokka geti aðeins stafað af tveimur hugsanlegum orsökum. Munurinn á að stafa af tilviljun eða af tilraunameðferð. Ef hann gæti stafað af þriðju orsök er tilraunin illa gerð. Það er stundum svo að sjá að menn séu ekki nógu gagnrýnir á skipulag tilrauna sinna og enn síður nógu gagnrýnir á þær tilraunir sem aðrir hafa gert.

Tilraunir með kynbótaúrval.

Kynbótaúrval gegn ótímabærum kynþroska má framkvæma með þrennu móti.

Í fyrsta lagi er hægt að framkvæma einstaklingsúrval innan þess laxastofns sem fiskeldismaðurinn hefur undir höndum. Þá yrðu teknir til undaneldis þeir einstaklingar sem verða seint kynþroska.

Þess háttar úrvali fylgir sú mikla hætta að fyrir valinu yrðu fiskar sem jafnframt hafa eðli til að vaxa hægt og verða seint kynþroska af þeim sökum.

Önnur aðferð er sú að leita uppi laxastofna sem koma að öðru jöfnu ekki upp í ár til hrygningar fyrr en eftir tveggja ára dvöl í sjó. Með því móti mætti hugsanlega ná sér í stofn sem yrði ekki kynþroska fyrr en eftir tveggja ára vöxt í sjóeldi. Fyrir því er þó engin vissa því að ekki er vitað í hve miklum mæli stofnamunur á kynþroska íslenskra laxa stafar af erfðum og að hve miklu leyti af náttúruskilyrðunum sem stofninn býr við.

Þriðja leiðin er sú að hefja skipulagt tilraunastarf sem miðar að því að auka vaxtarhraða fisksins samtímis því sem ræktaður er fram stofn sem verður seint kynþroska. Til þess að slíkt úrval sé virkt þarf að vera hægt að bera saman fjölskyldur (alsystkinahópa) sem hafa verið aldar upp við sambærilegar aðstæður. Þá yrði valið til undaneldis úr þeim fjölskyldum sem hafa náð mestum meðalvexti og sýnt minnstan ótímabæran kynþroska. Með þeim breytileika sem er bæði í vexti og aldri við kynþroska má gera ráð fyrir að fá mætti mjög skjóta framför í hvoru tveggja, vaxtarhraða og síðbúnum kynþroska.

Til þess að ná þeim árangri þarf öflugt og miðstýrt kynbótakerfi. Einstakir eldismenn hafa ekki bolmagn til að fjárfesta í virku kynbótastarfi hver fyrir sig.

Fylgiskjal III.

Stefán Aðalsteinsson:

Kynbætur á laxfiskum að Sunndalsöra í Noregi.
(Úr Riti Fiskifélags Íslands, 79. árg. 7. tbl. júlí 1986.)

Heimsókn til Noregs.

Eins og alþjóð er kunnugt hefur verið vaxandi áhugi á eldi laxfiska á Íslandi undanfarin misseri. Í þeim efnum höfum við mjög mikið til Norðmanna að sækja því þeir standa öllum þjóðum framar í fiskeldi.

Í Noregi var fyrir nokkru sett á laggirnar stofnun sem heitir Institutt for Akvakultur (Vatnabúskaparstofnunin). Hún hefur aðsetur við Landbúnaðarháskólann að Ási í Noregi. Forstjóri stofnunarinnar er dr. Trygve Gjedrem sem margir Íslendingar þekkja. Hann hefur starfað lengi að rannsóknum á laxfiskum og sérstaklega unnið að skipulagningu kynbóta á þeim.

Ég heimsótti dr. Gjedrem í desember 1984 og ræddi þá við hann um kynbætur á laxfiskum og árangur af þeim. Þá fékk ég staðfest það sem ég hafði áður haft spurnir af að kynbætur á laxfiskum skiluðu ótrúlegum árangri.

Kynbótarannsóknir og hagnýt kynbótastarfsemi hafa farið fram að Sunndalsöra í Vestur-Noregi skammt frá Molde og þangað hafði mig lengi langað til að komast.

Tilefni og tækifæri til þess gafst nú í maílok 1986. Þá komst skriður á umræður um kynbætur á laxfiskum hér heima. Þegar ég átti erindi til Norðurlandanna ákvað ég að biðja dr. Gjedrem um leyfi til að fá að heimsækja tilraunastöðina á Sunndalsöra og var það auðfengið.

Tilraunastöðin á Sunndalsöra.

Tilraunastöðin var stofnuð árið 1971. Þá var fiskeldi rétt komið af stað í Noregi.

Ástæðan fyrir því að Sunndalsöra varð fyrir valinu var sú að þar buðust til afnota 5 rúmmetrar á mínútu af 10 C heitu kælivatni frá mjög stóru vatnsraforkuveri á staðnum og auk þess nóg af köldu vatni, eða um 25 rúmmetrar á mínútu (rúmlega 400 lítrar á sekúndu).

Í stöðinni eru þrjú hús, samtals 1670 fermetrar, með 450 trefjaplastkerum af mismunandi stærðum. Ker fyrir afkvæmahópa af laxaseiðum eru 2 fermetrar, en eins fermetra ker fyrir afkvæmahópa af regnbogasilungi. Utanhúss eru 36 hringlaga steyptar tjarnir hver um sig 10 metrar í þvermál. Í stöðinni starfa nú um 25 manns.

Ég kynnti mér aðallega þær kynbætur sem unnið hefur verið að á laxfiskum á Sunndalsöra en þar hafa eldislax og regnbogasilungur verið kynbættir.

Kynbætur á eldisfiski.

Í byrjun kynbótastarfsins var safnað saman 40 mismunandi laxastofnum frá ýmsum stöðum í Noregi og þeir bornir saman. Í ljós kom mikill munur á vaxtargetu stofnanna og kynbótastarfið hefur einvörðungu byggst á framræktun og úrvali úr bestu stofnunum.

Gerðar hafa verið tilraunir með stofnablöndur til að kanna hvort blendingsþróttur skipti máli. Þær tilraunir gáfu til kynna að eftir litlu væri að slægjast með blendingsrækt.

Aðferðin við kynbætur er í stórum dráttum eftirfarandi:

Valdir eru í byrjun álitlegir foreldrar, um 200 hrygnur og 50 hængar. Hrygnurnar eru kreistar og hver hængur látinn frjóvga hrogn úr 2–5 hrygnum. Hrognin úr hverri hrygnu klekjast í sérstökum klakbakka og þeim er komið fyrir sér í keri fram að þeim tíma að hægt er að merkja seiðin. Vanhöld við klak, frumfóðrun og eldi fram að merkingu eru skráð og sömuleiðis vanhöld frá merkingu þar til seiðum er sleppt í sjó.

Framför afkvæmahópanna í ferskvatni fram að merkingu er líka skráð og tölur um vanhöld og framför á seiðum notaðar til að velja úr og kasta frá lökustu afkvæmahópunum strax á því stigi. Merkjakerfið sem notað er dugir ekki til að merkja nema 120 afkvæmahópa þannig að við merkingu er kastað frá lökustu hópunum.

Þegar seiðin eru komin í göngubúning eru teknir fimm undirhópar úr hverjum afkvæmahóp og þeir sendir í vaxtarprófun í sjó hjá samvinnustöðvum í einkaeign sem taka við þeim og ala þá í nót í þrjú sumur fram til slátrunar. Þá senda samvinnustöðvarnar skýrslu um útkomurnar að tilraunastöðinni og þar með er hægt að gera upp hvernig hver afkvæmahópur um sig hefur reynst fram til þess tíma.

Næsta stig er síðan það að afgangar framkvæmdahópanna, sem hafa verið í sjó á vegum tilraunastöðvarinnar, eru teknir til nákvæmrar skoðunar eftir þrjú sumur í sjó. Þá er hver einstaklingur í þeim hópum veginn og merktur einstaklingsmerki. Þegar þær upplýsingar bætast við sláturupplýsingar úr samvinnustöðvunum er reiknuð kynbótaeinkunn fyrir hvern einstakling um sig í heimahópnum. Sú einkunn er síðan notuð til að velja hænga og hrygnur til undaneldis í næstu kynslóð.

Til þess að halda skyldleikarækt innan hæfilegra marka er reiknað út hve hár skyldleikaræktarstuðull afkvæma muni verða við pörun allra valinna hænga við allar valdar hrygnur. Ef reiknaður skyldleikaræktarstuðull úr einhverri pörun fer upp í 10% eða hærra kemur sú pörun ekki til greina.

Oftast eru valdar 150–200 hrygnur og 40–50 hængar til undaneldis úr hverjum árgangi. Fjöldinn í efri mörkunum er þegar skyldleikaræktarhætta er með meira móti.

Við útreikning á kynbótaeinkunn fyrir þá einstaklinga sem valdir eru til undaneldis á hverju ári er notuð svokölluð BLUP aðferð. Hún gefur hverjum einstaklingi vægi sem kynbótagrip eftir því hve vel hann reynist sem einstaklingur, eftir því hve vel alsystkini og hálfsystkini hafa reynst og í nokkrum mæli eftir frammistöðu fjarlægari ættingja.

Upplýsingar um ætt allra einstaklinga allt aftur í byrjun kynbótastarfsins eru einnig geymdar í gagnabankanum og eru notaðar við útreikning á væntanlegum skyldleikaræktarstuðli úr hverri hugsanlegri pörun.

Árangur kynbótastarfsins.

Árangur laxakynbótanna í Noregi hefur verið mjög mikill eða 3–5% aukning í vaxtarhraða á ári að því er Terje Refstie upplýsti. Engar vísbendingar hafa komið fram um að farið sé að draga úr kynbótaframförinni.

Áhugavert er að skoða tímann sem það tekur að tvöfalda vaxtarhraðann með kynbótum miðað við mismunandi framför.

Framför á ári	**Árafjöldi til að tvöfalda vöxt**
3%	24 ár
4%	18 ár
5%	14 ár

Á það má benda í þessu sambandi að ættliðabilið í laxakynbótum í Noregi er fjögur ár. Ýmislegt bendir til að stytta megi ættliðabilið í laxakynbótum á Íslandi niður í þrjú ár. Við það eiga árlegar kynbótaframfarir að öðru jöfnu að geta aukist um 33%. Þá ættu 3–5% framfarir á ári að breytast í 4–6,7% framfarir, en með 6,7% framförum á ári tvöfaldast vöxturinn á 11 árum.

Kynbótaframfarirnar í Noregi hafa verið mældar með samanburði við óvalinn stofn sem hefur verið haldið við með tilviljanakenndu úrvali frá byrjun kynbótastarfsins.

Framfarir í kynbótum á regnbogasilungi hafa verið svipaðar og við kynbætur á laxi eða um 4% á ári.

Eftirspurn eftir kynbættum fiski.

Mikil eftirspurn er í Noregi eftir hrognum úr kynbættum laxi frá Sunndalsöra. Á þessu ári hafa fiskeldismenn beðið um 10 000 lítra af hrognum þaðan, en hugsanleg hámarksframleiðsla getur ekki orðið yfir 4000 lítrar að sögn Terje Refstie.

Samtök fiskeldismanna hafa nú ákveðið að stofna sína eigin kynbótastöð sem verður öllu stærri í sniðum heldur en stöðin á Sunndalsöra. Gert er ráð fyrir að bera kostnað af þeirri stöð uppi með sölu hrogna af kynbættum laxi.

Merkingar á laxi.

Ég spurði Terje Refstie sérstaklega um það hvernig hann færi að því að einstaklingsmerkja kynbótafisk. Hann sagði að frostmerking og uggaklipping væri notuð við merkingu á afkvæmahópum í kynbótastarfinu. Með því kerfi sem þeir notuðu væri hægt að merkja 120

afkvæmahópa. Allir einstaklingar í sama hóp fá þá sama merki. Hægt er að fá einfaldan útbúnað til frostmerkingar. Seiði má frostmerkja við 10–15 g þunga en eru oft ekki merkt fyrr en við 25 g þunga.

Einstaklingsmerki eru einkum Karlin-merki eða hliðstæð merki. Þau geta háð fiskinum verulega, sérstaklega af því að hætta er á að þörungagróður festist við merkið og vaxi á því. Refstie vissi ekki um neinar aðrar aðferðir til að merkja fisk þar sem hægt væri að lesa úr merkinu án þess að slátra fiskinum. Hann taldi trjónumerkinguna mjög góða þegar lesa ætti úr merkinu eftir slátrun.

Hafbeitarkynbætur.

Ég ræddi hafbeitarkynbætur nokkuð við Refstie, en Norðmenn hafa enga reynslu af þeim. Endurheimtur úr hafbeit hafa verið lélegar í Noregi enda hefur mikið af norskum hafbeitarlaxi verið veitt í sjó á leið sinni að landinu og upp í árnar.

Refstie taldi Ísland eitt besta landið í heiminum til hafbeitarrannsókna, vegna þess að hér væru laxveiðar í sjó bannaðar. Hann taldi eðlilegast að leggja megináherslu á að reyna að bæta endurheimtur með kynbótum en var jafnframt samþykkur því að mikil ástæða væri til að velja eftir meðalvaxtarhraða meðal þeirra hópa sem sýndu bestar endurheimtur.

Varðandi fyrirkomulag á merkingum og vali fiska til undaneldis taldi hann best að merkja með trjónumerki þann hluta afkvæmahópanna sem sleppt yrði. Öllum endurheimtum fiskum yrði síðan slátrað og lesið úr merkjunum til að kanna hvernig hver hópur um sig endurheimtist. Þá mætti um leið vega hópana og dæma um það hversu vel þeir hefðu vaxið í sjó.

Undaneldisfisk yrði að geyma frostmerktan í nót eða sjótjörn heima við meðan systkinin væru í sjó og taka þaðan fiska til kreistingar úr þeim afkvæmahópum sem heðfu skilað bestum hagnaði eftir sjávardvöl. Við töku á undaneldisfiski mætti ekki velja eftir neinum sérstökum einkennum á heimageymdu fiskunum heldur yrði að taka fiskana af handahófi úr bestu afkvæmahópunum. Ef fiskar í bestu hópunum væru t.d. valdir eftir stærð gæti vel farið svo að stærstu heimageymdu fiskarnir væru rólegir og hóglífir og verr til hafbeitar fallnir heldur en meðaltalið.

Í umræðum um hafbeitarkynbætur á Íslandi hefur komið fram áhugi á að geyma til undaneldis vænstu fiska sem skila sér heim í stöð úr hafbeit og velja undaneldisfisk meðal þessara fiska eftir að skil hefðu verið gerð upp.

Þessa aðferð taldi Refstie mundu skila litlum árangri af ýmsum ástæðum. Í fyrsta lagi væri óvíst hvort tækist að merkja sleppifiskinn í þeim mæli að hægt yrði að lesa hann í sundur að gagni þegar hann kæmi heim. Í öðru lagi þyrfti að geyma mikinn fjölda fiska þar til göngu væri lokið svo að öruggt væri að nógu margt væri til undaneldis úr bestu hópunum. Í þriðja lagi mætti búast við að sumir hópar skiluðu sér ekki vel heim í stöð fyrr en eftir tvö ár í sjó. Þeirra á meðal gætu verið þeir hóparnir sem skiluðu mestum heildarhagnaði. Þeim yrði alfarið fórnað ef valdir væru til undaneldis endurheimtir fiskar eftir ársdvöl í sjó.

Að öllu samanlögðu taldi Refstie sjálfsagt að geyma hluta af öllum hópum heima við og nota þá til undaneldis þegar útkoma úr endurheimtun lægi fyrir. Þessi aðferð leyfði auk þess geymslu á undaneldisfiski úr hverjum árgangi þar til fiskar hefðu heimst eftir tvö ár í sjó.

Við ræddum nokkuð um þann möguleika að bera saman tvo kynbótamöguleika, annars vegar að auka endurheimtur og vöxt í sjó eftir eitt ár í sjó og hins vegar sömu eiginleika eftir tvö ár í sjó. Hugsanlegt er að komast megi niður í tveggja ára ættliðabil á laxi sem dvelur eitt ár í sjó. Við sterkt úrval gæti vöxtur í sjó orðið hraður og e.t.v. mætti ná mjög góðri hagkvæmni með slíkum stofni og jafnvel komast upp í þann þunga sem nú er algengur eftir tvö ár í sjó. Þennan möguleika ætti að skoða í alvöru.

Ég ræddi hafbeitarkynbætur stuttlega í síma við Harald Skjervold, prófessor við Landbúnaðarháskólann að Ási, daginn eftir að ég kom frá Sunndalsöra.

Prófessor Skjervold hefur átt mikinn þátt í því að þróa norskt fiskeldi með rannsóknum og ráðgjöf. Hann kom til Íslands ásamt nokkrum öðrum Norðmönnum í apríllok nú í vor og hélt hér fyrirlestur um nýjungar í erfðatækni og þróun kynbótastarfs.

Prófessor Skjervold lagði áherslu á að við hafbeitarkynbætur ætti meginmarkmiðið að vera auknar endurheimtur, en benti einnig á að mikið þyrfti að rannsaka ýmis atriði varðandi ferðir laxins í sjónum, bæði þegar hann væri á leið frá landi og eins hugsanlegt flakk á heimleið.

Nú er hægt að fóðra lax á merkiefnum sem haldast í honum í mjög litlu en mælanlegu magni alla ævi. Með því að nota þessi efni væri auðvelt að fylgjast með sleppingum án þess að þurfa að kosta til dýrrar merkingarvinnu.

Prófessor Skjervold lagði áherslu á að aðstæður til hafbeitarrannsókna væru betri hér á landi heldur en víðast annars staðar og ástæða væri til að velta fyrir sér hvort hér væri hægt að koma upp alþjóðarannsóknum í hafbeit.

Fylgiskjal IV.

Stefán Aðalsteinsson, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, og
Jónas Jónasson, Veiðimálastofnun:

Kynbætur á laxfiskum.

Megininntak kynbóta.

Megininntak allra kynbóta er að finna þá einstaklinga sem hafa mikla yfirburði yfir aðra einstaklinga í sinni kynslóð í þeim eiginleikum sem við viljum bæta.

Þegar við höfum fundið þessa einstaklinga notum við þá sem foreldra næstu kynslóðar. Með því fjölgum við þeim einstaklingum í stofninum sem hafa til að bera þau einkenni sem við erum að sækjast eftir. Samtímis komum við í veg fyrir að slöku einstaklingarnir fái að auka kyn sitt og fækkum þar með í lakari hluta stofnsins.

Árangur kynbótanna fer eftir fernu:

Hann fer eftir því hve vel okkur hefur tekist að velja kynbótagripina, þ.e. hve mikið þeir bera af öðrum gripum í sinni kynslóð. Það kallast úrvalsyfirburðir.

Hann fer eftir því hve mikill breytileiki er í stofninum í þeim eiginleika sem verið er að kynbæta. Breytileikinn er mældur með stærð sem kölluð er staðalfrávik.

Hann fer eftir því hve mikinn þátt erfðaeðlið á í ágæti völdu gripanna. Þann þátt mælum við með stærð sem heitir arfgengi.

Hann fer eftir því hve langur tími líður á milli ættliðaskipta. Því fyrr sem nýr og betri ættliður tekur við af þeim fyrri þeim mun örari verða kynbótaframfarirnar í stofninum.

Sérstaða fiskakynbóta.

Laxfiskar geta eignast mjög mikinn fjölda afkvæma á ári. Afkvæmin fá allt erfðaefni sitt frá foreldrunum. Með því að skoða nógu mörg afkvæmi er hægt að fá mjög góða mynd af erfðaeðli foreldranna.

Hægt er að slátra mörgum einstaklingum úr alsystkinahóp til að dæma um það hve góður hópurinn er. Komi í ljós við skoðun á sláturfiskunum að hópurinn sé góður er enn eftir fjöldi alsystkina sem nota má til undaneldis.

Það er einnig einkennandi fyrir fiskakynbætur að breytileiki milli fiska er mjög mikill og þó nokkur hluti þessa breytileika stafar af arfgengum mismun milli fiska.

Markmið kynbóta á laxfiskum.

Meginmarkmið allra kynbóta er að bæta stofninn þannig að hver nýr ættliður skili eigandanum meira verðmæti en næsti ættliður á undan. Af þessari skilgreiningu er ljóst að það er markaðurinn sem ræður því hver kynbótamarkmiðin eiga að vera.

Fullyrða má að eitt af aðalmarkmiðunum í kynbótum á laxfiskum hlýtur að vera að auka vaxtarhraða fiskanna. Aukinn vaxtarhraði leiðir til þess að fiskurinn kemst fyrr en ella upp í ákveðinn þunga. Þannig má stytta vaxtarskeiðið ef það er talið hagkvæmt. Eins má nota aukna vaxtargetu til þess að ná aukinni þyngd á fiskinum við slátrun án þess að þurfa að lengja vaxtartímann. Það er lausn sem getur hentað við aðrar aðstæður.

Það er galli á stofni laxfiska ef hátt hlutfall fiska verður kynþroska áður en þeir eru búnir að ná markaðsstærð. Við kynþroskann staðnar vöxtur fisksins. Hann leggur mikla orku í að framleiða hrogn og svil, hann tapar holdum og gæði fisksins til matar versna.

Norðmenn leggja mikið kapp á að velja til undaneldis þá stofna sem sýna síðbúinn kynþroska. Þeir ala sinn lax tvö ár í sjó og vilja ekki fá kynþroska fisk á fyrsta ári í sjó.

Aðferðir við kynbætur laxfiska.

Kynbætur á laxfiskum eru yfirleitt þannig í framkvæmd að margar hrygnur eru kreistar og hver hængur er látinn frjóvga hrogn úr nokkrum hrygnum. Hrognin úr hverri hrygnu eru klakin í sérstökum klakbakka og seiðin úr hverri hrygnu eru alin sér í keri þangað til þau eru orðin svo stór að hægt er að merkja þau með merki systkinahópsins. Eftir merkingu er öllum systkinahópnum blandað saman og þeir aldir upp við sömu aðstæður. Þegar að slátrun kemur er hluta hvers systkinahóps slátrað til að fá dóm á það hve góður hann er. Ákveðinn fjöldi fiska úr hverjum systkinahópi er geymdur þangað til uppgjöri er lokið. Þegar búið er að gera upp alla hópana er valið til kynbóta meðal geymdu hópanna. Aðeins bestu hóparnir koma til greina og úr þeim eru teknir bestu fiskarnir til kreistingar. Þannig verða bestu fiskarnir í bestu systkinahópunum foreldrar að næsta ættlið fiska.

Kynbætur á eldislaxi.

Norðmenn hafa stundað kynbætur á laxfiskum frá 1971 og fer hér á eftir lýsing á því hvernig þeir stóðu að verki.

Í byrjun kynbótastarfsins var safnað saman 40 mismunandi laxastofnum frá ýmsum stöðum í Noregi og þeir bornir saman. Í ljós kom mikill munur á vaxtargetu stofnanna og kynbótastarfið hefur einvörðungu byggst á framræktun og úrvali úr bestu stofnunum.

Aðferðin við kynbæturnar er í stórum dráttum eftirfarandi:

Valdir eru í byrjun álitlegir foreldrar, um 200 hrygnur og 50 hængar. Hrygnurnar eru kreistar og hver hængur látinn frjóvga hrogn úr 2–6 hrygnum. Hrognin úr hverri hrygnu klekjast í sérstökum klakbakka og þeim er komið fyrir sér í keri fram að þeim tíma að hægt er að merkja seiðin. Vanhöld við klak, frumfóðrun og eldi fram að merkinu er skráð og sömuleiðis vanhöld frá merkingu þar til seiðum er sleppt í sjó.

Þegar seiðin eru komin í göngubúning eru teknir 5 undirhópar úr hverjum afkvæmahóp og þeir sendir í vaxtarprófun í sjó hjá samvinnustöðvum í einkaeign sem taka við þeim og ala þá í nót í sjó í tvö ár fram til slátrunar. Þá senda samvinnustöðvarnar skýrslu um útkomurnar til tilraunastöðvarinnar og þar með er hægt að gera upp hvernig hver afkvæmahópur um sig hefur reynst fram til þess tíma.

Næsta stig er síðan það að afgangar afkvæmahópanna sem hafa verið í sjó á vegum tilraunastöðvarinnar eru teknir til nákvæmrar skoðunar eftir tvö ár í sjó. Þá er hver einstaklingur í þeim hópum veginn og merktur einstaklingsmerki. Þegar þær upplýsingar bætast við sláturupplýsingar úr samvinnustöðvunum er reiknuð kynbótaeinkunn fyrir hvern einstakling um sig í heimahópunum. Sú einkunn er síðan notuð til að velja hænga og hrygnur til undaneldis í næstu kynslóð.

Til þess að halda skyldleikarækt innan hæfilegra marka er reiknað út hve hár skyldleikaræktarstuðull afkvæma muni verða við pörun allra valinna hænga við allar valdar hrygnur. Ef reiknaður skyldleikaræktarstuðull úr einhverri pörun fer upp í 10% eða hærra kemur sú pörun ekki til greina.

Oftast eru valdar 150–200 hrygnur og 40–50 hængar til undaneldis úr hverjum árgangi. Fjöldinn í efri mörkunum er þegar skyldleikaræktarhætta er með meira móti.

Við útreikning á kynbótaeinkunn fyrir þá einstaklinga sem valdir eru til undaneldis á hverju ári er notuð svokölluð BLUP aðferð. Hún gefur hverjum einstakling vægi sem kynbótagrip eftir því hve vel hann reynist sem einstaklingur, eftir því hve vel alsystkini og hálfsystkini hafa reynst og í nokkrum mæli eftir frammistöðu fjarlægari ættingja.

Upplýsingar um fyrri ættliði í kynbótastarfinu eru geymdar í gagnabanka í tölvu Landbúnaðarháskólans á Ási og eru tiltækar þar þegar kemur að nýju uppgjöri. Upplýsingar um ætt allra einstaklinga allt aftur í byrjun kynbótastarfsins eru einnig geymdar í gagnabankanum og eru notaðar við útreikning á væntanlegum skyldleikaræktarstuðli úr hverri hugsanlegri pörun.

Arfgengi mikilvægra eiginleika.

Til þess að úrval skili árangri þurfa völdu einstaklingarnir að hafa betra erfðaeðli heldur en heildin sem valið er úr. Arfgengi eiginleikans sem verið er að kynbæta mælir hve mikið af yfirburðum völdu einstaklinganna skilar sér sem yfirburðir afkvæma þeirra yfir óvöldum stofni.

Sem dæmi má taka að úr 1000 hrygnum séu valdar 50 þyngstu hrygnurnar til undaneldis og sömuleiðis 50 þyngstu hængarnir úr 1000 hængum. Ef við notum fisk eftir eitt ár í sjó í svona tilraun má gera ráð fyrir að meðalþungi þeirra sé um 2,6 kg og staðalfrávik í þunga um 0,5 kg. Við þessar forsendur ættu 50 þyngstu laxarnir að vera um 3,6 kg að meðaltali, þ.e. yfirburðir þeirra yfir aðra fiska í ættliðnum eru um 1 kg.

Erlendis hefur verið reiknað út hvert sé arfgengi þunga laxa við slátrun og það er talið vera 0,36. Þetta merkir að 36% af frávikum einstaklinga frá meðaltali stafa af erfðabreytileika, en 64% af frávikunum stafa af umhverfissveiflum. Við arfgengið 0,36 eiga þá 36% af yfirburðum völdu laxanna að ganga að erfðum til afkvæmanna. Þau eiga með öðrum orðum að verða 0,36 kg þyngri heldur en afkvæmi óvalinna foreldra.

Völdu foreldrarnir eiga því að gefa afkvæmi sem eru 2,96 kg að meðaltali miðað við að óvaldir foreldrar gefi afkvæmi sem eru 2,6 kg að meðaltali.

Þess má ennfremur geta að arfgengi á síðbúnum kynþroska er 0,41.

Til að kynbætur á eldisfiski komi að almennum notum verður að byggja kynbótarstöðvar þar sem stjórn og meginframkvæmd kynbóta fer fram. Norðmenn hafa byggt tvær slíkar stöðvar, aðra á Sunndalsöra og hina á Kyrkjesæteröra.

Tilraunastöðin á Sunndalsöra.

Tilraunastöðin var stofnuð árið 1971. Þá var fiskeldi rétt að hefjast í Noregi.

Ástæðan fyrir því að Sunndalsöra varð fyrir valinu var sú að þar buðust til afnota 5 rúmmetrar á mínútu af 10 C heitu kælivatni frá mjög stóru vatnsraforkuveri á staðnum og auk þess nóg af köldu vatni, eða um 25 rúmmetrar á mínútu (rúmlega 400 lítrar á sekúndu).

Í stöðinni eru þrjú hús, samtals 1670 fermetrar, með 450 trefjaplastkerum af mismunandi stærðum. Ker fyrir afkvæmahópa af laxaseiðum eru 2 fermetrar, en eins fermetra ker fyrir afkvæmahópa af regnbogasilungi. Utanhúss eru 36 hringlaga steyptar tjarnir, hver um sig 10 metrar í þvermál. Í stöðinni starfa nú um 25 manns. Þar er einnig unnið að fjölþættum rannsóknum öðrum en kynbótum.

Á Sunndalsöra hafa einkum eldislax og regnbogasilungur verið kynbættir.

Kynbótastöðin á Kyrkjesæteröra.

Samtök fiskeldismanna hafa nú ákveðið að stofna sína eigin kynbótastöð sem verður öllu stærri í sniðum heldur en stöðin á Sunndalsöra. Bygging stöðvarinnar hófst árið 1985.

Meginverkefni stöðvarinnar verður hagnýtt kynbótastarf sem samtök fiskeldismanna fjármagna. Fyrirkomulag kynbótastarfsins er sniðið alfarið að heita má eftir kerfinu sem hefur verið þróað á tilraunastöðinni á Sunndalsöra.

Kynbótafiskurinn sem fyrst kom inn í stöðina var að mestu leyti kominn frá bestu stofnunum á Sunndalsöra, en auk þess höfðu verið teknir inn stofnar frá öðrum stöðum þar sem menn telja sig hafa náð mælanlegum kynbótaárangri. Verða þeir stofnar skoðaðir ítarlega til að kanna hvort þar er að hafa verðmætan efnivið sem getur bætt efniviðinn frá Sunndalsöra. Gert er ráð fyrir að hrognum verði dreift á 18 seiðaeldisstöðvar víðs vegar um landið sem sjá um að dreifa seiðum af stofninum um allan Noreg svo að kynbótaárangur skili sér sem fyrst.

Kostnaður við uppbyggingu stöðvarinnar á Kyrkjesæteröra er áætlaður um 32 milljónir norskra króna. Stöðin er að mestu komin upp en starfið er stutt á veg komið því að fyrstu seiðaárgangarnir eru úr hrognum frá haustinu 1985. Við stöðina starfa 15 manns. Stöðvarstjóri á kynbótastöðinni lætur hafa eftir sér eftirfarandi dæmi:

Ef miðað er við að Norðmenn framleiði um 60 000 tonn af eldislaxi á ári og gert er ráð fyrir að um 30 norskar krónur fáist fyrir kílóið af laxi er heildarverðmæti framleiðslunnar um 1,8 milljarðar norskra króna. Sé nú gert ráð fyrir að allir eldismenn nýti sér efnivið frá kynbótastöðvunum og reiknað með að kynbótaárangur sé um 3% á ári er verðmætaaukning vegna kynbótanna um 54 milljónir norskra króna á ári. Frá þessu söluverðmæti má draga um 20 milljónir norskra króna í rekstrarkostnað þannig að stöðin borgar sig á einu ári og rúmlega það.

Árangur kynbótastarfsins.

Árangur laxakynbótanna í Noregi hefur verið mjög mikill eða 3–5% aukning í vaxtarhraða á ári. Engar vísbendingar hafa komið fram um að farið sé að draga úr kynbótaframförinni.

Áhugavert er að skoða tímann sem það tekur að tvöfalda vaxtarhraðann með kynbótum miðað við mismunandi framför.

Framför á ári	Árafjöldi til að tvöfalda vöxt
3%	24 ár
4%	18 ár
5%	14 ár

Á það má benda í þessu sambandi að ættliðabilið í laxakynbótum í Noregi er 4 ár. Ýmislegt bendir til að stytta megi ættliðabilið í laxakynbótum á Íslandi niður í 3 ár. Við það eiga árlegar kynbótaframfarir að öðru jöfnu að geta aukist um 33%. Þá ættu 3–5% framfarir á ári að breytast í 4–6,7% framfarir, en með 6,7% framförum á ári tvöfaldast vöxturinn á 11 árum.

Kynbótaframfarirnar í Noregi hafa verið mældar með samanburði við óvalinn stofn sem hefur verið haldið við með tilviljanakenndu úrvali frá byrjun kynbótastarfsins og einnig með samanburði við villtan fisk.

Framfarir í kynbótum á regnbogasilungi hafa verið svipaðar og við kynbætur á laxi eða um 4% á ári.

Norðmenn hafa valið sinn kynbótafisk með hliðsjón af því að hann verði ekki kynþroska fyrr en eftir tvö ár í sjó. Árangurinn af þessu úrvali er sá að í flestum tilfellum verður ekki meira en 10% af fiskinum kynþroska eftir eitt ár í sjó.

Eftirspurn eftir kynbættum fiski.

Mikil eftirspurn er í Noregi eftir hrognum úr kynbættum laxi frá Sunndalsöra. Á þessu ári hafa fiskeldismenn beðið um 15 000–20 000 lítra af hrognum þaðan, en hámarksframleiðsla getur varla orðið yfir 4000 lítrar. Kynbótastöðin á Kyrkjesæteröra hefur því miklu hlutverki að sinna þegar hún kemst í gagnið.

Sérstaða Íslands í kynbótum laxfiska.

Hér á Íslandi er framleiðsla á laxi lítil t.d. miðað við Noreg, en miklar líkur eru á að laxeldi geti orðið mikilvæg atvinnugrein hér. Til þess að vera samkeppnisfærir í framtíðinni um sölu á laxi verðum við að hefja kynbætur til að auka arðsemi eldisins.

Af landfræðilegum ástæðum getum við sennilega ekki stundað sams konar eldi og Norðmenn, þ.e. kvíaeldi í sjó allt árið um kring, nema í einstöku tilfellum. Til þess eru veður of óhagstæð við strendur landsins. Hafbeit er aftur á móti hefðbundin eldisgrein hér á landi og þar hefur fengist mikil reynsla á undanförnum árum.

Ísland er það land í Evrópu sem hefur hvað best skilyrði til að stunda hafbeit sökum þess að laxveiðar í sjó eru bannaðar og endurheimtur eru góðar.

Kynbætur á hafbeitarlaxi koma sterklega til greina til að auka þyngd fisks úr sjó og einnig hugsanlega til að auka endurheimtur. Þekking á kynbótamöguleikum í hafbeit er mjög takmörkuð en ýmislegt bendir til að þær eigi að geta skilað árangri. Einnig koma fleiri eldisaðferðir til greina þar sem hægt er að stunda kynbætur, svo sem strandeldi þar sem lax er alinn til slátrunar í kerum á landi eða skiptieldi þar sem lax er alinn í kerum á landi og fluttur í kvíar í sjó á sumrin þegar veður og hitastig sjávar eru hagstæð. Sennilega má gera ráð fyrir því að kynbættur eldisfiskur skili yfirleitt betri vexti heldur en óvalinn fiskur, enda þótt hann sé færður yfir að nýjum eldisaðstæðum.

Huga þarf vel að kynbótamarkmiðum og væntanlegum árangri í kynbótum áður en lagt er út í miklar fjárfestingar á þessu sviði.

Hér er ástæða til að benda á að Íslendingar hafa mikla sérstöðu í hafbeit, langa reynslu og góðan árangur eins og áður er bent á. Þess vegna ætti að láta úttekt á kynbótamöguleikum á hafbeitarlaxi ganga fyrir öðrum kynbótaverkefnum.

Sþ. 801. Tillaga til þingsályktunar [451. mál]

um sama gjald fyrir símaþjónustu á öllu landinu.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Geir Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Ragnar Arnalds, Skúli Alexandersson, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

a. að gera áætlun um uppbyggingu símakerfisins og símaþjónustu sem geri það kleift að jafna gjaldskrá símans í áföngum með það að markmiði að landið verði allt eitt gjaldsvæði innan þriggja ára,
b. að tryggja að kostnaður vegna símtala við stjórnsýslustofnanir verði hinn sami hvar sem er á landinu fyrir árslok 1988,
c. að gera ráðstafanir til að gjaldskrárbreyting skv. a-lið verði ekki íþyngjandi fyrir elli- og örorkulífeyrisþega.

Greinargerð.

Ör þróun hefur verið í síma og fjarskiptatækni undanfarin ár. Póst- og símamálastofunin hefur fylgst vel með á þessu sviði og miklar hagsbætur náðst fram fyrir notendur með sjálfvirku sambandi.

Undanfarin ár hefur verið unnið markvisst að því að koma sveitabæjum í sjálfvirkt samband og er því verkefni nú lokið. Unnið hefur verið að stækkun símstöðva og samtengingu í greinarstöðvum sem eru 20 í landinu auk svæðisstöðvar í Vestmannaeyjum. Stefnt hefur verið að því að jafna gjöld innan hvers svæðisnúmers en mikill munur er á gjöldum fyrir innansvæðis- og langlínusamtöl.

Þetta veldur því að íbúar landsbyggðarinnar búa almennt við mun hærri símakostnað en fólk á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt mælingum Póst- og símammálastofnunarinnar á símaumferð á árinu 1985 virtist 75% skrefa á landsbyggðinni vera vegna langlínunotkunar en aðeins 40% á Reykjavíkursvæðinu. Miðað við meðalsamtalslengd, 3–3,5 mín. á langlínu, lætur nærri að mati Pósts og síma að hver mínúta í langlínusamtali kosti nú rúmlega 7 sinnum meira en í innanbæjarsamtali.

Mikill hluti langlínusamtala fer nú fram þráðlaust um örbylgjusambönd. Fjárfesting vegna símtala milli landshluta er þannig í engu hlutfalli við vegalengdir þótt takmörk séu fyrir því hve langt má vera á milli örbylgjustöðva. Kostnaður vegna langlínusamtala er óháður vegalengd ef á annað borð er talað út fyrir svæði viðkomandi stöðva. Sá gífurlegi munur, sem er nú á langlínu- og innanbæjarsímtölum, er þannig mjög langt frá því að endurspegla raunkostnað vegna langlínukerfisins.

Þann 1. júlí 1987 voru gerðar ýmsar breytingar á uppbyggingu gjaldskrár Pósts og síma, m.a. voru gjaldsvæði þá stækkuð.

Tæknilegir möguleikar eru á því að landið allt geti orðið eitt gjaldsvæði þar sem sama gjald væri reiknað fyrir notkun óháð vegalengdum. Þannig er unnt að jafna að fullu símakostnað meðal landsmanna, óháð búsetu, og er þetta því aðeins spurning um pólitískan vilja og stefnumörkun af hálfu Alþingis.

Jöfnun símgjalda á þremur árum.

Með þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir að móta stefnu sem feli það í sér að innan þriggja ára verði landið allt orðið eitt gjaldsvæði og fylgt verði áætlun um uppbyggingu símakerfisins og símaþjónustu sem geri kleift að ná þessu marki í áföngum.

Vísað er til umsagnar póst- og símamálatjóra um hliðstæða tillögu á síðasta þingi, en hún er birt í fylgiskjali á eftir þessari greinargerð. Þar kemur m.a. fram að ef aðeins yrði um einn gjaldflokk að ræða þyrfti gjald fyrir þriggja mínútna staðarsímatal að hækka um 215% til að tekjur Pósts og síma minnkuðu ekki miðað við óbreyttar símavenjur. Stofnunin telur erfitt að meta hve mikil áhrif slíkar verðbreytingar hefðu á símanotkun en að líkindum krefðust þær töluverðra fjárfestinga í langlínukerfinu.

Að mati flutningsmanna þarf að leggja í verulegan hluta þess kostnað hvort eð er vegna núverandi og komandi álagstakmarkana, óháð gjaldskrárbreytingum.

Rétt er að vekja athygli á að símnotendur á höfuðborgarsvæðinu í heild greiddu hærri upphæð fyrir notkun á langlínukerfi en fyrir staðarsímtölin. Lækkun langlínutaxtanna kemur því einnig Reykvíkingum til góða.

Samkvæmt c-lið tillögunnar er gert ráð fyrir sérstökum aðgerðum til að umrædd gjaldskrárbreyting verði ekki íþyngjandi fyrir elli- og örorkulífeyrisþega en nokkur hluti þess hóps nýtur nú þegar undanþágu frá greiðslu afnotagjalda.

Sama gjald fyrir símtöl við stjórnsýslustofnanir.

Með svonefndum stafrænum símstöðvum, sem nú eru óðum að leysa eldri kerfi af hólmi, er auðvelt að velja úr tiltekin númer þar sem gjald yrði hið sama fyrir notanda óháð því hvaðan af landinu er hringt. Samkvæmt b-lið þingsályktunartillögunnar er gert ráð fyrir að slíkri jöfnun verði komið á vegna símtala við stjórnsýslustofnanir hvar sem er á landinu á árinu 1988. Slíkt getur létt undir með fólki, einkum á landsbyggðinni, sem miklu kostar til í samtöl við opinbera aðila á höfuðborgarsvæðinu. Því virðist sjálfsagt réttlætismál að koma á slíkri jöfnun strax og það er tæknilega viðráðanlegt, sbr. umsögn póst- og símamálastjóra á fylgiskjali.

Rétt er að benda á að sú jöfnun símakostnaðar, sem tillagan gerir ráð fyrir, gagnast ekki aðeins einstaklingum heldur og atvinnurekstri og er því liður í jöfnun á starfsaðstöðu fyrirtækja um allt land. Gildir þetta einnig um tölvuþjónustu og upplýsingamiðlun sem mjög mun færast í vöxt um símakerfi landsins á næstu árum og skiptir miklu að í þeim greinum verði mönnum ekki mismunað eftir búsetu.

Umsagnir.

Tillaga þessi var fyrst lögð fram vorið 1985 og hefur síðan tvívegis verið endurflutt. Allsherjarnefnd leitaði umsagnar um tillöguna hjá ýmsum aðilum og eru svör þeirra birt í fylgiskjali hér á eftir.

Stöðugt verður brýnna að stjórnvöld grípi til róttækra aðgerða til að jafna aðstöðu manna óháð búsetu. Tillaga þessi varðar einn þátt þeirra mála.

Sú jöfnun á símgjöldum, sem tillagan gerir ráð fyrir, er mikið sanngirnismál og tæknilega auðleysanlegt. Því er tillagan nú endurflutt í von um jákvæða afgreiðslu af hálfu þingsins.

Fylgiskjal.

UMSAGNIR UM ÞINGSÁLYKTUNARTILLÖGUNA SENDAR ALLSHERJARNEFND SAMEINAÐS ÞINGS Á ÁRUNUM 1985–1987.

I.
Umsögn Póst- og símamálastofnunar.
(9. febr. 1987.)

Tillagan er í þremur liðum og verður svarað í samræmi við það.

A. Gera skal áætlun um uppbyggingu símakerfisins og símaþjónustu sem geri það kleift að jafna gjaldskrá símans í áföngum með það að markmiði að landið verði allt eitt gjaldsvæði innan fimm ára.

Undanfarin ár hafa flestir taxtar langlínusímtala lækkað verulega gagnvart staðarsímtölum og hefur Póst- og símamálastofnunin stefnt að því að lækka gjöld fyrir sjálfvirk langlínusímtöl enn frekar, m.a. vegna minnkandi kostnaðar við langlínukerfin.

Nýlega ákvað samgönguráðherra að leggja niður gjaldflokk 1 og sameina gjaldflokki 0, þó með því fráviki að dagtaxti, þ.e. 360 sek. milli skrefa, gilti allan sólarhringinn fyrir sjálfvirk símtöl milli símstöðva innan sömu greinistöðvar, þar til

annað yrði ákveðið. Framkvæmd er að mestu lokið. Er þetta gert í framhaldi af miklum breytingum undanfarin ár innan þessa gjaldflokks.

Enn fremur eru til athugunar hjá samgönguráðherra, samkvæmt hans beiðni, breytingartillögur sem eru enn frekara skref í þá átt að jafna símakostnað landsmanna.

Ef þær tillögur, sem lengra ganga, verða samþykktar breytist hlutfallið milli lægsta og hæsta gjaldflokksins úr 1:10,7 í 1:5,5 á dagtaxta fyrir þriggja mínútna símtal. Ef hins vegar væri aðeins um einn gjaldflokk að ræða þá yrði gjald fyrir þriggja mínútna staðarsímtal að hækka um 215% til að símtalatekjur fyrirtækisins minnkuðu ekki miðað við óbreyttar símavenjur notenda.

Mjög erfitt er að meta hve mikil áhrif slíkar verðbreytingar hefðu á símanotkun. Líklegt er að þær mundu draga verulega úr staðarumferð en auka hins vegar mjög langlínuumferð sem krefðist aftur á móti töluverðra fjárfestinga í langlínukerfinu.

Stofnunin telur það því ekki rétt eins og er að sameina alla gjaldflokka í einn en stefnir hins vegar að því að færa þá nær raunkostnaði eins og reyndar alla aðra þjónustu sem hún lætur í té.

B. Tryggja skal að kostnaður vegna símtala við stjórnsýslustofnanir verði hinn sami hvar sem er á landinu fyrir árslok 1987.

Tæknilega séð er hægt að koma þessu á og má t.d. nota til þess ákveðin sérnúmer, O1xx, á bilinu 0100–0199 fyrir þær stjórnsýslustofnanir og önnur þau fyrirtæki sem áhuga kynnu að hafa á sams konar þjónustu.

Fyrir hvert símtal greiddi sá sem hringir eins og fyrir venjulegt innanbæjarsímtal, en sá sem hringt er í það sem upp á vantar.

C. Gera skal ráðstafanir til að gjaldskrárbreyting skv. a-lið verði ekki íþyngjandi fyrir elli- og örorkulífeyrisþega.

Stofnunin telur þetta tryggingamál.

Ólafur Tómasson

póst- og símamálastjóri.

II.

Umsögn Neytendasamtakanna um þingsályktunartillögur sem lagðar voru fram á 109. löggjafarþingi.

Efni:

Beiðni yðar um umsögn Neytendasamtakanna um tillögur til þingsályktunar:

1. um sama gjald fyrir símaþjónustu á öllu landinu, *5. mál.*
2. um auglýsingalöggjöf, *84. mál.*
3. um afnám einokunar ríkisins á innflutningi og sölu áfengis og tóbaks, *154. mál.*
4. um efnislegar breytingar á gjaldskrám þjónustustofnana, *156. mál.*

Stjórn Neytendasamtakanna hefur fjallað um þessar þingsályktunartillögur og samþykkt eftirfarandi:

1. Það er grundvallaratriði í stefnu Neytendasamtakanna að hver neytandi greiði við kaup á þjónustu réttmætan kostnað hennar.

Lagt er til að allur símakostnaður verði jafn innan lands án tillits til vegalengdar. Rökin fyrir þessari breytingu eru annars vegar að örbylgjusambönd gera vegalengdarkostnað vegna símtala miklu lægri en áður var. Sjálfsagt er að allir notendur síma njóti þess í lægri símgjöldum. Benda má á að tregðulögmál ríkir hjá opinberum aðilum við að lækka verð í samræmi við lækkaðan kostnað. Hér þarf að vera vel á verði fyrir hönd neytenda. Hin rökin fyrir jöfnun símgjalda, án tillits til búsetu, eru byggðarsjónarmið.

Stjórn Neytendasamtakanna samþykkir B-lið í þingsályktunartillögunni. Hér er um sjálfsagt réttlætismál að ræða sem víða erlendis hefur komist á fyrir löngu.

2. Stjórn Neytendasamtakanna mælir með samþykkt þingsályktunartillögunnar en leggur jafnframt áherslu á að nefndin verði ekki bundin við þingmenn eingöngu. Eftirtaldir aðilar fái einnig að skipa nefndina: Neytendasamtökin, Samband íslenskra auglýsingastofa, Verslunarráð Íslands og Blaðamannafélag Íslands.
3. Stjórn Neytendasamtakanna tekur ekki afstöðu til þessarar þingsályktunartillögu.
4. Stjórn Neytendasamtakanna mælir með samþykkt þingsályktunartillögunnar.

Guðsteinn V. Guðmundsson

framkvæmdastjóri.

III.
Umsögn samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi.
(15. apríl 1986.)

Á stjórnarfundi, sem haldinn var í gær, var eftirfarandi bókað:

„Lagt var fram bréf allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um sama gjald fyrir símaþjónustu á öllu landinu, 4. mál.

Samþykkt var að senda bókun sem gerð var fyrir tæpum tveimur árum af tilefni annarrar hliðstæðrar þingsályktunartillögu en hún er svohljóðandi:

„Landshlutasamtök sveitarfélaga hafa markað þá framtíðarstefnu að eðlilegt sé að ein og sama gjaldskrá gildi um land allt eins og nú er víða viðurkennt, t.d. í póstþjónustu og útvarpsþjónustu. Forsenda núverandi gjaldskrár er handvirkt kerfi með jarðstrengjum og umtalsverðri vinnuaflsþörf til að koma við langlínusamtölum. Þær forsendur eru löngu brostnar. Sannað er að hið dýra langlínukerfi hefur greitt niður mun ódýrari staðarsímtöl. Tæknibyltingin hefur aðeins að litlu leyti sett mark sitt á gjaldskrá símans. Ranglætið í uppbyggingu hennar er yfirþyrmandi öllum þeim sem nenna að kynna sér hana og forsendur hennar í nútíma. Sem lið í leiðréttingu hennar og sem spor í rétta átt mælum við með samþykkt umræddrar þingsályktunartillögu, 107. mál."

Varðandi C-lið fyrirliggjandi tillögu telur stjórnin eðlilegra að sérstök réttindi elli- og örorkulífeyrisþega verði greidd af almennu kerfi Tryggingastofnunar ríkisins fremur en að þau greiðist eingöngu af notendum símakerfisins með tilheyrandi gjaldskráráhrifum."

Þetta tilkynnist yður hér með.

Guðjón Ingvi Stefánsson.

IV.
Umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga.
(8. apríl 1986.)

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga fagnar þeim mikla árangri sem náðst hefur við að koma símakerfi landsmanna í nútímalegt horf. Sér í lagi fagnar stjórnin þeim stóra áfanga að hinar dreifðu byggðir landsins hafa nú verið tengdar hinu sjálfvirka símakerfi til stóraukins hagræðis og öryggis.

Stjórn Fjórðungssambandsins er ljóst að þótt gerðar hafi verið ýmsar jákvæðar breytingar til jöfnunar og hlutfallslegrar lækkunar á gjaldskrám símaþjónustunnar hefur hin mikla uppbygging á símakerfinu hvílt tiltölulega þyngra á þeim sem háðir eru notkun á langlínukerfinu vegna hárrar gjaldtöku fyrir afnot af því.

Það hefur verið og er álit stjórnar Fjórðungssambandsins að jafna þurfi sem mest og skjótast þann mikla mun sem enn er á gjaldtöku fyrir langlínu- og staðarsímtöl.

Þá er stjórnin fylgjandi því að svo lengi sem ójöfnuður ríkir í gjaldtöku fyrir langlínu- og staðarsímtöl verði jafn dýrt að hringja í stjórnvaldsstofnanir, hvaðan og hvert sem hringt er.

Stjórn Fjórðungssambandsins telur að ívilnun aldraðs fólks varðandi afgjald af síma eigi að koma frá Tryggingastofnun ríkisins, en ekki sem eins konar framfærslueyrir frá Póst- og símamálastofnuninni með gjaldskráráhrifum hjá þeirri stofnun.

Þá telur stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga fráleitt að alþingismenn skattleggi Póst- og símamálastofnunina, svo sem gert var við afgreiðslu fjárlaga 1986. Slík skattlagning dragi úr líkum á lagfæringu á gjaldtöxtum og leggist þar af leiðandi með óbeinum hætti tiltölulega þyngst á þá sem neyddir eru til að nota fjarskiptakerfið þar sem gjaldtakan vegur þyngst.

Jóhann T. Bjarnason.

V.
Umsögn Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi.
(17. mars 1986.)

Á fundi stjórnar Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, sem haldinn var á Egilsstöðum 12. mars sl., var tekið fyrir erindi frá allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis þar sem farið er fram á umsögn um eftirfarandi þingsályktunartillögur:

1. Um sama gjald fyrir símaþjónustu á öllu landinu, *4. mál.*
2. Um gerð frumvarps til stjórnskipunarlaga um fylkisstjórnir, *17. mál.*

Eftirfarandi bókun gerð:

„Stjórnin lýsti sig fylgjandi tillögum um sama gjald fyrir símaþjónustu á öllu landinu.

Formaður gerði grein fyrir síðari tillögunni og urðu um hana allmiklar umræður. Í umræðum mættu ýmsir þættir hennar efasemdum og andstöðu, en jafnframt kom fram eindreginn vilji stjórnar að landsbyggðin fái meira vald í sínum málum og réttlátari hlutdeild en nú er í þeim auði sem verður til í sveitarfélögunum."

Eftirfarandi tillaga var samþykkt samhljóða:

„Stjórn SSA er eindregið þeirrar skoðunar að efla þurfi landshlutastjórnir og minnka miðstýringu, en telur vafasamt hvort skynsamlegt sé að gera það með fylkisstjórnum sem kosið yrði sérstaklega til í almennum kosningum. Ef fylkisstjórnir yrðu kjörnar með þessum hætti er hætta á að tengsl landshlutastjórna og sveitarfélaga yrðu ekki tryggð. Eðlilegra er að sveitarstjórnir velji fulltrúa sína í landshlutastjórnir sem færu með ákvörðunar- og fjárveitingavald í sameiginlegum málum þeirra. Því getur stjórnin ekki samþykkt tillögu til þingsályktunar um fylkisstjórnir eins og hún liggur fyrir."

Sigurður Hjaltason.

VI.
Umsögn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar.
(16. jan. 1986.)

Efni:

Tillaga til þingsályktunar um sama gjald fyrir símaþjónustu á öllu landinu, 4. mál.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um sama gjald fyrir símaþjónustu á öllu landinu.

Í upplýsingaöflun um mál þetta hefur komið í ljós að mjög erfitt er og verður að áætla kostnað samfara þessari breytingu. Að mati sérfróðra manna mun breytingin verða gífurlega dýr. Í fyrsta lagi þurfa langlínukerfi verulegrar stækkunar við umfram það sem þyrfti ef ekki yrði farið út í þessa breytingu. Hér er einnig átt við umfram það sem séð er fyrir að þarf að gera hvort eð er vegna álagstakmarkana og vegna meiri notkunar ef langlínusamtöl yrðu lækkuð frá því sem nú er.

Í öðru lagi munu innanbæjarsímtöl hækka mjög mikið vegna tilfærslu gjaldtöku frá langlínusamtölum til innanbæjarsamtala eða innansvæðissamtala. Hlutfallstölur sem nefndar hafa verið eru á bilinu 33% að meðaltali og allt að 130% hjá þeim notendum sem einungis nota símann innan bæjar. Er þetta byggt á þeirri forsendu að notkun símans héldist óbreytt. Ekki er tekið tillit til fjármögnunarkostnaðar og þyrfti gjaldskrá að hækka enn meir ef tekjur ættu að standa undir þeim kostnaði.

Með innanbæjarsímtölum er auðvitað ekki eingöngu átt við símtöl innan höfuðborgarsvæðisins heldur öll þau svæði þar sem talið er í samræmi við innanbæjarnotkun. Leiðir það hugann að því að breyting sem þessi þingsályktunartillaga gerir ráð fyrir felur í raun í sér tilfærslu kostnaðar frá fyrirtækjum og stofnunum til einstaklinga. Meiri hluti einstaklinga úti á landi notar ekki langlínusamtöl meira en einstaklingar á höfuðborgarsvæðinu. Hækkun innanbæjarsímtala kæmi því ekki síður niður á einstaklingum úti á landi.

Tæknilega séð verður innan tiltölulega skamms tíma unnt að koma í kring B-lið þingsályktunartillögunnar um innanbæjartalningu á símtölum við stjórnsýslustofnanir hvaðan sem hringt yrði. Hér má ef til vill segja að um réttlætismál sé að ræða en þó er vafamál hversu mikið einstaklingar úti á landi þurfa að kosta til í samtölum við opinbera aðila í Reykjavík. Sú breyting myndi fremur gagnast atvinnufyrirtækjum og svo helst opinberum stofnunum úti á landi.

Niðurstöður:

1. Endanlegt kostnaðarmat er ekki unnt að gera nákvæmlega. Fullkomin jöfnun þannig að allt landið verði eitt gjaldsvæði yrði gífurlega dýr framkvæmd.
2. Slík framkvæmd hefði í för með sér mjög mikla hækkun gjaldskrár fyrir innanbæjarsímtöl. Sú hækkun kæmi ekki eingöngu niður á notendum á Stór- Reykjavíkursvæðinu heldur einnig úti á landi. Sérstaklega kæmi hún niður á þeim sem lítið nota langlínu og yrði því vafalaust um kostnaðartilflutning að ræða frá fyrirtækjum og stofnunum til einstaklinga.
3. Samkvæmt skoðun sérfróðra manna er í dag of mikill munur á verði langlínusímtala og innanbæjarsímtala. Þann mun má minnka án þess að ganga alla leið til jöfnunar sem þeir vara eindregið við. Einnig er athugunarvert að stækka svæði þannig að innanbæjarsímtöl eða lægri talning væri innan stærra svæðis en nú er.

VII.
Umsögn Fjórðungssambands Norðlendinga.
(7. jan. 1986.)

Með bréfi dags. 5. des. sl. æskir allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis umsagnar Fjórðungssambands Norðlendinga um tillögu til þingsályktunar um sama gjald fyrir símaþjónustu á öllu landinu, 4. mál.

Á fundi fjórðungsstjórnar 13. des. sl. var samþykkt að mæla með samþykkt tillögunnar, þ.e. efnisatriðum tillögunnar, sbr. fyrirsögn hennar sem kom fram í A-lið. Varðandi B-lið er það að segja að sá liður er nánast óframkvæmanlegur ef ætlast er til að sama gjald sé fyrir símaþjónustu við allar stjórnsýslustofnanir landsins. Þetta getur nánast spillt, kostnaðarins vegna, samræmingu gjaldskrárákvæða í landinu. C-liður er óþarfur og órökréttur ef efnisatriði A-liðar komast til framkvæmda.

Áskell Einarsson.

VIII.
Umsögn samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.
(18. des. 1985.)

Umsögn SASS „um sama gjald fyrir símaþjónustu á öllu landinu".

Á fundi stjórnar SASS 13. des. sl. var þetta mál rætt og eftirfarandi bókun gerð:

„... Stjórn SASS tekur undir þessa tillögu og telur hana vera mikið réttlætismál."

Þess má geta að á aðalfundum SASS hafa þessi mál verið mikið rædd og einhugur er fyrir því að a.m.k. sé sama gjald innan 99- og 98-svæðisins.

Hjörtur Þórarinsson

framkvæmdastjóri.

Sþ. 802. Tillaga til þingsályktunar [452. mál]

um gjafsóknarreglur.

Flm.: Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða ákvæði laga um gjafsókn í ljósi fenginnar reynslu með það fyrir augum að auðvelda efnalitlu fólki að ná rétti sínum að lögum.

Greinargerð.

Alkunn er sú grundvallarregla laga og réttar nú á tímum að allir menn hafi rétthæfi allt sitt líf frá vöggu til grafar. En rétthæfi er hæfi til að eiga réttindi og bera skyldur. Íslenskt þjóðskipulag er enn fremur reist á þeirri meginforsendu að allir skuli vera jafnir fyrir lögunum. Þessi regla er að vísu hvergi skráð berum orðum í stjórnarskránni. En segja má að andi hennar svífi yfir vötnunum. Það mun og mála sannast að óvíða hafi löggjöf verið færð svo mjög til samræmis við þessa jafnréttisreglu og hér á landi.

Á hinn bóginn getur aðstaða manna til að ná rétti sínum verið mjög misjöfn. Það fer mikið eftir efnum og ástæðum og ýsmum atvikum. En öll réttarríki, sem vilja kenna sig við menningu og mannúð, hljóta að leggja kapp á að styðja þegna sína til sjálfsbjargar og gera þeim kleift að ná rétti sínum og njóta hans.

Um gjafsókn er fjallað í XI. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði. Þar er orðið gjafsókn notað bæði um gjafsókn og gjafvörn. Þar segir m.a. að dómsmálaráðuneytið veiti gjafsókn. Athuga skuli málstað umsækjanda eftir föngum áður en gjafsókn er veitt. Gjafsókn megi m.a. veita kirkjum, skólum og sjúkrahúsum og stofnunum sem hafa að markmiði umönnun sjúkra og aðra mannúðar- og líknarstarfsemi. Enn fremur einstökum mönnum sem eru svo illa stæðir fjárhagslega að þeir mega ekki án þess fjár vera frá framfærslu sinni eða sinna, eða frá atvinnurekstri sínum er fara mundi til málsins.

Nokkrum ákvæðum einkamálalaganna hefur verið breytt og önnur hafa verið í endurskoðun. En að meginstofni til eru þau rúmlega hálfrar aldar gömul. Þau hafa dugað vel, en eðli laga er að breytast með breyttum tímum því að öll löggjöf ber „keim og eim síns aldarfars". Hún er barn síns tíma. Engum lögum á þó að breyta breytinganna vegna heldur aðeins ef ný viðhorf og nýjar þarfir krefjast þess.

Í framhaldi af þessu er rétt að nefna nokkur atriði úr lögum og framkvæmd laga sem leggja verður höfuðáherslu á og öll ganga í þá átt að upplýsa almenning og aðstoða eftir bestu föngum.

Öll fræðsla er afar mikilvæg. Þar verður sjálft dómsmálaráðuneytið að ganga á undan með góðu fordæmi svo sem sjálfsagt er. Vel fer á því að mínum dómi að þar starfi sérstakur upplýsingafulltrúi sem leiðbeint getur fólki og gefið því góð ráð um það hvernig það fái náð rétti sínum með skjótum og öruggum hætti. Að sjálfsögðu leggur ráðherra sjálfur ásamt öllu starfsfólki ráðuneytisins kapp á að greiða götu manna með ráðum og dáð.

Þá er næst að nefna dæmi um opinbera starfsmenn sem vinna á vegum ráðuneytisins um allt land, beint og óbeint.

Hlutverk lögreglumanna er að halda uppi lögum og reglu, en jafnframt að „greiða götu manna þar sem það á við" eins og segir í lögunum. Þetta á að vera eitt af meginboðorðum löggæslumanna.

Sýslumenn, bæjarfógetar og sérstakir lögreglustjórar starfa hver á sínum vettvangi um allt land (í Reykjavík: borgardómari, borgarfógeti, sakadómari, lögreglustjóri, tollstjóri, svo og Rannsóknarlögregla ríkisins, segir í lögum). Þessi embætti eru ákaflega mikilvægar stofnanir að því leyti að þau veita landsmönnum afar þýðingarmikla þjónustu og miðla hagnýtum upplýsingum til þeirra sem þangað leita til þess að reka réttar síns á einn eða annan veg. Þessi þjónusta er ýmist lögbundin (leiðbeiningarskylda) eða veitt af fúsum og frjálsum vilja. Um embættin úti á landsbyggðinni hefur verð sagt að þau væru eins konar lögfræðilegar tryggingastofnanir fyrir fólkið sem þangað leitar með vandamál sín, smá og stór, og að sjálfsögðu jafnframt raunverulegur hluti af Tryggingastofnun ríkisins þar sem sýslumenn og bæjarfógetar hafa frá öndverðu verið umboðsmenn þeirrar merku stofnunar hver á sínum stað og eiga því auðvelt með að fræða fólk um allt sem lýtur að almannatryggingum.

Samkvæmt lögum nr. 13 frá 1987 hefur Alþingi nýlega kosið sérstakan umboðsmann. Hlutverk hans á að vera að kappkosta að tryggja góða opinbera stjórnsýslu. Hann á að sjá um að stjórnvöld beiti ekki nokkurn mann rangindum. Það er með öðrum orðum réttaröryggi þegnsins, einstaklingsins, sem umboðsmaður skal gera sér far um að tryggja sem best. Það verður allvandasamt verk að móta þetta nýja starf. Tvennt verður að hafa í huga:

Í fyrsta lagi að hér verði ekki um of viðamikið og kostnaðarsamt bákn að ræða. Í annan stað að hinn nýi embættismaður fái næga fjárveitingu til þess að lögin megi ná tilgangi sínum og geti orðið skjöldur og skjól þegnanna.

Loks vil ég nefna lögfræðiþjónustu Orators við almenning. Árum saman hefur Orator, félag lögfræðinema við Háskóla Íslands, boðið almenningi upp á ókeypis lögfræðilega aðstoð um tíma á hverjum vetri. Í þessu skyni hefur félagið fengið nokkurn styrk af opinberu fé. Lengi hefur Orator verið eitt allra öflugasta og athafnasamasta félag í Háskólanum. Á þess vegum er *Úlfljótur* sem telja má eitt elsta og virtasta lögfræðitímarit landsins og komið hefur út reglulega um áratugaskeið. Leiðbeiningarþjónusta laganema við almenning er mjög svo virðingarverð. Hún er í senn skóli fyrir þá sjálfa þar sem þeir geta séð svipmyndir af raunhæfum verkefnum, sem þeirra bíða í lífinu sjálfu, svo og aðstoð og hjálp við hinn almenna borgara sem er hollt að veita liðsinni eftir bestu getu.

Öll þau dæmi, sem nefnd eru hér að framan, eiga það sameiginlegt að það kostar allmikið fé að framkvæma þau á þann veg að heitið geti góð þjónusta við almenning í landinu. Það er ekki nóg að setja saman góða löggjöf ef efni skortir til að framkvæma hana svo sem vera ber. En við verðum að horfast í augu við þá staðreynd að það er dýrt að reka fámennt þjóðfélag af fullri reisn því að „margs þarf búið við".

En sjálfstæðisbaráttan er eilíf og dagleg lífsbarátta verður að miðast við það að sérhver þjóðfélagsþegn fái náð þeim rétti sem honum ber að lögum og notið hans.

Sþ. 803. Tillaga til þingsályktunar [453. mál]

um ráðstafanir gegn atvinnuleysi og fólksfækkun á Suðurlandi.

Flm.: Óli Þ. Guðbjartsson, Margrét Frímannsdóttir, Albert Guðmundsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Guðmundur Ágústsson, Hreggviður Jónsson.

Alþingi ályktar að kjósa níu manna nefnd til þess að leita allra leiða til að snúa við þeirri óheillaþróun sem undanfarið hefur orðið á Suðurlandi, einkum austan Þjórsár, sökum atvinnuleysis og fólksfækkunar.

Nefndin vinni með fulltrúum sveitarstjórna, atvinnurekenda, bænda og launþegasamtaka á Suðurlandi ásamt Byggðastofnun að þessu verkefni.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Öllum er kunnugt að landsbyggðin á nú æ meir undir högg að sækja í samskiptum og samkeppni við höfuðborgarsvæðið.

Óvíða hefur þessi óheillaþróun leitt til jafnmikils vanda sem á Suðurlandi, einkum austanverðu.

Þrjár meginástæður eru einkum taldar liggja þar til grundvallar.

1. Samdráttur og annar vandi í landbúnaði.
2. Samdráttur og raunar stöðvun virkjanaframkvæmda.
3. Rekstrarvandi í iðnaði, einkum vefjariðnaði.

Enda þótt vandi fólks víða á landsbyggðinni sé mikill í samanburði við höfuðborgarsvæðið mun óhætt að fullyrða að hvergi er hann jafnmikill og á fyrrnefndu svæði.

Þess vegna er ljóst að úrbóta er ekki að vænta nema hart verði brugðist við og allra hugsanlegra leiða sé leitað til að þessari þróun verði snúið til betri vegar.

Til þess þarf samstillt átak mjög margra aðila, bæði í héraði og stjórnkerfi ríkisins. En tækist hér vel til gæti það viðreisnarstarf einnig orðið öðrum héruðum til hagsbóta og þar með lagt grunn að raunhæfri, hagstæðri byggðaþróun.

Til að stuðla að því samstillta átaki er tillaga þessi flutt.

Nd. 804. Frumvarp til laga [454. mál]

um breytingu á lögum nr. 86 4. júlí 1985, um viðskiptabanka.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 2. mgr. 5. gr. komi nýr málsliður svohljóðandi: Bönkum og viðurkenndum fjármálastofnunum, sem eiga lögheimili og varnarþing erlendis, skal þó heimilt að eiga á hverjum tíma samtals allt að 25% hlutafjár.

2. gr.

Í stað „Bankaráð setur og að fenginni umsögn bankastjórnar almennar reglur um lánveitingar bankans sem sendar skulu bankaeftirlitinu.“ í 4. mgr. 21. gr. komi: Bankaráð setur og að fenginni umsögn bankastjórnar almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir bankans, þar með um hámark lána til einstakra lántakenda og tryggingar fyrir lánum. Reglur þessar skal endurskoða eigi sjaldnar en árlega og skulu þær sendar bankaeftirlitinu sem láta skal í té álit á þeim hverju sinni.

3. gr.

2. mgr. 33. gr. hljóði svo:

Bankaráðsmenn skulu ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í. Sama gildir um þátttöku bankaráðsmanna í meðferð máls er varðar aðila sem eru þeim tengdir, persónulega eða fjárhagslega.

Núverandi 2. mgr. 33. gr. færist aftur og verði 3. mgr.

4. gr.

1. mgr. 40. gr. laganna orðist svo:

Endurskoðun hjá ríkisviðskiptabanka skal framkvæmd af Ríkisendurskoðun og skoðunarmanni sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn og skal hann vera löggiltur endurskoðandi.

5. gr.

Við 1. mgr. 54. gr. bætist svohljóðandi málsliður: Sé bókfært virði fasteigna og búnaðar, sem viðskiptabanki notar til starfsemi sinnar, hærra en sem nemur 65% af eigin fé bankans skal hlutfallið fara stöðugt lækkandi á þessu tímabili þar til 65% markinu er náð nema ráðherra veiti að fengnum tillögum bankaeftirlitsins tímabundna undanþágu til hækkunar á hlutfallinu á tímabilinu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Rétt þykir að leggja til að gerðar verði nokkrar breytingar á lögum nr. 86 4. júlí 1985, um viðskiptabanka, með hliðsjón af starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar frá 8. júlí 1987 auk þróunar og reynslu eftir gildistöku laganna 1. janúar 1986.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 15. gr. laga nr. 7 18. mars 1987, um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands, er bönkum, sem eiga lögheimili og varnarþing erlendis, heimilað að eiga á hverjum

tíma samtals allt að 25% hlutafjár í Útvegsbanka Íslands hf. Er undanþága þannig gerð frá 2. mgr. 5. gr. laganna um viðskiptabanka þar sem segir að hlutafé í hlutafélagsbanka skuli allt vera í íslenskri eigu. Rétt þykir að hafa almennt ákvæði í lögunum um viðskiptabanka varðandi heimild erlendra banka til að eiga allt að 25% hlutafjár í hlutafélagsbönkum hér á landi, m.a. til að greiða fyrir endurskipulagningu bankakerfisins í samræmi við starfsáætlun ríkisstjórnarinnar en þar er t.d. talað um að þátttaka erlendra banka í lánastarfsemi hér á landi verði heimil samkvæmt ákveðnum reglum. Með þessu móti kemur erlent áhættufé í stað lánsfjár að nokkru leyti auk þess sem þessi breyting greiðir fyrir öflun þekkingar og viðskiptasambanda erlendis sem erlendir hluthafar gætu miðlað til íslenskra banka. Á tímum hraðstígrar tækniþróunar og samkeppni gæti þetta eflt íslenska bankastarfsemi.

Um 2. gr.

Í 4. mgr. 21. gr. laganna um viðskiptabanka er kveðið á um það að bankaráð viðskiptabanka setji að fenginni umsögn bankastjórnar almennar reglur um lánveitingar bankans sem sendar skuli bankaeftirlitinu. Í greinargerð með frumvarpi til laganna var m.a. vikið að því að unnt væri á grundvelli reglnanna að leggja bann við lánum til einstakra viðskiptaaðila umfram tiltekið hlutfall af eigin fé banka.

Í samræmi við starfsáætlun ríkisstjórnarinnar er talið til bóta að kveða á um það að í hinum almennu reglum, sem settar eru um lánveitingar og ábyrgðir, skuli m.a. vera ákvæði um hámark lána til einstakra lántakenda og tryggingar fyrir lánunum. Reglurnar sæti endurskoðun eigi sjaldnar en árlega. Gert er ráð fyrir að sama málsmeðferð gildi um ábyrgðir og tryggingar. M.a. á þennan hátt má freista þess að draga úr líkum á stóráföllum í rekstri banka og tryggja betur hag þeirra og sparifjáreigenda. Í þessu sambandi má benda á að innlendir sem erlendir bankasérfræðingar telja óeðlilegt að innlánsstofnanir bindi fé sitt um of hjá einum eða fáum viðskiptaaðilum enda hafa fjárhagsörðugleikar banka oft stafað af því að ekki hefur verið gætt nægilegrar varfærni í þeim efnum.

Um 3. gr.

Í íslenskum stjórnarfarsrétti hafa ekki almennt verið lögfestar reglur til að girða fyrir hagsmunaárekstra handhafa framkvæmdarvalds við töku ákvarðana, gagnstætt því sem er um handhafa dómsvalds hér á landi. Í samræmi við starfsáætlun ríkisstjórnarinnar þykir rétt að gera í lögum strangar kröfur um svo mikilvægar stofnanir sem banka þar sem hagsmunaárekstrar geta haft meiri afleiðingar en oft endranær og því er afar mikilvægt að tryggja óháðar ákvarðanir. Þessi ákvæði eru hliðstæð þeim sem eru í bankalöggjöf nágrannalanda samkvæmt upplýsingum bankaeftirlits Seðlabankans.

Um. 4. gr.

Með lögum nr. 12. 29. apríl 1986, um Ríkisendurskoðun, var Ríkisendurskoðun falið m.a. að endurskoða reikninga fyrirtækja og stofnana sem rekin eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira. Sú breyting, sem hér er lögð til, er í samræmi við ákvæði ofangreindra laga um Ríkisendurskoðun og er gerð í kjölfar endurskoðunar á ákvæðum viðskiptabankalaga um skoðunarmenn eins og reyndar var lagt til í framhaldsnefndaráliti á þskj. 753 frá fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar Alþingis á 108. löggjafarþinginu.

Ekki er þörf á að breyta ákvæðum laga nr. 86/1985 að öðru leyti og munu þau ákvæði laganna, sem fjalla um skoðunarmenn, taka jafnt til skoðunarmanna Ríkisendurskoðunar sem og þeirra skoðunarmanna er ráðherra tilnefnir.

Í 6. gr. laga nr. 12/1986 segir að Ríkisendurskoðun skuli annast endurskoðun þeirra fyrirtækja sem ríkissjóður eigi að hálfu eða meira og gildir þetta einnig um þá hlutafélagsbanka er ríkið kann að eiga. Um þetta er að finna ákvæði í 2. mgr. 40. gr. viðskiptabanka-

laga og er óþarft að breyta því ákvæði enda yrði skoðunarmaður ávallt tilnefndur af Ríkisendurskoðun og kjörinn á aðalfundi hlutafélagsbanka eins og mælt er fyrir í 2. mgr. 40. gr. laganna nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

Um 5. gr.

Með ákvæði þessu er leitast við að eyða ágreiningi um það hvernig skilja beri 1. mgr. 54. gr. laganna um viðskiptabanka. Hefur borið á því að viðskiptabankar, þar sem bókfært virði fasteigna og búnaðar, sem bankarnir nota til starfsemi sinnar, er hærra en nemur 65% af eigin fé bankanna, telji sér í sjálfsvald sett að hækka þetta hlutfall, m.a. með því að bæta við útibúum á því fimm ára aðlögunartímabili sem ákveðið er í lögunum (1986–1990) og telji nóg að hafa farið niður í 65% hlutfallið í lok tímabilsins. Tekin eru af öll tvímæli um það í frumvarpinu að lögin heimili ekki svo frjálslega túlkun. Gert er þó ráð fyrir möguleika á undanþágum í undantekningartilvikum.

Um 6. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringar.

Nd. 805. Frumvarp til laga [455. mál]

um breytingu á lögum nr. 87 4. júlí 1985, um sparisjóði.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

Orðið „sýslufélög“ í 2. mgr. 5. gr. laganna falli brott.

2. gr.

2., 3. og 4. málsl. 1. mgr. 21. gr. laganna orðist svo: Þar sem þrír menn sitja í stjórn kjósa sparisjóðsaðilar tvo stjórnarmenn en hlutaðeigandi sveitarstjórnir tilnefna einn mann. Sitji fimm í stjórn sparisjóðs kjósa hlutaðeigandi sveitarstjórnir tvo stjórnarmenn. Séu sveitarstjórnir einu sparisjóðsaðilarnir kjósa hlutaðeigandi sveitarstjórnir alla stjórnina.

B-liður 3. mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

b. að ⅔ hlutum af hlutaðeigandi sveitarstjórnum enda hafi þær áður kosið til stjórnar sparisjóða.

3. gr.

Í stað „Sparisjóðsstjórn setur einnig að fenginni umsögn sparisjóðsstjóra almennar reglur um lánveitingar sparisjóðsins sem sendar skulu bankaeftirlitinu.“ í 3. mgr. 24. gr. komi: Sparisjóðsstjórn setur einnig að fenginni umsögn sparisjóðsstjóra almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir sparisjóðsins, þar með um hámark lána til einstakra lántakenda. Reglur þessar skal endurskoða eigi sjaldnar en árlega og skulu þær sendar bankaeftirlitinu sem láta skal í té álit á þeim hverju sinni.

4. gr.

3. mgr. 38. gr. hljóði svo:

Stjórnarmenn sparisjóðs skulu ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í. Sama gildir um þátttöku stjórnarmanna

sparisjóðs í meðferð máls er varðar aðila sem eru þeim tengdir, persónulega eða fjárhagslega.

Núverandi 3. mgr. 38. gr. færist aftur og verði 4. mgr.

5. gr.

Við 71. gr. bætist svohljóðandi málsliður: Sé bókfært virði fasteigna og búnaðar, sem sparisjóður notar til starfsemi sinnar, hærra en sem nemur 65% af eigin fé sjóðsins skal hlutfallið fara stöðugt lækkandi á þessu tímabili þar til 65% markinu er náð nema ráðherra veiti að fengnum tillögum bankaeftirlitsins tímabundna undanþágu til hækkunar á hlutfallinu á tímabilinu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram um leið og frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 86 4. júlí 1985, um viðskiptabanka, og geymir svipuð ákvæði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.–2. gr.

Breyting sú, sem hér er lögð til, er gerð í kjölfar þess að Alþingi felldi úr gildi eldri lagaákvæði um sýslunefndir með gildistöku laga nr. 8/1986. Samkvæmt þeim lögum er gerð sú meginbreyting að sýslunefndir eru lagðar niður í árslok 1988.

Af þeim ástæðum er nauðsynlegt að breyta ákvæðum 5. og 21. gr. laga nr. 87/1985, um sparisjóði, eins og lagt er til í 1. og 2. gr. þessa frumvarps.

Að öðru leyti þarfnast greinar þessar ekki skýringa.

Um 3. gr.

Í lögum nr. 87 4. júlí 1985, um sparisjóði, er kveðið á um það í 3. mgr. 24. gr. að sparisjóðsstjórn setji að fenginni umsögn sparisjóðsstjóra almennar reglur um lánveitingar sparisjóðsins sem sendar skuli bankaeftirlitinu. Jafnframt segir þar að sparisjóðsstjórnin móti með sama hætti meginreglur um tryggingar vegna lánveitinga og ábyrgða sem sparisjóðurinn veitir viðskiptaaðilum sínum. Í greinargerð með frumvarpi til laganna var vikið að því að í reglum um lánveitingar sparisjóða mætti m.a. kveða á um skyldu sparisjóðsstjóra til að tilkynna sparisjóðsstjórn fyrir fram sérstaklega stórar lánveitingar til einstakra viðskiptaaðila, tilkynningarskyldu sparisjóðsstjóra varðandi þær tryggingar sem teknar væru vegna slíkra lánveitinga, bann við lánum til einstakra viðskiptaaðila umfram tiltekið hlutfall af eigin fé sparisjóðs o.s.frv.

Talið er til bóta að kveða á um það að í hinum almennu reglum, sem settar eru um lánveitingarnar, skuli vera ákvæði um hámark lána til einstakra lántakenda svo og að reglurnar sæti endurskoðun eigi sjaldnar en árlega. Gert er ráð fyrir að sama málsmeðferð gildi um ábyrgðir og tryggingar. Á þennan hátt má m.a. freista þess að draga úr líkum á stórum áföllum í rekstri sparisjóða og tryggja betur hag þeirra og sparifjáreigenda. Í þessu sambandi má benda á að bankasérfræðingar telja óeðlilegt að innlánsstofnanir bindi fé sitt um of hjá einum eða fáum viðskiptaaðilum enda hafa fjárhagsörðugleikar innlánsstofnana oft stafað af því að ekki hefur verið gætt nægilegrar varfærni í þeim efnum.

Um 4. gr.

Í íslenskum stjórnarfarsrétti hafa ekki almennt verið lögfestar reglur til að girða fyrir hagsmunaárekstra handhafa framkvæmdarvalds við töku ákvarðana gagnstætt því sem er um

handhafa dómsvalds hér á landi. Rétt þykir að gera í lögum strangar kröfur um svo mikilvægar stofnanir sem sparisjóði þar sem hagsmunaárekstrar geta haft meiri afleiðingar en oft endranær.

Um 5. gr.

Með ákvæði þessu er stefnt að samræmi við lögin um viðskiptabanka en í frumvarpi til laga um breytingu á þeim lögum er leitast við að eyða ágreiningi um það hvernig skilja beri samsvarandi grein í lögunum.

Um 6. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringar.

Sþ. 806. Tillaga til þingsályktunar [456. mál]

um styttingu vinnutímans.

Flm.: Svavar Gestsson, Geir Gunnarsson, Guðrún Helgadóttir, Hjörleifur Guttormsson, Margrét Frímannsdóttir, Ragnar Arnalds, Skúli Alexandersson, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd þingmanna sem ásamt aðilum vinnumarkaðarins vinni að áætlun um raunverulega styttingu heildarvinnutíma þannig að vinnutími hér á landi verði ekki lengri en 40 stundir á viku að jafnaði og verði þar með svipaður því sem gerist í grannlöndum okkar og helstu viðskiptalöndum.

Í nefndarstarfinu verði gengið út frá þeirri forsendu að áætlunin um styttingu heildarvinnutíma komi til framkvæmda sem hluti af kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins.

Greinargerð.

Ekki er vafi á því að vinnuþrældómurinn er eitt alvarlegasta þjóðfélagsvandamál á Íslandi. Hér á landi vinnur fólk 50 stundir að jafnaði á viku meðan nágrannarnir krefjast 35 stunda vinnuviku. Í þessari tillögu er markið að sinni aðeins sett á 40 stunda raunverulegan heildarvinnutíma á viku hjá fólki í fullri vinnu.

Ekki verður fram hjá því litið að atvinnuleysi er einhver alvarlegasti vandi grannlanda okkar, vandi sem við hér á landi þekkjum í raun og veru ekki nema af afspurn. Hefur annað veifið verið um að ræða staðbundið atvinnuleysi, en atvinnuleysi sem almennt þjóðfélagslegt vandamál er óþekkt fyrirbæri hér á landi síðan á dögum Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks í ríkisstjórn á árunum 1968–1970 þegar þúsundir manna flýðu land.

Hér er flutt tillaga um að tekið verði á vandamálum vinnuþrælkunarinnar hér á landi. Er gert ráð fyrir því að málið verði unnið í þessum áföngum:

1. Kosin þingmannanefnd sem ásamt aðilum vinnumarkaðarins geri áætlun um styttingu vinnutímans þannig að almennur vinnutími fólks hér á landi verði ekki lengri en 40 stundir á viku að jafnaði í fullri vinnu.
2. Aðilar vinnumarkaðarins taki þessa áætlun inn í kjarasamninga sína sem gerðir verða næst eftir að áætlunin er tilbúin.

Flutningsmönnum er ljóst að hér er um viðamikið verkefni að ræða sem getur tekið nokkurn tíma að vinna. Þegar eru hafnar athuganir í þessa átt. Þingflokkur Alþýðubandalagsins telur hins vegar að athugun á vegum ríkisstjórnar sé of takmörkuð og að eðlilegt sé að allir flokkar þingsins fjalli um svo þýðingarmikið verkefni ásamt aðilum vinnumarkaðarins.

Við gerð áætlunarinnar verður auðvitað að taka tillit til þess að fólk haldi sem mestum hluta tekna sinna þrátt fyrir styttingu vinnutímans. Fyrir 10 árum var um að ræða víðtækt

yfirvinnubann hér á landi sem stóð í nokkrar vikur. Þá kom í ljós að unnt er *að halda tekjum fólks óbreyttum í flestum fyrirtækjum með mun styttri vinnutíma* — án útgjaldaauka fyrir fyrirtækin þrátt fyrir verulega hækkun launa fyrir hverja unna vinnustund. Það er markmiðið sem verður að miða við.

Stytting heildarvinnutímans er lykillinn að félagslegum og menningarlegum framförum á flestum sviðum:

Það er stærsti þátturinn í mótun *fjölskyldustefnu.*

Það er þýðingarmesta atriðið í því að byggja upp *samfélag sem er betra við börnin.*

Það er einn veigamesti þátturinn í því að stuðla að *raunverulegu jafnrétti karla og kvenna.*

Það er úrslitaatriði í framþróun *menningarsamfélags með víðtækari þátttöku almennings.*

Áætlun um styttingu vinnutímans verður að fylgja *átak til þess að skapa aðstæður fyrir þroskandi og menningarlegar tómstundir.*

Stytting vinnutímans er einnig liður í því að bæta atvinnulífið. Erlend atvinnufyrirtæki byggjast einvörðungu á dagvinnu. Það er því þáttur í því að samræma samkeppnisskilyrði atvinnuvega okkar andspænis innflutningi að stytta vinnutíma og að vinnutími hér sé svipaður og í grannlöndum okkar.

Meginatriði stjórnmálaályktunar síðasta landsfundar Alþýðubandalagsins fjallaði um styttingu vinnutímans. Í samræmi við þessa áherslu flokksins flytur þingflokkur Alþýðubandalagsins þá tillögu sem hér liggur nú fyrir sem þingmál.

Fylgiskjal.

Stjórnmálaályktun 7. landsfundar Alþýðubandalagsins.

Vinnuþrældómur er ljótasti bletturinn á þjóðfélagi okkar.

Aðalverkefni.

Eitt stærsta verkefni flokksins og verkalýðshreyfingarinnar er að stuðla að raunhæfri áætlun um markvissa styttingu vinnutímans á tilteknu árabili. Vinnuþrældómurinn er einn ljótasti bletturinn á samfélagi okkar enda skera Íslendingar sig úr öðrum þróuðum þjóðfélögum að þessu leyti. Fyrir liggur, eftir yfirvinnubannið fyrir 10 árum, að unnt er að halda tekjum fólks óbreyttum í flestum fyrirtækjum með mun styttri vinnutíma.

Stytting vinnutímans er lykillinn að félagslegum og menningarlegum framförum á flestum sviðum:

— Það er stærsti þátturinn í fjölskyldustefnu.
— Það er þýðingarmesta atriðið í því að byggja upp samfélag sem er betra við börnin.
— Það er veigamesti þátturinn í því að stuðla að raunverulegu jafnrétti kvenna og karla.
— Það er úrslitaatriði í framþróun menningarsamfélags með víðtækari þátttöku almennings.

Styttingu vinnutímans verður jafnframt að fylgja átak til þess að skapa aðstæður fyrir þroskandi og menningarlegar tómstundir.

Stytting vinnutímans er einnig liður í því að bæta atvinnulífið. Erlend atvinnufyrirtæki byggjast einvörðungu upp á dagvinnu. Það er því liður í því að samræma samkeppnisskilyrði

atvinnuvega okkar við innflutning að stytting vinnutímans hafi átt sér stað hér á landi þannig að vinnutími hér sé svipaður og gerist í grannlöndum okkar.

Annað stórt verkefni er að tryggja öryggi og aðbúnað þeirra hópa sem mest þurfa á velferðarþjónustu þjóðfélagsins að halda. Aldraðir, fatlaðir og einstæðir foreldrar eiga rétt á mannsæmandi lífi. Lífeyriskerfið, húsnæðiskerfið, dagvistarþjónustu og aðra þætti velferðarkerfisins verður að gera þannig úr garði að allir þegnar þjóðfélagsins sitji við sama borð.

Stjórnmálaþróunin undanfarið.

Þegar kosningaúrslitin í vor lágu fyrir varð fljótt ljóst að íhaldsstjórnin mundi starfa áfram annaðhvort með stuðningi Borgaraflokks eða Alþýðuflokks. Þessi íhaldsstjórn hefur nú stigið sín fyrstu skref með árásum á kjör almennings og ber þar hæst álagningu matarskatts. Ríkisstjórnin hefur haldið þannig á efnahagsmálum að verðbólga hefur vaxið og raunvextir hafa aldrei verið hærri en þeir eru nú. Aðild Alþýðuflokksins að ríkisstjórninni hefur ekki fært hana nær jafnaðarstefnu. Hún hefur hvergi sýnt lit á því, ekki í byggðamálum, ekki í kjaramálum, ekki í skólamálum, ekki í menningarmálum, ekki í skattamálum.

Þeir sem hafa rakað saman gróða í góðærinu eru ríkari nú en nokkru sinni fyrr og þeir fá að hafa auð sinn í friði fyrir ríkisstjórninni sem hefur enn enga tilburði uppi til þess að skattleggja fyrirtækin né stóreignirnar. Eina framlag þeirra í skattamálum er matarskatturinn.

Í atvinnumálum hefur ríkisstjórnin lagt fram frumvarp á Alþingi sem gengur út á það að samþykki iðnaðarráðherra nægi til að opna fyrir erlendum fyrirtækjum. Þá væri unnt að reisa hér álver að meiri hluta í eigu útlendinga án þess að málið væri einu sinni borið undir Alþingi. Þetta er fráleit og háskaleg stefna og getur með öðru orðið til þess að veikja forsendur hins efnahagslega sjálfstæðis þjóðarinnar. Hér hafa oft farið fram deilur um þátttöku erlends fjármagns í íslensku atvinnulífi. Nú á bersýnilega að leiða erlent fjármagn til öndvegis því að eina tillagan, sem ríkisstjórnin hefur lagt fram í atvinnumálum frá því Alþingi kom saman, opnar þannig fyrir eignaraðild útlendinga.

Alþýðubandalagið lýsir fullri andstöðu við þessa stefnu ríkisstjórnarinnar. Fátt er nú mikilvægara í sviptingum hins alþjóðlega auðmagns en að standa traustan vörð um sjálfstæði þjóðarinnar og skýlaust forræði Íslendinga sjálfra í öllum atvinnurekstri er algert úrslitaatriði sem Alþýðubandalagið mun aldrei hvika frá.

Verkefni hér og nú.

Alþýðubandalagið telur að eftirfarandi verkefni séu meginatriði íslenskra stjórnmála:

1. Að afnema matarskattinn en leggja í staðinn skatta á stóreignir, auðfyrirtæki og vaxtagróða, jafnframt því sem grípa verður til ráðstafana strax til þess að uppræta skattsvik.
2. Að ógilda tafarlaust ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að skera niður framlög til menningarmála eins og Þjóðarbókhlöðu, tónlistarskóla, byggða- og minjasafna og félags- og íþróttamannvirkja, jafnframt hlyti flokkurinn að beita sér fyrir því að tvöfalda framlög til menningarmála og listsköpunar.
3. Að stuðla að eflingu nýrra atvinnugreina og að framþróun hefðbundinna atvinnuvega þjóðarinnar, m.a. með framlögum úr ríkissjóði til upplýsingatækni og annarra þróunargreina þar sem alls staðar verði lögð sérstök áhersla á rannsóknar- og þróunarstarfsemi því þekkingin er afl okkar og forsenda betri lífskjara á komandi árum.
4. Að efla framhaldsmenntun og æðri menntun og að setja heildarlöggjöf um fullorðinsfræðslu sem skapi hverjum manni tækifæri til viðbótarmenntunar og endurmenntunar hvenær sem er á ævinni. Jafnframt er nauðsyn á því að auka verulega framlög til fullorðinsfræðslu og til framhaldsmenntunar.

5. Að auka framlög til barnaheimila með framkvæmd áætlunar til nokkurra ára sem miðar við að öll börn eigi kost á góðum barnaheimilum. Jafnframt ber að bæta allt skólastarf þannig að skólarnir búi börnunum þroskavænleg alhliða uppeldisskilyrði. Við viljum skapa þjóðfélag sem stendur með börnunum og þroska þeirra.
6. Að hrinda í framkvæmd nýrri byggðastefnu sem byggist á þeirri grundvallarforsendu að fólkið í byggðarlögunum fái sjálft að ráðstafa stærri hluta verðmætanna en það gerir nú og að aðstaða allra íbúa þjóðfélagsins sé sem jöfnust án tillits til búsetu.
7. Að leggja áherslu á öfluga umhverfisvernd með nauðsynlegum breytingum á stjórnkerfi, öflugu rannsóknarstarfi, gróðurvernd og baráttu gegn mengun.
8. Að byggja upp húsnæðiskerfi sem miðar við það grundvallaratriði að enginn þurfi að verja meiru en fimmtungi dagvinnutekna sinna til að tryggja sér húsnæði. Þetta verður því aðeins gert að ríkisvaldið þori að lögbinda þátttöku bankanna í húsnæðiskerfinu og með stórfelldri eflingu félagslega íbúðakerfisins. Ríkisstjórnin verður að standa við þau fyrirheit gagnvart húsbyggjendum sem gefin voru þegar nýju húsnæðislögin voru sett, en þar vantar hundruð milljóna upp á að ríkissjóður standi við þau framlög sem hann á að leggja fram samkvæmt upphaflega samningnum. Óhjákvæmilegt er jafnframt að setja skýrar og afdráttarlausar reglur sem loka leiðum fyrir stóreignamenn til þess að hirða lán úr húsnæðiskerfinu.
9. Að stöðva það gegndarlausa fjármagnsokur sem hér ríkir og er í þeim mæli að einsdæmi er meðal siðaðra þjóða. Þetta siðleysi er einn hornsteinn núverandi ríkisstjórnar, enda ein meginorsök verðbólgu. Það er hrein ósvífni að verðtryggja peninga að fullu og meira en það á sama tíma og laun eru óverðtryggð.
10. Að treysta heilbrigðisþjónustuna, margfalda framlög til forvarnarstarfa og fræðslu og að taka tannlækningar inn í tryggingakerfið strax.
11. Að endurskoða allt almannatryggingakerfið og setja nútímaleg lög um félagslega þjónustu þar sem ölmusuhugarfarinu er útrýmt en við tekur lögbundið kerfi þar sem byggt er á þeim sjálfsögðu mannréttindum að hver og einn fái að ganga uppréttur, að enginn sé fátækur, að allir geti notið þeirra möguleika sem samfélagið hefur upp á að bjóða. Jafnframt verður að endurmeta allt réttindakerfi fatlaðra og tryggja þeim jafnrétti á við aðra íbúa samfélagsins á sem flestum sviðum.
12. Að vinna að raunverulegri styttingu vinnutímans með áætlun stjórnvalda og verkalýðshreyfingar til nokkurra ára eins og áður er getið um í þessari ályktun.
13. Að marka nýja og sjálfstæða utanríkisstefnu sem er samboðin Íslendingum sem fullvalda og friðelskandi þjóð. Þessi stefna þarf að hagnýta þá fersku vinda sjálfstæðrar friðarbaráttu sem nú blása í alþjóðamálum. Brýnasta og nærtækasta verkefnið er enn sem fyrr að koma Íslandi út úr hernaðarbandalaginu og hernum úr landi. Jafnframt eiga Íslendingar að beita sér af alefli í þágu afvopnunar og slökunar ekki síst með virkri og jákvæðri þátttöku í undirbúningi að stofnun kjarnorkuvopnalauss svæðis á Norðurlöndum. Einnig þarf að standa vel á verði gegn þeirri hættu að fækkun kjarnorkuvopna á landi leiði til fjölgunar þeirra á höfunum í kringum okkur. Með slíkum aðgerðum gætum við stuðlað að friðvænlegri heimi og um leið tryggt sjálfstæði lands og öryggi þjóðar.

Hvað er fram undan?

Það er tekist á í íslensku þjóðfélagi um grundvallarviðhorf.

Það eru átök á milli frjálshyggjunnar sem vill láta gróðasóknina óhefta ráða örlögum manna og viðhorfa félagshyggjufólks sem vill setja manninn í öndvegi. Jöfnuður, réttlæti og gagnkvæm ábyrgð eru lykilorðin í framtíðarstefnumörkun Alþýðubandalagsins. Ný framtíðarsýn þar sem einstaklingsfrelsið er sett ofar öllu, ekki sem réttur hins sterka til að troða á öðrum, heldur sem réttur hvers einstaklings til mannsæmandi lífs og lýðræðislegrar ákvörðunar jafnt um nánasta umhverfi sitt og hin stóru mál þjóðfélagsins.

Fram undan er hörð pólitísk og fagleg barátta. Deilurnar um skiptingu þjóðarteknanna munu harðna á komandi missirum og mánuðum. Reynslan sýnir að aðeins sterkt Alþýðubandalag getur komið í veg fyrir íhaldsstjórn hér á landi. Á næstu mánuðum þarf að herða baráttuna af öllu afli, bæði flokks og samtaka launafólks, til þess að knýja hið fyrsta á um breytingar á skiptahlutföllunum í þjóðfélaginu. Jafnframt þarf að hefja undirbúning næstu kosninga svo að Alþýðubandalagið megi heimta afl sitt til sóknar og varnar í þágu íslenskra launamanna og íslensks sjálfstæðis.

Sþ. 807. Tillaga til þingsályktunar [457. mál]

um að efla kjararannsóknir.

Flm.: Kristín Einarsdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að kjararannsóknir verði gerðar áreiðanlegri en nú er. Í því skyni verði launamiðar og skattagögn þannig úr garði gerð að fram komi á launamiðum áreiðanlegar upplýsingar um fjölda vinnustunda að baki dagvinnulaunum, yfirvinnulaunum og öðrum launagreiðslum. Jafnframt verði starfsheiti skilgreind og samræmd og þau tilgreind á launamiðum og skattframtali. Enn fremur verði settar reglur sem tryggi skil á launamiðum og réttum upplýsingum.

Greinargerð.

Í mörg ár hafa verið gerðar kjararannsóknir hér á landi. Mörg stéttarfélög, kjararannsóknarnefnd, Framkvæmdastofnun, Þjóðhagsstofnun og fleiri aðilar hafa gert kannanir á kjörum fólks á vinnumarkaðinum. Rannsóknir hafa að mestu byggst á skattframtölum, svörum einstakra launamanna og svörum fyrirtækja. Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna hefur nýlega verið sett á laggirnar að fyrirmynd kjararannsóknarnefndar aðila vinnumarkaðarins.

Kjararannsóknir byggjast að sjálfsögðu á þeim upplýsingar sem hægt er að ná til. Þjóðhagsstofnun hefur gert kannanir sem byggjast á skattagögnum. Þau gögn gætu verið mikilvæg ef upplýsingar um launamun væru ítarlegri og áreiðanlegri. Kjararannsóknarnefnd gerir ráð fyrir að svör berist frá atvinnurekendum og launafólki. Ef fyrirspurnum er ónákvæmt svarað eða gögn illa unnin getur það leitt til þess að upplýsingar um kjör heilla starfshópa komi ekki fram. Við samanburð á niðurstöðum kjararannsókna hefur skort alla samræmingu í notkun hugtaka. Til dæmis er ekki hægt að bera saman tiltekin starfsheiti úr könnunum frá hinum ýmsu aðilum. Þetta skapar rugling og ónákvæmni.

Launamiðar eru nú þannig að þar eiga að koma fram ýmsar upplýsingar um laun, hlunnindi, stéttarfélag, lífeyrissjóð og fleira og eru þær án efa misgóðar. Hingað til hefur ekkert verið gert til að tryggja að þær upplýsingar, sem nú er beðið um, komi fram. Það þarf að sjá til að þessar upplýsingar séu samræmdar og áreiðanlegar. Í því skyni getur verið nauðsynlegt að setja viðurlög við því ef ekki koma réttar og fullnægjandi upplýsingar fram á launamiðum.

Undanfarin ár hafa orðið verulegar breytingar á launakerfum í landinu. Í meginatriðum er hægt að segja að um tvö launakerfi sé að ræða. Annars vegar launakerfi opinberra starfsmanna, sem er nánast hreint taxtakerfi, og hins vegar launakerfi á almennum vinnumarkaði, sem er taxtakerfi í grunninn, en ofan á er byggt kerfi með bónus, yfirborgunum og uppmælingum. Taxtar á almennum markaði sýna því lágmarkslaun á

hverjum tíma. Allmargar stéttir, einkum kvennastéttir, taka eingöngu laun samkvæmt töxtum en stór hluti launafólks fær aukagreiðslur af ýmsu tagi. Margir fá þessar greiðslur fyrir mikla vinnu, en þó er töluvert um að samið sé beint við vinnuveitanda um hærri laun en taxtar kveða á um. Hugtök eins og ómæld yfirvinna og jafnvel óunnin heyrast gjarnan í umræðum um launamál og þykir orðið sjálfsagt að semja um slíkar greiðslur ef mögulegt er. Þetta á við um einstöku stéttir í opinberri þjónustu, en aðallega á þetta við um almenna vinnumarkaðinn. Í mörgum tilvikum eru taxtalaunin aðeins fjarlæg viðmið fyrir yfirborganir og ýmis hlunnindi.

Flest launafólk þarf að vinna hörðum höndum til að geta framfleytt sér og sínum og nú er svo komið að fáar fjölskyldur geta lifað af einum launum. Til að ná endum saman verða flestir að vinna langan vinnudag. Það er staðreynd að miðað við nágrannaþjóðirnar er vinnudagur hér á landi óheyrilega langur.

Undanfarið hafa reiknimeistarar komist að þeirri niðurstöðu að „ráðstöfunartekjur“ fólks á Íslandi hafi aldrei verið hærri. Útreikningar þeirra byggjast á meðaltölum, en ekkert tillit er tekið til misskiptingar teknanna eða þess vinnuálags sem að baki liggur. Þannig sýna hækkaðar meðaltekjur í raun ekki annað en aukna misskiptingu launa í landinu.

Markmið allra ætti að vera að fólk geti framfleytt sér sómasamlega af launum fyrir dagvinnu. Sú mikla yfirvinna, sem margir þurfa að leggja á sig til að geta náð endum saman, kemur fyrst og fremst niður á fjölskyldulífi og verða börnin þar harðast úti. Auk þess er heilsu fólks stefnt í voða því fæstir þola slíkt álag til lengdar. Þrátt fyrir lág dagvinnulaun eru þeir margir, einkum konur með börn, sem ekki eiga annars kost en að reyna að lifa af dagvinnulaunum. Hitt er einnig vitað að margir, sem aðeins vinna 40 stunda vinnuviku, fá laun sem eru langt umfram það sem samið hefur verið um í samningum milli aðila vinnumarkaðarins. Sú tilhneiging við gerð kjarasamninga að semja um ýmsar aukagreiðslur í stað þess að leggja áherslu á að hækka laun fyrir dagvinnu hefur, m.a. leitt til gliðnunar stórra samtaka launafólks, og einstaklingsbundinna samninga og mun leiða til versnandi kjara lífeyrisþega. Yfirborganir og aukagreiðslur sýna, svo ekki verður um villst, getu atvinnuveganna til að greiða hærri laun en taxtar segja til um. Yfirvinna af ýmsu tagi verður stöðugt stærri hluti af þeim launum sem fólk fær úr launaumslaginu. Það er því mikilvægt að auðvelt sé að gera sér grein fyrir hve stór hluti af launagreiðslum er annað en grunn- eða taxtalaun.

Vegna frávika frá launatöxtum er æ erfiðara að gera sér grein fyrir raunverulegum launum fólks, enda eru flestir sammála því að það launakerfi sem við búum við sé hrunið. Aðstaða fólks til að semja sérstaklega fyrir sjálft sig er mjög mismunandi og augljóst er að þeir, sem lægstu launin hafa, hafa minnsta möguleika til að gera slíka samninga. Auk þess gerir þetta fyrirkomulag allar kjararannsóknir mjög erfiðar og óáreiðanlegar.

Til að gera sér ljóst hvaða laun eru greidd fyrir sams konar vinnu er nauðsynlegt að starfsheiti verði skilgreind og samræmd. Í kjararannsóknum, sem nú eru gerðar, eru notuð mismunandi starfsheiti eftir því hver um málið fjallar. Þannig notar kjararannsóknarnefnd eitt kerfi og Framkvæmdastofnun annað. Þetta leiðir til þess að erfitt er að gera sér grein fyrir eðli hinna ýmsu starfa og hvaða laun eru greidd fyrir þau.

Tillaga þessi felur í sér að skráðar verði á einfaldan hátt upplýsingar til að auðvelda og bæta kjararannsóknir. Með því verður hægt að átta sig betur á því fyrir hvers konar vinnuframlag laun eru greidd, svo sem dagvinnu og yfirvinnu. Einnig gerir tillagan ráð fyrir að samræma og skilgreina starfsheiti betur en nú er gert.

Efldar og nákvæmari kjararannsóknir auka líkur á að unnt sé að gera launakerfin auðskildari. Tillaga þessi er liður í því að efla kjararannsóknir og gera þær nákvæmari. Um leið og upplýsingar af því tagi, sem hér er lagt til, liggja fyrir aukast líkur á því að launakerfi verði auðskiljanlegri og aðgengilegri og að takast megi að skapa grunn fyrir réttlátari tekjuskiptingu í þjóðfélaginu.

Sþ. 808. Tillaga til þingsályktunar [458. mál]

um áætlun um uppbyggingu og eflingu atvinnulífs í Mývatnssveit.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Árni Gunnarsson, Halldór Blöndal,
Málmfríður Sigurðardóttir, Stefán Valgeirsson, Valgerður Sverrisdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefjast nú þegar handa um gerð áætlunar um uppbyggingu og eflingu atvinnulífs í Mývatnssveit til að treysta forsendur byggðar á svæðinu og leysa þann vanda sem að óbreyttu mundi skapast ef Kísiliðjan hf. yrði að hætta rekstri. Unnið verði að gerð þessarar áætlunar samhliða ítarlegum rannsóknum á áhrifum kísilgúrnáms á lífríki svæðisins. Leiði slíkar rannsóknir í ljós að lífríki Laxár og Mývatns verði fyrr eða síðar stefnt í hættu með áframhaldandi kísilgúrnámi skal þegar í stað hafist handa um að framkvæma áætlunina. Jafnframt verði þá reynt að meta hve mikinn kísilgúr til viðbótar telst óhætt að nýta og hve langur tími gefst til að hrinda áætluninni í framkvæmd.

Áætlunin skal miða að því að efla atvinnulíf og stuðla að uppbyggingu nýrrar atvinnustarfsemi sem samrýmist sérstökum lögum um verndun svæðisins. Skal áætlunin unnin í samvinnu við heimamenn í Mývatnssveit, náttúruverndaraðila og samráð haft við atvinnumálanefnd sameinaðs Alþingis.

Kostnaður við gerð áætlunarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 107. löggjafarþingi en varð þá ekki útrædd. Hún er nú endurflutt lítillega breytt. Aðstæður eru í aðalatriðum óbreyttar í Mývatnssveit og þörfin því söm og áður fyrir aðgerðir af þessu tagi að mati flutningsmanna. Tillögunni fylgdi á sínum tíma svohljóðandi greinargerð sem er enn í fullu gildi:

„Mývatnssveit og Laxá ásamt næsta nágrenni hafa verulega sérstöðu meðal þeirra svæða á Íslandi sem öðrum fremur hafa náttúrufræðilegt verndargildi. Sérstaðan felst í því að á áðurnefndu svæði er að finna margar dýrmætustu perlur íslenskrar náttúru og einnig í hinu að í Mývatnssveit er fjölmennt sveitarfélag með sjálfstæðan tilverurétt. Ástæður eru því ólíkar því sem gerist til að mynda í lítt byggðum eða óbyggðum þjóðgörðum. Þessa staðreynd höfðu höfundar frumvarps til laga um verndun Mývatns og Laxár í huga en í greinargerð með því frumvarpi frá 1973 segir orðrétt:

„... Ef Mývatnssveit væri óbyggð væri eflaust búið að gera allt svæðið að þjóðgarði með öllum þeim takmörkunum og reglum um umferð og umgengni sem um slíkan þjóðgarð yrðu settar. En horfast verður í augu við þá staðreynd að Mývatnssveit er tiltölulega fjölmennt sveitarfélag og sökum hins sérstæða náttúrufars sveitarinnar er ferðamannastraumur skollinn þar á með fullum þunga. Að því er varðar náttúruvernd á þessu svæði verður því að taka tillit til margra ólíkra sjónarmiða sem stundum getur reynst erfitt að samræma. Þó er auðsætt að keppa ber að því að þar geti haldist blómlegt mannlíf um ókomin ár, en jafnframt verður að leggja ríka áherslu á verndun þeirra miklu náttúruverðmæta sem þar er að finna. Góður árangur af þeirri viðleitni hlýtur að velta á þroska og skilningi heimamanna og raunar allra Íslendinga ...“

Segja má að staðan sé óbreytt enn þann dag í dag hvað þetta varðar. Verndargildi Laxár og Mývatns er óumdeilt, sbr. sérstök lög þar um frá 1974. Þá má einmitt nefna að einmitt þetta svæði, þ.e. Mývatn-Laxá, er skráð fyrir Íslands hönd sem aðili að Ramsarsáttmálanum svonefnda um verndun votlendissvæða, en jafnframt þessu hefur byggð vaxið við Mývatn með árunum og ferðamannastraumur aukist. Verulegur hluti þess fólks, sem býr í þéttbýliskjarnanum í Reykjahlíð, starfar í Kísiliðjunni og allmargt fólk annars staðar úr sveitinni.

Eins og nú standa sakir má segja að þetta fólk eigi allt sitt undir því að fyrirtækið starfi áfram því að atvinna fyrir jafn margt fólk og þar starfar verður ekki hrist fram úr erminni fyrirvaralaust í litlu byggðarlagi. Það er því að vonum að ugg setji að fólki er óvissa skapast um áframhaldandi rekstur Kísiliðjunnar eins og nú hefur nýlega gerst í tengslum við endurnýjun á námavinnsuleyfi fyrirtækisins.

Tillaga þessi er ekki síst flutt vegna þess öryggisleysis fyrir viðkomandi fólk og byggðarlag sem felst í óbreyttu ástandi. Slíkt er óþolandi og leggst sem köld hönd á allt athafnalíf og mannlíf í hverju því byggðarlagi sem við slíkt býr. Það væri hins vegar óhyggilegt að vera ekki við þeim möguleika búinn að til þess geti komið að stöðva verði rekstur Kísiliðjunnar hf. þar sem það á að vera hafið yfir deilur hvort verður að víkja rekstur Kísiliðjunnar eða verndun Mývatns ef í ljós kemur að þetta tvennt fer ekki saman.

Auðvitað er eðlilegt að vona að niðurstöður rannsókna á áhrifum kísilgúrtöku á lífríki Mývatns sýni að sé hægt að nýta vatnsbotninn framvegis á einhverjum svæðum enn um langa hríð. Fram hjá hinu má ekki líta að aðgerðir til verndar Mývatni verða að vera þess eðlis að séð sé við því fyrir fram að ekki hljótist tjón af. Það er ekki réttlætanlegt að taka verulega áhættu þegar í hlut á náttúra og lífríki jafnsérstakt og dýrmætt og hér um ræðir og öll starfsemi á svæðinu verður að vera innan þeirra marka að vissa sé fyrir því að lífríki og náttúrufari sé ekki stofnað í hættu. Til að draga úr slíkri óvissu er þörf öflugra og vandaðra vísindalegra rannsókna á náttúrunni og mats hæfustu sérfræðinga á grundvelli þessara rannsókna.

Hvað varðar þá áætlun sem tillagan gerir ráð fyrir að unnin verði er þar átt við úttekt á möguleikum til atvinnuuppbyggingar í Mývatnssveit sem komið gæti í staðinn fyrir rekstur Kísiliðjunnar hf. ef til þess að hún yrði að hætta rekstri. Ef sú verður niðurstaðan í framtíðinni er mikilvægt að nýta sem best þann tíma sem gefst til aðlögunar að breyttum aðstæðum svo að komast megi hjá röskun á högum fólks eftir því sem kostur er. Eðlilegt er að leita leiða til að skapa hliðstæðan fjölda starfa og nú eru í Kísiliðjunni sem tekið gætu við þegar Kísiliðjan hættir eða samhliða því sem hún dregur saman seglin.

Það er ljóst að opinberir aðilar geta ekki hlaupist frá ábyrgð í þessu máli. Í fyrsta lagi er Kísiliðjan ríkisfyrirtæki að meiri hluta og sú ákvörðun að setja þetta fyrirtæki niður í Mývatnssveit hefur haft úrslitaáhrif á þróun byggðar þar. Í öðru lagi hefur svo Alþingi sett sérstök lög um verndun svæðisins og heimamenn eiga því fullan rétt á að krefjast þess af hinu opinbera að það beiti sér fyrir aðgerðum til lausnar vandamálum sem skapast vegna samspils þessara þátta.

Vonir standa nú til þess að verulega rætist úr með rannsóknir á náttúru og lífríki í Mývatnssveit og léttist þá vonandi eitthvað byrði vanrækslusyndarinnar á herðum opinberra aðila í því sambandi. Öflugar og víðtækar rannsóknir eru fyrsta skrefið til skynsamlegrar lausnar á sambúðarvandamálum manns og náttúru í Mývatnssveit sem og reyndar annars staðar og þar mega ríki og fjárveitingavald ekki lengur halda að sér höndum. Flutningsmaður þessarar tillögu ætlar sér ekki þá dul að segja fyrir um niðurstöður rannsókna en telja verður hyggilegt að nýta tímann sem best og vera viðbúinn hverju því svari sem út úr slíkum rannsóknum kann að koma. Ella er hætt við að menn standi í sömu sporum og með vissu millibili teljist óvissa ríkja um framtíð Kísiliðjunnar öllum aðilum til tjóns.

Reyndar má segja að hvað sem framtíð Kísiliðjunnar hf. líður væri ástæða til að athuga sérstaklega þróunarforsendur atvinnulífs og mannlífs í Mývatnssveit vegna þeirra óvenjulegu aðstæðna sem þar eru og vikið var að í upphafi þessarar greinargerðar. Ríkisvaldið sem eigandi Kísiliðjunnar hf. og reyndar einnig Krófluvirkjunar (nú í eigu Landsvirkjunar hf.) svo og Alþingi, sem sett hefur sérstök lög um verndun svæðisins, bera mikla ábyrgð í þessu máli gagnvart heimamönnum og gagnvart íslensku þjóðinni allri.

Fylgiskjal I.

Bréf Steingríms J. Sigfússonar til hreppsnefndar Skútustaðahrepps.
(11. mars 1985.)

Meðfylgjandi uppkast að tillögu til þingsályktunar er afrakstur vangaveltna minna undanfarið um atvinnumál í Mývatnssveit og um framtíð Kísiliðjunnar. Ég hef sent uppkastið til annarra þingmanna kjördæmisins og verður það væntanlega rætt í okkar hópi á næstunni.

Mér þætti vænt um að heyra frá ykkur heimamönnum fljótlega hvernig ykkur líst á tillöguflutning í þessa átt.

Steingrímur J. Sigfússon.

Fylgiskjal II.

Svarbréf hreppsnefndar Skútustaðahrepps til Steingríms J. Sigfússonar.
(12. apríl 1985.)

Varðandi upphaf að þingsályktunartillögu um atvinnumál í Mývatnssveit.

Á fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps þann 29. mars 1985 var tekið fyrir áðurnefnt uppkast.

Eftirfarandi var samþykkt:

„Sveitarstjórn lýsir stuðningi við áætlun um uppbyggingu og eflingu atvinnulífs í Mývatnssveit og væntir þess að þingmenn kjördæmisins standi sameiginlega að tillöguflutningi. Jafnframt óskar sveitarstjórn eftir að fá endanlega tillögu og greinargerð til umsagnar."

Arnaldur Bjarnason,
sveitarstjóri Skútustaðahrepps.

Fylgiskjal III.

Bréf sveitarstjórnar Skútustaðahrepps til þingmanna Norðurlandskjördæmis eystra.
(8. mars 1988.)

Nú hefur mál verið þingfest fyrir gildistöku laga þessara fyrir aukadómþingi, bæjarþingi, sakadómi eða sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum og dómur er ekki upp kveðinn og skal þá málið sjálfkrafa teljast rekið áfram fyrir viðkomandi héraðsdómi. Sú breyting haggar ekki gildi þeirrar meðferðar sem mál hefur þegar sætt fyrir gildistöku laga þessara.

20. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirfarandi lög og ákvæði einstakra laga:

1. Lög um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., nr. 74/1972.
2. Lög um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum, nr. 29/1986.
3. Lög um sérstakt lögsagnarumdæmi í Austur-Skaftafellssýslu, nr. 56/1976.
4. Lög um lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli, nr. 33/1954.
5. Lög um heimild til löggildingar á fulltrúum bæjarfógeta til þess að gegna eiginlegum dómstörfum o.fl., nr. 79/1919.
6. 1. mgr. 2. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann, nr. 18/1949.
7. 1. mgr. 2. gr. laga um nauðungaruppboð, nr. 57/1949.
8. Lög um bráðabirgðabreyting á dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum o.fl., nr. 3/1973.
9. 2. gr. laga nr. 26/1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja.
10. 2. gr. laga nr. 61/1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði.
11. Lög nr. 58/1919 um breytingar á lögum nr. 30 22. nóvember 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði.
12. 4. gr. laga nr. 48/1928, um bæjarstjórn í Neskaupstað í Norðfirði.
13. 4. gr. laga nr. 45/1941, um bæjarstjórn á Akranesi.
14. 4. gr. laga nr. 60/1944, um bæjarstjórn í Ólafsfirði.
15. 2. gr. laga nr. 57/1947, um bæjarstjórn á Sauðárkróki.
16. 4. gr. laga nr. 17/1949, um bæjarstjórn í Keflavík.
17. 2. gr. laga nr. 109/1949, um bæjarstjórn í Húsavík.
18. 2. gr. laga nr. 30/1955, um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað.
19. 2. gr. laga nr. 16/1974, um kaupstaðarréttindi til handa Seltjarnarneshreppi.
20. 2. gr. laga nr. 17/1974, um kaupstaðarréttindi til handa Bolungarvíkurkauptúni.
21. 2. gr. laga nr. 18/1974, um kaupstaðarréttindi til handa Grindavíkurhreppi.
22. 2. gr. laga nr. 19/1974, um kaupstaðarréttindi til handa Eskifjarðarhreppi.
23. 2. gr. laga nr. 20/1974, um kaupstaðarréttindi til handa Dalvíkurkauptúni.
24. 2. gr. laga nr. 83/1975, um kaupstaðarréttindi til handa Garðahreppi.
25. 2. gr. laga nr. 86/1975, um kaupstaðarréttindi til handa Njarðvíkurhreppi.
26. 2. gr. laga nr. 8/1978, um kaupstaðarréttindi til handa Selfosskauptúni.
27. 2. gr. laga nr. 34/1983, um kaupstaðarréttindi til handa Ólafsvíkurhreppi.

28. Lög nr. 31/1877, um að skipta Þingeyjarsýslu og Skaftafellssýslu hvorri um sig í tvö sýslufélög.
29. Lög nr. 27/1887, um að skipta Barðastrandarsýslu í tvö sýslufélög.
30. Lög nr. 3/1896, um að skipta Ísafjarðarsýslu í tvö sýslufélög.
31. 1. og 2. gr. laga nr. 43/1973, um breyting á mörkum Gullbringusýslu og Kjósarsýslu og skipan lögsagnarumdæma.
32. Lög nr. 77/1907, um að skipta Húnavatnssýslu í tvö sýslufélög.

21. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast lög um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936, sem hér segir:

a. 29.–33., 35. og 72. gr., svo og 1. og 2. mgr. 38. gr. falli brott.
b. 1. mgr. 42. gr. hljóði svo:

Hverjum héraðsdómstól skulu fylgja dómsmálabækur til afnota í einkamálum, þar á meðal viðskipti, fógetagerðir og uppboð. Í bækur þessar skráir dómari skýrslu um mál þau, sem til meðferðar eru hverju sinni, með þeim hætti sem tíðkast hefur, þar á meðal úrskurði sem upp eru kveðnir þegar í stað, um skjöl þau sem fram hafa verið lögð, um kröfur þær sem fram hafa komið og þau efni önnur sem í IX. kafla greinir, vitnaskýrslur, nefningu matsmanna og staðfestingu matsgerða o.s.frv. Þá skal fylgja hverjum héraðsdómstól dómabók þar sem skráðir eru dómar og úrskurðir aðrir en þeir sem áður greinir.

22. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast lög um meðferð opinberra mála, nr. 74 21. ágúst 1974, sem hér segir:

a. 4. gr. falli brott.
b. 2. mgr. 5. gr. falli brott, en 3. mgr. 5. gr. hljóði svo:

Eftir ákvörðun dómstjóra geta þrír héraðsdómarar farið með mál eftir rannsókn þess og dæmt það í sameiningu, enda þyki vafi um mikilsverð sönnunar- eða lagaatriði.
c. 7. gr. hljóði svo:

Kirkjudómur fer með refsimál vegna afbrota biskups og presta þjóðkirkjunnar út af hneykslanlegu framferði þeirra í embættisathöfnum eða einkalífi, enda sé ekki um almenn refsiverð brot að tefla. Forsæti í kirkjudómi skipar dómstjóri viðkomandi héraðsdóms eða héraðsdómari þar sem dómstjóri er eigi, en til meðdómenda kveður hann tvo þjónandi þjóðkirkjupresta.
d. 2. mgr. 12. gr. hljóði svo:

Um greiðslu til meðdómenda fer skv. 8. tölul. 37. A. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.
e. 1. mgr. 15. gr. falli brott.
f. 17. gr. falli brott.
g. 1. mgr. 18. gr. hljóði svo:

Hverjum héraðsdómi skal fylgja þingbók, ein eða fleiri, þar sem skrá skal að efni til það sem fram fer í opinberum málum nema ræður málflytjenda og dómabók þar sem skrá skal dóma í opinberum málum.
h. 1. mgr. 32. gr. hljóði svo:

Sýslumenn eru lögreglustjórar utan Reykjavíkurumdæmis, en þar fer sérstakur lögreglustjóri með lögreglustjórn. Þar sem ekki eru skipaðir sérstakir lögreglumenn aðstoða hreppstjórar lögreglustjóra.
i. 3. mgr. 73. gr. falli brott.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af níu manna nefnd sem dómsmálaráðherra, Jón Sigurðsson, skipaði í lok september 1987, en í henni sátu Björn Friðfinnsson, aðstoðarmaður dómsmálaráðherra, Magnús Þ. Torfason, fyrrverandi hæstaréttardómari, Pétur Hafstein, sýslumaður og bæjarfógeti, Bogi Nilsson rannsóknarlögreglustjóri, Ólöf Pétursdóttir héraðsdómari, Eiríkur Tómasson hæstaréttarlögmaður, Friðjón Guðröðarson sýslumaður, Markús Sigurbjörnsson borgarfógeti og Guðmundur Einarsson framkvæmdastjóri. Ritari nefndarinnar var Ólafur K. Ólafsson, deildarstjóri í dómsmálaráðuneytinu.

Við meðferð málsins í ráðuneyti og í þingflokkum, er standa að ríkisstjórninni, var sú breyting gerð frá tillögum nefndarinnar að bætt var við héraðsdómstól fyrir Norðurland vestra, en nefndin lagði til að einn héraðsdómstóll væri fyrir allt Norðurland.

Stutt sögulegt yfirlit.

Hugmyndin um aðskilnað ríkisvaldsins í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald er venjulega rakin til franska heimspekingsins Montesquieu, sem rökstuddi nauðsyn og ágæti þeirrar skipanar í riti sínu „Um anda laganna“ („De l'esprit des lois“) sem út kom árið 1748. Hugmyndin varð að veruleika eftir þær stjórnarfarsbyltingar sem urðu á 18. og 19. öld þegar einveldisstjórnir liðu undir lok í mörgum ríkjum og lýðræði var komið á.

Umboðsstjórn ríkisvaldsins í héraði og dómsvald voru aðskilin hér á landi frá því að ríkisvaldi í nútímaskilningi var komið á og fram á einveldistíma Danakonunga.

Umboðsmenn framkvæmdarvaldsins hér á landi voru auk hirðstjóra og eftirmanna þeirra fyrst og fremst sýslumenn og er þeirra fyrst getið sem embættismanna konungs hérlendis í Gamla sáttmála, Járnsíðu og Jónsbók. Þeir voru í fyrstu 12 eða 13. Sýslumenn voru lögreglustjórar og innheimtumenn konungstekna, þeir önnuðust fullnægju dóma og sáu um þingfararmál auk fleiri starfa. (Sjá nánar um þetta efni rit Steingríms Gauts Kristjánssonar: *Stjórnsýsla ríkisins í héraði í fortíð, nútíð og framtíð.* Útg. í Reykjavík 1987.)

Sýslumenn nefndu menn í héraðsdóma og lögðu mál fyrir þá. Dómum héraðsdóma mátti síðan áfrýja til Lögréttu, en dómum Lögréttu mátti skjóta til konungs. Árið 1314 var einnig heimilað að skjóta stórmálum beint til konungs. Þá gátu lögmenn landsins, en þeir voru tveir, nefnt menn í héraðsdóma í stað sýslumanna, en í slíkum tilvikum gat Lögrétta ekki breytt dómi undirréttar heldur einungis athugað hann og lagt til að málinu yrði skotið til konungs. Í Lögréttu áttu sæti 36 menn, þrír úr hverju hinna 12 þinga, og voru þeir nefndir til setu af lögmönnum og sýslumönnum. Í hverju dómsmáli dæmdu ýmist 6, 12 eða 24 menn eftir mikilvægi mála og eftir nánari ákvörðun og tilnefningu lögmanna. Sum mál komu ekki fyrir dóm í héraði, en gengu beint til Lögréttu. Voru það einkum hin stærri mál.

Þess skal getið að fyrir kom að konungar skipuðu lögmenn jafnframt sýslumenn, en því var kröftuglega mótmælt af Alþingi.

Árið 1563 var ákveðið að stofna nýjan dómstól hér á landi og mátti skjóta þangað málum frá Lögréttu. Þessi dómstóll, yfirrétturinn, starfaði á Alþingi eins og Lögrétta og var æðsti umboðsmaður konungs hér á landi formaður hans. Dómendur voru upprunalega 24, en þeim var fækkað á 18. öld. Starfsemi þessa áfrýjunardómstóls var óregluleg framan af, en sýslumenn voru oft nefndir til þess að sitja í honum og var það í samræmi við Alþingisdóm frá árinu 1579.

Í konungstilskipun frá árinu 1622 er gert ráð fyrir að sýslumenn eigi að „administrere og betjene Retten“, þ.e. að sýslumenn eigi að hafa með höndum almenna dómsmálastjórn, sjá um að mál hljóti rétta meðferð og úrlausn, annast þjónustu við dómendur og sjá um að þeir geti rækt störf sín greiðlega. Virðist svo sem þetta sé staðfesting á almennum skilningi á hlutverki umboðsmanna konungsvaldsins varðandi dómsmál á þessu tímabili.

Réttarfarsreglur Jónsbókar, sem byggðust á aðskilnaði umboðsstjórnar og dómsvalds í stórum dráttum, voru í gildi fram yfir aldamótin 1700. Þá voru gengnir í garð einveldistímar og konungar ríkisins sameinuðu alla þætti ríkisvaldsins í sínum höndum. Í samræmi við það var farið að framkvæma hér á landi réttarfarsákvæði norsku laga Kristjáns V. frá árinu 1688, en þau afnámu hina hefðbundnu aðgreiningu framkvæmdarvalds og dómsvalds.

Í erindisbréfi Níelsar Fuhrmanns amtmanns dagsettu 30. maí 1718 er kveðið á um að amtmanni beri að sjá til þess að í réttarfarsmálefnum skuli farið eftir norsku lögum og var þetta síðan ítrekað í erindisbréfi stiftamtmanns frá 1720 og í konungsbréfum frá 1732 og 1734.

Við gildistöku norsku laga voru nefndadómarnir, sem fyrir var mælt um í Jónsbók, lagðir niður, en yfirrétturinn starfaði þó áfram sem fjölskipaður dómur. Í héraði urðu sýslumenn einir dómarar, en í stað Lögréttudóma tóku lögmennirnir við dómstörfunum. Lögréttumenn urðu þingvottar.

Með tilskipun 11. júlí 1800 var dómaskipan gerbreytt. Yfirrétturinn var lagður niður og lögþingin eða lögþingisréttirnir, en svo voru dómstólarnir á Alþingi nefndir sem lögmennirnir sátu í. Jafnframt var tekið fram að Alþingi á Þingvöllum skyldi lagt niður. Í stað yfirréttarins og lögþinganna var stofnaður Landsyfirréttur í Reykjavík. Var það áfrýjunardómstóll er starfaði allt árið. Dómum hans mátti skjóta til Hæstaréttar í Kaupmannahöfn.

Þetta skipulag hélst uns ákveðið var með heimild í 10. gr. sambandslaganna frá 1918 og lögum nr. 22/1919, sem gildi tóku árið 1920, að stofna Hæstarétt Íslands og leggja Landsyfirrétt niður. Urðu dómstig þá tvö í stað þriggja.

Eftir að einveldi var lagt niður í ríki Danakonunga varð það ríkjandi pólitísk stefna að aðgreina þætti ríkisvaldsins í þeirri stjórnskipan, sem við tók, enda kenning Montesquieu um þrígreiningu þess einn af hornsteinum þeirrar hugmyndafræði sem tók við af einveldinu. Í grundvallarlögum Dana frá 1849 var kveðið á um endurskoðun réttarfars í anda nýrra hugmynda og var fullum aðskilnaði dómsvalds og umboðsstjórnar loks komið á með lögum frá 1916 sem tóku gildi 1. október 1919. Sömu áform voru uppi í hinu forna sambandsríki okkar Noregi og var fullum aðskilnaði dómsvalds og umboðsstjórnar komið þar á með lögum frá 1894 sem tóku gildi í áföngum á næstu árum þar á eftir. Eftir að hertogadæmin komust undir þýska stjórn 1864 var lögfest þar þýskt réttarfar sem byggðist á fullum aðskilnaði dómsvaldsins frá öðrum þáttum ríkisvaldsins.

Um leið og breytingin varð í Danmörku voru uppi svipaðar hugmyndir hér á landi. Meiri hluti þingnefndar, sem skipuð var í samræmi við þingsályktun frá 1914, lagði árið 1916 til fullan aðskilnað umboðsvalds og dómsvalds. Lagði meiri hlutinn, sem skipaður var þeim Jóni Jónatanssyni, Jóni Magnússyni og Jósef Björnssyni, til að landinu yrði skipt upp í sex lögdæmi með einum héraðsdómara í hverju lögdæmi og skyldu þeir vera „sem sjálfstæðastir og óháðastir bæði umboðsvaldinu og almenningi“. Á móti yrði sýslumannsembættum verulega fækkað.

Minni hluti nefndarinnar, en hann skipuðu þeir Halldór Daníelsson og Skúli Thoroddsen, segir í áliti sínu, „að í sjálfu sér væri það mikilsverð og æskileg framför, ef fundið yrði ráð til þess að greina umboðsvald frá dómsvaldi svo, að hagkvæmt væri fyrir alla hlutaðeigendur. Minni hlutinn væri og á þeirri skoðun eins og meiri hlutinn að ef ráðist yrði í slíka breytingu mundi það skipulag, sem nefndin bendir á, yfirleitt vera líklegasta lausnin á því máli og að tæplega yrði önnur leið fundin er að minnsta kosti í aðaldráttum ætti betur við eða auðveldari yrði í framkvæmd, eftir því sem til hagar hér á landi.“ Þrátt fyrir þessa ályktun lagði minni hlutinn til að ekki yrði ráðist í breytingu á dómstólaskipan að svo stöddu þar eða „hvorki hafi komið í ljós þörf á slíkri breytingu né óskir um hana. Meðan greining umboðsvalds og dómsvalds sé enn sem komið er, hvorki þingi né þjóð neitt áhugamál, þyki minni hlutanum það of snemmt að gera tillögur um að ráða til slíkrar gjörbreytingar á stjórnarfari landsins.“

Álit nefndarinnar var sérprentað og gefið út árið 1916 og er það um margt merkilegt rit.

Niðurstaða Alþingis varð sú að ekki var ráðist í breytingar á dómstólaskipan og umboðsstjórn í héraði að svo stöddu.

Í nútímaréttarfari er gerður munur á einkamálum og opinberum málum. Opinber mál eru þau sem handhafar ríkisvaldsins höfða til refsingar lögum samkvæmt. Yfirleitt er sérstökum óháðum embættismönnum, saksóknurum, falin meðferð ákæruvalds. Frá þessu eru þó til undantekningar og hugtakið „opinber mál“ er nokkru víðtækara.

Öll önnur dómsmál teljast einkamál. Þær meginreglur gilda um þessa tvo flokka dómsmála að í opinberum málum eru það embættismenn sem ákveða hvort mál skuli höfðað, þeim ber að leita allra ráða til að afla gagna og þeim ber að sanna sekt sökunauts. Í einkamálum eru það aðilarnir, sem ýmist eru einstaklingar eða persónur að lögum, sem ákveða, hvaða kröfur skuli gerðar, hvaða gögn lögð fram og hvort á þeim er byggt.

Í opinberum málum er gerður munur á rannsóknarréttarfari og ákæruréttarfari. Í rannsóknarréttarfari, sem rekja má til starfsaðferða dómstóla kaþólsku kirkjunnar, er dómarinn í senn rannsóknarmaður, ákærandi og dómari. Í ákæruréttarfari er dómarinn hlutlaus aðili, en ákærandi flytur mál gegn hinum ákærða.

Munur á opinberum málum og einkamálum var lengi óljós og svo var enn samkvæmt réttarfarsreglum norsku laga Kristjáns V. Smám saman varð þó slíkur munur gerður, aðallega fyrir venju, og á 18. öld var rannsóknarréttarfar tekið upp í opinberum málum stig af stigi. Má segja að hér á landi hafi það verið komið á að fullu um aldamótin 1800. Hélst það síðan óbreytt í höfuðdráttum til ársins 1951 þegar sett voru lög um meðferð opinberra mála. Þó var þá enn haldið í meginreglur rannsóknarréttarfarsins. Sérstakur saksóknari fékk ákæruvald hér á landi 1961 og með stofnun Rannsóknarlögreglu ríkisins árið 1976 var dregið mjög úr rannsóknarhlutverki dómstóla, en þó ber réttarfar í opinberum málum hér á landi enn nokkur merki rannsóknarréttarfars sem nú er víðast aflagt í nágrannaríkjum okkar.

Aðgreining dómsvalds og stjórnsýslustarfa hefur frá 1916 öðru hvoru verið á dagskrá hér á landi og má þar t.d. nefna þingsályktunartillögu sem Björn Fr. Björnsson o.fl. fluttu á Alþingi 1965–1966, en þar segir m.a.: „Í þjóðfélögum, sem búa við réttarfar bundið vestrænum réttarreglum og réttarvitund, þykir eigi fara vel saman, að dómendur hafi einnig á hendi umsvifamikil umboðsstörf. Af þeirri sök hefur stefnan verið sú að draga sem mest úr hendi dómenda umboðsleg embættisstörf og búa þannig að dómstólunum, að þeir hafi sem óháðasta og traustasta aðstöðu við úrlausn dómsmála.“

Reyndar má segja að komið hafi verið á aðgreiningu dóms- og stjórnsýslustarfa í Reykjavík í verulegum mæli. Með lögum nr. 26/1917 var bæjarfógetaembættinu í Reykjavík skipt í bæjarfógetaembætti og tollstjóraembætti og tók sú skipan gildi 1. apríl 1918. Með lögum nr. 67/1928 var bæjarfógetaembættinu skipt í lögreglustjóraembætti og lögmannsembætti og tók það gildi 1. janúar 1929. Með lögum nr. 67/1939 var lögmannsembættinu skipt í lögmannsembætti og sakadómaraembætti og tók það gildi 1. janúar 1940. Loks var lögmannsembættinu enn skipt með lögum nr. 65/1943 og borgarfógetaembættið stofnað, en lögmannsheitið lagt niður. Frá þessum tíma hefur lögsaga á héraðsdómstigi í Reykjavík verið í höndum þriggja embætta, þ.e. borgardómaraembættisins, borgarfógetaembættisins og sakadómaraembættisins, en lögreglustjórn og tollstjórn, sem eru ótvírætt umboðsstörf, hafa verið skilin frá dómstólunum. Enn fara dómstólarnir þó með nokkur umboðsstörf, einkum borgardómaraembættið og borgarfógetaembættið. Með lögum nr. 52/1973 bættist svo nýr héraðsdómstóll með aðsetri í Reykjavík við, en það er sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum. Nær lögsaga hans til landsins alls hvað þann málaflokk varðar.

Utan Reykjavíkur gegna sýslumenn og bæjarfógetar hins vegar enn hlutverki lögreglustjóra og innheimtumanna ríkissjóðs jafnframt því að þeir eru dómarar. Að vísu hefur verið komið á fót embættum héraðsdómara við embætti bæjarfógeta á Akureyri, í Vestmanna-

eyjum, á Selfossi, í Keflavík, í Hafnarfirði og í Kópavogi, en þar er þó ekki um „sjálfstæða“ dómstóla að ræða í venjulegri merkingu þess hugtaks.

Á árunum 1975–1981 voru fimm sinnum lögð fram á Alþingi stjórnarfrumvörp um „lögréttuskipan“, en þau fjölluðu um nýtt dómstig og talsverðar breytingar á réttarfari. Var í upphafi gert ráð fyrir tveimur lögréttudómstólum, en síðar var gert ráð fyrir að lögréttudómstóll væri aðeins einn. Frumvörp þessi urðu ekki útrædd.

Íslendingar eru aðilar að Evrópuráðinu og hafa skuldbundið sig til að fylgja sáttmála þess um verndun mannréttinda og mannfrelsis, en þar segir m.a. að leiki vafi á um réttindi þegns og skyldur eða hann er borinn sökum um refsivert athæfi skuli mál hans útkljáð af óháðum dómstóli. Í október 1987 var tekið fyrir hjá mannréttindanefnd Evrópuráðsins mál manns sem búsettur er á Akureyri. Hafði hann verið dæmdur í undirrétti og í Hæstarétti fyrir brot á umferðarlögum. Í samræmi við gildandi lög var mál hans tekið fyrir og dæmt af fulltrúa bæjarfógetans á Akureyri, en hann starfar á ábyrgð og undir stjórn bæjarfógeta sem jafnframt er yfirmaður lögreglunnar. Málið var kært til mannréttindanefndarinnar á þeirri forsendu að mál sakbornings hefði ekki hlotið meðferð í undirrétti fyrir óháðum dómara.

Mannréttindanefndin komst að þeirri niðurstöðu að málið væri tækt til efnismeðferðar, en það þýðir að nefndin telur líkur á að brotið hafi verið gegn mannréttindasáttmálanum. Má segja að með því sé réttarfar Íslendinga í opinberum málum komið undir smásjá samstarfsþjóða okkar í Evrópuráðinu og hlýtur það að leiða til aukins þrýstings um umbætur á dómstólakerfi og réttarfari hérlendis.

Um greinarmun á dómsvaldi og framkvæmdarvaldi.

Sú hugmyndafræði, sem evrópskar reglur um skipan dómstóla hafa verið byggðar á, er talin eiga upphaflega rætur að rekja til rómversks réttar. Grundvallarlögmál Rómarréttar í þessum efnum hafa í aldanna rás verið staðfærð og aðlöguð með ýmsum hætti að upphaflegri réttarskipan í germönskum löndum, en með þeim hætti varð endanlega til á 18. og 19. öld sá grundvöllur sem enn er við lýði og er sameiginlegur réttarfarskerfum landa á norðanverðu meginlandi Evrópu og Norðurlöndum. Um margt byggir réttarfarskerfi Íslands líkt og í öðrum umræddum löndum enn á ævagömlum grunni, en sú aðlögun, sem áður er nefnd, hefur samræmt eldri kenningar af erlendum uppruna við þá skipan réttarfarsmála hverrar þjóðar sem fyrir var. Auk þess hefur kennisetningin um þrígreiningu ríkisvaldsins haft veruleg áhrif frá því að hún kom fram.

Öldum saman hafa fræðimenn fengist við að afmarka inntak hugtaksins „dómsvald“ og hafa þeir m.a. í þeirri viðleitni þurft að taka afstöðu til þess hvaða málefni eigi að leggja til úrlausnar dómstóla og hvaða mál skuli sæta úrlausn annarra stofnana ríkisvaldsins og þá fyrst og fremst úrlausn framkvæmdarvaldshafa. Þessar fræðilegu skilgreiningar hafa m.a. orðið grundvöllur að því hvernig núgildandi lög, jafnt hér á landi sem annars staðar í Vestur-Evrópu, afmarka viðfangsefni dómstóla og skilgreina hvað telja skuli dómsathöfn gagnstætt því hvað telja skuli yfirvaldsathöfn. Sú afmörkun, sem nú er byggt á hér á landi, er í stórum dráttum hin sama og annars staðar í nágrannaríkjunum.

Af fornri löggjöf má ráða að helsta hvöt þess, að samfélög hafa komið dómstólum á fót, sé nauðsyn þess að koma í veg fyrir að menn leiti réttar síns með sjálftöku (gertæki). Þegnarnir hafa litið svo á að eitt af meginhlutverkum ríkisvaldsins sé að halda friði í samfélaginu með starfi dómstóla. Snemma komst sú skipan á í þróuðum samfélögum að í stað þess, að menn brygðust við missætti með ofbeldi, væri þeim gert skylt að viðlagðri refsingu að leita viðurkenningar og fullnustu réttinda sinna fyrir dómi. Þetta á jafnt við þegar menn hafa þurft að afla atbeina dómstóla til að fullnægja réttindum á sviði einkaréttar og þegar menn hafa viljað bregðast við refsiverðum verknaði gegn sér. Þá hefur atbeina dómstóla verið krafist til þess að meta sök og refsingu. Þessi skipan mála kemur m.a. fram í

þjóðveldislögum Íslendinga og í lögum nágrannalanda okkar frá sama tímabili. Frá fornu fari hefur þannig verið á því byggt að ef einstaklingur eða stofnun nær ekki réttindum sínum með fúsum og frjálsum vilja þess sem þau þarf að sækja til verði eigi við því brugðist á annan hátt en að leita atbeina dómstóla.

Af síðasttöldu ástæðunni m.a. hefur hugtakið „dómsvald“ eigi talist réttilega skilgreint með þeim þrönga hætti að með því sé einungis átt við vald til að leysa úr ágreiningi einstaklinga. Aðrar ástæður en réttarágreiningur geta verið því til fyrirstöðu að aðili fáist ekki til þess að veita rétti annars aðila fullnustu. Vilja- og getuleysi til þess að efna réttmæta kröfu annars aðila gæti valdið því að hún nái ekki fram að ganga þótt eigi séu höfð uppi andmæli við efni kröfunnar. Frá fornu fari hefur því verið talið, jafnt hérlendis sem í nágrannaríkjum okkar í Vestur-Evrópu, að við slíkar aðstæður þurfi að afla fulltingis dómstóla jafnt til þess að afla staðfestingar á réttmæti kröfu og til að fullnægja henni að dómi uppkveðnum. Hefur fræðilegur grunnur þessarar skilgreiningar m.a. styrkst af þeim viðhorfum sem verið hafa ríkjandi allt frá upphafi nítjándu aldar að ávallt verði að virða rétt þess aðila, sem sótt er á um fullnustu kröfu, til þess að hafa uppi andmæli ef hann svo kýs. Af þessari ástæðu hefur hugtakið „dómsvald“ um langa tíð ekki eingöngu tekið til úrlausnar um réttarágreining manna í þröngum skilningi, heldur hefur hugtakið einnig haft í sér fólgið vald til að knýja fram efndir réttinda eða það sem stundum er nefnt „fullnustuvald“. „Dómsvald“ felur því í sér bæði úrlausnarvald um eiginlegan réttarágreining og vald til að knýja fram fullnustu réttinda sem eigi er ágreiningur um.

Framangreind skilgreining á dómsvaldi hefur um langan tíma verið viðurkennd í lögfræði Vestur-Evrópuríkja og er meðal hornsteina í stjórnskipan þeirra. Á henni hefur byggst skipting viðfangsefna dómstóla annars vegar og framkvæmdarvalds (umboðsvalds) hins vegar. Hefur verkaskiptingunni í stórum dráttum verið á þann veg háttað að það er hlutverk dómstóla í einkamálum að kveða á um réttindi manna, að stofna til nýrra réttinda og að fella réttindi niður hvort sem er með dómi eða fullnustugerð. Hlutverk dómstóla í opinberum málum er á hinn bóginn að ákvarða um sekt sakborninga og eftir atvikum að ákveða refsingu þeirra. Í hlut framkvæmdarvaldsins hefur hins vegar komið að halda uppi vernd réttinda einstaklinga og stofnana hvort sem er með opinberri staðfestingu (skráningu) eða með almennu lögregluvaldi.

Sumir málaflokkar hafa allt að einu verið á markalínu milli þessara tveggja þátta ríkisvaldsins. Í umfjöllun erlendra fræðimanna hefur þessum málaflokkum t.d. verið gefið samheitið „jurisdictio voluntaria“ á latínu og „frivillig retspleje“ á dönsku. Er þar byggt á kenningum Rómarréttar þótt heitið taki nú að sumu leyti til annarra atriða en áður var. Í þýskri og norrænni lögfræði hefur verið gengið út frá því að þau verkefni, sem felld eru undir þetta heiti, geti hvort heldur átt undir dómstóla eða framkvæmdarvald. Meginþorri umræddra verkefna varða skráningu eða tryggingu réttinda t.d. með þinglýsingu, lögbókandagerð (notarialgerð) eða skráningu í firmaskrá eða vörumerkjaskrá. Löggjöf hefur falið dómstólum að hafa ýmis slík viðfangsefni með höndum, t.d. þinglýsingar, en önnur, t.d. hlutafélagaskrá, hafa verið lögð undir yfirvöld. Hefur verið álitið að engin teljandi fræðileg rök mæli með því að þessi viðfangsefni komi í hlut annars aðilans fremur en hins. Er það því ekki gert í blóra við grundvallarreglur um skipan dómsvalds að vista verkefni af þessum meiði hjá framkvæmdarvaldi fremur en dómsvaldi.

Fræðikenningar og löggjöf hafa eins og að framan greinir falið dómstólum ákveðin verkefni. Það hefur verið talin grundvallarregla að einkaréttarlegri kröfu verði eigi fullnægt nema með atbeina dómstóla og frávik frá þeirri reglu hafa eigi tíðkast, t.d. að ákveðnir þættir dómsvaldsins verði færðir í hlut einstakra manna eða framkvæmdarvaldshafa. Hér verður þó að hafa í huga að gildandi réttarfarsreglur hafa skeytt ýmsar framkvæmdarathafnir við dómsvald í þeim skilningi sem hér um ræðir. Er þetta einkum áberandi á sviði

fullnustugerða þótt ýmis dæmi finnist um þetta á öðrum sviðum dómsathafna. Þessar framkvæmdarathafnir koma til dæmis fyrir á sviði skiptaréttar þar sem handhöfum dómsvalds er ekki eingöngu falið að veita viðurkenningu og fullnustu réttinda á hendur búi, heldur einnig að annast ýmsa umsýslu við búskipti. Á sviði fógetaréttar kemur þetta einnig fram í þeirri mynd að dómstólnum er ekki aðeins falið að kveða á um fullnusturéttindi, heldur einnig að fylgja þeirri úrlausn eftir með valdbeitingu ef með þarf. Uppboðsrétti er ekki eingöngu falið að mæla fyrir um heimild manna til fullnustu með nauðungarsölu eigna, heldur einnig að framkvæma þá sölu. Skýringin á því að löggjöf hefur falið þessum dómstólum bæði að fara með dómsvald í eiginlegum skilningi og fara með framkvæmdarathafnir er einfaldlega sú að við setningu viðkomandi réttarfarslaga þóttu ekki aðrir tiltækir til þess að taka við framkvæmd þegar dómsathöfnum dómstóla sleppti. Þótt eldri löggjöf hafi skipað málum með þessum hætti hefur allt að einu þótt ljóst hvar mörkin hafa legið á þessum sviðum milli eiginlegra dómsathafna umræddra dómstóla annars vegar og framkvæmdarathafna þeirra hins vegar. Dæmi þessa má glöggt sjá af nýlegri löggjöf á þessum vettvangi sem hefur leitast við að einangra hlutverk dómstóla við meðferð dómsvalds, en láta framkvæmd að öllu leyti í hendur annarra. Af þessum meiði eru til dæmis gjaldþrotalögin nr. 6/1978. Þó hefur miðað hægara í hérlendri löggjöf að þessu leyti en í nágrannalöndunum þar sem víðast er langt komið því verki að færa framkvæmd eða umsýslu á þessum sviðum úr höndum dómstóla, ýmist til umboðsmanna framkvæmdarvaldsins eða utanaðkomandi aðila (executores, administrators).

Ýmis framkvæmdarvaldsstörf falin dómstólum.

Hér að framan hefur verið rætt um verkefni sem eru á mörkum framkvæmdarvalds og dómsvalds, en oft hafa verið talin til dómstarfa, t.d. skráning ýmissa réttinda. Einnig eru dæmi um verkefni sem ótvírætt eru á verksviði framkvæmdarvaldsins, en falin hafa verið dómstólum. Dómstólum hefur t.d. verið falið að framkvæma borgaralegar hjónavígslur, ýmsar leyfisveitingar, löggildingu á gerðabókum, útnefningu matsmanna og oddamanna í gerðardóma, lögbókandagerðir, uppskrift dánarbúa o.fl. Þetta hefur tíðkast í mörgum ríkjum Vestur-Evrópu þrátt fyrir það að þar hafi dómsvald í meginatriðum verið skilið frá framkvæmdarvaldi. Á undanförnum árum hefur hins vegar þeirri skoðun vaxið fylgi að alfarið beri að fjarlægja þessi verkefni frá dómstólum þar eð þau auki álag á starfslið þeirra og hindri dómstólana í því að sinna meginverkefnum sínum sem skyldi.

Um þetta efni hefur verið fjallað á vettvangi Evrópuráðsins á undanförnum árum og á fundi ráðherranefndar Evrópuráðsins hinn 16. september 1986 var samþykkt tillaga þar sem m.a. er mælt með því við aðildarríkin að slík verkefni, sem að framan greinir, verði flutt frá dómstólum til úrlausnar annarra aðila. (Meðmæli nr. R (86) 12.)

Meginefni frumvarpsins.

Í starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar segir m.a. „að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir heildarendurskoðun dómsmálaskipunar, er feli í sér aðskilnað dómsstarfa og stjórnsýslustarfa“ og er nefndarskipan sú, er að framan greinir, liður í framkvæmd þeirrar stefnuyfirlýsingar.

Meginatriði í tillögum nefndarinnar eru þau að settir verði á fót sjö héraðsdómstólar er fari með dómstörf jafnt í einkamálum og opinberum málum. Framvegis verði sýslustjórn í héraði í höndum embættismanna með embættistitilinn „sýslumaður“ um leið og embættistitillinn „bæjarfógeti“ verði lagður niður.

Lagt er til að héraðsdómstólar í Reykjavík verði sameinaðir í einn dómstól, þar á meðal hluti borgarfógetaembættisins, en borgarfógetaembættið verði að öðru leyti embætti sýslumanns í Reykjavík er fari með verkefni á sviði umboðsstjórnar á sama hátt og önnur

sýslumannsembætti, að öðru leyti en því að lögreglustjórn og tollstjórn eru í höndum sérstakra embætta.

Í frumvarpinu er gengið út frá því að sýslumenn hafi áfram með höndum núverandi verkefni að öðru leyti en hvað varðar dómstörf sem færast til héraðsdómstóla. Þess ber sérstaklega að geta að sú nefnd, sem samdi frumvarp þetta, telur æskilegt og horfa til sparnaðar í opinberri stjórnsýslu að sýslumenn fari áfram með innheimtu opinberra gjalda. Ráðgert er að auki að fjöldi nýrra verkefna færist til sýslumanna, en sú tilfærsla kallar á breytingu ýmissa laga. Er því lögð áhersla á að frumvarp þetta verði að lögum á því þingi sem nú situr, en tíminn fram að gildistöku laganna verði síðan notaður til að gera nauðsynlegar breytingar á öðrum lögum.

Umfangsmestu breytingarnar, sem lögfesting þessa frumvarps kallar á að gerðar verði á öðrum lögum, eru á sviði réttarfarslöggjafar, en einnig þarf að breyta öðrum lögum er fjalla um viðfangsefni sýslumanna. Með frumvarpi þessu fylgja þrjú önnur frumvörp. Er þar um að ræða frumvarp til laga um breytingar á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, frumvarp til laga um lögbókandagerðir (notarialgerðir) og frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 32/1965, um hreppstjóra. Tvö fyrstnefndu frumvörpin eru byggð á því að þinglýsingar og lögbókandagerðir verði framvegis í höndum sýslumanna sem yfirvaldsathafnir. Síðastnefnda frumvarpið leiðir m.a. af því að sýslunefndir verða lagðar niður í síðasta lagi í árslok 1988 samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

Þá er áformuð gerð frumvarps til breytinga á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, sem leggi til að sýslumenn fari með ákveðna þætti ákæruvalds í umboði ríkissaksóknara. Enn fremur má vænta innan tíðar frumvarps til lögtakslaga sem hefur þá breytingu í för með sér að sýslumenn fari með lögtaksgerðir sem valdsmannsathöfn en ekki dómsathöfn. Þá er gert ráð fyrir að fyrir liggi á komandi hausti frumvörp til nýrra laga um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl. (nú lög nr. 3/1878), um aðför (nú lög nr. 19/1887), um nauðasamninga (nú lög nr. 19/1924), um kyrrsetningu og lögbann (nú lög nr. 18/1949), um nauðungaruppboð (nú lög nr. 57/1949) og um gjaldþrotaskipti (nú lög nr. 6/1978). Verður í frumvörpum þessum gengið út frá verulegum breytingum frá núverandi tilhögun þannig að héraðsdómstólar fari eftirleiðis einungis með dómstörf á þessum sviðum, en sýslumenn og eftir atvikum sérstaklega ráðnir umsjónarmenn (executores, administrators) fari með öll önnur verkefni í þessu sambandi. Er sú ráðagerð í samræmi við þá löggjafarstefnu sem lýst hefur verið hér að framan. Loks má nefna í þessu sambandi að endurskoða þarf lög nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, ef af breytingum á dómstólaskipan verður í samræmi við þetta frumvarp.

Auk framangreindra atriða eru áform um að ýmis verkefni, sem einstök ráðuneyti fara nú með, færist til sýslumanna, t.d. leyfisveitingar til lögskilnaðar, þar sem eigi er ágreiningur um skilnaðarkjör, en þær eru nú á verksviði dómsmálaráðuneytisins. Sama er að segja um málefni varðandi forsjá barna og umgengnisrétt barna og foreldra. Þá verður lagt til að sýslumönnum verið falið úrskurðarvald í sveitarstjórnarmálum, en ráð er fyrir því gert í sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, að félagsmálaráðuneytið geti falið umboðsmönnum framkvæmdarvaldsins í héraði það verkefni. Frekari athugun er áformuð á því hvaða verkefni önnur megi færa úr stjórnarráðinu til sýslumanna, m.a. varðandi leyfisveitingar o.fl. Um leið verður kannað hvaða heimildir skuli lögleiða um áfrýjun stjórnsýsluúrskurða sýslumanna til ráðuneytis, en fyrir slíkri skipan eru mörg fordæmi í nágrannaríkjunum og þykir hún horfa til aukins réttaröryggis almennings.

Í þeirri verkaskiptingu, sem ráðgerð er milli héraðsdómstóla og sýslumanna með framangreindum lagabreytingum, er byggt á því meginmarkmiði að sú þjónusta, sem stofnanir þessar veita almenningi, verði í eins ríkum mæli og unnt er í höndum sýslumanna

þannig að eigi þurfi að leita hennar um langan veg. Er og í frumvarpinu gengið út frá aukinni þjónustu við almenning frá því sem nú er, m.a. með ákvæði 1. mgr. 13. gr. frumvarpsins um sérstakar skrifstofur sýslumanna í þéttbýliskjörnum utan aðsetursstaða þeirra. Eins og fram kemur í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að dómarar haldi regluleg dómþing á föstum þingstöðum innan lögsagnarumdæmis síns.

Með tilkomu héraðsdómstólanna má reikna með því að aukinn fjöldi dómsmála verði útkljáður utan Reykjavíkur, en nú eru allmörg mál, sem eiga uppruna sinn utan höfuðborgarsvæðisins, dæmd fyrir dómstólum í Reykjavík með samkomulagi aðilja um varnarþing hvað einkamál varðar, en samkvæmt ákvörðun ríkissaksóknara hvað opinber mál varðar. Gera má ráð fyrir að lögmenn muni í auknum mæli finna sér starfsgrundvöll í nágrenni starfandi héraðsdómstóla og að aukin þjónusta á sviði dómgæslu muni styrkja byggðina utan höfuðborgarsvæðisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eins og ákvæði þetta ber með sér er lagt til að héraðsdómar fari með dómstörf í héraði jafnt í einkamálum sem í opinberum málum. Sérstaklega er tekið fram að dómstörf við skipti, fógetagerðir og uppboð falli hér undir, en í almennum athugasemdum í þessari greinargerð eru boðaðar breytingar á lagaákvæðum þar að lútandi þannig að verulegur hluti starfa við skipti, fógetagerðir og uppboð haldist hjá sýslumönnum eins og nánar er lýst í athugasemdum við 10. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að settir verði á fót átta héraðsdómstólar og eru lögsagnarumdæmi þeirra nánar skilgreind í greininni. Umdæmin fylgja kjördæmum að öðru leyti en að Norðurland er eitt umdæmi og hluti af Reykjaneskjördæmi, þ.e. Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær, Kjalarnes- og Kjósarhreppar, eru í sama lögsagnarumdæmi og Reykjavík. Lögsagnarumdæmin eru tilgreind í greininni með tilvísan til marka núverandi lögsagnarumdæma, en nánar lýst er lagt til að skiptingin verði sem hér segir:

1. Héraðsdómur Reykjavíkur. Lögsagnarumdæmi: Kjalarneshreppur, Kjósarhreppur og Mosfellsbær í lögsagnarumdæmi Kjósarsýslu, Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstaður.
2. Héraðsdómur Vesturlands. Lögsagnarumdæmi: Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, Dalasýsla, Akraneskaupstaður og Ólafsvíkurkaupstaður.
3. Héraðsdómur Vestfjarða. Lögsagnarumdæmi: Barðastrandarsýsla, Ísafjarðarsýsla, Strandasýsla, Ísafjarðarkaupstaður, Bolungarvíkurkaupstaður.
4. Héraðsdómur Norðurlands vestra. Lögsagnarumdæmi: Húnavatnssýsla, Siglufjarðarkaupstaður, Skagafjarðarsýsla.
5. Héraðsdómur Norðurlands eystra. Lögsagnarumdæmi: Eyjafjarðarsýsla, Þingeyjarsýsla, Ólafsfjarðarkaupstaður, Dalvíkurkaupstaður, Akureyrarkaupstaður, Húsavíkurkaupstaður.
6. Héraðsdómur Austurlands. Lögsagnarumdæmi: Norður-Múlasýsla, Suður-Múlasýsla, Austur-Skaftafellssýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Neskaupstaður og Eskifjarðarkaupstaður.
7. Héraðsdómur Suðurlands. Lögsagnarumdæmi: Vestur-Skaftafellssýsla, Rangárvallasýsla, Árnessýsla, Vestmannaeyjakaupstaður og Selfoss.
8. Héraðsdómur Reykjaness. Lögsagnarumdæmi: Gullbringusýsla, Grindavíkurkaupstaður, Keflavíkurkaupstaður, Njarðvíkurkaupstaður, Keflavíkurflugvöllur, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðakaupstaður, Bessastaðahreppur í Kjósarsýslu og Kópavogskaupstaður.

Í 2. mgr. er ákvæði sem heimilar héraðsdómara að halda dómþing utan lögsagnarumdæmis síns ef það þykir heppilegt til að upplýsa mál, enda valdi það ekki verulegum drætti á því. Þetta ákvæði samsvarar 2. mgr. 29. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að dómsmálaráðherra skipti lögsagnarumdæmum héraðsdómstóla í einstakar þinghár með reglugerð, en fastur þingstaður verði í hverri dómþinghá. Er hér gengið út frá því að þinghár fylgi að mestu umdæmaskiptingu sýslumanna. Með því móti yrðu þinghár að mestu óbreyttar frá því sem nú er mælt fyrir um í 72. gr. laga nr. 85/1936, en það ákvæði fellur brott skv. 21. gr. frumvarpsins.

Dómþinghár í dag eru kaupstaðir annars vegar og sýslur hins vegar, en forsendur eru víða brostnar fyrir þeirri aðgreiningu þannig að eðlilegt er að kaupstaðir og aðliggjandi landsvæði séu í sömu dómþinghá og að afmörkun dómþingháa sé að öðru leyti hagað eftir staðháttum, íbúafjölda og málaþunga.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að héraðsdómur skuli hafa reglubundið þinghald á föstum þingstöðum innan umdæmis síns. Lagt er til að kveðið verði á í reglugerð um regluleg þinghöld héraðsdóms, en gert er ráð fyrir að reglubundin þinghöld séu utan aðsetursstaðar dómsins. Þannig mundi t.d. héraðsdómari frá héraðsdómi Suðurlands þinga reglulega í Vestmannaeyjum.

Dæmi um slíka skipan má t.d. finna í Skotlandi og í norðurhéruðum Kanada þar sem dómarar ferðast reglubundið til þingstaða utan aðsetursstaðar síns og halda þar dómþing. Málum er þá stefnt þar inn og réttarhöld fara fram.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að héraðsdómari geti haldið dómþing utan hinna föstu þingstaða, t.d. ef taka þarf skýrslu af sjúkum manni eða málið snýst um mjög staðbundið atriði. Heimildin er bundin því að slíkt þyki heppilegt til að upplýsa mál og getur því dómari eigi flutt þinghöld til aðsetursstaðar héraðsdóms með tilvísan til þessa ákvæðis. Hins vegar væri hægt að flytja þinghöld til aðsetursstaðar héraðsdóms með samkomulagi aðila og samþykki dómara.

Um 4. gr.

Fyrsta málsgrein fjallar um fjölda dómara. Nefndin, sem frumvarpið samdi, gerði í frumvarpsdrögum ráð fyrir því að tala dómara væri ekki fastákveðin, heldur væri hámarks- og lágmarkstala á sama hátt og nú er í lögum nr. 74/1972. Eftir að athugasemdir höfðu verið gerðar um þetta atriði samþykkti nefndin að leggja til að fjöldi héraðsdómara verði fastákveðinn með lögunum.

Við borgardómaraembættið, borgarfógetaembættið, sakadóm Reykjavíkur og sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum starfa nú 27 dómarar, en lagaheimild er fyrir alls 29 dómurum samkvæmt lögum nr. 74/1972. Í 18. gr. er kveðið á um það að þeir sem gegna embættum borgarfógeta við gildistöku laganna geti tekið við störfum hjá embætti sýslumanns í Reykjavík ef þeir svo kjósa. Af þeim átta dómurum, sem nú gegna þeim embættum, fást fjórir við málefni sem framvegis koma til með að heyra undir sýslumann í Reykjavík. Er því búist við því að einhverjir þeirra kjósi fremur að halda áfram störfum við sömu málaflokka og hingað til. Fjöldi héraðsdómara í Reykjavík yrði því væntanlega við gildistöku laganna á bilinu 23 til 27. Vonir standa til að álag á héraðsdóm Reykjavíkur minnki við tilkomu styrkra héraðsdóma utan Reykjavíkur, en talsverður fjöldi dómsmála, sem rekin eru í Reykjavík, koma frá öðrum lögsagnarumdæmum. Þá standa vonir til þess að hægt verði að fækka dómsmálum með aukinni sáttameðferð, sbr. athugasemdir við 10. gr.

Hér á landi er fjöldi dómara talinn hár miðað við fólksfjölda, en málafjöldi er einnig talinn óvenjulega mikill. Má til samanburðar nefna að í Kaupmannahöfn eru 33 héraðsdómarar auk yfirmanns dómstólsins. Þar starfar að vísu sérstakur sjó- og verslunardómur og landsréttur dæmir í sumum tilvikum mál á undirréttarstigi.

Nefndin, sem frumvarpið samdi, er þeirrar skoðunar að breytingar á dómstólaskipaninni í Reykjavík ásamt þeim breytingum á réttarfarslöggjöf, sem fyrirhugaðar eru, ættu að leiða til fækkunar héraðsdómara í Reykjavík. Er því lagt til að fjöldi héraðsdómara í Reykjavík verði ákveðinn 21 dómari, en í bráðabirgðaákvæðum 18. gr. er dómsmálaráðherra heimilað að fjölga um allt að fimm dómaraembætti í Reykjavík ef svo margir af þeim dómurum, sem skipaðir eru dómarar við embættin í Reykjavík við gildistöku laganna, óska eftir skipun sem dómarar við héraðsdóm Reykjavík.

Lagt er til að við héraðsdóm Vesturlands starfi einn héraðsdómari. Á Vesturlandi starfa ekki sérstakir héraðsdómarar við embætti sýslumanna og bæjarfógeta, en fjöldi löglærðra fulltrúa, sem bæði fara með dómsmál og önnur störf við hin fjögur embætti sýslumanna og bæjarfógeta, er sem hér segir: Akranes tveir, Borgarnes tveir, Stykkishólmur tveir eða samtals sex fulltrúar. Í bráðabirgðaákvæðum 18. gr. er dómsmálaráðherra heimilað að fjölga um eitt dómaraembætti ef svo stendur á við gildistöku laganna að fleiri en einn af skipuðum sýslumönnum og bæjarfógetum á Vesturlandi óska eftir að neyta forgangsréttar til skipunar í héraðsdómaraembætti þar.

Lagt er til að við héraðsdóm Vestfjarða starfi einn héraðsdómari. Á Vestfjörðum starfa ekki sérstakir héraðsdómarar við embætti sýslumanna og bæjarfógeta, en tveir löglærðir fulltrúar starfa við embætti sýslumanns og bæjarfógeta á Ísafirði og einn fulltrúi starfar við embætti sýslumanns á Patreksfirði eða samtals þrír fulltrúar. Í bráðabirgðaákvæðum 18. gr. er dómsmálaráðherra heimilað að fjölga um eitt dómaraembætti ef svo stendur á við gildistöku laganna að fleiri en einn af fjórum skipuðum sýslumönnum og bæjarfógetum á Vestfjörðum óska eftir að neyta forgangsréttar síns til skipunar í héraðsdómaraembætti þar.

Lagt er til að við héraðsdóm Norðurlands vestra starfi einn héraðsdómari. Í umdæminu starfa ekki sérstakir héraðsdómarar við embætti sýslumanna og bæjarfógeta, en fjöldi löglærðra fulltrúa, sem starfa við embættin, er sem hér segir: Blönduós einn fulltrúi, Sauðárkrókur tveir fulltrúar, samtals þrír fulltrúar. Í bráðabirgðaákvæðum 18. gr. er dómsmálaráðherra heimilt að fjölga um eitt dómaraembætti ef svo stendur á að fleiri en einn af samtals þremur skipuðum sýslumönnum og bæjarfógetum á Norðurlandi vestra óska eftir að neyta forgangsréttar síns til skipunar í héraðsdómaraembætti þar.

Lagt er til að við héraðsdóm Norðurlands eystra starfi þrír héraðsdómarar. Nú starfa tveir héraðsdómarar við embætti sýslumanns og bæjarfógeta á Akureyri, en auk þeirra eru stöðugildi löglærðra fulltrúa við embætti sýslumanna og bæjarfógeta í lögsagnarumdæminu sem hér segir: Akureyri 5 stöðugildi, Húsavík 2,5 stöðugildi, samtals 7,5 stöðugildi. Í bráðabirgðaákvæðum 18. gr. er dómsmálaráðherra heimilað að fjölga um eitt dómaraembætti ef svo stendur á við gildistöku laganna að fleiri en þrír af samtals fimm skipuðum héraðsdómurum, sýslumönnum og bæjarfógetum á Norðurlandi eystra óska eftir að neyta forgangsréttar síns til skipunar í héraðsdómaraembætti þar.

Lagt er til að við héraðsdóm Austurlands starfi einn héraðsdómari. Á Austfjörðum starfa ekki sérstakir héraðsdómarar við embætti sýslumanna og bæjarfógeta, en fjöldi löglærðra fulltrúa, sem bæði fara með dómsmál og önnur störf við embætti sýslumanna og bæjarfógeta, er sem hér segir: Seyðisfjörður einn fulltrúi, Eskifjörður tveir fulltrúar, Höfn einn fulltrúi, samtals fjórir fulltrúar. Í bráðabirgðaákvæðum 18. gr. er dómsmálaráðherra heimilað að fjölga um eitt dómaraembætti ef svo stendur á við gildistöku laganna að fleiri en einn af fjórum skipuðum sýslumönnum og bæjarfógetum á Austurlandi óska eftir að neyta forgangsréttar síns til skipunar í héraðsdómaraembætti þar.

Lagt er til að við héraðsdóm Suðurlands starfi þrír héraðsdómarar. Þar starfa nú tveir héraðsdómarar, annar við embætti sýslumanns á Selfossi og hinn við embætti bæjarfógeta í Vestmannaeyjum. (Heimild er fyrir einum til tveimur.) Á Hvolsvelli starfar nú einn löglærður fulltrúi, á Selfossi þrír og í Vestmannaeyjum einn eða samtals fimm fulltrúar. Í

bráðabirgðaákvæðum 18. gr. er dómsmálaráðherra heimilað að fjölga um eitt dómaraembætti ef svo stendur á við gildistöku laganna að fleiri en þrír af samtals sex skipuðum héraðsdómurum, sýslumönnum og bæjarfógetum á Suðurlandi óska eftir að neyta forgangsréttar síns til skipunar í héraðsdómaraembætti þar.

Loks er lagt til að við héraðsdóm Reykjaness starfi sjö héraðsdómarar. Nú starfa tveir héraðsdómarar í Keflavík (heimild er fyrir einum til tveimur), þrír héraðsdómarar í Hafnarfirði (heimild er fyrir einum til fimm) og tveir héraðsdómarar í Kópavogi (heimild er fyrir einum til þremur) eða samtals sjö héraðsdómarar í lögsagnarumdæminu. (Hámarksheimild samkvæmt lögum nr. 74/1972 er fyrir tíu héraðsdómurum). Löglærðir fulltrúar eru fjórir í Keflavík, tveir á Keflavíkurflugvelli, sjö í Hafnarfirði og fimm í Kópavogi. Í bráðabirgðaákvæðum 18. gr. er dómsmálaráðherra heimilað að fjölga um allt að tvö dómaraembætti ef svo stendur á við gildistöku laganna að fleiri en sjö af tíu skipuðum héraðsdómurum, sýslumönnum og bæjarfógetum á Reykjanesi óska eftir að neyta forgangsréttar síns til skipunar í héraðsdómaraembætti þar.

Samtals er lagt til að 38 héraðsdómarar starfi við héraðsdómstólana í landinu. Í dag eru undirréttardómarar hérlendis samtals 64, þ.e. 27 dómarar í Reykjavík, 25 sýslumenn og bæjarfógetar, lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli og 11 héraðsdómarar, en auk þess kveða löggiltir fulltrúar við embættin upp dóma, en þeir eru alls í 70,5 stöðugildum. Sá fjöldi héraðsdómara, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, er hinn sami og samanlagður fjöldi dómara í Reykjavík og fjöldi héraðsdómara við embættin í Keflavík, í Hafnarfirði, á Akureyri, í Vestmannaeyjum og á Selfossi, en þess er að geta að sökum breytinga á verkefnum dómstóla er í raun fjölgað um þrjú til fjögur dómaraembætti, þ.e. að verkefni þriggja til fjögurra borgarfógeta í Reykjavík flytjast til embættis sýslumanns. Þá munu löglærðir fulltrúar starfa við héraðsdómstólana og sýslumannsembættin, en ekki er gert ráð fyrir að þeim fjölgi í heild sökum ákvæða laganna, heldur muni þeir flytjast milli embætta.

Í 1. mgr. er einnig heimild til þess að skipta héraðsdómstól í deildir eftir málaflokkum með samþykki dómsmálaráðherra. Þetta á við héraðsdómstóla í fjölmennustu umdæmunum. Sé slíkt fyrirkomulag notað er gert ráð fyrir að dómarar flytjist reglulega milli deilda þannig að þeir fái sem fjölbreyttust viðfangsefni til úrlausnar.

Í 2. mgr. er sérstaklega tekið fram í því skyni að taka af öll tvímæli að þótt dómarar við héraðsdómstól verði fleiri en einn breytist ekki núverandi reglur um að einn dómari fari með hvert mál. Heimildir til kvaðningar meðdómsmanna standa þó óbreyttar.

Í 3. mgr. er tekið fram að héraðsdómarar starfi sjálfstætt og á eigin ábyrgð að dómstörfum.

Í 4. mgr. eru ákvæði um forstöðumenn dómstóla þar sem héraðsdómarar eru fleiri en einn. Hafa þeir titilinn „dómstjóri“ samkvæmt frumvarpinu og skal dómstjóri skipaður til sex ára í senn úr hópi dómara og að fenginni tillögu þeirra. Ekkert er því til fyrirstöðu að endurskipa dómstjóra.

Í 5. mgr. eru ákvæði um verksvið dómstjóra. Dómstjóri fer með fyrirsvar héraðsdóms, hann hefur yfirumsjón með rekstri hans í samstarfi við ráðuneyti, t.d. varðandi fjármál og starfsmannaráðningar. Hann skiptir verkefnum með héraðsdómurum við dóminn og skipar dómurum í deildir ef héraðsdómur er deildaskiptur. Eðli málsins samkæmt hlýtur rekstur stærstu dómstólanna að vera það umfangsmikill að dómstjórar þurfi að fá sérstaka aðstoðarmenn við rekstrarstjórn svo sem við fjármál og starfsmannamál, en meginverkefni dómstjóra er að sjálfsögðu úrlausn dómsmála.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að ákvæði um almenn skilyrði til skipunar í embætti héraðsdómara séu í sömu lögum og fjalla um héraðsdóma, en þau ákvæði er nú að finna í 32. gr. laga um

meðferð einkamála í héraði. Skilyrðunum er breytt að því leyti að aldursskilyrði er hækkað í 30 ár og er það gert í því skyni að tryggja reynslu manna áður en þeir taka við svo mikilvægu starfi. Sjöunda tölulið er breytt með tilliti til breytinga sem orðið hafa á opinberum embættum og mönnun þeirra frá því að núverandi ákvæði um þetta efni voru sett með lögum nr. 100/1950.

Í 2. mgr. er nýmæli, en þar er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra skipi sérstaka dómnefnd sem fjalli um umsóknir um embætti héraðsdómara. Í nefndinni skulu sitja þrír menn og er einn tilnefndur af Hæstarétti og er hann jafnframt formaður nefndarinnar. Annar nefndarmaður skal tilnefndur úr hópi héraðsdómara og þriðji nefndarmaðurinn skal tilnefndur af Lögmannafélagi Íslands. Nefndin skal gefa skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur.

Í 3. mgr. er dómsmálaráðherra heimilað að setja nánari reglur um störf nefndarinnar.

Tillaga um slíka dómnefnd hefur áður komið fram, en það var í stjórnarfrumvarpi sem fram var lagt á Alþingi 1975–1976. Í athugasemdum við það frumvarp eru rakin ýmis dæmi um svipað fyrirkomulag í öðrum ríkjum, en megintilgangur ákvæðisins er að styrkja sjálfstæði dómstólanna og auka traust almennings á því að dómarar séu óháðir handhöfum framkvæmdarvaldsins. Ekki er að efa að tilvist umsagnarnefndarinnar verður auk þess hvatning fyrir lögfræðinga sem hyggja á starfsferil sem dómarar til að afla sér framhaldsmenntunar og leggja stund á fræðistörf á sviði lögfræði.

Um 6. gr.

Í þessari grein er að finna ákvæði um löggilta fulltrúa við héraðsdómstóla. Hér er átt við dómarafulltrúa sem fara með hluta af valdi dómstólsins undir umsjón héraðsdómara. Lengi hefur tíðkast að fulltrúar dómara taki þátt í dómstörfum „á ábyrgð“ hins reglulega dómara. Á síðari árum hefur stöðum dómara verið fjölgað og heyrst hafa raddir um að dómarar einir ættu að kveða upp dóma. Á hitt er að líta að fulltrúastörf við dómstóla hafa reynst góður undirbúningur fyrir önnur dómarastörf og fulltrúastöður hafa þótt eðlilegar við það sambland dóms- og stjórnsýslustarfa sem tíðkast hefur við embætti sýslumanna. Fulltrúastöður tíðkast við dómstóla á Norðurlöndum og jafnframt löggildingar til ákveðinna dómstarfa. Ekki hefur reynt á sérstaka „ábyrgð“ dómara á fulltrúum sínum og þykir rétt að þar um gildi almennar reglur. Því er lagt til í 2. mgr. að dómstjóri ákveði starfssvið fulltrúa og undir umsjón hvaða héraðsdómara hann starfi hverju sinni. Er með þessu orðalagi haft í huga að meiri áhersla verði lögð á starfsþjálfun dómarafulltrúa, en nú er víðast reyndin. Þar á meðal fái fulltrúar þjálfun jafnt við úrlausn einkamála sem og opinberra mála sem höfðuð eru fyrir héraðsdómstólnum.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. eru ákvæði um skipun setudómara, en það er skilyrði fyrir því að dómari sé skipaður til þess að fara með einstakt mál að héraðsdómari eða allir héraðsdómarar, þar sem fleiri dómarar eru við dómstól, hafi vikið dómarasæti.

Önnur málsgrein samsvarar efnislega 2. mgr. 30. gr. laga, um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936. Slík skipun verður þó eigi gerð nema að ósk dómstjóra eða héraðsdómara, þar sem dómari er aðeins einn við dómstól.

Í 3. mgr. er ákvæði um setningu héraðsdómara um stundarsakir sökum forfalla hins reglulega dómara.

Um 8. gr.

Þetta ákvæði frumvarpsins er að öllu leyti samhljóða núverandi 35. gr. laga nr. 85/1936. Samhengis vegna þykir rétt að flytja ákvæði þetta úr þeim lögum, þar sem reglur um embættisgengi, skipun og setningu héraðsdómara er að finna í I. kafla frumvarpsins.

Um 9. gr.

Hér er tekið fram að reglum 1.–8. gr. sé ekki ætlað að raska skipan sérdómstóla á dómstigi undirréttar samkvæmt fyrirmælum annarra laga. Er þetta gert í því skyni að taka af öll tvímæli.

Um 10. gr.

Heitið „umboðsvald“ í fyrirsögn II. kafla er af sumum talið úrelt og vísa til valds sem leitt var af valdi einveldiskonunganna. Það var hins vegar notað um staðbundna stjórnsýslu framkvæmdarvalds ríkisins sem verið hefur í höndum sýslumanna samkvæmt lögum eða venju og er því haldið í fyrirsögn. Hins vegar er orðið „stjórnsýsla“ notað síðar í kaflanum. Nefnd eru sem dæmi þrenns konar stjórnsýslustörf í greininni, en þar er um að ræða störf sem sýslumenn hafa löngum farið með og eru umfangsmikil. Vísað er sérstaklega í ákvæðinu til 12. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um umboðsstjórn í Reykjavík.

Það ræðst af gildandi lögum á ýmsum sviðum hverju sinni hver þau viðfangsefni eru sem koma í hlut umboðsmanna ríkisvaldsins í héraði. Hefði því ekki sjálfstæðan tilgang að telja upp í frumvarpi þessu hver þau störf eru nánar til tekið bæði þar sem nú þegar er kveðið á um að sýslumenn fari með tiltekin störf í einstökum lögum og eins með því að breyta þarf allmörgum lögum, eins og áður segir í þeim tilgangi að færa störf til sýslumanna frá öðrum stofnunum ríkisvaldsins og afmarka þau frekar. Við gerð þessa frumvarps hefur hins vegar verið gengið út frá því að eftirfarandi störf verði hin helstu í höndum sýslumanna með eða án breytinga gildandi laga:

1. Lögreglustjórn að því leyti sem hún lýtur ekki stjórn rannsóknarlögreglustjóra ríkisins.

Sýslumenn og bæjarfógetar utan Reykjavíkur fara hver um sig með lögreglustjórn í umdæmum sínum samkvæmt gildandi lögum auk lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli. Að þessu leyti felst ekki í frumvarpinu ráðagerð um breytingar nema sem leiðir af breyttu umdæmi lögreglustjórans í Reykjavík skv. 11. og 12. gr. frumvarpsins. Nefndin, sem samdi frumvarp þetta, hefur á fundum sínum rætt möguleika á því að lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, verði breytt í framhaldi af lögfestingu frumvarps þessa sem m.a. hefði í för með sér aukna heimild lögreglustjóra til sáttagerðar vegna refsiverðrar háttsemi, en það úrræði kæmi að talsverðu leyti í stað núgildandi heimilda til slíkra sátta fyrir sakadómi. Yrði hér um að ræða umfangsmikla tilfærslu starfa frá dómstólum til lögreglustjóra sem yrði til þess fallin að opna möguleika til að leysa mál af þessum toga með einföldum hætti. Eins og nú háttar lýkur verulegum hluta mála, sem koma til kasta sakadóma, einmitt með sáttagerð fyrir dómi.

Í lögreglustjórn felst, auk almennra starfa á þeim vettvangi, útlendingaeftirlit, þar á meðal útgáfa vegabréfa auk útgáfu ýmissa leyfa sem nefnd eru hér nánar síðar.

2. Tollstjórn.

Samkvæmt gildandi lögum fara bæjarfógetar og sýslumenn með tollstjórn hver í sínu umdæmi utan Reykjavíkur en tollstjóri í Reykjavík hvað það umdæmi varðar. Hér eru ekki ráðgerðar neinar breytingar, aðrar en þær sem leiðir af nýmælum í 11. og 12. gr. frumvarpsins um umdæmismörk tollstjórans í Reykjavík.

3. Meðferð ákæruvalds í umboði ríkissaksóknara.

Eins og málum er nú háttað gefur ríkissaksóknari út allar ákærur í opinberum málum og mætir hann eða starfsmenn hans til þinghalda að því marki sem það er skylt. Veruleg umræða hefur undanfarið verið um þá tilhögun gildandi laga að ríkissaksóknara sé óskylt að sækja þing í umtalsverðum fjölda opinberra mála sem hefur í för með sér að viðkomandi

dómara sé einungis ætlað að kynnast sjónarmiðum ríkissaksóknara af ákæruskjali. Kemur iðulega upp sú staða að verjandi mæti fyrir sakborning í málum sem þessum og flytur þar vörn fyrir dómi án þess að málið sé sótt í eiginlegum skilningi af hálfu ákæruvaldsins. Málsmeðferð sem þessi er mjög í andstöðu við áðurnefndar ríkjandi hugmyndir um ákæruréttarfar sem smám saman hefur þó verið innleitt hér á landi eins og að framan greinir. Að auki hefur þetta lagt að óþörfu ýmsa verkþætti á herðar viðkomandi dómara sem tengjast rekstri mála. Eins og aðstæður eru í dag getur ríkissaksóknari ekki breytt þessu verklagi fyrir sitt leyti án verulegrar fjölgunar starfsliðs.

Af framangreindum ástæðum m.a. telur nefndin, sem samdi frumvarp þetta, það æskilegt að lögum um meðferð opinberra mála verði breytt á þann veg að sýslumenn fari hver í sínu umdæmi (í Reykjavík lögreglustjóri) með ákæruvald í umboði ríkissaksóknara. Er gert ráð fyrir að sú heimild taki ekki eingöngu til að sýslumenn sæki þing í opinberum málum og flytji þau, heldur einnig að þeim verði falin útgáfa ákæru í nánar tilteknum málaflokkum. Slík störf eru í eðli sínu nátengd almennri lögreglustjórn og er hliðstæð tilhögun þessara mála víða í nágrannaríkjum okkar.

4. Innheimta tekna ríkissjóðs að því leyti sem hún er ekki falin sameiginlegum gjaldheimtum.

Sýslumenn og bæjarfógetar hafa innheimt tekjur ríkissjóðs í umdæmum sínum. Framkvæmdastjórar og annað starfslið sveitarfélaga hafa innheimt tekjur sveitarsjóða. Í nokkrum sveitarfélögum hefur þeirri skipan verið komið á að settar hafa verið á fót sameiginlegar gjaldheimtur ríkis og sveitarfélaga sem annast hafa innheimtu tekjuskatts og tengdra gjalda til ríkissjóðs, en sýslumenn og bæjarfógetar í þeim sveitarfélögum, í Reykjavík tollstjóri, hafa þó áfram annast innheimtu söluskatts, tolla og ýmissa annarra gjalda til ríkissjóðs. Við lögfestingu á staðgreiðslu skatta á síðasta vori var byggt á því fyrirkomulagi að skattyfirvöld mundu annast bæði álagningu og innheimtu tekjuskatts, en frá því var síðan horfið, einkum að kröfu sveitarstjórnarmanna. Hefur starfandi sýslumönnum, bæjarfógetum og gjaldheimtum verið falið að innheimta staðgreiðsluskatta á árinu 1988. Meðal innheimtuaðilanna er ný gjaldheimta á Suðurnesjum.

Uppi eru ráðagerðir um að fjölga sameiginlegum gjaldheimtum ríkis og sveitarfélaga, en einnig er gert ráð fyrir annarri skipan ef samkomulag verður um það milli fulltrúa ríkisins og viðkomandi sveitarstjórna. Sýslumenn og bæjarfógetar hafa fært fyrir því rök að hagkvæmasta fyrirkomulag á innheimtu staðgreiðsluskatta sé að embætti þeirra hafi hana með höndum og benda þeir meðal annars á að búið sé að tengja tölvubúnað embætta þeirra við innheimtukerfi ríkisins og þar sé fyrir hendi bæði húsnæði og starfslið sem hvort eð er þurfi að starfa við innheimtu annarra gjalda til ríkissjóðs. Slíkt yrði þó að sjálfsögðu að vera gert með þeim hætti að sveitarfélög hafi afskipti af innheimtunni og fái aðstöðu til að taka þátt í stjórnun hennar. Nýjar gjaldheimtur muni hins vegar kosta ærið fé í stofnkostnaði og rekstri. Nefndin, sem samdi frumvarp þetta, leggur eindregið til að sú skipan verði lögfest að þau sýslumannsembætti, sem nú innheimta staðgreiðslu skatta, haldi því áfram, enda sé það fjárhagslega hagkvæmur kostur og hægt verði að tryggja áhrif sveitarstjórna á stjórn innheimtunnar.

5. Umboð fyrir Tryggingastofnun ríkisins og umsjón sjúkratrygginga.

Bæjarfógetar og sýslumenn utan Reykjavíkur hafa í dag með höndum þá starfsemi sem hér um ræðir og yrði því ekki gerð nein breyting að þessu leyti. Eftir sem áður væri sú sérstaða í Reykjavík að Tryggingastofnun færi sjálf með útborgun bóta. Sýslumannsembætti fara með málefni héraðssamlaga og er ekki gerð tillaga um breytingu á því fyrirkomulagi.

6. Leyfisveitingar samkvæmt fyrirmælum einstakra laga.

Utan Reykjavíkur fara bæjarfógetar og sýslumenn nú með vald til veitingar ýmis konar opinberra leyfa. Í Reykjavík eru þessi verkefni ýmist í höndum lögreglustjóra eða borgarfógetaembættisins.

Þau leyfi, sem hér um ræðir, eru einkum til atvinnustarfsemi af ýmsum toga og sérstakar heimildir lögreglustjóra, t.d. til skemmtanahalds, notkunar skotvopna, aksturs bifreiða o.fl. Auk þessara viðfangsefna, sem eftir sem áður yrðu í höndum sýslumanna og eftir atvikum lögreglustjórans í Reykjavík hvað umdæmi hans varðar, er eins og áður segir ráðgert að ýmsum lögum verði breytt í tengslum við lögfestingu þessa frumvarps í því skyni að færa vald til útgáfu ýmissa leyfa úr höndum ráðuneyta til sýslumanna. Af þeim málefnum má nefna sem dæmi vínveitingahúsaleyfi, en útgáfa þeirra er nú í höndum dómsmálaráðuneytisins.

7. Sifjamálefni.

Eftir gildandi lögum fara bæjarfógetar og sýslumenn utan Reykjavíkur og í Reykjavík embætti borgardómara með ýmis viðfangsefni á þessu sviði. Má þar nefna borgaralegar hjónavígslur, meðferð beiðna um skilnað að borði og sæng og veitingu skilnaðarleyfa. Veiting leyfa til lögskilnaðar er hins vegar í höndum dómsmálaráðuneytisins. Á vegum dómsmálaráðuneytisins er áformað að endurskoða löggjöf, sem um þessi málefni fjallar, í því skyni að flytja verkefni frá dómsmálaráðuneytinu til sýslumanna hvað sifjamálefni varðar.

8. Málefni barna.

Málefni þessi eru að gildandi lögum að talsverðu leyti í höndum dómsmálaráðuneytisins, t.d. úrlausn ágreinings um forsjá barna og umgengnisrétt foreldra við þau. Bæjarfógetar og sýslumenn fara nú með ákveðna þætti þessara málefna, t.d. uppkvaðningu yfirvaldsúrskurða um meðlag og framfærslu barna. Með sama hætti og áður greinir um sifjamál hefur sú skoðun komið fram á fundum nefndarinnar sem samdi frumvarp þetta að æskilegt sé að samið verði frumvarp til breytinga á barnalögum og eftir atvikum annarri löggjöf sem flytji þessi viðfangsefni að miklu eða öllu leyti til sýslumannsembætta, enda sé tryggt að þau eigi aðgang að sérfræðilegri aðstoð við úrlausn þeirra ef þörf er á.

9. Lögræðismálefni.

Málefni á þessum vettvangi eru líkt og sifja- og barnamál ýmist í höndum dómsmálaráðuneytisins eða bæjarfógeta og sýslumanna. Má t.d. nefna yfirfjárráð, eftirlit með meðferð fjár ómyndugra og skipun lögráðamanna. Úrlausn þessara mála mætti alfarið færa undir embætti sýslumanna og yrði eftirlit ríkisvaldsins með þeim við það mun virkara en nú.

10. Utankjörfundaratkvæðagreiðslur.

Breyting yrði ekki á núverandi skipan mála í þessu sambandi þannig að sýslumenn fari með þessi verkefni eins og þeir og bæjarfógetar hafa gert til þessa.

11. Lögbókandagerðir (notarialgerðir).

Þessar gerðir hafa til þessa verið í höndum sýslumanna og bæjarfógeta, í Reykjavík borgarfógetaembættisins. Í fræðikenningum hefur ekki verið eining um það hvort telja eigi þessar gerðir til valdsmannsgerða eða dómsathafna. Hér á landi hefur þó jafnan verið gengið út frá því að hér sé ekki um dómsathöfn að ræða, en almenn löggjöf er ekki fyrir hendi um þessar gerðir. Í framangreindri samþykkt ráðherranefndar Evrópuráðsins er einnig mælt með því að lögbókandagerðir verði fluttar frá dómstólum.

Eins og áður segir er áformað að leggja fram sérstakt frumvarp til laga um lögbókandagerðir þar sem kveðið sé á um að hér sé um valdsmannsgerðir að ræða sem sýslumenn muni fara með. Verða í því frumvarpi í fyrsta sinn settar fram tillögur hér á landi um almennar reglur er varða umræddar gerðir. Hins vegar raska reglur slíks frumvarps ekki þeim málaflokkum þar sem gerðir þessar eiga sér stað, en þar er einkum um að ræða staðfestingu erfðaskráa, afsagnargerðir, opinbera vottun skjala og útdrátt happdrættismiða og skuldabréfa.

12. Skráning firma og annarra félaga en hlutafélaga.

Ekki er með frumvarpi þessu ráðgerð breyting frá núverandi skipan, sem felur sýslumönnum og bæjarfógetum, í Reykjavík borgarfógetaembættinu, skráningu firma, sameignarfélaga, samlagsfélaga og samvinnufélaga. Þessari starfsemi fylgir útgáfa verslunarleyfa af ýmsum gerðum. Slík viðfangsefni yrðu því í höndum sýslumanna að breyttri skipan.

13. Þinglýsingar.

Samkvæmt þinglýsingalögum, nr. 39/1978, telst þinglýsing dómsathöfn og getur komið til þess að þinglýsingardómari kveði upp úrskurð um ágreining á þessu sviði sem kæra má til Hæstaréttar sem þó er fátítt. Þessi tilhögun hefur verið tekin upp hér á landi að danskri fyrirmynd. Þinglýsingar eru þó í eðli sínu ekki annað en opinber skráning réttinda sem á mörgum hliðstæðum sviðum telst yfirvaldsaðgerð, t.d. skráning vörumerkja, einkaleyfa og hlutafélaga. Forsenda þess að þinglýsingar hafi hér á landi talist dómsathöfn er að nokkru skýrð hér að framan í umfjöllun um muninn á dómsvaldi og framkvæmdarvaldi. Eins og þar greinir hefur þetta viðfangsefni ásamt lögbókandagerðum (notarialgerðum) þótt eiga undir þann flokk viðfangsefna sem í fræðikenningum hefur verið nefndur latneska heitinu „jurisdictio voluntaria". Það einkennir viðfangsefni þessi að engin eðlislæg einkenni þeirra gefa til kynna að þau eigi fremur að teljast til dómstarfa en yfirvaldsaðgerða. Þinglýsingar munu vera talsvert algengari hér landi miðað við íbúafjölda en í nágrannaríkjunum. Eru þær í eðli sínu þáttur í þjónustu sem almenningur þarf að sækja til yfirvalda með greiðum hætti. Er því nauðsynlegt að mæta þeim þörfum með því að tryggja sem best nálægð þessarar þjónustu við þá sem hennar þurfa að leita. Eins og áður greinir er áformað að leggja til lagabreytingu um þetta efni þannig að framvegis teljist þetta yfirvaldsaðgerð sem sýslumenn fari með að breyttri skipan. Með þeirri breytingu yrði samkvæmt áður sögðu ekki brotið gegn grundvallarreglum um skilsmun dómsvalds og framkvæmdarvalds.

14. Viðfangsefni við búskipti.

Í fyrri umfjöllun í greinargerð þessari hefur verið vikið að því að samkvæmt gildandi lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl., sem eru frá árinu 1878, hefur dómstól, er nefnist skiptaréttur, ekki eingöngu verið falið að fara með dómsvald á þessu sviði, heldur einnig ýmis umsýslu- og umboðsstörf sem tengjast því. Þótt auðvelt sé að aðgreina annars vegar dómsathafnir við búskipti og hins vegar umsýslu- og umboðsstörf er rótin að núverandi skipan mála hér á landi sú að við setningu laganna voru ekki fyrir hendi sjálfstæð embætti framkvæmdarvaldsins eða starfsstéttir sem gátu sinnt því hlutverki að annast bústjórn eða skiptastjórn. Samtímalöggjöf í öðrum ríkjum Vestur-Evrópu tók hins vegar um margt mið af öðrum aðstæðum. Nú á dögum gegnir öðru máli hér á landi. Nú er aðgangur að sérfræðingum til þess að sinna störfum við skiptastjórn, auk þess sem frumvarp þetta, ef að lögum verður, leiðir til þess að sýslumannsembættin verða hrein stjórnsýsluembætti.

Af hálfu dómsmálaráðuneytisins er í undirbúningi gerð frumvarps til nýrra skiptalaga sem ráðgert er að komi fram í kjölfar lögfestingar þessa frumvarps. Miðað er við að verkum verði þar skipt milli sýslumanna, héraðsdómstóla og skiptastjóra með eftirfarandi hætti:

Sýslumannsembætti fari með eftirfarandi verkefni:

1. Viðtöku dánartilkynninga og skrásetningu mannsláta.
2. Eftirlit með málefnum dánarbúa frá andláti fram að því að eiginleg búskipti hefjast.
3. Veitingu bráðabirgðaheimilda til að ráðstafa eignum áður en eiginleg búskipti hefjast, t.d. til að hefja fé af bankareikningi.
4. Uppskrift og virðingu eigna, ásamt könnun skulda, þar sem þess gerist þörf.
5. Skipun sérstakra lögráðamanna fyrir ófjárráða erfingja ef með þarf.
6. Veitingu leyfa til setu í óskiptu búi.
7. Veitingu leyfa til einkaskipta á búi.
8. Eftirlit með einkaskiptum ef ófjárráða erfingjar eiga hlut að máli.
9. Aðild að kröfu um opinber skipti dánarbús ef erfingjar hefjast ekki handa sjálfir um skipti, ljúka þeim ekki innan lögbundinna tímamarka o.fl.
10. Viðtöku einkaskiptagerða og athugun þeirra.
11. Innheimtu erfðafjárskatts.
12. Útgáfu heimildarskjala að loknum skiptum, t.d. yfirlýsinga um yfirfærslu eignarréttinda á grundvelli arftöku.

Héraðsdómstólar fari með eftirfarandi verkefni:

1. Uppkvaðningu úrskurða um heimild til skipta á búum horfinna manna.
2. Dómsmeðferð ágreiningsefna, sem rísa við búsmeðferð í höndum sýslumanna, undir einkaskiptum eða við opinber skipti.
3. Úrlausn kröfu um opinber skipti dánarbús.
4. Skipun skiptastjóra til að fara með opinber skipti.
5. Eftirlit með opinberum skiptum skiptastjóra og viðtaka skilríkja um skiptin þegar þeim hefur verið lokið.

Í hlut skiptastjóra komi eftirfarandi viðfangsefni við opinber skipti dánarbúa:

1. Að fara með fyrirsvar fyrir dánarbú, m.a. í dómsmálum.
2. Að gefa út innköllun í dánarbú ef þess gerist þörf.
3. Að halda skiptafundi með erfingjum og/eða skuldheimtumönnum til ákvörðunartöku um hagsmuni bús.
4. Framkvæmd ákvarðana skiptafundar, m.a. um sölu eigna.
5. Umsýsla með fjármuni bús og reikningshald.
6. Gerð úthlutunargerðar við lok búskipta.
7. Greiðsla fjárkrafna, útborgun arfs og greiðsla erfðafjárskatts.
8. Útgáfa heimildarskjala við lok opinberra skipta.

Í frumvarpi til nýrra skiptalaga mundi dregið verulega úr þeim tilvikum þar sem lögskylt er nú að viðhafa opinber skipti, t.d. sökum ófjárráða erfingja. Þess í stað verði einkaskipti undir virku eftirliti sýslumanna aðalreglan.

Með framangreindum hætti næðist það markmið að aðgreina dómstörf á þessu sviði frá umsýslu- og umboðsstörfum. Í reynd hefði slík tilhögun í för með sér að sýslumenn færu með yfirgnæfandi hluta viðfangsefna varðandi skipti dánarbúa, enda eru opinber skipti mjög fátíð utan Reykjavíkur samkvæmt fyrirliggjandi skýrslum frá embættum sýslumanna og bæjarfógeta. Að auki yrði eins og áður segir dregið úr núverandi lagaskyldu til opinberra skipta við vissar aðstæður. Sýslumenn mundu því í stórum dráttum sem valdsmenn hafa með höndum sömu verkefni og nú er við skipti, að því þó frátöldu að dómsvald varðandi búskiptin væri hjá héraðsdómstólum.

Búskipti við skilnað hjóna lúta að mestu leyti sömu reglum og skipti dánarbúa og á því framangreind lýsing við þann málaflokk að breyttu breytanda.

Núverandi reglur um gjaldþrotaskipti samkvæmt lögum nr. 6/1978 og um nauðasamninga samkvæmt lögum nr. 19/1924 eru verulega frábrugðnar gildandi lögum um skipti

dánarbúa með því að skiptaréttur fer almennt ekki með umsýslu- eða umboðsstörf við aðstæður þær sem lögin fjalla um, heldur eingöngu með dómsvald. Komið hafa fram raddir um að nauðsyn beri til að endurskoða umrædd lög þó að efni þess sé ekki sá aðskilnaður dómsvalds og stjórnsýslustarfa sem frumvarp þetta miðar að. Þessi viðfangsefni ættu undir héraðsdómstóla að breyttri skipan án þátttöku sýslumanna.

15. Fullnustugerðir.

Eins og áður segir áformar dómsmálaráðuneytið að beita sér fyrir endurskoðun laga um fógetagerðir. Þeirri endurskoðun er ætlað að taka mið af tillögum þessa frumvarps um nýja skipan dómsvalds og framkvæmdarvalds í héraði, en frumvörp til nýrra laga um þessi efni munu væntanlega koma fram í áföngum. Þar yrði ekki um ein heildarlög að ræða. Komið hefur fram að fyrirhuguð endurskoðun muni byggjast á eftirfarandi sjónarmiðum:

Greina má fógetagerðir samkvæmt gildandi lögum í flokka með ýmsum hætti. Einfaldast er í þessari umfjöllun að láta við það sitja að greina milli þeirra fógetagerða sem annars vegar fara fram án undangengins dóms eða réttarsáttar (innsetningargerðir, lögtaksgerðir, kyrrsetningar, lögbannsgerðir og útburðargerðir) og hins vegar gerða sem fram fara á grundvelli dóms eða sáttar (fjárnámsgerðir, gerðir til fullnustu skyldu samkvæmt dómi, löggeymslugerðir og vörslusviptingargerðir). Eins og áður hefur komið fram í umfjöllun um muninn á dómsvaldi og framkvæmdarvaldi hefur valdið til að fullnægja skyldu talist um aldir vera dómsvald án tillits til þess hvort fullnustugerð fer fram á grundvelli dóms eða ekki. Þær grundvallarreglur, sem þar er byggt á, eru með þeim hætti að örðugt er að flytja vald til þessara aðgerða í ríkum mæli til valdsmanna (sýslumanna) nema brotið verði gegn þeirri hugmyndafræði sem er undirstaða réttarkerfisins.

Hins vegar er hér um að ræða, með svipuðum hætti og varðar búskipti, að löggjöf hefur ekki eingöngu falið dómstólum (fógetarétti) að fara með þá þætti sem verða taldir meðferð dómsvalds í sögulegum skilningi, heldur hefur hún einnig falið þeim að fara með umsýslustörf við þessar aðgerðir. Unnt er að skipa málum við breytingu löggjafarinnar með þeim hætti að sú umsýsla verði í höndum sýslumanna, en dómsvald í höndum héraðsdómstóla. Samkvæmt því yrði meðferð einstakra málaflokka með eftirfarandi hætti:

Lögtaksgerðir.

Af hálfu dómsmálaráðuneytisins er ætlunin að láta semja frumvarp til nýrra laga um lögtaksgerðir er leysi af hólmi núgildandi lögtakslög frá árinu 1885. Verður frumvarpið við það miðað að ákvæði þessa frumvarps verði að lögum. Meginefni frumvarpsins er að fækka mjög núverandi lögtaksheimildum þannig að réttur til þessara gerða taki aðeins til opinberra gjalda til ríkis og sveitarfélaga. Gerðir þessar yrðu taldar valdsmannsgerðir og yrðu því í höndum sýslumanna, en undanfari þeirra yrði líkt og nú uppkvaðning úrskurðar héraðsdómstóls um lögtaksheimild. Sérstakar reglur mundu hins vegar gilda um heimildir gerðarþola til þess að bera lögmæti lögtaksgerðar undir héraðsdómstóla bæði að efni og formi, en í núgildandi lögtakslögum, nr. 29/1885, er að finna þess háttar heimild hvað efnishlið lögtaksgerðar varðar.

Framangreind breyting yrði að sönnu í nokkurri andstöðu við margnefndar kenningar um afmörkun hugtaksins dómsvald. Þær kröfur, sem ráðgert er að komi framvegis til með að njóta lögtaksréttar, eru hins vegar sérstaks eðlis. Álagning opinberra gjalda styðst ávallt við sérstakar lagaheimildir og fer fram með þeim hætti að gjaldanda er kynnt hún og nýtur hann heimilda til stjórnsýslulegrar kæru gjaldanna auk þess að geta borið réttmæti álagningar undir dómstóla. Staðreynd er og að sveitarfélög og opinberar stofnanir, sem innheimta kröfur með lögtaksgerðum samkvæmt gildandi lögum, hafa um áratuga skeið fengið starfsmenn sína sérstaklega löggilta sem fulltrúa viðkomandi héraðsdómara til að gera lögtak, en

eftir sem áður greitt þeim laun og borið kostnað af þessu verkefni. Slíkt getur tæpast samrýmst því að um dómstörf sé að ræða. Erlendis hefur víða verið farið inn á þá braut sem hér er ráðgerð, þ.e. að telja þessar gerðir til yfirvaldsathafna. Stinga því umræddar hugmyndir eigi í stúf við framkvæmdina í ýmsum ríkjum Vestur-Evrópu. Verður heldur ekki litið fram hjá því í þessu sambandi að umtalsvert hagræði er af því að vald til framkvæmdar lögtaksgerða tengist með nánum hætti innheimtu viðkomandi krafna að öðru leyti, en að auki er það eðli þessara gerða að þær krefjast návistar gerðarþola sem ekki yrði með góðu móti komið við að breyttri skipan héraðsdómstóla.

Aðrar fógetagerðir án undangengins dóms.

Hér er um að ræða svonefndar beinar fógetagerðir og kyrrsetningar- og lögbannsgerðir. Framkvæmd þeirra er nú í höndum héraðsdómstóla þar sem þolanda gerðarinnar gefst kostur á að hafa uppi andmæli gegn framgangi hennar. Dómurinn kveður þó ekki eingöngu á um hvort gerð fari fram eða ekki, heldur fylgir hann þeirri ákvörðun eftir ef með þarf, t.d. með því að taka hlut með valdbeitingu úr vörslum gerðarþolans eða bera hann og muni hans úr húsnæði. Ekki verður séð að fært sé að taka úr höndum dómstóla að kveða á um hvort krafa um gerð nái fram að ganga, en öðru máli gegnir hins vegar um að framfylgja þeirri ákvörðun. Slíkt viðfangsefni ber meiri keim af valdbeitingu af hendi ríkisvaldsins sem almennt er í höndum lögreglu. Verður því væntanlega lagt til í frumvarpi til nýrra laga um þessi efni að framkvæmd síðastnefnda þáttarins verði í höndum sýslumanna, en dómsmeðferð verði áskilin að öðru leyti.

Framkvæmd aðfarar samkvæmt aðfararheimild (dómi, réttarsátt o.fl.).

Þær gerðir, sem hér um ræðir, eru samkvæmt gildandi lögum fjárnámsgerðir til fullnustu fjárkrafna og aðfarargerðir til fullnustu skyldu samkvæmt dómi, t.d. til rýmingar húsnæðis, til útgáfu heimildarbréfa o.fl., auk löggeymslu- og vörslusviptingargerða. Vegna þeirrar breytingar, sem ráðgerð er á lögtaksheimildum frá núverandi skipan, má telja sennilegt að kröfur um annað en opinber gjöld, sem nú njóta lögtaksréttar, verði að breyttum lögum aðfararhæfar að undangenginni einfaldri dómsmeðferð. Ýmsir kostir eru fyrir hendi um breytingar á skipan aðfarar samkvæmt dómum. Ákvörðun um að aðför fari fram til að fullnægja kröfu verður að vísu óhjákvæmilega að teljast dómsathöfn, en að öðru leyti eru aðstæður hér um margt svipaðar þeim sem áður er lýst um frekari framvindu fógetagerða án undangengins dóms. Líkt og um lögtaksgerðir á það viðhorf hér við, að vegna þarfar á návist gerðarþola getur aðgerð sem þessi ekki ávallt átt sér stað á starfsstöð þess sem hana framkvæmir hvað þá ef gerðarþoli hefst við fjarri þeim stað. Þótt endanleg ákvörðun um stefnumörkun við endurskoðun laga um þetta efni liggi ekki fyrir er ljóst að umtalsverður hluti framkvæmdar aðfarargerða samkvæmt dómi muni verða verkefni sýslumanna sem yfirvaldsaðgerðir þótt héraðsdómstóll yrði áður að kveða á um að aðför megi gera hverju sinni. Sú dómstólameðferð getur orðið með einföldum og greiðum hætti, en einnig er hér möguleiki af þessum sökum að fjölga heimildum til aðfarargerðar án undangengins dóms. Má því vænta þess að talsverður hluti þeirra starfa, sem nú eiga sér stað fyrir fógetarétti við þessar gerðir, verði falinn sýslumönnum sem valdsmönnum.

16. Nauðungarsala eigna.

Núgildandi lög um nauðungaruppboð, nr. 57/1949, fela héraðsdómstólum framkvæmd nauðungarsölu auk dómsvalds til meðferðar krafna um slíkt og úrlausnar um ágreining. Framkvæmd nauðungaruppboðs er hins vegar með þeim hætti að í reynd er steypt saman eiginlegum dómstörfum annars vegar og umsýslu hins vegar sem auðveldlega má greina að.

Í megindráttum felst dómsvald í þessu sambandi í því að kveða á um hvort skilyrðum sé fullnægt fyrir kröfu um nauðungaruppboð hvort sem vörnum er haldið uppi eða ekki. Það felst einnig í úrlausn ágreiningsefna sem rísa í tengslum við framkvæmd uppboðs eða ráðstöfun söluandvirðis. Telja má meira eða minna öll önnur verk á þessu sviði umsýslu, t.d. auglýsingu uppboðs, ákvörðun söluskilmála, sendingu tilkynninga og síðast en ekki síst framkvæmd sjálfrar sölunnar.

Oft hefur verið um það rætt hvort ákjósanlegt sé að uppboðssala sé eina úrræðið sem komið verði við til að knýja fram fullnustu fjárkrafna. Hefur til dæmis verið á það bent að með uppboðssölu fáist ekki eðlilegt endurgjald fyrir eign. Auk þess er það á almannavitorði að krafa og auglýsing um nauðungaruppboð er algeng innheimtuaðferð enda þótt fyrir fram sé ljóst að til uppboðssölu muni ekki þurfa að koma. Þetta hefur m.a. lagt verulegt og óþarft álag á dómstóla og er nauðsynlegt að ráða bóta á því við endurskoðun laganna um nauðungaruppboð.

Sú leið hefur verið farin í ýmsum ríkjum að afskipti dómstóla af nauðungarsölu eru fyrst og fremst fólgin í því að fjalla um kröfu þess efnis og kveða á um hvort nauðungarsala megi fara fram. Auk þess er dómstólum svo falið að leysa úr ágreiningsefnum sem rísa í tengslum við eftirfarandi aðgerðir. Að öðru leyti er sérstaklega ráðnum umsjónarmönnum (executores) falið að annast söluna í samráði við veðhafa og eiganda viðkomandi eignar, en slíkir umsjónarmenn gera síðan tillögur um úthlutun söluverðsins sem lagðar eru fyrir dómstól til að gefa kost á andmælum. Tilhögun sölu við þessar aðstæður er ekki lögbundin, heldur sett á vald viðkomandi umsjónarmanns að ákveða hana. Þeir geta hvort heldur leitast við að selja eign með frjálsum samningum eða fengið atbeina yfirvalds, opinbers uppboðshaldara til þess að koma eigninni í verð. Við væntanlega endurskoðun laga um nauðungaruppboð verður leitast við að nálgast þessa tilhögun. Reynsla erlendis hefur þótt sýna að mjög fátítt er að gripið sé til þess að hefjast handa um nauðungarsölu, en hverfa síðan frá þeirri aðgerð þar eð önnur lausn hafi fengist. Er aðgerðum sem þessum því ekki beitt fyrr en önnur tiltæk úrræði hafa reynst árangurslaus. Verður ekki séð að neinar sérstakar aðstæður hér á landi leiði til annarrar niðurstöðu að breyttum lögum. Ætla mætti því að þessi tilhögun yrði til þess að draga úr því álagi sem á síðustu árum hefur aukist stórlega vegna beiðna um nauðungarsölu eigna. Sá ókostur kann hins vegar að fylgja þessari leið að í fámennari dómumdæmum gæti reynst örðugt að finna hæfa menn til þess að gegna hlutverki umsjónarmanns um nauðungarsölu. Þessi leið er heldur ekki nothæf við nauðungarsölu lausafjár sem væntanlega yrði að selja á uppboðum eins og hingað til.

Í væntanlegu frumvarpi munu verða ráðgerð þau verkaskipti milli héraðsdómstóla og sýslumanna að hinir fyrrnefndu taki fyrir kröfur um nauðungarsölu og úrskurði hvort þær nái fram að ganga eða ekki. Að genginni slíkri úrlausn væri afskiptum þeirra af málinu lokið nema ágreiningur risi á síðari stigum sem krefðist dómsmeðferðar. Sýslumenn mundu hins vegar gegna hlutverki opinbers uppboðshaldara, jafnt við nauðungarsölu sem annars konar uppboð og þeir hefðu því með höndum svipaðar undirbúningsaðgerðir fyrir uppboð og nú tíðkast. Hugsanlegt er að fela mætti sýslumönnum í einstökum tilvikum hlutverk umsjónarmanns, enda væru þeir þá eigi vanhæfir sökum aðildar embætta þeirra að kröfum þeim sem eru tilefni beiðni um nauðungarsölu.

17. Lögskráning skipshafna.

Þessu viðfangsefni gegna nú bæjarfógetar og sýslumenn utan Reykjavíkur og tollstjóri í Reykjavík. Engin breyting er ráðgerð í þeim efnum.

18. Valdsmannstörf í landamerkjamálum.

Samkvæmt lögum nr. 41/1919 hvílir sú skylda á héraðsdómurum, sem fá vitneskju um ágreining um landamerki eða um að merkjaskrá hafi eigi verið þinglýst, að kalla aðila á dómþing og bóka kröfur þeirra. Héraðsdómari skal síðan leita sátta með aðilum. Vænta má breytinga á þessari skipan þannig að þetta hlutverk komi í hlut sýslumanna sem yfirvalda.

19. Úrskurðir um sveitarstjórnarmálefni.

Samkvæmt lögum nr. 8/1986 er félagsmálaráðherra heimilt að fela staðbundnum umboðsmönnum framkvæmdarvaldsins þennan málaflokk. Lagt er til að sýslumönnum verði falið þetta hlutverk ef frumvarp þetta verður að lögum, en um leið væri rétt að setja almenn skilyrði fyrir áfrýjun úrskurða um sveitarstjórnarmálefni til félagsmálaráðuneytisins.

20. Formennska í staðbundnum stjórnum, nefndum og ráðum ríkisvaldsins.

Hér er um að ræða fjölbreytileg viðfangsefni sem eðlilegt er að verði alfarið hlutverk sýslumanna. Slíkt ræðst þó af þeim ákvæðum einstakra laga sem mæla fyrir um slík stjórnvöld. Er því ljóst að þörf er sérstakrar athugunar á hinum ýmsu lögum og viðeigandi breytinga í því skyni að koma þessari skipan á til fulls.

21. Önnur stjórnsýslustörf ríkisins.

Verulega margbreytt störf geta talist til stjórnsýslustarfa ríkisins í héraði umfram þau sem sérstaklega hafa verið nefnd hér á undan. Er bæði um að ræða verkefni sem þegar eru ákvæði um í lögum og einnig verkefni sem eðlilega falla að verksviði sýslumanna í framtíðinni til hagræðis og sparnaðar. Sem dæmi um mál í síðarnefnda flokknum má nefna möguleika á því að fela sýslumönnum ýmiss konar sáttastörf bæði í staðbundnum vinnudeilum og sem aðdraganda að dómsmeðferð mála. Margs konar eftirlit er lagt á ríkisvaldið með einstökum lögum án þess að nægilega sé séð fyrir því hvernig best verði að eftirlitinu staðið. Má telja slíkt nærtækt viðfangsefni staðbundinna umboðsmanna framkvæmdarvaldsins. Þá er sennilegt að með breyttri skipan sýslumannsembætta komi í auknum mæli til þess við setningu nýrra laga að þau verði miðuð við tilvist staðbundinna umboðsmanna framkvæmdarvaldsins í héraði og þeim verði falin framkvæmd laganna að hluta eða að öllu leyti. Sú hefur orðið reynslan bæði í Danmörku og Noregi eftir að lögfestur var aðskilnaður milli dómsvalds og umboðsvalds.

Um 11. gr.

Í greininni eru ákvæði um aðsetur sýslumanna. Umdæmi sýslumanna eru ekki afmörkuð í greininni, heldur er þar kveðið á um að utan Reykjavíkur og fjögurra nágrannabyggða, sem verða í sama stjórnsýsluumdæmi, skiptist landið í 26 umdæmi. Eru síðan aðsetursstaðir sýslumanna taldir upp. Lagt er til að umdæmi sýslumanna verði nánar ákveðin með reglugerð að fenginni umsögn viðkomandi sýslumanns og sveitarstjórna. Eigi megi þó leggja niður stjórnsýsluumdæmi né fjölga þeim nema með lögum.

Svipuð ákvæði er að finna í dönskum lagaákvæðum varðandi lögsagnarumdæmi dómstóla (retskreds) þar sem breyta má umdæmunum með reglugerð, en hvorki leggja þau niður né fjölga þeim nema með lögum.

Breyttar aðstæður hljóta að kalla á breytingar á umdæmaskipun. Sem dæmi má nefna Svalbarðsstrandarhrepp við Eyjafjörð sem nú er tengdur stuttri og greiðfærri samgönguæð við Akureyri, en íbúarnir eiga engu að síður samkvæmt núgildandi umdæmaskipan að sækja þjónustu til sýslumanns á Húsavík.

Um 12. gr.

Umdæmi lögreglustjóra, tollstjóra og sýslumanns í Reykjavík nær samkvæmt greininni einnig til Seltjarnarneskaupstaðar, Mosfellsbæjar, Kjalarneshrepps og Kjósarhrepps, enda þægilegra fyrir íbúa þessara sveitarfélaga að sækja þjónustu þessara embætta til Reykjavíkur en til Hafnarfjarðar.

Eins og greint hefur verið frá hér að framan var upphaflegu bæjarfógetaembætti í Reykjavík skipt í áföngum og urðu þannig til sérstök embætti tollstjóra og lögreglustjóra í Reykjavík. Ekki er gerð tillaga um sameiningu þessara embætta með neinum hætti, heldur gert ráð fyrir að þau haldist með óbreyttu sniði. Þó gætu ýmis ný verkefni sýslumanna, sem getið er í athugasemdum við 10. gr. frumvarpsins, verið falin þessum „eldri „ embættum, einkum embætti lögreglustjóra. Hins vegar eru þau nýmæli í frumvarpinu að gerð er tillaga um stofnun embættis sýslumanns í Reykjavík. Er því ætlað að taka við umboðsstörfum núverandi dómstóla í Reykjavík, þ.e. borgardómaraembættisins, borgarfógetaembættisins og sakadómsembættisins auk þorra þeirra nýju viðfangsefna sem ráðgert er að flytjist úr stjórnarráði til sýslumanna. Þetta embætti hefði enn fremur með höndum þau viðfangsefni varðandi búskipti, fógetagerðir og uppboð sem ætlunin er að leggja í hendur yfirvalda. Gert er ráð fyrir að hið nýja sýslumannsembætti í Reykjavík muni byggjast að verulegu leyti á núverandi embætti borgarfógeta, en þó þannig að viðfangsefni, sem að breyttum lögum munu teljast dómsathafnir, verði í höndum héraðsdóms Reykjavíkur.

Leitast er við að telja í þessu ákvæði frumvarpsins meginatriði verkaskiptingar milli umræddra þriggja embætta í Reykjavík. Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða, enda ræðst núverandi verkaskipting að mestu af fyrirmælum einstakra sérlaga sem eftir atvikum getur orðið þörf á að endurskoða að þessu leyti áður en til gildistöku laganna kemur. Er hér einnig gert ráð fyrir því að dómsmálaráðherra leysi, ef með þarf, úr vafatilvikum um það hvert þessara þriggja embætta fari með einstök málefni.

Um 13. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skrifstofur sýslumanns utan aðsetursstaðar hans, en hlutverk þeirra er að tryggja bætta þjónustu sýslumannsembætta. Þjónustuna er unnt að veita þótt höfuðstöðvar embættisins séu í nokkurri fjarlægð og má þar benda á möguleika sem opnast hafa með hagnýtingu nýrrar tækni. Má þar nefna notkun á tölvuneti Pósts og síma og notkun „telefax"-tækja sem m.a. gerir unnt að senda á skammri stundu útfyllt umsóknareyðublöð og afgreiðslur umsókna ásamt veðbókarvottorðum og fleiri skjölum milli aðalskrifstofa sýslumanna og umboðsskrifstofa þeirra.

Eins og áður segir er frumvarp til breytinga á lögum um hreppstjóra, nr. 32/1965, lagt fram með þessu frumvarpi, en nauðsynlegt er að breyta þeim, m.a. í framhaldi af gildistöku nýrra sveitarstjórnarlaga.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. er m.a. tekið fram að embætti sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli heyri undir þann ráðherra sem fer með mál er tengjast framkvæmd varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951. Athygli er vakin á því að við gildistöku laga þessara taka héraðsdómstólar við dómstörfum að því er varðar varnarsvæðin.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að sýslumaður skuli fullnægja sömu almennum hæfisskilyrðum og héraðsdómarar að öðru leyti en aldursskilyrðum.

Um 15. gr.

Greinin skýrir sig sjálf. Ákvæði 2. mgr. um skiptingu sýslumannsembætta í deildir á við stærstu embættin.

Um 16. gr.

Lagt er til að lög þessi taki gildi 1. júlí 1990. Er þetta nauðsynlegt til aðlögunar við breytta skipan bæði vegna fyrirsjáanlegra þarfa við útvegun húsnæðis, vegna nauðynlegrar lagasetningar og til þess að kynna og móta nægilega þá skipan sem frumvarp þetta á að leiða til.

Skapa þarf hinum nýju héraðsdómum starfsaðstöðu og sérstaklega er húsnæði fyrir sameinaðan dómstól í Reykjavík stórt verkefni. Er afar mikilvægt að koma húsnæðis- og annarri starfsaðstöðu héraðsdómstólanna í viðunandi horf fyrir gildistöku laganna. Heppilegt þykir að lögin taki gildi í byrjun júlímánaðar, en þá stendur yfir réttarhlé dómstóla. Með því að hafa gildistökuna sumarið 1990 gefst tími fyrir löggjafarvaldið til að fjalla á tveimur löggjafarþingum um breytingar á réttarfarslöggjöf og öðrum lögum sem af samþykkt þessa frumvarps leiða.

Um 17. gr.

Fyrri málsgrein þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Í seinni málsgreininni er sett sérstök regla um vistun ýmissa viðfangsefna samkvæmt sérlögum sem hafa að geyma fyrirmæli um að menn með ýmsum embættisheitum gegni störfum sem framvegis verða talin verkefni sýslumannna.

Um 18. gr.

Í þessu ákvæði er mælt fyrir um breytingu starfsheita og tilflutning einstakra embættismanna sem leiðir af myndun nýrra héraðsdómstóla og breyttri tilhögun umboðsstjórnar í héraði. Ákvæði þetta skýrir sig að mestu sjálft, en rétt er að vekja sérstaka athygli á að flest embætti, sem sett eru á fót með þessum lögum, munu skipast sjálfkrafa af mönnum sem gegna dómara- eða sýslumannsembættum við gildistöku þeirra.

Í 1. og 2. mgr. er dómsmálaráðherra heimilað að fjölga dómarastöðum tímabundið ef fleiri óska að neyta forgangsréttar til skipunar í héraðsdómarastöðu en fjöldi embætta er skv. 4. gr. Má um þetta vísa til athugasemda við 4. gr. um nánari skýringar.

Um 19. gr.

Í þessu ákvæði er mælt fyrir um meðferð mála sem þingfest hafa verið, en dómur hefur ekki gengið í fyrir 1. júlí 1990 fyrir aukadómþingi, bæjarþingi, sakadómi eða sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum, en þeir dómstólar verða allir lagðir niður með lögum þessum og í stað þeirra farið með sömu mál fyrir héraðsdómstólum. Er hér lagt til að sú leið verði farin að slík ódæmd mál flytjist sjálfkrafa til hinna nýju héraðsdómstóla í því horfi sem þau eru á umræddum tímamörkum. Að því leyti sem meðferð máls er lengra komin en einungis að hafa verið þingfest er sérstaklega tekið fram að þessi breyting hafi ekki áhrif á þýðingu fyrri meðferðar. Stæði því öll fyrri gagnaöflun óröskuð, þar á meðal skýrslur sem teknar hafa verið af málsaðiljum eða vitnum.

Ekki er kveðið með hliðstæðum hætti á um afdrif búskipta, fógetagerða eða nauðungaruppboða sem krafa hefur komið fram um fyrir gildistöku laganna og heldur ekki um meðferð sérstakra ágreiningsmála fyrir hlutaðeigandi dómstólum, sem byrjuð eru á umræddu tímamarki. Reglur um þau efni koma væntanlega fram í frumvörpum til nýrra laga um viðkomandi svið réttarfarsins.

Um 20. gr.

Í ákvæði þessu er mælt fyrir um brottfall nokkurra laga og einstakra greina í lögum. Mikilverðust þessara ákvæða eru þau sem varða réttarfarslög, en af þeim meiði eru fyrstu átta töluliðir ákvæðisins. Í liðum 9–27 er lagt til að felldar verði niður greinar úr lögum er varða kaupstaðarréttindi einstakra staða sem fjalla um bæjarfógeta og lögsagnarumdæmi. Loks er í síðustu fimm töluliðum lagt til að felld verði niður lög sem fjalla um sýsluskipan, en það leiðir af gildistöku sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

Um 21. gr.

Í þessu ákvæði eru gerðar þær breytingar á lögum um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, sem brýnastar teljast í tengslum við lögfestingu þessa frumvarps og leiðir þær af fyrirmælum I. kafla frumvarpsins.

Þær eru í meginatriðum fólgnar í eftirfarandi:

Í a-lið eru felld niður ákvæði um atriði sem samsvarandi reglur eru settar um í I. kafla frumvarpsins.

Í b-lið eru gerðar breytingar á texta 42. gr. laganna þannig að felld eru brott fyrirmæli um sérstakar þingbækur vegna mismunandi héraðsdómstóla, sem ekki verða lengur til ef frumvarp þetta verður að lögum. Efnislegar breytingar eru ekki gerðar að öðru leyti á ákvæðinu. Einnig felst í þessu að felld eru niður fyrirmæli um bækur þinglýsingardómara, en það ákvæði er ranglega fært milli málsgreina í greininni við útgáfu síðasta lagasafns.

Um 22. gr.

Hér eru gerðar breytingar á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, sem varða dómara, þinghöld o.fl. Breytingarnar eru í einstökum atriðum fólgnar í eftirfarandi:

Í a-lið eru felld niður sérstök fyrirmæli 4. gr. laganna um það hverjir fari sem dómarar með opinber mál í héraði, enda taka reglur I. kafla frumvarpsins til þeirra mála.

Í b-lið eru gerðar nauðsynlegar breytingar á 5. gr. laganna vegna breyttra starfsheita héraðsdómara og þeirrar breytingar að framvegis geti fleiri en einn héraðsdómari verið skipaður í hverju lögsagnarumdæmi.

Í c-lið felst ekki önnur breyting á skipun kirkjudóms en sú að nauðsynlegt er að laga reglur um forsæti dómsins að fyrirmælum I. kafla frumvarpsins.

Í d-lið er gerð breyting á 2. mgr. 12. gr. laganna sem virðist hafa yfirsést að gera við setningu laga nr. 28/1981.

Í e-lið eru ákvæði 1. mgr. 15. gr. laganna um störf fulltrúa héraðsdómara felld niður, enda óþörf vegna ákvæða 6. gr. frumvarpsins.

Í f-lið er mælt fyrir um brottfall á 17. gr. laganna sem er óþörf.

Í g-lið eru reglur 1. mgr. 18. gr. laganna um þing- og dómabækur samræmdar breyttri skipan héraðsdómstóla.

Í h-lið er gerð breyting á 1. mgr. 32. gr. laganna sem kveður á um hverjir teljist lögreglustjórar, en breyting þessi er afleiðing af þeim breytingum sem leiða af 10.–12. gr. frumvarpsins.

Í i-lið er loks fellt niður ákvæði sem gagngert tekur mið af því að sami embættismaður geti í senn verið bæði lögreglustjóri og sakadómari.

Nd. 812. Frumvarp til laga [462. mál]

um breytingu á lögum nr. 32 26. apríl 1965, um hreppstjóra.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

1. gr. laganna hljóði svo:

Hreppstjóri skal vera í hverju sveitarfélagi þar sem sýslumaður hefur eigi skrifstofu. Hreppstjóri skal vera búsettur í sveitarfélaginu.

2. gr.

2. gr. laganna hljóði svo:

Þá er starf hreppstjóra losnar skal sýslumaður auglýsa það laust til umsóknar.

Sýslumaður veitir stöðu hreppstjóra úr hópi umsækjenda að fenginni umsögn sveitarstjórnar.

3. gr.

5. gr. laganna hljóði svo:

Hafi sýslumaður skrifstofu í þéttbýliskjarna utan aðsetursstaðar síns er honum heimilt að skipa forstöðumann skrifstofunnar jafnframt hreppstjóra viðkomandi sveitarfélags án þess að auglýsa starf hreppstjóra laust til umsóknar í því tilviki. Hreppstjórastarfið er þá hluti af störfum forstöðumannsins.

4. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1989.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 verða sýslunefndir lagðar niður frá næstu áramótum. Í lögum um hreppstjóra er ráð fyrir því gert að sýslumaður skipi hreppstjóra úr hópi þriggja manna sem sýslunefnd kýs. Þarf því að breyta þeirri skipan.

Þá er sýslumanni heimilað að sameina störf hreppstjóra og forstöðumanna skrifstofa sem hann hefur í þéttbýliskjörnum utan aðsetursstaðar síns jafnframt því sem óþarft þykir að skipaður sé sérstakur hreppstjóri á aðsetursstað sýslumanns. Með tilkomu fleiri „bæja“ í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga má búast við því að skrifstofum sýslumanna utan aðsetursstaða þeirra fjölgi þannig að unnt verði að bæta þjónustu embættanna við almenning.

Nd. 813. Frumvarp til laga [463. mál]

um breytingu á þinglýsingalögum, nr. 39 10. maí 1978.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

Í stað „þinglýsingardómarar“ í fyrirsögn I. kafla komi: þinglýsingarstjórar.

2. gr.

1. gr. hljóði svo:

Sýslumenn eru þinglýsingarstjórar hver í sínu umdæmi.

3. gr.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 1. málsl. 1. mgr. 2. gr. komi: þinglýsingarstjóri, og í stað „dómaranum“ í 3. málsl. sömu málsgreinar komi: þinglýsingarstjóra.

Í stað „fulltrúi dómara“ í 2. mgr. 2. gr. komi: fulltrúi sýslumanns, og í stað „dómara“ í sömu málsgrein komi: þinglýsingarstjóra.

4. gr.

3. gr. hljóði svo:

Úrlausn þinglýsingarstjóra við meðferð þinglýsingar samkvæmt lögum þessum sætir stjórnsýslukæru til dómsmálaráðuneytis innan þriggja vikna frá því að þinglýsingarbeiðanda

var tilkynnt hún eða tilkynning um úrlausnina var send honum, en einnig er hægt að höfða mál fyrir héraðsdómi til ógildingar úrlausninni innan sama tíma eða innan þriggja vikna frá því að kæranda er tilkynnt um úrskurð ráðuneytis í málinu.

Nú kærir aðili úrlausn og skal þá skrá athugasemd um það í þinglýsingabók.

5. gr.

Í stað „dómara“ á tveimur stöðum í 1. mgr. 5. gr. komi: þinglýsingarstjóra.
Í stað „dómari“ í 2. mgr. 5. gr. komi: þinglýsingarstjóri.

6. gr.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 1. og 5. mgr. 7. gr. komi: þinglýsingarstjóri.

7. gr.

Í stað „þinglýsingardómarar“ í 1. mgr. 8. gr. komi: þinglýsingarstjórar.
Í stað „dómara“ í 4. tölul. 1. mgr. 8. gr. komi: þinglýsingarstjóra.

8. gr.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 2. mgr. 9. gr. komi: þinglýsingarstjóri.
Í stað „þinglýsingardómara“ í 3. mgr. 9. gr. komi: þinglýsingarstjóra.

9. gr.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 1. mgr. 10. gr. komi: þinglýsingarstjóri.
Í stað „dómara“ í 2. mgr. 10. gr. komi: þinglýsingarstjóra.

10. gr.

Í stað „þinglýsingardómara“ í 11. gr. komi: þinglýsingarstjóra.

11. gr.

Í stað „þinglýsingardómara“ í 1. mgr. 12. gr. komi: þinglýsingarstjóra.

12. gr.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 13. gr. komi: þinglýsingarstjóri.

13. gr.

Í stað „dómara“ í 1. mgr. 14. gr. komi: þinglýsingarstjóra.

14. gr.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 1. málsl. 17. gr. komi: þinglýsingarstjóri, í stað „dómara“ í 3. málsl. greinarinnar komi: þinglýsingarstjóra, og í stað „dómari“ í 4. og 5. málsl. greinarinnar komi: þinglýsingarstjóri.

15. gr.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 2. mgr. 20. gr. komi: þinglýsingarstjóri.

16. gr.

Í stað „dómari“ í 1. mgr. 27. gr. komi: þinglýsingarstjóri, og í stað „dómarinn“ í sömu málsgrein komi: þinglýsingarstjórinn.

Í stað „dómara“ í 2. mgr. 27. gr. komi: þinglýsingarstjóra, og í stað „dómari“ tvisvar í sömu málsgrein komi: þinglýsingarstjóri.

17. gr.

Í stað „dómari“ tvisvar í 1. mgr. 38. gr. og í 2. mgr. sömu greinar komi: þinglýsingarstjóri.

18. gr.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 4. mgr. 39. gr. komi: þinglýsingarstjóri.

19. gr.

Í stað „dómari“ í 1. mgr. 42. gr. komi: þinglýsingarstjóri.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 2. málsl. 2. mgr. 42. gr. komi: þinglýsingarstjóri, í stað „dómara“ í sama málslið komi: þinglýsingarstjóra, og í stað „dómaranum“ í 3. málsl. sömu málsgreinar komi: þinglýsingarstjóranum.

20. gr.

Í stað „dómaranum“ í 44. gr. komi: þinglýsingarstjóranum.

21. gr.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 2. málsl. 1. mgr. 45. gr. komi: þinglýsingarstjóri, og í stað „dómaranum“ í 3. málsl. sömu málsgreinar komi: þinglýsingarstjóranum.

Í stað „dómari“ í 3. mgr. 45. gr. komi: þinglýsingarstjóri.

22. gr.

Í stað „dómara“ í 1. mgr. 48. gr. komi: þinglýsingarstjóra, og í stað „dómari“ í sömu málsgrein komi: þinglýsingarstjóri.

Í stað „dómara“ í 4. mgr. 48. gr. komi: þinglýsingarstjóra.

23. gr.

Í stað „þinglýsingardómara“ í 49. gr. komi: þinglýsingarstjóra, og í stað „dómara“ tvisvar í a-lið greinarinnar komi: þinglýsingarstjóra.

24. gr.

Í stað „þinglýsingardómara“ í 1. mgr. 50. gr. komi: þinglýsingarstjóra.

Í stað „dómari“ í 1. málsl. 2. mgr. 50. gr. komi: þinglýsingarstjóri, og í stað „þinglýsingardómari“ í 3. málsl. sömu málsgreinar komi: þinglýsingarstjóri.

25. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júlí 1990.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Samkvæmt þinglýsingalögum, nr. 39/1978, telst þinglýsing dómsathöfn og getur komið til þess að þinglýsingardómari kveði upp úrskurð um ágreining á því sviði sem kæra má til Hæstaréttar sem þó er fátítt. Þessi tilhögun hefur verið tekin upp hér á landi að danskri fyrirmynd, en víða annars staðar teljast þinglýsingar stjórnvaldsathöfn. Þinglýsingar eru í eðli sínu ekki annað en opinber skráning réttinda sem á mörgum hliðstæðum sviðum telst stjórnvaldsathöfn, t.d. skráning vörumerkja, einkaleyfa og hlutafélaga. Þetta viðfangsefni hefur ásamt notarialgerðum þótt eiga undir þann flokk viðfangsefna sem í fræðikenningum hefur verið nefndur latneska heitinu „jurisdictio voluntaria“. Það einkennir viðfangsefni þessi að engin eðlislæg einkenni þeirra gefa til kynna að þau eigi fremur að teljast til

dómstarfa en stjórnvaldsathafna. Þinglýsingar munu vera talsvert algengari hér á landi miðað við íbúafjölda en í nágrannaríkjunum. Eru þær í eðli sínu þáttur í þjónustu sem almenningur þarf að sækja til yfirvalda með greiðum hætti. Er því nauðsynlegt að mæta þeim þörfum með því að tryggja sem best nálægð þessarar þjónustu við þá sem hennar þurfa að leita. Var því við samningu tillagna um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds ákveðið að framvegis teljist þetta stjórnvaldsathöfn sem sýslumenn fari með að breyttri skipan. Með þeirri breytingu yrði samkvæmt áðursögðu ekki brotið gegn grundvallarreglum um skilsmun dómsvalds og framkvæmdarvalds.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Flestar greinar frumvarpsins kveða á um að orðið „þinglýsingarstjóri" komi í stað orðanna „þinglýsingardómari" og „dómari" og þarfnast það ekki nánari skýringar.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um að sýslumenn verði þinglýsingarstjórar hver í sínu umdæmi. Er það í samræmi við það sem að framan er sagt, en samkvæmt stjórnarfrumvarpi til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði skulu sýslumenn framvegis fara með stjórnsýslustörf.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um að úrlausn þinglýsingarstjóra við meðferð þinglýsingar sæti stjórnsýslukæru til dómsmálaráðuneytisins og er það í samræmi við þá breytingu að þinglýsing teljist framvegis stjórnvaldsathöfn. Þinglýsingarbeiðandi á tvo kosti ef hann sættir sig ekki við úrlausn þinglýsingarstjóra. Annar kosturinn er að kæra úrlausnina til ráðuneytis. Er það væntanlega ódýrasta og fljótvirkasta leiðin til þess að fá endurskoðun á úrlausninni. Hinn kosturinn er að höfða mál fyrir héraðsdómi til ógildingar úrlausninni. Er ýmist hægt að höfða mál strax eða höfða það að fengnum úrskurði ráðuneytis. Í öllum tilvikum er settur þriggja vikna málshöfðunarfrestur.

Um 25. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. júlí 1990, en það er sami gildistökudagur og er að finna í frumvarpi til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Nd. 814. Frumvarp til laga [464. mál]

um lögbókandagerðir.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

Lögbókandagerðir (notarialgerðir) eru valdsmannsathafnir sem sýslumenn framkvæma hver í sínu umdæmi. Nefnist sýslumaður lögbókandi (notarius publicus) við þær gerðir.

Starfsmenn utanríkisþjónustu Íslands, sem veita sendiráðum erlendis forstöðu, og sendiræðismenn eru hver í sínu umdæmi lögbókendur varðandi athafnir og löggerninga sem íslenskir ríkisborgarar standa að einhverju eða öllu leyti að. Utanríkisráðherra getur veitt kjörræðismönnum Íslands erlendis sömu heimild.

Um hæfi lögbókanda til að annast lögbókandagerð fer eftir almennum reglum um hæfi dómara til að fara með einkamál í héraði eftir því sem við á.

Ekki er þörf votta við lögbókandagerðir nema þar sem slíkt er sérstaklega áskilið í lögum.

2. gr.

Lögbókandagerð telst opinber staðfesting á því sem efni hennar kveður á um. Jafngildir hún vottun tveggja manna um þá athöfn eða staðreynd sem hún tekur til.

Að því leyti sem reglur annarra laga kveða á um sérstakar gerðir lögbókanda eða framkvæmd þeirra halda þær gildi sínu, en beita skal ákvæðum þessara laga að öðru leyti um þær gerðir eftir því sem við verður komið.

3. gr.

Lögbókandagerð fer fram á starfsstöð lögbókanda, nema nauðsyn beri til annars vegna aðstæðna eða eðlis málefnisins.

Þeim sem fara með lögbókandagerðir skulu lagðar til á kostnað ríkissjóðs tölusettar, gegnumdregnar og innsiglaðar gerðarbækur. Slíkar bækur skulu löggiltar af því ráðuneyti sem hlutaðeigandi embættismaður heyrir undir.

4. gr.

Óski maður eftir að lögbókandi staðfesti undirskrift hans á skjali skal hann sanna á sér deili og undirrita skjalið eða kannast við undirskrift sína að lögbókanda viðstöddum.

Nú er ástæða til að ætla að endurtekið verði óskað staðfestingar lögbókanda á undirskrift sama manns. Getur sá, sem svo er ástatt um, á eigin ábyrgð látið lögbókanda í té í eitt skipti fyrir öll sýnishorn undirskriftar sinnar. Áður skal hann sanna á sér deili og rita undir yfirlýsingu í gerðarbók lögbókanda um að framvegis megi í skjóli hennar staðfesta samkvæmt bréflegri beiðni undirskrift hans undir skjöl sem lögbókanda berast í því skyni.

5. gr.

Nú lýsir maður því yfir í viðurvist lögbókanda að efni skjals sé í samræmi við ætlun sína, en hann sé ófær vegna líkamlegs heilsubrests um að undirrita það. Getur þá lögbókandi ritað vottorð um þetta á skjalið. Telst það vottorð hafa sömu þýðingu og ef sá, sem skjalið stafar frá, hefði sjálfur undirritað skjalið að lögbókanda viðstöddum.

6. gr.

Ef maður óskar eftir staðfestingu lögbókanda á hæfi sínu eða heimild til að standa að efni skjals skulu lögbókanda látin í té þau sönnunargögn um málefnið sem hann telur þörf. Lögbókandi verður að öðru leyti ekki krafinn um að meta hæfi eða heimild útgefanda skjals eða að afla gagna um þau efni, nema lög mæli á annan veg.

7. gr.

Lögbókandi ritar vottorð á skjöl sem hann staðfestir skv. 4., 5. eða 6. gr. Í vottorði hans skal tekið nákvæmlega fram til hvers eða hverra atriða staðfestingin tekur. Eftir því, sem lögbókanda þykir ástæða til, má hann geta í vottorði sínu með hverjum hætti þau atriði hafa verið sönnuð sem vottorðið fjallar um. Þá skal hann einnig geta annarra atriða ef hann telur þau geta haft þýðingu við mat á hæfi þess sem stendur að löggerningnum eða við mat á gildi löggerningsins að öðru leyti. Við undirskrift sína undir vottorð skal lögbókandi tiltaka nákvæmlega hvar og hvenær staðfesting á sér stað.

8. gr.

Nú er þess beiðst að lögbókandi staðfesti undirskrift undir skjal á erlendu tungumáli eða efni þess. Má lögbókandi þá krefja þann, sem um gerðina biður, um þýðingu löggilts skjalaþýðanda á skjalinu, nema lögbókandi telji sjálfum sér fært að þýða það. Ef óskað er eftir að vottorð lögbókanda á skjali verði á erlendu tungumáli skal sá, sem um það biður, leggja til þýðingu löggilts skjalaþýðanda á þeim texta vottorðs sem lögbókandi mælir fyrir um.

9. gr.

Nú er skjal, sem óskað er staðfestingar lögbókanda á, ætlað til afnota erlendis og reglur eða venjur í viðkomandi ríki leiða til að efni þess hafi ekki tilætlaða þýðingu, nema það sé staðfest með eiði eða drengskaparheiti. Lögbókanda er þá heimilt að færa upplýsingar um meginefni skjalsins til bókar í gerðarbók. Má sá, sem um staðfestingu lögbókanda biður, vinna eið eða drengskaparheit að sannleiksgildi efnis skjalsins og skal það sérstaklega bókað.

Um framkvæmd og skilyrði heitfestingar skv. 1. mgr. skal farið eftir réttarfarsreglum um eiðvinning vitnis í einkamáli eftir því sem við á.

10. gr.

Ef óskað er eftir að lögbókandi staðfesti að atburður hafi átt sér stað eða að athöfn hafi farið fram með tilteknum hætti skal hann kvaddur með hæfilegum fyrirvara til að vera viðstaddur.

Lögbókandi færir í gerðarbók frásögn sína af þeim atburðum eða athöfnum sem hann staðfestir. Um efni bókunar skal eftir atvikum gæta ákvæða 7. gr. Bókun sína undirritar lögbókandi ásamt þeim sem hlut eiga að máli.

Ef sérstakar aðstæður krefjast þess getur lögbókandi fært efni löggernings jafnharðan í gerðarbók eftir fyrirsögn þess sem hann stafar frá. Um staðfestingu lögbókanda á undirritun og efnisatriðum slíkra löggerninga gilda fyrirmæli 4.–9. gr. eftir því sem við á.

11. gr.

Lögbókanda skulu afhent skjöl sem honum er ætlað að staðfesta í nægilegum fjölda samhljóða eintaka til að hann fái haldið einu eftir. Á því eintaki skulu vera undirritanir þeirra sem hlut eiga að máli auk vottorðs lögbókanda.

Með samritum skjala skv. 1. mgr. skulu geymd eintök þeirra sönnunargagna sem lögbókanda hafa verið afhent skv. 6. gr. auk þýðinga skjala á erlendum tungumálum ef þær hafa verið fengnar. Dómsmálaráðherra er heimilt að kveða á í reglugerð um varðveislu og umbúnað þessara skjala og sönnunargagna.

12. gr.

Staðfest endurrit eða myndrit af öðrum skjölum en viðskiptabréfum, sem lögbókandi varðveitir skv. 11. gr., teljast jafngild frumriti þeirra að lögum.

Að því leyti sem bókun lögbókanda í gerðarbók felur í sér löggerning manns telst staðfest endurrit úr gerðarbókinni samsvara skjalfestu eintaki löggerningsins.

13. gr.

Lögbókanda er óheimilt að láta af hendi endurrit eða myndrit skjala, sem hann varðveitir eða endurrit úr gerðarbók, nema með samþykki þess sem um gerð hans hefur beðið. Nú er sá maður látinn og má lögbókandi þá láta af hendi endurrit eða myndrit til þeirra sem telja sig geta byggt rétt á efni skjalsins.

Nú hefur staðfestingar lögbókanda verið leitað til að sanna atburð eða athöfn sem varðar réttindi annars manns en þess er um gerðina hefur beðið eða ótiltekins fjölda manna. Er þá lögbókanda heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., að afhenda þeim, er telur málefnið sig varða, endurrit úr gerðarbók varðandi viðkomandi atburð eða athöfn.

Lögbókanda ber að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli málsins. Honum er óheimilt, nema með samþykki þess sem um gerð hans hefur beðið, að veita upplýsingar um hvort hún hafi farið fram eða um efni hennar, nema svo standi á að þeim, sem um upplýsingar biður, megi afhenda samrit eða endurrit löggernings eða gerðar skv. reglum 1. eða 2. mgr.

14. gr.

Nú er óskað lögbókandagerðar, en lögbókandi telur að gerðin muni engum tilgangi þjóna eða að skilyrðum þessara eða annarra laga fyrir gerð með því efni, sem um er beðið, sé ófullnægt og má hann þá hafna beiðni um gerðina. Lögbókanda er skylt að afhenda þeim, sem hann synjar um gerð, skriflegan rökstuðning fyrir afstöðu sinni ef krafist er.

Þótt svo standi á, sem í 1. mgr. segir, má lögbókandi framkvæma gerð ef hann telur eftir atvikum ekki ástæðu til að synja um hana, en í bókun sinni eða rituðu vottorði á skjali skal hann geta þeirra atriða sem hann telur áfátt.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Meðan lög nr. 74 27. apríl 1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., eru enn í gildi skulu þeir embættismenn, sem þar er mælt fyrir, eftir sem áður fara með lögbókandagerðir (notarialgerðir) auk þeirra sem taldir eru í 1. og 2. mgr. 1. gr. laga þessara.

16. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirfarandi lög og ákvæði laga:

1. Opið bréf um testamenti og notarialgerðir 8. janúar 1823.
2. Í 1. málsl. 2. mgr. 33. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936, orðin „auk nótaríalgerða".
3. 3. mgr. 41. gr. og 2. mgr. 43. gr. erfðalaga nr. 8 14. mars 1962.
4. 15. gr. laga um utanríkisþjónustu Íslands, nr. 39 16. apríl 1971.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var samið að tilhlutan dómsmálaráðherra.

Með lögbókandagerð er í frumvarpi þessu átt við það sama og nefnt hefur verið notarialgerð hér á landi að erlendri fyrirmynd. Í lögum um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., nr. 72/1974, er kveðið á um að bæjarfógetar og sýslumenn, í Reykjavík borgarfógetar, hafi með höndum notarialgerðir auk lögreglustjóra utan kaupstaða. Í fyrirliggjandi frumvarpi til laga, sem ætlað er til að leysa þau lög af hólmi, hefur verið gengið út frá að þessar gerðir verði framvegis í höndum sýslumanna sem fari með stjórnsýslustörf í þágu ríkisins í héraði. Í því frumvarpi er þó ekki kveðið á um einstök viðfangsefni sýslumanna, heldur ætlast til að þau ráðist af fyrirmælum annarra laga. Er því þörf sérstakrar lagasetningar um það hverjir fari með þessar gerðir ef það frumvarp verður að lögum.

Hér á landi hefur líkt og í næstu nágrannalöndum vantað almennar reglur um lögbókandagerðir (notarialgerðir) þótt gert sé ráð fyrir framkvæmd þeirra í ýmsum lögum með þeim hætti að tiltekin opinber vottun skjala eða atburða eigi sér stað með atbeina lögbókanda (notarius publicus). Frá þessu er þó sú undantekning að í opnu bréfi 8. janúar 1823 um testamenti og notarialgerðir er að finna svohljóðandi almenn fyrirmæli í þessu sambandi:

„7. Undir ströngustu embættisábyrgð sé notario uppálagt sjálfum að framkvæma þau verk og meðtaka þær skýrslur, um hverjar hann ber vitni, þó má, ef við þarf, annar áreiðanlegur maður ... setjast ... til að framkvæma verk hans í forföllum þessa embættismanns og ber þess í gerðunum, sem útgefast, að geta, er þau verk af þvílíkum útréttast.
8. Loksins ber notario til alls, er honum viðkemur að framkvæma, framvegis tvö vitni til staðfestingar að brúka."

Af augljósum ástæðum hefur verið takmarkað gagn af þessum reglum við framkvæmd umræddra gerða sem eru algengar og geta tekið til fjölbreytilegra atriða. Vegna þess tilefnis,

sem hefur gefist samkvæmt áðursögðu til að gera frumvarp til laga um þessar gerðir, hefur þótt rétt að leggja til setningu almennra reglna um framkvæmd þeirra til að taka af vafa um ýmis atriði sem risið hefur í þessum efnum.

Í lagaákvæðum um þær gerðir, sem frumvarp þetta tekur til, eru þær jafnan nefndar „notarialgerðir“ (eða „nótaríalgerðir“) og sá embættismaður, sem annast þær, nefndur heitinu „notarius publicus“. Í frumvarpinu er lagt til að þessar gerðir verði nefndar lögbókandagerðir og samkvæmt því að sá maður, sem þær annast, beri heitið lögbókandi. Eru þessi hugtök tekin upp eftir fyrirmynd í lögum um verndun fornmenja, nr. 40/1907, sem að vísu eru fallin úr gildi fyrir fjölda ára, en ekki er vitað til að annars staðar hafi verið leitast við að íslenska framangreind heiti í lögum.

Reglur laga nr. 74/1972 hafa eins og eldri lög um sama efni falið þeim embættismönnum að hafa lögbókandagerðir með höndum sem fara með dómstörf í héraði. Er hér um sömu skipan mála að ræða og þekkist í t.d. Danmörku og Noregi. Hefur þetta haft í för með sér að á köflum hefur þótt óljóst hvort lögbókandagerðir verði taldar til dómsathafna eða umboðsstarfa héraðsdómara í þágu framkvæmdavaldsins. Þeirri skoðun hefur almennt verið fylgt hér á landi, bæði í fræðiritum og framkvæmd, að gerðir þessar séu yfirvaldsgerðir, ekki dómsathafnir. Með frumvarpi þessu er tekið af skarið í þessum efnum til samræmis við þá skoðun. Er því gengið út frá að lögbókandagerðir verði í höndum sýslumanna sem frumvarp til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði ráðgerir að fari með stjórnsýslustörf í þágu ríkisins.

Eins og getið hefur verið hér á undan eru ýmis sérákvæði í lögum sem ráðgera að lögbókandagerðir fari fram í tilteknu skyni. Má í grófum dráttum flokka efni þessara reglna með eftirfarandi hætti:

Staðfesting undirritunar á skjali:

1. 15. gr. laga nr. 29/1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, (undirritun veðskuldabréfa).
2. 2. gr. laga nr. 42/1903, um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, (undirritun tilkynninga til firmaskrár).
3. 146. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, (undirritun tilkynninga til hlutafélagaskrár).

Staðfesting á hæfi manns til að standa að ráðstöfun:

1. 4. liður VI. kafla erfðalaga nr. 8/1962 (staðfesting erfðaskráa).
2. 22. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 (staðfesting fjárræðis þeirra sem gefa út skjöl til þinglýsingar).

Staðfesting á hvernig athöfn hefur farið fram og eftir atvikum einnig framkvæmd hennar:

1. 12. gr. laga nr. 1/1900, um stofnun veðdeildar í Landsbankanum í Reykjavík, (útdráttur skuldabréfa).
2. 16. gr. laga nr. 60/1928, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabréfa (útdráttur skuldabréfa).
3. 44. gr. og 15. kapítuli víxillaga nr. 93/1933 (víxilafsagnir).
4. 40. gr. og 13. kapítuli tékkalaga nr. 94/1933 (tékkaafsagnir).
5. 89. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, (stefnubirtingar).
6. 3. gr. laga nr. 67/1947, um eignakönnun, (útdráttur ríkisskuldabréfa).
7. 15. gr. laga nr. 73/1965, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, (útdráttur skuldabréfa).
8. 11. gr. laga nr. 34/1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands, (útdráttur vaxtamiða).

Um langan tíma hefur einnig tíðkast að nýta lögbókandagerðir til annarra þarfa en framangreindar reglur gefa til kynna. Hefur m.a. gætt áhrifa af þeirri framkvæmd í reglugerðum sem settar hafa verið með stoð í 15. gr. laga nr. 79/1975, um aukatekjur

ríkissjóðs, en í 7. gr. núgildandi reglugerðar um þetta efni, nr. 585/1987, er að finna fyrirmæli um gjaldtöku fyrir lögbókandagerðir sem þar eru taldar eftirfarandi:

1. Afsagnargerðir, stefnubirtingar og aðrar slíkar gerðir.
2. Notarialvottorð á erfðaskrám.
3. Notarialvottorð á samninga, umboðsskjöl eða aðra slíka gerninga.
4. Dráttur í happdrættum.
5. Útdráttur skuldabréfa.

Um þær gerðir, sem 3. og 4. liður hér að ofan taka til, er ekki að finna sérstök lagafyrirmæli að öðru leyti. Hér er þó um algengar gerðir lögbókanda að ræða, einkum við vottun samninga og annarra löggerninga varðandi viðskipti Íslendinga við erlenda menn eða fyrirtæki, enda munu lögbókandagerðir vera almennari í þessu sambandi erlendis en hér á landi. Af þessari ástæðu gerist iðulega að ekki sé aðeins óskað eftir að lögbókandi staðfesti undirskrift manns undir skjal sem nýta á erlendis, heldur einnig að viðkomandi maður sé bær um að ráðstafa viðkomandi hagsmunum. Svo víðtæk staðfesting af hendi lögbókanda þekkist hins vegar almennt ekki vegna þarfa hér á landi.

Með frumvarpi þessu er ekki lagt til að breyta með neinum hætti framangreindum lagareglum eða framkvæmdavenjum um það við hverjar aðstæður lögbókandagerðum verður beitt eða til hvers þær taki. Hér er einungis leitast við að setja almennar reglur um hvernig standa beri að þeim gerðum og hverja þýðingu þær teljast hafa. Fyrrgreind lagafyrirmæli og venjur hafa hins vegar umtalsverð áhrif á efni frumvarpsins þar sem gengið er út frá að lögbókandagerða sé almennt ekki þörf við aðrar aðstæður en áður er getið.

Efnisskipan þessa frumvarps er í stuttu máli með þeim hætti að í 1. gr. er tiltekið hverjir fari með lögbókandagerðir og hverjum sérstökum hæfisskilyrðum viðkomandi verður að fullnægja. Í 2. gr. eru almenn fyrirmæli um þýðingu lögbókandagerða. Í 3. gr. eru reglur um hvar lögbókandagerðir fari fram og um gerðarbækur lögbókanda. Í 4.–9. gr. eru reglur um vottun lögbókanda á undirskrift undir skjöl og fleiri atriði sem því tengjast. Í 10. gr. eru fyrirmæli um vottun atburðar eða athafnar. Í 11.–13. gr. eru reglur um varðveislu lögbókanda á gögnum, þagnarskyldu hans og heimildir til að afhenda samrit gagna. Loks er í 14. gr. kveðið á um úrræði lögbókanda ef hann telur orka tvímælis að gerð geti náð fram að ganga.

Verður nú gerð nánari grein fyrir efni frumvarpsins með athugasemdum um einstök ákvæði þess.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í upphafi 1. mgr. 1. gr. er tekið fram að lögbókandagerðir séu valdsmannsathafnir. Þetta er gert til að taka af tvímæli um að hér sé ekki um dómsathöfn að ræða. Eins og vikið er að í almennum athugasemdum um frumvarpið hér á undan felst ekki breyting í þessu frá því sem þótt hefur gilda hér á landi í kenningum fræðimanna og dómaframkvæmd. Í þessu sambandi er rétt að benda á að heimilt hefur verið talið að reyna á gildi lögbókandagerða í dómsmálum, sem rekin hafa verið í héraði, bæði hvað varðar form þeirra og efnislegt réttmæti. Samkvæmt grundvallarreglum réttarfars gæti þetta ekki staðist ef lögbókandagerð teldist dómsathöfn, því að þær reglur fela m.a. í sér það lögmál að héraðsdómur geti ekki metið aðgerðir annars og hliðsetts héraðsdómstóls, heldur sé það aðeins á færi Hæstaréttar. Á það hefur enn fremur reynt beinlínis í dómsúrlausn hvort lögbókandagerð teljist dómsathöfn, en því var hafnað í dómi Hæstaréttar sem birtur er í dómasafni 1976/563 (víxilafsögn). Telst það samkvæmt þessu ekki brjóta í bága við grundvallarreglur um verkaskipti milli dómstóla og framkvæmdavaldshafa að hér sé lagt til að þeir embættismenn, sem fara með stjórnsýslustörf ríkisins í héraði, fari með lögbókandagerðir.

Í 1. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um að sýslumenn fari með lögbókandagerðir og er þetta gert í samræmi við framangreint og til samræmis við skipan mála samkvæmt frumvarpi til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Þótt hér sé tekið þannig til orða að sýslumenn fari með gerðir þessar er að sjálfsögðu gengið út frá því að þeir geti falið starfsmönnum sínum (fulltrúum) að hafa þessi verkefni með höndum. Er óþarft að taka slíkt sérstaklega fram hér, enda leiðir það af fyrirmælum annarra laga sem kveða á um heimildir fulltrúa sýslumanns til að vinna í nafni hans að einstökum verkum.

Tekið er svo til orða í 1. mgr. 1. gr. að sýslumenn fari með lögbókandagerðir „hver í sínu umdæmi“. Með þessu er vísað til almennra reglna um að embættismenn sem þessir hafi einungis staðbundið vald og geti því almennt ekki neytt þess utan umdæmis síns. Lögbókandi í Reykjavík gæti því ekki framkvæmt gerð í umdæmi sýslumanns í Kópavogi, heldur einungis innan marka eigin umdæmis. Á hinn bóginn útilokar þetta orðalag það ekki að menn, sem heimilisfastir eru í einu umdæmi, leiti til lögbókanda í öðru umdæmi til að framkvæma gerð að því gættu að gerðin sem slík þarf þá að eiga sér stað innan umdæmis þess lögbókanda sem leitað er til.

Loks ber að geta þess um 1. mgr. ákvæðisins að tiltekið er innan sviga að hugtakið lögbókandagerð merki hið sama og „notarialgerð“ og að nafngiftin lögbókandi samsvari heitinu „notarius publicus“. Er þetta gert í ljósi þess að nokkur fjöldi ákvæða annarra laga notar umrædd latnesk heiti eða samsetningar á grunni þeirra, en hér er sem áður segir gengið út frá að almennar reglur þessa frumvarps taki til allra tilvika þar sem mælt er fyrir um beitingu lögbókandagerða eða aðgerðir lögbókanda í öðrum lögum þótt þessar gerðir eða viðkomandi embættismaður beri þar annað heiti.

Í 2. mgr. 1. gr. er tekin upp með lítið breyttu orðalagi regla sem nú kemur fram í 15. gr. laga nr. 39/1971, um utanríkisþjónustu Íslands. Rétt þykir að umrædd fyrirmæli komi fram í almennri löggjöf um lögbókandagerðir, enda er reglum frumvarpsins ætlað að taka jafnt til lögbókandagerða sendiherra og ræðismanna erlendis sem sýslumanna hér á landi. Ólíklegt er að mjög reyni á heimildir sendiherra og ræðismanna Íslands erlendis til að framkvæma lögbókandagerðir. Vegna tilvistar reglu 15. gr. laga nr. 39/1971 þykir þó ekki rétt að afnema þessa heimild, enda munu réttarreglur annarra ríkja, sem hafa sendiherra eða ræðismenn hér á landi, jafnan ráðgera samsvarandi heimild hvað þá varðar.

Um skýringu á embættis- eða starfsheitum í 2. mgr. 1. gr. má vísa alfarið til fyrirmæla laga nr. 39/1971. Hér ber að árétta að tekið er fram í ákvæðinu að sendiherrar og ræðismenn fari með lögbókandagerðir „hver í sínu umdæmi“ og gilda því sömu reglur um heimildir þeirra í þessum efnum og áður er lýst varðandi sýslumenn.

Það er tekið fram í 2. mgr. 1. gr. að sendiherrar og ræðismenn Íslands erlendis geti aðeins framkvæmt lögbókandagerðir varðandi athafnir og löggerninga sem íslenskir ríkisborgarar standa að einhverju eða öllu leyti að. Með þessu er afmarkað að umræddir fulltrúar íslenska ríkisins geti ekki í skjóli valds síns samkvæmt íslenskum lögum framkvæmt þessar gerðir svo gilt sé, nema því sé fullnægt að íslenskur ríkisborgari standi einn eða meðal annarra að viðkomandi ráðstöfun eða athöfn. Að þessu fullnægðu hefur lögbókandagerð við þessar aðstæður hins vegar gildi einnig hvað varðar hlutdeild erlendra ríkisborgara að viðkomandi aðgerð.

Í 3. mgr. 1. gr. er kveðið á um sérstök hæfisskilyrði til að lögbókandi megi standa að gerð hverju sinni. Er í þessum efnum vísað til almennra reglna um hæfi dómara til að fara með einkamál í héraði. Reglur um það hæfi koma nú fram í 36. gr. laga nr. 85/1936. Við þær verður þó eðli málsins samkvæmt ekki stuðst fullum fetum undir þessum kringumstæðum, enda er tekið fram í 3. mgr. 1. gr. að hér verði umræddum hæfisreglum aðeins beitt að því leyti sem þær geti átt við. Af þeim sökum eiga eftirfarandi viðhorf einkum við um hæfi lögbókanda:

1. Lögbókandi má ekki standa að gerð ef hann á sjálfur aðild að málefninu. Þannig gæti lögbókandi t.d. ekki staðfest erfðaskrá sem hann ætti að taka arf eftir eða sem hefði í för með sér missi erfðaréttar hans sem hann nyti ella samkvæmt lögerfðareglum. Eðlilega væri lögbókandi einnig óhæfur til að staðfesta eigin erfðaskrá. Eins yrði að telja hann vanhæfan til að standa að afsögn víxils sem hann væri sjálfur útgefandi að. Með sama hætti teldist lögbókandi vanhæfur ef félag, sem hann er í fyrirsvari fyrir, ætti samsvarandi hlut að máli.
2. Lögbókandi má ekki vera skyldur eða mægður mönnum sem eiga sams konar hagsmuna að gæta og nefndir eru í 1. lið hér að ofan. Um mörk skyldleika og mægða í þessu sambandi koma fram sérstök fyrirmæli í 2. tölul. 36. gr. laga nr. 85/1936.
3. Samkvæmt 5. tölul. 36. gr. laga nr. 85/1936 er dómari vanhæfur til að fara með mál ef hann hefur flutt það eða leiðbeint aðila málsins um málefnið. Hér koma einungis til álita atriði sem varða leiðbeiningar af hendi lögbókanda. Þessi fyrirmæli verður að skoða í ljósi þess að í 114. gr. laga nr. 85/1936 er mælt fyrir um skyldu dómara til að leiðbeina ólöglærðum manni sem flytur mál sitt sjálfur. Slík leiðbeiningarskylda, sem getur tekið til verulegra atriða, veldur ekki vanhæfi samkvæmt ívitnuðum lið 36. gr. laganna. Það veldur heldur ekki vanhæfi dómara í einkamáli þótt hann semji stefnu í máli fyrir ólöglærðan mann samkvæmt fyrirmælum 87. gr. umræddra laga. Með beitingu reglu 5. tölul. 36. gr. laga nr. 85/1936 kemur ekki til álita að telja lögbókanda vanhæfan til að annast gerð, nema hann hafi veitt viðkomandi manni verulega ráðgjöf um ráðstöfun hans. Af þeim sökum væri lögbókanda vítalaust að veita talsverðar almennar leiðbeiningar um réttarreglur varðandi ráðstöfun, og ef með þarf að semja texta hennar samkvæmt óskum þess sem til hans leitar. Lögbókanda væri hins vegar óskylt að veita slíkar leiðbeiningar eða aðstoð.
4. Lögbókandi yrði loks talinn vanhæfur ef hann er óvinveittur þeim sem um gerð biður eða ef hann sjálfur eða venslamenn hans geta talist hafa verulegra fjárhagslegra eða siðferðislegra hagsmuna að gæta af ráðstöfuninni. Eins getur það leitt til vanhæfis ef annars er hætta á að lögbókandi geti ekki litið hlutdrægnislaust á málefnið. Eðli málsins samkvæmt eiga þessi viðhorf sjaldan við um lögbókandagerðir, en á þetta gæti þó reynt t.d. við staðfestingu erfðagerninga. Forsendur vanhæfis við þessar aðstæður eru þær að til þess gæti komið á síðari stigum að lögbókandi yrði krafinn vitnisburðar um staðfestingu sína í dómsmáli. Er annað ófært en að leitast sé við að tryggja að slíkur vitnisburður yrði með öllu hafinn yfir tvímæli.

Þótt þess sé ekki sérstaklega getið hefði vanhæfi sýslumanns það sjálfkrafa í för með sér að starfsmenn hans teldust einnig vanhæfir til lögbókandagerðar, enda sækja þeir valdheimild sína til hans persónulega. Felst þessi skilmáli í tilvísun 3. mgr. 1. gr. til almennra hæfisreglna um dómara í einkamálum, en um fulltrúa þeirra gildir umrædd regla skv. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 85/1936.

Í 4. mgr. 1. gr. er tekið fram að ekki sé þörf votta við lögbókandagerðir nema þar sem slíks er sérstaklega krafist í lögum. Í reglu 8. gr. opins bréfs frá 8. janúar 1823, sem fram kemur hér á undan, er mælt fyrir um hið gagnstæða þar sem lögbókanda er gert skylt „tvö vitni til staðfestingar að brúka“. Sú regla er í samræmi við þá formfestu sem ríkti við setningu hennar, en í seinni tíð hefur hún þótt stinga mjög í stúf við hlutverk lögbókanda sem við ýmsar aðstæður vottar löggerninga með jafngildum hætti og tveir menn annars. Sem dæmi af slíku má benda á að í 22. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 er kveðið á um að jafngilt sé að tveir menn votti skjal ef lögbókandi, lögmaður eða löggiltur fasteignasali gerir slíkt. Er í hæsta máta óeðlilegt að lögbókandi þurfi að auki að hafa tvo votta við staðfestingu sína við þessar aðstæður meðan slíks er ekki krafist varðandi aðra umrædda. Hefur þessi aðstaða m.a. orðið til að vanrækt hefur verið í framkvæmd að fylgja reglu 8. gr. fyrrnefnds opins bréfs sem skyldi bæði við þessar aðstæður og aðrar lögbókandagerðir og verulegur vafi hefur einnig

þótt leika á því hverjum tilgangi svonefndir „notarialvottar“ eiga almennt að þjóna. Í ljósi löggjafarþróunar sem m.a. sést af ívitnuðu ákvæði þinglýsingalaga og hefur beinst að því að létta formkröfur um vottun löggerninga verður að teljast eðlilegt að valdsmaður geti einn vottað það sem ella þyrfti tvo menn til.

Þótt lagt sé til samkvæmt framansögðu að afnema þá almennu reglu að lögbókandi þurfi tvo votta við gerðir sínar er allt að einu gerður fyrirvari í niðurlagi 4. mgr. 1. gr. þess efnis að sérstakur áskilnaður annarra laga um viðveru votta við lögbókandagerðir haldist. Slíkur áskilnaður finnst óvíða. Annars vegar er tekið fram í lagafyrirmælum um útdrátt bankaskuldabréfa (lög nr. 1/1900, 60/1928, 73/1965 og 34/1979) að tveir menn skuli vera staddir við þær lögbókandagerðir, en sérstakar reglur gilda um tilnefningu þeirra. Hér getur orkað tvímælis hvort í reynd sé um vottun að ræða í þeim skilningi sem hér er að öðru leyti fjallað um. Frumvarp þetta, ef að lögum verður, raskar þó ekki gildi þessara reglna bæði vegna umrædds fyrirvara í 4. mgr. 1. gr. og almennrar reglu í 2. mgr. 2. gr. sem vikið er að hér á eftir. Hins vegar kemur fram ráðagerð í reglum 4. liðar VI. kafla erfðalaga, nr. 8/1962, um að tveir „notarialvottar“ eigi að vera staddir við staðfestingu lögbókanda á erfðaskrá. Fyrirmæli um þessa skyldu eiga að falla niður skv. 3. tölul. 16. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Í fyrri málsgrein þessa ákvæðis er að finna almenna skilgreiningu á því hvað felst í lögbókandagerð. Er þessu lýst með þeim hætti að hún teljist opinber staðfesting á því sem efni hennar kveður á um. Með opinberri staðfestingu er hér átt við að handhafi ríkisvalds, lögbókandi, hafi lýst yfir réttmæti ákveðins atriðis með vottorði sínu á skjali eða færslu í gerðarbók, og mega því þeir, sem hagsmuni hafa af viðkomandi efni, treysta réttmæti þessarar yfirlýsingar að viðlagðri ábyrgð ríkissjóðs.

Því er sérstaklega bætt við í seinni málslið fyrri málsgreinar að vottun lögbókanda jafngildi að lögum vottun tveggja manna þar sem slíks er þörf. Með þessu er því slegið föstu ef áskilið er í lögum að tveir menn votti tiltekin atvik, jafngildi það því ef lögbókandi vottar slíkt einn.

Í seinni málsgrein 2. gr. er mælt fyrir um að sérreglur annarra laga haldist um tilvik þar sem lögbókandagerðir geta átt sér stað þrátt fyrir reglur frumvarpsins og á hið sama við um slíkar sérreglur um verklag við framkvæmd einstakra lögbókandagerða. Um fyrrnefnda atriðið hefur þegar verið fjallað í almennum athugasemdum um frumvarpið, en þar er að finna talningu núgildandi lagaheimilda um notkun lögbókandagerða. Síðarnefnda atriðið að sérreglur annarra laga um framkvæmd lögbókandagerða haldist á ekki við um marga málaflokka. Hér eru hafðar í huga reglur sem mæla fyrir um sérstakt verklag við tiltekin afbrigði lögbókandagerða. Þær lagareglur eru eftirfarandi:

1. Reglur 15. kapítula víxillaga nr. 93/1933, um framkvæmd víxilafsagnar.
2. Reglur 13. kapítula tékkalaga nr. 94/1933, um framkvæmd tékkaafsagnar.
3. Reglur VIII. kafla laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, þar sem fram kemur með hverjum hætti lögbókandi jafnt sem stefnuvottar þurfa að bera sig að við birtingu stefnu.
4. Reglur 4. liðar VI. kafla erfðalaga nr. 8/1962, um staðfestingu lögbókanda á erfðaskrám.

Í ofangreindum lagaákvæðum er að finna ýmsar verklagsreglur sem leiðir af séreðli viðkomandi gerða. Er óþarft að leitast við að móta reglur í þessu frumvarpi sem geta í heild tekið til þessara gerða. Að því leyti hins vegar, sem reglur frumvarpsins eru ítarlegri en framangreind lagaákvæði, kemur fram í niðurlagi 2. mgr. 2. gr. að reglum þess skuli beitt að auki. Á þetta t.d. við um skyldu lögbókanda til að varðveita samrit skjala, sbr. 11. gr. frumvarpsins, um heimildir hans til að láta af hendi ljósrit skjala og um þagnarskyldu, sbr. 13. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. 3. gr. kemur fram sú almenna regla að gerðir lögbókanda fari fram á starfsstöð hans. Þessi regla á eðlilega við ef óskað er t.d. staðfestingar lögbókanda á skjali. Heimilað er þó að víkja frá þessari meginreglu í tveimur tilvikum. Annars vegar segir að það megi ef það telst nauðsynlegt vegna aðstæðna. Hér er til dæmis haft í huga að óskað kunni að vera að lögbókandi staðfesti erfðagerning manns sem ófær er um að koma á fund hans af heilsufarsástæðum. Hins vegar má víkja frá meginreglu ákvæðisins ef það telst nauðsynlegt vegna eðlis málefnisins. Með þessu er t.d. átt við útdrátt skuldabréfa sem óeðlilegt yrði að hafa fyrir að færa á skrifstofu lögbókanda. Á hið sama við ef óskað er vottunar lögbókanda á athöfn, sem eftir eðli sínu getur ekki farið fram á skrifstofu hans, t.d. víxilafsagnir sem ákveðið er með öðrum lögum hvar megi eiga sér stað.

Í 2. mgr. 3. gr. er mælt fyrir um að ríkið skuli sjá lögbókanda fyrir gerðarbókum til afnota í störfum sínum. Er mælt fyrir um að þær bækur verði úr garði gerðar eins og dómsmálabækur, sbr. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 85/1936, en eðlilegt er að gera sömu kröfur í þessum efnum, enda gert ráð fyrir að lögbókandi færi ýmsar mikilsverðar ráðstafanir í gerðarbók. Sérstaklega er tekið fram í niðurlagi ákvæðisins að það ráðuneyti, sem viðkomandi lögbókandi heyrir undir, eigi að löggilda gerðarbækur hans. Er hér tekið tillit til að sýslumenn heyri undir dómsmálaráðuneytið, en þeir menn sem heimilað er að framkvæma lögbókandagerðir í 2. mgr. 1. gr. undir utanríkisráðuneytið.

Um 4. gr.

Fyrri málsgrein ákvæðisins geymir almenna reglu um þær lögbókandagerðir sem einna algengastar eru í framkvæmd, en þar er um að ræða staðfestingu undirskriftar manns á skjali. Þetta ákvæði tekur einungis til þeirra tilvika þar sem undirskriftin er ein vottuð en önnur atriði ekki, enda varða reglur 6. og eftir atvikum 9. gr. víðtækari staðfestingu. Í 1. mgr. 4. gr. er mælt fyrir um að sá, sem biður um staðfestingu undirskriftar sinnar, þurfi að sanna á sér deili fyrir lögbókanda og annað hvort að rita nafn sitt á skjalið að honum viðstöddum eða kannast þar við undirskrift sína sem áður hefur verið rituð á það. Það orðalag, að viðkomandi kannist við undirskrift sína, er notað í sama skilningi í reglum 40. og 42. gr. erfðalaga nr. 8/1962, um staðfestingu erfðaskráa og orkar merking þess ekki tvímælis.

Í 2. mgr. 4. gr. er að finna reglu sem tekur til óvenjulegra aðstæðna. Þess eru dæmi úr framkvæmd að ýmis stór atvinnufyrirtæki eða stofnanir þurfi oft á ári að leita lögbókandagerða vegna erlendra viðskipta. Eins og minnst er á í almennum athugasemdum hér að framan er lögbókandagerðum beitt talsvert meira erlendis en hér á landi til staðfestingar á undirskriftum manna undir viðskiptaskjöl. Í viðskiptum við erlenda aðilja um t.d. lántökur eða kaup, sölu eða veðsetningu eigna, virðist jafnan ætlast til íslenskir viðsemjendur hlíti erlendum venjum um að skjöl af slíku tilefni verði staðfest af lögbókanda. Þau fyrirtæki eða stofnanir, sem þetta snýr helst að hér á landi, hafa jafnan fjölmennar stjórnir sem þurfa að undirrita löggerninga sem þessa. Er augljóst óhagræði, bæði fyrir lögbókanda og viðkomandi menn, að hver og einn þurfi að vitja lögbókanda í þessu skyni. Er því lagt hér til að tekin verði upp að erlendri fyrirmynd heimild til að lögbókandi taki við rithandarsýnishornum frá mönnum sem telja ljóst að þeir eigi í vændum að þurfa margsinnis að leita staðfestingar hans í framtíðinni. Það skilyrði er þó sett fyrir beitingu þessarar heimildar að viðkomandi maður fari á fund lögbókanda, sanni á sér deili og undirriti yfirlýsingu í gerðarbók lögbókanda um að hann óski eftir að undirskrift hans undir skjöl verði framvegis staðfest samkvæmt bréflegri beiðni þótt lögbókandi sé ekki viðstaddur undirritun þeirra. Undirritun undir yfirlýsingu sem þessa getur talist nægilegt rithandarsýnishorn í skilningi ákvæðisins. Að fullnægðum þessum skilyrðum yrði t.d. nægilegt að atvinnufyrirtæki eða stofnanir sem hér eru einkum höfð í huga sendi skjöl til lögbókanda til staðfestingar ásamt bréflegri beiðni

hér um sem undirrituð yrði af öllum hlutaðeigandi. Er þá að sjálfsögðu áskilið að þeir hafi allir áður gefið umrædda yfirlýsingu fyrir lögbókanda. Lögbókanda væri þá nægilegt að bera undirskriftir saman við fyrirliggjandi rithandarsýnishorn í fórum sínum og staðfesta síðan undirskriftirnar ef hann telur þær samrýmast sýnishornunum. Lögbókandi yrði sérstaklega að geta þess í vottorði sínu á skjali að réttmæti undirskriftar hafi verið sannreynt með þessum hætti, sbr. 7. gr. frumvarpsins. Í þessu sambandi ber að benda á að sá, sem biður um að fá að neyta þessarar heimildar, verður sjálfur að bera áhættu af henni. Þannig verður ekki ætlast til að lögbókandi búi yfir sérþekkingu til samanburðar undirskriftar við fyrirliggjandi rithandarsýnishorn.

Um 5. gr.

Lögfest úrræði hafa almennt ekki verið fyrir hendi um þær aðstæður að maður geti ekki undirritað skjal vegna líkamlegrar vanheilsu sinnar. Við aðstöðu sem þessari hefur þó almennt verið brugðist í framkvæmd á þann hátt að viðkomandi maður handsali öðrum undirskrift sína í viðurvist votta, en sá ritar síðan nafn hins undir skjal. Þessi leið hefur fremur þótt þung í vöfum, en einkum hefur orðið til vandkvæða að engar fastar reglur hafa verið fyrir hendi um beitingu hennar. Auk þessa úrræðis hafa reglur erfðalaga nr. 8/1962, um undirritun og staðfestingu erfðaskráa, verið skýrðar með þeim hætti að nægilegt sé að arfleiðandi, sem ekki getur undirritað erfðaskrá, lýsi því yfir í viðurvist lögbókanda eða tveggja arfleiðsluvotta að efni hennar samrýmist vilja hans. Fyrir þessu er þó ekki bein lagaheimild.

Af framangreindum ástæðum er lagt til í 5. gr. frumvarpsins að lögfest verði sérstök regla sem tekur til þessara aðstæðna. Samkvæmt henni er nægilegt að maður, sem ekki getur ritað sjálfur undir skjal, lýsi því yfir við lögbókanda að það stafi af líkamlegri vanheilsu sinni og að efni skjalsins samrýmist ætlun hans, en lögbókandi ritar síðan vottorð um þetta á skjalið sem telst hafa sömu þýðingu skv. 3. málsl. ákvæðisins og undirskrift viðkomandi manns og vottun lögbókanda í senn.

Í þessu ákvæði er ekki gert ráð fyrir að það þurfi að sanna með ótvíræðum hætti að viðkomandi geti ekki ritað nafn sitt á skjal vegna vanheilsu, en allt að einu er hér ætlast til að þessarar heimildar verði aðeins neytt þegar sérstaka nauðsyn ber til. Lögbókandi yrði við þessar aðstæður að ganga ótvírætt úr skugga um að efni skjals sé í samræmi við ætlun viðkomandi manns. Í vafatilvikum yrði eðlilegt að leita álits læknis eða annars sérfræðings um hvort óhætt sé að fullyrða að þessum skilmála sé fullnægt.

Þessu ákvæði er ekki ætlað að hrófla á neinn hátt við lögmæti áðurgreindra úrræða við þessar aðstæður, t.d. undirritunar í skjóli handsalsyfirlýsingar.

Um 6. gr.

Í 6. gr. er að finna sérstakar reglur sem taka til staðfestingar lögbókanda á fleiri atriðum en undirskrift útgefanda skjals. Er hér gert ráð fyrir að slík staðfesting geti tekið annað hvort til hæfis manns til að standa að efni skjals eða heimild hans til ráðstöfunar á þeim hagsmunum sem efni skjalsins varðar. Staðfesta mætti bæði þessi atriði í senn auk undirskriftar viðkomandi manns.

Með hæfi í framangreindum skilningi er nánar tiltekið átt við persónulega eiginleika sem maður þarf að vera búinn til að geta staðið með lögmætum hætti að löggerningi. Þeir eiginleikar geta fyrst fremst varðað fjárræði viðkomandi manns en einnig fleira, t.d. andlegt heilsufar.

Með heimild hér að framan er einkum átt við þau yfirráð sem viðkomandi þarf að hafa yfir viðkomandi hagsmunum. Staðfesting lögbókanda á heimild manns í þessum skilningi gæti þannig tekið til þess að fyrir liggi að sá hafi umboð frá öðrum til viðkomandi

ráðstöfunar eða hann sé eigandi þeirrar eignar sem um ræðir. Eins á það hér undir að lögbókandi staðfesti að tiltekinn maður sé réttur fyrirsvarsmaður félags og hafi heimild til að ráðstafa hagsmunum þess.

Framangreind atriði eru eðli málsins samkvæmt því marki brennd að ekki verður ætlast til að lögbókandi búi án frekari aðgerða yfir vissu um hæfi manns eða heimild til ráðstöfunar. Er því tekið fram í 6. gr. að hlutaðeigandi verði að leggja þau sönnunargögn um þessi atriði fyrir lögbókanda sem hann telur þörf á til að geta orðið við beiðni um slíka staðfestingu. Sem dæmi af þessu má nefna að maður sanni eignarrétt sinn að fasteign með framvísun veðbókarvottorðs eða sanni fjárræði sitt með skilríkjum um aldur sinn og eftir atvikum nauðsynlegum gögnum til að sannreyna megi að hann hafi ekki verið sviptur fjárræði. Það er lagt á vald lögbókanda að meta hverra gagna þurfi að afla hverju sinni til að hann geti talið sannað að hæfi mannsins eða heimild nægi til viðkomandi ráðstöfunar. Telji hann framkomna sönnun ónægilega er honum heimilt að neyta þeirra úrræða sem kveðið er á um í 14. gr. Lögbókanda ber að varðveita sönnunargögn sem honum eru færð við þessar aðstæður, sbr. 2. mgr. 11. gr.

Sérstaklega er tekið fram í seinni málslið ákvæðisins að þess verði ekki krafist af lögbókanda að hann afli sjálfur sönnunargagna um heimild manns til ráðstöfunar eða leggi mat á hæfi manns til að standa að löggerningi, t.d. með því að kveða á um andlegt heilsufar hans.

Fremur sjaldgæft er að lögbókandi þurfi að votta hæfi manna eða heimild með þeim hætti sem að framan er lýst. Reynir einkum á þetta í tengslum við skjöl, sem ætluð eru til afnota erlendis, þar sem staðfesting sem þessi er öllu algengari. Þó má benda á að í áðurnefndri reglu 22. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 er ráðgert að lögbókandi votti ekki eingöngu undirskrift manns undir skjal, sem ætlað er til þinglýsingar, heldur einnig að viðkomandi sé fjárráða. Gagna um síðargreinda atriðið yrði að afla eftir reglum 6. gr. ef á reyndi.

Sérstakar reglur um vottun lögbókanda á hæfi manna koma fram í 43. gr. erfðalaga nr. 8/1962 því að meðal þeirra atriða, sem hann þarf að staðreyna við staðfestingu erfðaskrár, er að arfleiðandi fullnægi áskilnaði 34. gr. laganna um nægilegt andlegt heilbrigði til arfleiðslu. Samkvæmt þessum reglum kemur það í hlut lögbókandans sjálfs að meta hæfi arfleiðandans þótt hann geti leitað álits sérfræðinga í vafatilvikum. Vottun sem þessi er sérstaks eðlis og getur ekki komið til álita að gera þessa starfsskyldu lögbókanda almenna þannig að ætlast verði til af honum að hann meti hæfi manna við aðrar gerðir sínar. Regla 6. gr. frumvarpsins raskar hins vegar ekki umræddum reglum erfðalaga því að tekið er fram í niðurlagi ákvæðisins að sérfyrirmæli annarra laga um skyldur lögbókanda í þessu sambandi haldist. Umræddar reglur erfðalaga munu þó vera eina dæmið af slíku.

Um 7. gr.

Í 1. og 2. málsl. þessa ákvæðis er mælt fyrir um að lögbókandi eigi að rita vottorð um staðfestingu sína á skjöl og að þar skuli nákvæmlega tiltekið til hverra atriða staðfesting hans tekur. Með síðastgreindu atriði er átt við að lögbókandi eigi að tiltaka skýrlega í hverju staðfesting felst, en þar gæti einkum verið um eftirfarandi atriði að ræða:

1. að staðfest sé undirritun manns undir skjal sem átt hefur sér stað að lögbókanda viðstöddum,
2. að útgefandi skjals hafi kannast við undirskrift sína fyrir lögbókanda, en skjalið hafi áður verið undirritað,
3. að undirritun á skjali sé staðfest samkvæmt sérstakri heimild í 2. mgr. 4. gr.,
4. að sá, sem skjal stafar frá, hafi verið ófær um að undirrita það, en staðfesting hafi átt sér stað samkvæmt heimild í 5. gr.,

5. að staðfesting taki til, auk undirritunar, heimildar og/eða hæfis þess sem stendur að skjali,
6. að útgefandi skjals hafi unnið eið eða heit að sannleiksgildi efnis skjals, sbr. 9. gr.

Sérstaklega er heimilað í 3. málsl. ákvæðisins að lögbókandi taki fram í staðfestingarvottorði sínu með hverjum hætti einstök atriði hafi verið sönnuð fyrir honum. Er hér haft í huga að lögbókandi geti t.d. tekið fram að útgefandi skjals hafi framvísað tilteknu sönnunargagni um heimild sína til að standa að ráðstöfun. Þessi fyrirmæli leggja ekki skyldu á lögbókanda í þessum efnum, heldur veita þau honum heimild, sem honum er frjálst að nota ef hann telur það rétt fyrir varfærnis sakir. Lögbókanda ber skv. 6. gr. að meta gildi sönnunargagna sem lögð eru fyrir hann í tengslum við staðfestingu, en ef annað yrði ekki tekið fram í vottorði hans mætti skilja það svo, að hann hafi metið sönnunargildi gagnanna á þann veg að enginn vafi sé um viðkomandi atriði. Þótt aðstæðum yrði oftar en ekki háttað á síðastgreindan veg gæti allt að einu komið til þess að lögbókandi telji sér ekki fært að fullyrða án nokkurs fyrirvara um viðkomandi efni og væri þá varlegra að tiltaka í vottorði hver gögn hafi verið lögð fyrir hann sem hann byggir staðfestingu sína á.

Í 4. málsl. 7. gr. er kveðið á um að lögbókanda beri að geta atriða í vottorði sínu, sem hann telur að geti haft þýðingu síðar, ef meta þarf hvort útgefandi skjals hafi verið hæfur til að standa að því eða ef einhver sérstök atvik virðast blasa við sem síðar gætu orðið tilefni til ágreinings um gildi ráðstöfunar. Samsvarandi regla kemur fram í 42. gr. erfðalaga nr. 8/1962 þar sem lýst er atriðum sem koma eiga fram í vottorði lögbókanda um staðfestingu erfðaskrár. Þau atriði, sem komið geta til álita í þessu sambandi, varða aðallega álitaefni um hæfi þess sem stendur að skjali, en hér er þó einnig ráðgert að fleiri álitaefni geti fengið umfjöllun í vottorði lögbókanda eftir því sem aðstæður krefjast.

Loks er tiltekið í niðurlagi 7. gr. að lögbókanda beri að tiltaka nákvæmlega hvar og hvenær staðfesting hans hefur átt sér stað. Með þessu er áréttað að ekki nægi að tiltaka að athöfn þessi hafi átt sér stað í ákveðnu sveitarfélagi á ákveðnum degi, heldur verður að greina nánar hvar þetta gerist og á hvaða tíma dags. Þessi nákvæmni er sjálfsögð enda getur hún haft afgerandi þýðingu við síðari úrlausn um réttindi manna ef t.d. gagnstæð ráðstöfun hefur verið gerð á sama degi og máli skiptir að staðreyna hvor sé eldri. Það er tiltekið í lokamálslið ákvæðisins að stað- og tímasetningar skuli getið við undirskrift lögbókanda, en honum er auðvitað frjálst að tiltaka þessi atriði í upphafi vottorðs síns ef hann kýs það fremur. Ekki er ástæða til að lögbinda þann sjálfsagða áskilnað að lögbókandi riti nafn sitt undir vottorð.

Um 8. gr.

Eins og nefnt hefur verið hér áður reynir nokkuð á staðfestingu lögbókanda á skjölum sem ætluð eru til afnota erlendis. Af því leiðir að lögbókanda eru færð skjöl í þessu skyni á erlendum tungumálum. Er algengt að ætlast sé til að lögbókandi staðfesti ekki eingöngu undirskrift undir slík skjöl heldur einnig fleiri atriði. Fráleitt verður ætlast til að lögbókandi standi að slíkri athöfn, nema honum sé fyllilega ljóst hvað felst í skjalinu. Af þeim sökum eru sett fyrirmæli í 8. gr. um að lögbókanda sé heimilt við þessar aðstæður að krefjast þýðingar löggilts skjalaþýðanda á skjalinu áður en til staðfestingar kemur. Slíkt væri þó óþarft ef lögbókandi teldi sig hafa nægilegt vald á viðkomandi tungumáli til að skilja efni skjalsins. Að sama skapi er kveðið á um það í 8. gr. ef sá, sem biður um staðfestingu lögbókanda á skjali, ætlast til að vottorð hans verði á erlendu tungumáli þá getur lögbókandi krafist þess að sá útvegi þýðingu á texta vottorðsins. Er hér miðað við að lögbókandi gefi viðkomandi upp þann texta vottorðs sem hann telur eiga við, en síðan yrði þýðing þess texta fengin áður en til staðfestingar kemur.

Um 9. gr.

Í rétti annarra ríkja er víða gengið út frá því að staðfesting lögbókanda fari fram með þeim hætti að hann eiðfesti þann sem að ráðstöfun stendur um sannleiksgildi eða réttmæti þess sem fram kemur í efni skjals. Slíkar eiðfestar yfirlýsingar („sworn statements“) geta þjónað margvíslegum tilgangi. Getur bæði verið um að ræða skjallegar ráðstafanir, en slíkur íburður er ekki hafður við hér á landi, t.d. veiting umboðs, en einnig geta komið hér til álita yfirlýsingar, sem nota á í öðrum tilgangi, t.d. kröfulýsingar í þrotabú þar sem taka þarf eið af kröfuhafa um réttmæti upplýsinga hans. Er víða erlendis, einkum í Bretlandi og Bandaríkjunum, lögð rík áhersla á að yfirlýsingar sem þessar séu eiðfestar þótt það fari fjarri að slík athöfn hafi nokkra þýðingu hér á landi. Í núgildandi lögum er hvergi að finna heimild fyrir að menn verði eiðfestir í þessu skyni, en vöntun þess getur hæglega leitt til réttarspjalla erlendis.

Vegna þess, sem að framan greinir, er lagt til í 9. gr. að lögbókanda verði heimilt að láta útgefanda skjals vinna eið eða drengskaparheit að efni þess ef nauðsyn krefur vegna erlendra réttarreglna. Hér er ekki ætlast til að eiðfesting geti farið fram til annarra þarfa. Hliðstæða heimild er að finna í norskri löggjöf sem sett var af sömu ástæðum og hér greinir á undan.

Um framkvæmd eiðvinningar koma fram nánari reglur í 9. gr., en samkvæmt þeim á lögbókandi að bóka helstu upplýsingar um efni viðkomandi skjals, t.d. frá hverjum það stafi, hvert meginefni þess sé og að hverjum það beinist. Að því búnu yrði unnin eiður eða drengskaparheit að sannleiksgildi þess sem fram kemur í skjalinu. Um skilyrði, undirbúning og frekari framkvæmd eiðvinningar er í 2. mgr. 9. gr. vísað til réttarfarsreglna um eiðvinning vitnis í almennu einkamáli, en þær reglur sem einkum hafa þýðingu samkvæmt þessu eru 127., 133. og 134. gr. laga nr. 85/1936.

Tiltekið yrði sérstaklega í vottorði lögbókanda á skjali ef eiður hefur verið unninn að efni þess samkvæmt framansögðu.

Um 10. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum í greinargerð þessari má í grófum dráttum telja viðfangsefni lögbókanda ýmist snúa að staðfestingu skjala, en um það efni fjalla reglur 4. til 9. gr. frumvarpsins eða að staðfestingu á hvernig atburður eða athöfn hafi farið fram. Um þetta síðargreinda hlutverk lögbókanda fjallar regla 10. gr. Þeir atburðir, sem hér um ræðir, snúa einkum að staðfestingu á framkvæmd útdráttar skuldabréfa eða vinningsmiða í happdrættum, en að auki falla hér undir tékka- og víxilafsagnir og stefnubirtingar. Staðfesting á athöfn að hætti 10. gr. er þó engan veginn bundin því að um framangreind atriði sé að tefla. Umrædd atriði eiga það mörg sammerkt að í lagareglum eða samkvæmt framkvæmdarvenjum um þau er gengið út frá að lögbókandi votti ekki aðeins að atburður hafi farið fram með tilteknum hætti, heldur einnig að hann framkvæmi sjálfur viðkomandi athöfn, t.d. víxilafsögn. Slík framkvæmdarskylda lögbókanda er ekki ráðgerð í 10. gr., heldur eingöngu vottun hans á atburði. Samkvæmt því yrði ekki unnt að krefjast athafnar af hendi lögbókanda, nema samkvæmt sérstökum lagafyrirmælum sem áður hafa verið talin.

Í 1. mgr. 10. gr. er tiltekið að kveðja skuli lögbókanda til að votta athöfn með hæfilegum fyrirvara. Þessi ummæli taka mið af því að vottun sem þessi getur vegna eðlis síns sjaldnast átt sér stað á starfstöð lögbókanda og yrði því viðkomandi athöfn að fara fram á öðrum stað innan umdæmis hans, sbr. áðurgreindar athugasemdir við 1. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 3. gr. Með þessari reglu er eingöngu verið að leggja áherslu á að ekki megi ætlast til að lögbókandi fari án fyrirvara út fyrir starfstöð sína til að staðfesta athöfn ef aðrar annir hans leyfa það ekki.

Í 2. mgr. 10. gr. er kveðið á um að lögbókandi eigi að færa þau atriði í gerðarbók sína sem máli skipta um viðkomandi athöfn. Yrði þannig t.d. fært til bókar hver skuldabréf hafi verið dregin út, hverjir vinningsmiðar hafi verið í happdrætti, hvaða víxill hafi verið afsagður o.s.frv. Felst í þessu að taki lögbókandagerð til annars en staðfestingar skjals, sem rita má vottorð á, þá verður að færa meginatriði um gerðina til bókar. Um efni bókunar lögbókanda að öðru leyti er vísað í ákvæðinu til 7. gr. Með þessari tilvísun er skírskotað til þess að bóka þurfi þau atriði við þessar aðstæður sem að öðrum kosti hefðu komið fram í árituðu vottorði lögbókanda á skjali, en um þau má vísa til áðurgreindra athugasemda um 7. gr. frumvarpsins. Tiltekið er í niðurlagi 2. mgr. að sá, sem biður um lögbókandagerðina, skuli undirrita bókun í gerðarbók ásamt lögbókanda.

Í 3. mgr. 10. gr. er sett sérstök heimild til að lögbókandi geti fært löggerning í gerðarbók sína samkvæmt fyrirsögn þess, sem að honum stendur, í stað þess að fá í hendur skjalfest eintak löggernings til staðfestingar eftir almennum reglum 4.–9. gr. frumvarpsins. Staðfesting á gerningi við þessar aðstæður er eftir eðli sínu staðfesting atburðar sem efnislega á heima með öðrum reglum 10. gr. Þessi regla er sett til að mæta sérstökum og brýnum þörfum ef aðstæður leyfa ekki að löggerningur verði skjalfestur og staðfestur með öðrum hætti. Getur þessi heimild t.d. átt við um skráningu arfleiðslu eftir fyrirsögn manns sem skammt á eftir ólifað. Hér er gengið út frá að ekki verði gripið til aðgerðar sem þessarar nema aðrar leiðir séu ófærar. Um frekari framkvæmd lögbókandagerðar sem þessarar er í ákvæðinu vísað til reglna 4. til 9. gr.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. 11. gr. er sett regla um að afhenda þurfi lögbókanda samrit allra skjala sem honum er ætlað að staðfesta. Á slíkum samritum eiga samkvæmt ákvæðinu að koma fram undirskriftir þeirra sem gefa viðkomandi skjöl út auk þess að vottorð lögbókanda yrði fært á viðkomandi eintak og það undirritað af honum. Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. á lögbókandi jafnframt að fá til varðveislu eintök af þeim gögnum, sem honum eru sýnd til sönnunar að hætti 6. gr. auk þýðinga á skjölum sem kann að hafa verið aflað skv. 8. gr.

Með reglum 11. gr. er stefnt að því að lögbókandi varðveiti eintök allra skjala, sem hann staðfestir, ásamt þeim fylgigögnum sem við eiga hverju sinni. Tilgangur þessarar reglu er að tryggja í senn að þeir, sem að gerningi hafa staðið, geti leitað eintaks af skjali sem glatast úr vörslum þeirra, sbr. 12. gr., og einnig að fyrir liggi tryggilega hver skjöl lögbókandi hefur ljáð atbeina sinn til að staðfesta og eftir atvikum á hverjum grundvelli hann hafi tekið ákvörðun um það. Síðarnefnda atriðið getur haft umtalsvert sönnunargildi ef síðar reynir á viðkomandi ráðstöfun, en jafnframt er hér um nauðsynlegt öryggisatriði að ræða fyrir lögbókanda ef vafi rís síðar um staðfestingu hans. Ljóst er að varðveisluskylda með þessum hætti getur orðið til óhagræðis við einfaldari lögbókandagerðir, en telja verður framangreind viðhorf réttlæta það. Í niðurlagi 2. mgr. er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra setji reglugerð þar sem nánar verði kveðið á um tilhögun varðveislu, en þar mætti m.a. etja reglur um tímabundna varðveisluskyldu skjala sem hafa takmarkaða þýðingu.

Í framkvæmd hefur til þessa ekki tíðkast að lögbókandi varðveiti önnur skjöl sem hann hefur vottað eða staðfest en erfðagerninga. Telja verður þá framkvæmd óæskilega, ekki síst ef hvorki hefur verið gætt að því að færa upplýsingar um staðfestingu til bókar né að varðveita eintök staðfestra skjala, enda vantar þá með öllu vitneskju um framkvæmd viðkomandi gerða.

Um 12. gr.

Í fyrri málsgrein 12. gr. er kveðið á um að staðfest endurrit eða ljósrit skjals úr vörslum lögbókanda teljist hafa sömu þýðingu og frumrit þess. Frá þessu er þó gerð sú undantekning að reglan taki ekki til viðskiptabréfa (verðbréfa), enda gæti hún ekki staðist varðandi slík

skjöl þar sem sérreglur gilda um lagalega þýðingu frumrita þeirra. Í síðari málsgrein 12. gr. er sett regla um að endurrit bókunar í gerðarbók lögbókanda, sem felur í sér löggerning manns, teljist jafngilt skjalfestu eintaki af viðkomandi ráðstöfun. Þessi sjálfsagða regla tekur einkum mið af lögbókandagerðum sem fara fram með stoð í 3. mgr. 10. gr.

Um 13. gr.

Þótt kveðið sé svo á í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins að lögbókandagerð teljist opinber staðfesting leiðir ekki af þeirri reglu að viðkomandi ráðstöfun teljist opinber í þeirri merkingu að hver sem vill geti fengið vitneskju um hana eða eintak af henni. Lögbókandagerðir varða jafnan persónulegar ráðstafanir eða einkahagi manna sem þeir eiga réttmætt tilkall til að gætt verði leyndar um. Í 13. gr. eru settar reglur til að tryggja hagsmuni þeirra sem leitað hafa atbeina lögbókanda til staðfestingar á ráðstöfun. Engar settar reglur gilda nú um þessi efni aðrar en þær sem leiddar verða af almennri þagnarskyldu starfsmanna ríkisins. Hér er leitast við að bæta úr brýnni þörf ákveðinna reglna í þessu sambandi, en hliðsjón er höfð af venjum sem myndast hafa í framkvæmd.

Í 1. mgr. er lagt bann við að lögbókandi láti af hendi eintak af skjali, sem hann varðveitir, nema með samþykki þess sem beðið hefur um viðkomandi gerð hans. Frá þessu er þó vikið í síðari málslið 1. mgr. þar sem heimilað er að láta eintak skjals af hendi að viðkomandi manni látnum ef sá, sem um slíkt biður, getur sýnt fram á að efni skjalsins kunni að hafa þýðingu fyrir réttindi hans. Þessi undantekning tekur einkum mið af réttarstöðu manna gagnvart dánarráðstöfunum sem lögbókandi hefur staðfest. Að öðru leyti leiðir af þessari reglu að lögbókanda ber skilyrðislaust að neita að láta af hendi til utanaðkomandi manna eintök skjala, sem hann varðveitir, auk þess að ákvæði 3. mgr. girða fyrir að hann megi upplýsa hvort hann varðveiti eintak skjals eins og nánar er lýst hér á eftir.

Lögbókandagerð getur við vissar aðstæður farið fram til að tryggja að ekki verði dregið í efa að atburður eða athöfn hafi gerst með ákveðnum hætti. Þetta á t.d. við ef gerðin snýr að útdrætti skuldabréfa eða happdrættismiða. Þegar svo stendur á væri fullkomin þagnarskylda lögbókanda í andstöðu við tilgang gerðarinnar, enda beinist hún að því að taka af tvímæli um réttindi annarra en þess sem um gerðina hefur beðið. Af þessum ástæðum er sett sérregla um heimild til veitingar upplýsinga í 2. mgr. 13. gr. sem tekur til þessara aðstæðna. Samkvæmt henni má lögbókandi afhenda hverjum, sem telur sig hafa hagsmuna að gæta, endurrit úr gerðarbók eða eftir atvikum samrit skjals sem varðar viðkomandi athöfn. Lögbókanda er hér falið að meta hvort skilyrðum sé fullnægt til upplýsingagjafar. Ætla verður að þegar komið er út fyrir vettvang þeirra dæma, sem hér að framan voru nefnd, verði tilhneiging til að skýra þessa undantekningarheimild þröngt í framkvæmd.

Í 3. mgr. kemur fram áréttíng á þagnarskyldu lögbókanda sem þó verður nú þegar leidd af almennri reglu um þagnarskyldu ríkisstarfsmanna í 32. gr. laga nr. 38/1954. Er rétt að taka þessa reglu sérstaklega upp hér, enda koma fram undantekningar frá þagnarskyldu lögbókanda sem snúa beinlínis að sérreglum 1. og 2. mgr. 13. gr. um heimildir hans til upplýsingagjafar. Umræddar undantekningar miðast við eins og orðalag ákvæðisins ber með sér, að lögbókanda sé rétt að veita munnlegar upplýsingar við sömu aðstæður og honum teldist heimilt að láta af hendi samrit skjals eða endurrit gerðar samkvæmt reglum fyrri málsgreina 13. gr.

Um 14. gr.

Í 14. gr. er að finna reglur um viðbrögð lögbókanda ef hann telur tormerki á að standa að umbeðinni gerð. Þeim atvikum, sem gætu staðið í vegi fyrir lögbókandagerð, er lýst með þeim hætti í ákvæðinu að um það geti verið að ræða að lögbókandi telji gerðina ekki munu þjóna tilgangi eða að skilyrðum laga fyrir henni sé ekki fullnægt. Fyrra atriðið, að gerð þjóni ekki tilgangi, getur tekið til margvíslegra aðstæðna. Má sem dæmi þess nefna að beðist sé

lögbókandagerðar til að votta skjöl, sem engar lagareglur eða eðli málsins krefjast að séu vottuð, til að votta löggerning, sem bersýnilega yrði metinn marklaus, eða til að afsegja víxil sem með gildum hætti hefur verið áritaður um að afsögn sé óþörf. Síðara atriðið, að skilyrðum laga fyrir gerð sé ófullnægt, gæti t.d. tekið til þess þegar nægileg sönnunargögn liggja ekki fyrir til staðfestingar skv. 6. gr., synjað er að afla þýðinga skv. 8. gr. eða skilyrði víxillaga til afsagnar víxils eru ekki fyrir hendi.

Þegar svo stendur á, sem að framan greinir, á lögbókandi tveggja kosta völ samkvæmt reglum 14. gr. Hann getur annars vegar farið þá leið, sem mælt er fyrir um í fyrri málsgrein ákvæðisins, og synjað um gerðina. Ef sú leið er farin á sá, sem um gerðina biður, rétt til að krefjast skriflegs rökstuðnings lögbókanda fyrir þeirri ákvörðun. Hins vegar getur lögbókandi ákveðið að gerðin fari fram þrátt fyrir fyrirliggjandi annmarka, en í því tilviki verður að gæta þess sérstaklega að fram komi ræki*leg frásögn af viðkomandi annmörkum í vottorði* lögbókanda, eins og fram kemur í niðurlagi seinni málsgreinar 14. gr., sbr. einnig heimild til athugasemda í vottorði skv. 4. málsl. 7. gr.

Um 15. gr.

Í fyrri mgr. 15. gr. er kveðið á um að lögin öðlist þegar gildi ef frumvarp þetta nær fram að ganga. Ástæða er til að benda á að reglur frumvarpsins tækju upp frá því til þeirra atriða sem snúa að þegar framkvæmdum lögbókandagerðum og reynt gæti á. Þetta á einkum við um reglur 13. gr. um leyndar- og þagnarskyldu.

Í 2. mgr. 15. gr. er tekið fram að þótt lögin öðlist þegar gildi standi eftir sem áður óhaggaðar reglur laga nr. 74/1972 um það hverjir fari með lögbókandagerðir og er þar gengið út frá að svo verði þar til þau lög falla úr gildi af öðrum sökum. Það er tekið fram að sýslumenn og sendimenn ríkisins erlendis fari þó með þessar gerðir auk þeirra sem heimild hafa til slíks samkvæmt reglum framangreindra laga. Varðandi sýslumenn hafa þessi fyrirmæli ekki sjálfstæða þýðingu, enda eru þeir meðal núverandi lögbókenda samkvæmt lögum nr. 74/1972. Heimild sendimanna ríkisins erlendis til lögbókandagerða, sem nú er að finna í 15. gr. laga nr. 39/1971, á að falla niður skv. 4. lið 16. gr. frumvarpsins þannig að regla 2. mgr. 1. gr. yrði frá þeim tíma heimild þeirra manna til lögbókandagerða.

Um 16. gr.

Í þessu ákvæði frumvarpsins er kveðið á um lagafyrirmæli sem falla niður ef það verður að lögum.

Er þannig í 1. lið mælt fyrir um brottfall opins bréfs 8. janúar 1823 en einu fyrirmælin, sem nú standa eftir af upphaflegu efni þess, snúa að lögbókandagerðum og samþýðast ekki reglum þessa frumvarps.

Í 2. lið 16. gr. er mælt fyrir um brottfall fyrirmæla í 2. mgr. 33. gr. laga nr. 85/1936, en þetta er nauðsynlegt vegna þeirrar frambúðarskipunar lögbókandagerða sem ráðgerð er í fyrirmælum 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Í 3. lið 16. gr. er mælt fyrir um brottfall tveggja ákvæða í þeim reglum erfðalaga nr. 8/1962 sem taka til staðfestingar erfðaskráa með lögbókandagerðum. Fyrra ákvæðið, sem falla á brott, er regla 3. mgr. 41. gr. um hæfi lögbókanda til að framkvæma gerð, en það ákvæði er óþarft vegna reglu 3. mgr. 1. gr. þessa frumvarps. Að öðru leyti varðar ákvæðið hæfi „notarialvotta“ sem eftirleiðis verða óþarfir við lögbókandagerðir, sbr. 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Seinna ákvæði erfðalaga sem falla á brott, 2. mgr. 43. gr. varðar gildi samrits erfðaskrár sem lögbókandi hefur staðfest og varðveitir en sú regla er framvegis óþörf vegna ákvæða 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins. Að öðru leyti er rétt að geta þess að ástæðulaust þykir að fella niður reglu 3. mgr. 43. gr. erfðalaga þar sem mælt er fyrir um heimild dómsmálaráðherra til að setja reglugerð um umsýslu lögbókanda við staðfestingu erfðaskráa. Slík

reglugerð hefur að vísu aldrei verið sett þótt nú séu liðin meira en 25 ár frá gildistöku erfðalaga og reglur þessa frumvarps taka til margra atriða sem hugsanlega ættu að koma fram í slíkum fyrirmælum. Hins vegar eru viss atriði sem eru sérstaks eðlis við staðfestingu lögbókanda á erfðaskrá og er því rétt að heimild þessi haldist.

Í 4. tölul. 16. gr. er kveðið á um brottfall 15. gr. laga nr. 39/1971 en vísa má til athugasemda um 2. mgr. 1. gr. og 15. gr. frumvarpsins um þetta efni.

Sþ. 815. Tillaga til þingsályktunar [465. mál]

um flugmálaáætlun árin 1988–1991.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

Alþingi ályktar, samkvæmt I. kafla laga nr. 31/1987, að árin 1988—1991 skuli framkvæmdum í flugmálum hagað samkvæmt eftirfarandi flugmálaáætlun.

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN.
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1988	1989	1990	1991
1.1. Markaðar tekjur				
*1. Flugvallagjald	214	217	220	224
*2. Eldsneytisgjald	42	43	44	45
3. Lendingargjöld	33	33	34	35
4. Loftferðaeftirlitsgjöld	7	10	13	17
5. Leigugjöld	10	10	10	10
6. Þjónustugjöld	26	26	26	26
7. Aðrar tekjur	39	14	14	14
	371	353	361	371
1.2. Önnur framlög	403	421	423	424
Samtals	**774**	**774**	**784**	**795**

* Tekjur sem bundnar eru til framkvæmda í flugmálum samkvæmt lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

II. SKIPTING ÚTGJALDA.
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1988	1989	1990	1991
2.1. Rekstur:				
1. Yfirstjórn	37	37	37	37
2. Loftferðaeftirlit	17	17	17	17
3. Reykjavíkurflugvöllur	58	60	62	64
4. Flugvallardeild	96	99	102	105
5. Flugleiðsöguþjónusta	60	62	64	66
6. Flugumferðarþjónusta	104	104	104	104
7. Alþjóðaflugþjónusta	121	123	126	130
	493	**502**	**512**	**523**
2.2. Áætlunarflugvellir I:				
1. Flugbrautir og stæði	116	68	71	21
2. Byggingar	49	0	23	0
3. Fjarskipta- og veðurmælingatæki	1	0	1	2
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	14	0	0	0
5. Snjóhreinsibúnaður	0	17	0	8
6. Aðflugs- og rafbúnaður	6	0	0	23
7. Ljósabúnaður	0	9	0	0
8. Bundið slitlag	0	0	0	41
	186	**94**	**95**	**95**
2.3. Áætlunarflugvellir II:				
1. Flugbrautir og stæði	32	6	28	0
2. Byggingar	1	0	14	16
3. Fjarskipta- og veðurmælingatæki	0	1	0	1
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	3	0	0	0
5. Snjóhreinsibúnaður	0	0	0	10
6. Aðflugs- og rafbúnaður	0	0	0	0
7. Ljósabúnaður	0	0	0	0
8. Bundið slitlag	0	0	0	0
	36	**7**	**42**	**27**
2.4. Áætlunarflugvellir III:				
1. Flugbrautir og stæði	13	113	47	0
2. Byggingar	18	10	13	34
3. Fjarskipta- og veðurmælingatæki	0	0	1	3
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0	0	0	51
5. Snjóhreinsibúnaður	0	0	0	0
6. Aðflugs- og rafbúnaður	0	0	0	5
7. Ljósabúnaður	0	0	0	0
8. Bundið slitlag	0	0	0	0
	31	**123**	**61**	**93**
2.5. Aðrir flugvellir og lendingarstaðir:				
1. Flugbrautir og stæði	10	19	19	19
2. Byggingar	0	0	0	0
3. Fjarskiptatæki	0	0	0	0
4. Slökkvibúnaður	0	0	0	0
5. Ljósa- og rafbúnaður	0	0	0	0
	10	**19**	**19**	**19**
2.6. Flugleiðsögu- og flugumferðarþjónusta:				
1. Flugleiðsögu- og flugumferðarþjónusta	18	16	11	11
Til leiðréttingar og brýnna verkefna	0	13	44	27
Samtals	**774**	**774**	**784**	**795**

III. FLOKKUN FLUGVALLA.

3.1 **Áætlunarflugvellir I.**
Reykjavíkurflugvöllur, Akureyrarflugvöllur, Egilsstaðaflugvöllur og Sauðárkróksflugvöllur.

3.2 ***Áætlunarflugvellir II.***
Ísafjarðarflugvöllur, Vestmannaeyjaflugvöllur, Patreksfjarðarflugvöllur, Húsavíkurflugvöllur og Hornafjarðarflugvöllur.

3.3 **Áætlunarflugvellir III.**
Grímseyjarflugvöllur, Siglufjarðarflugvöllur, Vopnafjarðarflugvöllur, Flateyrarflugvöllur, Bíldudalsflugvöllur, Norðfjarðarflugvöllur, Þingeyrarflugvöllur, Þórshafnarflugvöllur, Suðureyrarflugvöllur, Gjögursflugvöllur, Bakkafjarðarflugvöllur, Borgarfjarðarflugvöllur, Ólafsfjarðarflugvöllur, Raufarhafnarflugvöllur, Breiðdalsvíkurflugvöllur, Kópaskersflugvöllur, Fáskrúðsfjarðarflugvöllur, Rifsflugvöllur, Blönduósflugvöllur, Stykkishólmsflugvöllur, Hólmavíkurflugvöllur og Grundarfjarðarflugvöllur.

3.4 **Aðrir flugvellir og lendingarstaðir.**
Arngerðareyri, Búðardalur, Bær, Djúpivogur, Hella, Ingjaldssandur, Kirkjubæjarklaustur, Melgraseyri, Reykhólar, Reykjahlíð, Reykjanes, Sandskeið/Kapelluhraun, Selfoss og Vík, Álftaver, Bakki, Berjanesfitjar, Bolungarvík, Breiðabólstaður, Dagverðará, Einholtsmelar, Fagurhólsmýri, Flúðir, Geysir, Gímsstaðir, Gunnarsholt, Herðubreiðalindir, Hnausar, Hólakot, Hrafnseyri, Hrauneyjafoss, Húsafell, Hveravellir, Kaldármelar, Kerlingarfjöll, Króksfjarðarnes, Krókstaðamelar, Melanes, Múlakot, Narfastaðamelar, Núpur, Nýidalur, Sandármelar, Sandur, Selárdalur, Seyðisfjörður, Skálavatn, Skógarsandur, Sprengisandur, Steinasandur, Stórholt, Stóri-Kroppur, Svínafell, Tálknafjörður, Þórisós og Þórsmörk.

IV. SUNDURLIÐUN VERKEFNA.
(Fjárhæð í m.kr.)

	1988	1989	1990	1991
4.1. Reykjavík				
1. Öryggissvæði, girðing	14,4			
2. Tækjageymsla	25,0		21,0	
3. Hitamælar, segulbönd			0,5	0,6
4. Slökkvibifreið	5,0			
5. Vörubifreið		8,0		
6. Vararafstöð	5,3			
7. Ljósabúnaður, braut 14/32		7,3		
8. Radíóviti	1,0			
9. Malbik				40,6
	50,7	**15,3**	**21,5**	**41,2**
4.2. Akureyri				
1. Öryggissvæði, hlað	26,3			
2. Fjarskiptatæki	1,1			
3. Hitamælar, segulbönd				0,7
4. Slökkvibúnaður	8,2			
5. Vörubifreið, snjótönn		8,7		8,3
6. Ratsjá				23,1
	35,6	**8,7**	**0**	**32,1**

	1988	1989	1990	1991
4.3. Egilsstaðir				
1. Flugbraut	75,3	68,0	68,0	21,5
2. Flugstöð	7,2			
3. Ljósabúnaður		1,5		
	82,5	**69,5**	**68,0**	**21,5**
4.4. Sauðárkrókur				
1. Hlað			3,6	
2. Flugstöð, tækjageymsla	16,3		1,9	
3. Hitamælar, segulbönd				0,3
4. Slökkvibúnaður	0,6			
	16,9	**0**	**5,5**	**0,3**
4.5. Ísafjörður				
1. Flugbraut, hlað	2,5		3,6	
2. Flugstöð	0,9			
3. Hitamælar, segulbönd				0,2
4. Slökkvibúnaður	0,7			
5. Vörubifreið, snjótönn				10,0
6. Fjarskiptatæki		0,5		
	4,1	**0,5**	**3,6**	**10,2**
4.6. Vestmannaeyjar				
1. Flugbraut	2,0			
2. Tækjageymsla			7,2	
3. Hitamælir, segulbönd				0,3
4. Slökkvibúnaður	0,6			
	2,6	**0**	**7,2**	**0,3**
4.7. Patreksfjörður				
1. Öryggissvæði	2,6			
2. Tækjageymsla			7,2	
3. Fjarskiptatæki		0,5		
4. Slökkvibúnaður	0,7			
5. Radíóviti				0,3
	3,3	**0,5**	**7,2**	**0,3**
4.8. Húsavík				
1. Öryggissvæði, hlað	12,8		3,6	
2. Tækjageymsla				8,9
3. Hitamælar, segulbönd				0,2
4. Slökkvibúnaður	0,6			
5. Radíóviti	0,3			
	13,7	**0**	**3,6**	**9,1**
4.9. Hornafjörður				
1. Flugbraut	12,0	6,0	20,9	
2. Tækjageymsla				7,2
3. Hitamælar, segulbönd				0,3
4. Slökkvibúnaður	0,7			
	12,7	**6,0**	**20,9**	**7,5**
4.10. Grímsey				
1. Flugbraut		13,1		
2. Tækjageymsla			1,7	
3. Segulband				0,1
4. Slökkvibúnaður				3,6
5. Radíóviti				0,7
	0	**13,1**	**1,7**	**4,4**

	1988	1989	1990	1991
4.11. Siglufjörður				
1. Tækjageymsla			0,9	
2. Segulband				0,1
3. Fjarskiptatæki			0,4	
	0	**0**	**1,3**	**0,1**
4.12. Vopnafjörður				
1. Hlað			7,2	
2. Flugstöð	10,1			
3. Segulband				0,2
	10,1	**0**	**7,2**	**0,2**
4.13. Flateyri				
1. Flugbraut, hlað		4,3	0,9	
2. Tækjageymsla				1,9
3. Segulband				0,1
4. Slökkvibúnaður				3,6
	0	**4,3**	**0,9**	**5,6**
4.14. Bíldudalur				
1. Flugbraut	3,8			
2. Tækjageymsla				1,9
3. Segulband				0,2
4. Slökkvibúnaður				3,6
	3,8	**0**	**0**	**5,7**
4.15. Norðfjörður				
1. Öryggissvæði, hlað	1,9		5,5	
2. Flugstöð, tækjageymsla	6,1	10,1	0,9	
3. Segulband				0,1
4. Radíóviti				0,7
	8,0	**10,1**	**6,4**	**0,8**
4.16. Þingeyri				
1. Flugbraut		10,1		
2. Tækjageymsla			0,6	
	0	**10,1**	**0,6**	**0**
4.17. Þórshöfn				
1. Flugbraut		14,5		
2. Flugstöð, tækjageymsla			1,7	1,7
3. Segulband				0,1
4. Slökkvibúnaður				3,6
5. Radíóviti				1,1
	0	**14,5**	**1,7**	**6,5**
4.18. Suðureyri				
1. Segulband				0,2
2. Sandgeymsla			1,2	
	0	**0**	**1,2**	**0,2**
4.19. Gjögur				
1. Flugbraut		4,9		
2. Tækjageymsla				7,2
3. Segulband				0,1
4. Slökkvibúnaður				3,6
5. Radíóviti				0,7
	0	**4,9**	**0**	**11,6**

	1988	1989	1990	1991
4.20. Bakkafjöður				
1. Flugbraut		5,8		
2. Tækjageymsla				1,7
3. Segulband				0,2
4. Slökkvibúnaður				3,6
5. Radíóviti				1,0
	0	**5,8**	**0**	**6,5**
4.21. Borgarfjörður eystri				
1. Flugbraut	2,6			
2. Segulband				0,1
3. Slökkvibúnaður				3,6
	2,6	**0**	**0**	**3,7**
4.22. Ólafsfjörður				
1. Öryggissvæði, hlað		1,8	0,9	
2. Tækjageymsla				1,9
3. Segulband				0,1
4. Slökkvibúnaður				3,6
	0	**1,8**	**0,9**	**5,6**
4.23. Raufarhöfn				
1. Öryggissvæði		3,9		
2. Tækjageymsla, sandgeymsla			1,2	0,9
3. Radíóviti				0,7
	0	**3,9**	**1,2**	**1,6**
4.24. Breiðdalsvík				
1. Öryggissvæði, hlað	2,8		1,7	
2. Tækjageymsla				1,9
3. Hitamælar, segulbönd				0,3
4. Slökkvibúnaður				3,6
5. Fjarskiptatæki			0,1	
6. Loftþrýstimælir				0,1
	2,8	**0**	**1,8**	**5,9**
4.25. Kópasker				
1. Flugbraut, hlað		11,4	3,6	
2. Tækjageymsla				7,2
3. Segulband				0,2
4. Slökkvibúnaður				3,6
	0	**11,4**	**3,6**	**11,0**
4.26. Fáskrúðsfjörður				
1. Flugbraut, hlað		8,0	5,3	
2. Flugstöð, tækjageymsla			1,7	1,9
3. Hitamælir, segulband				0,3
4. Slökkvibúnaður				3,6
5. Loftþrýstimælir				0,1
	0	**8,0**	**7,0**	**5,9**
4.27. Rif				
1. Flugbraut		14,4		
2. Segulband				0,2
	0	**14,4**	**0**	**0,2**
4.28. Blönduós				
1. Öryggissvæði, hlað	2,2	3,6		
2. Flugstöð, tækjageymsla	1,7			1,9
3. Segulband				0,1
	3,9	**3,6**	**0**	**2,0**

	1988	1989	1990	1991
4.29. Stykkishólmur				
1. Öryggissvæði, hlað			5,6	
2. Tækjageymsla				1,9
3. Slökkvibúnaður				3,6
	0	**0**	**5,6**	**5,5**
4.30. Hólmavík				
1. Flugbraut, hlað		17,6	11,9	
2. Flugstöð, tækjageymsla			1,7	0,1
3. Segulband				0,1
4. Slökkvibúnaður				3,6
	0	**17,6**	**13,6**	**3,8**
4.31. Grundarfjörður				
1. Flugbraut, hlað			3,6	
2. Flugstöð, tækjageymsla			1,7	1,7
3. Hitamælir, segulband				0,3
4. Fjarskiptatæki			0,1	
5. Loftþrýstimælir				0,1
6. Slökkvibúnaður				3,6
	0	**0**	**5,4**	**5,7**
4.32. Aðrir flugvellir og lendingarstaðir				
1. Sandskeið/Kapelluhraun	1,5			
2. Kirkjubæjarklaustur	1,8			
3. Reykjahlíð	6,7			
4. Óskipt		19,0	19,0	19,0
	10,0	**19,0**	**19,0**	**19,0**
4.33. Flugleiðsögu- og flugumferðarþjónusta				
1. Myndrænt ATS gagnaflutningskerfi	0,8			
2. Myndvarpa í ACC/OAC	0,5			
3. Aðbúnaður í flugstjórn	0,9			
4. MDS – skjár	0,5			
5. Fjarskiptakerfi	2,0			
6. Radíóvitar	1,6			
7. ATS – skóli	4,8			
8. RK – turn	0,8			
9. Varavél E-5	0,6			
10. Ratsjártengi vegna Færeyja	1,8			
11. Star Con vegna korta	1,5			
12. Gagnagreinir	0,9			
13. Hugbúnaður	0,5			
14. Veðurgagnaflutningur	1,0			
15. Óskipt		16,0	11,0	11,0
	18,2	**16,0**	**11,0**	**11,0**
4.34. Til leiðréttinga og brýnna verkefna	0	13,0	44,4	27,0
Samtals	**281,5**	**272,0**	**272,0**	**272,0**

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa:

0. Inngangur.

Með bréfi dagsettu 6. febrúar 1984 skipaði þáverandi samgönguráðherra nefnd til að vinna að tillögugerð um framkvæmdir í flugmálum. Nefndin lauk störfum í október 1986 og skilaði til ráðuneytisins ítarlegri skýrslu. Megintillaga nefndarinnar var, að uppbyggingu íslenskra flugvalla skyldi ljúka á næstu 10 árum. Samkvæmt framanreiknaðri kostnaðaráætlun mun þetta verkefni kosta kr. 2.716.7 milljónir. Framreiknuð heildarkostnaðaráætlun var í ágúst 1987 kr. 2.476.8 milljónir en í samráði við Fjárlaga- og hagsýslustofnun var áætlunin framreiknuð til áætlaðs meðalverðlags ársins 1988 með því að hækka þá verkþætti sem miðaðir eru við byggingarvísitölu um 12,5%. Þann 27. mars 1987 samþykkti Alþingi lög um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum. Samkvæmt lögunum leggur samgönguráðherra að fengnum tillögum flugráðs og flugmálastjóra tillögu til þingslályktunar um flugmálaáætlun, yfir fjögurra ára tímabil, fyrir sameinað Alþingi.

Hér er því um að ræða fyrstu flugmálaáætlunina sem lögð er fyrir Alþingi. Flugmálastjóri lagði fram fyrstu drög að áætluninni þann 23. september 1987. Flugráð fjallaði síðan mjög ítarlega á fundum sínum um áætlunina og gerði nokkrar breytingar, en samþykkti þá fjögurra ára flugmálaáætlun er hér liggur fyrir, á fundi sínum þann 1. desember 1987. Rekstrarþættir áætlunarinnar eru í samræmi við fjárlög fyrir árið 1988 og á meðalverðlagi þess árs, einnig fyrir árin 1989—1991. Gert er ráð fyrir 3,5% hækkun á milli ára í auknu rekstrarumfangi hjá þeim deildum stofnunarinnar sem flugmálauppbyggingin nær til, þ.e. flugvalladeild, flugleiðsöguþjónustu og alþjóðaflugþjónustu, enda leiðir aukinn stofnkostnaður af sér hærri rekstrarútgjöld.

Útgjöld og tekjur vegna framkvæmda fyrir árið 1988 eru einnig í samræmi við fjárlög, en útgjöld til framkvæmda áranna 1989—1991 272 milljónir kr. á meðalverðlagi ársins 1988, í samræmi við skýrslu flugmálanefndar um 10 ára framkvæmdatímabil. Vegna aukinna tekna á árinu 1987 um 25 milljónir kr. sem stafa af því að lögin um flugmálaáætlun tóku gildi þann 1. júlí það ár, hækkar liðurinn „aðrar tekjur" á árinu 1988 um 25 milljónir kr. og útgjöld til framkvæmda hækka um sömu upphæð.

I. Markaðar tekjur.

Samkvæmt lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun, eru tekjur af flugvallagjaldi og eldsneytissölu bundnar til framkvæmda í flugmálum. Við áætlun á flugvallagjaldi fyrir árið 1988, er stuðst við farþegatölur 1986 og þær hækkaðar um 6% vegna innanlandsflugs og 13,3% vegna utanlandsflugs, en það er meðalaukning farþegaflutninga milli áranna 1984—1986. Þá er gert ráð fyrir í fjárlögum ársins 1988 hækkun á gjaldskrá flugvallagjalds um 20% í innanlandsflugi og 7% í utanlandsflugi, en ákvörðun um hækkun hefur ekki verið tekin. Gert er ráð fyrir að farþegaflutningar hækki að meðaltali um 2% á ári milli áranna 1988—1991.

Áætlaðir farþegaflutningar.

	1988	1989	1990	1991
Innanlands	277.000	282.000	288.000	294.000
Utanlands	226.000	230.000	235.000	240.000

277.000 × 120,- Kr. 33.240 þús.
226.000 × 800,- Kr. 180.800 þús. Kr.214.040 þús árið 1988

Flugmálaáætlun — Verðlag Ágúst 1987.

Viðmiðun	Fjöldi	Verkefni	Verðlag Janúar 1986	Vísitala/ gengi	Verðlag Ágúst 1987 Millj. kr.
Bygg.víst.	38	Flugrein/Flugbraut	277.7	321/250	356.6
Bygg.víst.	25	Stæði, akbrautir	48.6	321/250	62.4
Bygg.víst.	21	Flugstöðvar	53.9	321/250	69.2
Bygg.víst.	24	Tækjageymslur	75.7	321/250	97.2
USD	19	Fjarskiptatæki	4.0	38.93/41.22	3.8
USD	11	Vindmælar/Hitamælir	1.5	38.93/41.22	1.4
USD	3	Loftþrýstimælir	0.3	38.93/41.22	0.3
Bygg.víst.	26	Segulbönd	3.8	321/250	4.9
ST.pund	36	Slökkvibúnaður	65.1	63.94/60.55	68.7
USD	5	Björgunarbúnaður	1.7	38.93/41.22	1.6
DEM	9	Snjóplógar	36.0	21.49/18.56	41.7
DEM	8	Snjóblásarar	14.0	21.49/18.56	16.2
DEM	24	Sanddreifarar	18.8	21.49/18.56	21.8
DKK	9	Brautarsópar	27.2	5.57/5.03	30.1
USD	8	Bremsumælar	11.2	38.93/41.22	10.6
Bygg.víst.	15	Raflögn	10.9	321/250	14.0
ST-pund	22	Vararafmagn	27.7	63.94/60.55	29.3
USD	16	Radíóvitar/Radar	34.2	38.93/41.22	32.3
CAD	6	NDB-Monitor	0.6	29.50/29.98	0.6
USD	13	Markvitar	5.2	38.93/41.22	4.9
USD	7	Stefnusendir — MLS	86.6	38.93/41.22	81.8
CAD	1	Fjarlægðarmælir	2.7	29.50/29.98	2.7
FRF	8	Skyggnismælir	6.3	6.44/6.03	6.7
FRF	8	Skýjahæðarmælir	15.1	6.44/6.03	16.1
ST-pund	30	Flugbrautarljós	96.5	63.94/60.55	101.9
ST-pund	18	Aðflugshallaljós	22.4	63.94/60.55	23.7
ST-pund	2	Aðflugsljós	13.8	63.94/60.55	14.6
ST-pund	3	Leiðarljós	7.0	63.94/60.55	7.4
ST-pund	18	Leifturljós	20.7	63.94/60.55	21.9
ST-pund	10	Hindranaljós	8.4	63.94/60.55	8.9
ST-pund	20	Flugvallarljósvitar	8.2	63.94/60.55	8.7
Bygg.víst.	28	Bundið slitlag	425.2	321/250	546.0
Bygg.víst.	1	Sérverkefni Egilsstaðaflugvöllur	161.5	321/250	207.0
Bygg.víst.	1	Reykjavíkurflugvöllur, malbik	87.9	321/250	112.9
Bygg.víst.	1	Reykjavíkurflugvöllur, flugstöð	262.0	321/250	336.4
Bygg.víst.	1	Flugleiðsögubúnaður og annað	87.6	321/250	112.5
		Kr.	2.030.0		Kr. 2.476.8


Hækkanir á 11 ára tímabili
1977 – 1988
Farþega skattur innanlands
Farþega skattur utanlands
Byggingar vísitala
Kr.
Ár
0
500
1000
1500
2000
2500
3000
3500
4000
4500
1977
1978
1979
1980
1981
1982
1983
1984
1985
1986
1987
1988

Við áætlun um tekjur af eldsneytissölu árið 1988 er stuðst við sölutölur í júlí og ágúst 1987 og þær hækkaðar um 19,5% vegna sölu á flugbensíni og 15,8% vegna sölu á flugsteinsolíu, sem er meðalaukning flugeldsneytissölu á árin milli áranna 1984—1986. Ekki er ráðgert að hækka gjaldskrá vegna eldsneytissölu á árinu 1988 ef áætlun um sölutölur stenst.

Áætlaðar sölutölur 1988.

	Flugbensín	Flugsteinolía
Janúar	200.000 ltr.	4.500.000 ltr.
Febrúar	200.000 ltr.	4.500.000 ltr.
Mars	225.000 ltr.	4.750.000 ltr.
Apríl	250.000 ltr.	4.750.000 ltr.
Maí	275.000 ltr.	5.000.000 ltr.
Júní	300.000 ltr.	5.500.000 ltr.
Júlí	330.000 ltr.	6.100.000 ltr.
Ágúst	300.000 ltr.	5.500.000 ltr.
September	275.000 ltr.	5.000.000 ltr.
Október	250.000 ltr.	4.750.000 ltr.
Nóvember	225.000 ltr.	4.500.000 ltr.
Desember	200.000 ltr.	4.500.000 ltr.
	3.030.000 ltr.	59.350.000 ltr.

59.350.000 × 0,65 Kr. 38.577 þús.
3.030.000 × 1,30 Kr. 3.939 þús. Kr. 42.516 þús árið 1988

Áætlað er að eldsneytissalan hækki að meðaltali um 2% á ári milli áranna 1988—1991.

Aðrar markaðar tekjur eru beinar rekstrartekjur stofnunarinnar, lendingargjöld, loftferðaeftirlitsgjöld, leigugjöld og önnur þjónustugjöld. Gert er ráð fyrir í áætluninni að loftferðareftirlitsgjöld hækki í áföngum næsta fjögurra ára tímabil, þannig að árið 1991 standi þær tekjur undir rekstri loftferðaeftirlitsins, sbr. markmið sem sett eru fram í skýrslu flugmálanefndar.

II. Skipting útgjalda.

2.1 Rekstur.

Eins og fyrr er getið eru rekstrarliðir flugmálaáætlunarinnar í samræmi við fjárlög fyrir árið 1988. Stofnunin hefur búið við allviðunandi rekstrarfjárlög undanfarin fjögur ár, þó hefur launaliður fjárlaganna skekkst verulega undanfarin tvö ár.

Rekstrarútgjöld borin saman við rekstrarfjárlög að frádregnum sértekjum árin 1980—1986.

Ár	(þús.kr.) Rekstrarfjárlög	Rekstrarútgjöld	Hlutfall
1986	264.980	262.176	99
1985	222.044	220.655	99
1984	161.080	170.392	106
1983	82.830	102.739	124
1982	34.214	61.778	181
1981	24.319	38.959	160
1980	18.705	28.234	151

Fastir starfsmenn flugmálastjórnar eru í árslok 1987 197 og hefur fjölgað frá 1982 um 25. Ástæðan er sú að gert var átak í að fá stöðuheimildir fyrir flugvallastarfsmenn á landsbyggðinni sem áður voru lausráðnir. Einnig fengust viðurkennd 8 ný stöðugildi flugumferðarstjóra frá Alþjóðaflugmálastofnuninni vegna breytinga á vaktakerfi í flugumferðarstjórn.

Fastir starfsmenn í desember 1987.

	Reykjavík	Vesturland	Vestfirðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austurland	Suðurland	Samtals
Yfirstjórn	15							15.0
Flugleiðsöguþj.	23				1			24.0
Flugumferðarþj.	34		2		4	2	2	44.0
Flugvallaþj.	34	1.5	9	3	12	8	2	69.5
Loftf.eftirl.	6.5							6.5
Alþjóðaflugþj.	38							38.0
Fastir starfsm. í des. 1987	150.5	1.5	11	3	17	10	4	197.0
Fastir starfsm. í des. 1986	148	1.5	11	3	16.5	9.5	4	193.5
Fastir starfsm. í des. 1985	140	1.5	11	3	14.5	9.5	4	183.5
Fastir starfsm. í des. 1984	138	1.5	11	3	14.5	9.5	3	180.5
Fastir starfsm. í des. 1983	138	1.5	10	3	14.5	9.5	3	179.5
Fastir starfsm. í des. 1982	138	1.5	7	3	11.5	8.5	3	172.5

2.2 Framkvæmdir.

Við skiptingu útgjalda vegna framkvæmda var í meginatriðum stuðst við þá reglu sem skýrsla flugmálanefndar gerir ráð fyrir um forgangsröðun verkefna. Örfáar breytingar eru þó gerðar til hagræðis eins og að ljúka þeim verkefnum sem þegar er byrjað á.

Forgangsröðun framkvæmda byggist á niðurstöðu sem öryggisnefnd Félags íslenskra atvinnuflugmanna, Flugmálastjórn og flugráð urðu sammála um og flugmálanefnd ákvað að gera að sinni tillögu.

Forgangsröðun framkvæmda.

Forgangur:	Verkefni:
1.	Flugbraut og hlað með fullgerðu malaryfirlagi, en stærð þeirra verði í samræmi við hönnunarákvæði ICAO Annex 14.
2.	Öryggissvæði verði eftir því sem unnt er hættulaus og í samræmi við hönnunarákvæði ICAO Annex 14.
3.	Hindranir verði eftir því sem unnt er fjarlægðar eða merktar. Athafnasvæði flugvalla verði girt.
4.	Flugvallarbyggingar, þ.e. aðstaða fyrir flugumferðarþjónustu, tækjageymslu og farþegaskýli, verði byggð í áföngum.
5.	Búnaður flugumferðarþjónustu, þ.e. símasamband, VHF-fjarskiptatæki, vindmælir, loftþrýstimælir, hitamælir og segulband, verði fyrir hendi.
6.	Slökkvi- og björgunarbúnaður verði samkvæmt ákvæðum ICAO Annex 14.
7.	Snjóhreinsibúnaður, þ.e. snjóruðningstæki, sanddreifarar og hemlunarmælar, verði fyrir hendi, eða tilsvarandi aðkeypt þjónusta.
8.	Blindaðflugsbúnaður með tilheyrandi monitorbúnaði og vararafmagni verði í samræmi við ákvæði ICAO Annex 10. Radíóviti (NDB) með markvitum og/eða fjarlægðarmæli (DME) þar sem við verður komið og réttlætanlegt getur talist. Stefnusendir (ILS eða tilsvarandi hluti MLS) þar sem við verður komið og réttlætanlegt getur talist. Aðflugshallasendir (GS eða tilsvarandi hluti

MLS) þar sem æskileg eru blindflugsmörk undir 300 feta skýjahæð og 1,5 km flugskyggni og réttlætanlegt getur talist.

9. Ljósabúnaður í samræmi við ákvæði ICAO Annex 14. PAPI- eða APAPI aðflugshallaljós, hindranaljós, flugbrautarljós og aðflugsljós í samræmi við tilsvarandi aðflug flugvallarins.

10. Malbik eða tilsvarandi varanlegt yfirborð, á öll athafnasvæði flugvéla.

Enn fremur var áætlunarflugvöllum raðað í forgangsröð eftir því hve mikilvægu hlutverki einhver tiltekinn flugvöllur gegnir í flugsamgöngukerfinu, og voru þrír þættir notaðir til að ákvarða þessa forgangsröð fyrir áætlunarflugvelli, þ.e.:

— Verkefnaþáttur, þar sem m.a. er tekið tillit til hlutverks vallarins sem tengipunkts í flugsamgöngukerfinu.
— Flutningur um flugvöllinn sem hlutfall af heildarloftflutningum á landinu.
— Einangrun svæðisins, sem flugvöllurinn þjónar.

Heildarflutningar um íslenska áætlunarflugvelli 1977—1986.
(Keflavíkurflugvöllur undanskilinn.)

Ár:	Flughreyfingar:	Farþegar:	Vörur/póstur:(tonn)
1977	150.220	555.103	12.393
1978	149.724	590.120	11.821
1979	152.498	590.737	11.999
1980	167.223	600.111	9.569
1981	155.971	598.297	9.154
1982	176.939	580.291	8.443
1983	143.922	485.026	7.397
1984	162.704	565.996	7.767
1985	191.181	631.681	9.430
1986	176.584	639.751	7.742

Í kafla IV sundurliðun verkefna er fjárveitingum skipt eftir forgangsröðun verkefna og flugvöllum raðað í forgangsröð. Hlutverk Reykjavíkurflugvallar sem miðstöðvar í flugsamgöngukerfinu er augljós, en alls fara rúmlega 40% allra flugflutninga um þennan flugvöll.

Skipting útgjalda á verkefni.

Verkefni: (Millj.kr.)	1988	Hlutf.	1989	Hlutf.	1990	Hlutf.	1991	Hlutf.
Flugbrautir og stæði	171	60.8%	206	75.7%	165	60.7%	40	14.7%
Byggingar	68	24.2%	10	3.7%	50	18.4%	50	18.4%
Fjarskipta- og veðurm.t.	1	0.4%	1	0.4%	2	0.7%	6	2.2%
Slökkvi- og björgunarb.	17	6.0%	0		0		51	18.7%
Snjóhreinsibúnaður	0		17	6.2%	0		18	6.6%
Aðflugs- og rafmagnsb.	6	2.2%	0		0		28	10.3%
Ljósabúnaður	0		9	3.3%	0		0	
Bundið slitlag	0		0		0		41	15.0%
Flugleiðs.- og flugumf.þj.	18	6.4%	16	5.9%	11	4.1%	11	4.1%
Til leiðréttinga og brýnna verkefna	0		13	4.8%	44	16.1%	27	10.0%
Samtals	281	100%	272	100%	272	100%	272	100%

Ed. 816. Frumvarp til laga [466. mál]

um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 79 2. júlí 1985.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

9. gr. orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að beita sér fyrir stofnun hlutafélags er taki við núverandi rekstri Ferðaskrifstofu ríkisins og annist félagið fyrirgreiðslu og skipulagningu ferða fyrir íslenska og erlenda ferðamenn. Heiti félagsins verði Ferðaskrifstofa Íslands hf. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt:

a. Að leggja allar eignir og fylgifé Ferðaskrifstofu ríkisins til hins nýja hlutafélags og skal þá hafa hliðsjón af mati sem framkvæma skal á eignum fyrirtækisins, þar með talin viðskiptavild.
b. Að ákveða fjárhæð einstakra hluta með það í huga að einstaklingar geti keypt hlut í félaginu.
c. Að selja ⅔ af hlutafé ríkissjóðs í fyrirtækinu.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög, nr. 32 12. maí 1978, gildir ekki um tölu stofnenda hlutafélagsins.

Starfsmenn Ferðaskrifstofu ríkisins skulu eiga forkaupsrétt að hlutafénu, enda náist samkomulag um verð og greiðsluskilmála.

2. gr.

10. gr. orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að semja um að hlutafélag sem tekur við rekstri fyrirtækisins skv. 9. gr., skuli gefa fastráðnu starfsfólki Ferðaskrifstofu ríkisins kost á sambærilegum störfum. Skulu ákvæði 14. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þá ekki ná til þeirra starfsmanna Ferðaskrifstofu ríkisins sem njóta nú lögkjara samkvæmt þeim lögum.

3. gr.

11. gr. orðist svo:

Samgönguráðherra annast fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning og stofnun hlutafélags skv. 9. gr. og fer með eignarhlut ríkisins í hinu nýja félagi, þar með talda sölu hlutabréfa.

4. gr.

12. og 13. gr. falli brott. Greinatala breytist samkvæmt þessu.

5. gr.

1. málsl. 1. mgr. 22. gr. laganna falli brott.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða:

Meðan ákvæði 9.–11. gr. hafa ekki komið til framkvæmda skal III. kafli laganna um skipulag ferðamála, nr. 60 31. maí 1976, halda gildi sínu um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í starfsáætlun núverandi ríkisstjórnar er svo kveðið á að ríkisfyrirtæki og hlutafé ríkisins í fyrirtækjum, sem stunda atvinnurekstur, verði boðin almenningi til kaups þar sem henta þykir.

Ferðaskrifstofa ríkisins var stofnuð með lögum nr. 33/1936 og var veigamikill þáttur í starfsemi hennar að annast almenna landkynningu auk fyrirgreiðslu við erlenda ferðamenn. Áður fyrr naut Ferðaskrifstofa ríkisins þeirra víðtæku sérréttinda að hafa einkaleyfi til rekstrar ferðaskrifstofu og að nafninu til hélst þessi einkaréttur allt fram til ársins 1964. Enn fremur átti ferðaskrifstofan samkvæmt lögunum frá 1936 að halda uppi eftirliti með gisti- og veitingastöðum. Um þetta eftirlit fer nú samkvæmt ýmsum sérlögum.

Á undanförnum árum og áratugum hafa orðið mjög miklar breytingar á ferðamannaþjónustu hér á landi svo telja má algera byltingu. Má þar helst til nefna að sett hafa verið lög um Ferðamálaráð sem hefur verið falið að hafa forustu um landkynningu og upp hafa risið fjölmargar ferðaskrifstofur sem keppa á markaði ferðaiðnaðarins. Má því segja að veigamikill hluti af upphaflegu hlutverki Ferðaskrifstofu ríkisins hafi verið falinn öðrum aðila auk þess sem flugfélögin og ferðaskrifstofur ástunda umfangsmikla landkynningu. Ekki er heldur nein sjáanleg þörf á því að ríkið haldi uppi rekstri þar sem blómlegur atvinnurekstur hefur risið upp sem er einfær um að veita þjónustu á þessu sviði.

Geta má þess að sérstök nefnd um minnkun ríkisumsvifa, sem skipuð var árið 1977, komst að þeirri niðurstöðu í áfangaskýrslu um Ferðaskrifstofu ríkisins í maí 1978 „að vinna beri að því að starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins verði komið úr umsjón ríkisins“. Hugmyndir sama efnis hafa komið fram af og til síðan og m.a. er gert ráð fyrir því í gildandi lögum um skipulag ferðamála, nr. 79/1985, að stofnað verði hlutafélag um fyrirtækið og að starfsmönnum verði heimilað að kaupa allt að 30% hlutafjárins. Í kjölfar þeirrar lagasetningar fór fram mat á eignum Ferðaskrifstofu ríkisins og Edduhótelanna en á hinn bóginn hefur enn ekki verið efnt til stofnunar hlutafélags um reksturinn svo sem fyrir er mælt í lögunum. Ákvæði III kafla gildandi laga um skipulag ferðamála, nr. 79/1985, hafa því enn ekki komið til framkvæmda.

Meginþættir starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins eru fimm: í fyrsta lagi fyrirgreiðsla við skipulag utanlandsferða ríkisstarfsmanna, í öðru lagi rekstur hópferða, í þriðja lagi kynning á ferðum annarra ferðaskrifstofa, í fjórða lagi rekstur sumarhótela og í fimmta lagi að undirbúa og annast um ráðstefnur.

Verði frumvarpið að lögum munu þegar hefjast viðræður við starfsfólk Ferðaskrifstofu ríkisins um kaup á ⅔ hlutafjárins. Sú leið, þ.e. sala til starfsfólks, hefur áður verið farin við sölu ríkisfyrirtækja og gefist vel. Þá ber einnig á það að líta að í gildandi lögum um skipulag ferðamála, nr. 79/1985, eru starfsfólki gefin fyrirheit um að gerast eignaraðilar að Ferðaskrifstofu ríkisins þótt það ákvæði hafi ekki komið til framkvæmda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. gildandi laga um skipulag ferðamála, nr. 79/1985, skal ríkisstjórn beita sér fyrir stofnun hlutafélags um Ferðaskrifstofu ríkisins og er ríkisstjórninni

heimilað að selja samtökum starfsfólks fyrirtækisins allt að 30% af hlutafjáreign ríkissjóðs á næstu fimm árum eftir stofnun hlutafélagsins. Nú er lagt til að ríkisstjórninni verði heimilað að selja allt að ⅔ af hlutafjáreign ríkisins í fyrirtækinu.

Áður en til sölu kemur skal skv. 1. gr. frumvarpsins framkvæma mat á eignum ferðaskrifstofunnar, þar með talin viðskiptavild.

Þeirri stefnumörkun gildandi laga er haldið að gefa starfsmönnum kost á forkaupsrétti að fyrirtækinu. Þetta er eðlilegt með tilliti til þess að það er öðru fremur sá kjarni sem byggt hefur fyrirtækið upp á undanförnum árum. Fyrirtækið er af viðráðanlegri stærð og þessi leið hefur áður verið farin við sölu ríkisfyrirtækja og gefist vel. Einnig má telja að lítil röskun yrði á þeim þætti sem Ferðaskrifstofa ríkisins hefur sinnt í íslenskum ferðamálum ef þessi háttur yrði á hafður.

Um 2. gr.

Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um starfsréttindi. Þeir fastráðnu starfsmenn fyrirtækisins, sem eiga kost á sambærilegum störfum hjá fyrirtækinu eftir yfirtöku annars rekstraraðila en ríkisins, skulu ekki njóta lögkjara sem opinberir starfsmenn. Er eðlilegt að jafnframt falli niður réttur til launa vegna niðurfellingar starfa skv. 14. gr. laga nr. 38/1954. Um lífeyrismál þeirra fer eftir almennum reglum og þeim samningum sem starfsfólkið gerir sjálft um aðild sína að stéttarfélögum.

Starfsmenn Ferðaskrifstofu ríkisins eru nú 20 og taka allir laun samkæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna og njóta lögkjara sem slíkir.

Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins er kveðið svo á að það sé samgönguráðherra sem annist framkvæmdaatriði varðandi sölu Ferðaskrifstofu ríkisins enda er það hann sem ber stjórnskipulega ábyrgð á málefnum ferðaskrifstofunnar.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Samkvæmt 22. gr. gildandi laga er Ferðaskrifstofa ríkisins undanþegin ákvæðum IV. kafla um almennar ferðaskrifstofur. Verði frumvarp þetta að lögum munu um hana gilda sömu lagaákvæði og um aðrar ferðaskrifstofur.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Samkvæmt 38. gr. gildandi laga nr. 79/1985 skal III. kafli laga nr. 60/1976, um Ferðaskrifstofu ríkisins, halda gildi sínu uns stofnfundur Ferðaskrifstofu ríkisins hf. hefur verið haldinn. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarp þetta hefur sá stofnfundur ekki verið haldinn og ákvæði III. kafla laga nr. 79/1985 því ekki öðlast gildi.

Hér er einnig lagt til að III. kafli laga nr. 60/1976 haldi gildi sínu þar til hlutafélag skv. 9. gr. frumvarpsins hefur verið stofnað.

Sþ. 817. Tillaga til þingsályktunar [467. mál]

um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1987–1990.

(Lögð fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN.

(Fjárhæðir í m.kr.)

1.1. Markaðar tekjur 1988:		
1. Bensíngjald skv. fjárlögum 1988		2000
2. Km-gjald		700
3. Þungaskattur, árgjald		200
Markaðar tekjur skv. fjárlögum 1988		2900
4. Áætlað bensíngjald 1988 umfram fjárlög		90
Markaðar tekjur 1988 alls		2990
1.2. Markaðar tekjur 1987 umfram útgjöld		160
	Samtals	**3150**

II. SKIPTING ÚTGJALDA.

(Fjárhæðir í m.kr.)

2.1.	Stjórn og undirbúningur	177
2.2.	Viðhald þjóðvega	1063
2.3.	Til nýrra þjóðvega	1202
2.4.	Til brúagerða	94
2.5.	Til fjallvega o.fl.	26
2.6.	Til sýsluvega	125
2.7.	Til vega í kaupstöðum og kauptúnum	164
2.8.	Til vélakaupa og áhaldahúsa	0
2.9.	Til tilrauna	14
		2865
	Óráðstafað	285
	Samtals	**3150**

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Núgildandi vegáætlun var samþykkt á Alþingi í mars 1987, og ætti því regluleg endurskoðun hennar samkvæmt vegalögum ekki að fara fram fyrr en á Alþingi 1988—89.

Tvennt veldur því að ekki verður komist hjá endurskoðun nú. Þróun verðlags hefur orðið með öðrum hætti, en reiknað var með við gerð vegáætlunar. Þá var einnig reiknað með mikilli fjáröflun umfram markaðar tekjur, án þess þó að sú fjáröflun væri skilgreind nánar. Við ríkjandi efnahagsaðstæður þykir ekki fært að afla þessa fjár. Markaðar tekjur hafa á hinn bóginn aukist umfram áætlun.

Verður nánar vikið að þessum atriðum hér á eftir.

0. VERÐLAGSFORSENDUR

Þegar vegáætlun var til afgreiðslu á Alþingi snemma árs 1987, var reiknað með að vísitala vegagerðar yrði 2100 á miðju því ári (hækkun frá 1986 áætluð um 19%). Síðan var reiknað með 6% hækkun til 1988 og vísitalan þá 2226.

Í reynd hækkaði vísitalan örar 1987 og var komin í 2226 um mitt ár (raunhækkun um 26% frá 1986) eða jafnhá og áætlað var fyrir 1988. Við endurskoðun nú er tekið mið af spá Þjóðhagsstofnunar um þróun byggingarvísitölu, en gert er ráð fyrir að hún hækki nálega 15% milli áranna 1987 og 1988. Samkvæmt því yrði vísitala vegagerðar 1988 2560. Þessar tvær vísitölur hafa þróast með svipuðum hætti, þegar til lengri tíma er litið, en frávik hafa orðið þó nokkur um skemmri tímabil. Ýmis rök hníga að því að vísitala vegagerðar muni hækka öllu meira en byggingarvísitalan. Erfitt er á hinn bóginn að festa hendur á því á þessu stigi og er því reiknað með 15% hækkun verðlags milli áranna 1987 og 1988.

1. FJÁRÖFLUN

Bensínsala hefur vaxið ört undanfarin ár, sbr. meðfylgjandi töflu.

	Sala m.lítra	Aukning frá f.ári.	Ath.
1984	126.1	1.7	
1985	129.6	2.8	
1986	136.7	5.5	
1987	153.8	12.5	
1988	166	8	Áætlun

Nú liggja fyrir tölur um sölu bensíns fyrir fyrstu þrjá mánuði tekjuársins 1988, þ.e. nóvember 1987— janúar 1988. Er bensínsala þessa mánuði 8,6% meiri en sömu mánuði í fyrra. Er sala nú áætluð heldur meiri en gert var í fjárlögum. Hækka tekjur þannig um 90 m.kr.

Bensíngjald var frá 1. nóvember 1987 ákveðið 12.60 kr./lítra. Þungaskattur var hækkaður til samræmis við þetta bensíngjald um s.l. áramót. Við útreikning heildartekna af mörkuðum tekjustofnum er miðað við, að gjöld þessi haldist óbreytt á árinu.

Markaðar tekjur á árinu 1988 verða alls 2990 m.kr., en voru 2353 m.kr. í gildandi vegáætlun fyrir það ár.

Allt fram til ársins 1986 voru útgjöld til vegamála jafnmikil eða meiri, en nam tekjum af mörkuðum stofnum. Mikil breyting varð hér á 1987, en það ár urðu tekjurnar um 160 m.kr. meiri en heildarútgjöld til vegamála það ár. Samkvæmt lögum um fjáröflun til vegagerðar,

skal tekjum skv. lögunum einungis varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun. Sú vinnuregla hefur gilt undanfarið, að útgjöld vegáætlunar á hverju ári markist af þeirri tölu, sem ákveðin er í upphafi árs. Var svo einnig 1987, en til að fullnægja ákvæðum áðurnefndra laga verða umframtekjur að færast til næsta árs. Í samræmi við þetta eru umframtekjur 1987 hér taldar með fjáröflun 1988 og ættu því 3150 m.kr. að vera til ráðstöfunar 1988. Ekki er þó gerð tillaga um að ráðstafa öllu því fjármagni á þessu ári og verður nánar vikið að því í athugasemdum við útgjöld.

2. SKIPTING ÚTGJALDA

Af heildartekjum, 3150 m.kr., er lagt til að ráðstafað verði 2865 m.kr. til framkvæmda í vegamálum. Óráðstafað verður þá 285 m.kr., þ.e. 125 m.kr. af mörkuðum tekjum 1988 og 160 m.kr. af mörkuðum tekjum 1987. Í samræmi við lögin um fjáröflun til vegagerðar verður þetta fjármagn (þó leiðrétt með tilliti til endanlegra tekna 1988) til ráðstöfunar árið 1989.

Í meðfylgjandi töflum er sýndur samanburður helstu útgjaldaliða í gildandi vegáætlun, gildandi vegáætlun með 15% hækkun og tillögu þeirri sem hér liggur fyrir.

	Gildandi vegáætlun 1988 m.kr.	Gildandi vegáætlun m.15% hækk. m.kr.	Tillaga apríl 88 m.kr.
2.1. Stjórn og undirbúningur	148	170	177
2.2. Viðhald þjóðvega	933	1073	1063
2.3. Til nýrra þjóðvega	907	1043	1202
2.4. Til brúagerða	71	82	94
2.5. Til fjallvega o.fl.	17	20	26
2.6. Til sýsluvega	122	140	125
2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum	143	164	164
2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa	0	0	0
Til tilrauna	12	14	14
	2353	2706	2865
Óráðstafað	1463	1682	285
Samtals	3816	4388	3150

Í töflunni kemur fram að nokkrir liðir víkja frá uppreiknaðri vegáætlun. Verður hér gerð grein fyrir ástæðum þess.

Stjórn og undirbúningur hækkar lítið eitt, og stafar það af hlutfallslega miklum launakostnaði, en laun hækka sem kunnugt er mun meira en byggingarvísitala.

Viðhald lækkar lítils háttar. Þykir það fært vegna góðrar stöðu vetrarviðhalds um sl. áramót. Á hitt er að líta, að senn líður að endurskoðun snjómokstursreglna og gæti sú endurskoðun leitt til nokkurs kostnaðarauka á haustmánuðum.

Nýir þjóðvegir og brýr fá mestan hluta þess fjár, sem er umfram verðhækkanir og verður sérstaklega vikið að því síðar.

Fjallvegir, þjóðgarðavegir og reiðvegir hækka. Hér er um litlar tölur að ræða, en hlutfallsleg hækkun umtalsverð. Þessir liðir hafa lengi verið óbreyttir, en vaxandi þörf fyrir aðgerðir með aukinni ferðamennsku. Með hækkun fjárveitinga er vonast til að bæta megi aðalfjallvegi, lagfæra vegi innan þjóðgarðs á Þingvöllum og auka gerð reiðvega, en það er mikið öryggisatriði.

3. Gefa þarf fólki rétt á að sinna hlutastarfi í „fastri vinnu“ þegar aldur færist yfir.
4. Heilsufar fólks 64–74 ára er betra en áður var, enda starfar nú helmingur fólks 67–74 ára fullan starfsdag en oft í íhlaupavinnu (hefur verið svipt fastráðningu).
5. Meðferð öldrunar er ekki alger hvíld heldur andleg og líkamleg örvun og þar af leiðandi eru lög um vinnulok við 67 eða 70 ára aldur ekki læknisfræðilega réttlætanleg.
6. Enn fremur þarf að bæta lífeyri fólks svo það neyðist ekki til að vinna lengur en heilsa og hugur leyfa.

Hér fylgir með skýrsla eftir Ólaf Ólafsson landlækni og Þór Halldórsson yfirlækni um mannréttindi og eftirlaunaaldur.

Fylgiskjal.

Ólafur Ólafsson landlæknir
og
Þór Halldórsson yfirlæknir:

MANNRÉTTINDI OG EFTIRLAUNAALDUR.

Inngangur.

Eftirlaunaaldur.

Lok fastráðningar hafa í för með sér tekjumissi og skerðingu á tilteknum réttindum. Á Norðurlöndum er eftirlaunaaldur yfirleitt við 67 ár, í Svíþjóð við 65 ár en á Íslandi eru mörkin nokkru sveigjanlegri. Opinberir starfsmenn ráða hvort þeir hætta störfum við 67 ára eða 70 ára aldur. Einnig gildir þar „95 ára reglan“.

Ýmsir lífeyrissjóðir á Íslandi leyfa starf til allt að 70 ára aldurs. Á félagssvæði Alþýðusambandsins eru starfslok komin undir samkomulagi launþega við vinnuveitanda. Launþegi verður þar að sækja rétt sinn til vinnu til hans. Mörg fyrirtæki hafa ákveðnar reglur um að segja starfsfólki upp við 70 ára aldur. Athyglisvert er að í einkarekstri halda menn mun lengur starfi sínu eftir að eftirlaunaaldri er náð en hjá ríki og sveitarfélögum.

Atgervi eftirlaunafólks.

Niðurstöður margra rannsókna sýna að flestir eftirlaunamenn eru við góða heilsu og jafnframt vel vinnufærir.

Tafla 1.

Vinnandi fólk á eftirlaunaaldri á Norðurlöndum.
(65–74 ára aldur.)

	Karlar	Konur
Ísland	69%	40%
Danmörk	25%	8%
Noregur	35%	16%
Svíþjóð	14%	4%
Finnland	5%	3%

Fjöldi þeirra er hætta vinnu fyrir eftirlaunaaldur.

Á Norðurlöndum fer þeim fjölgandi sem hætta störfum áður en eftirlaunaaldri er náð (þótt þeir séu við góða heilsu).

Á tímabilinu 1970–1980 breyttist fjöldi þeirra vinnufærra manna sem hættu störfum á aldrinum 16–64 ára, sbr. töflu 2.

Í Danmörku og Finnlandi hætta fleiri störfum undir eftirlaunaaldri en á öðrum Norðurlöndum, líklega vegna meira atvinnuleysis. Árið 1981 voru í Danmörku aðeins 56% karla og 27% kvenna á aldrinum 60–64 ára við vinnu.

Líklegar orsakir starfsloka áður en eftirlaunaaldri er náð.

1. Atvinnuleysi.
2. Menntunarkröfur atvinnuveganna hafa aukist.
3. Hagræðing er orðin meiri, m.a. vegna tölvuvæðingar.
4. Félagslegur þrýstingur. „Menn eiga að hætta þegar ellin færist yfir og hleypa þeim ungu að“ vegna atvinnuleysis.
5. Verkalýðspólitík fagfélaganna er oft neikvæð í garð „þeirra gömlu“.
6. Í einstökum tilfellum er fjárhagslega hagkvæmt að hætta vinnu.

Heilsufar og aðstæður eftirlaunafólks.

Aðeins örfáar rannsóknir hafa farið fram sem lýsa aðstæðum og heilsufari eftirlaunafólks.

Samkvæmt rannsóknum Félagsmálarannsóknastofu Danmerkur reyndist heilsufar aldraðra frekar batna á árunum 1962–1979. Í samræmi við þessar niðurstöður minnkaði dánartíðni fólks á aldrinum 65–74 ára á Norðurlöndum á árunum 1970–1980, sbr. töflu 3.

Flestar rannsóknir sem gerðar hafa verið fjalla um ástand hjá ófaglærðum og starfsmönnum í lægri launaflokkum en fáar um menntamenn og sjálfstæða atvinnurekendur. Launþegar hætta störfum mun fyrr en þeir er starfa sjálfstætt. Algengast er að menntamenn og atvinnurekendur eigi sér frekar áhugamál (hobbies) er koma í stað starfsins en verkamenn. Sá hópur sem er mótfallinn því að hætta störfum við 67 ára aldur er á bilinu 15–30% og allt að þriðjungur ellilífeyrisþega á Norðurlöndum kemst illa af fjárhagslega. Í kjölfar þessa hrakar oft næringarástandi fólks. Einmanaleiki, depurð og leiði eru algeng. Lyfjanotkun eykst, sérstaklega hjá konum.

Námskeið til undirbúnings starfsloka hafa verið haldin „en margir eru tortryggnir á þau og halda að ýta eigi þeim út af vinnumarkaðinum“.

Hvort heldur vinnulok verða við tilskilinn hámarksaldur eða fyrr, leiða þau yfirleitt til skorts á verkefnum og óvirkni.

Áður fyrr var rosknu fólki talið hollast að setjast í helgan stein og hvílast, en það kemur ekki heim við nútíma læknisfræðiþekkingu og verður að teljast með öllu úrelt stefna.

Líkamleg og andleg örvun.

Til að fólk haldi líkamlegri og andlegri hæfni sem lengst er líkamleg og andleg örvun nauðsynleg, svo sem:

1. skyn- og hreyfigetu (sjónar, heyrnar og líkamshreyfinga),
2. andlegrar hæfni (minni hæfni til lausnar verkefna),
3. félagslegrar og sálrænnar aðlögunarhæfni.

Tamt er að líta á mannsævina sem göngu á fótinn framan af með sífellt aukinni getu, en síðan halli undan fæti þegar lengra líður. Mynd 1 tákngerir slíkt viðhorf.

Vitað er að frumum líkamans fjölgar og þær stækka fram að kynþroska og e.t.v. að 20–25 ára aldri, en í sumum tilvikum fer þá þegar að draga úr stærð þeirra og fjölda. Niðurstöður langtímarannsókna, sem gerðar eru á mannslíkamanum með nútímatækni, sýna að þrátt fyrir það að viss rýrnun frumna líkamans byrji um 25 ára aldur eru breytingarnar litlar næstu 20 ár. Almennt benda rannsóknir til þess að breytingar á frumum líkamans með hækkandi aldri verði ekki verulegar fyrr en komið er yfir 65–75 ára aldur. Meira máli skiptir minnkun starfsgetu heldur en myndrænar (morfologiskar) breytingar. Mörg líffæri búa yfir mikilli aukagetu. Sum þeirra má skerða um ¾ hluta án þess að nokkur greinileg starfsskerðing komi í ljós. Margs konar geta, sem skiptir okkur máli, nær hámarki um kynþroskaaldur en stendur síðan að mestu leyti óbreytt í langan tíma þar til hægfara skerðing verður með háum aldri, sbr. mynd 2.

Það er mikilvægt að benda á að á sumum sviðum geta menn aukið hæfni sína á miðjum aldri og býsna lengi fram eftir ævinni, sbr. mynd 3. Þess háttar getuaukning á t.d. við um störf hugans — störf sem reyna á greind og sérstaklega ef reynsla skiptir þar máli.

Það hefur oft komið í ljós að fram að 70 ára aldri er andleg hæfni flestra lítt eða ekki skert og má jafna við getu þrítugra eða fertugra. Þó verður að taka fram að snerpunni hrakar heldur.

Rannsóknir á sjötugu fólki fyrir og eftir þjálfun sýna að þjálfun eykur ekki aðeins vöðvastyrk heldur aukast einnig meira viðbrögð skjótvirkra vöðvaþráða en hægvirkra.

Margar rannsóknir hafa verið gerðar sem sýna að með þjálfun hugans er hægt að hafa mælanleg áhrif á andlega getu, þ.e. þá getu sem menn búa yfir, sbr. mynd 4.

Annars konar geta.

Líkamsþjálfun vinnur gegn aldursbreytingum í vöðvum og stoðkerfi. Hæfileg þjálfun getur hamlað beineyðingu og efnaskiptabreytingum.

Þjálfun styrkir hjartavöðvann, þ.e. eykur slagrúmmál hjartans og þol.

Niðurstöður.

Þótt heilsufar fólks 65–74 ára á Norðurlöndum hafi ekki versnað heldur mun frekar batnað hin síðari ár fer í vöxt að fólk láti af störfum jafnvel áður en eftirlaunaaldri er náð.

Vinnulok við 65–70 ára aldur leiða oft til stöðnunar og óvirkni. Slíkt er ekki læknisfræðilega réttlætanlegt eins og nú horfir við og leiðir oft til ótímabærrar hrörnunar og innlagna á stofnanir eins og mörg dæmi eru til um. Meðferð öldrunar er ekki algjör hvíld, heldur andleg og líkamleg örvun.

Tillaga.

Eftirlaunaaldur á að vera sveigjanlegur og byggjast á læknisfræðilegu og félagsfræðilegu mati á starfsgetu og hæfni hvers og eins. Vitaskuld á ekki að skerða rétt manna til eftirlauna er þeir hafa áunnið sér. En það eru mannréttindi að halda óskertum starfsréttindum svo lengi sem hæfni og starfsorka leyfa.

Æskilegt væri að eftirlaunaaldur verði mun sveigjanlegri en nú er, þ.e. að fólk geti valið um hvenær það hættir störfum á aldursbilinu 60–75 ára.

Tafla 2.

	1970 Fjöldi	á 10^5	1980 Fjöldi	á 10^5	%
Ísland (16–64)	5 212	62.0	5 727	54.0	-13
Danmörk[1]) (15–66[2])	127 465	55.2	141 216	53.6	+1.6
Finnland (16–64)	172 405	81.4	243 300	109.5	+34.5
Noregur (15–64)	91 536	62.6	159 726	115.8	+ 8.5
Svíþjóð (16–64)	163 072	47.8	293 334	78.2	+63.6

1) 1981.
2) Að frátöldum 60–64 ára.

Tafla 3.

Á 10^5 íbúa 65–74 ára	1971–1975	1976–1980
Ísland	3386.4	3022.0
Danmörk	4247.5	4174.2
Finnland	5498.0	5498.8
Noregur	3961.8	3801.8
Svíþjóð	3789.6	3735.7

Mynd 1.



Flestir halda að starfshæfni (S) minnki nokkuð hratt með aldrinum (A) eins og myndin sýnir.

Mynd 2.



Líkamleg hæfni (S) t.d. vöðvastyrkleiki nær að vísu hámarki snemma á æviskeiðinu (A) en margs konar önnur hæfni er óbreytt lengi uns hægfara hrörnun gerir vart við sig.

Mynd 3.



Í reynd eykst viss starfshæfni (S) með aldrinum (A) t.d. sú er byggir á reynslu.

Mynd 4.



Það vill gleymast að starfshæfni (S) er hægt að bæta verulega með þjálfun sé þess gætt í tíma (A).

Nd. 826. Frumvarp til laga [476. mál]

um breyting á útvarpslögum, nr. 68/1985.

Flm.: Ragnar Arnalds.

6. mgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Ríkisútvarpið skal þegar koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og svæðisútvarps í öllum kjördæmum landsins utan höfuðborgarsvæðisins og skal við það miða að útsendingar geti hafist ekki síðar en á árinu 1989.

Greinargerð.

Í núgildandi útvarpslögum, 6. mgr. 16. gr., er ákvæði þess efnis að Ríkisútvarpið skuli „stefna að því að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og hljóðvarps í öllum kjördæmum landsins.“

Nú tæpum þremur árum eftir að lög þessi voru sett er þessi starfsemi komin vel af stað á Akureyri, þar sem eru níu fastir starfsmenn, og á Egilsstöðum, þar sem tveir starfsmenn annast dagskrárgerð og útsendingar svæðisbundið tvo daga í viku. Á Ísafirði er einn starfsmaður ráðinn við dagskrárgerð en svæðisútvarp ókomið. Í öðrum kjördæmum landsins hefur enn ekki verið hafist handa.

Víða er mikill áhugi á því að stefna útvarpslaga um „hljóðvarp í öllum kjördæmum“ nái fram að ganga. Með frumvarpi þessu er Ríkisútvarpinu lögð sú skylda á herðar að koma þessu stefnumáli í höfn ekki síðar en á næsta ári.

Fjárhagur Ríkisútvarpsins er vissulega erfiður vegna þess að stofnunin hefur ekki fengið þær tekjur sem henni voru ætlaðar með útvarpslögum. Úr þessu verður að bæta og hafa þingmenn Alþýðubandalagsins flutt sérstaka tillögu til þingsályktunar um úrbætur í málefnum Ríkisútvarpsins.

Ed. 827. Frumvarp til laga [477. mál]

um breytingu á þinglýsingalögum, nr. 39 10. maí 1978.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

Við 8. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þegar skjal, er varðar skrásetta bifreið, er móttekið til þinglýsingar, skal þinglýsingardómari senda þeim er annast skráningu bifreiða tilkynningu um móttöku slíks skjals. Dómsmálaráðuneytið ákveður nánari tilhögun þessara tilkynninga og færslu í bifreiðaskrá.

2. gr.

Fyrirsögn VI. kafla orðist svo:

Þinglýsing um skrásett skráningarskyld skip minni en 5 rúmlestir.

3. gr.

43. gr. orðist svo:

Skjali, er varðar skrásett skráningarskylt skip minna en 5 rúmlestir, skal þinglýst þar sem skipið er skráð.

Eignarheimild fyrir skrásettu skráningarskyldu skipi, sem er innan við 5 rúmlestir, þarf ekki að þinglýsa, heldur skal eignarheimild sú, sem greind er í skipaskrá, talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjala frá þeim er þar eru skráðir eigendur. Ef útgefandi skjals er ekki skráður eigandi skal vísa skjali frá þinglýsingu nema fyrir liggi skriflegt samþykki hins skráða eiganda með staðfestri undirritun hans að hætti 22. gr.

Hvers konar eignarhafti í skrásettu skráningarskyldu skipi skal þinglýsa til þess að það hafi gildi gagnvart þeim sem í grandleysi gera samning við eigendur þeirra og gagnvart skuldheimtumönnum.

Veðbréf í eignum þessum skulu afhent til þinglýsingar með sama fresti og greinir í 1. mgr. 48. gr. og skal undirskrift og lögræði útgefanda, svo og rétt dagsetning, staðfest að hætti 22. gr.

4. gr.

Orðin „og í bifreið“ í 44. gr. falli niður.

5. gr.

45. gr. orðist svo:

Nú er skráð skráningarskylt skip innan 5 rúmlesta flutt á milli skráningarumdæma. Skal þá þinglýsingardómari senda skráningarvaldsmanni í umdæmi því, sem flytja á í, öll skjöl sem í gildi eru um skipið, en staðfest endurrit eða ljósrit ef um er að ræða skjöl sem bundin hafa verið í afsals- og veðmálabækur fyrir gildistöku laga þessara. Þinglýsing fer ekki fram á ný, en dómaranum í nýja umdæminu ber að færa skjölin í skipabók sína innan þess frests er greinir í 5. mgr. 7. gr.

Réttaráhrif þinglýsingar rofna ekki fyrir flutning skips.

Dómari í skráningarumdæminu fyrra sendir óbeinum rétthöfum, ef þeir eru kunnir, tilkynningu um flutning skips milli umdæma.

6. gr.

Fyrirsögn VII. kafla orðist svo:

Þinglýsing er varðar lausafé almennt, þar á meðal skip sem ekki eru skráningarskyld og skip sem ekki hafa verið skrásett.

7. gr.

Á eftir 2. mgr. 47. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú er þinglýst skjali er varðar skrásetta bifreið og þarf þá ekki að þinglýsa eignarheimild, heldur skal eignarheimild sú, sem greind er í bifreiðaskrá, talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjala frá þeim er þar eru skráðir eigendur. Ef útgefandi skjals er ekki skráður eigandi skal vísa skjali frá þinglýsingu, nema fyrir liggi skriflegt samþykki hins skráða eiganda með staðfestri undirritun hans að hætti 22. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1989.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta varðar breytingu á reglum um þinglýsingu skjala er varða skráðar bifreiðir. Fer nú um það efni samkvæmt VI. kafla þinglýsingalaga með sama hætti og um þinglýsingu skjala er varða skráð skráningarskyld skip minni en 5 rúmlestir. Skal slíku skjali

þinglýst þar sem bifreiðin er skráð. Ef skráð bifreið er flutt milli skráningarumdæma skal senda skjöl er hana varða til þinglýsingardómara í nýja umdæminu, en þinglýsing fer hins vegar ekki fram á ný.

Samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á umferðarlögum, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir því að umdæmisskráning ökutækja verði lögð niður. Þar er og gert ráð fyrir því að hlutafélagi verði falið það hlutverk að annast skráningu ökutækja sem Bifreiðaeftirlit ríkisins nú hefur.

Nauðsyn ber til að aðlaga ákvæði þinglýsingalaga nýjum reglum um skráningu ökutækja ef lögfestar verða. Felur frumvarp þetta í sér breytingar að þessu leyti og er þá gert ráð fyrir því að um þinglýsingu skjala, er varða skráðar bifreiðir, fari eftir sömu reglum og um lausafé almennt, svo sem ákveðið er í VII. kafla þinglýsingalaga. Verður skjali þá þinglýst á heimavarnarþingi eiganda bifreiðarinnar. Flytji eigandi úr þinglýsingarumdæmi eða eigendaskipti verða að bifreið má þinglýsing fara fram að nýju, en hún er eigi nauðsynleg.

Til að tryggja að tiltækar séu upplýsingar um það hvort skjali hafi verið þinglýst á bifreið er gert ráð fyrir því að í ökutækjaskrá, sem Bifreiðaeftirlitið heldur nú þar sem færðar eru upplýsingar um skráð ökutæki af öllu landinu, verði færðar upplýsingar um þinglýsingar á skjölum er varða bifreiðir. Vegna tölvuvæðingar bifreiðaeftirlits og embætta þinglýsingardómara verður unnt að koma slíkum upplýsingum í ökutækjaskrá um leið og skjal er móttekið til þinglýsingar. Um tilhögun tilkynninga að þessu leyti og færslu í ökutækjaskrá verði settar nánari reglur. Gert er ráð fyrir því að í ökutækjaskrá verði einungis færðar upplýsingar um þinglýsingu skjala er varða skráðar bifreiðir, en ekki önnur skráð ökutæki, svo sem bifhjól, dráttarvélar, tengi- og festivagna o.fl.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin kveður á um að þegar skjal, er varðar skráða bifreið, er móttekið til þinglýsingar skuli dómari senda þeim er annast skráningu bifreiða tilkynningu og verði þessa getið í bifreiðaskrá samkvæmt nánari reglum þar um. Við það er miðað að þess verði einungis getið í bifreiðaskrá að skjal hafi verið móttekið og við hvaða embætti það var, en hins vegar verði ekki færðar í skrána upplýsingar um efni skjals.

Um 2.–5. gr.

Samkvæmt gildandi þinglýsingalögum fer um þinglýsingu um skráðar bifreiðir samkvæmt reglum VI. kafla, þar sem m.a. er byggt á umdæmaskiptingu, eins og um þinglýsingu skipa minni en 5 rúmlesta. Lagt er til að um þinglýsingu þessa fari framvegis eftir reglum VII. kafla um þinglýsingu á lausafé almennt.

Um 6. og 7. gr.

Rétt þykir að halda því ákvæði um þinglýsingu skjala er varða skráðar bifreiðir að eigi þurfi að þinglýsa eignarheimild heldur skuli sú eignarheimild, sem fram kemur í bifreiðaskrá, talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjals.

Um 8. gr.

Gildistaka er miðuð við áramót en þá er gert ráð fyrir að ný tilhögun á skráningu ökutækja taki gildi.

Sþ. 828. Tillaga til þingsályktunar [478. mál]

um könnun á afbrotaferli fanga.

Flm.: Guðmundur Ágústsson, Óli Þ. Guðbjartsson, Albert Guðmundsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Hreggviður Jónsson.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að láta gera könnun á afbrotaferli fanga í íslenskum fangelsum þar sem einkum væri leitast við að grafast fyrir um ástæður afbrotanna.

Könnun þessi taki einnig til aðbúnaðar og starfsaðstöðu í íslenskum fangelsum og reynt verði að varpa ljósi á áhrif fangelsisvistar á hlutaðeigandi aðila.

Greinargerð.

Með könnun þessari á afbrotum, föngum og fangelsum og áhrifum fangelsunar á hlutaðeigendur er tilgangur flutningsmanna að skýra betur en nú liggur fyrir ýmis mikilvæg atriði fangelsismála hér á landi. Ef könnun þessi yrði gerð gæti hún veitt mjög mikilvægar upplýsingar sem aftur gætu orðið grundvöllur að nýrri stefnu í viðbrögðum við afbrotum hér á landi.

Hver einstaklingur, sem tapast á afbrotabraut, er dýrmætur, ekki síst svo fámennri þjóð sem Íslendingar eru, og því er til mikils að vinna að framkvæmd refsivistar verði ekki afbrotamönnum til enn meiri óheilla heldur betrunar og uppbyggingar að nýju.

Sþ. 829. Tillaga til þingsályktunar [479. mál]

um stuðning við tækniþróun í fiskiðnaði.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér nú þegar fyrir sérstöku tækniþróunarátaki í fiskiðnaði sem miðist við þriggja ára tímabil er hefjist á miðju ári 1988.

Í því skyni leggi ríkissjóður í Rannsóknasjóð til þróunarverkefna í fiskiðnaði sem svarar 30 milljónum króna árlega á verðlagi ársins 1988 gegn því að útflytjendur sjávarafurða greiði a.m.k. samsvarandi upphæð á móti. Fjárveiting ríkissjóðs á árinu 1988 nemi samkvæmt þessu 15 milljónum króna.

Greinargerð.

Fiskiðnaðurinn á Íslandi stendur frammi fyrir miklum og margháttuðum vanda. Annars vegar er efnahagsstefna stjórnvalda sem mjög þrengir að útflutningsfyrirtækjum. Hins vegar hefur hægt á tækniþróun í hefðbundnum fiskvinnslufyrirtækjum, stöðnun orðið í framleiðni og launakjör og vinnuumhverfi fólksins sem vinnur í þessari undirstöðu þjóðarbúsins orðið lakari en gerist hjá ýmsum öðrum starfsstéttum. Bolmagn fyrirtækjanna til að leggja umtalsvert af mörkum í þróunarstarfsemi er lítið og tími stjórnenda fer að miklu leyti í að bjarga málum fyrir horn vegna bágrar rekstrarstöðu.

Á meðan þetta ástand ríkir hjá fiskvinnslustöðvum í landi eiga sér stað miklar breytingar á aðstæðum hérlendis og erlendis. Miklar tæknibreytingar hafa orðið og eru

fyrirsjáanlegar í útgerð með aukinni vinnslu og frystingu um borð. Fiskmarkaðir hafa byrjað starfsemi og ýta undir sérhæfingu í vinnslu. Útflutningur á óunnum fiski hefur farið vaxandi og sú hætta blasir við að erlendir keppinautar geti byggt upp vinnslu hjá sér úr íslensku hráefni.

Hér er á ferðinni vítahringur sem lífsnauðsynlegt er fyrir Íslendinga að brjótast út úr og hann snertir hag landsbyggðarinnar meira en nokkuð annað. Um þessi efni hefur margt verið sagt og mikið ritað að undanförnu, en minna verið um samræmdar aðgerðir til að taka á vandamálinu.

Á vegum Rannsóknaráðs ríkisins hafa frá 1985 unnið tveir starfshópar að álitsgerðum um þróunarhorfur í sjávarútvegi og nauðsynlegar tæknibreytingar í fiskvinnslu og skiluðu þeir niðurstöðum sínum á árinu 1987. Eftir umræður í Rannsóknaráði um þessi álit samþykkti Rannsóknaráð á 60. fundi sínum 29. júní 1987 ályktun um tæknibreytingar í fiskvinnslu. Er ályktunin ásamt helstu niðurstöðum starfshópanna birt í heild sem fylgiskjal í framhaldi af þessari greinargerð.

Kjarninn í ályktun Rannsóknaráðs, sem m.a. fulltrúar allra þingflokka í ráðinu greiddu atkvæði, er að leggja til við ríkisstjórnina að á næstu þremur árum verið varið 60 milljónum króna á ári af opinberri hálfu til aðstoðar við tækniþróun í fiskvinnslu. Fjármagni þessu yrði veitt til rannsókna- og þróunarverkefna á vegum Rannsóknasjóðs og Fiskimálasjóðs. Reiknað var með að á móti þessum opinbera stuðningi kæmi eigin fé frá fyrirtækjum sem næmi a.m.k. 120 milljónum króna á tímabilinu.

Því miður var ekki tekið tillit til þessarar tillögu Rannsóknaráðs við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1988. Samt verður að gera ráð fyrir að Alþingi og ríkisstjórn geri sér ljósan þann grundvallarvanda sem er til staðar í fiskiðnaði. Því er með þingsályktunartillögu þessari lagt til að Alþingi feli ríkisstjórninni að beita sér frá miðju þessu ári fyrir tækniþróunarátaki í fiskiðnaði er miðist við þriggja ára tímabil. Á þessu tímabili verði a.m.k. varið 90 milljónum króna á verðlagi ársins 1988 til verkefna á þessu sviði gegn því að útflytjendur sjávarafurða greiði samsvarandi upphæð.

Fjármagninu verði varið til verkefna sem ákveðið verði að styðja á vegum Rannsóknasjóðs og þá í samráði við samtök útflytjenda sjávarafurða.

Ástæða er til að ætla að vilji sé til þess hjá útflytjendum sjávarafurða að styðja við þróunarátakið með þessum hætti. Ljóst er að hagsmunaaðilar í sjávarútvegi eiga mikið undir því komið að hér takist vel til í framtíðinni og því ekki óeðlilegt að skilyrða fjárveitingu af ríkisins hálfu með þessum hætti.

Vissulega væri réttmætt að ríkið legði fram tvöfalt hærri upphæð en hér um ræðir til þróunar tæknibreytinga í sjávarútvegi. Þar sem ríkisstjórn og meiri hluti á Alþingi treystu sér ekki til að standa að slíku við fjárlagagerð 1988 er hér flutt tillaga um lægri upphæð gegn skuldbindandi greiðslum frá sjávarútvegsaðilum á móti. Eftir að Alþingi hefur lýst vilja sínum með samþykkt þessarar tillögu verður að vænta þess að stjórnvöld standi að málinu fyrir sitt leyti.

Fylgiskjöl:

1. Ályktun Rannsóknaráðs 29. júní 1987.
2. Bréf til menntamálaráðherra 18. ágúst 1987.
3. Þróun sjávarútvegs. Ágrip. Rannsóknaráð ríkisins. Rit 1987:1.
4. Tæknibreytingar í fiskiðnaði. Útdráttur. Rannsóknaráð ríkisins. Rit 1987:2.

Fylgiskjal I.

Ályktun 60. fundar Rannsóknaráðs ríkisins.
Um tæknibreytingar í fiskvinnslu.
(29. júní 1987.)

Mikið breytingaskeið stendur nú yfir í sjávarútvegi á Íslandi. Með ákveðnari opinberri stjórnun fiskveiða, vaxandi vinnslu og frystingu afla um borð, auknum ísfiskútflutningi og tilkomu innlendra fiskmarkaða hafa nýjar aðstæður skapast.

Hagur fiskveiðanna hefur á heildina litið batnað mikið frá því sem var, en staða frystiiðnaðarins er erfið. Hörð samkeppni um hráefni, hækkandi hráefnisverð og vandkvæði á að fá fólk til starfa leiða til þess að knýjandi nauðsyn er að endurskipuleggja þennan atvinnuveg til að gera hann samkeppnishæfan á ný.

Starfshópur á vegum Rannsóknaráðs hefur lagt fram tillögur um leiðir til aðstoðar í þessu efni. Bendir hann á að með samstarfi fyrirtækja í fiskvinnslu og iðnaði og opinberra stofnana megi þróa aðferðir, tæki og stýribúnað sem annars vegar geti auðveldað jöfnun á hráefnisflæði í tengslum við tilkomu fiskmarkaðar og hins vegar aukið stórlega sjálfvirkni í vinnslunni. Með sérhæfingu vinnslustöðva og sjálfvirkni er líklegt að auka megi framleiðni sem skili ávinningi er skiptir milljörðum króna á ári. Með bættri stjórnun og öflugri vöruþróun í tengslum við slíkar tæknibreytingar gæti ávinningurinn orðið enn meiri.

Samvinna milli stofnana og fyrirtækja í sjávarútvegi og iðnaði um þetta mál gæti eflt tæknikunnáttu Íslendinga á þessu mikilvæga sviði og opnað margvísleg tækifæri til framleiðslu á tækjabúnaði og til sölu á tækniþekkingu á innlendum og erlendum markaði.

Rannsóknaráð ríkisins ályktar á 60. fundi sínum 29. júní 1987 að leggja til við ríkisstjórnina að á næstu þremur árum verði varið 60 milljónum króna á ári af opinberri hálfu til aðstoðar við tækniþróun í fiskvinnslu. Leggur ráðið til að helmingi þessa fjár verði veitt í Rannsóknasjóð til að styðja rannsókna- og þróunarverkefni eftir umsóknum sem metnar verði á faglegum forsendum. Áhersla yrði lögð á samvinnu milli fyrirtækja og stofnana um verkefnin. Lagt er til að hinum helmingnum verði veitt í Fiskimálasjóð sem misst hefur tekjustofn sinn, en þyrfti að geta veitt fyrirtækjum áhættulán eða styrki til vöruþróunar, vinnslutilrauna og markaðsaðgerða í tengslum við vinnslunýjungar. Reiknað er með að á móti þessum opinbera stuðningi komi eigið fé fyrirtækja og framtaksfé frá fjármagnsfyrirtækjum sem nemur a.m.k. 120 milljónum króna.

Fylgiskjal II.

Bréf til menntamálaráðherra
frá Rannsóknaráði ríkisins.
(18. ágúst 1987.)

Málefni: Rannsóknasjóður — tæknibreytingar í sjávarútvegi.

Meðfylgjandi er skýrsla starfshóps sem Rannsóknaráð skipaði til að gera tillögur um leiðir til að stuðla að tæknibreytingum í fiskvinnslu er aukið gætu samkeppnishæfni greinarinnar. Starfshópurinn var skipaður í framhaldi af skýrslunni „Þróun sjávarútvegs" sem ráðið lét gera nýlega og leiddi í ljós verulega erfiðleika fiskvinnslunnar vegna breyttra skilyrða í hráefniskaupum, markaðsbreytinga og samkeppni um vinnuafl.

Að áliti starfshópsins eru líkur til að auka megi verulega framleiðni í fiskvinnslu, draga úr vinnuaflsþörf og vinnslukostnaði. Bent er á ein 27 viðfangsefni til umbóta á ýmsum stigum vinnslunnar. Telur hópurinn að með sjálfvirkni og bættu skipulagi megi spara stóran hluta þess vinnuafls sem nú er bundinn við einhæf störf í vinnslunni og að ávinningurinn geti skipt milljörðum króna á ári fyrir fiskvinnsluna.

Rannsóknaráð fjallaði um skýrslurnar „Þróun sjávarútvegs" og „Tæknibreytingar í fiskvinnslu" á fundi sínum 30. júní sl. Samþykkti ráðið meðfylgjandi ályktun þar sem lagt er til við ríkisstjórnina að varið verði 60 m.kr. á ári af opinberri hálfu til aðstoðar við tækniþróun í fiskvinnslu og helmingi þess fjár verði veitt í Rannsóknasjóð. Hinum helmingnum verði veitt í Fiskimálasjóð sem misst hefur tekjustofn sinn, en þyrfti að geta veitt fyrirtækjum fjárhagslega aðstoð við vöruþróun og vinnslunýjungar. Reiknað er með að fyrirtækin þurfi að leggja fram a.m.k. 120 m.kr. á ári til að ná þeim ávinningi sem að er stefnt. Ályktun þessari er hér með komið á framfæri við ríkisstjórnina.

Á það skal sérstaklega bent að tillögur starfshópsins lúta að miklu leyti að þróun hátæknibúnaðar, bæði vélbúnaðar og hugbúnaðar. Átak á þessu sviði gæti því orðið mikil lyftistöng fyrir þróun upplýsingatækniiðnaðar hér á landi, einmitt á því sviði þar sem þegar er fyrir töluverð þekking og samkeppnismöguleikar íslenskra fyrirtækja eru hvað vænlegastir. Um það er reyndar einnig fjallað í álitsgerð starfshóps Rannsóknaráðs „Tölvu- og upplýsingatækni á Íslandi" sem kynnt var í byrjun þessa árs og fylgir hér með. Fjármagn í þessu skyni kæmi þannig bæði sjávarútvegi og iðnaði til góða og gæti treyst grundvöll fiskvinnslufyrirtækja sem nú standa höllum fæti víða um land.

Með hliðsjón af þessu og af yfirlýstri stefnu hinnar nýju ríkisstjórnar um stuðning við nýsköpun byggða á hátækni er lagt til að Rannsóknasjóður verði efldur myndarlega með fjárlögum næsta árs. Það mætti gera hvort heldur með sérstöku eyrnamerktu framlagi til aðstoðar við tæknibreytingar í fiskvinnslu eða með auknu framlagi sem þá yrði að drjúgum hluta notað til að auka stuðning við þróunarverkefni á sviði upplýsingatækni. Það svið hefur hingað til vikið nokkuð fyrir átaki í líftækni og fiskeldisrannsóknum.

Vonast er til að ríkisstjórnin sjái sér fært að taka á þennan hátt myndarlegt skref í mótun nýsköpunar- og tæknistefnu í þágu atvinnulífsins í upphafi kjörtímabils er sjá megi árangur af á starfstíma hennar.

Vilhjálmur Lúðvíksson.

Fylgiskjal III.

Þróunarhorfur í sjávarútvegi.
(Úr riti Rannsóknaráðs ríkisins 1987:1.)

I N N G A N G U R

Í október, 1985 setti Rannsóknaráð ríkisins á fót nefnd sem semja átti álitsgerð um þróunarhorfur í sjávarútvegi. Tilgangur þessa starfs var að álitsgerðin yrði leiðandi við mótun stefnu á sviði rannsókna og þróunarstarfsemi í þágu sjávarútvegsins. Jafnframt var þess vænst að álitsgerðin kæmi að gagni við stefnumótun stjórnvalda í málefnum sjávarútvegsins.

Í starfshópinn voru skipaðir eftirtaldir aðilar:

Ólafur Karvel Pálsson, Hafrannsóknastofnun, formaður
Hjalti Einarsson, fr.kv.stj. Sölumiðstöð hraðfrystih.
Þorsteinn Már Baldvinsson, fr.kv.stj. Samherja hf.

Ritari nefndarinnar var Gunnar Björn Jónsson, rekstrarhagfræðingur.

Til að fá sem besta yfirsýn yfir stöðu mála í sjávarútvegi var leitað til einstaklinga með sérþekkingu á ýmsum sviðum sjávarútvegs. Þeir voru beðnir að skila skriflegu áliti á þróunarhorfum á þeirra sérsviði ásamt framtíðarsýn þeirra á rannsóknum og þróunarstarfsemi sem tengjast því.

Þær álitsgerðir sem hér fylgja eru árangur þessa starfs. Alls bárust álitsgerðir frá 27 aðilum. Þessar álitsgerðir og 5 framsöguerindi um meginsvið sjávarútvegs voru uppistaðan í ráðstefnu um þróun sjávarútvegs sem haldin var 30. maí, 1986. Markmið þessarar ráðstefnu var að fá fram umræðu um skoðanir manna á þeim þróunarhorfum sem lýst er í álitsgerðunum. Með þetta vegarnesti þ.e.a.s. álitsgerðirnar og framsöguerindin flutt á ráðstefnunni, niðurstöður starfshópa ásamt almennum umræðum á ráðstefnunni hefur starfshópurinn gengið frá endanlegri skýrslu til Rannsóknaráðs.

Skipulag þessarar skýrslu er að hluta til með sama hætti og skipulag ráðstefnunnar. Í fyrstu 5 köflunum er fjallað um helstu þætti sjávarútvegs þannig að inngangserindi þau sem flutt voru á ráðstefnunni eru látin halda sér óbreytt. Á eftir hverju inngangserindi fylgja svo álitsgerðir þær sem við eiga í styttri útgáfu. Í lok hvers kafla birtast svo niðurstöður umræðna starfshópa á ráðstefnunni sem fjölluðu um þetta málefni.

Kafli 6 er almennar umræður frá ráðstefnunni í styttri útgáfu. Kaflar 7 og 8 ásamt viðauka eru framlag starfshóps þar sem meginniðurstöður eru settar fram og í framhaldi af því tillögur til úrbóta um skipulag rannsókna og þróunarstarfsemi í sjávarútvegi.

0. Á G R I P

0.1 FISKVEIÐAR OG ÚTGERÐ

Ekki að vænta umtalsverðrar afkasta-aukningar.

- Ekki er líklegt fremur en áður að umtalsverð aukning verði á aflamagni á Íslandsmiðum á næstu árum. Jafnframt verða aflabrögð háð sveiflum eins og verið hefur síðustu árin. Þó eru ýmsir botnlægir fiskstofnar (gulllax, úthafskarfi) og hryggleysingjar (krabbategundir, ígulker) vannýttir annað hvort af efnahags- eða markaðsforsendum eða vegna skorts á rannsóknum á stofnstærð og veiðanleika þeirra.

Flotinn þriðjungi of stór.

- Fiskiskipaflotinn er talinn um þriðjungi of stór miðað við afrakstur fiskstofnanna og hagkvæmni veiðanna frá sjónarmiði þjóðarheildar. Æskilegt er að forsendur sóknarkvótakerfis verði endurskoðaðar, aflakvótum verði úthlutað til langs tíma og framsal þeirra heimilað milli útgerða.

Stórfelldar tæknibreytingar í útgerð.

- Stórfelldar tæknibreytingar eru fyrirsjáanlegar í útgerð með aukinni vinnslu og frystingu um borð og bættum aðbúnaði áhafna. Flotinn gæti því stækkað þótt sóknarmáttur aukist ekki frá því sem nú er.

0.2 FISKVINNSLA

Breyting á grunngerð fiskvinnslunnar framundan.

- Með aukinni vinnslu um borð og vaxandi ísfisksölum erlendis þrengir nú mjög að fiskvinnslufyrirtækjum hér á landi. Hækkandi hráefnisverð og samkeppni um hráefnið mun leiða til verulegra skipulags- og tæknibreytinga í fiskvinnslunni. Fyrirtækjum mun fækka og þau lífvænlegustu munu aðlaga sig breyttum aðstæðum.

- Uppboðsmarkaðir munu leysa starfsemi verðlagsráðs af hólmi í ákvörðun

Uppboðsmarkaðir ákveða hráefnisverð.

hráefnisverðs. Jafnframt mun vinnsla einstakra fyrirtækja byggjast á sérhæfingu eftir tegundum og mörkuðum til að skapa sem besta nýtingu hráefnis, tækja og vinnuafls, svo og stöðugleika og þar með hagkvæmni í vinnsluna.

Vélvæðing og sjálfvirkni eykst.

- Vélvæðing og sjálfvirkni verður snar þáttur í þeirri umstokkun sem framundan er. Verkþættir eins og snyrting, skurður, flokkun, vigtun, pökkun og frysting verða vélvædd og flutningar og framleiðslustýring og skráning í vaxandi mæli gerð sjálfvirk.

Vinnslan verður jafnari - fjölbreyttari.

- Þrátt fyrir vaxandi sérhæfingu er nauðsyn að halda sveigjanleika í vinnslu svo sem kostur er vegna sveiflna á ytri aðstæðum.

Endurbætur í fiskmjölsframleiðslu.

- Vinnslustöðvar munu að hluta vinna úr sjófrystu hráefni til að jafna álag og taka upp framleiðslu á tilbúnum réttum eða hálfunnu efni í slíka rétti. Vörutegundir úr fiskfarsi eða fiskmarningi (surimi) njóta vaxandi vinsælda og gætu bæði stuðlað að betri nýtingu hráefnis og skapað grunddvöll fyrir veiðar á vannýttum tegundum. Einnig þannig má nýta feitar fisktegundir til manneldis. Úrvinnsla, pökkun og sala á tegundum sem aldar eru í fiskeldisstöðvum gætu orðið mikilvægur liður í starfsemi fiskvinnslufyrirtækja, sem nú sinna hefðbundnum tegundum.

Fóðuriðnaður vex.

- Framleiðsla á fóðri til loðdýra og fiskeldis verður snar þáttur í hagnýtingu fiskúrgangs og feitfisks og munu fóðurframleiðslufyrirtæki rísa. Það ásamt bættri orku- og hráefnisnýtingu verðu til að hraða endurbótum í fiskimjölsverksmiðjum, sem fá aukinn markað innanands fyrir vandaðra og verðmeira mjöl.

Líftækni - breyttar vinnsluaðferðir -

- Líklegt er að hagnýting líftækni leiði til breytinga á vinnsluaðferðum er fyrst og fremst bæti hráefnisnýtingu og skapi nýja

nýjar afurðir.

vinnslumöguleika t.d. með roð og himnuflettingu, hreistur- og skelflettingu, eða þéttingu á soðkjarna við mjölvinnslu.

0.3 FLUTNINGAR

Flutninga-tækninni fleygir fram.

- Miklar breytingar hafa orðið á tækni og skipulagi flutninga að undanförnu, sérstaklega með tilkomu sérhæfra gáma. Auknar kröfur um gæði og ferskleika og nýjungar í pökkunaraðferðum og nýjar markaðsleiðir munu valda frekari breytingum á þessum mikilvæga þætti framleiðsluferilsins. Líklegt er að reglubundnir flutningar til fjarlægra markaða hefjist og að flutningar með flugvélum aukist á næstu árum.

0.4 MARKAÐSMÁL

Góðar horfur í sölumálum.

- Horfur eru á hagstæðri þróun á helstu fiskmörkuðum fyrir mikilvægustu fiskafurðir landsmanna að undanskilinni saltsíld og skreið. Álit fiskmetis sem hollfæðis fer ört vaxandi, ekki síst fyrir tilstilli rannsókna á áhrifum fiskolía á kransæðasjúkdóma. Mun hollustusjónarmið verða mjög mikilvægt í þróun markaða fyrir fiskafurðir á næstu árum.

Gengisþróun skapar óvissu.

- Útlit er fyrir að eftirspurn eftir fiski verði töluvert meiri en framboð. Þetta gildir beggja megin Atlantshafs á stærstu mörkuðum okkar. Hagkvæmni þessara markaða ræðst ekki síst af þróun gengismála í þessum mörkuðum.

0.5 VINNUAFL OG AÐBÚNAÐUR Í SJÁVARÚTVEGI

Störfum fækkar í vinnslu - fjölgar í veiðum.

- Með stóraukinni sjálfvirkni mun störfum fækka í fiskvinnslu, en laun og afköst á mann hækka og atvinnuöryggi aukast. Sjómönnum mun þó væntanlega ekki fækka, hugsanlega fjölga eitthvað, enda mun hluti af vinnslunni flytjast frá landstöðvum um

borð í fiskiskipin. Tekjur sjómanna munu hækka með tilkomu uppboðsmarkaða og vinnslu um borð.

Vinnuumhverfi batnar.

- Líklegt er að átak verði gert til umbóta á vinnuumhverfi og aðbúnaði í fiskvinnslu. Sama gildir raunar um aðbúnað sjómanna um borð í fiskiskipum.

Ímynd sjávarútvegs batnar.

- Líklegt er að ímynd sjávarútvegsstarfa batni með bættum starfsskilyrðum og með auknum möguleikum til menntunar með tilkomu sjávarútvegsskóla í einhverri mynd og skipulögðu námskeiðahaldi um ýmis efni.

0.6 RANNSÓKNIR OG ÞRÓUNARSTARFSEMI Í ÞÁGU SJÁVARÚTVEGS

- Mikil gróska er nú í rannsóknum og þróunarstarfsemi, sem tengist sjávarútvegi. Unnið er að a.m.k. 90 verkefnum og eru þá allar líffræði- og stofnstærðarrannsóknir Hafrannsóknastofnunar taldar í aðeins 4 stórum verkefnum. Af þessum verkefnum eru 40 tengd fiskvinnslu, 28 tengd fiskveiðum og 19 tengd fiskeldi. Sérstaklega er áhugavert að svo mikil athygli beinist nú að málefnum fiskvinnslunnar, t.d. að greiningu og fjarlægingu hringorma. Þáttur fyrirtækja í þessum verkefnum er áberandi og vaxandi. Ljóst er að fjöldi iðn- og þjónustufyrirtækja býr yfir mikilli sérþekkingu á þörfum sjávarútvegsins og gætu með opinberum stuðningi lagt skerf til nýsköpunar í þessari atvinnugrein.

Gróska í r og þ.

Mörg mikilvæg verkefni bíða.

- Fjölmörg verkefni bíða úrlausnar. Má þar nefna:

  - Rannsóknir á vistkerfi Íslandsmiða til að öðlast fyllri skilning á samspili lífrænna og ólífrænna þátta, sem mynda vistkerfið og ráða afkastagetu svæðisins til lengri tíma.

- Rannsóknir á gagnvirkum tengslum nytjastofna (tegunda) til að þróa fjöltegundalíkön til að kanna innbyrðis gagnáhrif tegunda á stofnstærð þeirra.

- Rannsóknir og tilraunaveiðar á vannýttum fiskstofnum og hryggleysingjum. Samhliða þessu þarf að rannsaka vinnslu- og markaðsmöguleika.

- Rannsóknir og þróunarstarfsemi er tengist tæknibreytingum í útgerð, sérstaklega með tilliti til vinnslu, geymslu og flutnings afla um borð í fiskiskipi, svo og hagnýtingu upplýsingatækni til að auka hagkvæmni og öryggi fiskiskipa.

- Rannsóknir sem lúta að hagkvæmustu fiskveiðistefnu. Tengja þarf hagrænar, félagslegar og haf- og fiskifræðilegar rannsóknir saman. Rannsóknir á "æskilegri" stærð og samsetningu fiskiskipaflotans og áhrifum sóknarkvóta og aflakvóta á hagkvæmni fiskveiða frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar.

- Rannsóknir á nýjum leiðum til að tryggja stöðuga hráefnisöflun og -miðlun til fiskvinnslunnar.

- Rannsóknir á geymslu og meðferð afla og unninna fiskafurða til að auka gæði og geymsluþol fiskafurða og hagkvæmni í flutningum og markaðssetningu.

- Samræmd vöruþróun og markaðslegt undirbúningsstarf, þ.e. vöruþróun með hliðsjón af breytingum á markaðsvenjum, flutnings- og dreifileiðum, umbúðakröfum, gæðakröfum, o.s.frv. Markaðstilraunir með nýjar og vannýttar tegundir sjávarfangs.

- Alhliða rannsóknir á vinnuumhverfi og

aðbúnaði í veiðum og vinnslu.

- Rannsóknir á skilyrðum til sjávarbúskapar við strendur Íslands, bæði umhverfisskilyrðum til fiskeldis og hafbeitar og einstökum tegundum, sem henta til eldis eða ræktunar hér við land.

0.7 SKIPULAG OG FJÁRMÖGNUN R OG Þ STARFSEMI

Vantar heildarsamtök - betri samræmingu.

- Rannsóknir og þróunarstarfsemi á mikilvægum viðfangsefnum í sjávarútvegi eru í höndum fjölmargra fyrirtækja auk opinberra stofnana, án þess að um heildarsamræmingu sé að ræða. Sú þekking sem þarf til að sinna viðfangsefnunum er dreifð. Bent er á að í sjávarútveginum er enginn vettvangur til að fjalla um sameiginleg málefni veiða og vinnslu. Þörf er á betri samræmingu til að tryggja að mikilvægustu verkefnin séu unnin á hverjum tíma og kröftum sé ekki of mikið dreift. Rannsóknaráð ætti að hafa frumkvæði í því efni.

Vantar þróunarsjóð fyrir sjávarútveg.

- Bent er á að fyrirtæki í sjávarútvegi njóta ekki lengur hliðstæðs stuðnings af opinberri hálfu til þróunarverkefna, eins og iðnaður fær frá Iðnlánasjóði og landbúnaður frá Framleiðnisjóði. Stofna þarf þróunarsjóð í sjávarútvegi til að sinna þessu hlutverki eftir að tekjustofnar Fiskimálasjóðs voru felldir niður á síðasta ári.

Þörf á sameiginlegu átaki.

- Mikil þörf er fyrir sameiginlegt rannsókna- og þróunarátak opinberra aðila og einkaaðila í þágu fiskvinnslunnar við núverandi skilyrði.

Fylgiskjal IV.

Tæknibreytingar í fiskiðnaði.
(Úr riti Rannsóknaráðs ríkisins 1987:2.)

FORMÁLI

Rannsóknaráð ríkisins skipaði starfshóp hinn 1. apríl 1987 til að leggja fram tillögur, sem gætu orðið grundvöllur að samhæfðum aðgerðum opinberra aðila og fyrirtækja til að hraða tækniþróun í fiskvinnslu. Starfshópurinn var skipaður í framhaldi af athugun á þróunarhorfum í sjávarútvegi en niðurstöður þeirrar athugunar er að finna í riti Rannsóknaráðs ríkisins, **Þróun sjávarútvegs**, 1:1987.

Í nefndinni voru :

Pétur K. Maack, Háskóla Íslands, formaður
Davíð Lúðvíksson, Fél. ísl. iðnrekenda
Finnbogi Alfreðsson, Framleiðni sf.
Grímur Valdimarsson, Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins
Páll Kr. Pálsson, Iðntæknistofnun Íslands
Sturlaugur Daðason, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna

Starfsmaður nefndarinnar var Gylfi Aðalsteinsson, hagfræðingur og honum til aðstoðar var Gunnar Björn Jónsson, rekstrarhagfræðingur hjá Rannsóknaráði ríkisins.

Hlutverk starfshópsins var að móta hugmyndir um helstu svið rannsókna- og þróunarverkefna, sem hagkvæmt væri að ráðast í, með það fyrir augum að bregðast við breyttum starfsskilyrðum í fiskvinnslu og bæta samkeppnishæfni hennar.

Starfshópurinn vann að þessu verki frá byrjun apríl 1987 fram í júníbyrjun og hélt að jafnaði fund einu sinni í viku eða alls 10 fundi.

Nefndin ákvað í upphafi að leggja aðaláherslu á að kanna hvernig hægt væri með hagræðingu og sjálfvirkni á ýmsum stigum vinnslunnar að ná skjótum hagrænum árangri. Þannig mætti fá fram, hvar í vinnslurásinni væri arðs að vænta og hvers konar rannsóknar- og þróunarverkefni væru líklegust til að gefa mestan arð. Það gæti síðan verið til leiðbeiningar fyrirtækjum og fjármögnunaraðilum við val á verkefnum.

Starfshópnum er ljóst, að slík nálgun getur aðeins leitt í ljós hvaða verkefni eru líklegust til að skila arði til skamms tíma. Langtíma rannsóknarverkefni verða ekki metin á þennan hátt og þessi mælikvarði verður ekki heldur lagður á vöruþróunar- eða markaðsverkefni nema að takmörkuðu leyti. Með þessu er heldur ekki fjallað um mannlega þætti stjórnunar. Á því sviði geta einstök fyrirtæki og einstaka stjórnendur án efa náð árangri sem kann að vera langt umfram það sem hér er rætt um. Að hluta miða þróunarverkefnin sem hér er rætt um þó að því að færa stjórnendum ný tæki í hendur sem auðveldað geta störf þeirra og skapað betri grundvöll fyrir ákvarðanir um ýmsa þætti rekstursins.

Þrátt fyrir þessar augljósu takmarkanir skýrslunnar er það von starfshópsins að Rannsóknaráð ríkisins og aðrir geti haft gagn af henni til að meta til hvers konar þróunar- og rannsóknarverkefna sé vænlegt að veita fé næstu tvö árin.

Reykjavík 13. júní, 1987
f.h. starfshópsins

Pétur K. Maack

ÚTDRÁTTUR

1. MEGINFORSENDUR

Miklar breytingar hafa orðið og eru að verða á skipulagi og starfsháttum í sjávarútvegi landsmanna. Helstu ástæðurnar fyrir þessu má nefna:

- Beina íhlutun stjórnvalda, með kvótareglum, um skipulag veiða og aflamagn.

- Vinnslu um borð, sem hefur orðið algengari með tilkomu frysti- og verksmiðjutogara.

- Uppboðsmarkaði fyrir fisk, sem eru að líta dagsins ljós og valda því, að áhrif opinberra verðákvarðana fara minnkandi.

- Aukna eftirspurn eftir fiski yfirleitt, sérstaklega ferskum fiski á uppboðsmörkuðum erlendis, sem veldur því, að fiskiskip sigla frekar utan með afla og farið er að flytja fisk utan í gámum.

- Breytingar á innbyrðis vægi erlendra gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni og þar með mikilvægi einstakra markaða.

Þessar aðstæður hafa stórlega bætt hag útgerðarinnar eftir aflasamdrátt og erfiðleikatímabil áranna á undan. Hins vegar á fiskvinnslan nú í erfiðleikum m.a. vegna þess að:

- Hún á í harðari samkeppni um hráefni en nokkru sinni fyrr bæði við erlenda aðila og frystiskip. Hráefnisverð til vinnslunnar hefur stórhækkað í reynd.

- Erfitt er að fá fólk til starfa í fiskvinnslunni og halda því með núverandi vinnsluháttum.

Á móti kemur að mikil eftirspurn er eftir fiskafurðum og afurðaverð fer hækkandi. Ennfremur hefur fiskvinnslan oft áður staðið frammi fyrir breytingum á ytri skilyrðum og brugðist við með ýmsum hætti s.s. tækninýjungum og skipulagsbreytingum. Í kjölfarið hafa svo komið þróunar- og framfaraskeið. Þessi helstu þróunarskeið, eins og tilkoma flökunarvéla, afkastahvetjandi launakerfi jafnhliða hagræðingu, tölvuvogir o.fl. eru sýnd á
mynd 1 bls. 9 í lok þessa kafla.

Ein leið fiskvinnslunnar til að bregðast við harðnandi samkeppni um fisk og við fólkseklu er að innleiða tækninýjungar. Tækninýjungar eru í sjónmáli til aukinnar sjálfvirkni á öllum vinnslustigum. Ennfremur verður hægt að miðla upplýsingum hvert sem er um það, hvað er til af fiski og hvar, næstum frá því fiskur er dreginn um

borð og þar til honum er dreift á markað. Mikilvægustu tækninýjungarnar á næstu árum tengjast annars vegar jöfnun hráefnis til vinnslunnar og hins vegar sjálfvirkni. Hið fyrra er að nokkru forsenda hins síðara. Þetta er sýnt sem spá á mynd 1, bls. 9.

Framleiðsla á tækjum og búnaði til fiskvinnslu og útgerðar er sú tegund iðnaðar sem hefur aukið mest hlutdeild sína í útflutningi landsmanna. Vaxandi áhugi er á því að þróa slíkar vörur og nýta tæknikunnáttu og reynslu til að skapa nýja framleiðslu og atvinnumöguleika.

Sé það rétt að framundan geti verið umtalsverðar tæknibreytingar í fiskvinnslunni eru það tækifæri sem nýta þarf sem best.

Tæknibreytingar gerast þó ekki sjálfkrafa. Til þess þarf rannsókna- og þróunarstarf. Tilgangurinn með þessari skýrslu er að benda á álitleg rannsókna- og þróunarverkefni, sem miða að aukinni framleiðni og hagkvæmni í greininni og geta jafnframt stuðlað að frekari uppbyggingu ört vaxandi rafeinda-, hugbúnaðar- og véltækniiðnaðar.

2. NIÐURSTÖÐUR OG TILLÖGUR

Niðurstöður starfshópsins eru, að það séu einkum tvenns konar þróunar- og rannsóknarverkefni, sem geta bætt samkeppnisaðstöðu fiskvinnslunnar. Í fyrsta lagi:

VERKEFNI TENGD HRÁEFNISJÖFNUN

Aukin sérhæfing sem byggist á jöfnu flæði hráefnis til vinnslunnar og að einhverju leyti af tiltekinni tegund og stærð er líklegust til að skapa nýtt framfaraskeið í vinnslunni. Ávinningur af því er metinn á 5-10% af framleiðsluverðmæti vinnslunnar eða af stærðargráðunni 750 til 1500 milljónir króna á ári.

Öll rannsókna- og þróunarverkefni sem stuðlað geta að þessari jöfnun ættu að hafa forgang. Sérstaklega er mælt með eftirfarandi þróunar- og rannsóknarverkefnum:

Verkefni, sem tengjast miðlun á fiski:

- Upplýsinga- og fjarskiptakerfi sem veita upplýsingar um veitt magn, tegund og stærð og geta greitt fyrir sölu og miðlun á fiski.
- Geymsluaðferðir sem auka geymsluþol fisks.
- Flokkun og frágangur fisks um borð.

Verkefni, sem tengjast framleiðslustjórnun í vinnslunni:

- Reiknilíkön sem geta verið framleiðslustjóra til aðstoðar við innkaup á hráefni og við framleiðsluskipulagningu.

- Reiknilíkön fyrir tölvur, sem byggja á upplýsingum um ástand hráefnis og framvindu vinnslunnar svo að fiskurinn fari í heppilegustu vinnslu hverju sinni, hvort sem um er að ræða ferskar eða frystar vörur ætlaðar á markað austan eða vestan hafs.

Í öðru lagi:

SJÁLFVIRKNI Í VINNSLUNNI

Þegar til lengri tíma er litið virðist sjálfvirkni geta aukið hagkvæmni og dregið úr mannaflaþörf vinnslunnar. Ávinningur er talinn geta verið um 8-10% af framleiðsluverðmæti vinnslunnar eða einn til einn og hálfur milljarður króna á ári.

Þessi þróun er þegar komin vel á veg sums staðar í vinnslurásinni t.d. í móttöku en annars staðar skemmra t.d. í snyrtingu. Jafnt hráefnisaðstreymi er forsenda fyrir að þessi þróun skili fullum ávinningi a.m.k. til skemmri tíma litið. Því er mælt sérstaklega með þróunar- og rannsóknarverkefnum sem geta stuðlað að sjálfvirkni í vinnslunni.

Verkefni sem tengjast sjálfvirkni eru:

- Hvers konar tæki sem geta skynjað ástand hráefnis, legu og lögun fisks, orma og beina á svipaðan hátt og mannsaugað þ.e.a.s. mælingar við sjálfa vinnsluna.

- Sjálfvirk flokkunar- og niðurskurðarkerfi.

- Sjálfvirk frysting eða aðferð við geymslu á annan hátt.

- Sjálfvirk snyrting og hreinsun flaka.

- Verkefni sem miða að þjálfun starsfólks vegna aukinnar sjálfvirkni og kröfu um fjölhæfni, ásamt þróun nýrra afkastahvetjandi launakerfa.

FJÁRFRAMLAG TIL RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARVERKEFNA

Erfitt er að koma með rökstudda tillögu um hve miklum fjárhæðum eigi að verja til þróunar- og rannsóknastarfa. Ljóst er, að þróunar- og rannsóknarstarf eins og hér er lýst að framan, er annars vegar knýjandi fyrir fiskvinnsluna svo að hún verði samkeppnisfær um afla og starfsfólk og hins vegar tækifæri fyrir vaxandi iðnað.

Tillögur nefndarinnar eru þessar:

- Gert verði átak til að efla samstarf iðnaðar, fiskvinnslu og rannsóknastofnana um þróun tækni og aðferða til að stórauka hagkvæmni í fiskvinnslu. Þetta má gera með því að bjóða fram fé til stuðnings verkefnum er beinast að þessu markmiði með því að kynna fyrirtækjum og stofnunum rækilega, hver talinn sé ávinningur af einstökum þróunar- og rannsóknarverkefnum á mismunandi sviðum. Hvetja þarf þá aðila, sem líklegastir eru í hverju verkefni til samvinnu og knýja á um að þeir skilgreini verkefnin vandlega, geri fjárhags- og vinnuáætlanir og hefjist handa við þau verkefni sem álitlegust verða talin. Rannsóknaráð hafi forgöngu um þessa kynningu og útvegi fé til að styðja álitleg verkefni. Umtalsverður hluti fjármagns til þróunarverkefna gæti komið sem lán frá sjóðum iðnaðarins eða fiskvinnslunnar.

- Næstu þrjú árin verði árlega varið 150-200 millj. kr. til rannsóknar- og þróunarverkefna í fiskvinnslu á ofangreindum sviðum.

- 1/3 komi frá hinu opinbera eða 50-60 millj. kr á ári og verði t.d. veittar úr Rannsóknarsjóði ríkisins.

Þessi fjárhæð er þannig fengin að miðað er við að ávinningur af nýrri tækni geti verið 2 - 3 milljarðar króna á ári, og að fjárfesting skili sér á þremur árum, og að 10-15% af væntanlegum ávinningi megi verja til þróunarstarfa, og hið opinbera leggi fram um þriðjung fjárins [1].

1. Samkvæmt Hagtíðindum nr. 1 1987 var f.o.b. verðmæti frystra flaka á meðalgengi 1986 um 12 milljarðar, nýs og ísvarins um 3 milljarðar og saltfisks um 5.7 milljarðar.

MYND 1

ÞRÓUN TÆKNI Í FISKVINNSLU



Sþ. 830. Fyrirspurn [480. mál]

til fjármálaráðherra um tekjur einstaklinga.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur og Kristínu Einarsdóttur.

Hverjar eru heildartekjur launafólks tekjuárin 1985, 1986 og 1987 — og fyrstu mánuði ársins 1988 ef hægt er — skipt eftir kyni, aldri, störfum og vinnuveitendum (ríki, sveitarfélög, hálfopinberar stofnanir, aðrir)? Óskað er eftir að aldursskipting sé 16–20 ára og í 10 ára bilum eftir það.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 831. Fyrirspurn [481. mál]

til viðskiptaráðherra og dómsmálaráðherra um mengunarútbúnað bifreiða.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

1. Hefur verið athugað hvort skylda megi innflytjendur bifreiða til að flytja aðeins inn til landsins þær bifreiðar sem eru búnar mengunarútbúnaði? Ef svo er hvað líður þeirri athugun?
2. Má búast við löggjöf er takmarki mengun af völdum bifreiða?

Sþ. 832. Fyrirspurn [482. mál]

til landbúnaðarráðherra um kynbætur á svínum og alifuglum.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að komið verði á fót stöð til kynbóta á svína- og alifuglastofnunum?
2. Hefur verið athugað með hvaða hætti bæta má svína- og alifuglastofna hér á landi til aukinnar framleiðni í þessum búgreinum?

Sþ. 833. Fyrirspurn [483. mál]

til viðskiptaráðherra um hlutafélagaskrá.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

1. Stendur til að efla eftirlitshlutverk hlutafélagaskrár?
2. Hvernig getur á því staðið að hlutafélög, sem hafa ekki starfað í áratug, og hlutafélög, sem eru gjaldþrota, eru enn á hlutafélagaskrá?

3. Hve hart er gengið eftir því að skilað sé tilkynningum um stjórnarskipti í hlutafélögum, ársreikningum og öðrum breytingum á hlutafélagi sem skylda er að tilkynna til hlutafélagaskrár?

Sþ. 834. Fyrirspurn [484. mál]

til fjármálaráðherra um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

Hvernig er sá samningur sem gerður hefur verið á milli ÁTVR og Glenmore Distilleries Company um framleiðslu og sölu á vodkategundinni ELDUR ÍS? Í því sambandi er óskað svars við eftirtöldu:

a. Hvað er samningurinn til langs tíma?
b. Hvaða tekjur hefur ÁTVR af samningnum?
c. Hvaða rétt hefur ÁTVR til sölu á Íslandi og erlendis?
d. Er hugsanlegt samkvæmt samningnum að hinn erlendi aðili geti án leyfis ÁTVR sett á stofn framleiðslu- eða átöppunarfyrirtæki í öðrum löndum?

Sþ. 835. Fyrirspurn [485. mál]

til forsætisráðherra um fiskeldi.

Frá Svavari Gestssyni.

Undir hvaða ráðuneyti telur ríkisstjórnin að fiskeldi eigi að heyra í framtíðinni?

Sþ. 836. Fyrirspurn [486. mál]

til utanríkisráðherra um birtingu heimilda um utanríkismál.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvenær er þess að vænta að gögn utanríkisráðuneytisins um samskipti Íslands við önnur ríki á liðnum áratugum verði aðgengileg?

Sþ. 837. Fyrirspurn [487. mál]

til fjármálaráðherra um kostnað vegna auglýsinga um eigið ágæti, skattkerfisbreytingar ríkisstjórnarinnar, o.fl.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hver er orðinn kostnaður ríkisins vegna nokkurra heilsíðuauglýsinga, sem birst hafa í dagblöðum undanfarið, um „ágæti“ núgildandi skattkerfis, meðferð og ráðstöfun opinbers fjár o.fl. á vegum fjármálaráðuneytisins og hversu miklum fjármunum er ætlað að verja í heild í þessu skyni?

2. Var ákvörðun um „auglýsingaherferð“ þessa tekin af ríkisstjórninni í heild eða fjármálaráðherra einum?
3. Var gert ráð fyrir þessum útgjöldum sérstaklega við afgreiðslu fjárlaga og ef svo er hvar sér þess stað?
4. Er þess að vænta að ríkisstjórnin hefji hliðstæðar auglýsinga- eða kynningarherferðir á stefnu sinni í öðrum málaflokkum sem greitt verði fyrir úr ríkissjóði?

Sþ. 838. Fyrirspurn [488. mál]

til menntamálaráðherra um ritskoðun á fréttastofu sjónvarps.

Frá Inga Birni Albertssyni og Hreggviði Jónssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að kannað verði sannleiksgildi þeirrar staðhæfingar er fram kemur í dagblaðinu Tímanum 30. mars sl. þar sem segir að samkvæmt skipun að ofan séu fréttir er snerta stjórnmál ritskoðaðar hjá fréttastofu sjónvarps?

Sþ. 839. Fyrirspurn [489. mál]

til dómsmálaráðherra um Hæstarétt.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

1. Eru í undirbúningi athuganir á því hvernig flýta megi afgreiðslu dómsmála frá niðurstöðu héraðsdóms til flutnings í Hæstarétti?
2. Stendur til að fjölga dómurum í Hæstarétti?
3. Er unnið að því að Hæstiréttur flytji í nýtt og hentugra húsnæði?

Sþ. 840. Fyrirspurn [490. mál]

til fjármálaráðherra um biðlaun.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

1. Hvað greiddi ríkissjóður háar fjárhæðir í skaðabætur og biðlaun vegna skipulagsbreytinga, sölu ríkisfyrirtækja, ólögmætra uppsagna eða annarra ástæðna á árunum 1984–1987?
2. Hve margir fengu þessi biðlaun og í hve langan tíma að meðaltali hver um sig?

Sþ. 841. Fyrirspurn [491. mál]

til fjármálaráðherra um húsnæðissparnaðarreikninga.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

1. Hefur verið athuguð staða þess fólks sem lagt hefur inn á húsnæðissparnaðarreikninga samkvæmt lögum nr. 49 frá 26. júní 1985 eftir breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt á sl. ári?
2. Hvernig fer með skattafslátt sem mælt er fyrir um í 1. gr. nefndra laga?
3. Hvað hyggst ráðherra gera til að eyða þeirri réttaróvissu sem ríkir hjá almenningi og í bankakerfinu gagnvart þessum reikningum?

Sþ. 842. Tillaga til þingsályktunar [492. mál]

um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Skúli Alexandersson, Ragnar Arnalds, Geir Gunnarsson, Guðrún Helgadóttir, Hjörleifur Guttormsson, Margrét Frímannsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að gera tillögur um ráðstafanir til að jafna tekjur sveitarfélaga. Í nefndinni verði einn fulltrúi tilnefndur af hverjum þingflokki, auk formanns sem ráðherra skipar án tilnefningar.

Verkefni nefndarinnar verði m.a.:

1. Að athuga möguleika á því að skipa sveitarfélögum í nokkra flokka eftir áætlaðri samsetningu útgjalda og skipta öllum tekjum Jöfnunarsjóðs milli sveitarfélaga með hliðsjón af öðrum tekjum þeirra og áætlaðri útgjaldaþörf, þannig að heildartekjur sveitarfélaga á íbúa verði sem jafnastar í hverjum útgjaldaflokki.
2. Að athuga hvernig sveitarfélögum nýtist fasteignagjöld og aðstöðugjöld sem tekjustofnar og hver mismunur er þar á milli einstakra sveitarfélaga.
3. Að athuga hver áhrif það hefði á tekjuöflun og fjárhagsstöðu sveitarfélaga ef fasteignagjöld og aðstöðugjöld væru lögð á og innheimt sem landsskattur með sama álagningarhlutfall á hvern flokk eigna og hvern þátt rekstrar hvar sem væri á landinu og skatttekjunum yrði síðan jafnað út til allra sveitarfélaga miðað við íbúafjölda.

Nefndin skili niðurstöðum sínum til Alþingis fyrir 15. október 1988.

Greinargerð.

Efni þessarar tillögu beinist að því að leita ráða til að jafna tekjur sveitarfélaga. Í fyrsta lagi er lagt til að kannaðar verði breytingar á úthlutunarreglum Jöfnunarsjóðs eftir sérstökum reglum. Með slíkum breytingum yrði sjóðurinn að stærri hluta jöfnunarsjóður á milli sveitarfélaganna en hann nú er.

Í öðru lagi er lagt til að athugað verði hvernig sveitarfélögunum nýtist aðstöðugjald og fasteignaskattur sem tekjustofnar. Vitað er að á undanförnum árum hafa orðið breytingar á tekjustofnum á þann hátt að ýmis aðstöðugjaldsskyld starfsemi hefur dregist saman út um land og flust til Reykjavíkur. Nú er t.d. talið að þar séu um 70% af versluninni, næstum öll bíla-, tækja- og varahlutaverslun og heildverslunin. Nefna má einnig skipafélög, flugfélög o.fl. Söluverð fasteigna og fasteignamat er mjög breytilegt eftir landshlutum og þar með fasteignaskattur.

Í þriðja lagi er lagt til að athugað verði að aðstöðugjöld og fasteignaskattar verði lögð á sem landsskattur. Þetta er í beinu framhaldi af öðrum liðnum og ætlað sama hlutverk og Jöfnunarsjóðnum, að jafna misvægi tekna á milli sveitarfélaga. Tillögurnar um breytingu á úthlutunarreglum Jöfnunarsjóðs og um að aðstöðugjald og fasteignaskattur yrði lagður á sem landsskattur, sem síðan yrði úthlutað eftir íbúafjölda, stefna að sama markmiði, bæta hver aðra upp og gætu hugsanlega nægt hver fyrir sig. Nefndinni, sem tillagan gerir ráð fyrir, er falið að kanna þessi atriði.

Staða sveitarfélaga, fjárhagsleg og verkefnaleg, hefur verið til umfjöllunar nú síðustu mánuði meira en oft áður. Kemur þar margt til, en þó fyrst og fremst tvö atriði: Mjög erfið fjárhagsleg staða margra sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins og tillögur ríkisstjórnarinnar um breytta verkaskiptingu sveitarfélaganna og ríkisins. Hin erfiða fjárhagsstaða sveitarfélaganna er bein afleiðing efnahagsstefnu núverandi ríkisstjórnar og þeirrar síðustu. Á undanförnum missirum og árum hafa framleiðsluatvinnuvegirnir, fiskvinnsla og atvinnurekstur tengdur landbúnaði, búið við mjög erfið rekstrarskilyrði. Eigið fjármagn þessara atvinnugreina hefur tapast og þar með hafa skuldir aukist og fjármagnskostnaður.

Fjárhagsleg staða margra sveitarfélaga tengist beint afkomu fyrirtækja í þessum greinum. Vond fjárhagsafkoma sveitarfélaga nú er því bein afleiðing þeirra stjórnvaldsaðgerða sem hafa breytt góðæri í vandræðaástand.

Svo virðist vera að nokkuð almenn samstaða sé um það að auka verkefni sveitarfélaga og þá sérstaklega að gera skýrari skil á milli verkefna ríkisins og sveitarfélaganna, fækka þeim verkefnum þar sem um sameiginlega kostnaðarhlutdeild er nú að ræða.

Nefnd, þar sem fulltrúar frá stjórnarandstöðu fengu hvergi nálægt að koma né heldur tillögur stjórnarandstöðunnar, þ.e. verkaskiptinganefnd, en í henni sátu Húnbogi Þorsteinsson, Örlygur Geirsson, Björn Friðfinnsson, Einar J. Halldórsson og Jón Gauti Jónsson, lagði fram álit og tillögur um hvernig að skuli unnið í sambandi við verkaskiptinguna. Aðalatriðið í þeim tillögum er að tilfærsla verkefna skuli eiga sér stað og að lokinni þeirri tilfærslu verði fjárhagsleg staða óbreytt frá því sem nú er.

Fjárhagsmálin verða því óleyst þótt tillögur verkaskiptingarnefndar verði að lögum. Staða sveitarfélaganna verður jafnbreytileg og erfiðleikar margra jafnvel meiri en áður.

Á þeim svæðum á landinu, þar sem orkukostnaður er hár, vöruverð hátt, verðlag á íbúðarhúsum undir brunabótamati og atvinnurekstur í erfiðleikum, verður skattheimta ekki aukin. Þar hafa sveitarfélög enga möguleika á að auka tekjur sínar, skattstofnar eru allir fullnýttir.

Ríkisstjórnin hefur ekki lagt fram neinar tillögur um það hvernig bæta skuli fjárhagsstöðu sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins eða hvernig eigi að standa að því að efla þessi sveitarfélög svo að þau standi jafnt að vígi og hin til að sjá íbúum sínum fyrir þeirri þjónustu sem þeim er ætlað að sjá um eða verður falið í framtíðinni.

Er það ekki skylda löggjafans að sjá um að fólki sé ekki mismunað vegna búsetu, hvorki í skattheimtu né þeirri þjónustu sem sveitarfélög eða ríki eiga að annast?

Áður en um einhverja verulega verkefnatilfærslu frá ríki verður að ræða þarf að vera búið að tryggja öllum sveitarfélögum sem jafnasta tekjumöguleika og íbúum þeirra jafna stöðu gagnvart sköttum.

Ýmsar leiðir koma til greina, aðrar en þær sem nefndar eru í tillögu okkar, til að jafna þessa stöðu að hluta, t.d. sérskattheimta af eignum ríkissjóðs á höfuðborgarsvæðinu, jöfnun skatttekna milli sveitarfélaga eftir sérstökum reglum (þannig hafa Danir jafnað milli sveitarfélaga), gera fasteignaskatta og aðstöðugjöld að ríkissköttum en láta sveitarfélögin fá stærri hluta af tekjusköttum. Svona má lengi telja. Að mati flutningsmanna felast þó aðalatriðin í þeirri tillögu sem hér er flutt.

Þingflokkur Alþýðubandalagsins telur að út úr könnun þeirri, sem hér er lagt til að gerð verði, komi nauðsynlegar upplýsingar til að byggja á tillögugerð um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga á þann veg að jafna fjárhagslega stöðu þeirra.

Fylgiskjal I.

Vinnuskjal/JRB
Febrúar 1988

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

Fasteignaskattar og aðstöðugjöld 1986

Álagning

	Fasteigna-skattar	Tala íbúa	Fasteigna-skattur per íbúa	Aðstöðu-gjald	Tala gjaldenda	Aðstöðu-gjald per gjaldanda	Fasteigna- og aðstöðu-gjald per íbúa
Höfuðborgarsvæðið	889.519.296	132.510	6.713	1.052.567.040	11.638	90.442	14.656
Landsbyggðin	520.647.616	109.579	4.751	611.006.016	12.979	47.077	10.327
Allt landið	1.410.166.912	242.089	5.825	1.663.573.120	24.617	67.578	12.697
Reykjavík	660.018.560	89.868	7.344	906.822.976	8.631	105.066	17.435
Reykjanes	296.195.424	56.923	5.203	229.100.368	4.035	56.778	9.228
Vesturland	75.570.072	14.996	5.039	76.654.264	2.009	38.155	10.151
Vestfirðir	39.059.532	10.262	3.806	62.360.372	1.333	46.782	9.883
Norðurland vestra	41.894.580	10.808	3.876	55.696.092	1.917	29.054	9.029
Norðurland eystra	130.890.408	25.955	5.043	147.541.968	2.442	60.418	10.728
Austurland	55.018.892	13.143	4.186	75.813.408	1.784	42.496	9.955
Suðurland	111.519.424	20.134	5.539	109.583.600	2.466	44.438	10.982
Allt landið	1.410.166.912	242.089	5.825	1.663.572.992	24.617	67.578	12.697

Fylgiskjal II.

Vinnuskjal/JRB
Febrúar 1988

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

Fasteignaskattar og aðstöðugjöld 1986

	Fasteigna-skattar og aðstöðugjöld samtals	F & A hlutur í %	Tala íbúa	Íbúa-fjöldi í %	F & A lagður á eftir íbúa-fjölda	Frávik	Prósent lækkun eða hækkun
Höfuðborgarsvæðið	1.942.086.400	63,2	132.510	54,7	1.682.444.416	-259.641.984	-13,4
Landsbyggðin	1.131.653.632	36,8	109.579	45,3	1.391.295.616	259.641.984	22,9
Allt landið	3.073.740.032	100,0	242.089	100,0	3.073.740.032		
Reykjavík	1.566.841.600	51,0	89.868	37,1	1.141.030.400	-425.811.200	-27,2
Reykjanes	525.295.808	17,1	56.923	23,5	722.736.320	197.440.512	37,6
Vesturland	152.224.336	5,0	14.996	6,2	190.400.272	38.175.936	25,1
Vestfirðir	101.419.904	3,3	10.262	4,2	130.293.928	28.874.024	28,5
Norðurland vestra	97.590.672	3,2	10.808	4,5	137.226.336	39.635.664	40,6
Norðurland eystra	278.432.384	9,1	25.955	10,7	329.543.840	51.111.456	18,4
Austurland	130.832.304	4,3	13.143	5,4	166.873.232	36.040.928	27,5
Suðurland	221.103.024	7,2	20.134	8,3	255.636.128	34.533.104	15,6
Allt landið	3.073.740.544	100,0	242.089	100,0	3.073.740.544		

Fylgiskjal III.

RSK — RÍKISSKATTSTJÓRI

Yfirlit yfir álagt aðstöðugjald 1987 í þúsundum króna.

	Einstaklingar		Lögaðilar	
	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi
Reykjavík	174.045	5.916	975.477	3.365
Reykjanes	61.257	3.040	266.647	1.416
Vesturland	28.454	1.644	77.889	395
Vestfirðir	18.506	1.100	62.002	361
Norðurland vestra	19.618	1.674	48.851	313
Norðurland eystra	30.355	1.992	158.687	622
Austurland	21.550	1.614	75.455	321
Suðurland	35.905	1.990	58.856	340
Vestmannaeyjar	9.019	262	31.795	112
Landið allt	398.709	19.232	1.755.659	7.245

Sþ. 843. Svar [348. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Alexanders Stefánssonar um skuldabréfakaup lífeyrissjóða af Húsnæðisstofnun ríkisins vegna byggingarsjóðanna.

Fram til 1. sept. 1986 keyptu lífeyrissjóðirnir skuldabréf beint af byggingarsjóðunum. Samkvæmt lögum nr. 56/1986, sem tóku gildi 1. sept. 1986, kaupa lífeyrissjóðirnir skuldabréf af Húsnæðisstofnun ríkisins. Fjármagninu er síðan skipt á milli byggingarsjóðanna. Tafla 1 sýnir ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna 1986–1988 á verðlagi hvers árs samkvæmt bráðabirgðatölum og áætlun frá Seðlabanka Íslands og skuldabréfakaup þeirra af Húsnæðisstofnun ríkisins. Skuldabréfakaup á árinu 1988 eru samkvæmt lánsfjáráætlun (fjárlagaverðlag).

Tafla 1.	**1986**	**1987**	**1988**
Ráðstöfunarfé (m.kr.)	6 850.0	9 300–10 000.0	11 100.0
Skuldabréfakaup (m.kr.)	2 310.1	4 195.1	6 110.0
Hlutfall %	33.7	42.0–45.1	55.0

Í töflu 2 kemur fram hvernig fjármagnið skiptist milli byggingarsjóðanna á verðlagi hvers árs.

Tafla 2.	**1986**	**1986**	**1987**	**1987**	**1988**	**1988**
	m.kr.	**%**	**m.kr.**	**%**	**m.kr.**	**%**
Byggingarsjóður ríkisins	1730.1	74.9	3705.1	88.3	4750.0	77.7
Byggingarsjóður verkamanna	580.0	25.1	490.0	11.7	1360.0	22.3
	2310.1	100.0	4195.1	100.0	6110.0	100.0

Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands er áætlað ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á árinu 1989 um 13,4 milljarðar króna og á árinu 1990 um 15,7 milljarðar króna á fjárlagaverðlagi 1988. Miðað við þær áætlanir ættu lífeyrissjóðirnir að kaupa skuldabréf af Húsnæðisstofnun ríkisins fyrir um 7,4 milljarða króna 1988 og um 8,6 milljarða króna 1990 kaupi þeir allir fyrir 55% af ráðstöfunarfé sínu. Húsnæðisstofnun ríkisins hefur í sínum áætlunum fyrst og fremst notað áætlanir Seðlabanka Íslands um ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna. Ekki er mögulegt að taka eingöngu mið af þeim samningum sem lífeyrissjóðirnir gera við stofnunina um skuldabréfakaup. Í samningunum kemur fram hversu hátt hlutfall af ráðstöfunarfé sínu hver sjóður ætlar að verja til skuldabréfakaupa. Einnig er óskað eftir upplýsingum í þessum samningum um áætlað ráðstöfunarfé viðkomandi lífeyrissjóðs og hvernig kaupum verði hagað innan ársins. Hins vegar virðast mjög margir sjóðanna eiga erfitt með að gefa upplýsingar um það. Stofnunin hefur því ónógar upplýsingar um hvernig áætlað ráðstöfunarfé 1988–1990 skiptist milli lífeyrissjóða og hvernig kaupunum verður hagað.

Húsnæðisstofnun ríkisins hefur í samráði við Seðlabanka Íslands skrifað lífeyrissjóðunum og óskað eftir upplýsingum um raunverulegt ráðstöfunarfé sjóðanna á árinu 1987. Þeir sjóðir, sem keyptu skuldabréf fyrir lægra hlutfall af ráðstöfunarfé sínu en þeir sömdu um, verða að leiðrétta það á þessu ári. Þau skuldabréfakaup eiga að koma til viðbótar skuldabréfakaupum ársins 1988.

Meðfylgjandi eru yfirlit yfir lífeyrissjóði vegna samninga um skuldabréfakaup á árunum 1986–1990. Fram kemur hversu háu hlutfalli af ráðstöfunarfé skuldabréfakaupin nema. Einnig fylgja með yfirlit yfir skuldabréfakaup lífeyrissjóða af stofnuninni á árunum 1986 og 1987.

Samningar um skuldabréfakaup (prósentur).
(17. mars 1988.)

Lífeyrissjóðir:	**1986**	**1987**	**1988**	**1989**	**1990**
Almennur lífeyrissjóður iðnaðarmanna	55	55	55	55	
Eftirlauna- og örorkubótasjóður RAFHA					
Eftirlaunasjóður Akureyrarbæjar	55	55	55	55	55
Eftirlaunasjóður atvinnuflugmanna	55				
Eftirlaunasjóður Hafnarfjarðarkaupstaðar	55	55	55		
Eftirlaunasjóður Keflavíkurkaupstaðar	20	55	55	55	
Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands	55	55	55	55	
Eftirlaunasjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands	55	55	55		
Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbanka og Seðlabanka	55	55	55		
Eftirlaunasjóður starfsmanna Olíuverslunar Íslands	55	55	55		
Eftirlaunasjóður starfsmanna Olíufélagsins Skeljungs	55	55	55	55	
Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands*	55	55	55		
Elli- og örorkutryggingasjóður lækna					
Frjálsi lífeyrissjóðurinn					
Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar	55	55	55		
Lífeyrissjóður apótekara og lyfjafræðinga	20	55	55	55	
Lífeyrissjóður Arkitektafélags Íslands	55	55	55	55	
Lífeyrissjóður Austurlands	55	55	55	55	55
Lífeyrissjóðurinn Björg	55	55	55	55	55
Lífeyrissjóður blaðamanna	55	55	55	55	
Lífeyrissjóður Bolungarvíkur	55	55	55	55	55
Lífeyrissjóður bókagerðarmanna	55	55	55	55	
Lífeyrissjóður byggingariðnaðarmanna í Hafnarfirði	55	55	55	55	55
Lífeyrissjóður byggingarmanna	55	55	55	55	55
Lífeyrissjóður bænda	20	55	55		
Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar	55	55	55	55	55
Lífeyrissjóður Eimskipafélags Íslands	55	55	55	55	
Lífeyrissjóður Félags garðyrkjumanna	55	55	55	55	55
Lífeyrissjóður Félags íslenskra leikara	55	55	55	55	55
Lífeyrissjóður Félags leiðsögumanna		55	55	55	55
Lífeyrissjóður Félags starfsfólks í veitingahúsum	55	55	55		
Lífeyrissjóður Flugvirkjafélags Íslands	55	55	55	55	
Lífeyrissjóður framreiðslumanna	55	55	55	55	55
Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna	55	55	55	55	55
Lífeyrissjóðurinn Hlíf	55	55	55	55	
Lífeyrissjóður Hlífar og Framtíðarinnar	55	55	55	55	55
Lífeyrissjóður Iðju á Akureyri	55	55	55	55	55
Lífeyrissjóður Iðnaðarmannafélags Suðurnesja					
Lífeyrissjóður íslenskra hljómlistarmanna	55	55	55		
Lífeyrissjóður ísl. stj.starfsm. á Keflavíkurflugv.	55	55	55		
Lífeyrissjóður KEA	20	55	55	55	
Lífeyrissjóður Kópavogskaupstaðar	55	55	55	55	
Lífeyrissjóður Landssambands vörubifreiðastjóra	55	55	55		

Lífeyrissjóðir:	1986	1987	1988	1989	1990
Lífeyrissjóður leigubifreiðastjóra	55	55	55	55	55
Lífeyrissjóður ljósmæðra					
Lífeyrissjóður lækna	30	55	55	55	
Lífeyrissjóður matreiðslumanna	55	55	55	55	55
Lífeyrissjóður málm- og skipasmiða	20	55	55		
Lífeyrissjóður Mjókursamsölunnar	55	55	55	55	55
Lífeyrissjóður múrara	55	55	55	55	
Lífeyrissjóður Neskaupstaðar	20	55	55	55	55
Lífeyrissjóður rafiðnaðarmanna	55	55	55	55	
Lífeyrissjóður Rangæinga	55	55	55	55	55
Lífeyrissjóður Reykjavíkurborgar	20	55	55	55	
Lífeyrissjóðurinn Sameining	55	55	55	55	55
Lífeyrissjóður sjómanna	55	55	55	55	
Lífeyrissjóðurinn Skjöldur	55	55	55	55	55
Lífeyrissjóður slökkviliðsmanna á Keflavíkurflugv.	55	55	55	55	
Lífeyrissjóður Sóknar	55	55	55	55	55
Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksmiðjunnar	55	55	55		
Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurbæjar	55	55	55	55	55
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurapóteks					
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	55	55	55	55	55
Lífeyrissjóður starfsmanna Ríkisprentsm. Gutenberg					
Lífeyrissjóður starfsmanna SÍF	55	55	55	55	
Lífeyrissjóður starfsmanna Sjóvátr.félags Íslands					
Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjakaupstaðar	55	55	55	55	55
Lífeyrissjóður stéttarfélaga í Skagafirði	55	55	55	55	55
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	20	44	44		
Lífeyrissjóður trésmiða á Akureyri	55	55	55	55	55
Lífeyrissjóður Tæknifræðingafélags Íslands	55	55	55	55	
Lífeyrissjóður verkafólks í Grindavík	55	55	55		
Lífeyrissjóður verkalýðsfélaga á Norðurl. vestra	55	55	55		
Lífeyrissjóður verkalýðsfélaga á Suðurlandi	55	55	55	55	55
Lífeyrissjóður verkalýðsfélaga á Suðurnesjum	55	55	55	55	55
Lífeyrissjóður verkamanna	55	55	55		
Lífeyrissjóður Verkfræðingafélags Íslands		35	40	40	
Lífeyrissjóður verksmiðja SÍS á Akureyri*	30	55	55	55	55
Lífeyrissjóður verksmiðjufólks	55	55	55	55	55
Lífeyrissjóður verkstjóra	45	55	55	55	
Lífeyrissjóður verslunarmanna	20	55	55	55	
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	55	55	55	55	55
Lífeyrissjóður Vestmannaeyinga	55	55	55	55	55
Lífeyrissjóður Vesturlands	55	55	55	55	55
Samvinnulífeyrissjóðurinn	30	55	55	55	55
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	55	55	55	55	55

* Hefur verið lagður niður eða sameinaður öðrum lífeyrissjóði.

Húsnæðisstofnun ríkisins:
Skuldabréfakaup lífeyrissjóða.
(11. febr. 1987.)
Janúar–desember 1986.

Lífeyrissjóðir:	**Heildarkaup**	**Keypt í des.**
Almennur lífeyrissjóður iðnaðarmanna	18 800	
ASB og BSFÍ	2 800	
Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar	4 000	3 000
Lífeyrissjóður apótekara og lyfjafræðinga	5 700	
Lífeyrissjóður Arkitektafélags Íslands	1 490	400
Lífeyrissjóður Austurlands	38 000	10 000
Lífeyrissjóðurinn Björg	31 000	5 000
Lífeyrissjóður blaðamanna	8 100	3 700
Lífeyrissjóður Bolungarvíkur	16 500	1 000
Lífeyrissjóður bókagerðarmanna	24 000	
Lífeyrissjóður byggingariðnaðarmanna í Hf.	4 600	4 600
Lífeyrissjóður byggingarmanna	52 000	10 000
Lífeyrissjóður bænda	20 600	
Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar	123 000	
Lífeyrissjóður Eimskipafélags Íslands	34 000	5 000
Lífeyrissjóður Félags garðyrkjumanna	1 300	
Lífeyrissjóður Félags íslenskra hljómlistarmanna	3 700	1 350
Lífeyrissjóður Félags íslenskra leikara	2 000	1 000
Lífeyrissjóður Félags leiðsögumanna	900	500
Lífeyrissjóður Fél. starfsfólks í veitingahúsum	10 000	3 000
Lífeyrissjóður Flugvirkjafélags Íslands	16 000	
Lífeyrissjóður framreiðslumanna	2 500	2 000
Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna	41 600	5 825
Lífeyrissjóðurinn Hlíf	8 600	
Lífeyrissjóður Hlífar og Framtíðar	32 000	
Lífeyrissjóður Iðju Akureyri	1 650	650
Lífeyrissjóður Iðnaðarmannafélags Suðurnesja	800	
Lífeyrissjóður ísl. stj.starfsm. á Kefl.flugv.	5 000	
Lífeyrissjóður Kaupfélags Eyfirðinga	10 500	3 000
Lífeyrissjóður Kópavogskaupstaðar	8 500	3 000
Lífeyrissjóður Landssambands vörubifreiðastjóra	4 000	
Lífeyrissjóður leigubifreiðastjóra	5 200	1 200
Lífeyrissjóður lækna	19 000	
Lífeyrissjóður matreiðslumanna	9 200	
Lífeyrissjóður málm- og skipasmiða	28 000	
Lífeyrissjóður Mjókursamsölunnar	12 800	5 000
Lífeyrissjóður múrara	11 000	
Lífeyrissjóður Neskaupstaðar	960	
Lífeyrissjóður rafiðnaðarmanna	41 000	8 500
Lífeyrissjóður Rangæinga	15 000	
Lífeyrissjóðurinn Sameining, Akureyri	59 000	7 000

Lífeyrissjóðir:	**Heildarkaup**	**Keypt í des.**
Lífeyrissjóður sjómanna	190 600	
Lífeyrissjóðurinn Skjöldur	8 000	3 000
Lífeyrissjóður slökkviliðsm. á Keflavíkurflugv.	8 500	
Lífeyrissjóður Sóknar	61 000	
Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksmiðjunnar	12 000	6 000
Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar	3 400	1 400
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	13 221	13 221
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	375 250	152 500*
Lífeyrissjóður starfsmanna SÍF	1 000	
Lífeyrissjóður stéttarfélaga í Skagafirði	12 700	
Lífeyrissjóður trésmiða á Akureyri	4 000	1 000
Lífeyrissjóður Tæknifræðingafélags Íslands	12 700	2 000
Lífeyrissjóður verkafólks í Grindavík	7 300	
Lífeyrissjóður verkalýðsfélaga á Suðurlandi	8 000	
Lífeyrissjóður verkalýðsfélaga á Suðurnesjum	55 000	
Lífeyrissjóður verkalýðsfél. Norðurlands vestra	23 240	4 800
Lífeyrissjóður verkamanna á Hvammstanga	10 200	1 000
Lífeyrissjóður Verkfræðingafélags Íslands	5 000	
Lífeyrissjóður verksmiðja SÍS Akureyri	9 000	
Lífeyrissjóður verksmiðjufólks	47 100	
Lífeyrissjóður verkstjóra	34 600	
Lífeyrissjóður verslunarmanna	168 000	
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	100 257	5 413
Lífeyrissjóður Vestmannaeyinga	52 700	3 500
Lífeyrissjóður Vesturlands	36 100	5 000
Lífeyrissjóður vörubifreiðastjóra	3 000	
Samvinnulífeyrissjóðurinn	76 500	16 000
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	118 000	
Eftirlaunasjóðir:		
Eftirlaunasjóður Akureyrarbæjar	4 900	700
Eftirlaunasjóður Hafnarfjarðarkaupstaðar	8 250	8 250
Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands	12 000	6 500
Eftirlaunasj. starfm. Landsbanka og Seðlabanka	45 000	
Eftirlaunasj. starfsm. Olíufélagsins Skeljungs	10 480	1 700
Eftirlaunasjóður starfsm. Olíuverslunar Íslands	1 900	
Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	11 800	11 800
Samtals	2 310 148	328 509

* 103 000 000 eru vegna kaupa sem fóru í gegnum ríkissjóð. 49 500 000 voru keypt beint af stofnuninni.

Húsnæðisstofnun ríkisins:
Skuldabréfakaup lífeyrissjóða.
(5. jan. 1988.)
Janúar–desember 1987.

Lífeyrissjóðir:	**Heildarkaup**	**Kaup í des.**
Almennur lífeyrissjóður iðnaðarmanna	19 300	
Eftirlaunasjóður Akureyrarbæjar	15 000	4 300
Eftirlaunasjóður Hafnarfjarðarkaupstaðar	10 000	10 000
Eftirlaunasjóður Keflavíkurkaupstaðar	4 260	
Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands	17 000	
Eftirlaunasj. starfsm. Landsbanka og Seðlabanka	74 000	
Eftirlaunasj. starfsm. Olíufélagsins Skeljungs	15 470	1 100
Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar	10 450	
Lífeyrissjóður apótekara og lyfjafræðinga	25 301	5 000
Lífeyrissjóður Arkitektafélags Íslands	4 760	2 000
Lífeyrissjóður Austurlands	70 000	20 000
Lífeyrissjóðurinn Björg	37 500	4 500
Lífeyrissjóður blaðamanna	16 100	1 300
Lífeyrissjóður Bolungarvíkur	19 999	
Lífeyrissjóður bókagerðarmanna	34 000	2 000
Lífeyrissjóður byggingariðnaðarmanna	7 260	2 710
Lífeyrissjóður byggingarmanna	80 000	
Lífeyrissjóður bænda	130 000	30 000
Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar	205 000	50 000
Lífeyrissjóður Eimskipafélags Íslands	40 000	6 000
Lífeyrissjóður Félags garðyrkjumanna	2 100	500
Lífeyrissjóður Félags ísl. hljómlistarmanna	6 024	2 600
Lífeyrissjóður Félags ísl. leikara	6 000	
Lífeyrissjóður Félags leiðsögumanna	1 100	1 100
Lífeyrissjóður Félags starfsf. í veitingahúsum	6 000	6 000
Lífeyrissjóður FÍSK	11 000	4 000
Lífeyrissjóður Flugvirkjafélags Íslands	19 000	
Lífeyrissjóður framreiðslumanna	6 500	4 500
Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna	69 600	15 000
Lífeyrissjóðurinn Hlíf	15 000	4 000
Lífeyrissjóður Hlífar og Framtíðar	56 500	9 500
Lífeyrissjóður Iðju á Akureyri	800	
Lífeyrissjóður Kaupfélags Eyfirðinga	46 000	5 000
Lífeyrissjóður Kópavogskaupstaðar	12 425	2 200
Lífeyrissjóður leigubifreiðastjóra	6 000	1 000
Lífeyrissjóður lækna	89 633	10 000
Lífeyrissjóður matreiðslumanna	12 600	
Lífeyrissjóður málm- og skipasmiða	80 000	15 000
Lífeyrissjóður Mjólkursamsölunnar	16 000	4 100
Lífeyrissjóður múrara	19 225	7 000
Lífeyrissjóður Neskaupstaðar	2 347	
Lífeyrissjóður rafiðnaðarmanna	45 000	25 000

Lífeyrissjóðir:	Heildarkaup	Kaup í des.
Lífeyrissjóður Rangæinga Hellu	19 700	
Lífeyrissjóður sjómanna	264 000	21 000
Lífeyrissjóður slökkviliðsm. Keflavíkurflugv.	8 500	
Lífeyrissjóður Sóknar	82 200	
Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksmiðjunnar	13 200	6 600
Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar	5 500	
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	50 161	11 612
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	532 000	63 000
Lífeyrissjóður starfsmanna SÍF	1 000	
Lífeyrissjóður starfsmanna Vestm.eyjakaupstaðar	2 480	620
Lífeyrissjóður stéttarfélaga í Skagafirði	23 000	
Lífeyrissjóður tannlæknafélags Íslands	8 000	
Lífeyrissjóður trésmiða á Akureyri	7 000	
Lífeyrissjóður Tæknifræðingafélags Íslands	15 725	3 575
Lífeyrissjóður verkalýðsfélags Grindavíkur	7 900	
Lífeyrissjóður verkalýðsfélaga á Norðurl. v.	26 555	9 000
Lífeyrissjóður verkalýðsfélaga á Suðurlandi	40 000	
Lífeyrissjóður verkalýðsfélaga á Suðurnesjum	93 000	10 000
Lífeyrissjóður verkamanna	13 000	3 000
Lífeyrissjóður Verkfræðingafélags Íslands	40 000	6 000
Lífeyrissjóður verksmiðjufólks	67 900	
Lífeyrissjóður verkstjóra	43 000	
Lífeyrissjóður verslunarmanna	761 000	85 000
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	114 533	
Lífeyrissjóður Vestmannaeyinga	70 250	14 000
Lífeyrissjóður Vesturlands	38 500	
Lífeyrissjóðurinn Sameining	68 000	
Lífeyrissjóðurinn Skjöldur	12 000	4 000
Samvinnulífeyrissjóðurinn	213 752	60 000
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	190 000	7 000
Samtals	4 195 111	559 817

1.000 kr.	Lánsfjárlög 1987		Endurskoðuð áætlun 1987	
Skuldabréfakaup jan.–des. 1987	4 195 111	111.4%	4 195 111	91.4%
Lánsfjárlög 1987, endursk. áætlun	3 765 000	100.0%	4 590 000	100.0%
Viðbót/vöntun	+430 111	11.4%	−394 889	8.6%
Byggingarsjóður ríkisins	3 275 000	87.0%	4 100 000	89.3%
Byggingarsjóður verkamanna	490 000	13.0%	490 000	10.7%
Samtals	3 765 000	100.0%	4 590 000	100.0%

Skipti milli sjóða:	Skuldabréfakaup 1987	Miðað við lánsfjárlög	Miðað við endursk. áætlun
Byggingarsjóður ríkisins	3 705 111	113.1%	90.4%
Byggingarsjóður verkam.	490 000	100.0%	100.0%
	4 195 111	111.4%	91.4%

Skuldabréfakaup 1986:	Á verðlagi hvers tíma
	2 310 148

Sþ. 844. Svar [393. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um raforkuverð til álversins í Straumsvík.

1–3. Hvaða verð greiddi Ísal fyrir raforku frá Landsvirkjun ársfjórðungslega á árunum 1985–1987? Hver hefur verið raforkunotkunin hjá Ísal á sama tímabili? Hverjar eru horfurnar um raforkuverð og raforkunotkun hjá Ísal á árinu 1988 að mati Landsvirkjunar og iðnaðarráðuneytisins?

Til hagræðis er þessum þremur spurningum svarað í einu lagi með töflu sem Landsvirkjun hefur útbúið fyrir ráðuneytið. Áætlun Landsvirkjunar um raforkuverð og raforkunotkun er í samræmi við það sem ráðuneytið telur eðlilegt að miða við.

Tekið skal fram að fyrirspurn um sama efni varðandi árið 1985 og árið 1986 að hluta hafði áður verið lögð fram og henni svarað á 109. löggjafarþingi haustið 1986. Rétt þykir að birta það svar sem fylgiskjal með þessu svari.

Orkuverð í US mill/kwst.	1985	1986	1987	Áætlun 1988
1. ársfjórðungur	12 500	12 500	12 514	15 780
2. ársfjórðungur	12 500	12 500	13 028	16 470
3. ársfjórðungur	12 500	12 724	13 823	16 680
4. ársfjórðungur	12 500	12 690	14 921	16 580
Meðalverð mill/kwst.	12 500	12 603	13 572	16 380
Meðalverð aurar/kwst.	51 445	51 869	55 857	67 414
Orkusala í gwst.	1232.2	1300.7	1385.4	1385.0
Tekjur m. USD	15.4	16.4	18.8	22.7
Tekjur m.kr.	633.8	675.0	773.7	934.2

4. Hverju var spáð um raforkuverð og raforkunotkun hjá Ísal á árunum 1985, 1986 og 1987 samkvæmt þeim forsendum sem lagðar voru fyrir Alþingi og þingnefndir vegna samninga við Alusuisse í nóvember 1984 og hver er mismunurinn í heild í íslenskum krónum á þessu tímabili?

Áætluð orkusala, orkuverð og tekjur 1985–1987, samkvæmt forsendum sem lágu til grundvallar endurnýjun samningsins við Alusuisse í nóvember 1984 og mismunur við raunverulegar tekjur á sama tímabili.

Forsendur samnings:	**1985**	**1986**	**1987**	**Samtals**
Orkuverð í mill/kwst.	13.8	14.7	16.1	
Orkusala í gwst.	1377.0	1367.0	1373.0	
Tekjur í m. USD	19.0	20.1	22.1	61.2
Raunverulegar tekjur	15.4	16.4	18.8	50.6
Mismunur í m. USD	3.6	3.7	3.3	10.6
Mismunur í m.kr.	148.2	152.3	135.8	436.3

5. Hver er lækkunin á raungildi raforkuverðsins á árunum 1985, 1986 og 1987 og í heild á þessu tímabili vegna lækkunar bandaríkjadals gagnvart öðrum gjaldmiðlum og vegna alþjóðlegrar verðbólgu?

Vísitala, nóvember 1984 = 100.

Tímabil	Meðalgengi	Gengi SDR	Gengi USD	Erlend verðbólga	Orkuverð til Ísals	Raungildi orkuverðs
1984 í nóv.	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0
1985	115.4	116.2	114.4	104.5	99.2	94.1
1986	132.7	132.7	113.2	107.1	100.0	79.7
1987	137.5	137.5	106.5	110.8	107.7	75.3

Sé miðað við vísitölu meðalgengis fæst að raungildi raforkuverðsins til Ísals lækkaði á árinu 1985 um 5,9% frá nóvember 1984. Á sama hátt má sjá að verðið lækkaði að raungildi um 15,3% á árinu 1986 frá fyrra ári og um 5,5% á árinu 1987 frá 1986. Samtals hefur raforkuverðið til Ísals lækkað um 24,7% frá nóvember 1984 til ársins 1987 miðað við ofangreindar forsendur.

Upphæðir í íslenskum krónum miðast við gengi dollars = 41,156 kr.

Fylgiskjal.

Svar iðnaðarráðherra á þskj. 299, 109. mál 109. löggjafarþings, við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um raforkuverð til álversins í Straumsvík.

1. Greiðslur Ísals fyrir raforku frá Landsvirkjun 1985.

Meðalverðið til Ísals á árinu 1985 var 12,5 US mill/kWh eða 51,80 aurar/kWh (bandaríkjadalur = 41,6 kr.). Á yfirstandandi ári var orkuverðið sem hér segir:

Á fyrsta ársfjórðungi: 12,500 mill/kWh.
Á öðrum ársfjórðungi: 12,500 mill/kWh.
Á þriðja ársfjórðungi: 12,724 mill/kWh.
Á fjórða ársfjórðungi: 12,586 mill/kWh (bráðabirgðaverð).

2. Raforkunotkun Ísals 1985–86.

Orkusala til Ísals og tekjur af henni á framangreindum tímabilum er sem hér segir:

	Orkusala GWh	Tekjur Millj. dala	Millj. kr.
1985	1 232,2	15,3	638,3 [1]
1986 (áætl.)	1 310,0	16,5	675,7 [2]

1) Á meðalgengi ársins 1985 (bandaríkjadalur = 41,6 kr.).
2) Á áætluðu meðalgengi ársins 1986 (bandaríkjadalur = 41,0 kr.).

3. Horfur um raforkuverð og raforkunotkun Ísals 1987.

Á árinu 1987 er gert ráð fyrir því að meðalorkuverð til Ísals verði 13,5 US mill/kWh (54,7 aur/kWh miðað við bandaríkjadal = 40,5 kr.). Tekjur af áætlaðri orkusölu til Ísals 1987 (1385 GWh) eru áætlaðar 18,7 millj. bandaríkjadala (757,2 millj. kr. miðað við bandaríkjadal = 40,5 kr.).

4. Spá um raforkuverð og raforkunotkun Ísals 1985-87 skv. forsendum við afgreiðslu samninga við Alusuisse á Alþingi í nóv. 1984.

Samkvæmt þeim forsendum sem eðlilegt var talið að reikna með þegar samningar voru gerðir við Alusuisse í nóvember 1984 var áætlað að orkuverðið til Ísals, orkusala og tekjur af henni, yrðu sem hér segir 1985-87:

	Orkusala GWh	Verð í US mill á kWh	Tekjur Millj. dala	Millj. kr.
1985	1377	13,8	19,0	779,0
1986	1367	14,7	20,1	824,1
1987	1373	16,1	22,1	906,1

Hér er miðað við meðalgengi 1986 (bandaríkjadalur = 41,0 kr.).

5. Lækkun á raungildi raforkuverðs 1985-86 vegna lækkunar bandaríkjadals og alþjóðlegrar verðbólgu.

Varðandi lækkun á raungildi raforkuverðs á árinu 1985 og 1986 vegna lækkunar bandaríkjadals gagnvart öðrum gjaldmiðlum og vegna alþjóðlegrar verðbólgu leitaði ráðuneytið til Seðlabanka Íslands. Svar bankans er birt í sérstakri töflu með þessu svari.

Sé miðað við tímabilið janúar til desember 1985 hefur bandaríkjadalur lækkað sem hér segir:

Gagnvart vegnu meðalgengi	13,1%
Gagnvart SDR	10,5%
Hækkun framfærslukostnaðar í löndum OECD var á tímabilinu	3,8%

Sé miðað við þessar forsendur er heildarlækkun á verðgildi bandaríkjadals 1985 vegna gengisbreytinga og verðbólgu:

Miðað við vegið meðalgengi	17,4%
Miðað við SDR	14,7%

Sé miðað við tímabilið desember 1985 — október 1986 hefur bandaríkjadalur lækkað sem hér segir:

Gagnvart vegnu meðalgengi	13,1%
Gagnvart SDR	10,1%
Hækkun framfærslukostnaðar í löndum OECD var á tímabilinu	1,3%

Sé miðað við þessar forsendur er heildarlækkun á verðgildi bandaríkjadals 1986 vegna gengisbreytinga og verðbólgu:

Miðað við vegið meðalgengi	14,6%
Miðað við SDR	11,5%

Seðlabanki Íslands
Greiðslujafnaðardeild
7. nóvember 1986

	(MERM. - I.M.F.) Vegið meðalgengi bandaríkjadals[1])		Gengi bandaríkjadals gagnvart SDR[1])		Framfærslukostnaður í OECD-löndum[1])	
	Mánaðarlegt meðaltal 1985	Mánaðarlegt meðaltal 1986	Mánaðarlegt meðaltal 1985	Mánaðarlegt meðaltal 1986	Mánaðarlegt meðaltal 1985	Mánaðarlegt meðaltal 1986
Janúar	104.6	89.7	102.8	91.3	100.7	104.9
Febrúar	108.2	86.2	104.2	88.8	101.1	104.9
Mars	109.1	84.3	104.0	87.3	101.7	104.6
Apríl	104.6	84.0	101.2	87.2	102.3	104.8
Maí	105.0	82.3	101.3	85.8	102.8	105.1
Júní	103.8	83.0	100.6	86.1	103.1	105.5
Júlí	100.1	80.9	98.3	84.3	103.2	105.5
Ágúst	97.9	79.4	97.0	82.9	103.3	105.6[2])
September	98.9	79.1	97.5	82.8	103.7	105.8[2])
Október	93.5	79.0[2])	94.1	82.7	104.3	105.9[2])
Nóvember	92.0		92.8		104.6	
Desember	90.9		92.0		104.5	

1) Nóvember 1984 = 100.00
2) Áætlað

Sþ. **845. Svar** [395. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um endurskoðun á ársreikningum Ísals.

1. Hafa heimildir til endurskoðunar á ársreikningum Ísals samkvæmt aðalsamningi, mgr. 29.06, fyrir rekstrarárin 1985–1987 verið notaðar?

Samkvæmt mgr. 29.05 í aðalsamningi (með áorðnum breytingum) er nú *skylda* að láta endurskoðun fara fram af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar ár hvert og hefur breska endurskoðunarskrifstofan Coopers & Lybrand annast endurskoðunina. Endurskoðun ársreikninga Ísals fyrir ár hvert fer fram 1. júní til 1. október næsta ár á grundvelli framleiðslugjaldsskýrslu sem Ísal skilar fyrir 1. júní ár hvert. Endurskoðun ársreikninga fyrir árið 1987 hefur því ekki farið fram.

2. Ef svo er, hvaða fyrirtæki var falin endurskoðunin og hverjar voru niðurstöður þeirrar endurskoðunar á hverju ári fyrir sig?

Svo sem fyrr greinir var breska endurskoðunarfyrirtækinu Coopers & Lybrand falið að annast endurskoðunina fyrir árin 1985 og 1986. Niðurstöður endurskoðunarinnar fyrir árin 1985 og 1986 voru þessar:

— Ársreikningar Ísals fyrir árið 1985 voru staðfestir af Coopers & Lybrand með minni háttar leiðréttingu vegna túlkunar á ákvæðum í aðalsamningi um afskriftir. Í stað taps fyrir skatta að fjárhæð 385,1 milljón króna töldu Coopers & Lybrand tapið réttilega reiknað 381 milljón króna. Enginn ágreiningur var um þessa leiðréttingu og hefur Ísal stuðst við túlkun Coopers & Lybrand á umræddu ákvæði síðan. Leiðréttingin hafði engin áhrif á skattgreiðslur Ísals fyrir árið 1985.

— Ársreikningar Ísals fyrir árið 1986 voru staðfestir af Coopers & Lybrand með minni háttar leiðréttingu vegna túlkunar á ákvæðum í aðalsamningi um verð á áli sem afhent er til fjarlægari staða og þá var álitaefni á hvaða ári tilteknar tekjur ættu að teljast hafa orðið til og útgjöld fallið á. Í stað taps fyrir skatta að fjárhæð 668,6 milljónir króna töldu Coopers & Lybrand tapið réttilega reiknað 654,1 milljón króna. Ekki var ágreiningur um þessa leiðréttingu og hefur verið stuðst við túlkun Coopers & Lybrand síðan. Leiðréttingin hafði engin áhrif á skattgreiðslur Ísals fyrir árið 1986.

Tekið skal fram að í báðum tilvikum var um að ræða túlkun á ákvæðum í aðalsamningi sem breytt var með fjórða viðauka við aðalsamninginn og tóku gildi 1. janúar 1985. Ekki er því óeðlilegt að upp hafi komið nokkur álitaefni um framkvæmd þessara nýju ákvæða sem túlka þurfti nánar.

Endurskoðun ársreikninga Ísals fyrir árið 1987 hefst í júní og skal lokið fyrir 1. október 1988.

Sþ. **846. Svar** [396. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um skattgreiðslur Ísals.

1. Hverjar voru skattgreiðslur Ísals vegna álbræðslunnar í Straumsvík á árunum 1985–1987 og hverjar hefðu þær orðið samkvæmt eldra skattkerfi?

Skattgreiðslur Ísals á árunum 1985–1987 voru sem hér segir (í bandaríkjadölum):

1985	1 413 086
1986	1 552 998
1987	1 782 815

Skattgreiðslurnar hefðu orðið þær sömu samkvæmt eldra kerfi á þessum árum því með hliðsjón af afkomu Ísals umrædd ár var aðeins grunntaxti framleiðslugjaldsins greiddur, en grunntaxtinn, sem er 20 USD á hvert útskipað áltonn, er óbreyttur. Tekið skal fram að ársreikningar Ísals fyrir árið 1987 hafa ekki verið lagðir fram né endurskoðaðir af hálfu ríkisstjórnarinnar. Samkvæmt aðalsamningi ríkisstjórnarinnar og Alusuisse skal Ísal leggja ársreikninga ársins 1987 fram fyrir 1. júní 1988 og óháðri endurskoðun, sem ríkisstjórnin lætur framkvæma, skal lokið fyrir 1. október 1988.

2. Hvernig koma skattgreiðslurnar heim og saman við þær spár sem samninganefnd um stóriðju og iðnaðarráðherra lagði fyrir Alþingi við endurskoðun samninga í nóvember 1985?

Engar spár um skattgreiðslur voru lagðar fram af hálfu iðnaðarráðherra eða samninganefndar um stóriðju varðandi tiltekin tekjuár, svo sem spurningin gefur til kynna. Fyrir iðnaðarnefnd neðri deildar voru hins vegar lagðir útreikningar sem sýndu nokkur dæmi um afkomu og skattgreiðslur Ísals miðað við mismunandi álverð. Þá voru lagðar fyrir nefndina spár erlendra sérfræðinga um þróun álverðs.

Í bréfi til iðnaðarnefndar efri deildar var sett fram sú skoðun að reikna mætti með að álverð yrði á bilinu 65–90 US sent á pund og byggðist það á mati nokkurra helstu sérfræðifyrirtækja á þessu sviði í heiminum, þ.e. bandaríska sérfræðifyrirtækisins Chase Econometrics, breska ráðgjafafyrirtækisins CRU og breska ráðgjafans Anthony Bird. Þessi ráðgjafafyrirtæki spáðu því að álverð mundi hækka um mitt ár 1985 úr 50 US sentum á pund í allt að 90 US sent á pund. Raunin varð hins vegar önnur og verðhækkanir þær sem spáð hafði verið komu fyrst fram á árinu 1987. Álverð hefur á þessu ári hækkað verulega umfram það sem áður hafði verið gert ráð fyrir og hefur verðið t.d. farið yfir 130 US sent á pund síðustu vikurnar.

Nánar tiltekið var heimsmarkaðsverð á áli samkvæmt ákvæðum aðalsamningsins sem hér segir árin 1985, 1986 og 1987:

1985	1. ársfjórðungur	51.8 US sent á pund
	2. ársfjórðungur	53.3 US sent á pund
	3. ársfjórðungur	52.4 US sent á pund
	4. ársfjórðungur	52.0 US sent á pund
1986	1. ársfjórðungur	56.7 US sent á pund
	2. ársfjórðungur	58.9 US sent á pund
	3. ársfjórðungur	58.6 US sent á pund
	4. ársfjórðungur	57.4 US sent á pund
1987	1. ársfjórðungur	61.1 US sent á pund
	2. ársfjórðungur	66.9 US sent á pund
	3. ársfjórðungur	74.9 US sent á pund
	4. ársfjórðungur	81.0 US sent á pund

Dæmin, sem lögð voru fyrir iðnaðarnefnd neðri deildar í nóvember 1985, miðuðust við fast verðlag, óbreytt innbyrðis vægi bandaríkjadals og annarra gjaldmiðla, óbreytt verðlag á Íslandi mælt í bandaríkjadölum og að ársframleiðslan yrði 85 000 tonn á ári. Skýrt var tekið fram að ekki væri um spár að ræða. Aðeins var um dæmi að ræða sem reiknuð voru til að varpa ljósi á samanburð við eldra skattkerfi. Dæmin sem gefin voru í nóvember 1985 gerðu ekki ráð fyrir tekjuskatti umfram lágmarksgjaldið fyrr en álverð næmi 60 US sentum á pund (á verðlagi 1985) miðað við 85 000 tonna ársframleiðslu. Árin 1985 og 1986 var álverð á bilinu 51,8–58,9 US sent á pund og vegna erfiðrar stöðu á álmörkuðum 1985 og 1986 nam sala Ísals þau ár aðeins rúmlega 70 000 tonnum á ári. Verulegt rekstrartap varð hjá Ísal bæði árin, svo sem gera mátti ráð fyrir.

Dæmin, sem lögð voru fyrir iðnaðarnefnd neðri deildar í nóvember 1985, sýndu að hagnaður Ísals mundi aukast eftir því sem álverð hækkaði umfram 65 US sent á pund miðað við óbreyttar forsendur að öðru leyti. Endanlegir ársreikningar Ísals fyrir árið 1987 liggja ekki fyrir, enda ber Ísal ekki að leggja fram ársreikninga fyrir árið 1987 fyrr en 1. júní 1988. Ljóst virðist þó að tiltölulega hátt verð á áli árið 1987 og um 84 000 tonna ársframleiðsla Ísals það ár mun ekki skila þeim hagnaði sem fyrrgreind dæmi gátu gefið tilefni til að ætla. Meginástæða þessa er sú að raungildi bandaríkjadals lækkaði mjög verulega, svo sem kemur fram í svari við fyrirspurn á þskj. 739.

Sþ. 847. Skýrsla [186. mál]

menntamálaráðherra um fréttaflutning Ríkisútvarpsins 9. og 10. nóvember 1987 vegna upplýsinga frá Norðmanninum Dag Tangen um utanríkismál Íslands, skv. beiðni.

I.

Hinn 7. desember 1987 var lögð fram á Alþingi svohljóðandi beiðni um skýrslu frá menntamálaráðherra:

„Óskað er eftir því við menntamálaráðherra að hann gefi Alþingi ítarlega skýrslu að undangenginni rækilegri rannsókn um fréttaflutning Ríkisútvarpsins dagana 9. og 10. nóvember sl. vegna hins svonefnda Dag Tangen máls.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi í sameinuðu Alþingi þegar og henni hefur verið útbýtt."

Beiðni þessi var samþykkt samhljóða á fundi í sameinuðu Alþingi 10. desember 1987 og menntamálaráðherra tilkynnt það samdægurs.

Hinn 6. janúar 1988 sendi menntamálaráðuneytið Markúsi Erni Antonssyni útvarpsstjóra bréf þar sem þess var farið á leit að öll gögn Ríkisútvarpsins um málið yrðu send ráðuneytinu. Þau bárust 18. janúar og eru birt sem fylgiskjöl I–IX í þessari skýrslu. Hinn 8. febrúar sendi útvarpsstjóri ráðuneytinu síðan afrit af úrskurði siðanefndar Blaðamannafélags Íslands um umræddan fréttaflutning Ríkisútvarpsins. Er úrskurður nefndarinnar birtur sem fylgiskjal X í skýrslu þessari.

Hinn 15. janúar leitaði menntamálaráðuneytið til dr. Þórs Whitehead, prófessors í sagnfræði við heimspekideild Háskóla Íslands, og óskaði eftir ráðgjöf hans og umsögn vegna málsins. Dr. Þór Whitehead, sem nú dvelst við sögurannsóknir í Freiburg í Vestur-Þýskalandi, er ótvírætt einhver fremsti sérfræðingur okkar í sögu íslenskra utanríkis- og öryggismála á fjórða og fimmta áratugnum og höfundur fræðilegra rita og ritgerða um þau efni. Hann gjörþekkir skjöl er varða Ísland og íslenska menn frá þessum árum og varðveitt eru í skjalasöfnum í Evrópu og Bandaríkjunum. Var það mat ráðuneytisins að enginn væri betur til þess fallinn að vinna skýrslu þá er Alþingi óskaði eftir en dr. Þór.

Í bréfi ráðuneytisins var þess farið á leit við dr. Þór að hann legði mat á eftirfarandi: 1) Skjöl þau um samskipti íslenskra og bandarískra stjórnvalda er gerð voru að umtalsefni í fréttum og fréttatengdum þáttum Ríkisútvarpsins 9. og 10. nóvember 1987. 2) Vinnubrögð fréttastofu Ríkisútvarpsins varðandi skjöl þessi.

Skýrsla dr. Þórs Whitehead, **Álitsgerð. „Dag Tangen málið" og Ríkisútvarpið**, barst menntamálaráðuneytinu 29. febrúar sl. og birtist hún í heild hér á eftir.

II.

Í útvarpslögum (68/1985) segir m.a. um Ríkisútvarpið: „Ríkisútvarpið skal halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Það skal gæta fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð". Í reglugerð um Ríkisútvarpið (357 1986) segir m.a. „Fréttir þær sem Ríkisútvarpið flytur mega ekki vera blandnar neins konar ádeilum eða hlutdrægum umsögnum, heldur skal gætt fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum, stofnunum, félögum og einstaklingum. ... Við skráningu frétta skal þess jafnan gætt að heimildir séu sem fyllstar og óyggjandi."

Álitsgerð dr. Þórs Whitehead, byggð á rannsóknum á öllum gögnum málsins og viðtölum við ýmsa málsaðila, leiðir í ljós að fréttastofu Ríkisútvarpsins og dægurmáladeild Rásar 2 urðu á alvarleg mistök í fréttaflutningi og annarri umfjöllun í „Dag Tangen málinu." Þeir fréttamenn og starfsmenn Ríkisútvarpsins, sem um málið fjölluðu, störfuðu ekki í

samræmi við þær kröfur sem útvarpslög og reglugerð um Ríkisútvarpið gera til þeirra. Vísast í því sambandi til álitsgerðar dr. Þórs hér á eftir.

Mál þetta er mikill álitshnekkir fyrir Ríkisútvarpið og brýnt að unninn verði bugur á þeim trúnaðarbresti sem óhjákvæmilega hefur orðið á milli stofnunarinnar og hlustenda. Menntamálaráðherra gerir ekki athugasemd við þá meðferð sem málið hefur hlotið af hálfu útvarpsráðs og útvarpsstjóra. Útvarpsráð hefur harðlega átalið vinnubrögð í þessu máli og í framhaldi af því hefur útvarpsstjóri átt sérstakar viðræður við fulltrúa fréttastofunnar um starfshætti hennar og verkstjórnarleg atriði. Álitsgerð dr. Þórs Whitehead mun verða send útvarpsstjóra með þeim eindregnu tilmælum að efni hennar verði vandlega kynnt starfsmönnum fréttastofa Ríkisútvarps, hljóðvarps og sjónvarps, og starfsmönnum dægurmáladeildar Rásar 2 svo komast megi hjá því að mistök af þessu tagi endurtaki sig.

III.
ÁLITSGERÐ
„Dag Tangen málið“ og Ríkisútvarpið.

I.

Í kvöldfréttatíma Ríkisútvarpsins 9. nóvember 1987 var flutt eftirfarandi fregn sem byggð var á frásögn Jóns E. Guðjónssonar, fréttaritara útvarpsins í Ósló:

> Dag Tangen, norskur sagnfræðingur, sem hefur dvalist þrjú ár í Bandaríkjunum við rannsóknir á tengslum bandarísku leyniþjónustunnar CIA og Norðmanna, segir að leyniþjónustan hafi haft náið samband við Stefán Jóhann Stefánsson sem var forsætisráðherra 1947 til 1949.*

Í hádegisfréttum 10. nóvember var enn byggt á frásögn Jóns E. Guðjónssonar og sagt að í skjölum í skjalasafni Bandaríkjaforseta kæmi fram að Stefán Jóhann Stefánsson hefði „hitt sendiherra Bandaríkjanna og starfsmann bandarísku leyniþjónustunnar CIA reglulega að máli árið 1948.“ Fullyrt var að ráðherrann og þessir menn hefðu skipst á upplýsingum, „sem ströng leynd hvíldi yfir“. Í frásögn fréttaritarans sagði að þessi samvinna hefði verið „mjög náin“ og „mjög óvenjuleg“.

Í þessum tilvitnunum felast augljósar aðdróttanir um að Stefán Jóhann Stefánsson hafi staðið í sambandi við bandarísku leyniþjónustuna með þeim hætti sem ekki samrýmdist embætti hans sem forsætisráðherra Íslands. Það er á allra vitorði að leyniþjónustur erlendra ríkja ráða í þjónustu sína stjórnmálamenn og aðra áhrifamenn sem síðan ganga erinda þessara stofnana í heimalöndum sínum. Þótt ekki væri fullyrt að svo hefði verið um Stefán Jóhann Stefánsson hlaut einhver hluti af hlustendahópi Ríkisútvarpsins að skilja fréttina og ályktanir, sem henni fylgdu, á þann veg. Kom það raunar óðar fram í blaðaskrifum um málið. En þótt fréttin væri ekki lögð út á versta veg fólust tvímælalaust í henni brigsl um annarleg tengsl forsætisráðherra við leyniþjónustu Bandaríkjanna.

Í viðtölum, sem undirritaður hefur átt við fréttamenn útvarpsins, hafa þeir viljað gera lítið úr þessum ásökunum og jafnvel sagt að fréttin hefði ekki þurft að vekja neina tortryggni. Í henni hafi einungis verið skýrt frá þætti í störfum forsætisráðherra sem hver eðlilega þenkjandi hlustandi hefði átt að sjá í hendi sér að ekkert væri annarlegt við. Þessi röksemd fær ekki staðist. Ef meint samband forsætisráðherra við leyniþjónustuna hefði ekki verið talið í frásögur færandi hefði fregninni frá Ósló að sjálfsögðu aldrei verið útvarpað. Þótt engar ályktanir hefðu fylgt henni hefði það eitt nægt til að vekja tortryggni fjölda manns, að frétt þessa efnis væri flutt í útvarpi. Nú gerðist það hins vegar að henni fylgdu ályktanir sem hlustendur útvarps heyrðu aldrei gagnrýndar. Þegar fréttin hefur verið borin til baka er um seinan að segja að í henni hafi ekki falist annað en sú hversdagslega staðreynd að ráðherrar og erlendir stjórnarerindrekar spjalli iðulega saman.

* Allar beinar tilvitnanir í fréttir og umræður um mál þetta í útvarpinu eru úr eftirritum sem útvarpsstjóri sendi menntamálaráðuneytinu 18. janúar 1988.

II.

Eins og ráða mátti af fyrstu frásögn Jóns E. Guðjónssonar 9. nóvember 1987 hafði hann þá ekki séð þau gögn sem tíðindamaður hans taldi sig hafa um málið. Jón hefur greint undirrituðum frá ástæðum þess að hann krafði Dag Tangen ekki um heimildir þegar í upphafi. Jón segir svo frá að aðfaranótt 9. nóvember hafi flokksmálgagn norskra kommúnista, sem kenna sig við Marx og Lenín, komið út í Ósló. Í málgagni þessu, *Klassekampen*, hafi birst viðtal við Tangen þar sem hann hafi vitnað í bandarísk skjöl er hafi átt að sýna að nafngreindir forustumenn norska Verkamannaflokksins hafi starfað með leyniþjónustu Bandaríkjanna á árum „kalda stríðsins". Tvö norsk dagblöð hafi birt fregnir um þetta mál þá um morguninn og útvarpið í Ósló hafi rætt við Tangen sem hafi látið þess getið að hann hefði einnig fundið „leyniskjöl" um Ísland í Bandaríkjunum. Í þessum fjölmiðlum hafi Tangen verið kynntur sem „forsker og amanuensis" (fræðimaður og aðstoðarmaður) sem stundað hefði rannsóknir í Bandaríkjunum. Jón E. Guðjónsson segir að þetta hafi orðið til þess að hann leitaði eftir viðtali við Tangen án þess að óska eftir því að hann framvísaði heimildum. Ef Tangen hefði aðeins komið frétt sinni á framfæri í *Klassekampen* hefði hann verið kröfuharðari að þessu leyti þótt hann hefði reyndar ætíð haft í hyggju að líta á skjölin við fyrsta tækifæri.

Í greinargerð fréttastofu útvarps um þetta mál eru talin upp sex atriði sem leiddu til þess að vitnisburður frá Tangen „var talin traust heimild". Þessi atriði eru í höfuðdráttum hin sömu og Jón E. Guðjónsson rekur í lýsingu sinni á aðdraganda málsins, enda báru þeir saman ráð sín í upphafi hann og Friðrik Páll Jónsson sem gegndi störfum fréttastjóra. Friðrik Páll ítrekaði í samtali við undirritaðan að það hefði vegið mjög þungt í sínum huga að Tangen væri fræðimaður. Í greinargerð fréttastofunnar segir enn fremur um þetta: „... fræðimannsheiður hans [Tangens] er í veði fari hann ekki rétt með heimildir."

Nú er það svo, að þær hugmyndir, sem útvarpsmenn gerðu sér um fræðimennsku og háskólaferil Dags Tangens, eru rangar. Samkvæmt upplýsingum Magne Skodvins, prófessors og fyrrverandi forstöðumanns Sagnfræðistofnunar Óslóarháskóla, hefur Tangen að baki eins og hálfs árs háskólanám í sagnfræði við þann háskóla. Hann lauk þar áfangaprófi (mellomfag) sem veitir takmörkuð kennsluréttindi, en háskólagráðu í sagnfræði hefur hann ekki. Til að ljúka fyrstu prófgráðu í greininni í Ósló, cand. phil., verða menn að stunda þar nám í a.m.k. fjögur og hálft ár. Í Ríkisútvarpinu var Tangen ævinlega kynntur sem „sagnfræðingur", en það starfsheiti er yfirleitt bundið við fullgilt háskólapróf eða viðurkennd vísindastörf á sviði sagnfræði. Útvarpsmenn virðast hafa gert ráð fyrir því í upphafi að Tangen hlyti að bera þetta starfsheiti með réttu, en láðst að ganga úr skugga um það.

Að sögn Helge Pharos, prófessors og forstöðumanns Sagnfræðistofnunarinnar í Ósló, hefur Tangen lokið kandídatsprófi í stjórnmálafræði. Þeir Pharo og Magne Skodvin sögðust hins vegar ekki vita til þess að hann hefði nokkru sinni birt fræðilega ritsmíð á sviði stjórnmálafræði eða sagnfræði. Fyrir nokkrum árum kvað Skodvin hann hafa birt grein í einu dagblaðanna í Ósló þar sem hann hefði farið með staðlausa stafi um sagnfræðilegt efni. Skodvin sagði að sér væri ekki kunnugt um ritstörf Tangens uns hann hefði tekið upp þráðinn í *Klassekampen*. Í Ósló starfi Tangen sem styrkþegi við einkastofnun er fáist við viðskiptafræði og efnahagsmál.

Óljóst er hvaðan fréttastofan hafði þær upplýsingar að Tangen hefði um hríð verið gistiprófessor í Bandaríkjunum.* Jón E. Guðjónsson kvaðst aldrei hafa sagt fréttamönnum að Tangen hefði gegnt slíku embætti og háskólamenn í Ósló telja að það komi ekki til mála. Aftur á móti segja þeir að stofnunin, sem Tangen vinni hjá, hafi samstarf um rannsóknir við ríkisháskólann í New York. Á skrifstofu þessa háskóla fengust einungis þær upplýsingar að Dag Tangen væri þar á skrá um nemendur í framhaldsnámi.

* „Fréttastofan segir fréttina tilhæfulausa", Morgunblaðið 20. nóv. 1987.

Ekki verður um það deilt að fræðimenn njóta almennt mikils trausts meðal blaða- og fréttamanna. Í þessu skjóli skákaði Tangen. „Heiður“ hafði hann að vísu ekki áunnið sér á sviði vísinda er hann kvaddi sér hljóðs í *Klassekampen* í nóvember 1987 og áróðursblærinn á málflutningi hans leyndi sér ekki. Það hlaut þó í fljótu bragði að vekja nokkurt traust norskra fjölmiðla að hann hafði styrkþegastarf við rannsóknarstofnun og háskólapróf. Því er engin furða að Ríkisútvarpið íslenska skyldi einnig telja hann verðugan tíðindamann í upphafi. Útvarpið þarf að heyja harða samkeppni við aðra fjölmiðla um fréttir og hefur sjaldnast færi á að brjóta mál til mergjar áður en þau eru afgreidd í fyrsta sinn. Miðað við aðstæður 9. nóvember sl. hafði Friðrik Páll Jónsson fréttastjóri gildar ástæður til að útvarpa tíðindunum frá Ósló í von um að þau mætti staðfesta næsta dag. Í fréttayfirliti var þess einnig gætt að taka ekki neina ábyrgð á sannleiksgildi þeirra. Hlustendum gat ekki dulist að útvarpið var aðeins að greina þeim frá vitnisburði og ályktunum sem fréttaritari þess hafði eftir „sagnfræðingnum“ í Ósló.

III.

Að morgni þriðjudags 10. nóvember 1987 fór Jón E. Guðjónsson í heimsókn til Dags Tangens sem sýndi honum bandarísk gögn varðandi Ísland. Þegar Jón uppgötvaði að í þeim var ekkert að finna um Stefán Jóhann Stefánsson kveðst hann hafa innt Tangen eftir heimildum um ráðherrann. Tangen leitaði í skjölum sínum, en sagði síðan að hann gæti ekki í svipinn fundið bréf eitt sem hann hefði um samband bandarísku leyniþjónustunnar við Stefán Jóhann. Skjöl sín væru óflokkuð og því erfitt að finna þetta tiltekna bréf.

Eftir þennan fund með Tangen hringdi Jón E. Guðjónsson í fréttastofu útvarpsins og ræddi við Má Jónsson fréttamann. Jón minnir að hann hafi þá sagt frá því að Tangen hefði ekki fundið heimildina um ráðherrann; fréttamaður hefur staðfest við undirritaðan að svo hafi verið. Í hádegisfréttum var fjallað um málið á annan veg:

> Í skjölum úr skjalasafni Bandaríkjaforseta kemur fram að Stefán Jóhann Stefánsson, sem var forsætisráðherra 1947 til 1949 og formaður Alþýðuflokksins 1938 til 1952, hafi hitt sendiherra Bandaríkjanna og starfsmann leyniþjónustunnar CIA reglulega að máli árið 1948. Þeir skiptust á upplýsingum sem ströng leynd hvíldi yfir.
>
> Að þessum inngangi loknum sagði Jón E. Guðjónsson eftirfarandi:
>
> Af leyniskýrslunni, sem er úr skjalasafni Henry [svo] Trumans Bandaríkjaforseta, kemur fram að í lok fimmta áratugarins ræddu bandarískir sendiherrann ... og yfirmaður leyniþjónustudeildar sendiráðsins reglulega við Stefán Jóhann Stefánsson forsætisráðherra. Í skjalinu segir að samvinnan var [svo] mjög náin. Norski sagnfræðingurinn Dag Tangen, sem nú hefur afrit af þessu skjali, segir að þetta orðalag bendi til að á fundunum hafi menn skipst á upplýsingum sem ströng leynd hvíldi yfir. ... Þessi samvinna Bandaríkjamanna við forsætisráðherra Íslands er mjög óvenjuleg. Í öðrum löndum Vestur-Evrópu höfðu Bandaríkjamenn fyrst og fremst samband við utanríkisráðherrann eða landvarnaráðherrann, sagði Dag Tangen þegar ég hitti hann að máli nú í morgun og fékk að sjá hluta af þeim leyniskjölum sem hann komst yfir. ... Leyniskýrslur þær, sem Dag Tangen hefur um Ísland, eru rúmlega tíu síður og ítarlegar.

Þessar fréttir voru rangar. Staðhæft var að fyrir lægi heimild sem sannaði að Stefán Jóhann Stefánsson hefði haft náið samband við bandarísku leyniþjónustuna. Hlustendur hlutu að álykta að fréttaritarinn í Ósló hefði séð þessa heimild þá um morguninn þótt hann hefði skýrt fréttastofunni frá því að Tangen hefði ekki fundið hana. Jón E. Guðjónsson

hefur sagt undirrituðum að hann telji að hér hafi mistök verið gerð og hann harmi þau mjög. Már Jónsson fréttamaður segir að sannfæring sín um að Tangen fyndi senn heimildina hafi ráðið því hvernig skýrt var frá málinu í þessum fréttatíma. Hann hafi enn ekki talið neina ástæðu til að tortryggja Tangen vegna þess að hann hafi treyst á orð hans sem fræðimanns.

Í þættinum Dagskrá, sem Stefán Jón Hafstein annaðist á Rás 2 þennan þriðjudag, var rætt frekar um „tengsl, hugsanleg tengsl bandarísku leyniþjónustunnar við íslenska stjórnmálamenn, nánar tiltekið Stefán Jóhann Stefánsson“, eins og stjórnandi sagði í inngangi. Í umræðunni tóku einnig þátt Már Jónsson fréttamaður, Jón E. Guðjónsson í Ósló og Þorleifur Friðriksson sagnfræðingur.

Már Jónsson minntist í upphafi þáttarins á „mikil hneyksli“, sem Dag Tangen átti að hafa flett ofan af í Noregi: „Fjárhagsleg tengsl“ norsku verkalýðshreyfingarinnar við bandarísku leyniþjónustuna og „síðan stjórnmálaleg áhrif“ leyniþjónustunnar í Noregi. Jón E. Guðjónsson lýsti því síðan hvað átti að hafa komið fram um þetta efni í Noregi. Nefndi hann m.a.: njósnastarfsemi gegn kommúnistum í norskum verkalýðsfélögum á vegum norsku og bandarísku leyniþjónustunnar. Sú bandaríska hefði veitt fé til þessara njósna og haft „náið samband við Haakon Lie, „aðalritara norska Verkamannaflokksins“. Eftir þessa frásögn var talinu vikið að Íslandi með því að Stefán Jón Hafstein spurði fréttaritarann í Ósló:

> Mig langar til að spyrja ... rétt til að við skiljum hvað þetta er mikilvægt pólitískt. Er þetta eitthvað í líkingu við það t.d. ef upp hefði komist um það, að Alþýðuflokkurinn hefði njósnað um félaga í Sósíalistaflokknum og látið ... Bandaríkjamenn hafa upplýsingar um félaga þar ...?

Jón E. Guðjónsson taldi að þetta væri „mjög góð líking“. Þessi „njósnastarfsemi“ hefði leitt til þess „að kommúnistum var bolað úr embættum í verkalýðshreyfingunni“ og þeim haldið þar frá völdum og áhrifum.

Þessu svari fylgdi Már Jónsson eftir með því að bera fram svohljóðandi spurningu um formann Alþýðuflokksins íslenska: „En hvernig er það með skýrslurnar í Washington um Stefán Jóhann? Hvað segir þar nákvæmlega um hann og þá fundina við [svo] Bandaríkjamenn hér? Fréttaritarinn svaraði að bragði:

> Það kemur fram að í lok fimmta áratugarins þá ræddi bandarískur sendiherrann og fulltrúi bandarísku leyniþjónustunnar á Íslandi reglulega við Stefán Jóhann Stefánsson forsætisráðherra og í skýrslunni kemur ekki fram hvað rætt var nákvæmlega, en augljóst er að þarna var skipst á mikilvægum upplýsingum.
> Dag Tangen bendir á að í skýrslunni sé sagt að þetta séu einlægir fundir og á máli sérfróðra manna þá þýðir þetta víst að yfir þeim upplýsingum, sem fari á milli manna, hvíli mikil leynd. Tangen hann sagði ... að þetta samband væri mjög óvenjulegt. ... Skýringin á þessu nána sambandi ... er kannski að finna áður en Stefán Jóhann settist í forsætisráðherrastólinn. ... Og hann segir að það sé mjög athyglisvert hversu góðan og greiðan aðgang Bandaríkjamenn höfðu [svo] haft að forsætisráðherra Íslands á þessum árum.

Hér var haldið áfram þar sem frá var horfið í hádegisfréttum. Fyrr í þættinum hafði Már Jónssonýjað að því að heimildin sem komin væri í leitirnar um forsætisráðherra, væri skýrsla sem Þjóðaröryggisráðið bandaríska hefði sett saman um hann fyrir Harry Truman forseta. Með því að spyrja fréttaritarann í Ósló hvað segði „nákvæmlega“ um ráðherrann í skýrslum „í Washington“ var enn alið á þeirri blekkingu að Tangen hefði sýnt Jóni E. Guðjónssyni heimild um tengsl Stefáns Jóhanns við bandarísku leyniþjónustuna. Af svari fréttaritarans var sem fyrr ekki annað að ráða en það að hann væri að vitna millilíðalaust í slíka heimild.

Jón E. Guðjónsson hefur sagt undirrituðum að hann hafi komist í nokkurn vanda þegar óskað var eftir því fyrr um daginn að hann kæmi fram í Dagskrárþættinum. Hann hafi ekki getað bætt neinu við frásögn sína í hádegisfréttatíma og skýrt fréttastofunni frá því. Það hafi hins vegar orðið ofan á að hann kæmi fram í þættinum, en reyndi að breyta nokkuð orðavali frá því í fréttatímanum. Hefði hann haft samráð um þetta við Má Jónsson, fréttamann. Orðalag Tangens um „fortrolige möte“ (þ.e. top secret meetings) forsætisráðherra og Bandaríkjamanna hefðu þeir til að mynda ákveðið að íslenska sem „einlægir fundir“.

Þegar Jón E. Guðjónsson hafði lokið að vitna í „heimild“ Tangens í Dagskrárþættinum kynnti Már Jónsson stuttlega Þorleif Friðriksson sagnfræðing og rannsóknir hans á fjárhagstengslum Alþýðuflokksins íslenska „við skoðanabræður á Norðurlöndum og víðar“. Í beinu framhaldi af lýsingum fréttaritarans í Ósló á „einlægu“ og „óvenjulegu“ sambandi Stefáns Jóhanns Stefánssonar við bandaríska leyniþjónustumenn og stjórnarerindreka spurði Már nú hvort það kæmi Þorleifi á óvart að forsætisráðherra hefði setið fundi með slíkum mönnum á árunum 1947–49. Þorleifur taldi þetta alls ekki koma sér á óvart. Ísland hefði verið í „mjög nánum tengslum við pólitískar væringar“ erlendis, „og einmitt þetta sem hér hefur verið til umræðu hef ég sjálfur rekist á í mínum rannsóknum“. Til marks um náin samskipti Stefáns við Bandaríkjamenn benti Þorleifur síðan á feril hans sem utanríkisráðherra og forsætisráðherra og vísaði jafnframt á æviminningar ráðherrans og bréfaskriftir við Hans Hedtoft, forsætisráðherra Dana.

Í einu samhengi höfðu menn nú rætt um „tengsl“ Stefáns Jóhanns Stefánssonar við bandarísku leyniþjónustuna, meintan fjárstuðning hennar við njósnir í Noregi, áhrif hennar þar í landi og sambönd sem leyniþjónustumenn áttu að hafa haft við nafngreindan forustumann í norska Verkamannaflokknum. Við þessi atriði hafði Þorleifur Friðriksson síðan bætt kunnum staðreyndum úr ferli Stefáns Jóhanns Stefánssonar og óljósri staðfestingu á niðurstöðum Tangens. Svar hans virtist í rökréttu framhaldi af því sem til umræðu hafði verið í þættinum, en var í raun mjög villandi. Ef fræðilegt viðhorf hefði setið í fyrirrúmi hefði hann í upphafi átt að segja það sem fyrst kom fram í sjónvarpsviðtali einum degi síðar: „Varðandi tengsl Stefáns Jóhanns við sendimenn frá bandarísku leyniþjónustunni á þeim árum sem hann var forsætisráðherra veit ég ekkert.“*

Í Dagskrárþættinum sýndist málið horfa allt öðruvísi við. Þátttakendur virtust í óðaönn að rekja möskvana í því njósna- og samsærisneti bandarísku leyniþjónustunnar sem Dag Tangen átti að hafa flett ofan af með rannsóknum sínum vestra. Önnur spurning, sem Már Jónsson fréttamaður bar upp við Þorleif Friðriksson, skírskotaði til þeirrar alkunnu vitneskju sem hinn síðarnefndi hafði talið að lægi fyrir til staðfestingar á „afhjúpunum“ Tangens:

> Þetta segir þá kannski ekkert nýtt um aðdraganda þess að Ísland gekk í Atlantshafsbandalagið 1949 og að bandarískt herinn kom hingað til lands 1951 og þá almennt um afskipti Bandaríkjastjórnar af stjórnmálum hér á landi þessi ár?

Þorleifur taldi „þetta ekki mjög nýtt“ í því samhengi, sem hann hefði lýst. En vafalaust væri það „algjörlega nýtt fyrir flesta Íslendinga, sem upplifðu ekki þessa tíma og tóku þátt í þessum atburðum“. Bandaríkjamenn hefðu beitt hér „ýmsum ráðum til að hafa áhrif á gang mála“.

Með fornöfnunum „þetta“ og „það“ var átt við „tengsl“ Stefáns Jóhanns Stefánssonar við bandarísku leyniþjónustuna eins og greinilegt var af þessari spurningu Stefáns Jóns Hafsteins:

* „Dag Tangen, CIA, Ríkisútvarpið og Stefán Jóhann“, Morgunblaðið 25. nóv. 1987.

Er eitthvað sem bendir til þess annað hvort í þínum rannsóknum eða í sambandi við það sem hefur komið fram núna frá Noregi að það væru fleiri stjórnmálamenn en Stefán Jóhann, sem að hafi starfað með þessum hætti annað hvort í hans flokki eða öðrum flokkum?

Með þessari spurningu leitaði fréttamaðurinn fyrir sér um það hvort fleiri stjórnmálamenn yrðu dregnir í dilk með Stefáni Jóhanni Stefánssyni ef ályktað væri af öðrum heimildum á sama hátt og Tangen var sagður gera af sinni. Þorleifur Friðriksson skoraðist undan svari með þeim orðum að rannsóknir sínar hefðu „fyrst og fremst tekið til Alþýðuflokksins og Alþýðusambandsins". Hann lét hins vegar að því liggja að undirrótin að innanflokksátökum í Alþýðuflokknum á sjötta áratugnum hefði verið sú að þá hafi verið hér á ferð „bandarískir útsendarar". Þeir hefðu lagt til fé úr sjóðum Marshall-hjálparinnar til útgáfu fréttablaðs Alþýðusambands Íslands, en það atriði tengdi Már Jónsson óðar við meintan fjárstyrk leyniþjónustunnar bandarísku til „njósnastarfsemi" í Noregi. Það varð Þorleifi Friðrikssyni síðan tilefni til að nefna að Iðnaðarmálastofnun hefði verið rekin fyrir Marshall-fé í þeim tilgangi að „slæva andstæðurnar milli launavinnu og auðmagns".

Auðsætt er að í þessum Dagskrárþætti var farið út á mjög varhugaverða braut. Aðaltilefni hans var að ræða um sögulega heimild sem útvarpsmenn létust hafa undir höndum en höfðu alls ekki. Til umræðunnar var þannig stofnað á mjög ankannalegan hátt. Eðlilegt hefði verið að segja frá því í hádegisfréttum að viðkomandi heimild hefði ekki fundist og fresta frekari fréttaflutningi og umræðum um málið þar til hún væri komin til skila.

Jafnvel þótt litið sé fram hjá því í bili hvernig til umræðunnar var stofnað virðist ekki síður ámælisvert, hvernig tekið var á umræðuefninu. Samkvæmt síðustu frásögn Jóns E. Guðjónssonar kom það eitt fram í „skýrslunni" um Stefán Jóhann Stefánsson að hann hefði hitt bandaríska stjórnarerindreka og leyniþjónustumenn að máli. Allt annað, sem Jón hafði um málið að segja, voru ályktanir sem hann hafði eftir Tangen. Þær voru augsýnilega sprottnar af þeirri óhæfu forsendu að það geti verið nægilegt sakarefni að eiga samneyti við ákveðna menn. Þessar ályktanir voru teknar góðar og gildar ásamt staðhæfingum Tangens um norsku verkalýðshreyfinguna.* Á þessu byggðist öll umræðan í þættinum þar sem mörkin milli staðreynda, hæpinna fullyrðinga og uppspuna máðust með öllu út.

Ef beitt hefði verið gagnrýnu fréttamati hefði niðurstaðan hlotið að verða sú að ályktanir, sem hafðar voru eftir Tangen, væru ótækar án frekari sannana. „Heimild" um að forsætisráðherra hefði hitt bandaríska embættismenn og gefið þeim ótilgreindar upplýsingar um ótilgreind málefni gæti aldrei talist vísbending um, hvað þá sönnun fyrir því, að hann hefði haft óeðlileg tengsl við bandarísku leyniþjónustuna. Alkunna er að á fyrri tíð áttu íslenskir forsætisráðherrar mikil samskipti við erlenda stjórnarerindreka. Á árunum 1948–1949 vofði stríðshætta yfir og íslensk stjórnvöld óttuðust að átök á meginlandi Evrópu gætu breiðst út til landsins með einhverjum hætti. Á Íslandi voru þá engar landvarnir, en ríkisstjórnin gerði ráð fyrir því að Bandaríkjamenn hefðu hér herafla á ófriðartímum. Vorið 1949 gengu Íslendingar í Atlantshafsbandalagið sem þá fól Bandaríkjamönnum að verja

* Norskir sagnfræðingar telja staðhæfingar Tangens um þetta efni fyrir neðan allar hellur. Í blaðaviðtali við Helge Pharo, prófessor og forstöðumann Sagnfræðistofnunar Óslóarháskóla, kom það m.a. fram að Tangen hefði margsinnis fullyrt að tiltekin heimild sannaði að Haakon Lie, framkvæmdastjóri Verkamannaflokksins, hefði staðið í sambandi við Arthur Goldberg, sem starfaði í bandarísku leyniþjónustunni í heimsstyrjöldinni síðari. Þetta hefði reynst uppspuni: í heimildinni, sem væri frá styrjaldarárunum, segði það eitt að 15 þýskir kafbátar væru tilbúnir að leggja á hafið frá Björgvin. („Bevis" mot Haakon Lie slaar sprekker", Aftenposten 12. des. 1987.)
Eftir að hafa útvarpað ásökunum Tangens á norska verkalýðsleiðtoga virðist full ástæða til þess að fréttamenn Ríkisútvarpsins kynni sér og greini frá umræðum um vinnubrögð og ályktanir Tangens í Noregi.

landið á styrjaldartímum í samráði við íslensk stjórnvöld. Vegna þessa samstarfs íslenska ríkisins við Bandaríkjastjórn kunni það hæglega að hafa verið í verkahring forsætisráðherra að skiptast á leynilegum upplýsingum við bandaríska stjórnarerindreka, þar á meðal leyniþjónustumenn. Þannig fara samskipti ríkja iðulega fram og þykir ekki fréttnæmt.

Í Dagskrárþættinum var aldrei bent á þessi atriði. Óhlutdrægt fréttamat vék þar til hliðar fyrir eindreginni stjórnmálaafstöðu sem réð bæði spurningum og svörum þátttakenda. Þessi afstaða var ítrekuð í þáttarlok er Stefán Jón Hafstein bað Þorleif Friðriksson að meta erlend áhrif á íslensk stjórnmál „í vil hægri öflunum gegn þeim sem þessir aðilar voru að beita sér, þ.e. róttækum vinstrimönnum eða verkalýðshyggjufólki“. Hér kom fram það sjónarmið að þeir sem ekki aðhylltust stefnu Sósíalistaflokksins eða höfnuðu samstarfi við þann flokk hefðu talist til „hægri afla“ á fimmta- og sjötta áratugnum. Tvær fylkingar hefðu þá tekist á um völdin: íslenskt „verkalýðshyggjufólk“ og andstæðingar þess (þar á meðal Alþýðuflokkurinn undir forustu Stefáns Jóhanns Stefánssonar) sem ætla mátti að einir hefðu verið í sambandi við útlendinga og þar að auki starfað í sérstökum tengslum við bandarísku leyniþjónustuna. Það sjónarmið, sem hér lá að baki, má eins og kunnugt er rekja til hinna miklu átaka um utanríkisstefnuna sem ríkisstjórn Stefáns Jóhanns Stefánssonar markaði landinu 1947–1949. Stjórnarandstæðingar, þ.e. sósíalistar, sökuðu þá forsætisráðherra og stjórnarflokkana óspart um að ganga erinda Bandaríkjastjórnar, en litu á sjálfa sig sem hina einu sönnu málsvara íslensku þjóðarinnar og verkalýðsins. Skiljanlegt er að þeir, sem enn aðhyllast slík sjónarmið nú á dögum hafi talið aðdróttanirnar frá Ósló ákaflega trúverðugar. „Heimild“ Tangens mátti þannig skoða sem staðfestingu á þeim landráðaásökunum sem Stefán Jóhann Stefánsson sætti á fimmta áratugnum eins og Þorleifur Friðriksson lét að liggja. Með því að enginn þátttakenda reyndi að líta á málið frá öðru sjónarmiði hlaut umræðan að fara út á þá braut sem fyrr er lýst. Meðferð málsins þennan þriðjudag var á einn veg og fær undirritaður ekki séð að þar geti verið um að ræða tilviljun eða „fréttaslys“. Allt ber að sama brunni: vísvitandi ranghermi í hádegisfréttum, villandi þýðing á orðunum „fortrolige möte“, upptaka málsins í Dagskrárþætti og markleiðandi spurningar fréttamanna í þættinum. Að kvöldi þessa dags var enn haldið áfram á sömu braut með því að útvarpa hluta þáttarins í fréttatíma. Auðsætt virðist að stjórnmálaafstaða sú sem glögglega kom fram í þættinum hafi leitt fréttamenn afvega bæði í fréttaflutningi og fréttamati.

IV.

Í kvöldfréttum miðvikudaginn 11. nóvember hélt útvarpið áfram að fjalla um málið með því að lýsa nokkuð skjalasafni utanríkisráðuneytisins íslenska og þeim gögnum sem ráðuneytið hefði komið fyrir í Þjóðskjalasafni. Enn var látið að því liggja að fregnir um samstarf Stefáns Jóhanns Stefánssonar við bandarísku leyniþjónustuna teldust sannaðar. Gögn utanríkisráðuneytisins á Þjóðskjalasafni væru flest um „saklaus mál“, t.d. væri þar „hvergi getið viðræðna Stefáns Jóhanns Stefánssonar við bandaríska sendimenn hér á landi árið 1948, sem hafa verið í fréttum síðustu daga“. Gögn um vekjaraklukku, sem ráðherrann hefði skilið eftir í Stokkhólmi, væru aftur á móti á sínum stað í Þjóðskjalasafni.

Þá um kvöldið frétti Jón Einar Guðjónsson að Dag Tangen hefði sagt fréttaritara Dagblaðsins–Vísis í Ósló að hann hefði engin skjöl um samband Stefáns Jóhanns Stefánssonar við bandarísku leyniþjónustuna. Jón segir að hann hafi nú reynt að hafa upp á Tangen til að krefja hann um heimild en það hafi ekki tekist.

Fimmtudagsmorgun 12. nóvember náði Jóni E. Guðjónsson loks tali af Tangen á ritstjórnarskrifstofu *Klassekampen*. Nú reyndist hann „ekki jafn viss um, hvort hann hefði það [bréfið um Stefán Jóhann Stefánsson] í fórum sínum“, segir Jón E. Guðjónsson í greinargerð sinni. Taldi jafnvel að hann hefði sent það til nafngreindrar kunningjakonu sinnar í Reykjavík, en hún sat á ráðstefnu í Finnlandi þegar að var gáð.

Þennan sama dag birti Dagblaðið–Vísir þau tíðindi frá fréttaritara sínum í Ósló, að ekkert væri að finna um Stefán Jóhann Stefánsson í því skjali sem Dag Tangen hefði sýnt honum. Friðrik Páll Jónsson hefur skýrt undirrituðum svo frá að þetta hafi einkum orðið til þess að tortryggni vaknaði á fréttastofunni í garð Tangens. Þar brugðu menn nú á það óvenjulega ráð að biðja nágranna hinnar íslensku kunningjakonu Tangens að fylgjast með póstkassa hennar, „og bærist bréf frá Noregi yrði fengið leyfi í síma til þess að opna það“. Auk þess var Jóni E. Guðjónssyni falið að hljóðrita viðtal við Tangen, eins og segir í greinargerð fréttastofunnar. Tilgangurinn var væntanlega sá að afla beins vitnisburðar frá honum um heimild sína. Þótt allt væri í óvissu um hvort þessi heimild væri til töldu útvarpsmenn sér sýnilega ekki fært að greina hlustendum frá því eftir það sem á undan var gengið. Fyrri frásagnir um málið virtust standa óhaggaðar, og Jón E. Guðjónsson spurði Tangen aðeins að því hvernig hann hefði komist yfir „skjalið um Stefán Jóhann“. Svarið hljóðaði svo:

> Þetta skjal er að finna í Íslendingamöppunum í skjalasafni Trumans í Independence í Missouri. En áður en lengra er haldið vil ég geta þess að mikil leynd hvílir yfir skjölum sem varða íslensk málefni í bandarískum söfnum. Þessi leynd er mun meiri en t.d. hvað varðar skjöl um Grænland, Danmörk eða Noreg. ... Í áðurnefndu bréfi, þar sem forsætisráðherra er nefndur, er m.a. skýrt frá því, að hann skuli ákveða, hvaða Íslendingar hafi samband við Bandaríkjamenn og hann átti einnig að ákveða hvaða Íslendingar áttu að taka þátt í baráttunni gegn hugsanlegri byltingu kommúnista.

Fréttaritarinn hafði það enn fremur eftir Tangen að í bréfinu segði að vegna þess að „í viðræðunum á milli Íslands og Bandaríkjanna var [svo] komið inn á viðkvæma hluti“, gætu Bandaríkjamenn aðeins haft samband við forsætisráðherra sjálfan.

Á fjórum dögum höfðu nú komið fram fjórar skýringar á því í hvaða heimild eða heimildir Tangen hefði sótt vitneskju sína um samband Stefáns Jóhanns Stefánssonar við Bandaríkjamenn:

1. Í leyniþjónustuskýrslur um varnir Íslands, samdar fyrir Truman forseta á ónefndum tíma, varðveittar í Truman-safninu í Missouri, alls 10 blaðsíður ítarlegar.
2. Í eina skýrslu, ritaða á ónefndum tíma og af ónefndum aðilja, um fundi og skipti á upplýsingum, sem fram hefðu farið á milli Stefáns Jóhanns Stefánssonar og bandarískra leyniþjónustumanna og stjórnarerindreka í lok fimmta áratugarins. Skýrslan varðveitt í Truman-safninu.
3. Í skýrslu eða skýrslur sem Þjóðaröryggisráðið bandaríska samdi um Stefán Jóhann Stefánsson fyrir Truman forseta; skýrslur varðveittar í Washington, D.C.
4. Í eitt bréf í Truman-safninu í Missouri, ritað á ónefndum tíma og af ónefndum bandarískum aðilja sem ráðgerði að biðja Stefán Jóhann Stefánsson að tilnefna einhverja menn til viðræðna sem áttu að hefjast síðar.

Þessar síðastnefndu upplýsingar frá Tangen virtust geta stangast á við það sem áður hafði verið eftir honum haft um „reglulega“ fundi forsætisráðherra með bandarískum sendimönnum. Ekki er þó að sjá að fréttaritarinn hafi spurt Tangen neitt um efni „bréfsins“ eða uppruna þess, enda óhægt um vik þar sem fréttastofan hafði áður látið hann sjálfan rekja „nákvæmlega“ efni „skjalsins um Stefán Jóhann“ sem þá átti að vera skýrsla frá Þjóðaröryggisráðinu bandarísku.

Þennan fimmtudag hafði Steingrímur Hermannsson utanríkisráðherra heitið því á Alþingi að afla þeirra gagna sem Tangen hafði fengið í Bandaríkjunum. Eftir viðtalið við „sagnfræðinginn“ í kvöldfréttum ákvað fréttastofan einnig að biðja fréttaritara sinn í Bandaríkjunum, Jón Ásgeir Sigurðsson, að grennslast fyrir um slík gögn í Truman-safninu.

Ekki hafði fréttastofan þó glatað með öllu trausti sínu á Tangen sem heimildarmanni því að vitnað var í viðtalið við hann í síðari kvöldfréttum þennan dag. Stefán Jóhann Stefánsson hefði „átt að ákveða hvaða Íslendingar ættu að taka þátt í baráttunni gegn hugsanlegri valdatöku kommúnista". Einnig var greint frá staðhæfingum Tangens um skjalaleynd í Bandaríkjunum. Steingrímur Hermannsson hygðist fara fram á aðgang að þeim skjölum sem hann hefði „komist yfir um afstöðu bandarískra stjórnvalda til Íslands og viðræður Stefáns Jóhanns Stefánssonar forsætisráðherra við bandaríska sendiherrann og starfsmann leyniþjónustunnar í Reykjavík árin 1948 og 1949 [svo]."

V.

Í fréttum klukkan 16 næsta dag, föstudaginn 13. nóvember, skýrði Jón Ásgeir Sigurðsson frá því, hvers hann hefði orðið vísari þar vestra. Það var endurtekið í fréttatíma kl. 17:

> Það eina, sem starfsmenn Truman-bókasafnsins ... hafa fundið um Ísland og Stefán Jóhann Stefánsson ... er 37 síðna skýrsla bandarísku leyniþjónustunnar til forsetans. ... Þar eru sögð deili á málsmetandi mönnum á Íslandi. ... Hann [Stefán] er sagður einlægur hægrimaður og fylgjandi því að Bandaríkjamenn fái aðstöðu á Íslandi.* Ekkert kemur þó fram um að hann hafi hitt starfsmenn leyniþjónustunnar eða sendiherra Bandaríkjanna í Reykjavík reglulega.

Í síðari fréttatímum var greint frá blaðamannafundi Steingríms Hermannssonar utanríkisráðherra. Þar kom fram að íslenski sendiherrann í Ósló hafði óskað eftir því að Tangen leyfði sér að ljósrita öll þau gögn sem hann hefði aflað um Ísland í Bandaríkjunum. Ljósritum af þeim gögnum, sem Tangen afhenti sendiherranum og vörðuðu Ísland, hafði utanríkisráðherra dreift á blaðamannafundinum. Í þessum skjölum (meðal þeirra var ekki áðurgreind CIA-skýrsla úr Truman-safninu) var hvergi vikið orði að Stefáni Jóhanni Stefánssyni. Í samtali við íslenska sendiherrann í Ósló sagðist Tangen þó hafa séð bréf þar sem forsætisráðherra væri nefndur „our contact" af Bandaríkjamönnum. Efni bréfsins kvaðst Tangen ekki muna hann hefði ekki skrifað það hjá sér og gæti ekki vísað á skjalið í safninu. Bandarískir skjalaverðir báru að eina heimildin, sem þar væri að finna um Ísland, væri áðurnefnd CIA-skýrsla. Þetta var ekki rétt, en líklega áttu skjalaverðir við að skýrslan væri eina leyniþjónustuheimildin um Ísland sem varðveitt væri í Truman-safninu. Upplýst var að þar hefði Tangen dvalið í tvo daga, en hann átti samkvæmt fyrri útvarpsfréttum að hafa verið við rannsóknir vestra í þrjú ár.

Það var ekki fyrr en sex dögum eftir blaðamannafund utanríkisráðherra, fimmtudaginn

* Hér var ekki vitnað í skýrsluna, en ranghermið leiðrétti Jón Ásgeir Sigurðsson óbeint um leið og hann hafði sjálfur fengið ljósrit af henni. Í skýrslunni sagði að Stefán Jóhann Stefánsson væri „hægri-jafnaðarmaður", right-wing Social Democrat, en ekki „einlægur hægrimaður", þ.e. íhaldsmaður. Hann „beitir sér mjög fyrir málstað verkalýðssamtakanna og styður aukna þjóðnýtingu", sagði í CIA-skýrslunni. Að áliti bandarísku leyniþjónustunnar var Stefán „verkalýðshyggjusinni" (svo að notað sé orðalag úr Dagskrárþætti Ríkisútvarpsins) sem barðist fyrir lýðræðislegri jafnaðarstefnu en gegn ráðstjórnarsósíalisma. Afstöðu hans til Bandaríkjanna þekktu leyniþjónustumenn aðeins af afspurn (sjá tilvitnun hér að neðan). Hvergi var sagt að hann væri „fylgjandi því að Bandaríkjamenn fái aðstöðu á Íslandi", en þessi orð mátti skilja á þá lund að Stefán hefði viljað greiða fyrir því að Bandaríkjamenn fengju að koma upp herstöðvum á Íslandi 1948. Á hinn bóginn sagði í skýrslunni:

> Hann greiddi flugvallarsamningnum [Keflavíkursamningnum 1946] atkvæði og er sagður vinsamlegur í garð Bandaríkjanna. [He voted for the Airport Agreement and is said to be favourably inclined towards the U.S.]
>
> Ekki var frekar minnst á afstöðu Stefáns Jóhanns Stefánssonar til Bandaríkjamanna í skýrslunni. Í alþjóðamálum var Stefán sagður „mikill stuðningsmaður Sameinuðu þjóðanna" og réttilega tekið fram að hann vildi auka tengsl Íslendinga við Breta og Norðurlandamenn.

19. nóvember, að málið var til lykta leitt í útvarpinu.
Í samtali, sem fréttastofan átti þá við Tangen, sagði hann:

> Ég hef ekki sagt að ég hafi séð skjöl, sem sýna samband milli CIA og Stefáns Jóhanns Stefánssonar [í texta á norsku: „Johan Stefan Johanson"]. Ég sagði: Ég hef undir höndum skjöl þar sem vísað er í samtöl í Washington milli utanríkisráðherra á Íslandi í mars 1949 um möguleika á byltingu kommúnista. ... Skjalið, þar sem nafn Stefáns Jóhanns [í texta á norsku: „Johansons navn"] stendur, er ómerkileg orðsending þar sem segir að fulltrúar Bandaríkjanna skuli ræða við hann. Annað hefði auðvitað vakið mikla athygli.

Fréttastofan lýsti því nú loks yfir að fyrri fréttir um málið væru úr lausu lofti gripnar. Jón E. Guðjónsson héldi þó fast við það að Tangen hefði sagst hafa skjöl um samskipti Stefáns Jóhanns Stefánssonar við bandarísku leyniþjónustuna. Hér stæði því „staðhæfing á móti staðhæfingu". Fréttastofan harmaði, „að heimild, sem hún taldi ekki ástæðu til að vefengja, skyldi reynast ótraust." Með þessari yfirlýsingu var aðalábyrgðinni á meðferð málsins varpað yfir á fréttaritarann í Ósló, og látið að því liggja að meinið hefði verið það eitt að vitnisburður Tangens um gögn sín hefði brugðist. Skyndilega átti málið allt að hafa snúist um fullyrðingar sem fréttastofan „hefur haft eftir norska sagnfræðingnum" eins og komist var að orði í kvöldfréttum 13. nóvember. Ekkert tillit var tekið til þess að fréttamenn höfðu sjálfir kosið að láta sem fréttaritarinn hefði séð „heimild" Tangens og fjallað upp frá því um „fundi" ráðherrans með leyniþjónustumönnum, eins og þar væri um staðreynd að ræða. Það skorti því mikið á að fréttastofan næði að gera hreint fyrir sínum dyrum með yfirlýsingunni 19. nóvember þótt hún bæri nú tíðindin frá Ósló afdráttarlaust til baka.

VI.

Mál það, sem nú hefur verið reifað, er í eðli sínu svikamál. Upphafsmaðurinn var Tangen og allt virðist benda til þess að hann hafi búið til söguna um samband ráðherrans við leyniþjónustuna. Þótt Tangen þrætti fyrir þetta að lokum stóð hann a.m.k. fast við það að Stefán Jóhann Stefánsson hefði verið tengdur Bandaríkjastjórn með óeðlilegum hætti.* Tangen vísaði sjálfur til tveggja heimilda um forsætisráðherra í viðtölum í útvarpi og sjónvarpi. Þær voru:

1. Skýrsla frá bandaríska Þjóðaröryggisráðinu („The Position of the United States With Respect to the United States and North Atlantic Security Interests in Iceland") dags. 29. júlí 1949. Leynd var létt af þessari skýrslu (NSC 40/1) árið 1975 og eintök af henni er að finna bæði í Þjóðskjalasafninu í Washington D.C. og í Truman-safninu í Independence, Missouri. Hún var prentuð í skjalaútgáfu Bandaríkjastjórnar, Foreign Relations of the United States, 1949, IV., bls. 313–15, árið 1975. Hinn 24. mars 1976 var hún birt í íslenskri þýðingu í Lesbók Morgunblaðsins („Úr bandarískum leyniskýrslum. Um Ísland á dögum kalda stríðsins"). Einnig var vitnað til hennar þetta ár í dagblaðinu Þjóðviljanum, t.d. í þættinum „Klippt og skorið" 30. mars 1976.
2. „Bréf" um „Johan Stefan Johanson" sem ekki var framvísað.

   > Kveikjan að aðdróttunum Tangens var þessi klausa í skýrslu Þjóðaröryggisráðsins:
   > Í viðræðum í Washington í mars 1949 milli íslensku utanríkisráðherranna [svo] og fulltrúa utanríkisráðuneytisins [bandaríska] og hersins, kom mönnum saman um að hugsanlegur undirróður kommúnista væri bráðasta hættan sem steðjaði að Íslandi. Til marks um þessa hættu má hafa óeirðir kommúnista meðan á umræðum stóð á Alþingi 31. [svo] mars.

* Sjá sjónvarpsviðtal Arnþrúðar Karlsdóttur við Tangen 14. nóvember 1987, eftirrit frá útvarpsstjóra.

Það er fyrir utan efnissvið þessarar álitsgerðar að ræða að hve miklu leyti þessi tilvitnun átti við rök að styðjast. Skýrsluhöfundar voru hér að fjalla um hinar þjóðkunnu viðræður sem íslensk ráðherranefnd átti við Bandaríkjamenn skömmu fyrir stofnun Atlantshafsbandalagsins árið 1949. Helstu niðurstöður þeirra voru birtar skömmu eftir heimkomu ráðherranna og fundargerðir beggja aðilja voru gefnar út á prenti í Bandaríkjunum og á Íslandi á árunum 1975–1976.* Bandarískir leyniþjónustumenn komu hvergi nærri þessum viðræðum og Stefán Jóhann Stefánsson tók engan þátt í þeim, enda sat hann um kyrrt í Reykjavík. Eins og alkunna er notaði ríkisstjórn Íslands niðurstöður fundanna í Washington til að rökstyðja frumvarp sitt um inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið.

Það er með ólíkindum að tæpum fjörutíu árum síðar skyldi vera hægt að leggja svo út af stuttri tilvísun í þessar viðræður í áðurnefndri skýrslu (röskum áratug eftir útkomu hennar) að úr yrði æsileg saga um launráð Stefáns Jóhanns Stefánssonar og bandarísku leyniþjónustunnar CIA. Í fjóra daga entist Ríkisútvarpinu þessi saga sem uppistaða í fréttir og umræður þar sem hinn látni forsætisráðherra var leynt og ljóst talinn sekur um athæfi sem jaðrað gat við landráð í margra augum. Til að sveipa prentaða skýrslu Þjóðaröryggisráðsins dularblæ hafði Tangen tekist að telja frétta- ogblaðamönnum trú um að hann hefði fundið þessa heimild fyrir einskæra heppni. Það hefði aðeins verið „vegna mistaka á Þjóðskjalasafninu [bandaríska] að skjalið lá frammi".** Fullyrðingar hans um leyndarreglur og varðveislu bandarískra stjórnarskjala voru meira eða minna í þessum furðustíl. Þannig notfærði Tangen sér ókunnugleika fjölmiðlamanna á sagnfræðilegum efnum og áhuga þeirra á málum sem leynd hvílir yfir. Aldrei var „sagnfræðingurinn" t.d. spurður um það hvernig hann gæti farið með almennar fullyrðingar um heimildir sem Ísland varða þótt hann viðurkenndi sjálfur að hann hefði aðeins blaðað í þeim fyrir hálfgerða tilviljun. Tangen lést sýnilega vera einhvers konar kraftaverkamaður er komist gæti yfir helgustu leyndardóma Bandaríkjastjórnar og þetta gaf frásögnum hans aukið gildi í fréttum.

Aðra aðalheimild sína, bréf um „Johan Stefan Johanson", taldi Tangen sjálfur lítils virði í útvarpsviðtalinu 19. nóvember. Á þessum ellefta degi málsins gat hann þó ekki farið rétt með nafn þess manns sem hann vildi bera þungri sök. Var það eftir öðrum vinnubrögðum hans. Lýsing Tangens á efni bréfsins um „Johanson" bendir til að hér sé um að ræða afbökun hans á heimild sem tengist áðurnefndri skýrslu Þjóðaröryggisráðsins. Í skýrslunni var bandaríska utanríkisráðuneytinu falið að gera áætlun um að sporna gegn þeirri hættu sem Bandaríkjamenn töldu að íslenskum stjórnvöldum væri búin af valdaránstilraun kommúnista. Drög að þessari áætlun voru fullgerð seint í nóvember 1949 og í þeim var m.a. að finna hugmyndir um það hvernig íslensk stjórnvöld gætu styrkt öryggi sitt gegn hugsanlegum ofbeldismönnum. Bandaríkjamenn treystu sér þó ekki til að leggja þessar hugmyndir fram sem formlegar tillögur, enda hafði Bjarni Benediktsson utanríkis- og dómsmálaráðherra lýst því yfir í viðræðunum í Washington í mars 1949 að íslensk stjórnvöld ætluðu sjálf að leysa þetta mál.*** Bandarískí sendiherrann í Reykjavík átti því aðeins að kynna þessar hugmyndir fyrir Bjarna og e.t.v. fleiri ónefndum ráðamönnum eða embættismönnum á Íslandi svo og stjórnarerindrekum frá öðrum ríkjum Atlantshafsbandalagsins.

* Foreign Relations of the United States, 1949, IV. (Washington, D.C. 1975), bls. 202–206, 225–229, 236–237. „Frásögn af viðræðum", Morgunblaðið 4. maí 1976. Bandarísku fundargerðirnar voru einnig birtar í íslenskri þýðingu í Lesbók Morgunblaðsins 24. mars og 4. apríl 1976. Sjá einnig Þjóðviljann 2. og 3. apríl 1976.

**„Ummæli íslenskra ráðherra leiddu til innrásaráætlana", Dagblaðið –Vísir 11. nóvember 1987. Sjá einnig útvarpsfréttir 9. nóvember 1987, eftirrit frá útvarpsstjóra, bls. 1.

*** Sjá Foreign Relations of the United States, 1949, IV., bls. 228.

Þetta eru einu „viðræðurnar“ sem ráðgerðar voru af Bandaríkjamönnum um baráttu gegn „byltingu kommúnista“ á stjórnartímabili Stefáns Jóhanns Stefánssonar. Nafn hans er ekki að finna í áætlun þeirra fremur en í áðurgreindri skýrslu Þjóðaröryggisráðsins. Þó verður að telja mjög líklegt að „bréfið“, sem Tangen kveðst hafa fundið um þetta efni, sé í raun þessi áætlun. Hann haldi enn fram þeim ósannindum að nafn Stefáns Jóhanns komi þar fyrir og fari auk þess rangt með efnisatriði. Ef þessi tilgáta er rétt hefur Tangen einnig misnotað hér prentaða heimild því að áætlunin hefur verið prentuð í skjalaútgáfu Bandaríkjastjórnar (1977) og árið eftir var hún birt í dagblaðinu Þjóðviljanum.*

Tekið skal fram að Bandaríkjamenn fengu ekki tækifæri til að kynna áætlun sína fyrir Bjarna Benediktssyni 1949. Stjórnarflokkarnir íslensku höfðu slitið samstarfi sínu þegar hún var tilbúin og nokkrum dögum síðar hvarf ríkisstjórn Stefáns Jóhanns Stefánssonar frá völdum. Um þetta efni vísast að öðru leyti til ritgerðar sem undirritaður lagði fram á þingi norrænna sagnfræðinga í Reykjavík í ágúst 1987, en þar var fjallað um varnarsamninginn 1951 og aðdraganda hans.** Öll slík gögn á þinginu, þar á meðal þessi ritgerð, stóðu fjölmiðlum að sjálfsögðu til boða.

Sumarið 1986 dvaldist undirritaður við rannsóknir í Bandaríkjunum til að undirbúa fyrrnefnda ritgerð og aðrar væntanlegar ritsmíðar um utanríkis- og öryggismál Íslendinga 1945–1951. Markmiðið var að kanna öll helstu gögn sem opnuð höfðu verið fræðimönnum um þetta efni á síðustu árum. Við þessa rannsókn kom í ljós að engin skjöl bandarísku leyniþjónustunnar CIA um starfsemi hennar á Íslandi eru tiltæk í skjalasöfnum vestra. Skemmst er frá að segja að í heimildum frá öðrum stjórnarstofnunum og Bandaríkjaher fundust engar vísbendingar um Íslendinga sem starfað hefðu í þjónustu CIA.

Svik, sem framin eru undir yfirskini fræðimennsku, getur verið erfitt að varast ef kænlega er um hnúta búið. Svo var þó alls ekki um pretti Dags Tangens sem augsýnilega var ætlað að ófrægja látinn stjórnmálaandstæðing og koma höggi á flokk hans. Meðferð Tangens á heimildum og skipti hans við fjölmiðla minna einna helst á „aprílgabb“ sem venjulega endist aðeins í einn dag. Þannig hefði einnig farið í þessu tilviki ef útvarpsmenn hefðu ekki ákveðið að láta sem þeir hefðu sannreynt „heimild“ hans. Að svo langt skyldi gengið verður ekki skýrt með því einu að fréttastofan hafi borið óverðskuldað traust til Tangens sem fræðimanns. Röng ákvörðun fréttastofunnar 10. nóvember og meðferð málsins upp frá því vitnar einkum um tvennt: ofurkapp á að halda ásökunum Tangens að hlustendum og blinda trú á sannleiksgildi þeirra. Í þættinum Dagskrá sannaðist að útvarpsmenn litu málið aðeins frá einu pólitísku sjónarhorni. Verður það að teljast sterk vísbending um að þessi einsýni hafi ráðið mestu um að þeir komust í ógöngur með málið.

Líti menn svo á að víti eigi að vera til varnaðar virðist ýmislegt mega læra af þessu leiðindamáli: að gengið sé rækilega úr skugga um feril og málflutning manna sem segja vilja fréttir og skírskota til fræðimennsku og háskólatitla; að munnlegur vitnisburður slíkra manna um heimildir verði ekki talinn sönnun á efni þeirra, hvað þá jafngildi frumheimildar; að þeir útvarpsmenn sem hér eiga hlut að máli reyni framvegis að líta á umdeild sagnfræðileg viðfangsefni frá fleiri en einni hlið og finni stjórnmálaskoðunum sínum vettvang utan fréttatíma.

Freiburg im Breisgau, 24. febrúar 1988.

Þór Whitehead.

* Foreign Relations of the United States, 1950, III. (Washington D.C. 1977), bls. 1456–1959. „Leyniskýrsla til Þjóðaröryggisráðs Bandaríkjanna“, Þjóðviljinn 7. júní 1978.

**„Icelandic Security Policies, 1949–51.“

Fylgiskjal I.

Fréttir Ríkisútvarpsins, hljóðvarps.

9. nóvember 1987. Kvöldfréttir:
Norskur sagnfræðingur segist hafa komist yfir skýrslur í Bandaríkjunum sem sýni að bandaríska leyniþjónustan CIA hafi haft náið samband við Stefán Jóhann Stefánsson undir lok fimmta áratugarins. Stefán var forsætisráðherra 1947–1949.

Dag Tangen, norskur sagnfræðingur, sem hefur dvalist þrjú ár í Bandaríkjunum við rannsóknir á tengslum bandarísku leyniþjónustunnar CIA og Norðmanna, segir að leyniþjónustan hafi haft náið samband við Stefán Jóhann Stefánsson sem var forsætisráðherra 1947–1949. Tangen hefur komist yfir leyniskýrslur um varnir Íslands sem bandaríska leyniþjónustan gerði fyrir Truman Bandaríkjaforseta undir lok fimmta áratugarins.
Jón Einar Guðjónsson: Dag Tangen segir í viðtali við fréttaritara útvarps í dag að enginn vafi leiki á að menn innan bandarísku leyniþjónustunnar hafi haft náin persónuleg tengsl við Stefán Jóhann Stefánsson, fyrrum forsætisráðherra. Tangen segir það koma fram í þeirri skýrslu sem hann hafi nú undir höndum að Bandaríkjamenn hafi óttast mjög að Sovétmenn hertækju Ísland. Af skýrslunni má ætla að leyniþjónustumennirnir hafi verið „á taugum" þegar þeir komust að því að íslenska lögreglan var óvopnuð, sagði Tangen í dag og bætti við: „... leyniþjónustan taldi því brýna nauðsyn á að bandarískir hermenn yrðu sendir til Íslands til að vera til aðstoðar ef til átaka kæmi". Dag Tangen komst yfir þessa leyniskýrslu fyrir tilviljun. Hann hefur um þriggja ára skeið unnið í Bandaríkjunum að rannsóknum á tengslum bandarísku leyniþjónustunnar við Norðmenn og þá sérstaklega við verkalýðsforustuna og Verkamannaflokkinn. Tangen segir að vestra sé mjög erfitt að fá aðgang að skýrslum sem varði öryggismál Íslands. Hann segir að Bandaríkjamenn gæti engra upplýsinga jafnvel og þeirra sem varði öryggismál Íslands. Ástæðuna telur hann vafalítið mikilvægi Íslands fyrir Bandaríkin. Við hugsanlega árás á Sovétríkin voru Bandaríkjamenn algjörlega háðir því að geta millilent á Grænlandi og á Íslandi. Ísland var Bandaríkjamönnum lífsnauðsynlegt, segir Tangen. Í skýrslum sem hann hefur rannsakað í Washington kemur fram að bandarískri herinn hélt miklar heræfingar á Suðurskautslandinu. Þetta var gert til að búa hermennina undir stríð á Grænlandi, en ríkisstjórn Danmerkur hafði bannað heræfingar þar. Bandaríkjamenn óttuðust að Sovétmenn hefðu áform um að hertaka Suðaustur-Grænland og loka siglingaleiðinni á milli Íslands og Grænlands með kafbátum. Upplýsingar Dag Tangens um tengsl Haakonar Lies, fyrrverandi aðalritara Verkamannaflokksins, við bandarísku leyniþjónustuna á árunum eftir heimsstyrjöldina síðari hafa vakið mikla athygli hér í Noregi nú í dag. — Jón Einar Guðjónsson í Ósló.

Fréttastofan segir nánar frá þessum leyniskýrslum á morgun en þá ræðir Jón Einar Guðjónsson nánar við Dag Tangen.

9. nóvember 1987. Seinni kvöldfréttir:
Dag Tangen, norskur sagnfræðingur sem vinnur að rannsóknum á tengslum bandarísku leyniþjónustunnar CIA og Norðmanna, segir að leyniþjónustan hafi haft náið samband við Stefán Jóhann Stefánsson sem var forsætisráðherra 1947 til 1949. Tangen hefur komist yfir leyniskýrslur um varnir Íslands sem bandaríska leyniþjónustan gerði fyrir Truman Bandaríkjaforseta undir lok fimmta áratugarins.

10. nóvember 1987. Hádegisfréttir:
Stefán Jóhann Stefánsson, fyrrum forsætisráðherra, hitti sendiherra Bandaríkjanna og starfsmenn bandarísku leyniþjónustunnar CIA í ráðherratíð sinni 1947 til 1949. Þeir ræddu málefni sem leynd hvíldi yfir.

Í skjölum úr skjalasafni Bandaríkjaforseta kemur fram að Stefán Jóhann Stefánsson, sem var forsætisráðherra árin 1947 til 1949 og formaður Alþýðuflokksins 1938 til 1952, hafi hitt sendiherra Bandaríkjanna og starfsmann bandarísku leyniþjónustunnar CIA reglulega að máli árið 1948. Þeir skiptust á upplýsingum sem ströng leynd hvíldi yfir.
Jón Einar Guðjónsson: Af leyniskýrslunni, sem er úr skjalasafni Henry [svo] Trumans Bandaríkjaforseta, kemur fram að í lok fimmta áratugarins ræddu bandarískí sendiherrann á Íslandi og yfirmaður leyniþjónustudeildar sendiráðsins reglulega við Stefán Jóhann Stefánsson forsætisráðherra. Í skjalinu segir að samvinnan var mjög náin. Norski sagnfræðingurinn Dag Tangen, sem nú hefur afrit af þessu skjali, segir að þetta orðalag bendi til að á fundunum hafi menn skipst á upplýsingum sem ströng leynd hvíldi yfir. Stefán Jóhann tók við embætti forsætisráðherra í febrúar 1947 og gegndi því fram til desember 1949. Þessi samvinna Bandaríkjamanna við forsætisráðherra Íslands er mjög óvenjuleg. Í öðrum löndum Vestur-Evrópu höfðu Bandaríkjamenn fyrst og fremst samband við utanríkisráðherrann eða landvarnaráðherrann sagði Dag Tangen þegar ég hitti hann að máli nú í morgun og fékk að sjá hluta af þeim leyniskjölum sem hann komst yfir á meðan hann dvaldi í Bandaríkjunum við rannsóknir á samstarfi þarlendrar leyniþjónustu við norska verkalýðsforustu. Leyniskýrslur þær, sem Dag Tangen hefur um Ísland, eru rúmlega tíu síður og ítarlegar. Í skýrslu, sem Þjóðaröryggisráð Bandaríkjanna sendi Truman forseta eftir annan fund sinn, kemur fram að rætt var um hættuna á að íslenskir kommúnistar kæmust til valda með byltingu. Þetta vandamál var vegið og metið og ráðið taldi að hættan á byltingum hefði verið meiri upp úr 1940. Þá var einnig bent á að Sovétmenn líti raunsæjum augum á landfræðilega stöðu Íslands og að ráðamenn í Sovétríkjunum geri sér grein fyrir að þeir séu ekki megnugir að liðsinna kommúnistum á Íslandi. Í skýrslunni segir ráðið að þrátt fyrir þessar staðreyndir geti Bandaríkjastjórn ekki útilokað að til byltingar komi, annaðhvort af eigin hvötum íslenskra kommúnista, t.d. vegna innlendra atburða, eða eftir fyrirmæli frá Kreml. Dag Tangen minnir á það ástand sem ríkti eftir síðari heimsstyrjöld. Ráðamenn óttuðust þá nýja styrjöld og Bandaríkjamenn gerðu allt til að tryggja sinn hlut í Vestur-Evrópu. Ísland var í sérstöðu, ekki aðeins landfræðilega heldur og vegna þess, að þar var enginn her og lögreglan var óvopnuð. Því var ekki hægt að beita hernum né lögreglunni gegn hugsanlegri byltingu kommúnista. Þess vegna mælti bandaríska leyniþjónustan og Þjóðaröryggisráðið með því að sendar yrðu bandarískar hersveitir til Íslands, segir Dag Tangen. Í skýrslunum kemur ekki beinlínis fram að Stefán Jóhann Stefánsson hafi lagt þetta til en af samhenginu má ráða að hann hafi verið á sama máli. — Jón Einar Guðjónsson í Ósló.

10. nóvember 1987. Kvöldfréttir:
Harðar deilur eru í Noregi vegna uppljóstrana sagnfræðingsins Dags Tangens um að norskir verkalýðsforingjar hafi þegið fé hjá bandarísku leyniþjónustunni til þess að koma í veg fyrir áhrif kommúnista í stjórnmálum landsins.

Hart er nú deilt í Noregi vegna uppljóstrana sagnfræðingsins Dags Tangens um helgina um að forustumenn norskrar verkalýðshreyfingar hafi þegið fé hjá bandarísku leyniþjónustunni til að koma í veg fyrir áhrif kommúnista í stjórnmálum landsins árin eftir síðari heimsstyrjöld.
Jón Einar Guðjónsson: Fyrstu afhjúpanirnar um starfsemi leiðtoga Verkamannaflokksins og norsku verkalýðshreyfingarinnar gegn kommúnistum komu í endurminningarbók Ronalds Bye, fyrrum aðalritara Verkamannaflokksins, en sú bók kom út í síðasta mánuði og Bye

skýrir frá því að þegar hann hóf störf hjá Alþýðusambandinu norska, hafi hann komist yfir spjaldskrá mikla um kommúnista og líklega kjósendur Kommúnistaflokksins á árunum fram til 1960. Bye brenndi þessa spjaldskrá 1969. Nú um mánaðamótin komu svo upplýsingar um að leyniþjónustan norska hefði átt nána samvinnu við leiðtoga verkalýðshreyfingarinnar og jafnvel launað njósnastarfsemina gegn kommúnistum. Þá hafa einnig verið birtar upplýsingar sem benda til þess að Bandaríkjamenn hafi borgað njósnastarfsemina og svo í gær sprakk enn ein sprengjan. Þá lagði sagnfræðingurinn Dag Tangen fram skjöl sem sýna að Haakon Lie, sem var aðalritari Verkamannaflokksins frá 1945 og fram til 1969, hafði náið samband við Arthur Goldberg í Bandaríkjunum. Goldberg hann starfaði hjá OSS sem var fyrirrennari CIA. Á stríðsárunum stjórnaði Goldberg deild þeirri sem fylgdist með verkalýðshreyfingunni og átti að tryggja að leiðtogar hreyfingarinnar eða hreyfinganna væru hliðhollir Bandaríkjamönnum.

Fréttamaður: En hvernig er það með skýrslurnar í Washington um Stefán Jóhann? Hvað segir þar nákvæmlega um hann og þá fundina við Bandaríkjamenn hér?

Jón Einar Guðjónsson: Það kemur fram að í lok fimmta áratugarins þá ræddu bandarískir sendiherrann og fulltrúi bandarísku leyniþjónustunnar á Íslandi reglulega við Stefán Jóhann Stefánsson forsætisráðherra og í skýrslunni kemur ekki fram hvað rætt var nákvæmlega en augljóst er að þarna var skipst á mikilvægum upplýsingum.

Fréttamaður: En Þorleifur Friðriksson sagnfræðingur hefur rannsakað stjórnmál áranna eftir stríð nú í allnokkur ár og er í þessari viku að gefa út bók um fjárhagsleg tengsl Alþýðuflokksins við skoðanabræður á Norðurlöndum og víðar. Þorleifur, kemur það þér á óvart að Stefán Jóhann Stefánsson, formaður Alþýðuflokksins, skuli hafa setið fundi með sendiherra Bandaríkjanna og starfsmanni bandarísku leyniþjónustunnar á meðan hann var forsætisráðherra 1947 til 1949?

Þorleifur Friðriksson: Nei, það er ómögulegt að segja að það komi mér á óvart. Þetta sýnir náttúrlega það sem hér hefur komið fram að Ísland er ekki eyja og hefur ekki verið eyja um langt skeið nema landfræðilega. Það hefur verið í mjög nánum tengslum við pólitískar væringar sem hafa átt sér stað erlendis og einmitt þetta sem hér hefur verið til umræðu hef ég sjálfur rekist á í mínum rannsóknum. Það er ljóst að Stefán Jóhann hafði náin samskipti við bandaríska sendiherrann hér á landi, hann er ráðherra, fer með utanríkismál í þjóðstjórninni 1939 til 1941–1942 og einmitt það ár þegar Bandaríkjamenn koma hingað þá er hann utanríkisráðherra, eða fer með utanríkismálin. Nú, síðan 1947–1949 er hann forsætisráðherra og '49 '48 '49 [svo] er hann í mjög tíðum bréfaskiptum við forsætisráðherra Dana, Hans Hedtoft, þar sem þeir ræða um mögulega aðild að Nato og þá segir einmitt Stefán frá þessum tíðu viðræðum sínum við bandaríska sendimenn.

Már Jónsson talaði við Jón Einar Guðjónsson og Þorleif Friðriksson í þættinum Dagskrá á Rás 2 í dag.

11. nóvember 1987. Kvöldfréttir:

Engar reglur eru til um aðgang að skjölum utanríkisráðuneytisins frá árunum eftir heimsstyrjöldina síðari. Yfirleitt er það háð vilja yfirmanna ráðuneytisins hvort leyfi fæst til þess að skoða skjöl þess.

Engar reglur eru til um aðgang að skjölum utanríkisráðuneytisins frá árunum eftir síðari heimsstyrjöld. Nokkuð er um skjöl sem almenningur hefur ekki aðgang að en að öðru leyti er það háð vilja yfirmanna ráðuneytisins hvort leyfi fæst til þess að skoða skjöl þess.

Már Jónsson: Í ráðuneytinu segja menn að almennt hvíli engin leynd yfir skjölum sem þar eru frá því hinir umdeildu atburðir urðu að Ísland gekk í Atlantshafsbandalagið, þáði Marshall-aðstoð og fékk bandarískan her á Miðnesheiði, skjölin séu flest í geymslu, ekki mikið vitað um efni þeirra, aðeins málaflokka, en hægt sé að leggja inn beiðni um að skoða

ákveðin skjöl eða skjalaraðir. Beiðnin sé tekin fyrir og einhver yfirmanna ráðuneytisins ákveði hvort ástæða sé til að leyfa viðkomandi að líta á skjölin. Engin mótuð stefna er til um meðferð slíkra umsókna, hvaða skjöl megi skoða eða hverjum er treystandi til þess og ráðuneytismenn segja það ekki í verkahring embættismanna að semja reglur af því tagi, þar verði ríkisstjórn og ráðherra að segja til og leggja línur. Eftir því sem fréttastofan kemst næst hafa fáir sótt um leyfi og láta fremur vel af afgreiðslunni, helst að hún taki of langan tíma. Hér á landi er því ekkert til í líkingu við það sem er í Bandaríkjunum þar sem skjöl eiga að fara í þjóðskjalasafnið í Washington að þrjátíu árum liðnum nema að stjórnvöld úrskurði að þau varði við öryggi bandarísku þjóðarinnar eða orðstír háttsettra manna sem enn eru á lífi. En á þjóðskjalasafni í Reykjavík eru líka fjölmargir skjalapokar troðnir gögnum frá utanríkisskrifstofu sem var opnuð 1926 og utanríkisráðuneyti sem var stofnað 1940. Skjölin afhenti Agnar Klemenz Jónsson ráðuneytisstjóri safninu árin 1967 og 1968 og ef marka má bréf hans sem fylgdi eru þar öll skjöl fram til 1943, en aðeins hluti yngri skjala. Engu að síður er þar eftir nokkru að slægjast og má merkust nefna skjöl um Atlantshafsbandalagið árin 1949 og 1950. Flest eru þó skjölin um saklausari mál svo sem embætti forseta, ráðherrabústað, boð ráðherra og ferðalög þeirra, sendiráð, ræðismenn og ýmsar alþjóða stofnanir, en þó líka það sem nefnt er einkamálefni einstakra ráðherra. Þau koma þó stjórnmálum lítið við, t.d. er hvergi getið viðræðna Stefáns Jóhanns Stefánssonar við bandaríska sendimenn hér á landi árið 1948 sem hafa verið í fréttum síðustu daga, en árið 1952 sendi hins vegar sendiráðið í Stokkhólmi utanríkisráðuneytinu vekjaraklukku sem Stefán hafði skilið eftir þar í borg til viðgerðar. Að öllum líkindum hefur staðið til að utanríkisráðuneytið afhenti safninu meira af skjölum sínum, en ekkert varð af því sennilega vegna plássleysis þjóðskjalasafns. Samkvæmt núgildandi reglugerð þess eiga ráðuneyti að skila 30 ára gömlum skjölum til safnsins og var því breytt úr tuttugu árum í hittifyrra. Að sögn Ólafs Ásgeirssonar þjóðskjalavarðar yrði safnið fljótlega í stakk búið til að taka við öllu því sem það á að geyma, yrði drifið í því að verja fé til framkvæmda við nýtt húsnæði þess í gömlu mjólkurstöðinni í Reykjavík og einmitt þessa dagana situr nefnd að störfum og ræðir tilhögun þess að öll ráðuneyti afhendi safninu öll sín skjöl 30 ára og eldri. — Már Jónsson sagði frá.

12. nóvember 1987. Klukkan 11:
Mál Stefáns Jóhanns Stefánssonar fyrrum forsætisráðherra verður til umræðu utan dagskrár á Alþingi í dag. Hjörleifur Guttormsson alþingismaður mun taka málið á dagskrá vegna frétta frá Noregi um viðræður Stefáns Jóhanns við bandaríska sendiherrann og starfsmann bandarísku leyniþjónustunnar CIA í forsætisráðherratíð hans á árunum 1947–1949. Hjörleifur hyggst ræða birtingu skjala hérlendis frá þessu tímabili.

12. nóvember 1987. Hádegisfréttir:
Utanríkisráðherra ætlar að biðja um að starfsmenn íslenska sendiráðsins í Washington fái aðgang að bandarískum skjölum um samskipti Stefáns Jóhanns Stefánssonar fyrrum forsætisráðherra við fulltrúa bandarísku leyniþjónustunnar.

Steingrímur Hermannsson utanríkisráðherra ætlar að biðja um að starfsmenn íslenska sendiráðsins í Washington fái aðgang að bandarískum skjölum sem norskur sagnfræðingur vitnar í varðandi samskipti Stefáns Jóhanns Stefánssonar fyrrum forsætisráðherra við fulltrúa bandarísku leyniþjónustunnar. Þetta kom fram í umræðum utan dagskrár á Alþingi. Hjörleifur Guttormsson, Alþýðubandalagi, kvaddi sér hljóðs utan dagskrár núna fyrir hádegi á fundi sameinaðs þings og spurði hvort utanríkisráðherra myndi beita sér fyrir því að dregin verði fram í dagsljósið ýmis gögn sem varði undirbúning að því að Bandaríkjaher kom ...gað til Íslands og fleiri gögn frá þessum tíma. Tilefni fyrirspurnar Hjörleifs eru fréttir um

að Dag Tangen, norskur sagnfræðingur, hafi komist í skjöl vestan hafs um að foringjar í norskri verkalýðshreyfingu hafi átt náið samband við bandarísku leyniþjónustuna í baráttu við kommúnista. Tangen segist líka hafa séð í þessum skjölum að Stefán Jóhann Stefánsson, fyrrum forsætisráðherra, hafi átt samtöl og samskipti við bandarísku leyniþjónustuna. Steingrímur Hermannsson kveðst ætla að biðja um að íslenskir sendimenn í Washington fái aðgang að þessum umræddu skjölum. Ráðherra kvaðst þó hafa haft af því spurnir að skjölin, sem Norðmaðurinn hafi vitnað í, hafi ekki átt að birtast opinberlega. Utanríkisráðherra sagði líka að fullt tilefni væri til þess að ræða í ríkisstjórn hvort ekki sé rétt að búa til íslenskar reglur um meðferð og birtingu skjala. Það kom svo í ljós síðar í þessari utandagskrárumræðu að þetta mál er reyndar komið á hreyfingu nú þegar því að Þorsteinn Pálsson, forsætisráðherra, upplýsti að hann hefði falið hópi manna að gera tillögur um reglur handa stjórnsýslunni um að fara með trúnaðarskjöl og meðferð þeirra. Margir þingmenn tóku til máls í umræðunni og hvöttu til þess að einhverjar reglur þar að lútandi yrðu settar til að ekki þyrfti að skrifa heila kafla Íslandssögunnar á erlendri grundu eins og einhver orðaði það. Karl Steinar Guðnason, Alþýðuflokki, sagði að minnisblaðið sem norski sagnfræðingurinn vitnaði í hefði orðið tilefni hér heima að atlögu að minningu Stefáns Jóhanns Stefánssonar. Þingmaðurinn kvaðst mótmæla þessu og bætti við að fróðlegt væri að fá skjölin í Bandaríkjunum fram í dagsljósið, en ætla mætti að líka væri fróðlegt að fá upplýsingar um viðræður sendimanna Sovétríkjanna á Íslandi á þessum tíma við foringja Sósíalistaflokksins til að fylla í eyður við sagnaritun varðandi þetta tímabil. — Atli Rúnar Halldórsson talar frá Alþingi.

12. nóvember 1987. Stuttar fréttir kl. 14 og 16:
Utanríkisráðherra hefur farið þess á leit við bandarísk stjórnvöld að starfsmenn íslenska sendiráðsins í Washington fái aðgang að þeim skjölum sem norski sagnfræðingurinn Dag Tangen hefur undir höndum og rætt hefur verið um í fréttum síðustu daga. Annað skjalið varðar stöðu Íslands um það bil sem Alþingi ákvað að landið skyldi ganga í Atlantshafsbandalagið, hitt greinir frá viðræðum Stefáns Jóhanns Stefánssonar þáverandi forsætisráðherra við sendiherra Bandaríkjanna í Reykjavík og starfsmann bandarísku leyniþjónustunnar árið 1948.

12. nóvember 1987. Kvöldfréttir:
Steingrímur Hermannsson ætlar að fara þess á leit við bandarísk stjórnvöld að starfsmenn íslenska sendiráðsins í Washington fái aðgang að þeim skjölum sem norski sagnfræðingurinn Dag Tangen hefur undir höndum. Dag Tangen segir að miklu erfiðara sé að komast yfir skjöl bandarískra yfirvalda um Ísland en um Danmörku, Grænland og Noreg.

Steingrímur Hermannsson utanríkisráðherra ætlar að fara fram á það að starfsmenn íslenska sendiráðsins í Washington fái aðgang að þeim skjölum sem norski sagnfræðingurinn Dag Tangen hefur komist yfir um afstöðu bandarískra stjórnvalda til Íslands og viðræður Stefáns Jóhanns Stefánssonar forsætisráðherra við bandaríska sendiherrann og starfsmann bandarísku leyniþjónustunnar í Reykjavík árin 1948 og 1949. Þetta sagði Steingrímur í umræðum utan dagskrár á Alþingi í dag vegna fyrirspurnar Hjörleifs Guttormssonar alþingismanns um birtingu skjala sem varða samskipti Bandaríkjamanna og Íslendinga árin eftir síðari heimsstyrjöld.

Steingrímur Hermannsson: Ég mun gera ráðstafanir til þess að sendiráð Íslands í Washington fái aðgang að þeim gögnum sem hér er um fjallað. Eins og háttvirtir þingmenn munu vita þá gilda ákveðnar reglur um birtingu slíkra skjala í Bandaríkjunum, hluti slíkra skjala mun samkvæmt þeim reglum vera aðgengilegur eftir 25 ár, en það nær ekki til allra trúnaðarskjala í vörslu stjórnvalda í Bandaríkjunum. Og mér er tjáð svona við fyrstu eftirgrennslan

að í þessum gögnum, sem umræddur norskur maður fékk, hafi meðal annars verið skjal sem sé í síðari flokki, og eigi ekki að birta, en nú skal ég viðurkenna fyrstur manna að ég er ekki nógu vel kunnugur þessum reglum nú orðið til að geta sagt nokkuð ákveðið um þetta, en ég svara spurningunni játandi, það mun verða gengið eftir því að fá þessi gögn í hendur. — Steingrímur Hermannsson talaði frá Alþingi.

Már Jónsson: Jón Einar Guðjónsson, fréttaritari útvarps í Ósló, ræddi við Dag Tangen í dag og spurði um það hvernig hann hefði komist yfir skjalið um Stefán Jóhann.
Dag Tangen: De dokumenter laa i en av islandsmappene som var i nærheten av Harry Truman sekretary file. Jeg maa innskyte at islanske dokumenter er omgitt av et helt ekstrem grad af hemmelighold i amerikanske arkiver,.oppsiktvekkende grad af hemmelighold, mye hemmeligere en dokumentene om Grönland, mye mere hemmelige en dokumentene om Danmark og Norge. Aarsakene til dette kan man bare spekulere om.
Pistill frá Jóni Einari: Þetta skjal er að finna í Íslendingamöppunum í skjalasafni Trumans í Independence í Missouri, fæðingarbæ Bandaríkjaforseta. En áður en lengra er haldið, vil ég geta þess að mikil leynd hvílir yfir skjölum sem varða íslensk málefni í bandarískum söfnum. Þessi leynd er mun meiri en t.d. hvað varðar skjöl um Grænland, Danmörk eða Noreg. Hver ástæðan fyrir þessu er, veit ég ekki. Í áðurnefndu bréfi þar sem forsætisráðherrann er nefndur, er meðal annars skýrt frá því að hann skuli ákveða hvaða Íslendingar hafi samband við Bandaríkjamenn og hann átti einnig að ákveða hvaða Íslendingar áttu að taka þátt í baráttunni gegn hugsanlegri byltingu kommúnista. Þá segir Dag Tangen að í bréfinu komi fram að vegna þess að í viðræðunum á milli Íslands og Bandaríkjanna var komið inná viðkvæma hluti, yrðu Bandaríkjamenn aðeins að hafa samband við forsætisráðherrann sjálfan. — Jón Einar Guðjónsson í Ósló. Már Jónsson tók pistil saman.

12. nóvember 1987. Seinni kvöldfréttir:
Steingrímur Hermannsson utanríkisráðherra ætlar að fara fram á það að starfsmenn íslenska sendiráðsins í Washington fái aðgang að þeim skjölum sem norski sagnfræðingurinn Dag Tangen hefur komist yfir um afstöðu bandarískra stjórnvalda til Íslands og viðræður Stefáns Jóhanns Stefánssonar forsætisráðherra við bandaríska sendiherrann og starfsmann bandarísku leyniþjónustunnar í Reykjavík árin 1948 og 1949. Steingrímur lýsti þessu yfir á Alþingi í dag vegna fyrirspurnar Hjörleifs Guttormssonar um birtingu skjala sem varða samskipti Bandaríkjanna og Íslands á árunum eftir síðari heimsstyrjöldina. Dag Tangen segir að í skjölunum komi fram að Stefán Jóhann hafi sem forsætisráðherra átt að ákveða hvaða Íslendingar ættu að taka þátt í baráttunni gegn hugsanlegri valdatöku kommúnista. Hann segir miklu meiri leynd hvíla yfir íslenskum skjölum í bandarískum söfnum en skjölum sem snerta Grænland, Danmörku eða Noreg.

13. nóvember 1987. Klukkan 16:
Jón Ásgeir Sigurðsson fréttaritari okkar í Bandaríkjunum kom af Truman skjalasafninu í Missouri og hann er á línunni.
— beint u.þ.b. 1 mínúta —

13. nóvember 1987. Klukkan 17:
Það eina sem starfsmenn Truman-bókasafnsins í Missouri í Bandaríkjunum hafa fundið um Ísland og Stefán Jóhann Stefánsson, fyrrum forsætisráðherra, er 37 síðna skýrsla bandarísku leyniþjónustunnar til forsetans. Skýrsluna er að finna í skjalasafni einkaritara Harry Trumans sem var forseti Bandaríkjanna 1945–1953. Þar er fjallað um stjórnmál, efnahagsmál og fleira. Skýrslan um Ísland barst forsetanum í hendur í júní árið 1948. Þar eru sögð

deili á málsmetandi mönnum á Íslandi. Þeirra á meðal er Stefán Jóhann. Hann er sagður einlægur hægrimaður og fylgjandi því að Bandaríkjamenn fái aðstöðu á Íslandi. Ekkert kemur þó fram um að hann hafi hitt starfsmenn leyniþjónustunnar eða sendiherra Bandaríkjanna í Reykjavík reglulega.

13. nóvember 1987. Klukkan 18: (Pistill skrifaður eftir uppkasti Más.)
Steingrímur Hermannsson utanríkisráðherra boðaði fréttamenn á sinn fund í dag og afhenti þeim þau skjöl sem norski sagnfræðingurinn Dag Tangen hefur undir höndum. Utanríkisráðherra benti á að þar væri ekkert að finna sem ekki hefði komið fram áður, jafnframt að hvergi væri minnst á Stefán Jóhann Stefánsson forsætisráðherra á árunum 1947 til 1949. Um þetta sagði utanríkisráðherra m.a.:
(St.H. beint í 23 sek.)
Þá hafði Steingímur það eftir sendiherra Íslands í Ósló að Tangen segðist hafa séð bréf í Truman-safninu þar sem fram komi að Stefán Jóhann hefði verið í sambandi við Bandaríkjamenn hér á landi, en að Tangen myndi ekki nákvæmlega efni þess. Steingrímur sagðist ætla að biðja starfsmenn sendiráðsins í Washington að útvega þetta skjal. En Jón Ásgeir Sigurðsson fréttaritari útvarps í Bandaríkjunum ræddi við skjalaverði í Trumansafninu í dag og þeir fundu 37 síðna skýrslu bandarísku leyniþjónustunnar til Trumans forseta. Skýrslan um Ísland barst forsetanum í hendur í júní árið 1948. Þar eru sögð deili á málsmetandi mönnum á Íslandi. Þeirra á meðal er Stefán Jóhann. Hann er sagður hægrisinnaður sósíaldemókrati og vinveittur Bandaríkjamönnum. Ekkert kemur hins vegar fram í skýrslu þessari að Stefán Jóhann hafi hitt starfsmenn leyniþjónustunnar eða sendiherra Bandaríkjanna í Reykjavík reglulega.

13. nóvember 1987. Kvöldfréttir:
Í skjalasafni Trumans Bandaríkjaforseta er skýrsla frá bandarísku leyniþjónustunni um íslensk málefni frá því í júní 1948. Þar er Stefáns Jóhanns Stefánssonar forsætisráðherra getið og fleiri Íslendinga, en hvergi í skýrslunni kemur fram að Stefán Jóhann hafi hitt bandaríska sendiherrann og starfsmann bandarísku leyniþjónustunnar reglulega í Reykjavík eins og fréttastofan hefur haft eftir norska sagnfræðingnum Dag Tangen.

Friðrik Páll Jónsson: Steingrímur Hermannsson utanríkisráðherra boðaði fréttamenn á sinn fund í dag og afhenti þeim skjöl þau sem norski sagnfræðingurinn Dag Tangen hefur undir höndum og benti á að þar væri ekkert að finna sem ekki hefði komið fram áður. Jafnframt að hvergi væri minnst á Stefán Jóhann Stefánsson forsætisráðherra á árunum 1947–1949. Um þetta sagði utanríkisráðherra m.a.:
Steingrímur Hermannsson: Og það getur hver einasti maður gengið að þessum gögnum sem nennir að fara niður í Truman-bókasafnið í Missouri eða í Library of congress svo að þetta er nú stormur í tebolla eins og sumir hafa sagt. En ég vildi ekki tefja þetta vegna þess að mér finnst hafa verið gert úr þessu mjög óeðlilegt mál og jafnvel gefið til kynna að hinir ágætustu menn hér, sem ég er sannfærður um og veit að höfðu ekkert nema hagsmuni Íslands í huga, hafa verið að minnsta kosti óbeint svertir eða gefið til kynna og jafnvel beint að þar hafi eitthvert óeðlilegt samband átt sér stað við Bandaríkjamenn. — Steingrímur Hermannsson talaði frá Alþingi.
Már Jónsson: Þá hafði Steingrímur það eftir sendiherra Íslands í Ósló að Tangen segðist hafa séð bréf í Truman-safninu þar sem fram kæmi að Stefán Jóhann hefði verið í sambandi við Bandaríkjamenn hér á landi, en að Tangen myndi ekki nákvæmlega efni þess. Steingrímur sagðist ætla að biðja starfsmenn sendiráðsins í Washington að útvega þetta skjal. En Jón Ásgeir Sigurðsson, fréttaritari útvarps í Bandaríkjunum, ræddi við skjalaverði í Trumansafninu í dag.

Jón Ásgeir Sigurðsson: Starfsmaður Trumans-safnsins í Missouri-fylki sagði mér í dag að þar fyrirfinnist aðeins eitt plagg frá Íslandi, þ.e. 37 blaðsíðna skýrsla bandarísku leyniþjónustunnar CIA. Hún sé dagsett í júní árið 1948 og í henni sé lagt mat á stjórnmálalega og efnahagslega stöðu mála á Íslandi. Skýrslan hefði verið ætluð Harry S. Truman forseta og sé geymd á meðal skjala einkaritara forsetans. Þar sé m.a. fjallað um málsmetandi samtíðarmenn á Íslandi, Svein Björnsson forseta, Stefán Jóhann Stefánsson forsætisráðherra og fleiri. Í skýrslunni komi ekkert það fram sem gæti bent til þess að Stefán Jóhann hefði átt reglulega fundi með starfsmönnum bandarísku leyniþjónustunnar. Í niðurlagsorðum skýrslunnar er fjallað ræki lega um það hversu mikilvæg staðsetning Íslands sé í Norður-Atlantshafi, flugvallaraðstöðuna þar og ályktað að Ísland yrði mikilvæg herstöð ef til átaka kæmi. Helsta hindrun í vegi fyrir herstöð sé þröngsýn þjóðernisleg andstaða Íslendinga gegn hvers konar erlendum áhrifum. Þáverandi aðstöðu Bandaríkjamanna á Keflavíkurflugvelli sé að þakka stuðningi fámenns hóps manna innan íslensku ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórnin sé völt í sessi og hætta búin af öflugum kommúnistaflokki, sem gæti lamað atvinnulífið með verkföllum, segir í skýrslunni. Í þessari skýrslu leyniþjónustunnar er fjallað um íslensk efnahagsmál, þar á meðal gjaldeyrisskort, og hagstæða fisksölusamninga við Sovétríkin á árunum 1946 og 1947. Sagt er að viðskipti Íslands við Sovétríkin gætu breytt jákvæðri afstöðu Íslendinga til Vesturveldanna. Í skýrslunni er rakin æviferill Stefáns Jóhanns Stefánssonar, aðild hans að stjórnarmyndun og pólitísk afstaða almennt. Sagt er að Stefán sé hlynntur Sameinuðu þjóðunum og nánu stjórnmálasambandi við Norðurlöndin og Bretland. Hann hafi greitt atkvæði með flugvallarsamningnum og sé vinsamlegur Bandaríkjunum. Stefán sé hægrisinnaður sósíaldemókrati sem vilji efla verkalýðssamtökin og auka eignir ríkisins. Dennis de Bilger, starfsmaður Truman-skjalasafnsins, kannaði að minni ósk þau skjöl sem norski sagnfræðingurinn Dag Tangen fékk að sjá þegar hann dvaldist þar á safninu í tvo daga. Bilger sagði að í þeim skjölum kæmi hvergi fram að Stefán Jóhann hefði átt samskipti við starfsmann eða starfsmenn bandarísku leyniþjónustunnar. Slíka vísbendingu sé hvergi að finna í Truman-safninu. — Már Jónsson tók saman.

13. nóvember 1987. Seinni kvöldfréttir:
Í skjalasafni Trumans, fyrrum Bandaríkjaforseta, er skýrsla frá bandarísku leyniþjónustunni um íslensk málefni frá því í júní 1948. Þar er fjallað um stjórnmál og efnahagsmál á Íslandi og fjallað um nafngreinda íslenska stjórnmálamenn. Þeirra á meðal er Stefán Jóhann Stefánsson og er í skýrslunni farið almennum orðum um stjórnmálaskoðanir hans og viðhorf gagnvart samvinnu vestrænna ríkja. Þar er hvergi gefið til kynna að Stefán Jóhann hafi átt viðræður við bandaríska sendiherrann í Reykjavík né starfsmann leyniþjónustunnar eins og fréttastofan hefur haft eftir norska sagnfræðingnum Dag Tangen.

19. nóvember 1987. Kvöldfréttir:
Friðrik Páll Jónsson: Fréttir um náin samskipti Stefáns Jóhanns Stefánssonar og bandarísku leyniþjónustunnar hafa reynst úr lausu lofti gripnar. Í Bandaríkjunum hafa engin skjöl fundist sem benda til slíkra samskipta og Dag Tangen, sagnfræðingur í Noregi, segir nú að hann hafi aldrei séð slík skjöl. Jón Einar Guðjónsson, fréttaritari útvarps í Noregi, segir aftur á móti að Dag Tangen hafi áður sagt að hann hafi séð skjöl um slík samskipti.
Margrét Jónsdóttir: Jón Einar Guðjónsson hefur um langt skeið verið fréttaritari útvarpsins í Noregi og reynst áreiðanlegur fréttamaður. Hann sagðist í dag standa fast við það að Dag Tangen hefði sagt sér að hann hefði séð skjöl sem sönnuðu náin samskipti Stefáns Jóhanns og leyniþjónustunnar. Jón Einar kveðst harma að hafa ekki tekið viðtöl sín við Tangen upp á segulbönd.Hér stendur því staðhæfing á móti staðhæfingu. Fréttastofan harmar að heimild, sem hún taldi ekki ástæðu til að vefengja, skyldi reynast ótraust. Fréttastofan talaði í dag við Dag Tangen.

Dag Tangen: Jeg har ikke sagt at jeg har set dokumenter som viser kontakter med CIA og Johan Stefan Johanson [svo]. Jeg har sagt, jeg har dokumenter sem referer til samtaler i Washington mellom foreign ministers paa Island i mars 1949 om et muligt kommunistkupp. Referat fra disse bör finnes i islanske arkiver. Dokumentet med Johansons [svo] navn var et trivivelt oversendelsesbrev hvor det sto at han skulle være kontakt til USA's representanter. Noe annet ville ellers vært oppsiktsvekkende. Jeg forklarte videre hvordan den amerikanske opus moderandi var i topphemmelige militarsaker. Ambassadören er da presidentens mann og ikke State Departments. Dette hemmeligholdes ogsaa for State Department. Oftest ville han ha med seg den politiske attachéen som normalt er CIAs Chief of Station til slike möter. Det er videre normalt at amerikanerne avlytter lederene i allierte land slik at de kan faa maksimalt politiskt utbytte med minst mulig innsats. Dokumenter om slikt er aldrig offentliggjort af USA.

Margrét Jónsdóttir: Dag Tangen sagði: Ég hef ekki sagt að ég hafi séð skjöl sem sýni samband milli CIA og Stefáns Jóhanns Stefánssonar. Ég sagði: Ég hef undir höndum skjöl þar sem vísað er í samtöl í Washington milli utanríkisráðherranna á Íslandi í mars 1949 um möguleika á byltingu kommúnista. Frásagnir af því ættu að finnast í skjalasöfnum á Íslandi. Skjalið þar sem nafn Stefáns Jóhanns stendur er ómerkileg orðsending þar sem segir að fulltrúar Bandaríkjanna skuli ræða við hann. Annað hefði auðvitað vakið mikla athygli. Ég útskýri enn fremur þær aðferðir sem Bandaríkjamenn notuðu í sambandi við hernaðarleyndarmál. Sendiherrann er í slíkum tilfellum fulltrúi forsetans, en ekki utanríkisráðuneytisins. Því sem gerist er haldið leyndu fyrir utanríkisráðuneytinu. Oftast hefur sendiherrann í fylgd með sér stjórnmálafulltrúa sendiráðsins sem að jafnaði er einnig yfirmaður bandarísku leyniþjónustunnar á staðnum. Það var enn fremur venjan að Bandaríkjamenn hleruðu forustumenn í löndum bandamanna í því skyni að fá sem mestar pólitískar upplýsingar með sem minnstri fyrirhöfn. Upplýsingar um slíkt birta Bandaríkin aldrei opinberlega.

Fylgiskjal II.

Umræður í Ríkisútvarpinu, hljóðvarpi.

Umræður í þættinum Dagskrá á Rás 2, 10. nóvember 1987, um mál Dags Tangens. Stefán Jón Hafstein, Már Jónsson og Þorleifur Friðriksson sagnfræðingur.

Stefán Jón Hafstein: Már Jónsson fréttamaður og Þorleifur Friðriksson sagnfræðingur ræða við okkur um málefni sem verið hafa efst á baugi í fréttum að undanförnu, þ.e. hugsanleg tengsl bandarísku leyniþjónustunnar við íslenska stjórnmálamenn, nánar tiltekið Stefán Jóhann Stefánsson sem var forsætisráðherra Íslands um tíma.

Már Jónsson: Í Noregi hafa rannsóknir sagnfræðings, Dags Tangen, sem hefur verið í Washington í nokkur ár á skjalasöfnum, komið á daginn. Hann hefur verið núna síðustu daga með mikil hneyksli og komið af stað miklum umræðum í norskum fjölmiðlum og meðal stjórnmálamanna um tengsl verkalýðshreyfingarinnar norsku og bandarísku leyniþjónustunnar fyrstu árin eftir stíð, fjárhagsleg tengsl og síðan stjórnmálaleg áhrif þeirra. En fréttaritari okkar, Jón Einar, var að hlusta á útvarpið í hádeginu í gær og hann heyrði að Dag

Tangen, sem var í viðtali, nefndi að hann hefði skjöl um Ísland líka án þess að fara neitt í það mál nánar. Jón Einar náði sambandi við þennan mann og þá segir hann að það sé skýrsla Þjóðaröryggisráðsins bandaríska til Trumans forseta um Stefán Jóhann Stefánsson sem þá var forsætisráðherra árin 1947 og 1948.

Stefán Jón Hafstein: Við skulum heyra nánar um þetta mál því að það snertir ekki bara Ísland heldur líka Noreg. Jón, til að byrja með. Hvað hefur komið fram þarna gagnvart norskum stjórnmálamönnum?

Jón Einar Guðjónsson: Já, þetta hefur verið mikið mál hérna í Noregi undanfarnar vikur. Fyrstu afhjúpanirnar um starfsemi leiðtoga Verkamannaflokksins og norsku verkalýðshreyfingarinnar gegn kommúnistum komu í endurminningabók Ronalds Bye, fyrrum aðalritara Verkamannaflokksins, en sú bók kom út í síðasta mánuði. Og Bye skýrir frá því þegar hann hóf störf hjá Alþýðusambandinu norska hafi hann komist yfir spjaldskrá mikla um kommúnista og líklega kjósendur Kommúnistaflokksins á árunum fram til 1960. Bye brenndi þessa spjaldskrá 1969. Nú um mánaðamótin komu svo upplýsingar um að norska leyniþjónustan hefði átt nána samvinnu við leiðtoga verkalýðshreyfingarinnar og jafnvel launað njósnastarfsemina gegn kommúnistum. Þá hafa einnig verið birtar upplýsingar sem benda til þess að Bandaríkjamenn hafi borgað njósnastarfsemina. Og svo í gær sprakk enn ein sprengjan. Þá lagði sagnfræðingurinn Dag Tangen fram skjöl sem sýna að Haakon Lie, sem var aðalritari Verkamannaflokksins frá 1945 fram til 1969, hafði náið samband við Arthur Goldberg í Bandaríkjunum. Goldberg starfaði hjá OSS sem að var fyrirrennari CIA. Á stríðsárunum stjórnaði Goldberg deild þeirri sem fylgdist með verkalýðshreyfingunni og átti að tryggja að leiðtogar hreyfinganna væru hliðhollir Bandaríkjamönnum. Síðar hefur Goldberg m.a. verið ráðherra í stjórn John Kennedy og sendiherra Bandaríkjanna hjá sameinuðu þjóðunum. Haakon Lie neitar öllum samskiptum við Goldberg, en Lie neitar að svara spurningum hvort verkalýðshreyfingin hafi átt einhver samskipti við bandarísku leyniþjónustuna. Og í sjónvarpsviðtali í gærkvöld sagði hann að það væru engin tímatakmörk á leyniskjölum. Og svo sagði hann fréttamanninum að fara til helvítis. Afhjúpanir Dag Tangens hafa verið aðalfréttaefni norskra fjölmiðla í dag og í gær, og í hádegisfréttunum í útvarpinu í gær þá gat hann þess svona í framhjáhlaupi að hann hefði undir höndum athyglisverð skjöl um Ísland. Og eftir töluverðan eltingarleik hafði ég upp á honum, en Tangen fer nú huldu höfði hérna í höfuðborginni.

Stefán Jón Hafstein: Mig langar til að spyrja þig, Jón, rétt til að við skiljum hvað þetta er mikilvægt pólitískt. Er þetta eitthvað í líkingu við það t.d. ef upp hefði komist um það að Alþýðuflokkurinn hefði njósnað um félaga í Sósíalistaflokknum, og látið Bandaríkjamenn hafa upplýsingar um félaga þar?

Jón Einar Guðjónsson: Já, þetta var mjög góð líking, og það er líka rétt að geta þess að þessi njósnastarfsemi leiddi til þess að kommúnistum var bolað úr embættum í verkalýðshreyfingunni, og líka til að koma í veg fyrir að kommúnistar kæmust til valda og áhrifa innan norsku verkalýðshreyfingarinnar.

Már Jónsson: En hvernig er það með skýrslurnar í Washington um Stefán Jóhann? Hvað segir þar nákvæmlega um hann og þá fundina við Bandaríkjamenn hér?

Jón Einar Guðjónsson: Það kemur fram að í lok fimmta áratugarins ræddu bandarískir sendiherrann og fulltrúi bandarísku leyniþjónustunnar á Íslandi reglulega við Stefán Jóhann Stefánsson forsætisráðherra og í skýrslunni kemur ekki fram hvað rætt var nákvæmlega, en augljóst er að þarna var skipst á mikilvægum upplýsingum. Dag Tangen bendir á að í skýrslunni sé sagt að þetta séu einlægir fundir og á máli sérfróðra manna þýðir þetta víst að yfir þeim upplýsingum, sem fari á milli manna, hvíli mikil leynd. Tangen hann sagði þegar ég ræddi við hann núna í dag að þetta samband á milli Bandaríkjamanna og Stefáns Jóhanns Stefánssonar væri mjög óvenjulegt. Í flestum tilfellum, sem hann þekkir til, hefðu

sendimenn Bandaríkjanna haft samband við utanríkisráðherra og landvarnaráðherra. Skýringuna á þessu nána sambandi á milli Stefáns Jóhanns og Bandaríkjamanna er kannski að finna áður en Stefán Jóhann settist í forsætisráðherrastólinn 1947, sagði Tangen. Og hann segir að það sé mjög athyglisvert hversu góðan og greiðan aðgang Bandaríkjamenn höfðu haft að forsætisráðherra Íslands á þessum árum.

Már Jónsson: En Þorleifur Friðriksson sagnfræðingur hefur rannsakað stjórnmál áranna eftir stríð nú í allnokkur ár og er í þessari viku að gefa út bók um fjárhagsleg tengsl Alþýðuflokksins við skoðanabræður á Norðurlöndum og víðar. Þorleifur, kemur það þér á óvart að Stefán Jóhann Stefánsson, formaður Alþýðuflokksins, skuli hafa setið fundi með sendiherra Bandaríkjanna og starfsmanni bandarísku leyniþjónustunnar á meðan hann var forsætisráðherra árin 1947–1949?

Þorleifur Friðriksson: Nei, það er ómögulegt að segja að það komi mér á óvart. Þetta sýnir náttúrlega það sem hér hefur komið fram að Ísland er ekki eyja og hefur ekki verið eyja um langt skeið nema landfræðilega. Það hefur verið í mjög nánum tengslum við pólitískar væringar sem hafa átt sér stað erlendis og einmitt þetta sem hér hefur verið til umræðu hef ég sjálfur rekist á í mínum rannsóknum. Það er ljóst að Stefán Jóhann hafði náin samskipti við bandaríska sendiherrann hér á landi, hann er ráðherra, fer með utanríkismál í þjóðstjórninni 1939 til 1941–1942 og einmitt það ár þegar Bandaríkjamenn koma hingað þá er hann utanríkisráðherra, eða fer með utanríkismálin. Nú, síðan 1947–1949 er hann forsætisráðherra og '49 '48 '49 [svo] er hann í mjög tíðum bréfaskiptum við forsætisráðherra Dana, Hans Hedtoft, þar sem þeir ræða um mögulega aðild að Nato og þá segir einmitt Stefán frá þessum tíðu viðræðum sínum við bandaríska sendimenn. Því gerir hann grein fyrir í bók sinni „Æviminningum". Þannig að þetta er í sjálfu sér ekki neitt sem kemur mér á óvart.

Már Jónsson: Þetta segir þá kannski ekkert nýtt um aðdraganda þess að Ísland gekk í Atlantshafsbandalagið 1949 og að bandarískt herinn kom hingað til lands 1951 og þá almennt um afskipti Bandaríkjastjórnar af stjórnmálum hér á landi þessi ár.

Þorleifur Friðriksson: Ja, í því samhengi sem ég fæ séð þetta, ekki mjög nýtt, en vafalaust er það algjörlega nýtt fyrir flesta Íslendinga sem ekki upplifðu þessa tíma og tóku þátt í þessum atburðum. Það er ljóst að einmitt á sjötta áratugnum þegar eiga sér stað feikileg átök innan Alþýðuflokksins þá eru ekki aðeins norrænir sósíaldemókratar, Alþjóðasamband frjálsra verkalýðsfélaga með hendur í spilinu, heldur ekki síst Bandaríkjamenn sem beittu þá ýmsum ráðum til að hafa áhrif á gang mála.

Már Jónsson: En það kemur fram í þessari skýrslu, sem Dag Tangen hefur fundið eða dregið upp, að Þjóðaröryggisráðið leggur það til við forsetann 1948 að vegna möguleika á byltingu kommúnista hér á landi verði sendur her til landsins. Og það kemur fram þarna nokkur ótti við kommúnista og Stefán Jóhann var haldinn þessum ótta líka og fleiri. Var þessi ótti við kommúnista mikill á þessum árum?

Þorleifur Friðriksson: Á liðnum áratug, sem sé fram að stríði [svo] hafði barátta sósíaldemókrata og kommúnista verið feikilega hörð. Og það er alveg óvíst hvort hún hafi verið nokkru harðari á kaldastríðsárunum en hún hafði verið áður á milli þessara tveggja afla. Hins vegar breytist hún. Hún breytir um form og ef til vill að nokkru leyti um innihald því að hún tekur í æ ríkari mæli mið af átökum stórveldanna. En með öðrum orðum að mismunandi afstaða til utanríkismála verður miðpunktur átakanna. Og hins vegar leiðir stigmögnun átakanna milli austurs og vesturs til þess að stórveldin gerast æ afskiptasamari í innanríkismálum annarra landa. Hvað varðar baráttu sósíaldemókrata og kommúnista þá breyttist hún úr því á þann veg að fleiri aðilar verða þátttakendur í þessari baráttu og hin andkommúnista barátta lýtur forustu heils heimsveldis sem dælir fjármagni í stríðshrjáðan heim og einmitt til að ná fram pólitískum markmiðum og þar var Ísland ekki undanskilið.

Stefán Jón Hafstein: Er eitthvað sem bendir til þess, annað hvort í þínum rannsóknum eða í sambandi við það sem hefur komið fram núna frá Noregi að það væru fleiri stjórnmálamenn en Stefán Jóhann sem að hafi starfað með þessum hætti annað hvort í hans flokki eða öðrum flokkum?

Þorleifur Friðriksson: Mínar rannsóknir hafa fyrst og fremst tekið til Alþýðuflokksins og Alþýðusambandsins og ég hef undir höndum heimildir um að á sjötta áratugnum þegar Hannibal hefur gert sína „hallarbyltingu" í Alþýðuflokknum og Stefán Jóhann er hrakinn út í kuldann og kemst ekki einu sinni á þing að þá hefst grimm barátta um völdin, um að bola Hannibal frá, og á þessum árum voru hérna einmitt bandarískir útsendarar. Ég hef hérna undir höndum ákaflega merkilega skýrslu sem ég fann á dönsku skjalasafni frá 1954. Hún segir frá eða er frásögn bandaríska verkalýðsmálasendifulltrúans Gottfredsen. Og þessi skýrsla er send til forustumanna danskra sósíaldemókrata. Gottfredsen hafði verið hér á landi 1952 og 1954 og kynnt sér málin allnáið og hann hafði eins og fleiri mjög þungar áhyggjur af Hannibal og hans pólitísku stefnu. Hann segir hér á einum stað, eða endursögn af samtali þeirra Gottfredsen og ritara danska Alþýðusambandsins, sem tók þetta niður, að Hannibal sé sérdeilis hættulegur maður og hann byggir það álit bæði á frásögnum og eigin reynslu. Gottfredsen þorði ekki að kveða upp úr um þá möguleika sem væru á að fá Hannibal felldan og hann segir frá því að 1952, á Alþýðusambandsþinginu eða fyrir Alþýðusambandsþingið, hafi hann útvegað Marshall-fé til að standa straum af útgáfu Alþýðusambandsins á fréttablaði. Hann segir einnig að hann hafi þá séð um útgáfu á prentun á „Prælabúðum Stalíns" sem er ákaflega merkt rit sem einkenndist af kaldastríðsbaráttunni.

Már Jónsson: En þarna kemur þú inn á annað atriði, sem eru peningarnir sem Jón Einar nefndi áðan að norska verkalýðshreyfingin hefði fengið frá Bandaríkjunum. En Alþýðuflokkurinn fékk einhverja peninga frá Norðurlöndum. Fékk hann kannski peninga frá Bandaríkjunum líka, og það fyrir 1950?

Þorleifur Friðriksson: Ég var einmitt að segja það rétt í þessu að þessi Gottfredsen segist hafa útvegað Marshall-fé til Alþýðusambandsins sem þá laut stjórn þríflokkanna, Alþýðuflokksins, Framsóknar og Sjálfstæðisflokksins. Hins vegar þá hef ég nú ekki undir höndum heimildir um að verulegt fjármagn að öðru leyti hafi borist hingað. Það er vitað um að hluti af Marshall-aðstoðinni fór til að reka hálfpólitíska stofnun, sem var Iðnaðarmálastofnun, og sú stofnun var pólitísk á þann hátt að hún leitaðist við að slæva andstæðurnar milli launavinnu og auðmagns og vildi m.a. koma á námskeiðum fyrir hægrisinnaða verkalýðsforustumenn. Þeir komu tveir saman, Bragi Ólafsson, held ég að hann hafi heitið, formaður Iðnaðarmálastofnunar, og bandarískur sendifulltrúi. Þeir komu til danska sendiherrans 1955 þegar Bodil Begtrup var sendiherra hér. Og þessir tveir fóru fram á að hún hefði milligöngu um að danski sósíaldemókrataflokkurinn stæði fyrir námskeiði fyrir verkalýðsforustumenn þríflokkanna eða lýðræðisflokkanna, eins og þeir kölluðu sig, og Ameríkanar myndu standa straum af kostnaðinum. Bodil Begtrup skynjaði strax hvers eðlis þetta var. Þetta hafði í för með sér mikil bréfaskipti milli hennar og forustumannanna í Danmörku. Raunar varð ekkert úr þessu námskeiði, en þetta sýnir að allan þennan áratug og mjög sennilega seinni hluta fimmta áratugarins líka voru afskipti og áhyggjur erlendra aðila af íslenskum stjórnmálum, ekki síst verkalýðsmálum, mjög umtalsverð.

Stefán Jón Hafstein: Að lokum, Þorleifur, geturðu lagt mat á það í stuttu máli hversu mikilvæg þessi áhrif voru í þá átt að breyta stefnu og straumum í íslenskum stjórnmálum í vil hægri öflunum gegn þeim sem þessir aðilar voru að beita sér, þ.e. róttækum vinstrimönnum eða verkalýðshyggjufólki.

Þorleifur Friðriksson: Það er nú alltaf erfitt að gera grein fyrir slíku í fáum orðum og stuttu máli, en ég get aðeins vísað til þeirra bóka sem eru að koma út núna og kemur væntanlega út í seinna bindi á næsta ári, hún er raunar tilbúin, þannig að ég byggi það sem ég segi hér á þeirri vinnu sem ég hef þegar unnið. Það er um að ræða mjög umtalsverðar tilraunir og mjög umtalsverðan fjárstuðning erlendis frá við íslenska sósíaldemókrata, við íslenska andsósíalista og andkommúnista ekki aðeins á kaldastríðsárunum heldur einnig fyrir. Það er einmitt það sem ég hef verið að fjalla um í þessum rannsóknum mínum og væntanlegt er á markaðinn í þessari viku og næsta ári.

Fylgiskjal III.

Fréttir í Ríkisútvarpi, sjónvarpi.

13. nóvember 1987.

Edda Andrésdóttir: Nú er komið í ljós að norski sagnfræðingurinn Dag Tangen hefur ekki undir höndum skjöl um samband Stefáns Jóhanns Stefánssonar, fyrrverandi forsætisráðherra, og bandarísku leyniþjónustunnar.

Fréttamaður: Steingrímur Hermannsson utanríkisráðherra hélt blaðamannafund um málið í dag og kom þá fram að íslenskir sendiráðsmenn hafa átt fund með Tangen í Ósló. Þar afhenti hann þeim eintök af skjölum Þjóðaröryggisráðs Bandaríkjanna frá 1949 þar sem fjallað er um íslensk málefni. Í þessum skjölum er hvergi minnst á Stefán Jóhann Stefánsson. Tangen segist aftur á móti hafa séð bréf í Truman-safninu í borginni Independence í Bandaríkjunum þar sem fram komi að Stefán Jóhann hafi verið „contact", eins og það er orðað, Bandaríkjamanna á Íslandi. Tangen segir ekki hafa verið minnst á bandarísku leyniþjónustuna í því sambandi. Í samræðum við íslenska sendiráðsmenn í Ósló vildi Tangen hafa allan fyrirvara á hvers eðlis bréfið hefði verið og kvaðst einungis muna að hafa séð nafn Stefáns Jóhanns Stefánssonar sem „our contact", eins og það er orðað.

Fréttamaður: Ætlarðu, Steingrímur, að gera einhverjar ráðstafanir til að komast yfir þetta bréf, sem nefnt hefur verið?

Steingrímur Hermannsson: Við viljum nú sjá fyrst hvað væri í þessu. Ég mun biðja okkar sendiráð í Washington um að afla viðbótargagna ef þau eru einhver. Hitt er svo annað mál að því að mér er tjáð af kunnugum að það er töluvert mikið verk að fara í gegnum þessi söfn og ná út þessum gögnum. Menn þurfa eiginlega að fara þangað sjálfir og vera þar við. En við höfum að sjálfsögðu samband við okkar sendiráð þarna úti og munum biðja þá um að afla viðbótargagna ef einhver eru.

Fréttamaður: Telur þú að með þessu sé búið að hreinsa Stefán Jóhann Stefánsson af áburði?

Steingrímur Hermannsson: Ja, ég tel það, já. Í fyrsta lagi er ég sannfærður um það að Stefán Jóhann Stefánsson hafði ekkert annað í huga en að gæta hagsmuna Íslands og gera það á hinn réttasta máta. Mér dettur ekki annað í hug.

Fréttamaður: Hver er sá sem ber ábyrgð á þessum áburði, sem svo er kallað. Var það viss málsaðili eða þessi norski sagnfræðingur?

Steingrímur Hermannsson. Nú, ég ætla ekki að kalla út af fyrir sig neinn til ábyrgðar, en mér finnst nú satt að segja ummæli þessa norska sagnfræðings orka mjög tvímælis. Eins og hann segir við okkar sendiherra reyndar, þegar á hann er gengið, þá er mjög óvarlegt að byggja á minni í þessu sambandi.

14. nóvember 1987.

Guðni Bragason: Norski sagnfræðingurinn Dag Tangen telur að meiri leynd hvíli yfir gögnum um íslensk málefni í bandarískum skjalasöfnum en flestum öðrum skjölum og telur hugsanlegt að svo sé vegna óska íslenskra stjórnvalda. Tangen hefur verið í sviðsljósinu undanfarið vegna frétta um tengsl íslenskra stjórnmálamanna og bandarísku leyniþjónustunnar. Arnþrúður Karlsdóttir hitti hann að máli í Ósló.

AK: Hva er det konkrete disse dokumentene gaar ut paa naar det gjelder Island?

DT: Det gjelder Islands rolle i den politiske og militære reorganiseringen av Europa som skjedde under amerikansk ledelse etter den annen verdenskrig. Jeg har for eksempel dette dokumentet her som er en rapport to the National Security Counsil som handler om hvilke — hvilket forhold Island naar — u — for de forente stater skal ha til Island i forbindelse med de Nord-Atlantiske sikkerhetsinteresser.

AK: Hva islandske personer blir nevnt i disse dokumentene du har faatt.

DT: De dokumentene jeg har, et har jeg ikke her, det er paa Island, der blir Johan Stefan Johanson [svo] nevnt og Bjarni Benediktsson. Dette er for saa vidt ikke noe rart for de at de amerikanske herskersystemet baserer seg veldig mye paa paalitelige personer, paalitelige kontakter.

AK: Men i forbindelse med hva, var den ...

DT: I forbindelse med at man var i 1949, dette dokumentet er fra juli 1949, 29. juli, var svært engstelig for en kommunistisk kodetap paa Island.

AK: Naa er de hemmeligstemplet. Hvordan fikk du ta i den egentlig?

DT: Nedklassifiseringen i USA sker etter, langs to linjer, den automatiske, som sker i prinsippet etter 25 aar og den spesielle, hvor man ber om et spesielt dokument og ser om man kan faa det nedklassifisert. Det jeg har faatt, det er etter den, er dokumenter som er blitt nedklassifisert etter de generelle systemet. Det pussige er at Island, stort sett er holdt utenfor all nedklassifisering. De islanske sakene er noe av det hemmeligste som finnes i amerikanske arkiver. Langt mere ...

AK: Hvorfor det?

DT: Ja, det er et godt spörsmaal, jeg vet ikke svaret, men det virker som om det er den Islandske regjering som vil at det skal være hemmelig, for det er en av grunnene til at USA kan unndra ting fra offentlighet, er at en annen regjering ber om det.

Fylgiskjal IV.

Samþykkt útvarpsráðs.

2934. fundur útvarpsráðs, föstudaginn 20. nóvember 1987. Hófst kl. 11.12. Útdráttur.

Á fundi: Inga Jóna Þórðardóttir, Jón Þórarinsson, Magnús Erlendsson, Markús Á. Einarsson, Eiður Guðnason, María Jóhanna Lárusdóttir, Árni Björnsson, Markús Örn Antonsson, Hörður Vilhjálmsson, Elfa Björk Gunnarsdóttir, Ingimar Ingimarsson, Bogi Ágústsson og Dóra Ingvadóttir.

1. Gerðabók.

— Fundargerð 2933. fundar lá frammi og var samþykkt með breytingu.

2. Framkvæmd dagskrár í hljóðvarpi.

— Allmiklar umræður urðu um fréttaflutning Ríkisútvarpsins af máli Stefáns Jóhanns Stefánssonar.

— Eftirfarandi bókun var samþykkt 6:1.

„Útvarpsráð ætlur harðlega þau vinnubrögð sem við höfð voru við fréttaflutning um Stefán Jóhann Stefánsson, fyrrv. forsætisráðherra, dagana 9.–14. nóvember og beinir því til útvarpsstjóra að hann láti hlutlausan aðila kanna með hvaða hætti slíkt getur gerst.“

— Árni Björnsson gerði eftirfarandi bókun með atkvæði sínu:

„Þótt heimildakönnun hafi í þessu tilviki verið óvönduð tel ég það almennt séð af hinu góða að fréttamenn Ríkisútvarpsins opni umræðu um mál sem áratugum saman hafa verið sveipuð slíkum leyndarhjúp að það þykja nú fréttir sem allir ættu í rauninni að vita. Fráleitt er að ekki megi fjalla um látna stjórnmálamenn og verk þeirra. Með slíku viðhorfi væri verið að hræða fréttamenn frá því að hreyfa við sögulegum vandamálum.“

— María Jóhanna Lárusdóttir greiddi atkvæði á móti og óskaði eftirfarandi bókað:

„Fréttaflutningur fréttastofu Ríkisútvarpsins um Stefán Jóhann Stefánsson er byggður á heimildarmanni sem fréttastofan taldi ekki ástæðu til að vefengja. Heimild fréttastofunnar reyndist síðar ekki traust og hefur fréttastofan nú skýrt málið fyrir almenningi og tel ég að þar með sé málinu lokið.“

Fylgiskjal V.

Greinargerð Jóns Einars Guðjónssonar.

Hér fer á eftir yfirlit yfir gang mála í sambandi við fréttir af leyniskýrslum Dags Tangens.

Mánudagur 9. nóvember: Norsku morgunblöðin skýrðu frá því að Dag Tangen hefði undir höndum gögn sem sönnuðu að Haakon Lie, aðalritari Verkamannaflokksins 1947–1969, hefði haft náið samband við menn innan OSS, fyrirrennara CIA. Í hádegisfréttatíma norska útvarpsins var svo viðtal við Tangen, og þar heyrði ég hann m.a. segja að hann hefði einnig önnur gögn undir höndum m.a. um Ísland.

Ég hringdi því í Finn Sjue blaðamann, en ég vissi að hann hefði átt viðtal við Tangen og gæti því hjálpað mér að hafa upp á honum. Sjue staðfesti að Tangen hefði gögn um íslensk málefni, m.a. um íslenskan forsætisráðherra sem hefði haft náið samband við Bandaríkjamenn. Sjue bað síðan Tangen að hringja síðdegis í mig þennan dag.

Dag Tangen sagði þá m.a. að hann hefði komist yfir bréf sem sýndi: „nær personlig kontakt mellom en islandsk statsminister i 1947 eller 1948 og amerikanske ambassadefolk, deriblant ambassadören og sjefen for CIA paa Island.“ Hann minnti að forsætisráðherrann héti Stefansson. Bréfið eða skjalið var sent Truman Bandaríkjaforseta í lok fimmta áratugarins. Tangen þótti þetta samband undarlegt í ljósi þess að í öðrum löndum hefðu Bandaríkjamenn samband, annað hvort við utanríkis- eða landvarnaráðherra. Hann nefndi sem dæmi að af þessum sökum hefði landvarnaráðherrann hér í Noregi vitað meira en forsætisráðherrann. Að lokum bauð Tangen mér heim til sín næsta dag til að sjá skjalið og önnur gögn.

Þriðjudagurinn 10. nóvember: Ég heimsótti Tangen í íbúð hans kl. 9.30. Hann sýndi mér tvö skjöl, en í þeim var ekki stafkrókur um Stefán Jóhann Stefánsson. Ég spurði hann um bréfið, og hann hóf að leita í skjölum sínum en sagðist ekki finna það, en að það hlyti að vera hér einhvers staðar, hann hefði bara svo mikið af skjölum sem ekki væru flokkuð. Tangen sagðist hins vegar muna það greinilega að í því stæði að „statsministeren hadde fört fortrolige samtaler med amerikanerne".

Miðvikudagur 11. nóvember: Arnþrúður Karlsdóttir hringir í mig að kvöldi dags og segist hafa fengið af því fréttir að fréttaritari DV hafi heimsótt Tangen og þar finnist ekkert skjal með nafni Stefáns Jóhanns Stefánssonar. Það sem eftir var kvöldsins reyndi ég árangurslaust að hafa upp á Tangen.

Fimmtudagur 12. nóvember: Ég hafði fengið vitneskju um að Tangen ætlaði á ritstjórn *Klassekampen* og ég sat því fyrir honum þar kl. 10:45. Ég sagði að nú yrðum við að fá bréfið. Nú var hann ekki jafnviss um hvort hann hefði það í fórum sínum. Tangen taldi jafnvel að hann hefði sent Ingibjörgu Hafstað skjalið, en hann sagðist hafa sent henni skjöl um íslensk öryggismál sem hann hefði komist yfir. Tangen hafði ekki símanúmer hennar hjá sér og hringdi því í upplýsingar Landssímans. En þegar hann svo hringdi til Ingibjargar svaraði enginn. Tangen lagði því til að hann reyndi aftur síðdegis.

Ég hringdi í fréttastofu útvarps og lét Friðrik Pál Jónsson vita hvernig málin stæðu. Hann vildi að ég færi til Tangen og tæki viðtal við hann á segulband. Ég heimsótti Tangen kl. 17 og tók viðtalið þar sem hann enn á ný staðfestir að hann hafi séð bréfið. Þar segir hann m.a.: „Det var han (statsministeren) som skulle velge ut hvilke islendinger som skulle være med i aa hindre komunistisk kupp paa Island."

Tangen sagði að honum hefði ekki gefist tími til að hringja í Ingibjörgu en hann lofaði að gera það síðar sama dag.

Þegar ég svo hringdi í hann kl. 19 tjáði hann mér að Ingibjörg væri í Finnlandi á ráðstefnu og að það hefði sennilega litla þýðingu að ónáða hana þar. Ég bað hann um nánari skýringu á því „fortrolige" sambandi sem hann sagði að fram kæmi í bréfinu að væri á milli Stefáns Jóhanns Stefánssonar og Bandaríkjamanna. Tangen svaraði: „Fordi samtalen skulle være saa fortrolige skulle Stefán Jóhann Stefánsson være den eneste kontakten paa Island."

Þannig þróaðist þetta mál. Ég get ekki séð að ég á mánudeginum eða þriðjudeginum hafi haft neina ástæðu til að vefengja upplýsingar Tangens. Báða þá daga lét hann ótvírætt í það skína að hann hefði bréfið. Þar að auki höfðu upplýsingar, sem hann gaf norskum fjölmiðlum, vakið mikla athygli og verið aðalfréttin í útvarpi, sjónvarpi og dagblöðunum á mánudeginum, og reyndar alla vikuna. Í norsku blöðunum var þess og getið að Dag Tangen, sem er titlaður „forsker og ammanuensis", hafi gert mjög gaumgæfilegar athuganir á þeim gögnum sem hann fann í bandarískum söfnum.

Þegar norska útgáfan af bók Bob Woodwards **Leynistríð CIA** var kynnt blaðamönnum á miðvikudag 11. nóvember sat Dag Tangen við háborðið ásamt einhverjum virtustu sérfræðingum Norðmanna um bandarísk málefni og Chr. Christensen, fyrrverandi ritstjóra „Morgenbladet" og þar áður liðsforingja í norsku leyniþjónustunni.

Dag Tangen hefur sl. tíu ár starfað við Bedriftsökonomisk Institutt. Stofnun þessi menntar viðskiptafræðinga og hefur síðari ár einnig staðið fyrir þjóðfélagslegum rannsóknum. Í síðustu viku var t.d. lögð fram löng greinargerð (gefin út í þremur bindum) um hvernig norska þjóðfélagið þróist fram að aldamótum.

Tangen vinnur nú að bók um samband bandarísku leyniþjónustunnar við norsku verkalýðsforustuna á árunum eftir heimsstyrjöldina síðari.

Ósló, 15. nóvember 1987.

Jón Einar Guðjónsson.

Fylgiskjal VI.

Greinargerð fréttastofu.

Hér á eftir fer greinargerð fréttastofu útvarps vegna frétta um Stefán Jóhann Stefánsson sem Norðmaðurinn Dag Tangen var heimild að.

Mánudaginn 9. nóvember 1987 skýrðu blöð í Noregi frá því að Dag Tangen sagnfræðingur hefði undir höndum gögn, áður óbirt skjöl, sem sönnuðu m.a. að Haakon Lie, aðalritari norska Verkamannaflokksins 1945–1969, hefði haft náið samband við menn í bandarísku leyniþjónustunni OSS (síðar CIA).

Þessar upplýsingar vöktu mikla athygli í Noregi og var mikið fjallað um málið í blöðum, útvarpi og sjónvarpi þann dag og næstu daga. Í hádegisfréttum norska útvarpsins þennan sama mánudag var rætt við Tangen og þar heyrði fréttaritari fréttastofu útvarps í Noregi hann segja frá því að hann hefði einnig önnur gögn, m.a. um Ísland.

Erfitt var fyrir fréttaritarann að ná í Tangen en tókst fyrir milligöngu norsks blaðamanns síðdegis þennan mánudag í síma. Tangen segist hafa komist yfir bréf sem sýni náið samband bandarísku leyniþjónustunnar við forsætisráðherra Íslands 1947–1948 sem heiti Stefansson og bréfið hafi verið sent Truman forseta. Tangen bauð svo fréttaritara fréttastofu útvarps að koma daginn eftir, þriðjudag, að sjá þetta skjal og önnur gögn um Ísland.

Þriðjudaginn 10. nóvember sýndi Tangen svo fréttaritara frettastofu útvarps skjöl varðandi Ísland en í þeim var ekkert um Stefán Jóhann Stefánsson. Hann var spurður um það skjal, fyrrnefnt bréf, og fór að leita í skjölum sínum og sagðist svo ekki finna það. Hann væri með mikið af óflokkuðum skjölum. Þetta tiltekna skjal, bréfið um Stefán Jóhann Stefánsson, skipti auðvitað höfuðmáli og var eftir því gengið. Þar kom að Tangen sagðist ekki vera viss um að vera með það. Hann kynni að hafa sent íslenskum kunningja sínum það og önnur skjöl um Ísland. Þessi íslenski kunningi, sem Tangen nafngreindi, var erlendis þegar þetta gerðist en vinafólk hans í sama húsi tók að sér að beiðni fréttastofunnar að fylgjast með póstkassanum og bærist bréf frá Noregi yrði fengið leyfi í síma til þess að opna það. Það var svo ekki fyrr en föstudaginn 13. nóvember að ljóst þótti að sagan um póstsendinguna stæðist ekki.

Í millitíðinni hafði fréttaritari DV í Ósló sagt að ekkert væri um Stefán Jóhann Stefánsson í skjali sem Tangen hefði sýnt honum. En fréttaritari DV nefndi skjal, en ekki skjöl, og fréttaritari fréttastofu útvarps hafði verið sagt að skjölin væru þrjú.

Tangen hafði í viðtali við fréttaritara fréttastofu útvarps í Noregi sem birt var í kvöldfréttum 12. nóvember bent á skjal (dokument) sem væri í safni Trumans forseta í Missouri. Haft var samband við fréttaritara fréttastofu útvarps í Bandaríkjunum og honum falið að grennslast fyrir um þetta skjal í Trumansafninu og hugsanlega önnur skjöl sem snertu Ísland. Fréttaritarinn hringdi til safnsins og bókavörður þar skoðaði eina skýrslu bandarísku leyniþjónustunnar CIA frá því í júlí 1948 og send hafði verið Truman forseta.

Bókavörðurinn tilkynnti fréttaritaranum svo símleiðis sama dag að í skýrslunni sem væri 30–40 síður væri minnst á Stefán Jóhann Stefánsson og fleiri forustumenn íslenska en hvergi væri minnst á náið samband bandarísku leyniþjónustunnar við Stefán Jóhann á þessum árum 1947–1948. Fréttaritari fréttastofu útvarps í Bandaríkjunum greindi frá þessari niðurstöðu

þegar í fréttum klukkan 16, 17 og 18 föstudaginn 13. nóvember og þetta var einnig aðalfrétt fremst bæði í fréttayfirliti og í fréttum klukkan 19.

Til þess að eyða öllum efa var fréttaritari fréttastofu útvarps í Bandaríkjunum beðinn um að útvega eintak af skýrslu leyniþjónustunnar í Trumansafninu og fékk hann sent ljósrit af þessari tilteknu skýrslu. Hann var þá á leið til Íslands í einkaerindum og var beðinn um að koma með skýrsluna og til landsins barst hún miðvikudagsmorgun 18. nóvember. Honum var síðan falið að skoða skýrsluna vandlega og hlusta á alla pistla um málið frá mánudeginum 9. nóvember. Síðan var hringt frá fréttastofu útvarps í Tangen og hann beðinn um yfirlýsingu. Yfirlýsingin kom síðdegis fimmtudaginn 19. nóvember. Hún var birt fyrst í kvöldfréttum og jafnframt sagt að fréttaritari fréttastofu útvarps í Noregi héldi fast við það sem hann hefði upphaflega haft eftir Tangen. Þannig stæði staðhæfing á móti staðhæfingu. Fréttastofa útvarps harmaði jafnframt að heimild sem hún hefði ekki talið ástæðu til að vefengja hefði reynst ótraust. Fréttastofa útvarps hafði þá tvívegis og rækilega borið upphaflegu fréttina til baka. Daginn eftir, föstudaginn 20. nóvember, var samþykkt útvarpsráðs birt í kvöldfréttum klukkan 19.

Mánudaginn 9. nóvember þegar málið byrjaði var fjallað um það á fréttastofu útvarps í samráði við fréttaritara í Noregi hvort heimildin væri traust. Ástæður þess að Tangen var talinn traust heimild eru eftirfarandi:

1.

Dag Tangen birtir í Noregi áður óbirt skjöl um náið samband norskra forustumanna og bandarísku leyniþjónustunnar og mesta athygli vekja gögn um samband Haakonar Lies og bandarísku leyniþjónustunnar OSS.

2.

Dag Tangen nefnir að fyrra bragði í viðtali við norska útvarpið að hann hafi komist yfir íslensk skjöl.

3.

Dag Tangen segir sama dag við fréttaritara fréttastofu útvarps í Noregi að hann hafi þessi íslensku gögn undir höndum, þar á meðal bréf sem sýni náið samband bandarísku leyniþjónustunnar við Stefán Jóhann Stefánsson.

4.

Dag Tangen hefur varið þremur árum í rannsóknir, m.a. dvalist í Bandaríkjunum, á samskiptum bandarísku leyniþjónustunnar og norskra forustumanna.

5.

Dag Tangen er fræðimaður og fræðimannsheiður hans er í veði fari hann ekki rétt með heimildir.

6.

Fréttaritari fréttastofu útvarps í Noregi er menntaður blaðamaður með reynslu og á fréttastofu útvarps er borið til hans fullt traust.

Þannig var heimildin í upphafi talin traust. Hún brást. Þegar það varð ljóst var fréttin borin rækilega til baka og málið harmað.

Fylgiskjal VII.

Bréf útvarpsstjóra til siðanefndar Blaðamannafélags Íslands.
(24. móvember 1987.)

Dagana 9.–14. nóvember sl. flutti fréttastofa útvarpsins fregnir, sem upprunnar voru í Noregi og bárust hingað til lands fyrir milligöngu fréttaritara Ríkisútvarpsins í Ósló, þess efnis að Stefán Jóhann Stefánsson, fyrrverandi forsætisráðherra Íslands, hefði í embættistíð sinni staðið í nánu sambandi við starfsmann leyniþjónustu Bandaríkjanna á Íslandi.

Þessum fullyrðingum, sem hafðar voru eftir norskum heimildarmanni, var fylgt eftir ítrekað í fréttatímum útvarps í þáttum dægurmáladeildar á Rás 2 og fréttum sjónvarpsins.

Útvarpsráð hefur á fundi sínum átalið harðlega vinnubrögð við þennan fréttaflutning og óskað eftir því að útvarpsstjóri láti hlutlausan aðila rannsaka málið.

Hér með er þess farið á leit að siðanefnd Blaðamannafélags Íslands veiti umsögn sína um þennan tiltekna fréttaflutning Ríkisútvarpsins og meti hvort og þá hve alvarleg þau vinnubrögð, sem við höfð voru, brjóti í bága við þær siðareglur sem nefndin telur blaðamönnum skylt að virða í starfi sínu.

Markús Örn Antonsson.

Fylgiskjal VIII.

Bréf útvarpsstjóra til Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands.
(2. desember 1987.)

Á fundi útvarpsráðs hinn 20. nóvember var samþykkt eftirfarandi bókun:

„Útvarpsráð átelur harðlega þau vinnubrögð sem viðhöfð voru við fréttaflutning um Stefán Jóhann Stefánsson, fyrrverandi forsætisráðherra, dagana 9.–14. nóvember og beinir því til útvarpsstjóra að hann láti hlutlausan aðila kanna með hvaða hætti slíkt getur gerst".

Þess er hér með farið á leit við Félagsvísindastofnun að hún eða starfsmenn hennar annist þá könnun sem samþykkt útvarpsráðs fjallar um.

Markús Örn Antonsson.

Fylgiskjal IX.

Svar Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands til útvarpsstjóra.
(14. desember 1987.)

Efni: Beiðni um framkvæmd könnunar á fréttaflutningi um Stefán Jóhann Stefánsson, fyrrverandi forsætisráðherra.

Að vandlega athuguðu máli sér Félagsvísindastofnun sér ekki fært að annast könnun þá sem þér óskið eftir í bréfi frá 2. desember sl.

Ástæðan er sú að verkefni þetta er á nýju starfssviði sem stjórn stofnunarinnar er að svo stöddu ekki reiðubúin að fara inn á.

Stefán Ólafsson
forstöðumaður.

Fylgiskjal X.

Úrskurður siðanefndar Blaðamannafélags Íslands.

I.

Í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins mánudaginn 9. nóvember 1987 var svofelld frétt sögð:

Ágrip:

Norskur sagnfræðingur segist hafa komist yfir skýrslur í Bandaríkjunum sem sýni að bandaríska leyniþjónustan CIA hafi haft náið samband við Stefán Jóhann Stefánsson undir lok fimmta áratugarins. Stefán var forsætisráðherra 1947–1949.

Fréttin í heild:

Dag Tangen, norskur sagnfræðingur, sem hefur dvalist þrjú ár í Bandaríkjunum, við rannsóknir á tengslum bandarísku leyniþjónustunnar CIA og Norðmanna segir að leyniþjónustan hafi haft náið samband við Stefán Jóhann Stefánsson sem var forsætisráðherra 1947–1949. Tangen hefur komist yfir leyniskýrslur um varnir Íslands sem bandaríska leyniþjónustan gerði fyrir Truman Bandaríkjaforseta undir lok fimmta áratugarins.

Jón Einar Guðjónsson:

Dag Tangen segir í viðtali við fréttaritara útvarps í dag að enginn vafi leiki á að menn innan bandarísku leyniþjónustunnar hafi haft náin persónuleg tengsl við Stefán Jóhann Stefánsson, fyrrum forsætisráðherra. Tangen segir það koma fram í þeirri skýrslu sem hann hafi nú undir höndum að Bandaríkjamenn hafi óttast mjög að Sovétmenn hertækju Ísland.

Af skýrslunni má ætla að leyniþjónustumennirnir hafi verið „á taugum“ þegar þeir komust að því að íslenska lögreglan var óvopnuð, sagði Tangen í dag og bætti við: „leyniþjónustan taldi því brýna nauðsyn á að bandarískir hermenn yrðu sendir til Íslands til að vera til aðstoðar ef til átaka kæmi“. Dag Tangen komst yfir þessa leyniskýrslu fyrir tilviljun. Hann hefur um þriggja ára skeið unnið í Bandaríkjunum að rannsóknum á tengslum bandarísku leyniþjónustunnar við Norðmenn og þá sérstaklega við verkalýðsforustuna og Verkamannaflokkinn. Tangen segir að vestra sé mjög erfitt að fá aðgang að skýrslum sem varði öryggismál Íslands. Hann segir að Bandaríkjamenn gæti engra upplýsinga jafnvel og þeirra sem varði öryggismál Íslands. Ástæðuna telur hann vafalítið mikilvægi Íslands fyrir Bandaríkin. Við hugsanlega árás á Sovétríkin voru Bandaríkjamenn algjörlega háðir því að geta millilent á Grænlandi og á Íslandi. Ísland var Bandaríkjamönnum lífsnauðsynlegt, segir Tangen. Í skýrslum sem hann hefur rannsakað í Washington kemur fram að bandarískir herinn hélt miklar heræfingar á Suðurskautslandinu. Þetta var gert til að búa hermennina undir stríð á Grænlandi, en ríkisstjórn Danmerkur hafði bannað heræfingar þar. Bandaríkjamenn óttuðust að Sovétmenn hefðu áform um að hertaka Suðaustur-Grænland og loka siglingaleiðinni á milli Íslands og Grænlands með kafbátum. Upplýsingar Dag Tangens um tengsl Haakonar Lies, fyrrverandi aðalritara Verkamannaflokksins, við bandarísku leyniþjónustuna á árunum eftir heimsstyrjöldina síðari hafa vakið mikla athygli hér í Noregi nú í dag. — Jón Einar Guðjónsson í Ósló.

Fréttastofan segir nánar frá þessum leyniskýrslum á morgun en þá ræðir Jón Einar Guðjónsson nánar við Dag Tangen.

Í seinni kvöldfréttum 9. nóvember segir svo:
Dag Tangen, norskur sagnfræðingur sem vinnur að rannsóknum á tengslum bandarísku leyniþjónustunnar CIA og Norðmanna, segir að leyniþjónustan hafi haft náið samband við Stefán Jóhann Stefánsson sem var forsætisráðherra 1947 til 1949. Tangen hefur komist yfir leyniskýrslur um varnir Íslands sem bandaríska leyniþjónustan gerði fyrir Truman Bandaríkjaforseta undir lok fimmta áratugarins.

Hér fer á eftir fréttaflutningur útvarpsins af þessu efni daginn eftir:

Hádegisfréttir 10. nóvember 1987. Ágrip:
Stefán Jóhann Stefánsson fyrrum forsætisráðherra hitti sendiherra Bandaríkjanna og starfsmenn bandarísku leyniþjónustunnar CIA í ráðherratíð sinni 1947 til 1949. Þeir ræddu málefni sem leynd hvíldi yfir.

Fréttin í heild:
Í skjölum úr skjalasafni Bandaríkjaforseta kemur fram að Stefán Jóhann Stefánsson, sem var forsætisráðherra árin 1947 til 1949 og formaður Alþýðuflokksins 1938 til 1952, hafi hitt sendiherra Bandaríkjanna og starfsmann bandarísku leyniþjónustunnar CIA reglulega að máli árið 1948. Þeir skiptust á upplýsingum sem ströng leynd hvíldi yfir.
Jón Einar Guðjónsson: Af leyniskýrslunni, sem er úr skjalasafni Henry [svo] Trumans Bandaríkjaforseta, kemur fram að í lok fimmta áratugarins ræddu bandarískir sendiherrann á Íslandi og yfirmaður leyniþjónustudeildar sendiráðsins reglulega við Stefán Jóhann Stefánsson forsætisráðherra. Í skjalinu segir að samvinnan var mjög náin. Norski sagnfræðingurinn Dag Tangen, sem nú hefur afrit af þessu skjali, segir að þetta orðalag bendi til að á fundunum hafi menn skipst á upplýsingum sem ströng leynd hvíldi yfir. Stefán Jóhann tók við embætti forsætisráðherra í febrúar 1947 og gegndi því fram til desember 1949. Þessi samvinna Bandaríkjamanna við forsætisráðherra Íslands er mjög óvenjuleg. Í öðrum löndum Vestur-Evrópu höfðu Bandaríkjamenn fyrst og fremst samband við utanríkisráðherrann eða landvarnaráðherrann sagði Dag Tangen þegar ég hitti hann að máli nú í morgun og

fékk að sjá hluta af þeim leyniskjölum sem hann komst yfir á meðan hann dvaldi í Bandaríkjunum við rannsóknir á samstarfi þarlendrar leyniþjónustu við norska verkalýðsforustu. Leyniskýrslur þær sem Dag Tangen hefur um Ísland eru rúmlega tíu síður og ítarlegar. Í skýrslu sem Þjóðaröryggisráð Bandaríkjanna sendi Truman forseta eftir annan fund sinn kemur fram að rætt var um hættuna á að íslenskir kommúnistar kæmust til valda með byltingu. Þetta vandamál var vegið og metið og ráðið taldi að hættan á byltingum hefði verið meiri upp úr 1940. Þá var einnig bent á að Sovétmenn líti raunhæfum augum á landfræðilega stöðu Íslands og að ráðamenn í Sovétríkjunum geri sér grein fyrir að þeir séu ekki megnugir að liðsinna kommúnistum á Íslandi. Í skýrslunni segir ráðið að þrátt fyrir þessar staðreyndir geti Bandaríkjastjórn ekki útilokað að til byltingar komi, annaðhvort af eigin hvötum íslenskra kommúnista, t.d. vegna innlendra atburða, eða eftir fyrirmæli frá Kreml. Dag Tangen minnir á það ástand sem ríkti eftir síðari heimsstyrjöld. Ráðamenn óttuðust þá nýja styrjöld og Bandaríkjamenn gerðu allt til að tryggja sinn hlut í Vestur-Evrópu. Ísland var í sérstöðu, ekki aðeins landfræðilega heldur og vegna þess, að þar var enginn her og lögreglan var óvopnuð. Því var ekki hægt að beita hernum né lögreglunni gegn hugsanlegri byltingu kommúnista. Þess vegna mælti bandaríska leyniþjónustan og Þjóðaröryggisráðið með því að sendar yrðu bandarískar hersveitir til Íslands, segir Dag Tangen. Í skýrslunum kemur ekki beinlínis fram að Stefán Jóhann Stefánsson hafi lagt þetta til en af samhenginu má ráða að hann hafi verið á sama máli. — Jón Einar Guðjónsson í Ósló.

Þennan sama dag (10. nóvember) mátti heyra eftirfarandi frásögn og skoðanaskipti á Rás 2:

Stefán Jón Hafstein: Már Jónsson fréttamaður og Þorleifur Friðriksson sagnfræðingur ræða við okkur um málefni sem verið hafa efst á baugi í fréttum að undanförnu, þ.e. hugsanleg tengsl bandarísku leyniþjónustunnar við íslenska stjórnmálamenn, nánar tiltekið Stefán Jóhann Stefánsson sem var forsætisráðherra Íslands um tíma.

Már Jónsson: Í Noregi hafa rannsóknir sagnfræðings, Dags Tangen, sem hefur verið í Washington í nokkur ár á skjalasöfnum, komið á daginn. Hann hefur verið núna síðustu daga með mikið hneyksli og komið af stað miklum umræðum í norskum fjölmiðlum og meðal stjórnmálamanna um tengsl verkalýðshreyfingarinnar norsku og bandarísku leyniþjónustunnar fyrstu árin eftir stíð, fjárhagsleg tengsl og síðan stjórnmálaleg áhrif þeirra. En fréttaritari okkar, Jón Einar, var að hlusta á útvarpið í hádeginu í gær og hann heyrði að Dag Tangen, sem var í viðtali, nefndi að hann hefði skjöl um Ísland líka án þess að fara neitt í það mál nánar. Jón Einar náði sambandi við þennan mann og þá segir hann að það sé skýrsla Þjóðaröryggisráðsins bandarísk til Trumans forseta um Stefán Jóhann Stefánsson sem þá var forsætisráðherra árin 1947 og 1948, en og ... (Útvarpsmaður tekur fram í): Við skulum heyra nánar um þetta mál því að þetta snertir ekki bara Ísland heldur líka Noreg.

Stefán Jón Hafstein: Við skulum heyra nánar um þetta mál því að það snertir ekki bara Ísland heldur líka Noreg. Jón, til að byrja með. Hvað hefur komið fram þarna gagnvart norskum stjórnmálamönnum?

Jón Einar Guðjónsson: Já, þetta hefur verið mikið mál hérna í Noregi undanfarnar vikur. Fyrstu afhjúpanirnar um starfsemi leiðtoga Verkamannaflokksins og norsku verkalýðshreyfingarinnar gegn kommúnistum komu í endurminningabók Ronalds Bye, fyrrum aðalritara Verkamannaflokksins, en sú bók kom út í síðasta mánuði. Og Bye skýrir frá því þegar hann hóf störf hjá Alþýðusambandinu norska hafi hann komist yfir spjaldskrá mikla um kommúnista og líklega kjósendur Kommúnistaflokksins á árunum fram til 1960. Bye brenndi þessa spjaldskrá 1969. Nú um mánaðamótin komu svo upplýsingar um að norska leyniþjónustan hefði átt nána samvinnu við leiðtoga verkalýðshreyfingarinnar og jafnvel launað njósnastarfsemina gegn kommúnistum. Þá hafa einnig verið birtar upplýsingar sem benda til þess að Bandaríkjamenn hafi borgað njósnastarfsemina. Og svo í gær sprakk enn

ein sprengjan. Þá lagði sagnfræðingurinn Dag Tangen fram skjöl sem sýna að Haakon Lie, sem var aðalritari Verkamannaflokksins frá 1945 fram til 1969, hafði náið samband við Arthur Goldberg í Bandaríkjunum. Goldberg starfaði hjá OSS sem að var fyrirrennari CIA. Á stríðsárunum stjórnaði Goldberg deild þeirri sem fylgdist með verkalýðshreyfingunni og átti að tryggja að leiðtogar hreyfinganna væru hliðhollir Bandaríkjamönnum. Síðar hefur Goldberg m.a. verið ráðherra í stjórn John Kennedy og sendiherra Bandaríkjanna hjá sameinuðu þjóðunum. Haakon Lie neitar öllum samskiptum við Goldberg, en Lie neitar að svara spurningum hvort verkalýðshreyfingin hafi átt einhver samskipti við bandarísku leyniþjónustuna. Og í sjónvarpsviðtali í gærkvöld sagði hann að það væru engin tímatakmörk á leyniskjölum. Og svo sagði hann fréttamanninum að fara til helvítis. Afhjúpanir Dag Tangens hafa verið aðalfréttaefni norskra fjölmiðla í dag og í gær, og í hádegisfréttunum í útvarpinu í gær þá gat hann þess svona í framhjáhlaupi að hann hefði undir höndum athyglisverð skjöl um Ísland. Og eftir töluverðan eltingarleik hafði ég upp á honum, en Tangen fer nú huldu höfði hérna í höfuðborginni.

Stefán Jón Hafstein: Mig langar til að spyrja þig, Jón, rétt til að við skiljum hvað þetta er mikilvægt pólitískt. Er þetta eitthvað í líkingu við það t.d. ef upp hefði komist um það að Alþýðuflokkurinn hefði njósnað um félaga í Sósíalistaflokknum, og látið Bandaríkjamenn hafa upplýsingar um félaga þar?

Jón Einar Guðjónsson: Já, þetta var mjög góð líking, og það er líka rétt að geta þess að þessi njósnastarfsemi leiddi til þess að kommúnistum var bolað úr embættum í verkalýðshreyfingunni, og líka til að koma í veg fyrir að kommúnistar kæmust til valda og áhrifa innan norsku verkalýðshreyfingarinnar.

Már Jónsson: En hvernig er það með skýrslurnar í Washington um Stefán Jóhann? Hvað segir þar nákvæmlega um hann og þá fundina við Bandaríkjamenn hér?

Jón Einar Guðjónsson: Það kemur fram að í lok fimmta áratugarins ræddu bandarískir sendiherrann og fulltrúi bandarísku leyniþjónustunnar á Íslandi reglulega við Stefán Jóhann Stefánsson forsætisráðherra og í skýrslunni kemur ekki fram hvað rætt var nákvæmlega, en augljóst er að þarna var skipst á mikilvægum upplýsingum. Dag Tangen bendir á að í skýrslunni sé sagt að þetta séu einlægir fundir og á máli sérfróðra manna þýðir þetta víst að yfir þeim upplýsingum sem fari á milli manna hvíli mikil leynd. Tangen hann sagði þegar ég ræddi við hann núna í dag að þetta samband á milli Bandaríkjamanna og Stefáns Jóhanns Stefánssonar væri mjög óvenjulegt. Í flestum tilfellum, sem hann þekkir til, hefðu sendimenn Bandaríkjanna haft samband við utanríkisráðherra og landvarnaráðherra. Skýringuna á þessu nána sambandi á milli Stefáns Jóhanns og Bandaríkjamanna er kannski að finna áður en Stefán Jóhann settist í forsætisráðherrastólinn 1947, sagði Tangen. Og hann segir að það sé mjög athyglisvert hversu góðan og greiðan aðgang Bandaríkjamenn höfðu haft að forsætisráðherra Íslands á þessum árum.

Már Jónsson: En Þorleifur Friðriksson sagnfræðingur hefur rannsakað stjórnmál áranna eftir stríð nú í allnokkur ár og er í þessari viku að gefa út bók um fjárhagsleg tengsl Alþýðuflokksins við skoðanabræður á Norðurlöndum og víðar. Þorleifur, kemur það þér á óvart að Stefán Jóhann Stefánsson, formaður Alþýðuflokksins, skuli hafa setið fundi með sendiherra Bandaríkjanna og starfsmanni bandarísku leyniþjónustunnar á meðan hann var forsætisráðherra árin 1947–1949?

Þorleifur Friðriksson: Nei, það er ómögulegt að segja að það komi mér á óvart. Þetta sýnir náttúrlega það sem hér hefur komið fram að Ísland er ekki eyja og hefur ekki verið eyja um langt skeið nema landfræðilega. Það hefur verið í mjög nánum tengslum við pólitískar væringar sem hafa átt sér stað erlendis og einmitt þetta sem hér hefur verið til umræðu hef ég sjálfur rekist á í mínum rannsóknum. Það er ljóst að Stefán Jóhann hafði náin samskipti við bandaríska sendiherrann hér á landi ...

Í kvöldfréttum útvarps 10. nóvember segir svo:

Ágrip:

Harðar deilur eru í Noregi vegna uppljóstrana sagnfræðingsins Dags Tangens um að norskir verkalýðsforingjar hafi þegið fé hjá bandarísku leyniþjónustunni til þess að koma í veg fyrir áhrif kommúnista í stjórnmálum landsins.

Fréttin í heild:

Hart er nú deilt í Noregi vegna uppljóstrana sagnfræðingsins Dags Tangens um helgina um að forustumenn norskrar verkalýðshreyfingar hafi þegið fé hjá bandarísku leyniþjónustunni til að koma í veg fyrir áhrif kommúnista í stjórnmálum landsins árin eftir síðari heimsstyrjöld.

Jón Einar Guðjónsson: Fyrstu afhjúpanirnar um starfsemi leiðtoga Verkamannaflokksins og norsku verkalýðshreyfingarinnar gegn kommúnistum komu í endurminningarbók Ronalds Bye, fyrrum aðalritara Verkamannaflokksins, en sú bók kom út í síðasta mánuði og Bye skýrir frá því að þegar hann hóf störf hjá Alþýðusambandinu norska, hafi hann komist yfir spjaldskrá mikla um kommúnista og líklega kjósendur Kommúnistaflokksins á árunum fram til 1960. Bye brenndi þessa spjaldskrá 1969. Nú um mánaðamótin komu svo upplýsingar um að leyniþjónustan norska hefði átt nána samvinnu við leiðtoga verkalýðshreyfingarinnar og jafnvel launað njósnastarfsemina gegn kommúnistum. Þá hafa einnig verið birtar upplýsingar sem benda til þess að Bandaríkjamenn hafi borgað njósnastarfsemina og svo í gær sprakk enn ein sprengjan. Þá lagði sagnfræðingurinn Dag Tangen fram skjöl sem sýna að Haakon Lie, sem var aðalritari Verkamannaflokksins frá 1945 og fram til 1969, hafði náið samband við Arthur Goldberg í Bandaríkjunum. Goldberg hann starfaði hjá OSS sem var fyrirrennari CIA. Á stríðsárunum stjórnaði Goldberg deild þeirri sem fylgdist með verkalýðshreyfingunni og átti að tryggja að leiðtogar hreyfingarinnar eða hreyfinganna væru hliðhollir Bandaríkjamönnum.

Fréttamaður: En hvernig er það með skýrslurnar í Washington um Stefán Jóhann? Hvað segir þar nákvæmlega um hann og þá fundina við Bandaríkjamenn hér?

Jón Einar Guðjónsson: Það kemur fram að í lok fimmta áratugarins þá ræddu bandarískir sendiherrann og fulltrúi bandarísku leyniþjónustunnar á Íslandi reglulega við Stefán Jóhann Stefánsson forsætisráðherra og í skýrslunni kemur ekki fram hvað rætt var nákvæmlega en augljóst er að þarna var skipst á mikilvægum upplýsingum.

Fréttamaður: En Þorleifur Friðriksson sagnfræðingur hefur rannsakað stjórnmál áranna eftir stríð nú í allnokkur ár og er í þessari viku að gefa út bók um fjárhagsleg tengsl Alþýðuflokksins við skoðanabræður á Norðurlöndum og víðar. Þorleifur, kemur það þér á óvart að Stefán Jóhann Stefánsson, formaður Alþýðuflokksins, skuli hafa setið fundi með sendiherra Bandaríkjanna og starfsmanni bandarísku leyniþjónustunnar á meðan hann var forsætisráðherra 1947 til 1949?

Þorleifur Friðriksson: Nei, það er ómögulegt að segja að það komi mér á óvart. Þetta sýnir náttúrlega það sem hér hefur komið fram að Ísland er ekki eyja og hefur ekki verið eyja um langt skeið nema landfræðilega. Það hefur verið í mjög nánum tengslum við pólitískar væringar sem hafa átt sér stað erlendis og einmitt þetta sem hér hefur verið til umræðu hef ég sjálfur rekist á í mínum rannsóknum. Það er ljóst að Stefán Jóhann hafði náin samskipti við bandaríska sendiherrann hér á landi, hann er ráðherra, fer með utanríkismál í þjóðstjórninni 1939 til 1941–1942 og einmitt það ár þegar Bandaríkjamenn koma hingað þá er hann utanríkisráðherra, eða fer með utanríkismálin. Nú, síðan 1947–1949 er hann forsætisráðherra og '49 '48 '49 [svo] er hann í mjög tíðum bréfaskiptum við forsætisráðherra Dana, Hans Hedtoft, þar sem þeir ræða um mögulega aðild að Nato og þá segir einmitt Stefán frá þessum tíðu viðræðum sínum við bandaríska sendimenn.

Þulur: Már Jónsson talaði við Jón Einar Guðjónsson og Þorleif Friðriksson í þættinum Dagskrá á Rás 2 í dag.

Sjónvarpsfrétt um þetta mál birtist að kvöldi 11. nóvember:

Arnþrúður Karlsdóttir segir frá norsku leyniskjölunum og rætt er við Þorleif Friðriksson.

Þulur: Frásögn norska sagnfræðingsins Dags Tangen um að Stefán Jóhann Stefánsson fyrrum forsætisráðherra Íslands hafi átt náin samskipti við bandarísku leyniþjónustuna eftir síðari heimsstyrjöld hafa vakið mikla athygli. Arnþrúður Karlsdóttir í Noregi segir nú frá málinu:
Arnþrúður Karlsdóttir símar: Sagnfræðingurinn vinnur að rannsókn á samskiptum bandarísku leyniþjónustunnar og forustu norsku verkalýðshreyfingarinnar á stríðsárunum. Hér í Noregi hefur vakið mesta athygli að Haakon Lie aðalritari Verkamannaflokksins er sagður hafa átt náin samskipti við bandarísku leyniþjónustuna á þeim tíma sem hann var aðalritari flokksins eða á árunum 1945 til 1969 en í sjónvarpsviðtali neitaði Haakon Lie alfarið að tjá sig um þetta mál. Sagnfræðingurinn segir að við rannsóknina hafi hann fengið afhent skjöl sem hafi að geyma upplýsingar um samskipti bandarísku leyniþjónustunnar við Íslendinga. Hann segir að þar komi m.a. fram að Stefán Jóhann Stefánsson, þáverandi forsætisráðherra, hafi átt reglulega fundi með bandaríska sendiherranum og starfsmanni bandarísku leyniþjónustunnar á Íslandi. Þá segir hann að í skjölunum sé að finna upplýsingar frá fundum bandaríska þjóðaröryggisráðsins í lok fimmta áratugarins þar sem fram komi að þjóðaröryggisráðið óttist byltingu kommúnista á Íslandi og þar af leiðandi hafi verið talið nauðsynlegt að hafa bandaríska sendiherrann her í Keflavík.
Karl Blöndal: Þorleifur Friðriksson sagnfræðingur vinnur að rannsóknum á tengslum Alþýðuflokksins við erlenda jafnaðarmannaflokka á árunum 1916–1956. Hann segir að sér komi ekki á óvart þær upplýsingar að Haakon Lie hafi tengst bandarísku leyniþjónustunni.
Þorleifur: Varðandi tengsl Stefáns Jóhanns við sendimenn frá bandarísku leyniþjónustunni á þeim árum sem hann er forsætisráðherra veit ég ekkert. Það er náttúrlega ljóst að hann hafði samskipti við bandaríska sendimenn og ekki síst varðandi Marshall-aðstoðina 1948 og inngöngu Íslands í NATO 1949. Um þetta hef ég rekist á heimildir í erlendum gögnum og hann greinir frá þessu í einkabréfum sínum til forsætisráðherra Dana, Hans Hedtoft, mjög ítarlega. Ég býst nú ekki við að nokkur leyniþjónustumaður hafi gengið á fund Stefáns Jóhanns og kynnt sig sem útsendara bandarísku leyniþjónustunnar. Þess vegna getur hann hafa talað við hvern sem var án þess að vita nákvæmlega hver þetta var sem sé á þeim árum sem hann er forsætisráðherra en hins vegar hef ég óyggjandi heimildir um veru bandarískra útsendara hér á sjötta áratugnum.
Já, og þetta var Þorleifur Friðriksson sem þarna var rætt við.
En því er við að bæta að utanríkisráðuneytið ætlar að fara fram á það við bandarísk stjórnvöld að fá aðgang að umræddum leyniskjölum og vilja menn þar ekki tjá sig um málið fyrr en þau gögn hafa borist.

Hinn 11. nóvember er flutt í kvöldfréttum útvarpsins löng frásögn af skjalasafni utanríkisráðuneytisins. Morguninn eftir segir síðan frá væntanlegum umræðum utan dagskrár á Alþingi um „mál Stefáns Jóhanns Stefánssonar“ eins og það er orðað. Í hádegisfréttum þennan sama dag, og aftur í kvöldfréttum, er sagt frá þessum umræðum og kemur þar fram að „utanríkisráðherra ætlar að biðja um að starfsmenn íslenska sendiráðsins í Washington fái aðgang að bandarískum skjölum um samskipti Stefáns Jóhanns Stefánssonar fyrrum forsætisráðherra við fulltrúa bandarísku leyniþjónustunnar“.

Þá um kvöldið, 12. nóvember, eru einnig sagðar fréttir frá Ósló og hljóða svo:

Már Jónsson: Jón Einar Guðjónsson, fréttaritari útvarps í Ósló, ræddi við Dag Tangen í dag og spurði um það hvernig hann hefði komist yfir skjalið um Stefán Jóhann.
Dag Tangen: De dokumenter laa i en av islandsmappene som var i nærheten av Harry Truman secretary file. Jeg maa innskyte at islandske dokumenter er omgitt av et helt ekstrem grad af hemmelighold i amerikanske arkiver, oppsiktvekkende grad af hemmelighold, mye hemmeligere en dokumentene om Grönland, mye mere hemmelige en dokumentene om Danmark og Norge. Aarsakene til dette kan man bare spekulere om.
Pistill frá Jóni Einari: Þetta skjal er að finna í Íslendingamöppunum í skjalasafni Trumans í Independence í Missouri, fæðingarbæ Bandaríkjaforseta. En áður en lengra er haldið, vil ég geta þess að mikil leynd hvílir yfir skjölum sem varða íslensk málefni í bandarískum söfnum. Þessi leynd er mun meiri en t.d. hvað varðar skjöl um Grænland, Danmörku eða Noreg. Hver ástæðan fyrir þessu er veit ég ekki. Í áðurnefndu bréfi þar sem forsætisráðherrann er nefndur, er m.a. skýrt frá því að hann skuli ákveða hvaða Íslendingar hafi samband við Bandaríkjamenn og hann átti einnig að ákveða hvaða Íslendingar áttu að taka þátt í baráttunni gegn hugsanlegri byltingu kommúnista. Þá segir Dag Tangen að í bréfinu komi fram að vegna þess að í viðræðunum á milli Íslands og Bandaríkjanna var komið inn á viðkvæma hluti, yrðu Bandaríkjamenn aðeins að hafa samband við forsætisráðherrann sjálfan. — Jón Einar Guðjónsson í Ósló. Már Jónsson tók pistil saman.

Hinn 13. nóvember hafði utanríkisráðherra tekið til sinna ráða, vestan hafs og austan, og falið sendiráði Íslands í Ósló að tala við Dag Tangen og sendiráðinu í Washington að afla allra viðkomandi skjala. Ráðherrann hélt blaðamannafund þennan sama dag sem greint er frá í útvarpsfréttum:

Friðrik Páll Jónsson: Steingrímur Hermannsson utanríkisráðherra boðaði fréttamenn á sinn fund í dag og afhenti þeim skjöl þau sem norski sagnfræðingurinn Dag Tangen hefur undir höndum og benti á að þar væri ekkert að finna sem ekki hefði komið fram áður. Jafnframt að hvergi væri minnst á Stefán Jóhann Stefánsson forsætisráðherra á árunum 1947–1949.

Í kvöldfréttum útvarps 19. nóvember, var eftirfarandi lesið:

Friðrik Páll Jónsson: Fréttir um náin samskipti Stefáns Jóhanns Stefánssonar og bandarísku leyniþjónustunnar hafa reynst úr lausu lofti gripnar. Í Bandaríkjunum hafa engin skjöl fundist sem benda til slíkra samskipta og Dag Tangen, sagnfræðingur í Noregi, segir nú að hann hafi aldrei séð slík skjöl. Jón Einar Guðjónsson, fréttaritari útvarps í Noregi, segir aftur á móti að Dag Tangen hafi áður sagt að hann hafi séð skjöl um slík samskipti.
Margrét Jónsdóttir: Jón Einar Guðjónsson hefur um langt skeið verið fréttaritari útvarpsins í Noregi og reynst áreiðanlegur fréttamaður. Hann sagðist í dag standa fast við það að Dag Tangen hefði sagt sér að hann hefði séð skjöl sem sönnuðu náin samskipti Stefáns Jóhanns og leyniþjónustunnar. Jón Einar kveðst harma að hafa ekki tekið viðtöl sín við Tangen upp á segulbönd. Hér stendur því staðhæfing á móti staðhæfingu. Fréttastofan harmar að heimild, sem hún taldi ekki ástæðu til að vefengja, skyldi reynast ótraust.

II.

Bréf útvarpsstjóra til siðanefndar Blaðamannafélags Íslands.
(24. nóvember 1987.)

Dagana 9.–14. nóvember sl. flutti fréttastofa útvarpsins fregnir sem upprunnar voru í Noregi og bárust hingað til lands fyrir milligöngu fréttaritara Ríkisútvarpsins í Ósló, þess efnis að Stefán Jóhann Stefánsson fyrrverandi forsætisráðherra Íslands hefði í embættistíð sinni staðið í nánu sambandi við starfsmann leyniþjónustu Bandaríkjanna á Íslandi.

Þessum fullyrðingum, sem hafðar voru eftir norskum heimildarmanni, var fylgt eftir ítrekað í fréttatímum útvarps í þáttum dægurmáladeildar á Rás 2 og fréttum sjónvarpsins.

Útvarpsráð hefur á fundi sínum átalið harðlega vinnubrögð við þennan fréttaflutning og óskað eftir því að útvarpsstjóri láti hlutlausa aðila rannsaka málið.

Hér með er þess farið á leit að siðanefnd Blaðamannafélags Íslands veiti umsögn sína um þennan tiltekna fréttaflutning Ríkisútvarpsins og meti hvort og þá hve alvarleg þau vinnubrögð, sem við höfð voru, brjóti í bága við þær siðareglur sem nefndin telur blaðamönnum skylt að virða í starfi sínu.

Markús Örn Antonsson.

Fréttastofa útvarps hefur látið siðanefnd í té greinargerð Jóns Einars Guðjónssonar, fréttaritara í Ósló, um rás viðburða þessa daga í nóvember:

Hér fer á eftir yfirlit yfir gang mála í sambandi við fréttir af leyniskýrslum Dags Tangens.

Mánudagur 9. nóvember: Norsku morgunblöðin skýrðu frá því að Dag Tangen hefði undir höndum gögn sem sönnuðu að Haakon Lie, aðalritari Verkamannaflokksins 1947–1969, hefði haft náið samband við menn innan OSS, fyrirrennara CIA. Í hádegisfréttatíma norska útvarpsins var svo viðtal við Tangen, og þar heyrði ég hann m.a. segja að hann hefði einnig önnur gögn undir höndum m.a. um Ísland.

Ég hringdi því í Finn Sjue blaðamann, en ég vissi að hann hefði átt viðtal við Tangen og gæti því hjálpað mér að hafa upp á honum. Sjue staðfesti að Tangen hefði gögn um íslensk málefni, m.a. um íslenskan forsætisráðherra sem hefði haft náið samband við Bandaríkjamenn. Sjue bað síðan Tangen að hringja síðdegis í mig þennan dag.

Dag Tangen sagði þá m.a. að hann hefði komist yfir bréf sem sýndi: „nær personlig kontakt mellom en islandsk statsminister i 1947 eller 1948 og amerikanske ambassadefolk, deriblant ambassadören og sjefen for CIA paa Island.“ Hann minnti að forsætisráðherrann héti Stefansson. Bréfið eða skjalið var sent Truman Bandaríkjaforseta í lok fimmta áratugarins. Tangen þótti þetta samband undarlegt í ljósi þess að í öðrum löndum hefðu Bandaríkjamenn samband, annaðhvort við utanríkis- eða landvarnaráðherra. Hann nefndi sem dæmi að af þessum sökum hefði landvarnaráðherrann hér í Noregi vitað meira en forsætisráðherrann. Að lokum bauð Tangen mér heim til sín næsta dag til að sjá skjalið og önnur gögn.

Þriðjudagurinn 10. nóvember: Ég heimsótti Tangen í íbúð hans kl. 9.30. Hann sýndi mér tvö skjöl, en í þeim var ekki stafkrókur um Stefán Jóhann Stefánsson. Ég spurði hann um bréfið, og hann hóf að leita í skjölum sínum en sagðist ekki finna það, en að það hlyti að vera hér einhvers staðar, hann hefði bara svo mikið af skjölum sem ekki væru flokkuð. Tangen sagðist hins vegar muna það greinilega að í því stæði að „statsministeren hadde fört fortrolige samtaler med amerikanerne“.

Miðvikudagur 11. nóvember: Arnþrúður Karlsdóttir hringir í mig að kvöldi dags og segist hafa fengið af því fréttir að fréttaritari DV hafi heimsótt Tangen og þar finnist ekkert skjal með nafni Stefáns Jóhanns Stefánssonar. Það sem eftir var kvöldsins reyndi ég árangurslaust að hafa upp á Tangen.

Fimmtudagur 12. nóvember: Ég hafði fengið vitneskju um að Tangen ætlaði á ritstjórn *Klassekampen* og ég sat því fyrir honum þar kl. 10:45. Ég sagði að nú yrðum við að fá bréfið. Nú var hann ekki jafnviss um hvort hann hefði það í fórum sínum. Tangen taldi jafnvel að hann hefði sent Ingibjörgu Hafstað skjalið, en hann sagðist hafa sent henni skjöl um íslensk öryggismál sem hann hefði komist yfir. Tangen hafði ekki símanúmer hennar hjá sér og hringdi því í upplýsingar Landssímans. En þegar hann svo hringdi til Ingibjargar svaraði enginn. Tangen lagði því til að hann reyndi aftur síðdegis.

Ég hringdi í fréttastofu útvarps og lét Friðrik Pál Jónsson vita hvernig málin stæðu. Hann vildi að ég færi til Tangen og tæki viðtal við hann á segulband. Ég heimsótti Tangen kl. 17 og tók viðtalið þar sem hann enn á ný staðfestir að hann hafi séð bréfið. Þar segir hann m.a.: „Det var han (statsministeren) som skulle velge ut hvilke islendinger som skulle være med i aa hindre komunistisk kupp paa Island."

Tangen sagði að honum hefði ekki gefist tími til að hringja í Ingibjörgu en hann lofaði að gera það síðar sama dag.

Þegar ég svo hringdi í hann kl. 19 tjáði hann mér að Ingibjörg væri í Finnlandi á ráðstefnu og að það hefði sennilega litla þýðingu að ónáða hana þar. Ég bað hann um nánari skýringu á því „fortrolige" sambandi sem hann sagði að fram kæmi í bréfinu að væri á milli Stefáns Jóhanns Stefánssonar og Bandaríkjamanna. Tangen svaraði: „Fordi samtalen skulle være saa fortrolige skulle Stefán Jóhann Stefánsson være den eneste kontakten paa Island."

Þannig þróaðist þetta mál. Ég get ekki séð að ég á mánudeginum eða þriðjudeginum hafi haft neina ástæðu til að vefengja upplýsingar Tangens. Báða þá daga lét hann ótvírætt í það skína að hann hefði bréfið. Þar að auki höfðu upplýsingar, sem hann gaf norskum fjölmiðlum, vakið mikla athygli og verið aðalfréttin í útvarpi, sjónvarpi og dagblöðunum á mánudeginum, og reyndar alla vikuna. Í norsku blöðunum var þess og getið að Dag Tangen, sem er titlaður „forsker og ammanuensis", hafi gert mjög gaumgæfilegar athuganir á þeim gögnum sem hann fann í bandarískum söfnum.

Þegar norska útgáfan af bók Bob Woodwards **Leynistríð CIA** var kynnt blaðamönnum á miðvikudag 11. nóvember sat Dag Tangen við háborðið ásamt einhverjum virtustu sérfræðingum Norðmanna um bandarísk málefni og Chr. Christensen, fyrrverandi ritstjóra „Morgenbladet" og þar áður liðsforingja í norsku leyniþjónustunni.

Dag Tangen hefur sl. tíu ár starfað við Bedriftsökonomisk Institutt. Stofnun þessi menntar viðskiptafræðinga og síðari ár einnig staðið fyrir þjóðfélagslegum rannsóknum. Í síðustu viku var t.d. lögð fram löng greinargerð (gefin út í þremur bindum) um hvernig norska þjóðfélagið þróist fram að aldamótum.

Tangen vinnur nú að bók um samband bandarísku leyniþjónustunnar við norsku verkalýðsforustuna á árunum eftir heimsstyrjöldina síðari.

III.

Upphaf þessa máls voru svofelld orð Dags Tangens í norska útvarpinu mánudaginn 9. nóvember 1987:

Jeg har en rapport paa Island, som ble frigitt ved en feil fra Trumanarkivet som handler om hva de var paa jakt efter. Og det var hele tiden nökkelpersoner som var paalitelige antikommunister.

Síðanefnd sér enga ástæðu til að rengja greinargerð Jóns Einars um skipti þeirra Dags Tangens þennan mánudag. Má þá hafa það í huga m.a. að Tangen verður á endanum tvísaga í viðtölum, sem tekin eru upp á segulband, um skjal það sem hann kvaðst hafa séð og varð upphaflegt tilefni þessa fréttaflutnings. Hann segir annars vegar í viðtali við Jón Einar fimmtudaginn 12. nóvember:

Men det ene brevet hvor statsministerens navn var nevnt, det var for saa vidt helt logiskt og naturligt brev, at statsministeren skulle kontrolere kontaktene mellem Amerikan-

erne og Island. Det var han som skulle være kontaktperson, det var han som skulle velge ut hvilke Islendinger som skulle være med i aa hindre et kommunistisk kupp paa Island.

Hins vegar segir hann í viðtali viku síðar:

Jeg har ikke sagt at jeg har set dokumenter som viser kontakter med CIA og Stefan Johann Stefansson. Jeg har sagt jeg har dokumenter som referer til samtaler i Washington mellem foreign ministers paa Island i mars 1949 om et muligt kommunistkupp. Referat fra disse bör findes i islandske arkiver. Dokumentet med Stefanssons navn var ett trivielt oversendelsesbrev hvor det staar at han skulle være kontakt til USAs representanter. Noget andet ville have vært oppsiktsvekkende.

Dag Tangen er því, eftir á að hyggja, vafasamur heimildarmaður. Í viðtali við Dagblaðið–Vísi laugardaginn 12. desember 1987 rekur Jón Einar frekari ástæður til að tortryggja Tangen almennt og yfirleitt sem ekki verða raktar hér.

En ekkert af þessu gat Jón Einar eða fréttastofa útvarpsins vitað fyrir fram. Fréttastofan hefur í skriflegum athugasemdum handa siðanefnd greint frá margvíslegum rökum sínum til þess að treysta frásögn Dags Tangens og eru þau á þessa leið:

1. Dag Tangen birtir í Noregi áður óbirt skjöl um náið samband norskra forustumanna og bandarísku leyniþjónustunnar og mesta athygli vekja gögn um samband Haakonar Lies og bandarísku leyniþjónustunnar OSS.
2. Dag Tangen nefnir að fyrra bragði í viðtali við norska útvarpið að hann hafi komist yfir íslensk skjöl.
3. Dag Tangen segir sama dag við fréttaritara fréttastofu útvarps í Noregi að hann hafi þessi íslensku gögn undir höndum, þar á meðal bréf sem sýni náið samband bandarísku leyniþjónustunnar við Stefán Jóhann Stefánsson.
4. Dag Tangen hefur varið þremur árum í rannsóknir, m.a. dvalist í Bandaríkjunum, á samskiptum bandarísku leyniþjónustunnar og norskra forustumanna.
5. Dag Tangen er fræðimaður og fræðimannsheiður hans er í veði fari hann ekki rétt með heimildir.
6. Fréttaritari fréttastofu útvarps í Noregi er menntaður blaðamaður með reynslu og á fréttastofu útvarps er borið til hans fullt traust.

IV.

Á fréttastofa að birta frétt eins og þessa án þess að hafa beinharða skjalfesta heimild fyrir henni? Siðanefnd telur að á þessu efni sé ógerlegt að hafa algilda reglu, en skynsamlegt sé að viðhafa ýtrustu varúð um viðkvæm málefni, jafnvel gagnvart viðurkenndum sérfræðingum. Á hinn bóginn hafði fréttastofa útvarps ekki ástæðu til að ætla annað en að umrætt skjal bærist henni daginn eftir.

Þriðjudaginn 10. nóvember hefst fyrir alvöru eltingarleikurinn sem Jón Einar Guðjónsson rekur í greinargerð sinni. Siðanefnd sér enga ástæðu til að rengja þá frásögn. En eftir því sem lengra líður verða atburðirnir alvarlegri því að Tangen finnur ekki skjalið sem máli skiptir. Hér bregðast fréttaritari og fréttastofa með því að nefna það ekki einu orði sem virðist einna veigamest á því stigi málsins, nefnilega að umrætt skjal fyndist ekki þrátt fyrir mikla leit. Ríkisútvarpið, hljóðvarp bregst einnig með því að halda áfram að segja frá efni skjalsins og leggja út af því eins og það væri fyrir hendi. Hinn 12. nóvember, þremur dögum eftir upphaflegu fréttina, segir Jón Einar til að mynda þetta:

Þetta skjal er að finna í Íslendingamöppunum í skjalasafni Trumans í Independence í Missouri, fæðingarbæ Bandaríkjaforseta. ... Í áðurnefndu bréfi þar sem forsætisráðherrann er nefndur, er m.a. skýrt frá því að hann skuli ákveða hvaða Íslendingar hafi samband við Bandaríkjamenn og hann átti einnig að ákveða hvaða Íslendingar áttu að taka þátt í

baráttunni gegn hugsanlegri byltingu kommúnista. Þá segir Dag Tangen að í bréfinu komi fram að vegna þess að í viðræðunum á milli Íslands og Bandaríkjanna var komið inn á viðkvæma hluti yrðu Bandaríkjamenn aðeins að hafa samband við forsætisráðherrann sjálfan. (Kvöldfréttir útvarps 12. nóvember.)

Við þetta bætist annar brestur. Eltingarleikurinn við skjalið hefði átt að verða tilefni til að hyggja nánar að Dag Tangen og áreiðanleik hans, þó ekki væri nema vegna þess að hann nefnir Stefán Jóhann Stefánsson stundum Jóhann Stefán Jóhannsson og man margt annað misvel frá einu samtali til annars. Athugun hefði þá meðal annars leitt í ljós að fyrirsögn *Klassekampen* á upphaflegu fréttinni sem höfð var eftir Tangen 9. nóvember var „Lie samarbeidet med CIA". Heimildin fyrir þessari yfirskrift er eitt spjald úr skrá og á spjaldinu stendur, segir í greininni, „Haakon Lie samarbeider med Arthur Goldberg og David Shaw".

CIA kemur þannig við sögu að á styrjaldarárunum síðari var til bandarísk stofnun sem hét Office for Strategic Services (OSS). Þessi stofnun hafði það verkefni m.a. að veita andspyrnuhreyfingum í löndum sem hernumin voru af Þjóðverjum hvers kyns aðstoð, þar á meðal norsku andspyrnuhreyfingunni sem þáði bæði matvæli og vopn frá OSS. Arthur Goldberg, á þeim tíma lögfræðingur sem sérhæfði sig í verkalýðsmálum, en varð síðar ráðherra, hæstaréttardómari og sendiherra Bandaríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum, gegndi herþjónustu í OSS. OSS var lagt niður 1945. Árið 1947 var CIA — Central Intelligence Agency — sett á laggirnar, og þá bar svo við að ýmsir sem starfað höfðu hjá OSS tóku til starfa hjá CIA. Arthur Goldberg var ekki í þeim hópi, heldur hvarf hann til borgaralegra starfa fyrir verkalýðshreyfinguna þegar herskyldu hans lauk 1945.

Tangen nefnir líka í *Klassekampen* 10 til 20 bréf sem farið hafi á milli Goldbergs og Lies. En hann leggur ekkert þeirra fram.

Í Óslóarblöðunum 10. nóvember, daginn eftir greinina í *Klassekampen*, gefast margvísleg tilefni til að tortryggja Dag Tangen og sagnfræði hans, þar á meðal grein eftir Jens Christian Hauge fyrrum landvarnaráðherra Noregs. (*Dagbladet*, 10. nóvember 1987). Þau skrif er ástæðulaust að rekja frekar, en þau virðast bæði hafa farið fram hjá Jóni Einari og fréttastofu útvarpsins.

Fullyrðingar Tangens um Stefán Jóhann Stefánsson bera nokkurn keim af staðhæfingum hans um Haakon Lie sem reyndust fánýtar. Í máli Lies hefur Tangen fyrir sér eitt spjald með einni setningu almennt orðaðri og úr verða fullyrðingar um náið samband hans við CIA. Kjarni þess sem útvarpið hefur eftir Tangen er að hann þykist hafa fyrir sér heimild um *náin persónuleg tengsl* Stefáns Jóhanns við ótilgreinda Bandaríkjamenn, þar á meðal fulltrúa leyniþjónustunnar. Á þessu eina atriði er síðan stagast með ýmsu orðalagi, talað um *reglulega fundi, einlæga fundi, mjög óvenjulegt samband* og *mikla leynd. Skipst er á upplýsingum sem ströng leynd hvíldi yfir*, og það á að vera *augljóst, að þarna var skipst á mikilvægum upplýsingum.*

Þessi klausa er dæmigerð:

Það kemur fram að í lok fimmta áratugarins þá ræddi bandarískí sendiherrann og fulltrúi bandarísku leyniþjónustunnar á Íslandi reglulega við Stefán Jóhann Stefánsson forsætisráðherra og í skýrslunni kemur ekki fram hvað rætt var nákvæmlega, en augljóst er að þarna var skipst á mikilvægum upplýsingum. Dag Tangen bendir á að í skýrslunni sé sagt að þetta séu einlægir fundir og á máli sérfróðra manna þá þýðir þetta víst að yfir þeim upplýsingum, sem fari á milli manna, hvíli mikil leynd. Tangen sagði, þegar ég ræddi við hann núna í dag, að þetta samband á milli Bandaríkjamanna og Stefáns Jóhanns Stefánssonar væri mjög óvenjulegt (Rás 2, síðdegis 10. nóvember).

Annars er líka að gæta. Ekki verður séð að fullyrðingar Norðmannsins séu skoðaðar í sögulegu samhengi. Það virðist hvorki hafa hvarflað að fréttamanni né fréttastofu að „tíðir fundir" eða „reglulegir fundir" íslenskra ráðherra og bandarískra sendimanna hafi verið

eðlilegir og jafnvel sjálfsagðir á þeim tímum sem hér um ræðir. Um þetta má vitna til Þorleifs Friðrikssonar í sjónvarpsviðtali sem fyrr er getið:

Varðandi tengsl Stefáns Jóhanns við sendimenn frá bandarísku leyniþjónustunni á þeim árum sem hann er forsætisráðherra veit ég ekkert. Það er náttúrlega ljóst að hann hafði samskipti við bandaríska sendimenn og ekki síst varðandi Marshallaðstoðina 1948 og inngöngu Íslands í NATO 1949. Um þetta hef ég rekist á heimildir í erlendum gögnum og hann greinir frá þessu í einkabréfum sínum til forsætisráðherra Dana, Hans Hedtoft, mjög ítarlega. Ég býst nú ekki við að nokkur leyniþjónustumaður hafi gengið á fund Stefáns Jóhanns og kynnt sig sem útsendara bandarísku leyniþjónustunnar. Þess vegna getur hann hafa talað við hvern sem var án þess að vita nákvæmlega hver þetta var sem sé á þeim árum sem hann er forsætisráðherra. (Sjónvarp 11. nóvember.)

Úrskurður siðanefndar er sá að Ríkisútvarpið hafi í fréttatímum útvarps og þætti dægurmáladeildar á Rás 2 brotið 3. grein siðareglna þar sem segir: „Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum.“ Brotið er alvarlegt.

Siðanefnd fjallaði um málið á fundum sínum 15., 22. og 29. desember 1987 og 5., 12., 19., 26. janúar, 2. og 4. febrúar 1988.

Nefndin ræddi tvívegis í síma við Jón Einar Guðjónsson fréttaritara útvarpsins í Noregi, auk þess fékk hún þaðan margt dagblaða frá því málið var nýtt af nálinni og hefur kannað margvísleg innlend gögn. Enn fremur komu á fund nefndarinnar Friðrik Páll Jónsson aðstoðarfréttastjóri, Már Jónsson fréttamaður og Arnþrúður Karlsdóttir, fréttaritari sjónvarpsins í Noregi.

Reykjavík, 4. febrúar 1988.

Ágúst I. Jónsson.
Bjarni Sigurðsson.
Ólæsilegt.
Ólafur G. Eyjólfsson.
Þorsteinn Gylfason.

Nd. 848. Breytingartillögur [293. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   3. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:
   Þó er óheimilt að flytja til landsins, framleiða eða selja áfengt öl af öðrum styrkleika en þeim sem inniheldur á bilinu 3¼% til 4% af vínanda að rúmmáli.
2. Aftan við frumvarpið bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:
   Eftir gildistöku laga þessara skal árlega næstu 10 árin varið úr ríkissjóði til fræðslu og forvarnarstarfa gegn neyslu áfengis og annarra vímuefna jafngildi a.m.k. 75 milljóna króna á núgildandi verðlagi.

Nd. 849. Nefndarálit [271. mál]

um frv. til l. um framhaldsskóla.

Frá 1. minni hl. menntamálanefndar.

Þó að halda megi fram með nokkrum rökum að skortur á löggjöf hafi auðveldað jákvæða og öra þróun mála í framhaldsskólum er tímabært að setja um þá rammalöggjöf. Frumvarp það, sem nú liggur fyrir deildinni til 2. umr., er um margt ágætt, en þó er þar ýmislegt sem Kvennalistinn getur ekki sætt sig við og leggur því fram töluvert margar breytingartillögur.

Síbreytilegar aðstæður í þjóðfélaginu kalla á öfluga og góða framhaldsskóla þar sem stöðug endurskoðun fer fram. Hlutverk framhaldsskóla mótast annars vegar af þörfum þeirra einstaklinga sem hann sækja, hins vegar af þörfum þjóðfélagsins í nútíð og framtíð. Að áliti Kvennalistans eru engir betur færir um að standa vel að verki í mótun og þróun skólastarfsins en þeir sem næst því standa og því nauðsynlegt að tryggja sjálfsforræði skólanna. En það er einmitt í stjórnunarþætti frumvarpsins sem helstu agnúa þess er að finna að mati Kvennalistans.

Tvær meginástæður liggja til grundvallar skoðun Kvennalistans. Í fyrsta lagi er það andstætt hugmyndum okkar um valddreifingu að lítilli fimm manna nefnd, samsettri af fjórum pólitískt kjörnum fulltrúum og einum skipuðum af menntamálaráðherra, séu veitt svo mikil völd og áhrif bæði um þróun skóla, innra starf, námsbrautir og rekstur. Í öðru lagi þykja okkur fagleg sjónarmið fyrir borð borin með þessu fyrirkomulagi. Eru þau þó virt í frumvarpinu þegar fjallað er um sérstaka fagmenntun, svo sem iðnnám eða nám í sjávarútvegsfræðum. Einnig er að finna í frumvarpinu ákvæði um sem víðtækust samráð við atvinnulífið. En þegar að hinni almennu menntun kemur eiga pólitískt kjörnir fulltrúar að hafa vit fyrir fagfólki, nemendum og öðrum þeim sem starfa innan veggja skólans.

Menntamálanefnd bárust umsagnir frá flestum framhaldsskólum í landinu, samtökum kennara, skólameistara o.fl. og kallaði auk þess til viðtals ýmsa aðila. Það gekk eins og rauður þráður í gegnum umsagnir og viðtöl með örfáum undantekningum að gjalda varhug við of miklu valdi skólanefnda. Þar fara því skoðanir Kvennalistans og skólafólks saman. Þessu til stuðnings skal vitnað til eftirfarandi umsagna:

1. Í umsögn kennslumálanefndar HÍ segir m.a.:
   „Þó að við viljum að mestu leiða hjá okkur ákvæði frumvarpsins um stjórn framhaldsskóla gerum við okkur ljóst að þau geta haft varanleg áhrif á það hversu vandað og markvisst starf verður unnið í skólunum. Eitt mikilsverðasta atriðið í þessu samhengi er ákvæði *6. greinar* um skipun skólanefnda. Okkur er ljóst að heilbrigður metnaður hins almenna borgara á skólasvæðinu getur vissulega orðið skólanum lyftistöng ef rétt er á haldið. Dæmi um slíkt eru vel þekkt bæði hér á landi og erlendis. Hins vegar er ekki víst að þetta sé tryggt með þeirri tilhögun að skólanefnd sé eingöngu skipuð mönnum sem þiggja umboð sitt frá ráðherra og sveitarfélögum. Meðal annars felur slíkt fyrirkomulag í sér hættu á því að skólanefndir sinni einkum fjármálum skólanna og skoði allt skólastarfið í ljósi þeirra og hefði þá lítið áunnist. Þessu mætti hins vegar breyta með ýmsu móti, t.d. með því að í skólanefnd væru tveir fulltrúar kosnir beinni einstaklingsbundinni kosningu á skólasvæðinu um leið og sveitarstjórnarkosningar fara fram.“
2. Í umsögn Bandalags kennarafélaga segir m.a.:
   „BK telur að skólanefndin samkvæmt frumvarpinu sé bæði of fámenn og valdamikil um innri mál skólans. Þar vantar einnig fulltrúa kennara sem er algert skilyrði af hálfu

BK enda í anda atvinnulýðræðis nútímans. Eðlilegt verður að teljast að skólanefnd fjalli um fjármál og rekstur skólans en hins vegar alls óeðlilegt að fela henni innri stjórn."

3. Í ályktun fundar kennara við Menntaskólann við Sund segir m.a.:

„Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að pólitískt kjörnar nefndir, ein fyrir hvern skóla, fari hér eftir með skólastjórn, þar með einnig stjórn þeirra mála sem hingað til hafa verið í höndum kennara og skólastjóra. Þarna er að okkar dómi vegið stórlega að sjálfstæði skólanna þegar kennarar og skólastjórar eru nánast sviptir öllum ráðum."

Þær breytingartillögur, sem liggja frammi á þskj. 850, hníga flestar í þá átt að draga úr valdi skólanefnda, en fela það í staðinn skólaráði sem skipað er fulltrúum nemenda og kennara. Auk þess ætlum við faggreinafélögum, deildastjórn o.fl. stærri hlut en gert er ráð fyrir í frumvarpinu eins og það liggur fyrir. Í stuttu máli vill Kvennalistinn draga úr áhrifum pólitískt kjörinna fulltrúa, en auka að sama skapi áhrif skólafólks. Með tilliti til þess sem segir í upphafi nefndarálits um jákvæða þróun framhaldsskólakerfisins þegar skólafólk ræður ferðinni telur Kvennalistinn með öllu óverjandi að svipta það nú því forustuhlutverki.

Ein breytingartillagan er um stofnun mötuneyta við framhaldsskóla og um að nemendur greiði einungis hráefniskostnað. Að áliti Kvennalistans er þetta mikið nauðsynjamál sem stuðlar að heilsuvernd og hollustuháttum, auk þess sem breyttir þjóðfélagshættir kalla á þessa starfsemi í öllum skólum.

Að þessum tillögum samþykktum leggur 1. minni hl. til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 12. apríl 1988.

Þórhildur Þorleifsdóttir.

Nd. 850. Breytingartillögur [271. mál]

við frv. til l. um framhaldsskóla.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur, Kristínu Einarsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur og Málmfríði Sigurðardóttur.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Hlutverk framhaldsskóla er eftirfarandi:
   — að búa nemendur undir líf og starf í samfélagi lýðræðis og jafnréttis með því að veita þeim almenna menntun miðað við hæfni, þroska og námsgetu,
   — að efla félagsþroska nemenda, menningu og mannúð,
   — að búa nemendur undir nám í sérskólum og á háskólastigi með því að veita þeim þekkingu og þjálfun í vinnubrögðum,
   — að búa nemendur undir störf í atvinnulífinu með sérnámi er veitir starfsréttindi.
2. Við 5. gr. Upphaf 1. mgr. orðist svo:
   Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi taka til, og annast í samráði við faggreinafélög námsskrárgerð o.s.frv.
3. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Skólanefnd undirbýr árlega ásamt skólameistara tillögur til fjárlaga og sendir þær menntamálaráðuneyti. Í upphafi hvers árs gerir skólanefnd fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgist með að henni sé framfylgt.
   Skólanefnd ákveður upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfanga, svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld.

Halda skal bókhald um fjárreiður þessar og um endurskoðun gilda sömu reglur og um annan rekstur.

Heimilt er skólanefnd að stofna sérstaka sjóði við framhaldsskóla. Skal um þá sett skipulagsskrá, leitað staðfestingar á henni og hún birt í Stjórnartíðindum.

4. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Skólameistari stjórnar daglegum rekstri og starfi framhaldsskóla og gætir þess að starfsemi hans sé í samræmi við lög, reglugerðir, námsskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma.

Skólaráð skal starfa við hvern framhaldsskóla. Skólameistari er oddviti skólaráðs sem auk hans skal skipað fulltrúum kennara og nemenda svo og aðstoðarskólameistara starfi hann við skólann.

Skólaráð, deildarstjórar skólans og skólameistari marka stefnu í skólahaldi og ákveða námsframboð með samþykki skólanefndar og menntamálaráðuneytis.

Um skipan skólaráðs, verksvið þess, starfstíma og starfshætti skal nánar kveðið á í reglum sem menntamálaráðuneytið setur.

Skólameistari annast framkvæmd þeirra ákvarðana sem skólaráð og skólanefnd taka.

5. Við 12. gr. Greinin orðist svo:

Um fjölda starfsmanna og skiptingu starfa fer eftir stærð og gerð skóla hverju sinni.

Við hvern framhaldsskóla skal starfa námsráðgjafi, einn eða fleiri, og skal miða fullt starf við 300 nemendur. Jafnframt skulu nemendur eiga kost á sálfræðiþjónustu.

Menntamálaráðherra setur eða skipar skólameistara framhaldsskóla að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólaráðs. Menntamálaráðherra setur eða skipar fasta kennara að fengnum tillögum skólaráðs og skólameistara viðkomandi skóla. Skólameistari ræður stundakennara í samráði við deildarstjóra og aðra starfsmenn í samráði við skólaráð. Leita skal staðfestingar menntamálaráðuneytis hafi kennari ekki kennsluréttindi.

6. Við 13. gr. 2. mgr. orðist svo:

Menntamálaráðuneytið setur skólameisturum erindisbréf. Reglur um störf annars starfsfólks setur menntamálaráðuneytið.

7. Við 14. gr.
   a. Í stað orðsins „skólanefnd“ í 1 mgr. komi: skólaráði.
   b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæði um a.m.k. fimm ár við sérstakar aðstæður (svo sem skipulagningu nýrra námsbrauta, endurskipulagningu náms, endurnýjun námsefnis o.þ.h.).
   c. Við 3. mgr. Á eftir orðunum „senda ráðuneytinu“ bætist: og skólaráði.
8. Við 16. gr. Á milli 2. og 3. málsl. 2. mgr. komi nýr málsliður er orðist svo: Skylt er að gefa þessum nemendum kost á fornámi í einstökum námsáföngum ef á þarf að halda.
9. Við 17. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Nám í framhaldsskóla skal fara fram á námsbrautum sem tilgreindar eru eftir markmiðum námsins.
10. Við 18. gr.
   a. 2. málsl. orðist svo: Lögð skal áhersla á tengsl list- og verkmenntunar við hinn bóklega þátt námsins.
   b. Í stað orðanna „skal heimilt“ í 3. málsl. komi: er skylt.
11. Við 20. gr. Á eftir orðunum „menntamálaráðuneytið setur“ í 1. málsl. komi: í samráði við faggreinafélög.
12. Á eftir 32. gr. komi ný grein sem orðist svo:

Mötuneyti skulu rekin við alla framhaldsskóla. Nemendur bera sjálfir kostnað vegna hráefnis. Launakostnaður starfsfólks mötuneyta greiðist úr ríkissjóði.

13. Við 34. gr. (sem verði 35. gr.).
    a. 2. málsl. 2. mgr. orðist svo: Þessu til viðbótar skal koma sá stundafjöldi sem nauðsynlegur er til að halda megi uppi kennslu í viðurkenndu verknámi og sérnámi er krefst skiptingar nemenda í smáa námshópa, svo og þar sem smæð skóla eða fámenni krefst þess.
    b. Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein:
    Auk þess bætist við sá stundafjöldi sem nauðsynlegur er til að halda uppi sérkennslu fatlaðra nemenda.
14. Við 39. gr. (sem verði 40. gr.). Nýr málsliður bætist við sem orðist svo: Greinin tekur ekki til félagsstarfsemi nemenda skólans.
15. Við 41. gr. 1. og 10. tölul. greinarinnar falli brott.

Nd. 851. Breytingartillaga [293. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum.

Frá Ragnari Arnalds, Friðjóni Þórðarsyni, Jóni Sæmundi Sigurjónssyni, Níelsi Árna Lund, Kristínu Halldórsdóttur og Óla Þ. Guðbjartssyni.

Aftan við lögin komi svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Ráðherra skal skipa fimm manna nefnd til að gera tillögur er stuðlað gætu að því að draga úr heildarneyslu áfengis. Meðal annars ber nefndinni að fjalla um verðlagningu áfengis og leiðir til að vara við hættum sem fylgja neyslu þess, t.d. með áprentuðum upplýsingum um áfengishlutfall og ákvæði umferðarlaga. Einnig skal nefndin gera tillögu um sérstaka fræðsluherferð um áfengismál, einkum meðal skólafólks, er hefjist eigi síðar en mánuði áður en lög þessi koma til framkvæmda.

Ed. 852. Nefndarálit [50. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og hefur fengið umsagnir frá Öryrkjabandalaginu, Hæstarétti og tryggingayfirlækni. Nefndin telur óhjákvæmilegt að skapaðar verði aðstæður fyrir áfrýjunarrétt öryrkja eftir að úrskurður tryggingayfirlæknis liggur fyrir. Nefndin fellst því á meginefni frumvarpsins en kysi að útfærsla yrði athuguð nánar. Nefndin telur eðlilegt að málið fái nú meðferð í nefnd þeirri sem vinnur að endurskoðun almannatryggingalaga. Þess vegna samþykkir nefndin að leggja til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** á þeim forsendum sem áður eru nefndar.

Alþingi, 13. apríl 1988.

Karl Steinar Guðnason, form., frsm.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Valgerður Sverrisdóttir.	Margrét Frímannsdóttir.	Guðmundur H. Garðarsson.
	Stefán Guðmundsson.	

Sþ. 853. Fyrirspurn [493. mál]

til tryggingamálaráðherra um útreikning á hækkun tryggingariðgjalda á bifreiðum.

Frá Hreggviði Jónssyni.

1. Hvaða gögn þurfa tryggingafélögin að senda Tryggingaeftirliti ríkisins vegna umsókna um hækkun iðgjalda bifreiðatrygginga og hve oft á ári?
2. Skoðar Tryggingaeftirlit ríkisins undirgögn rekstrar- og efnahagsreiknings í hverju félagi um sig vegna mats á hækkun iðgjalda?
3. Hvaða vinnulagsregla liggur til grundvallar samþykki á iðgjaldabreytingu hjá Tryggingaeftirliti ríkisins:
   a. Er kostnaður við fjármögnun rekstrar- og efnahagsliða metinn og þá hvernig?
   b. Skoðar Tryggingaeftirlit ríkisins sérstaklega fjárbindingu tryggingafélaganna, annars vegar hjá almennum skuldunautum vegna tjóna og trygginga og hins vegar á verðbréfamörkuðum og hjá bifreiðaumboðum? Ef þessi skoðun fer fram hvert er hlutfall fjárbindingar þar á milli?
   c. Notar Tryggingaeftirlit ríkisins vegið meðaltal í mati á hækkunarþörf bifreiðatrygginga?
4. Hefur Tryggingaeftirlit ríkisins lagt mat á flokkun tryggingariðgjalda eftir bifreiðagerðum? Hvert er vægi innkaupsverðs bifreiðar og hvernig er tjónatíðni hverrar bifreiðategundar fyrir sig fundin?
5. Hefur Tryggingaeftirlit ríkisins skoðað forsendurnar fyrir mismunandi iðgjöldum eftir landshlutum? Hvert er vægi iðgjalda í hverjum landshluta fyrir sig og hvert er hlutfall tryggðra bifreiða sem lenda í tjónum á hverju áhættusvæði fyrir sig og á hvaða áhættusvæðum eru þær tryggðar?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 854. Fyrirspurn [494. mál]

til landbúnaðarráðherra um Bjargráðasjóð.

Frá Friðjóni Þórðarsyni.

Hvað miðar endurskoðun lagaákvæða um Bjargráðasjóð og hverjar eru hugmyndir ráðherra og ríkisstjórnar um framtíðarhlutverk hans?

Sþ. 855. Fyrirspurn [495. mál]

til heilbrigðisráðherra um förgun hættulegs efnaúrgangs.

Frá Kristínu Einarsdóttur.

1. Hvaða reglur eru nú í gildi hér á landi um förgun hættulegs efnaúrgangs?
2. Hver sér um kynningu á þeim reglum sem í gildi eru?
3. Hvernig er háttað eftirliti með því að eftir reglunum sé farið?
4. Hvar eru helstu förgunarstaðir fyrir hættulegan efnaúrgang?

Nd. 856. Breytingartillaga [293. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum.

Frá Árna Gunnarssyni, Níelsi Árna Lund,
Ragnari Arnalds og Þórhildi Þorleifsdóttur.

Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi taka gildi 1. júlí 1989, enda hafi þau áður hlotið samþykki meiri hluta þeirra er þátt taka í almennri þjóðaratkvæðagreiðslu er fram fari laugardaginn 27. ágúst 1988.

Um þjóðaratkvæðagreiðsluna fer eftir því sem við á samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis.

Nd. 857. Lög [60. mál]

um breyting á iðnaðarlögum, nr. 42 18. maí 1978.

(Afgreidd frá Nd. 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 62.

Nd. 858. Tillaga um að vísa til ríkisstjórnarinnar [293. mál]

málinu: Frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum.

Frá Ragnhildi Helgadóttur, Geir Gunnarssyni og Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur.

Með skírskotun til ályktunar Alþingis frá 7. maí 1981 um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum og með því að áfengismálanefnd ríkisstjórnarinnar hefur skilað skýrslu á grundvelli þessarar ályktunar, en Alþingi og ríkisstjórn hafa ekki enn þá tekið afstöðu til þessara tillagna nefndarinnar um heildarstefnumörkun, telur Alþingi ekki tímabært að lögfesta breytingu á þeim eina þætti áfengismála sem í frumvarpinu felst og **vísar málinu til ríkisstjórnarinnar.**

Sþ. 859. Svar [353. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Hreggviðs Jónssonar um vexti og peningamál í sjávarútvegi og landbúnaði.

Hvaða meðalvexti, verðbætur og gengisálag (gengismun) hafa afurðalán í sjávarútvegi og landbúnaði borið á tímabilinu 1. janúar 1983 til 1. janúar 1988: a) í hverjum mánuði, b) að meðaltali hvert ár?

Í framhaldi af fyrirspurn þessari óskaði viðskiptaráðuneytið eftir svari frá Seðlabanka Íslands við fyrirspurninni.

Eftirfarandi er svar Seðlabanka Íslands ásamt töflum:

Vextir afurðalána 1983–1987.

(12. apríl 1988.)

Spurt er um meðalvexti, verðbætur og gengisálag afurðalána í sjávarútvegi og landbúnaði á árunum 1983–1987. Þess ber að geta að frá og með 21. september 1983 hefur verið gerður greinarmunur á afurðalánum vegna útflutningsbirgða og öðrum afurðalánum. Fram til þess dags báru öll afurðalán tiltekna vexti en voru ekki bundin gengi erlendra gjaldmiðla. Frá og með 21. september 1983 voru lán vegna útflutningsafurða bundin gengi SDR og frá 1. nóvember 1985 hefur verið hægt að velja um fleiri erlenda gjaldmiðla með hliðsjón af því til hvaða gjaldeyrissvæðis ætla má að varan seljist.

Auk gengisbindingar höfuðstóls greiðast af lánunum vextir sem ráðast af vöxtum erlendis.

Eftir að gengisbinding var tekin upp hafa öll afurðalán til sjávarútvegs verið bundin gengi erlendra gjaldmiðla og það á við um hluta af lánum til landbúnaðar sé um útflutningsbirgðir að ræða. Að mestu leyti eru afurðalán í landbúnaði þó svonefnd krónulán, þ.e. ekki gengisbundin, þar eð birgðirnar eru ætlaðar til sölu innan lands.

Rétt er að taka fram að verðtryggingu samkvæmt lánskjaravísitölu hefur ekki verið beitt á afurðalán.

Upplýsingar, sem liggja fyrir um vaxtakjör afurðalána, greinast í kjör krónulána, SDR-lána, lána í bandarískum dölum (USD), sterlingspundum (GBP) og vestur-þýskum mörkum (DEM).

Tafla 2 sýnir árlega meðalvexti afurðalána í hverri mynt fyrir sig. Ársmeðaltal er því aðeins sýnt að viðkomandi gengisbinding hafi verið í gildi allt árið.

Tafla 3 sýnir hækkun á gengi hlutaðeigandi gjaldmiðla hvert ár fyrir sig í hundraðshlutum.

Í töflu 1 eru tölur úr töflum 2 og 3 dregnar saman í ígildi ársvaxta. Sem dæmi um útreikning talna í töflu 1 má taka 10,9% sem sýnd eru fyrir afurðalán í SDR árið 1987. Það ár voru meðalvextir SDR-lána 8,07, sbr. töflu 2, og hækkun á gengi SDR 2,6%, sbr. töflu 3.

Samandregna talan, 10,9%, sýnir hve miklu hærri fjárhæð, í krónum talið, þurfti að endurgreiða í árslok ef afurðalánið var tekið í ársbyrjun. Segjum að lánið hafi verið 1 króna. Endurgreiðslan verður þá svona:

$$(1+8{,}07/100)\ (1+2{,}6/100) = 1{,}109$$

Tafla 4 sýnir vexti afurðalána 1983–1987 eins og þeir voru hverju sinni.

Tafla 5 sýnir mánaðarleg meðaltöl vaxta afurðalána.

Tafla 6 sýnir fyrst gengi tiltekinna gjaldmiðla fyrsta dag hvers mánaðar 1. jan. 1983 til 1. jan. 1988. (Athugið að þar sem kommunni er sleppt sýna tölurnar raunar gengi á 100 000 einingum hvers gjaldmiðils.) Seinni hluti töflunnar, hægri helmingur, sýnir mánaðarlega breytingu gengisins umreiknaða til árshækkunar.

Tafla 1.

Vextir afurðalána, sbr. töflu 2, og gengisbreyting höfuðstóls, sbr. töflu 3, umreiknuð til ígildis ársvaxta.

(6. apríl 1988.)

	Krónur	SDR	USD	GBP	DEM
1983	31.6				
1984	18.0	46.0			
1985	26.0	26.5			
1986	17.7	15.9	3.5	9.9	29.3
1987	24.0	10.9	-3.5	25.0	14.2

Tafla 2.

Meðalnafnvextir afurðalána 1983–1987.
(Prósentur á ári.)

	Krónur	SDR	USD	GBP	DEM
1983	31.6				
1984	18.0	9.85			
1985	26.0	9.63			
1986	17.7	8.50	8.42	12.40	6.12
1987	24.0	8.07	8.68	11.53	5.78

Tafla 3.

Hækkun á gengi erlendra gjaldmiðla gagnvart íslenskum krónum.

	SDR	USD	GBP	DEM
1984	32.9			
1985	15.4			
1986	6.8	-4.5	-2.2	21.8
1987	2.6	-11.2	12.1	8.0

Tafla 4.

Nafnvextir afurðalána frá 1. janúar 1983 til 1. janúar 1988.
(Prósentur á ári.)

Gildir frá:	Krónur	SDR	USD	GBP	DEM
1983					
1. jan.	33.00				
21. sept.	29.00	9.50			
21. nóv.	27.00	9.25			
21. des.	23.50	9.50			
1984					
21. jan.	18.00	9.25			
21. febr.	18.00	9.50			
21. apríl	18.00	9.75			
21. maí	18.00	10.00			
21. ágúst	18.00	10.25			
21. okt.	18.00	10.50			
21. nóv.	18.00	9.75			
21. des.	18.00	9.50			
1985					
1. jan.	24.00	9.50			
21. jan.	24.00	9.00			
21. febr.	24.00	9.50			
21. mars	24.00	9.75			
17. apríl	26.25	9.75			
21. apríl	26.25	10.00			
21. júní	26.25	9.75			
21. sept.	27.50	9.50			
1. nóv.	27.50	9.50	9.75	12.75	6.25
21. nóv.	27.50	9.50	9.50	12.75	6.25
1. des.	28.50	9.50	9.50	12.75	6.25
21. des.	28.50	9.75	9.50	13.00	6.25

Gildir frá:	Krónur	SDR	USD	GBP	DEM
1986					
21. jan.	28.50	10.00	9.75	14.25	6.25
21. febr.	28.50	10.00	9.50	14.25	6.00
1. mars	19.25	10.00	9.50	14.25	6.00
21. mars	19.25	9.25	9.00	13.25	5.75
1. apríl	15.00	9.25	9.00	13.25	5.75
21. apríl	15.00	8.00	8.25	11.50	6.00
21. maí	15.00	8.00	8.50	11.75	6.25
21. júní	15.00	8.00	8.50	11.25	6.00
21. júlí	15.00	8.00	8.25	11.25	6.00
21. ágúst	15.00	7.75	7.75	11.25	6.00
21. sept.	15.00	7.75	7.50	11.25	6.00
21. okt.	15.00	8.00	7.50	12.75	6.25
1. nóv.[1)]	15.10	8.00	7.50	12.80	6.30
11. nóv.	15.40	8.00	7.50	12.80	6.30
21. nóv.	15.60	8.00	7.60	12.80	6.30
1. des.	15.70	8.00	7.60	12.80	6.30
21. des.	15.70	8.00	7.70	12.80	6.40
1987					
21. jan.	16.00	7.90	7.70	12.60	6.20
1. febr.	16.60	7.90	7.70	12.60	6.20
11. febr.	17.00	7.90	7.70	12.60	6.20
21. febr.	18.00	7.90	7.90	12.50	5.90
1. mars	18.10	7.90	7.90	12.50	5.90
11. mars	18.60	7.90	7.90	12.50	5.90
21. mars	19.00	7.80	7.90	11.90	5.80
1. apríl	19.10	7.80	7.90	11.90	5.80
21. apríl	19.50	7.80	8.20	11.80	5.70
1. maí	20.30	7.80	8.20	11.80	5.70
11. maí	20.50	7.80	8.20	11.80	5.70
21. maí	21.10	7.80	9.00	10.70	5.40
1. júní	21.10	7.90	9.00	10.70	5.40
11. júní	21.30	7.90	9.00	10.70	5.40
21. júní	22.40	7.90	8.80	10.40	5.30
1. júlí	23.00	7.90	8.80	10.40	5.30
21. júlí	27.00	7.80	8.60	10.50	5.50
1. ágúst	27.30	7.80	8.60	10.50	5.50
21. ágúst	28.30	8.10	8.70	11.50	5.60
1. sept.	28.60	8.10	8.70	11.50	5.60
21. sept.	28.80	8.20	9.10	11.70	5.60
1. okt.	29.00	8.20	9.10	11.70	5.60
21. okt.	30.20	8.90	10.30	11.70	6.40
1. nóv.	30.30	8.90	10.30	11.70	6.40
21. nóv.	33.10	8.50	9.70	11.00	6.00
21. des.	33.70	8.60	10.30	10.40	5.80

[1)] Frá og með 1. nóvember 1986 eru vextir afurðalána ákveðnir af bönkunum og eru hér sýnd meðaltöl þeirra vaxta.

Tafla 5.

Mánaðarlegir vextir afurðalána.

1983	Krónur	SDR	USD	GBP	DEM
Janúar	33.00				
Febrúar	33.00				
Mars	33.00				
Apríl	33.00				
Maí	33.00				
Júní	33.00				
Júlí	33.00				
Ágúst	33.00				
September	31.67				
Október	29.00	9.50			
Nóvember	28.33	9.42			
Desember	25.83	9.33			
1984					
Janúar	21.67	9.42			
Febrúar	18.00	9.33			
Mars	18.00	9.50			
Apríl	18.00	9.58			
Maí	18.00	9.83			
Júní	18.00	10.00			
Júlí	18.00	10.00			
Ágúst	18.00	10.08			
September	18.00	10.25			
Október	18.00	10.33			
Nóvember	18.00	10.25			
Desember	19.33	9.67			
1985					
Janúar	22.67	9.33			
Febrúar	24.00	9.17			
Mars	24.10	9.58			
Apríl	24.95	9.83			
Maí	26.25	10.00			
Júní	26.25	9.92			
Júlí	26.25	9.75			
Ágúst	26.25	9.75			
September	26.67	9.67			
Október	27.50	9.50			
Nóvember	27.72	9.50	9.67	12.75	6.25
Desember	28.28	9.58	9.50	12.83	6.25

1986	Krónur	SDR	USD	GBP	DEM
Janúar	28.50	9.83	9.58	13.42	6.25
Febrúar	26.44	10.00	9.67	14.25	6.17
Mars	20.36	9.75	9.33	13.92	5.92
Apríl	15.95	8.83	8.75	12.67	5.83
Maí	15.00	8.00	8.33	11.58	6.08
Júní	15.00	8.00	8.50	11.58	6.17
Júlí	15.00	8.00	8.42	11.25	6.00
Ágúst	15.00	7.92	8.08	11.25	6.00
September	15.00	7.75	7.67	11.25	6.00
Október	15.06	7.83	7.50	11.76	6.10
Nóvember	15.34	8.00	7.53	12.79	6.29
Desember	15.68	8.00	7.63	12.80	6.33
1987					
Janúar	15.98	7.97	7.70	12.73	6.33
Febrúar	17.10	7.90	7.77	12.57	6.10
Mars	18.51	7.87	7.90	12.30	5.87
Apríl	19.41	7.80	8.00	11.87	5.77
Maí	20.46	7.82	8.47	11.43	5.60
Júní	21.71	7.88	8.93	10.60	5.37
Júlí	24.27	7.87	8.73	10.43	5.37
Ágúst	27.63	7.90	8.63	10.83	5.53
September	28.64	8.13	8.83	11.57	5.60
Október	29.38	8.43	9.50	11.70	5.87
Nóvember	31.21	8.77	10.10	11.47	6.27
Desember	33.30	8.53	9.90	10.80	5.93

Tafla 6.

	GENGI 1. DAG HVERS MÁNAÐAR					ÁRGILDI MÁNAÐARLEGRA BREYTINGA GENGIS			
	SDR	USD	GBP	DEM		SDR	USD	GBP	DEM
010183	1836360								
010283	2042520				Jan 83	258.5			
010383	2152640				Feb 83	37.8			
010483	2281980				Mar 83	101.4			
010583	2337400				Apr 83	33.4			
010683	2910950				Maí 83	1291.3			
010783	2932600				Jún 83	9.3			
010883	2931490				Júl 83	-0.5			
010983	2939520				Ágú 83	3.3			
011083	2948570				Sep 83	3.8			
011183	2952330				Okt 83	1.5			
011283	2960520				Nóv 83	3.4			
010184	2999160				Des 83	16.8			
010284	3054960				Jan 84	24.8			
010384	3066160				Feb 84	4.5			
010484	3080870				Mar 84	5.9			
010584	3087280				Apr 84	2.5			
010684	3089530				Maí 84	0.9			
010784	3085490				Jún 84	-1.6			
010884	3137290				Júl 84	22.1			
010984	3261360				Ágú 84	59.3			
011084	3317410				Sep 84	22.7			
011184	3355780				Okt 84	14.8			
011284	3959050				Nóv 84	627.1			
010185	3986460				Des 84	8.6			
010285	3980050				Jan 85	-1.9			
010385	4029410				Feb 85	15.9			
010485	4024150				Mar 85	-1.6			
010585	4118310				Apr 85	32.0			
010685	4116130				Maí 85	-0.6			
010785	4165160				Jún 85	15.3			
010885	4236950				Júl 85	22.8			
010985	4241900				Ágú 85	1.4			
011085	4356020				Sep 85	37.5			
011185	4452960	4147000	5944700	1591940	Okt 85	30.2			
011285	4528140	4137000	6157900	1646760	Nóv 85	22.3	-2.9	52.6	50.1
010186	4600320	4200000	6075300	1711140	Des 85	20.9	19.9	-15.0	58.4
010286	4694890	4227000	5867100	1775450	Jan 86	27.7	8.0	-34.2	55.7
010386	4749170	4120000	5928700	1852930	Feb 86	14.8	-26.5	13.4	67.0
010486	4734100	4160000	6088800	1779830	Mar 86	-3.7	12.3	37.7	-38.3
010586	4769700	4080000	6176700	1841990	Apr 86	9.4	-20.8	18.8	51.0
010686	4756160	4180000	6128700	1785560	Maí 86	-3.4	33.7	-8.9	-31.2
010786	4852150	4104000	6323600	1877230	Jún 86	27.1	-19.8	45.6	82.4
010886	4911090	4071000	6067800	1948310	Júl 86	15.6	-9.2	-39.1	56.2
010986	4903260	4040000	6014600	1991910	Ágú 86	-1.9	-8.8	-10.0	30.4
011086	4889660	4037000	5836700	1990830	Sep 86	-3.3	-0.9	-30.3	-0.6
011186	4854030	4092000	5790200	1973240	Okt 86	-8.4	17.6	-9.2	-10.1
011286	4899320	4046000	5790800	2052610	Nóv 86	11.8	-12.7	0.1	60.5
010187	4914800	4009000	5943300	2084220	Des 86	3.9	-10.4	36.6	20.1
010287	4961010	3925000	5960100	2160750	Jan 87	11.9	-22.4	3.4	54.1
010387	4955720	3917000	6094900	2146360	Feb 87	-1.3	-2.4	30.8	-7.7
010487	4987640	3894000	6441300	2142270	Mar 87	8.0	-6.8	94.1	-2.3
010587	5031740	3843000	6443600	2163240	Apr 87	11.1	-14.6	0.4	12.4
010687	4985100	3898000	6316700	2122690	Maí 87	-10.6	18.6	-21.2	-20.3
010787	4985260	3890000	6307600	2133540	Jún 87	0.0	-2.4	-1.7	6.3
010837	4949080	3936000	6220800	2100820	Júl 87	-8.4	15.2	-15.3	-16.9
010987	5020040	3882000	6359100	2140610	Ágú 87	18.6	-15.3	30.2	25.3
011037	4988070	3908000	6340700	2118730	Sep 87	-7.4	8.3	-3.4	-11.6
011187	5001000	3760000	6508000	2186560	Okt 87	3.2	-37.1	36.7	46.0
011287	5003010	3658000	6647700	2220810	Nóv 87	0.5	-28.1	29.9	20.5
010188	5042350	3560000	6664300	2250320	Des 87	9.9	-27.8	3.9	17.2

Sþ. 860. Svar [372. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Alexanders Stefánssonar um gjaldtöku innlánsstofnana.

1. Hvernig er háttað gjaldtöku innlánsstofnana vegna afurðalána og hvernig hefur hún breyst frá 1. nóvember 1986?
2. Hvaða áhrif hafa breytingar á gjaldtöku skv. 1. tölul. haft á fjármagnskostnað atvinnuveganna vegna afurðalána?
3. Hvert er hlutfall gjaldskrártekna innlánsstofnana af samanlögðum vaxta- og gjaldskrártekjum á árinu 1987 og hvert var sambærilegt hlutfall á árunum 1984, 1985 og 1986?

Í framhaldi af fyrirspurn þessari óskaði viðskiptaráðuneytið eftir svari frá Seðlabanka Íslands við fyrirspurninni.

Eftirfarandi er svar Seðlabanka Íslands ásamt töflum:

1. Gjaldtaka innlánsstofnana fyrir 1. nóv. 1986 af afurðalánum var þannig að auk fastra gjalda var innheimt árlega 0,2% skoðunar- eða eftirlitsgjald af afurðalánasamningi eða tryggingarvíxli. Á árinu 1987 varð breyting á gjaldtökunni hjá flestum bankanna. Breytingin var með tvennum hætti. Annars vegar hækkaði gjaldið í 0,3% hjá mörgum bankanna og hins vegar breyttu Landsbanki og Útvegsbanki gjaldtökunni þannig að gjaldið var innheimt af hverri veðsetningu. Landsbankinn og Útvegsbankinn breyttu þó þeirri gjaldtöku aftur til fyrra horfs í mars 1988 en þó þannig að gjaldið varð 0,3% af afurðalánasamningi eða tryggingarvíxli.

   Eftirfarandi tafla sýnir yfirlit yfir skoðunar- og eftirlitsgjöld eins og þau eru í lok mars 1988 hjá bönkum og sparisjóðum. Gjaldið er innheimt af afurðalánasamningi eða tryggingarvíxli.

	Dagsetning breytingar	Skoðunar- og eftirlitsgjald
Landsbanki	28.03.88[1)]	0,3%
Búnaðarbanki	30.10.87	0,3%
Útvegsbanki	21.03.88	0,3%
Iðnaðarbanki	01.07.88[2)]	0,3%
Verslunarbanki		0,2%
Samvinnubanki	21.07.87	0,3%
Alþýðubanki		0,2%
Sparisjóðir	24.08.87	0,3%

[1)] Frá 1. nóv. 1987 til 28. mars 1988 innheimti Landsbanki 0,2% gjald af hverri veðsetningu.
[2)] Frá 1. jan. 1987 til 15. apríl 1987 innheimti Útvegsbanki 0,3% gjald af afurðalánasamningi eða tryggingarvíxli og frá 15. apríl 1987 til 21. mars 1988 innheimti Útvegsbanki 0,3% gjald af hverri veðsetningu.

2. Lausleg áætlun miðuð við stöðu afurðalána um sl. áramót bendir til að kostnaðarauki atvinnuveganna vegna þessarar breytingar sé um 50 m.kr. á ári miðað við óbreytt fyrirkomulag á gjaldtöku bankanna og var í ársbyrjun 1988 en 12 m.kr. á ári miðað við gjaldskrá sem gildir frá 1. apríl 1988.
3. Sem svar við 3. tölul. fyrirspurnar á þskj. 704 er meðfylgjandi yfirlit sem sýnir heildarvaxtamun og þóknunar- og þjónustutekjur viðskiptabanka og sparisjóða undanfarin ár.

Yfirlit yfir vaxtamun og þóknunar- og þjónustutekjur viðskiptabanka og sparisjóða.
(Í millj. kr.)

A. Viðskiptabankar og sparisjóðir.

	1983	1984	1985	1986
Vaxtamunur	1729 (78.9)	1710 (71.0)	3023 (74.3)	3556 (71.3)
Þóknunar- og þjónustutekjur	462 (21.1)	699 (29.0)	1044 (25.7)	1431 (28.7)
	2191 (100.0)	2409 (100.0)	4067 (100.0)	4987 (100.0)

Hlutfall af meðalstöðu efnahagsreiknings á verðlagi í lok hvers árs:

	1983	1984	1985	1986
Vaxtamunur	4.61	3.46	4.22	4.31
Þóknunar- og þjónustutekjur	1.23	1.41	1.46	1.73
	5.84	4.87	5.68	6.04

B. Viðskiptabankar án Útvegsbanka.

	1983	1984	1985	1986	1987
Vaxtamunur	1267 (78.5)	1229 (70.1)	2197 (73.6)	2652 (70.9)	4078 (71.8)
Þóknunar- og þjónustutekjur	347 (21.5)	525 (29.9)	790 (26.5)	1088 (29.1)	1606 (28.2)
	1614 (100.0)	1754 (100.0)	2987 (100.0)	3740 (100.0)	5684 (100.0)

Hlutfall af meðalstöðu efnahagsreiknings á verðlagi í lok hvers árs:

	1983	1984	1985	1986	1987
Vaxtamunur	4.40	3.27	4.03	4.23	4.82
Þóknunar- og þjónustutekjur	1.20	1.40	1.45	1.73	1.90
	5.60	4.67	5.48	5.96	6.72

Tölur fyrir 1987 eru bráðabirgðatölur.

Skýringar:

a. Gengismunur er ekki meðtalinn í ofangreindum tölum.
b. Gjaldeyrisskattur vegna gjaldskyldrar þóknunar hefur verið dreginn frá þóknunar- og þjónustutekjum.
c. Þóknunar- og þjónustutekjur innifela: Þóknanir af innlendum og erlendum viðskiptum, endurkrafinn kostnað og ýmsar rekstrartekjur.

Sþ. 861. Skýrsla [496. mál]

iðnaðarráðherra um endurskoðun löggjafar um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar.

(Lögð fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

INNGANGUR

Svo sem fram kom í stefnuræðu forsætisráðherra var að því stefnt að leggja fram frumvarp til nýrra laga um einkaleyfi á þessu þingi.

Eftir athugun á máli þessu í ráðuneytinu sl. haust skipaði iðnaðarráðherra þann 18. nóvember 1987 þrjá sérfróða menn til að vinna að endurskoðun á lögum um einkaleyfi. Eftir viðræður sérfræðinganna við helstu hagsmunaaðila og athugun á réttarþróun meðal annarra þjóða varð ljóst að verk þetta er viðameira en svo að hægt sé að ljúka endurskoðuninni á þessu þingi. Þess í stað var ákveðið að vinna að víðtækari heildarendurskoðun löggjafar á þessu sviði og er stefnt að því að henni verði lokið í október 1988.

Rétt þykir að gefa Alþingi nú sérstaka skýrslu varðandi endurskoðun löggjafar um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar og gera grein fyrir þeirri meginstefnu sem unnið er eftir við endurskoðunina.

Iðnaðarráðuneytinu, 7. apríl 1988.

Friðrik Sophusson
iðnaðarráðherra.

I.

Með erindisbréfi dags. 18. nóvember 1987 fól iðnaðarráðherra þeim Gunnari Erni Harðarsyni tæknifræðingi, Jóni L. Arnalds borgardómara og Þorgeiri Örlygssyni, settum prófessor, að vinna að úttekt vegna endurskoðunar á lögum um einkaleyfi. Var þess óskað að þeir ynnu að úttekt, upplýsingasöfnun og fyrstu tillögugerð, er gætu orðið leiðbeinandi við samningu frumvarps að nýjum einkaleyfalögum.

Samkvæmt erindisbréfinu var verkefnið einkum fólgið í greiningu og yfirlitskönnun á stöðu einkaleyfamála hérlendis. Markmiðið var að leiða í ljós hverra meginbreytinga væri þörf á núgildandi einkaleyfalögum út frá því grundvallarsjónarmiði að þau þjónuðu sem best þróun og nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Í tengslum við þessa vinnu var einnig óskað eftir ábendingum varðandi vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar að öðru leyti.

Í erindisbréfinu var lögð á það áhersla að fram færu viðræður við hagsmunaaðila í iðnaði og skyldum starfsgreinum, við aðila í stjórnkerfinu og stofnanir og ráðgjafarfyrirtæki á sviði einkaleyfamála.

Enn fremur var þess óskað að varpað yrði ljósi á helstu þætti í þróun einkaleyfamála á alþjóðavettvangi.

II.

Starfshópurinn hófst þegar handa við undirbúning og skipulagningu verksins. Haldnir voru fundir með eftirtöldum hagsmunaaðilum:

1. Félagi umboðsmanna einkaleyfa og vörumerkja,
2. Félagi íslenskra iðnrekenda,
3. Landssambandi íslenskra iðnaðarmanna,
4. Félagi hugvitsmanna,
5. Rannsóknaráði ríkisins,
6. fulltrúum frá Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

Einnig voru sóttir tveir fundir á vegum SVESI, Samtaka um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar.

Þá hélt starfshópurinn fundi með aðilum í stjórnkerfinu og ýmsum sérfræðingum í hugverkarétti.

Auk þessa hélt starfshópurinn reglulega fundi og fór yfir fyrirliggjandi gögn og stöðu mála.

Starfshópurinn skilaði frumskýrslu til iðnaðarráðherra þann 29. janúar sl. Í skýrslunni voru settar fram tillögur um endurskoðun gildandi löggjafar á þessu réttarsviði og hvernig skyldi staðið að þeirri endurskoðun. Í skýrslu starfshópsins komu m.a. fram þau atriði sem hagsmunaaðilar töldu brýna þörf á að yrðu endurskoðuð.

III.

Í framhaldi af viðræðum við hagsmunaaðila og á grundvelli eigin mats á stöðu gildandi einkaleyfalöggjafar gerði starfshópurinn eftirfarandi að tillögu sinni:

1. Samið yrði nýtt frumvarp til einkaleyfalaga. Frumvarpið hefði í meginatriðum að leiðarljósi þá stefnu við einkaleyfavernd sem mörkuð var í Danmörku við endurskoðun einkaleyfalöggjafar þar. Lögð yrði sérstök áhersla á að rýmka svið laganna og afmarka skýrar gildissvið þeirra frá því sem nú er.
2. Jafnhliða samningu nýs einkaleyfafrumvarps yrði hafinn undirbúningur að því að Íslendingar gerðust aðilar að hinum svokallaða PCT-samningi og yrði þá tekin afstaða til þess hvort ákvæði þess samnings yrðu leidd í íslensk lög í nýjum einkaleyfalögum eða hvort það yrði gert með sérstökum lögum.
3. Lögum nr. 102/1961, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd Parísarsamþykktina um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, verði breytt þannig að Stokkhólmsgerð hennar hafi lagagildi hér á landi.
4. Fyrirliggjandi frumvarp um munsturvernd verði endurskoðað, m.a. með hliðsjón af þróun viðtækari verndar á þessu sviði annars staðar á Norðurlöndum og víðar, og lagt þannig fram.
5. Samið verði sérstakt frumvarp um stofnun sjálfstæðrar skrifstofu er annist einkaleyfa-, vörumerkja- og munsturskráningar.
6. Samið verði frumvarp um hugverkalega réttarstöðu þeirra manna er vinna að uppfinningum í þjónustu annarra.

IV.

1. Um þörfina fyrir endurskoðun gildandi laga um einkaleyfi.

Gildandi lög um einkaleyfi á Íslandi, nr. 12/1923, eru 65 ára gömul. Frá gildistöku laganna hefur þróun í einkaleyfarétti á alþjóðavettvangi verið hröð og hefur lögunum ekki verið breytt til samræmis við þá þróun. Vegna alþjóðlegs eðlis einkaleyfa og einkaleyfaverndar er brýn nauðsyn fyrir Íslendinga að fylgja slíkri alþjóðlegri þróun eftir.

Annmarkar á gildandi löggjöf eru m.a. eftirtaldir:

a. Svið einkaleyfaverndar er um margt óljóst markað í 1. gr. gildandi laga og of þröngt miðað við þá þróun sem átt hefur sér stað erlendis. Þannig má nefna að óljóst er samkvæmt gildandi lögum hvort unnt er að fá einkaleyfavernd á aðferðum á sviði örverulíffræði og afurðum slíkra aðferða. Þá má og benda á að réttur manna til þess að öðlast einkaleyfi á uppfinningum á læknislyfjum og næringar- og neysluefnum er takmarkaður, en erlendis er farið að veita einkaleyfi á slíkum uppfinningum í sívaxandi mæli.
b. Ákvæði gildandi laga um svokallað nýnæmi uppfinninga er óljóst og í ósamræmi við þá þróun sem átt hefur sér stað í nágrannalöndum okkar. Nýnæmi varðar birtingu, nýtingu eða sýningu uppfinningar. Er þörf á skýrari ákvæðum um það efni í lögum.

c. Tími einkaleyfaverndar hér á landi er 15 ár frá dagsetningu leyfisbréfs en almennt 20 ár frá umsóknardegi víðast hvar erlendis. Hér þarf samræming að koma til.
d. Samkvæmt ákvæðum 13. gr. gildandi laga fer auglýsing umsóknar fram innan sex mánaða frá því að hún er lögð inn. Þegar umsóknin hefur verið auglýst hafa allir aðgang að umsókninni og þeim lýsingum á uppfinningu sem hún hefur að geyma. Eftir slíka auglýsingu telst uppfinningin hafa verið birt opinberlega. Víðast hvar erlendis er þessi frestur 18 mánuðir. Gildandi regla hérlendis getur því skert möguleika umsækjenda á því að sækja um einkaleyfi erlendis. Þarfnast það breytinga.
e. Frestur til andmæla skv. 14. gr. er stuttur og ekki í samræmi við það sem þekkist annars staðar í heiminum.
f. Reglur gildandi laga um meðferð einkaleyfisumsókna eru mjög af skornum skammti og ófullkomnar.
g. Kröfum um gerð og frágang umsókna er áfátt og er þörf úrbóta á því sviði.
h. Ákvæði um viðbótareinkaleyfi eru úrelt og hafa víða erlendis verið felld brott. Ákvæði um undanþágur varðandi uppfinningar sem sýndar hafa verið á alþjóðlegum sýningum þarfnast endurskoðunar.

2. Aðild Íslands að einkaleyfasamstarfssamningnum (PCT).

Samningur þessi, sem undirritaður var í Washington D.C. árið 1970, var gerður að tilhlutan WIPO (World Intellectual Property Organization). Undirbúningur að gerð samningsins hófst upp úr 1960.

Meginmarkmið samningsins er að koma í veg fyrir tvíverknað við rannsóknir einkaleyfisumsókna þegar sótt er um vernd í mörgum ríkjum samtímis. Aðilar að samningnum eru flest stórveldin, flest ríki Vestur-Evrópu og Norðurlöndin að Íslandi undanskildu. Með samningnum var sett á laggirnar samband aðildarríkjanna til alþjóðlegrar samvinnu á sviði einkaleyfaverndar.

Rannsókn á einkaleyfishæfni og nýnæmi er miðstýrt samkvæmt samningnum, en þó er tekin endanleg afstaða til veitingar einkaleyfis í hverju landi fyrir sig. Innlagning umsóknar í einu landi, sem er aðili að PCT (Patent Cooperation Treaty), hefur þau réttaráhrif að litið er svo á að umsóknin sé einnig lögð inn í þeim PCT-löndum þar sem verndar er jafnframt óskað.

Samningurinn gerir ráð fyrir alþjóðlegri einkaleyfisumsókn þegar óskað er verndar í mörgum löndum samtímis. Gerðar eru skýrar og ítarlegar formkröfur til umsóknar. Rannsókn á nýnæmi og einkaleyfishæfni fer fram hjá alþjóðlegri stofnun sem viðurkennd er sérstaklega til þess samkvæmt PCT-samningum. Er ætlunin að þær stofnanir, sem eru stærstar og búa yfir bestri þekkingu og getu, framkvæmi slíkar rannsóknir fyrir aðildarríkin. Sænska einkaleyfisstofnunin og sú breska hafa t.d. verið viðurkenndar til slíkra rannsókna.

Þegar umsækjandi hefur bæði fengið umsögn um nýnæmið og hæfnina getur hann tekið afstöðu til þess hvort hann afturkallar umsóknina, endurbætir hana eða leggur hana inn til umsóknar í einstökum löndum.

Eins og áður sagði eru einstök lönd ekki bundin við niðurstöður rannsókna hjá viðkomandi rannsóknarstofnun. Tilgangurinn með þessari miðstýringu er að létta álagi af skráningarskrifstofu hvers lands. Samningsríkin eru frjáls að því að ákveða umfang einkaleyfaverndar hvert í sínu landi og því þarf ekki að gera efnislegar breytingar á gildissviði löggjafar í hverju ríki til innbyrðis samræmis.

PCT-samningurinn hefur auk þessa að geyma ákvæði sem stuðla að tækniframförum í þróunarlöndunum og auðvelda þeim aðgang að nútímatækni.

Kostir aðildar að PCT-samningnum eru fyrst og fremst þeir að málsmeðferð umsókna verður stöðluð og umsækjandinn getur, áður en hann sækir um í einstökum löndum, aflað

sér upplýsinga um nýnæmi og hæfni umsóknarinnar. Hann getur þannig myndað sér rökstudda skoðun um hvort æskilegt sé fyrir hann að halda áfram. Með þessum samningi ávinnst og það að vinna við umsóknir verður léttari fyrir yfirvöld.

Um það er deilt hvort aðild að PCT-samningnum hafi í för með sér lægri útgjöld fyrir umsækjendur þegar sótt er um í mörgum löndum samtímis. Líkur eru á því að ef litið er til lengri tíma þá muni PCT-fyrirkomulagið hafa sparnað í för með sér fyrir umsækjendur. Þá er og ljóst að PCT-fyrirkomulagið hefur í för með sér frestun útgjalda fyrir umsækjendur og léttir þeim róðurinn í upphafi.

3. Staðfesting Stokkhólmsgerðar Parísarsamþykktarinnar.

Parísarsamþykktin svokallaða um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar er upprunalega frá árinu 1883 en hefur margsinnis verið endurskoðuð, m.a. í Lundúnum 2. júní 1934, í Lissabon 31. október 1958 og í Stokkhólmi 14. júlí 1967. Um 100 ríki eru aðilar að samþykktinni.

Markmið Parísarsamþykktarinnar er að tryggja að eigandi eignarréttinda á sviði iðnaðar í sérhverju aðildarríki geti sem best náð réttarvernd í hinum aðildarríkjunum. Öll Norðurlöndin nema Ísland hafa fullgilt Stokkhólmstexta samþykktarinnar í heild sinni.

Með lögum nr. 102 28. desember 1961 var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta samþykktina fyrir Íslands hönd. Það var gert og fékk hún lagagildi hér á landi frá 5. mars 1962. Ísland fullgilti þá Lundúnatextann frá 1934.

Hinn 28. september 1984 gerðist Ísland aðili að Stokkhólmstexta samþykktarinnar, þó með þeim fyrirvara að fyrstu tólf greinar textans voru undanskildar. Hvað efnissvið þeirra greina varðar gildir Lundúnatextinn því áfram.

Aðildarríki Parísarsamþykktarinnar hafa stofnað með sér samband til verndar eignarréttindum á sviði iðnaðar, svo sem það er nánar skilgreint í samþykktinni. Hún byggir á fjórum grunnreglum: *Í fyrsta lagi* að sambandsríkin séu skyld til að veita borgurum annarra sambandsríkja sömu lögvernd og þau veita eigin borgurum. *Í öðru lagi* á reglunni um lágmarksvernd sem felur í sér ákvæði um þá lágmarksvernd sem löggjöf sambandsríkis verður að uppfylla gagnvart borgurum annarra sambandsríkja. Þessi regla hefur leitt til lagasamræmingar, t.d. á Norðurlöndum. *Í þriðja lagi* er um að ræða regluna um forgangsrétt samkvæmt samþykktinni. Sú regla felur í sér að fyrst sé lögð inn umsókn um veitingu ákveðins einkaleyfis í einu sambandsríki og síðar innan ákveðins frests (eins árs) í einu eða fleiri hinna sambandsríkjanna, þá skuli líta svo á að síðari umsóknirnar hafi verið lagðar inn samtímis þeirri fyrstu. *Í fjórða lagi* er um að ræða regluna um sjálfstæða réttarvernd hvers ríkis. Hún felur í sér að réttarvernd einkaleyfis gildi sjálfstætt í hverju ríki fyrir sig. Ef skilyrði fyrir vernd eru ekki uppfyllt í einu sambandsríki kemur það eitt sér ekki í veg fyrir að vernd eða réttur geti komist á eða verið til staðar í öðru sambandsríki.

Ísland hefur þegar staðfest 13.–30. gr. Stokkhólmsgerðarinnar. Þessar greinar hafa að geyma skipulagsákvæði, einkum stofnsetningu WIPO, en efnishluta Stokkhólmsgerðarinnar (1.–12. gr.) hefur Ísland enn ekki staðfest.

Efnishluti Stokkhólmsgerðarinnar hefur að geyma ýmsar breytingar til bóta bæði hvað varðar einkaleyfi og ekki hvað síst vörumerki og er æskilegt að Ísland staðfesti einnig efnishlutann og fylgi þannig alþjóðlegri þróun á þessu sviði.

4. Framlagning frumvarps til laga um munstur.

Svokölluð vörumerkjalaganefnd, sem skipuð var 1961, skilaði frumvarpi til laga um munsturvernd til iðnaðarráðuneytisins árið 1975. Frumvarpið var aldrei lagt fram. Það var endurskoðað fyrri hluta árs 1986 og var ætlunin að leggja það fram þá um haustið. Af því

varð þó ekki. Í viðræðum starfshópsins við hagsmunaaðila kom það glöggt í ljós að ýmsir þeir sem hér á landi starfa að framleiðslu og iðnhönnun töldu það vera mjög til bóta ef hér á landi væri í gildi löggjöf um munsturvernd. Gerði starfshópurinn það að tillögu sinni að fyrirliggjandi frumvarp í iðnaðarráðuneytinu um munsturvernd verði lagt fram samhliða nýju einkaleyfafrumvarpi. Verður að telja að sú vernd, sem höfundalögin veita munstrum, sé ófullnægjandi fyrir iðnaðarmunstur. Þá er það og eðlilegastur skilningur á ákvæðum Lundúnatexta Parísarsamþykktarinnar sem Íslendingar eru aðilar að að okkur sé skylt að hafa hér á landi löggjöf um munsturvernd. Það er á hinn bóginn ótvírætt að hér á landi ber að hafa munsturlöggjöf ef við gerumst aðilar að efnisákvæðum Stokkhólmsgerðar Parísarsamþykktarinnar.

Samkvæmt 1. gr. áðurnefnds frumvarps um munsturvernd merkir munstur, í skilningi frumvarpsins, fyrirmynd að útliti vöru eða fyrirmynd að skreytingu hennar. Með skráningu samkvæmt frumvarpinu getur hver sá sem gert hefur munstur fengið einkarétt til þess að nýta sér munstrið í atvinnuskyni. Samkvæmt þessu felur munsturréttur í sér vernd gegn því að aðrir en munstureigandinn nýti sér munstrið í atvinnuskyni við framleiðslu, innflutning, útboð, sölu eða leigu á vörum sem ekki eru að verulegu leyti frábrugðnar munstrinu.

Að frátöldum skrautmunstrum er hægt að fá skráð sem munstur fyrirmynd að útliti á öllu því sem venjulegt er að kalla vöru í hefðbundnum skilningi þess orðs. Má hér sem dæmi nefna fyrirmynd að útliti á borðum og stólum, kaffikönnum, lömpum o.s.frv. Það er einvörðungu útlit vörunnar sem notið getur verndar samkvæmt munsturlögum. Þá er og rétt að taka fram að munsturskráning veitir ekki vernd á tæknilegum þáttum eða eiginleikum vöru. Vernd slíkra eiginleika færi eftir einkaleyfalöggjöf ef um tæknilegar nýjungar væri að ræða.

Segja má að munsturvernd hafi tvenns konar tilgang. *Í fyrsta lagi* veitir hún þeim hugvitsmanni sem hannað hefur nýtt form, nýjan búnað eða skreytingu vöru vernd gegn því að aðrir nýti sér það hugverk hans í atvinnuskyni. *Í öðru lagi* leiðir það af vernd munsturlaga að sá framleiðandi, sem lagt hefur í kostnað við að hanna vöru með tilteknu útliti, skreytingu eða formi, mundi í skjóli laganna öðlast tryggingu fyrir því að aðrir framleiðendur komi ekki á markaðinn með vörur sem hafa sama form eða sömu skreytingu.

Munstur njóta að vísu verndar samkvæmt gildandi höfundalögum en hún er takmörkuð. Verndin takmarkast við það að kröfum um listrænt gildi sé fullnægt. Það getur ávallt verið matsatriði hvenær kröfum um listrænt gildi er fullnægt og má því segja að í raun sé sú vernd sem höfundalögin veita munstrum harla ófullkomin. Er því fyllsta ástæða til þess að stíga skrefið til fulls og veita munstrum réttarvernd án tillits til þess hvort það fullnægir kröfum um listrænt gildi eða ekki. Iðnaðarráðuneytið hefur því ákveðið að endurskoðað frumvarp um munsturvernd verð lagt fram um leið og frumvarp til nýrra laga um einkaleyfi.

5. Stofnun skráningarskrifstofu.

Framangreindar tillögur um gagngera endurskoðun einkaleyfalaganna, um aðild okkar að hinum svokallaða PCT-samningi og um munsturvernd fela í sér svo róttækar breytingar á gildandi fyrirkomulagi þessara mála að óhjákvæmilegt hlýtur að teljast að sett verði á laggirnar sjálfstæð skráningarskrifstofa er annist skráningar þessar. Við ríkjandi aðstæður verður að telja að iðnaðarráðuneytið sé ekki í stakk búið að taka að sér þetta verkefni. Má einnig segja að það sé eðlilegra að svo umfangsmikil afgreiðslustörf fari fram á sérstakri skrifstofu en ekki í ráðuneytinu sjálfu.

Ætla verður að tekjur af einkaleyfa-, vörumerkja- og munsturskráningum mundu að verulegu ef ekki öllu leyti geta staðið undir rekstrarkostnaði slíkrar skrifstofu. Löggjöfin gerir ráð fyrir því að gjöld þessi séu til þess að standa undir þjónustu ríkisins á þessu sviði en

séu ekki sérstök skattheimta. Má því segja að þeir sem hagsmuna eiga að gæta eigi kröfu til þess að fá þjónustu í samræmi við gjöldin.

Rétt er að benda á það hér til samanburðar að víðast hvar erlendis er fyrirkomulag skráningar á þá lund að sérstakar skráningarskrifstofur annast skráningarstarfsemina.

6. Frumvarp um hugverkalega réttarstöðu þeirra manna er starfa í þjónustu annarra að uppfinningum.

Í viðræðum starfshópsins við hagsmunaaðila, einkum fulltrúa frá ríkisstofnunum sem starfa að rannsóknarverkefnum, kom fram að hér eru á ferðinni mörg óleyst vandamál sem brýnt er að leysa. Vandamálin eru helst fólgin í því að ágreiningur kemur upp á milli rannsóknarstofnana og fyrirtækja annars vegar og starfsmanna þeirra hins vegar um eignarréttinn að einkaleyfum á þeim uppfinningum sem verða til í rannsóknarstarfsemi stofnananna.

Einstakar stofnanir og fyrirtæki hafa reynt að leysa þetta vandamál með samningum við starfsfólk sitt en neiti starfsfólk að skrifa undir slíka samninga er vandinn óleystur. Því er þörf á lagasetningu er setji almennar reglur um hugverkalega réttarstöðu starfsfólks. Líklegt er að setning slíkrar löggjafar geti virkað hvetjandi fyrir starfsfólk, sérstaklega ef því er tryggð í lögum hlutdeild í tekjum af þeim uppfinningum sem það hefur átt þátt í að skapa.

V.

Iðnaðarráðuneytið hefur lagt á það áherslu við starfshópinn að hann ljúki við að semja frumvarp til nýrra einkaleyfalaga fyrir 1. október nk. Þá verði einnig lokið samningu frumvarps um aðild okkar að PCT-samningnum og um stofnun sjálfstæðrar skráningarskrifstofu. Er ætlunin að leggja þessi frumvörp ásamt frumvarpi til munsturlaga fram í þingbyrjun næsta haust. Telur starfshópurinn sig þurfa tíma fram til haustsins að ljúka þessu verki.

Þá hefur iðnaðarráðuneytið lagt á það áherslu við starfshópinn að strax og lokið er við að semja þau frumvörp sem að framan getur verði samið frumvarp um hugverkalega réttarstöðu starfsmanna sem vinna að uppfinningum í þágu annarra. Jafnframt skal samið frumvarp um gildistöku efnishluta Stokkhólmsgerðar Parísarsamþykktarinnar.

Nd. 862. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum og sent það til umsagnar til Félags sláturleyfishafa, Framleiðsluráðs landbúnaðarins, Neytendasamtakanna, Stéttarsambands bænda, Hollustuverndar ríkisins, Dýralæknafélags Íslands, yfirdýralæknis og Kaupmannasamtakanna.

Í frumvarpinu, eins og það kom fram frá ríkisstjórninni, er gert ráð fyrir því að undanþágur megi ekki veita nema til 1. júní 1988. Það er samhljóða ákvæði í bráðabirgðalögum sem gefin voru út 16. júní 1987. Yrði frumvarpið samþykkt óbreytt yrði engar undanþágur hægt að veita vegna slátrunar á komandi hausti. Nefndin telur rétt að framlengja undanþáguheimild ráðherra í tvö ár.

Landbúnaðarnefnd leggur á það áherslu að þegar í stað verði hafist handa um endurskipulagningu og endurbætur á sláturhúsum í landinu.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað „1988“ komi: 1990.

Alþingi, 18. apríl 1988.

Árni Gunnarsson, form., frsm.	Alexander Stefánsson, fundaskr.	Pálmi Jónsson.
Eggert Haukdal.	Ingi Björn Albertsson.	Ragnar Arnalds.
	Páll Pétursson.	

Nd. 863. Nefndarálit [271. mál]

um frv. til l. um framhaldsskóla.

Frá 2. minni hl. menntamálanefndar.

Löngu er orðið aðkallandi að sett verði samræmd heildarlög um framhaldsskólana. Löggjöf um fjölbrautaskóla er harla frumstæð og gildandi kerfi felur í sér mikla fjárhagslega mismunun gagnvart kjördæmum og sveitarfélögum eftir því hvaða tegundir framhaldsskóla hafa risið þar. Verknám situr ekki við sama borð og bóknám. Kerfið er ósamstætt, býður upp á blindgötur og mótast af allt of mikilli miðstýringu.

Stjórnarfrumvarpið um framhaldsskóla, sem hér er til afgreiðslu, er vissulega til bóta miðað við það kerfi sem enn er við lýði. En þó er frumvarpið það gallað að ekki verður við unað nema gerðar séu á því veigamiklar breytingar. Undirritaður skilar því séráliti ásamt fjölmörgum breytingartillögum á sérstöku þingskjali.

Þingmenn Alþýðubandalagsins í neðri deild lögðu fram frumvarp um framhaldsskóla þegar í byrjun þings. Þar er í veigamiklum atriðum aðra stefnu að finna en í stjórnarfrumvarpinu og skal sá munur rakinn hér í fáum orðum:

1. Frumvarp Alþýðubandalagsins gerir ráð fyrir verulegri valddreifingu frá ráðuneytum menntamála og fjármála til lýðkjörinna fræðsluráða í hverju kjördæmi, til skólastjórna, kennara og nemenda. En frumvarp ríkisstjórnarinnar mótast af svipaðri miðstýringu og hér hefur verið um langt skeið. Fræðsluumdæmi verða engin og sjálfstæði skólanna mjög takmarkað. Allir þræðir liggja um hendur ráðherra.

Dæmi:

1. Ráðherra skipar skólanefndarmenn eftir tilnefningum sem hann setur sjálfur reglur um og formann nefndarinnar án tilnefningar.
2. Ráðherra skipar skólameistara, óbundinn af vilja skólanefndar.
3. Ráðherra skipar fasta kennara, óbundinn af tillögum skólanefndar og skólameistara.
4. Hvorki nemendur né kennarar eiga nokkurn rétt til áhrifa á skipan skólanefnda, en þeir eiga hins vegar aðild að skólaráði sem virðist þó algjörlega valdalaus stofnun.

Í frumvarpi okkar alþýðubandalagsmanna er ákvæði um að kennarar og nemendur eigi sæti í skólastjórn hvers skóla. Skólastjórnin kýs skólastjóra til fjögurra ára í senn og ræður kennara. Þannig er valdið flutt úr ráðuneytinu til skólasamfélagsins. Jafnframt fær fræðsluráð umdæmisins vald til fjármálalegrar yfirstjórnar og stefnumörkunar sem hingað til hefur verið í ráðuneytinu. Verulega er dregið úr úreltri miðstýringu til að efla sjálfstæði skólanna og laða fram áhuga og frumkvæði heimamanna.

2. Því miður er það svo að stór hluti nemenda heldur ekki áfram námi í framhaldsskóla að loknum grunnskóla. Sumir ná aldrei grunnskólaprófi og aðrir heltast fljótt úr lestinni. Í frumvarpi okkar alþýðubandalagsmanna er lögð á það þung áhersla að reynt sé að fullnægja þroskaþörf allra að skyldunámi loknu en ekki aðeins þeirra 70% nemenda sem halda viðstöðulaust áfram námi í framhaldsskóla eftir því sem skýrslur sýna.

Í stað þess að segja að þeir sem heltast úr lestinni séu ekki hæfir til framhaldsnáms er eðlilegra að líta svo á að framhaldsskólakerfið hæfi ekki öllum nemendum og eigi að gera sig hæft til að bjóða öllum upp á þroskamöguleika sem henta; nám sem þeir ráða við. Þetta viðhorf er ekki fyrir hendi í stjórnarfrumvarpinu.

Undirritaður vakti máls á þessu við meðferð málsins í nefnd og varð niðurstaðan í nefndinni að breyta 2. gr. frumvarpsins. Verður orðalag hennar nú miklu nær því sem er í 2. gr. okkar frumvarps, sbr. orðin í breytingartillögu meiri hl. nefndarinnar: „Hlutverk framhaldsskólanna er ... að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðissamfélagi með því að skapa skilyrði til náms og þroska *við allra hæfi* ...“ Eftir sem áður þarf þetta að koma miklu skýrar fram í lögunum og í því skyni flytur undirritaður viðbótartillögu við 1. mgr. 16. gr. svohljóðandi: „Tryggja skal að allir nemendur eigi kost á námi við hæfi.“

3. Í stjórnarfrumvarpinu eru ýmis ákvæði sem lýsa litlum skilningi á aðstöðu minni skóla í dreifðum byggðum landsins utan þéttbýlissvæðisins við Faxaflóa. Í 32. gr. eru ákvæði þess efnis að framlög ríkisins til skólanna verði miðuð við tiltekna upphæð á hvern nemanda árlega og þessi upphæð verði sem næst jafnhá hvar sem er á landinu. Í 34. gr. er ákveðið það svigrúm að 1,7–2 kennslustundir á viku komi á hvern nemanda í bóknámi eftir stærð og gerð skóla. Þó er veitt viðbótarsvigrúm í verknámi og sérnámi og heimilt að taka tillit til aðstæðna. Augljóst er að kostnaður á nemanda er ekki sá sami í litlum skólum og stórum; oft eru tvöfalt og jafnvel þrefalt fleiri nemendur í kennslustundum á skólasvæðum þar sem nemendur skipta tugum þúsunda en í skóla sem á að fullnægja námsþörf nemenda á tilteknu svæði þar sem aðeins eru 200–300 nemendur í aldursárgangi, jafnvel færri. Vandamál af þessu tagi verða ekki leyst með þríliðureikningi. Það er ofureinföldun á veruleikanum og slík dæmi ganga aldrei upp. Skólameistarar í minni framhaldsskólum hafa á það bent að þessi þröngu ákvæði geti haft í för með sér stórminnkað námsframboð í minni skólum. Undirritaður leggur því til að þessi ákvæði verði felld brott úr stjórnarfrumvarpinu.

Við fyrstu umræðu gagnrýndi undirritaður harðlega að sveitarfélögum væri ætlað að taka fullan þátt í byggingu heimavista. Svo er ekki nú hvorki við menntaskóla né fjölbrautaskóla ef mörg sveitarfélög standa að rekstrinum. Því væri þetta stórt spor aftur á bak. Sem betur fer náðist um það samkomulag í nefndinni að ríkissjóður greiði allan kostnað við byggingu heimavista og ber að þakka fyrir þá breytingu.

Hins vegar er það hæpið réttlæti að ætla sveitarfélögunum að standa undir 40% af byggingarkostnaði framhaldsskólanna eins og stjórnarfrumvarpið gerir ráð fyrir. Víða hefur ríkið byggt menntaskóla og borgað þann kostnað að fullu. Byggðarlög, sem nú eru að hefja byggingu á framhaldsskólahúsum, eru illa sett að þessu leyti að þurfa að borga 40% kostnaðarins. Sanngjarnt virðist að ríkið komi meira til móts við sveitarfélögin og greiði 80% stofnkostnaðar, eins og við alþýðubandalagsmenn höfum lagt til í okkar frumvarpi, sbr. og breytingartillögu undirritaðs við stjórnarfrumvarpið.

Við alþýðubandalagsmenn leggjum mikla áherslu á að lögin um framhaldsskóla verði fyrst og fremst rammi utan um skólastarfið. Innan þessa ramma þurfa skólarnir að hafa sjálfstæði til að þróast. Í frumvarpi okkar er rætt um „rammanámsskrá“ ráðuneytisins og með því lögð áhersla á að afskipti ráðuneytisins verði ekki of smáatriðakennd eða smásmuguleg.

Innan þessa lagaramma þarf að vera svigrúm til valddreifingar og til lýðræðislegrar þátttöku kennara og nemenda skólanna. Skólastarfinu þarf að skapa þess háttar umhverfi

með aðild fræðsluráða í héraði að íbúar skólasvæðanna, foreldrar og sveitarstjórnarmenn skynji ábyrgð sína og fylgist með þróun skólanna í stað þess að líta á þá sem útibú ráðuneytisins sem þeir hafi lítið með að gera.

Liðinn er rúmur áratugur frá því að hafist var handa um þær breytingar á skólakerfinu sem mynda áttu undirstöðu fyrir úrbætur í framhaldsmenntun hér á landi. Setning laga um grunnskóla, nr. 63/1974, var áfangi að þessu marki. Haustið 1974 skipaði þáverandi menntamálaráðherra nefnd til að gera tillögur um breytta skipan náms á framhaldsskólastigi. Nefnd þessi skilaði áfangaáliti í júlí 1976 og í febrúar 1977 frumvarpi til laga um framhaldsskóla. Síðan hafa sjö stjórnarfrumvörp komið fram um framhaldsskóla, en því miður verður ekki sagt að frumvörpin hafi batnað með tímanum því að þetta seinasta, sem hér er til umræðu, er haldið ýmsum göllum sem fyrstu frumvörpin voru laus við.

Alþýðubandalagið hefur jafnan látið skólamál til sín taka. Það studdi á sínum tíma þá meginstefnu sem fyrstu frumvörpin byggðust á og ekki vantaði nema herslumuninn að framhaldsskólafrumvarpið yrði lögfest á árunum 1978–1979 þegar Alþýðubandalagið fór með menntamálin í þáverandi ríkisstjórn.

Á landsfundi Alþýðubandalagsins 1983 var gerð ítarleg ályktun um uppeldis- og fræðslumál. Þar var m.a. hvatt til þess að hraðað yrði setningu laga um framhaldsskóla. Talið var nauðsynlegt að í tengslum við það verkefni beitti flokkurinn sér fyrir opinni stefnuumræðu um málefni framhaldsmenntunar. Veturinn 1984–1985 helgaði hópur flokksmanna og áhugamanna utan flokksins sig þessu verkefni. Gekkst hópurinn m.a. fyrir opinni ráðstefnu um framhaldsmenntun í október 1985 og kynnti þar hugmyndir sínar, þar á meðal frumvarp um framhaldsskóla.

Í því frumvarpi, sem síðan var samansett og hefur þrívegis verið flutt á Alþingi, eru fjöldamörg atriði sem þurfa að vera í nýjum framhaldsskólalögum en er ekki að finna í frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Auk þess sem þegar er nefnt má sem dæmi nefna ákvæði um *fjarkennslu*. Í frumvarpi okkar er ráð fyrir því gert að fjarkennsla geti orðið gildur þáttur í framhaldsnámi. Gert er ráð fyrir að Námsgagnastofnun sjái um öflun og gerð námsefnis á þessu sviði, Ríkisútvarpið annist útsendingar, svo sem heimild er fyrir í útvarpslögum, og útstöðvar í hverju fræðsluumdæmi annist leiðbeiningar og tengsl við nemendur.

Annað dæmi er tillaga okkar um *óháða eftirlitsnefnd* sem fengi það hlutverk að gera reglubundna úttekt á starfi og stöðu framhaldsskóla. Slík greiningarvinna gerð af mönnum með sérþekkingu í skólamálum gæti orðið til mikils stuðnings fyrir rannsókna- og tilraunastarf í hverjum skóla og þannig stuðlað að æskilegri þróun skólanna og framhaldsmenntunarinnar.

Að öðru leyti vísa ég til breytingartillagna við frumvarpið á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 13. apríl 1988.

Ragnar Arnalds.

Nd. 864. Breytingartillögur [271. mál]

við frv. til l. um framhaldsskóla.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Við 3. gr.
   a. Í stað „60%“ í 4. mgr. komi: 80%.
   b. Í stað „40%“ í sömu málsgrein komi: 20%.

2. Við IV. kafla. Í stað 5.–11. gr. komi 10 nýjar greinar er orðist svo:

a. (5. gr.)

Á framhaldsskólastigi skal landinu skipt í níu fræðsluumdæmi svo sem hér segir:

1. Vesturland.
2. Vestfirðir.
3. Norðurland vestra.
4. Norðurland eystra.
5. Austfirðir.
6. Suðurland.
7. Suðurnes.
8. Hafnarfjörður, Garðabær, Bessastaðahreppur, Kópavogur.
9. Reykjavík, Seltjarnarnes, Mosfellssveit, Kjalarnes, Kjós.

Heimilt er ráðherra að stofna sérstakt fræðsluumdæmi í sveitarfélagi með 10 þúsund íbúum eða fleiri ef sveitarstjóri óskar þess og fjárveiting er fyrir hendi.

b. (6. gr.)

Í hverju fræðsluumdæmi skal starfa fræðsluráð, skipað níu mönnum, er kosnir skulu með leynilegum, almennum kosningum um leið og almennar sveitarstjórnarkosningar fara fram. Kosningarrétt og kjörgengi til fræðsluráðs eiga allir þeir sem hafa kosningarrétt í sveitarfélögum hvers fræðsluumdæmis.

c. (7. gr.)

Yfirkjörstjórn í viðkomandi kjördæmi við kosningar til Alþingis auglýsir kosningu fræðsluráðs og stjórnar talningu atkvæða, sbr. IV. og XIII. kafla laga nr. 80/1987, um kosningar til Alþingis. Að öðru leyti gilda um kosningar til fræðsluráða ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 eftir því sem við getur átt.

d. (8. gr.)

Hlutverk fræðsluráðs er í aðalatriðum eftirfarandi:

1. að fara með stjórn framhaldsmenntunar í umdæminu og koma fram fyrir þess hönd gagnvart fræðsluyfirvöldum,
2. að starfrækja fræðsluskrifstofu og ráða fræðslustjóra til að veita henni forstöðu,
3. að móta tillögur um meginskipan framhaldsmenntunar með hliðsjón af stefnumörkun og ábendingum uppeldismálaþings skv. 16. gr.,
4. að fjalla um og afgreiða árlega framkvæmda- og fjárhagsáætlun vegna framhaldsskóla og fræðsluskrifstofu í umdæminu og senda hana menntamálaráðherra,
5. að fara með stjórn framhaldsskólasjóðs í umboði sveitarfélaga í umdæminu,
6. að ákveða fyrir sitt leyti, með hliðsjón af fyrri áætlunum skv. 4. tölul., skiptingu fjárframlaga ríkis og sveitarfélaga milli skóla í umdæminu og til sameiginlegra verkefna,
7. að hlutast til um kennslufræðilega þjónustu fyrir umdæmið,
8. að fara með önnur málefni sem því eru fengin í þessum lögum og reglugerðum er settar verða samkvæmt þeim.

e. (9. gr.)

Í hverju fræðsluumdæmi skal halda uppeldismálaþing eigi sjaldnar en þriðja hvert ár. Þar skal mörkuð stefna og lögð á ráðin um framhaldsmenntun í umdæminu.

Fræðsluráð boðar til uppeldismálaþings og setur reglur um fjölda kjörinna fulltrúa.

f. (10. gr.)

Sveitarstjórnir kjósa fulltrúa á uppeldismálaþing í hlutfalli við íbúafjölda. Auk kjörinna fulltrúa á uppeldismálaþing er áhugamönnum heimilt að sækja þingið og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

g. (11. gr.)

Fræðsluskrifstofa undir stjórn fræðslustjóra er framkvæmdaaðili fræðsluráðs. Skrifstofan er jafnframt þjónustustofnun fyrir framhaldsskóla í umdæminu og annast eftir því sem við á tengsl þeirra og umdæmisins við fræðsluyfirvöld.

Helstu verkefni fræðsluskrifstofu eru þessi:

1. að gera heildaráætlanir um skólahald og skólamannvirki í umdæminu, þar með taldar áætlanir um fjölda skóla, staðsetningu þeirra og byggingu,
2. að aðstoða skólastjórnir við að samhæfa og tengja saman starfsemi skólanna þannig að reksturinn verði sem hagkvæmastur og tækifæri til menntunar sem fjölbreyttust,
3. að gera heildaráætlanir um fjárþörf vegna skólahaldsins á grundvelli árlegra rekstraráætlana skólanna,
4. að annast undirbúning vegna byggingar skólamannvirkja (áætlanir, útboð, verksamninga), sbr. 1. tölul., og sjá um umsýslu fjármála vegna þessara þátta,
5. að annast launagreiðslur til starfsmanna framhaldsskóla,
6. að starfrækja kennslugagnamiðstöð er taki mið af þörfum skólanna og þeirra sem vilja færa sér í nyt fjarkennslu, sbr. 23. og 24. gr.,
7. að starfrækja ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fyrir framhaldsskóla í umdæminu,
8. að hafa milligöngu um ýmiss konar þjónustu og ráðgjöf við skólana eftir því sem óskir standa til og við getur átt,
9. að hafa milligöngu um samstarf skóla og atvinnulífs í umdæminu,
10. að annast framkvæmd annarra mála sem skrifstofunni eru fengin í lögum þessum eða reglugerðum er settar verða samkvæmt þeim.

h. (12. gr.)

Skólastjórn framhaldsskóla skal skipuð fulltrúum kennara, nemenda og annarra starfsmanna skólanna eftir nánari reglum sem fræðsluráð setur. Skólastjórn fer með málefni hvers skóla samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Skólastjórn kýs skólastjóra til fjögurra ára í senn, svo og formann skólastjórnar.

i. (13. gr.)

Þar sem tvö eða fleiri sveitarfélög innan fræðsluumdæmis standa saman að rekstri framhaldsskóla er heimilt að koma á fót samstarfsnefnd er skipuð verði fulltrúum hlutaðeigandi sveitarfélaga. Á sama hátt er heimilt, þar sem tveir eða fleiri framhaldsskólar eru starfræktir í sama sveitarfélagi, að stofna til slíks samstarfs innan sveitarfélagsins.

j. (14. gr.)

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendaráð og hefur það tillögu- og umsagnarrétt um markmið námsins, námsefni, námstilhögun og námsmat. Almenn samtök nemenda í hverjum skóla setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs.

3. Við 12. gr. Í stað 1. mgr. komi:
   Um fjölda starfsmanna og skiptingu starfa fer eftir stærð og gerð skóla og fjárveitingu hverju sinni. Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta grunnskóla skal annast hliðstæða starfsemi fyrir framhaldsskóla.
   Við hvern framhaldsskóla skal starfa námsráðgjafi einn eða fleiri og skal miða við fullt starf á hverja 300 nemendur. Verksvið hans skal vera að annast náms- og starfsráðgjöf svo og einstaklingsráðgjöf vegna vandamála sem tengjast skólagöngunni. Starfssvið skal nánar skilgreint í reglugerð.
   Við hvern framhaldsskóla skal boðið upp á sérkennslu sem sinnt er af sérkennurum.
   Menntamálaráðuneytið sér um að ætíð sé fyrir hendi efni til náms- og starfsfræðslu, þ.e. efni um einstaklinginn í atvinnulífinu, námsleiðir og störf.
4. Við 16. gr. Greinin orðist svo:
   Allir, sem lokið hafa níu ára grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun, eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla að fullnægðum kröfum um starfsþjálfun þar sem hennar er krafist. Tryggja skal að allir nemendur eigi kost á námi við hæfi.
5. Við 17.–28. gr., VII. kafla. Greinarnar orðist svo:
   a. (17. gr.)
      Framhaldsskólar bjóða fram nám í raungreinum, sérgreinum og valgreinum þannig að sem best verði komið til móts við námsmarkmið nemenda.

   b. (18. gr.)
      Nám í framhaldsskóla skal fara fram á námsbrautum sem skilgreindar eru eftir markmiðum námsins. Námsbraut skal eftir föngum skipulögð þannig að unnt sé að ljúka þar mislöngu námi. Setja má í reglugerð hvar á námsbraut slík námslok geti verið.

   c. (19. gr.)
      Í samræmi við hlutverk framhaldsskóla skal á öllum námsbrautum fara saman nám sem lýtur að almennri menntun og sérgreint nám með hliðsjón af markmiðum brautarinnar. Lögð skal áhersla á tengsl verklegra og bóklegra þátta námsins.
      Á hverri námsbraut skal gefa kost á valgreinum. Marka skal sem greiðastar leiðir milli námsbrauta svo og til áframhaldandi náms.

   d. (20. gr.)
      Nám í framhaldsskólum skal hlíta lágmarkssamræmingu. Í þessu skyni setur menntamálaráðuneytið almenna námsskrá — rammanámsskrá — þar sem skilgreind eru helstu markmið námsins og kveðið er í meginatriðum á um námsbrautir, markmið þeirra og inntak.
      Með rammanámsskránni skal tryggja jafngildi einstakra námsáfanga og viðfangsefna þannig að nemendur geti auðveldlega fært sig milli skóla.
      Við gerð rammanámsskrár skal haft samráð við fræðsluráð og samtök kennara og nemenda á framhaldsskólastigi.

   e. (21. gr.)
      Námsefni framhaldsskóla skal skipað í skilgreinda námsáfanga sem metnir séu til eininga eftir umfangi námsins.

Menntamálaráðuneytið hefur, í samráði við fræðsluráð, forgöngu um umbætur í starfi framhaldsskóla, þar með talið rannsókna- og tilraunastarf og samningu námsefnis eftir því sem þörf krefur.

f. (22. gr.)

Fræðsla skal veitt í löggiltum iðngreinum, verksmiðjuiðnaði og öðrum atvinnugreinum samkvæmt nánari ákvæðum í námsskrá. Í reglugerð skal kveða á um hverjar skuli vera löggiltar iðngreinar.

g. (23. gr.)

Menntamálaráðherra skipar Iðnfræðsluráð til fjögurra ára í senn og skal það vera til ráðuneytis um mótun heildarstefnu og skipulag í iðnfræðslu, löggiltum iðngreinum og verksmiðjuiðnaði. Iðnfræðsluráð skal skipað níu mönnum. Skulu tveir þeirra vera iðnmeistarar, tilnefndir af Landssambandi iðnaðarmanna, tveir iðnsveinar og einn fulltrúi iðnverkafólks, tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands. Félag íslenskra iðnrekenda tilnefnir einn, Samband iðnfræðsluskóla einn og Iðnnemasamband Íslands einn. Menntamálaráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn skulu valdir með sama hætti og aðalmenn. Iðnfræðsluráð veitir umsögn um tillögur að námsskrám í verklegum og bóklegum faggreinum og að stöðlum um búnað og aðstöðu og gerir tillögur um skipulag kennslueftirlits í iðngreinum. Iðnfræðsluráð gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um reglur varðandi framkvæmd námssamninga. Nánar skal kveðið á um hlutverk Iðnfræðsluráðs í reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur.

h. (24. gr.)

Menntamálaráðherra skipar fræðslunefndir í einstökum iðngreinaflokkum til fjögurra ára í senn. Nefndirnar fjalla um tilhögun fræðslunnar hver á sínu sviði og gera tillögur að námsskrám. Iðnfræðsluráð tilnefnir þrjá fulltrúa í hverja nefnd en ráðherra skipar formann og ritara. Verði því við komið skulu sömu menn gegna þeim störfum í öllum nefndunum til þess að tryggja nauðsynlega samræmingu og hagkvæmni á námsskipan iðn- og tæknibrauta. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn.

i. (25. gr.)

Til að tryggja sem víðtækust samráð við atvinnulífið er menntamálaráðuneytinu heimilt að skipa sérstök fræðsluráð og/eða fræðslunefndir til viðbótar þeim, sem nefndar eru í 23. gr., til að vera ráðuneytinu til aðstoðar við framkvæmd laga þessara. Kveðið skal á um starfssvið og skipan slíkra nefnda í reglugerð.

j. (26. gr.)

Heimilt er skólanefnd að gera samninga við iðnmeistara, fyrirtæki eða stofnun um að annast tiltekna þætti verklegrar menntunar í samstarfi við framhaldsskóla. Slíkir samningar skulu staðfestir af menntamálaráðuneytinu og hefur ráðuneytið yfirumsjón með framkvæmd þeirra.

Heimilt er iðnmeisturum að taka nemendur til verklegs náms í löggiltum iðngreinum og skal gera um það sérstaka námssamninga. Í reglugerð, sem menntamálaráðherra setur, skal kveðið á um gerð námssamninga, réttindi og skyldur samningsaðila, námslok, próf, útgáfu prófskírteina og starfsréttindi í samræmi við lög um atvinnuréttindi iðnaðarmanna.

Menntamálaráðuneytið getur að höfðu samráði við Iðnfræðsluráð veitt mönnum heimild til að ganga undir verklegt próf í iðngrein án skólanáms, enda leggi umsækjandi fram:

a. umsögn viðkomandi iðnaðarmannafélags í heimabyggð umsækjanda; starfi slíkt félag ekki skal leita umsagnar svæðasambands eða landssambands í greininni,
b. umsögn meistara og vottorð um að viðkomandi hafi unnið við iðnina í átta ár.

Standist umsækjandi prófið öðlast hann sveinsbréf sem veitir ekki réttindi til inngöngu í meistaraskóla nema hann ljúki burtfararprófi frá iðnfræðsluskóla í faggreinum iðngreinarinnar.

k. (27. gr.)

Skylt er menntamálaráðuneytinu að halda uppi framhaldsnámi fyrir iðnsveina til meistaraprófs í því skyni að veita þeim aukna þekkingu í starfsgrein sinni, stjórnun og rekstri fyrirtækja.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um nám til meistaraprófs.

Um námsgjöld vegna náms samkvæmt þessari grein gilda ákvæði IX. kafla.

l. (28. gr.)

Nám, sem krafist er til þess að öðlast atvinnuréttindi, skal skipulagt í samvinnu við stofnanir og/eða þá sérskóla á framhaldsskólastigi sem starfa samkvæmt sérstökum reglugerðum. Auk starfsréttinda skal námið veita rétt til frekara náms. Nánari ákvæði hér að lútandi skulu tilgreind í reglugerð. Starfi sérstök fræðsluráð tengd atvinnuvegum skulu þau vera umsagnaraðilar um hlutaðeigandi nám, sbr. 23. gr.

6. Við 29.–31. gr. Greinarnar falli niður.
7. Við 32. gr. 2. mgr. falli niður.
8. Við 34. gr. 1. málsl. 2. mgr. falli niður.
9. Við 37. gr. 2. málsl. 4. mgr. orðist svo: Menntamálaráðherra skipar skólanefnd, þar af formann án tilnefningar en aðra tilnefnda af eignaraðilum.

Ed. 865. Frumvarp til laga [293. mál]

um breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum.

(Eftir 3. umr. í Nd., 18. apríl.)

1. gr.

3. málsl. 3. gr. laganna falli niður.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Um tilbúning og framleiðslu áfengra drykkja fer samkvæmt lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi og tóbak, með síðari breytingum.

Önnur framleiðsla, tilbúningur og bruggun áfengra drykkja eða áfengisvökva er bönnuð á Íslandi, svo og að gera drykkjarhæft það áfengi sem er eða gert hefur verið óhæft til drykkjar.

3. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Upptæk skal gera öll áhöld sem með ólögmætum hætti á að nota eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkjarhæft það áfengi sem ódrykkjarhæft var. Áfengi það, sem búið hefur verið til eða aftur gert drykkjarhæft með ólögmætum hætti, skal og gert upptækt ásamt ílátum.

4. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast innflutning, dreifingu og sölu áfengis, sbr. lög um verslun ríkisins með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, með síðari breytingum. Óheimilt er að gefa veitingamönnum afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði til almennings.

5. gr.

1. mgr. 15. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu áfengis samkvæmt þessum kafla.

6. gr.

Lög þessi taka gildi 1. mars 1989.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra skal skipa fimm manna nefnd til að gera tillögur er stuðlað gætu að því að draga úr heildarneyslu áfengis. Meðal annars ber nefndinni að fjalla um verðlagningu áfengis og leiðir til að vara við hættum sem fylgja neyslu þess, t.d. með áprentuðum upplýsingum um áfengishlutfall og ákvæði umferðarlaga. Einnig skal nefndin gera tillögu um sérstaka fræðsluherferð um áfengismál, einkum meðal skólafólks, er hefjist eigi síðar en mánuði áður en lög þessi koma til framkvæmda.

Sþ. 866. Fyrirspurn [497. mál]

til menntamálaráðherra um lausar stöður kennara og skólastjóra og ráðningu í þær.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur.

Hversu margar stöður

a. kennara,
b. skólastjóra

munu fyrirsjáanlega losna annars vegar við grunnskóla og hins vegar við framhaldsskóla nú í vor?

Hverjar eru horfur með ráðningu í þær í haust?

Sþ. 867. Fyrirspurn [498. mál]

til iðnaðarráðherra um varðveislu upplýsinga og áætlana um nýiðnað og um atvinnunjósnir.

Frá Stefáni Guðmundssyni.

1. Hvernig er háttað umfjöllun af hálfu sjóða og lánastofnana um umsóknir og áætlanir vegna ýmissa nýiðnaðarhugmynda, svo og varðveislu gagna er þeim tengjast?
2. Telur ráðherra að gætt sé nægilegrar varúðar að því er varðar slík gögn svo að komið sé í veg fyrir að upplýsingar berist óviðkomandi, jafnvel samkeppnisaðilum á sömu atvinnusviðum?
3. Telur ráðherra ástæðu til að ætla að svonefndar atvinnunjósnir séu stundaðar á Íslandi? Ef svo er, hvaða ráðstöfunum hyggst ráðherra beita gegn slíku?

Sþ. 868. Fyrirspurn [499. mál]

til fjármálaráðherra og menntamálaráðherra um deilur kennarasamtaka og ríkisins.

Frá Danfríði Skarphéðinsdóttur.

Hvernig ætlar ríkisstjórnin að taka á þeim deilum sem nú eru uppi milli samtaka kennara og ríkisins?

Ed. 869. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og fengið á sinn fund Sigríði Ingvarsdóttur héraðsdómara, formann Barnaverndarráðs Íslands, Guðjón M. Bjarnason, starfsmann Barnaverndarráðs, Hallvarð Einvarðsson ríkissaksóknara, Högna Óskarsson sálfræðing og Svölu Thorlacíus hrl. Einnig fékk nefndin skriflegar umsagnir frá ríkissaksóknara, Dómarafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands og réttarfarsnefnd. Nefndarmenn hafa orðið sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum sem fram koma á þskj. 871.

Eyjólfur Konráð Jónsson var fjarstaddur lokaafgreiðslu málsins.

Skúli Alexandersson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 19. apríl 1988.

Jóhann Einvarðsson, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Eiður Guðnason.	Guðrún Agnarsdóttir.	Stefán Guðmundsson.

Ed. 870. Nefndarálit [276. mál]

um frv. til l. um lögreglusamþykktir.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og fengið umsagnir frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og Sýslumannafélagi Íslands. Nefndin mælir með að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Eyjólfur Konráð Jónsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Skúli Alexandersson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 19. apríl 1988.

Jóhann Einvarðsson, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Eiður Guðnason.	Guðrún Agnarsdóttir.	Stefán Guðmundsson.

Ed. 871. Breytingartillaga [5. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Við 138. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Brot, sem falla undir XXI. og XXII. kafla hegningarlaga, um sifskaparbrot og skírlífisbrot, skulu hafa forgang fram yfir önnur refsilagabrot hvað varðar rannsókn, ákæru og dómsmeðferð.

Sþ. 872. Fyrirspurn [500. mál]

til menntamálaráðherra um menntun iðjuþjálfa.

Frá Svavari Gestssyni.

Hver eru áform menntamálaráðuneytisins um skipulagt nám fyrir iðjuþjálfun hér á landi?

Sþ. 873. Skýrsla [501. mál]

iðnaðarráðherra um orkuverð.

(Lögð fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

Formáli.

Hinn 7. apríl sl. samþykkti ríkisstjórnin aðgerðir sem ætlað var að koma í veg fyrir hækkun raforkuverðs. Sama dag samþykkti stjórn Landsvirkjunar að endurgreiða hluta orkuverðs til þeirra sem nú njóta niðurgreiddrar rafhitunar. Þessari skýrslu er ætlað að skýra sérstaklega áhrif þessara breytinga og gera jafnframt grein fyrir þróun orkuverðs á undanförnum árum. Var hún unnin með aðstoð Orkustofnunar.

Helstu niðurstöður eru:

1) Rafhitunarkostnaður hefur ekki verið lægri á þessum áratug.
2) Munur á hitunarkostnaði heimila á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu hefur aldrei verið minni.

Friðrik Sophusson
iðnaðarráðherra.

1. Inngangur.

Að undanförnu hefur mikið verið fjallað um orkuverð, einkum til húshitunar. Ástæður þess eru aðallega þrjár:

1) Verðhækkanir hjá RARIK á síðari hluta síðastliðins árs, eftir að verðið hafði lengi staðið í stað eða jafnvel lækkað að krónutölu.
2) Lækkandi verð á olíu.
3) Mismunandi aflestrarreglur. Hjá Hitaveitu Reykjavíkur, sem gjarnan er miðað við, er lesið af mælum einu sinni á ári og er greiðslubyrðinni síðan jafnað á alla mánuði ársins. Hjá Orkubúi Vestfjarða og hjá Rafmagnsveitum ríkisins er hins vegar lesið oftar af mælum, þannig að reikningar eru hærri á veturna, þegar notkun er meiri en á sumrin.

Við umræður hefur nokkuð borið á því að settar væru fram villandi fullyrðingar, sem fyrst og fremst er vegna skorts á upplýsingum. Þessi skýrsla er samin í þeim tilgangi að upplýsa hvernig orkuverð, einkum til húshitunar, hefur þróast hér á landi undanfarin ár, jafnframt því sem gerð er grein fyrir nokkrum þáttum, sem áhrif hafa á orkunotkun við upphitun húsa.

2. Olíuverð.

Miklar sveiflur hafa verið á olíuverði á undanförnum árum. Olíuverð var mjög hátt fyrir nokkrum árum, en hefur lækkað svo að olían kostar nú aðeins um þriðjung af því sem hún kostaði þegar það var hæst árið 1983, miðað við fast verðlag (launavísitölu). Þetta hefur leitt til þess, að árið 1986 varð ódýrara að hita hús með olíu en með óniðurgreiddu rafmagni, og í lok síðasta árs varð niðurgreidd rafhitun dýrari en olíukynding. Mynd 1 sýnir breytingar á olíuverði síðan 1980.

3. Húshitun.

3.1. Orkunotkun.

Orkunotkun til húshitunar er mikil á Íslandi. Ástæða þessarar miklu notkunar í þessu skyni má fyrst og fremst rekja til veðurfars. Það eru þó fjölmargir aðrir þættir sem hafa áhrif á hversu mikla orku þarf til að kynda híbýlin og kannanir sýna að um tvöfaldur munur getur verið á orkunotkun tveggja „eins“ húsa sem byggð eru eftir sömu teikningum.

Þessum mun veldur m.a. ástand hússins, hitastýritæki og hitunarvenjur íbúa þess.

Helstu þættir, sem hafa áhrif á upphitunarþörf og hafa þarf í huga við samanburð á hitunarkostnaði, eru:

- Gerð og stærð hússins, einkum flatarmál yfirborðs og rúmmál þess. Þannig er orkunotkun í litlum húsum að öðru jöfnu meiri en í stórum húsum. Orkunotkun á rúmmálseiningu í stórum blokkum er t.d. aðeins um helmingur þess sem hún er í litlum einbýlishúsum.
- Ástand hússins, einkum einangrun (þaks, veggja og gólfs), hversu þétt húsið er og hvort einfalt eða tvöfalt gler er í gluggum. Í þessu sambandi má benda á, að kröfur í byggingarreglugerð um þessa þætti hafa verið hertar mikið á undanförnum árum og yngri hús nota því að jafnaði minni orku til upphitunar. Stýring hitakerfis er einnig þýðingarmikil.
- Veðurfar, einkum hitastig og vindafar. Gera má ráð fyrir að hitunarþörf aukist um 6–7% á hverja gráðu sem útihitastig lækkar um. Hitafar er svipað um allt land, t.d. er meðalhitastig í Reykjavík um 5 gráður, 3,5–4 gráður á Vestfjörðum, um 4 gráður á Akureyri og 4–5 gráður á Austurlandi.
- Hitunarvenjur íbúa hafa mikil áhrif á orkunotkun. Orkuþörfin vex um 6–7% fyrir hverja gráðu sem innihitastigið er hækkað. Loftræsting vegur einnig þungt.

Öll þessi atriði og raunar fleiri verður að hafa í huga þegar verið er að bera saman orkukostnað við upphitun húsa. Á mynd 2 er sýnd dreifing raforkunotkunar til húshitunar hjá Rafmagnsveitum ríkisins (gjaldskrárliður C), fyrir fimm árum. Samtals eru húsin 2.647. Á myndinni sést að um 10% húsanna nota innan við 60 kWst til upphitunar á hverjum rúmmetra og um 10% þeirra meira en 135 kWst. Í töflu 1 er meðalraforkunotkun til húshitunar í sveitarfélögum á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins sýnd. Í töflu 2 er sýnd olíunotkun til húshitunar í nokkrum sveitarfélögum á árunum um 1980. Eins og sjá má er veruleg dreifing á orkunotkun milli sveitarfélaga, hvað þá milli einstakra húsa.

Orkunotkun við upphitun á atvinnuhúsnæði er mjög breytileg. Auk þeirra þátta sem nefndir eru að framan skiptir eðli atvinnustarfseminnar mjög miklu máli. Mikið af atvinnuhúsnæðinu er einungis hitað að hluta og sumt aðeins hluta úr ári. Það er því ekki hægt að yfirfæra tölur um upphitunarþörf íbúðarhúsnæðis á atvinnuhúsnæði.

Tafla 1.

Raforkunotkun til húshitunar, samkvæmt gjaldskrárlið C hjá Rafmagnsveitum ríkisins.
(Heimild: Rafhitað húsnæði í þéttbýli utan hitaveitusvæða, Orkustofnun OS-84099/OBD-03 B).

Sveitarfélag	Raforkunotkun kWh/m^3/ári	Fjöldi húsa
Neshreppur	94	95
Ólafsvík	89	180
Eyrarsveit	72	117
Stykkishólmur	75	219
Laxárdalshreppur	80	24
Höfðahreppur	74	121
Hofsóshreppur	89	68
Árskógshreppur	68	46
Arnarneshreppur	66	18
Svalbarðsstrandarhr.	53	16
Grýtubakkahreppur	71	59
Presthólahreppur	72	54
Raufarhöfn	92	98
Þórshafnarhreppur	75	112
Seyðisfjörður	55	62
Neskaupstaður	68	303
Eskifjörður	77	174
Skeggjastaðahreppur	93	23
Vopnafjörður	85	150
Borgarfjarðarhreppur	68	41
Búðahreppur	81	162
Stöðvarhreppur	84	76
Breiðdalshreppur	91	56
Búlandshreppur	91	85
Nesjahreppur	70	30
Hafnarhreppur	69	159
Kirkjubæjarhreppur	74	28
Hvammshreppur	71	71
Samtals	77	2.647

Tafla 2.

Olíunotkun til húshitunar.

(Heimild: Athugun á vatnsnotkun og upphitunarkostnaði hjá nokkrum hitaveitum, Fjarhitun hf. júní 1984.)

Sveitarfélag	Olíunotkun l/m^3/ári	Athugasemdir
Höfn	16,2	153 hús
Djúpivogur	20,7	54
Breiðdalsvík	23,7	10
Vopnafjörður	15,3	
Ólafsvík	13,6	
Hellissandur	13,6	Öll hús
Stykkishólmur	13,6	
Búðardalur	14,3	25
Grenivík	14,0	Öll hús
Grundarfjörður	13,5	Öll hús
Akranes	12,7	Einbýlishús
Borgarnes	12,5	Einbýlishús
Bolungarvík	19,7	56 hús
Raufarhöfn	18,1	14 hús
Neskaupstaður	14,4	35 hús
Hvolsvöllur	15,3	31 hús

3.2. Hitunarkostnaður íbúðarhúsnæðis.

Í töflu 3 og á mynd 3 er borið saman orkuverð (kr/kWst) við upphitun miðað við olíukyndingu (án olíustyrks), rafhitun frá RARIK með og án niðurgreiðslna, heitt vatn frá Hitaveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og Hitaveitu Seyðisfjarðar, fyrir tímabilið 1980 til 1987, ásamt spá fyrir árið 1988. Á mynd 4 er borið saman orkuverð miðað við olíukyndingu, rafhitun frá RARIK með og án niðurgreiðslna, og heitt vatn frá Hitaveitu Reykjavíkur. Orkuverð er fært til verðlags í mars 1988 miðað við launavísitölu. Um þróun verðlags á árinu 1988 er stuðst við spá Þjóðhagsstofnunar um almenna launaþróun og miðað við að launavísitalan þróist með sama hætti.

Rafmagn til hitunar íbúðarhúsnæðis er niðurgreitt allt að 40.000 kWst/ári á mæli. Notkun fram yfir það greiðist fullu verði. Hitun á atvinnuhúsnæði er ekki niðurgreidd.

3.2.1. Forsendur útreikninga.

Við útreikninga á orkuverði er miðað við eftirfarandi forsendur:

- Orkunotkun við hitun húsnæðis og neysluvatns sé 40.000 kWst. Þetta jafngildir orkuþörf til upphitunar á um 490 rúmmetra einbýlishúsi.
- Árlegur kostnaður vegna viðhalds og stillingar olíukyndingartækis sé 3.500 kr/ári, miðað við verðlag í mars 1988. Raforkunotkun brennara og vatnsdælu sé 0,06 kWst á hvern lítra af olíu sem brennt er. Fyrir 490 rúmmetra hús er þessi kostnaður því um 5.800 kr/ári.* Borið saman við gildin í töflu 1 er þetta lítil olíunotkun, hins vegar má með nýrri kyndingartækjum ná betri nýtni og gæti því olíunotkun farið niður í um 11,5 lítra á rúmmetra. Ekki er tekið tillit til kostnaðar vegna kyndiklefa, afskrifta kynditækis og kostnaðar við umhirðu þess.
- Vatn frá Hitaveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Seyðisfjarðar kólni um 40 gráður á Celsíus við að renna um ofnkerfi húsanna, en heitt neysluvatn um 75 gráður, úr 80 gráðum í 5 gráður, enda þyrfti að hita upp kalt vatn til að mæta þeim þörfum. Þetta jafngildir því að um 50 kWst fáist úr hverju tonni af vatni.
- Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar selur heitt vatn um hemil. Samkvæmt því er greitt fyrir hámarksrennslið sem notað er til upphitunar. Auk þess fá notendur neysluvatn óskammtað utan hemils. Reiknað er með að 2,9 mínútulítrar samsvari 40.000 kWst ársnotkun.

* Reiknað er með að olíunotkun sé 13,5 l/m^3/ári.

Tafla 3.

Orkukostnaður (kr/kWh) við hitun íbúðarhúsnæðis 1980 til 1987 ásamt spá fyrir 1988, annars vegar fyrir tímabilið janúar til mars og hins vegar fyrir tímabilið apríl til desember.

Leiðrétt miðað við launavísitölu. Verðlag í mars 1988 (vísitala 1928 stig).

Ár	Olía án olíustyrks	Rarik án niðurgr.	Rarik með niðurgr.	Hitav. Reykjavíkur	Hitav. Akranes og Borgarfjarðar	Hitav. Seyðisfj.
1980	3,69	2,00	2,00	0,44	-	-
1981	3,59	2,06	2,06	0,43	1,42	-
1982	3,88	2,48	2,37	0,46	1,51	2,13
1983	4,58	3,58	2,53	0,68	2,35	2,34
1984	4,10	3,51	2,15	0,89	2,55	2,16
1985	3,85	3,06	1,83	0,75	2,53	1,84
1986	2,40	2,64	1,68	0,66	2,23	1,61
1987	1,68	2,30	1,55	0,64	1,86	1,49
J-M 1988	1,56	2,40	1,76	0,63	1,47	1,55
A-D 1988[1)]	1,37[1)]	1,93[1)]	1,36[1)]	0,61[1)]	1,43[1)]	1,36[1)]

[1)] Ekki er gert ráð fyrir að orkuverð lækki í krónutölu síðari hluta þessa árs, heldur reiknað með að laun hækki og orkuverð muni því lækka miðað við launavísitölu í mars.

3.2.2. Aðgerðir Landsvirkjunar og ríkisstjórnarinnar til að lækka rafmagnsverð til hitunar.

Á fundi sínum 7. apríl s.l. samþykkti stjórn Landsvirkjunar að endurgreiða sem svarar 0,25 kr/kWst til þeirra sem njóta fullrar niðurgreiðslu á rafhitun, þannig að hún er nú samkeppnisfær við olíuhitun. Þessi lækkun gildir frá 1. apríl s.l. Á sama fundi var ákveðið að hækka almenna gjaldskrá um 3,7% frá 1. maí n.k. Sú hækkun hefur í för með sér 2,7% hækkun á rafmagni í smásölu. Þessi hækkun leiðir ekki til hækkunar á niðurgreiddri rafhitun.

Á ríkisstjórnarfundi sama dag var kynnt samkomulag Fjármálaráðuneytisins og Iðnaðarráðuneytisins um aðgerðir til lækkunar orkuverðs til hitunar. Fulltrúi Framsóknarflokksins tók þátt í viðræðum ráðuneytanna. Helstu atriði samkomulagsins eru:

- Rafmagnsveitur ríkisins vinna að hagræðingu á rekstri og mun Iðnaðarráðuneytið fylgjast með framgangi hennar.
- Gjaldfallnar greiðslur af lánum að upphæð 40,2 mkr hjá Orkubúi Vestfjarða og 56,7 mkr hjá Rafmagnsveitum ríkisins falla niður. Þessar greiðslur hefðu að öðrum kosti haft 5–10% hækkun á gjaldskrá í för með sér.
- Áhrif virðisaukaskatts á húshitun verði sérstaklega skoðuð, en hann mun leggjast á húshitun og gasolíu, en verður endurgreiddur eftir ákveðnum reglum.
- Ráðuneytin eru sammála um að ekki skuli taka lán til að standa undir venjulegum framkvæmdum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.
- Haldið verði áfram viðræðum um skuldir fyrirtækjanna og forsendur samnings um yfirtöku ríkisins á hluta af skuldum fyrirtækjanna, sem gerður var í tengslum við afnám verðjöfnunargjalds á rafmagn.
- Niðurgreiðslur verða óbreyttar út þetta ár, en þær eru jafnmiklar að krónutölu og árið 1987.
- Bent var á að hentugra væri að jafna greiðslubyrðinni yfir árið, eins og gert er í Reykjavík, en hjá RARIK og OV er lesið oftar af mælum og eru reikningar því hærri á veturna en á sumrin.

3.2.3. Áhrif mismunandi aflestrarreglna.

Í umræðum að undanförnu hefur gætt nokkurs misskilnings vegna mismunandi aflestrarreglna hjá orkufyrirtækjunum. Hér á eftir verður reynt að skýra með dæmi áhrif þessa munar.

Rafmagnsnotkun til hitunar í kaldasta mánuði er 40–50% meiri en í meðalmánuði. Ef rafmagnsreikningur fyrir hitun í janúar og febrúar hefur verið að upphæð 16 þús. krónur, þýðir það að meðalkostnaður á mánuði hefði verið um 8.000/1,45 = 5.500 kr á mánuði, ef kostnaðinum væri dreift jafnt yfir árið. Þetta jafngildir 37.000 kWst ársnotkun, sem er eðlileg notkun fyrir u.þ.b. 460 m^3 hús.

Eftir þá breytingu, sem tók gildi 1. apríl s.l. yrði meðalkostnaður fyrir hús af þessari stærð u.þ.b. 4.700 kr/mánuði.

4. Kostnaður við raforkukaup til almennra heimilisnota.

Oft er miðað við að raforkunotkun til almennra heimilisnota sé um 4.000 kWst/ári. Í nýjum vísitölugrunni er miðað við 4.195 kWst. Í töflu 4 og á mynd 5 er borinn saman orkukostnaður hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur miðað við 4.000 kWst ársnotkun, fyrir tímabilið 1980 til 1987 ásamt spá fyrir 1988.

Tafla 4.

Raforkuverð til almennra heimilisnota (kr/kWh) 1980 til 1987, ásamt spá fyrir 1988, annars vegar fyrir tímabilið janúar til apríl og hins vegar fyrir tímabilið maí til desember.
Leiðrétt miðað við launavísitölu. Verðlag í mars 1988 (vísitala 1928 stig).

Ár	Rafmagnsveitur ríkisins	Rafmagnsveita Reykjavíkur
1980	7,31	5,22
1981	6,62	5,28
1982	7,97	6,39
1983	11,59	9,29
1984	11,47	9,19
1985	10,26	7,82
1986	7,62	5,83
1987	6,38	4,69
J-M 1988	6,50	4,78
A-D 1988[1)]	6,00[1)]	4,65[1)]

[1)] Sjá athugasemd við töflu 3.

5. Orkukostnaður heimila.

Tafla 5 og mynd 6 sýna hvernig orkukostnaður heimilanna hefur breyst síðan 1980. Miðað er við vísitölu launa. Orkunotkun til hitunar áætlast 40.000 kWst/ári, en til annarra heimilisþarfa 4.000 kWst/ári.

Tafla 5.

Útgjöld heimilis til raforkukaupa 1980 til 1987, samkvæmt gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, ásamt spá fyrir 1988, annars vegar fyrir tímabilið janúar til mars og hins vegar fyrir tímabilið apríl til desember.
Leiðrétt miðað við launavísitölu. Verðlag í mars 1988 (vísitala 1928 stig).

Ár	Almenn raforkunotkun kr/ári	Hitun án niðurgreiðslu kr/ári	Niðurgreiðslur kr/ári	Hitun með niðurgreiðslum kr/ári	Útgjöld kr/ári
1980	29.200	80.300	-	80.300	109.500
1981	26.500	82.300	-	82.300	108.800
1982	31.900	99.200	4.500	94.700	126.600
1983	46.400	143.200	42.000	101.200	147.600
1984	45.900	140.600	54.700	85.900	131.800
1985	41.000	122.600	49.200	73.400	114.400
1986	30.500	105.800	38.700	67.100	97.600
1987	25.500	92.200	30.100	62.100	87.600
J-M 1988	26.000	96.000	25.400	70.600	96.600
A-D 1988[1)]	24.000[1)]	77.300[1)]	22.900[1)]	54.400[1)]	78.400[1)]

[1)] Sjá athugasemd við töflu 3.

6. Raforkukaup samkvæmt afltaxta.

Fyrirtæki, sem nota meira afl en 15 kW hjá Rafmagnsveitum ríkisins og meira en 30 kW hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, eiga kost á að kaupa raforku á svokölluðum afltaxta. Orkuverð samkvæmt þessum gjaldskrárlið er mjög háð því hversu mikinn hluta ársins það afl, sem keypt er, er notað. Þannig lækkar orkuverðið (kr/kWst) um nálega þriðjung ef nýtingartíminn fer úr 2.500 klukkustundum á ári í 5.000 stundir. Í töflu 6 og á mynd 7 er borinn saman orkukostnaður hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur miðað við 2.500 klukkustunda nýtingartíma á ári, fyrir tímabilið 1980 til 1987 ásamt spá fyrir 1988.

Tafla 6.

Raforkuverð samkvæmt afltaxta (kr/kWh) 1980 til 1987, ásamt spá fyrir 1988, annars vegar fyrir tímabilið janúar til mars og hins vegar fyrir tímabilið apríl til desember.
Leiðrétt miðað við launavísitölu. Verðlag í mars 1988 (vísitala 1928 stig).

Ár	Rafmagnsveitur ríkisins	Rafmagnsveita Reykjavíkur
1980	4,88	3,25
1981	5,11	3,36
1982	6,14	4,58
1983	8,90	6,64
1984	9,04	5,31
1985	8,17	5,37
1986	6,06	4,01
1987	5,07	3,28
J-M 1988	5,16	3,30
A-D 1988[1)]	4,76[1)]	3,37[1)]

[1)] Sjá athugasemd við töflu 3.

7. Lokaorð.

Í þessari skýrslu hefur verið leitast við að skýra hvernig orkuverð hefur breyst á undanförnum árum og enn fremur áhrif hinna mismunandi aflestrarreglna. Hitunarkostnaður heimilanna hefur aldrei verið lægri en nú og munur á hitunarkostnaði milli landshluta hefur aldrei verið minni. Heildarrafmagnskostnaður heimilanna hefur heldur aldrei verið lægri, og er þá miðað við fast verðlag (launavísitölu).

Rafmagn hefur lækkað í verði á undanförnum árum og Landsvirkjun stefnir að því að geta lækkað heildsöluverð um a.m.k. 3% á ári til aldamóta og verður heildsöluverð á rafmagni þá aðeins um 70% af því sem það er núna.

Niðurgreiðslur eiga sinn þátt í hinu lága orkuverði til neytenda en mestu máli skiptir að raunverulegur kostnaður við öflun og dreifingu orkunnar verði sem lægstur. Til hitunar getur verið hagkvæmt að nýta afgangsrafmagn utan mesta álagstíma, en þá verður að vera fyrir hendi miðlun og varaafl, t.d. olíukatlar. Þetta er lausn, sem bæði einstaklingar og sveitarfélög geta nýtt sér, eins og sums staðar hefur verið gert.


ORKUSTOFNUN
Meðalverð á gasolíu 1980 til 1987,
ásamt spá fyrir 1988. Verðlag í mars 1988.
Leiðrétt miðað við launavísitölu.
kr/lítra
30
25
20
15
10
5
0
1980
1981
1982
1983
1984
1985
1986
1987
J-M 1988
A-D 1988
Ár

Mynd 1.



Mynd 2. Dreifing raforkunotkunar á gjaldskrárlið C til hitunar íbúðarhúsnæðis eftir notkun á rúmmetra. (Samtals 2.647 hús).


ORKUSTOFNUN
Orkukostnaður við hitun íbúðarhúsnæðis, 1980 til 1987, ásamt spá fyrir 1988.
Verðlag í mars 1988. Leiðrétt miðað við launavísitölu.
kr/kWh
4,5
4
3,5
3
2,5
2
1,5
1
0,5
0
1980 1981 1982 1983 1984 1985 1986 1987 J-M 1988 A-D 1988
Olía án olíustyrks
Rarik án niðurgr.
Rarik með niðurgr
Hitav. Rvk.
Hitaveita Akran.&Borgarf
Hitaveita Seyðisfjarðar

Mynd 3.


Orkukostnaður við hitun íbúðarhúsnæðis,
1980 til 1987, ásamt spá fyrir 1988.
Verðlag í mars 1988. Leiðrétt miðað við launavísitölu.
ORKUSTOFNUN
kr/kWh
4,5
4
3,5
3
2,5
2
1,5
1
0,5
0
1980
1981
1982
1983
1984
1985
1986
1987
J-M 1988
A-D 1988
Olía án olíustyrks
Rarik án niðurgr.
Rarik með niðurgr
Hitav. Rvk.

Mynd 4.


Raforkuverð til almennra heimilisnota 1980 til 1987, ásamt spá fyrir 1988. Verðlag í mars 1988. Leiðrétt miðað við launavísitölu.
kr/kWh
ORKUSTOFNUN
12
10
8
6
4
2
0
1980
1981
1982
1983
1984
1985
1986
1987
J-M 1988
A-D 1988
Rafmagnsveitur ríkisins
Rafmagnsveita Reykjavíkur

Mynd 5.


Útgjöld heimilis til raforkukaupa 1980-1987, ásamt spá fyrir 1988, skv. gjaldskrá Rarik. Verðlag í mars 1988, samkvæmt launavísitölu. Miðað er við að raforkunotkun til hitunar sé 40.000 kWh/ári og almenn heimilisnotkun sé 4.000 kWh/ári.
ORKUSTOFNUN
Þús. kr
200
180
160
140
120
100
80
60
40
20
0
1980
1981
1982
1983
1984
1985
1986
1987
J-M 1988
A-D 1988
Niðurgreiðslur
Hitun með niðurgr.
Almenn heimilisnotkun

Mynd 6.


Raforkuverð samkvæmt afltaxta 1980 til 1987, ásamt spá fyrir 1988. Verðlag í mars 1988. Leiðrétt miðað við launavísitölu. Gert er ráð fyrir 2.500 klst. nýtingartíma.
kr/kWh
ORKUSTOFNUN
10
9
8
7
6
5
4
3
2
1
0
1980
1981
1982
1983
1984
1985
1986
1987
J-M 1988
A-D 1988
Rafmagnsveitur ríkisins
Rafmagnsveita Reykjavíkur

Mynd 7.

Ed. 874. Nefndarálit [100. mál]

um frv. til l. um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og það kom frá neðri deild.

Eyjólfur Konráð Jónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Skúli Alexandersson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 20. apríl 1988.

Jóhann Einvarðsson, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Eiður Guðnason.	Guðrún Agnarsdóttir.	Stefán Guðmundsson.

Sþ. 875. Svar [337. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um greiðslur fyrir lyf og læknisþjónustu.

Ráðuneytið leitaði til Tryggingastofnunar ríkisins til þess að reyna að fá svar við fyrirspurninni. Þar að auki var stuðst við þau gögn sem til eru í ráðuneytinu, í lyfjamáladeild og skrifstofu fjármála.

Upplýsingarnar, sem gefnar eru, eru með eftirfarandi takmörkunum:

1. Þær eru allar byggðar á einstökum könnunum þar sem reynt er að leiða út hlutfallslega þátttöku sjúklinga.
2. Engar upplýsingar eru til um hlutdeild sjúklinga í röntgengreiningu.
3. Hlutdeild í lyfjakostnaði er ekki unnt að skipta í innlend og erlend sérlyf.
4. Sundurliðun milli öryrkja og ellilífeyrisþega er ekki fyrir hendi og engar upplýsingar eru til um þátttöku þeirra í kostnaði af þjónustu heilsugæslu- og heimilislækna.
5. Þar sem reikningar sjúkrasamlaga og Tryggingastofnunar ríkisins fyrir árið 1987 liggja ekki fyrir er um meiri ágiskun að ræða varðandi árið 1987 en árið 1986 og hvað árið 1988 varðar er tekið tillit til reglugerðar um greiðslu sjúklinga fyrir læknishjálp og lyf.

Svar við fyrirspurninni verður því þannig:

Áætlaður hluti sjúklinga, viðskiptamanna sjúkrasamlaganna, árin 1986, 1987 og 1988.

Heildargreiðslur sjúklinga í millj. kr.	**1986**	**1987**	**1988**
1. Fyrir þjónustu heilsugæslu- og heimilislækna	55	60	80
2. Fyrir sérfræðilæknishjálp	82	95	130
3. Fyrir lyf sem samlög taka þátt í	210	244	300

Þar af hluti elli- og örorkulífeyrisþega:	**1986**	**1987**	**1988**
1. Fyrir sérfræðilæknishjálp	3.8	4.3	5.1
2. Fyrir lyf sem samlög taka þátt í	28	34	39

Sþ. **876. Svar** [407. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um afkomu sjúkrahúsa á árinu 1987.

Endanlega endurskoðaðir reikningar fyrir árið 1987 liggja ekki fyrir frá öllum sjúkrahúsum landsins. Eftirfarandi tölur eiga þó að vera nokkuð ábyggilegar og ólíklegt að útkoma breytist svo neinu nemi.

Tölur um rekstrarhalla eru settar fram í milljónum króna og sem hlutfall af heildargjöldum hverrar stofnunar.

a. Sjúkrahús sem fá rekstrarframlög úr ríkissjóði á hvern nýttan legudag.

Af þeim stofnunum, sem fá daggjald á hvern nýttan legudag, eru einungis fjórar sem telja má sem sjúkrahús. Þessi sjúkrahús eru:

	Halli	%
Sjúkrahúsið Bolungarvík	5.9	25.2
Sjúkrahúsið Hvammstanga	9.7	18.3
St. Fransiskusspítalinn Stykkishólmi	12.5	22.5
St. Jósefsspítali Hafnarfirði	29.9	19.0
b.1. Ríkisspítalar.		
Ríkisspítalar	40.0	1.2
b.2. Sjúkrahús sem fá föst framlög á fjárlögum.		
Sjúkrahúsið Akranesi	18.8	7.1
Sjúkrahúsið Patreksfirði	2.4	5.0
Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði	12.5	12.9
Héraðshælið Blönduósi	0	
Sjúkrahúsið Sauðárkróki	15.0	9.3
Sjúkrahúsið Siglufirði	2.6	3.6
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	36.6	5.5
Sjúkrahúsið Húsavík	15.0	10.1
Sjúkrahúsið Seyðisfirði	6.3	13.9
Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	9.0	8.8
Sjúkrahúsið Egilsstöðum	3.3	5.7
Sjúkrahúsið Selfossi	15.0	10.5
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	4.0	3.5
Sjúkrahúsið Keflavík	41.0	24.7
Sólvangur Hafnarfirði	7.0	5.3
Borgarspítalinn í Reykjavík	81.0	4.9
St. Jósefsspítali Landakoti	118.4	13.4

Ed. 877. Nefndarálit [260. mál]

um frv. til l. um brottfall ýmissa laga á sviði viðskiptamála.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og er sammála um að mæla með samþykkt þess.

Guðmundur Ágústsson og Guðrún Agnarsdóttir sátu fundi nefndarinnar og eru samþykk þessu áliti.

Alþingi, 20. apríl 1988.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Valgerður Sverrisdóttir.
Eiður Guðnason.	Jóhann Einvarðsson.	Svavar Gestsson.

Nd. 878. Nefndarálit [202. mál]

um frv. til l. um Háskólann á Akureyri.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt efni frumvarpsins á tveimur fundum og mælir einróma með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá efri deild.

Tveir nefndarmenn skrifa þó undir nefndarálitið með fyrirvara.

Alþingi, 20. apríl 1988.

Guðmundur G. Þórarinsson, form.	Ólafur Þ. Þórðarson, fundaskr.	Sverrir Hermannsson, frsm.
Ragnhildur Helgadóttir, með fyrirvara.	Þórhildur Þorleifsdóttir, með fyrirvara.	Árni Gunnarsson.
	Ragnar Arnalds.	

Nd. 879. Nefndarálit [423. mál]

um frv. til l. um heimild til hækkunar á hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 773.

Alþingi, 20. apríl 1988.

Páll Pétursson, form., frsm.	Geir H. Haarde, fundaskr.	Einar Kr. Guðfinnsson.
Guðmundur G. Þórarinsson.	Kristín Halldórsdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.
	Rannveig Guðmundsdóttir.	

Nd. 880. Nefndarálit [435. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46/1987, um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 785.

Alþingi, 20. apríl 1988.

Páll Pétursson, form., frsm.	Geir H. Haarde, fundaskr.	Einar Kr. Guðfinnsson.
Guðmundur G. Þórarinsson.	Kristín Halldórsdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.
	Rannveig Guðmundsdóttir.	

Nd. 881. Frumvarp til laga [271. mál]

um framhaldsskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. apríl.)

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi taka til náms á framhaldsskólastigi er tekur við af skyldunámsstigi og allt til háskólastigs, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1974, um skólakerfi. Framhaldsskólar er samnefni þeirra skóla er undir lög þessi falla. Þeir eru: menntaskólar, fjölbrautaskólar, iðnfræðsluskólar svo og skólar sem veita sérhæft nám á framhaldsskólastigi. Enn fremur framhaldsdeildir við grunnskóla sem menntamálaráðuneytið heimilar. Einstakar skólastofnanir geta borið sérstakt nafn, t.d. tengt stað, hefð eða sérstöku hlutverki.

Setja skal reglugerð um sérskóla sem starfa samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI

Hlutverk.

2. gr.

Hlutverk framhaldsskóla er eftirfarandi:

— að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðissamfélagi með því að skapa skilyrði til náms og þroska við allra hæfi,
— að búa nemendur undir störf í atvinnulífinu með sérnámi er veiti starfsréttindi,
— að búa nemendur undir nám í sérskólum og á háskólastigi með því að veita þeim þekkingu og þjálfun í vinnubrögðum.

III. KAFLI

Stofnun og bygging framhaldsskóla.

3. gr.

Ríki eða sveitarfélög, eitt eða fleiri, geta haft frumkvæði að stofnun nýs framhaldsskóla, en skóli verður þó eigi stofnaður nema með samþykki Alþingis. Ákvæði þetta á þó ekki við um skóla sem stofnaðir kunna að verða samkvæmt ákvæðum 38. gr.

Standi ríki og sveitarfélag/félög sameiginlega að stofnun framhaldsskóla skal gera samning milli aðila um nýframkvæmdir, stofnbúnað og endurbyggingu húsnæðis sem ríki og sveitarfélög samþykkja að standa að vegna framhaldsskóla. Þar skulu m.a. vera ákvæði um stjórn hönnunar og framkvæmda, hönnun, byggingarhraða og greiðslustreymi. Heimilt er að fela sveitarfélögum, sem aðild eiga að framhaldsskóla, að fara með undirbúning og umsjón með byggingarframkvæmdum.

Samningar um framkvæmdir skulu undirritaðir af menntamálaráðherra og fjármálaráðherra annars vegar og hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnum hins vegar. Fjármálaráðherra skal kynna fjárveitinganefnd slíka samninga.

Kostnaður við byggingarframkvæmdir og stofnbúnað framhaldsskóla skiptist þannig að ríkissjóður greiðir 60% áætlaðs kostnaðar samkvæmt viðmiðunarreglum (normkostnaðar) þegar sveitarfélag eða sveitarfélög annast ráðningu hönnuða og verkframkvæmd. Hlutur sveitarfélags eða sveitarfélaga er þá sá hluti kostnaðar sem ríkissjóður greiðir ekki. Þegar ríkissjóður ber ábyrgð á hönnun verks og stjórnar framkvæmdum án íhlutunar sveitarfélags

eða sveitarfélaga greiðir sveitarfélag eða sveitarfélög 40% miðað við normkostnað en ríkissjóður hinn hlutann. Heimilt er ráðuneytinu að semja um aðra kostnaðaraðild þegar um búnað verknámshúsnæðis er að ræða, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar. Verði greiðslur eigi inntar af hendi samtímis reiknast verðbætur á ógreidd framlög í hlutfalli við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

Ákveði Alþingi að stofna skóla án aðildar sveitarfélags eða sveitarfélaga greiðist allur stofnkostnaður úr ríkissjóði. Hið sama gildir um stofnkostnað við byggingu heimavistar við framhaldsskóla.

Um undirbúning framkvæmda og málsmeðferð gilda eftir því sem við á ákvæði laga nr. 49/1967, um skólakostnað, og reglugerða sem gefnar eru út samkvæmt þeim lögum og þessum lögum.

Þar sem heimavistir verða reistar í tengslum við framhaldsskóla má gerð húsnæðis og búnaðar miðast við að nýta megi aðstöðuna til gistihúsarekstrar utan reglulegs skólatíma. Um umframkostnað, sem af því kann að leiða, skal samið sérstaklega milli byggingaraðila. Um notkun heimavistarhúsnæðis utan skólatíma skal gerður sérstakur samningur og hann staðfestur af menntamálaráðuneytinu.

Menntamálaráðuneytið skal í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja viðmiðunarreglur um stærð og gerð húsnæðis fyrir framhaldsskóla og láta gera fyrirmyndir að hönnun og verksamningum.

4. gr.

Skólamannvirki þau, sem lög þessi taka til, skulu vera eign ríkis og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur eða hefur verið greiddur sé um eldra húsnæði að ræða.

Verði húsnæði framhaldsskóla ráðstafað til annarra nota en framhaldsnáms skulu eignaraðilar gera með sér samkomulag þar um. Verði eign seld öðrum hvorum eignaraðila skal hún metin af dómkvöddum mönnum.

IV. KAFLI

Stjórnun.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála er lög þessi taka til og annast námsskrárgerð, kennslueftirlit og ráðgjöf um þróunarstörf er snerta framhaldsskóla.

Ráðuneytið gerir tillögur um fjárveitingu á fjárlögum til hvers skóla, sbr. 3. og 32. gr., og annast fjárhagslegt eftirlit eftir því sem við á.

6. gr.

Samstarfsnefnd framhaldsskóla, skipuð skólameisturum (rektorum) undir forsæti menntamálaráðherra eða staðgengils hans, fjallar um sameiginleg málefni framhaldsskóla og samræmir störf þeirra. Samstarfsnefnd skal halda a.m.k. einn fund árlega.

7. gr.

Menntamálaráðherra skipar skólanefnd við hvern framhaldsskóla. Í skólanefndum skulu sitja fimm menn. Skulu fjórir tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum. Þegar um er að ræða skóla sem annast starfsmenntun skal af hálfu sveitastjórna gætt við tilnefningu að fulltrúi viðkomandi starfsgreina eigi sæti í skólanefnd. Skipunartími skólanefnda skal vera fjögur ár og miðast við kjörtímabil sveitarstjórna.

Menntamálaráðherra skipar formann skólanefndar án tilnefningar. Tilnefningaraðilar greiða þóknun og annan kostnað vegna starfa fulltrúa sinna í skólanefnd. Skólanefndir við skóla, sem ríkið rekur nú eða kunna að verða stofnaðir án þátttöku sveitarfélaga, sbr. 5. mgr. 3. gr., skulu skipaðir af menntamálaráðherra samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar.

8. gr.

Skólanefnd og skólameistari ákveða námsframboð með samþykki menntamálaráðuneytis.

Skólanefnd undirbýr árlega ásamt skólameistara tillögur til fjárlaga og sendir þær menntamálaráðuneytinu. Í upphafi hvers árs gerir skólanefnd fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgist með að henni sé framfylgt.

Skólanefnd ákveður upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfanga svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld. Halda skal bókhald um fjárreiður þessar og um endurskoðun gilda sömu reglur og um annan rekstur.

Heimilt er skólanefnd að stofna sérstaka sjóði við framhaldsskóla. Skal um þá sett skipulagsskrá, leitað staðfestingar á henni og hún birt í Stjórnartíðindum.

9. gr.

Skólameistari stjórnar daglegum rekstri og starfi framhaldsskóla og gætir þess að starfsemi hans sé í samræmi við lög, reglugerðir, námsskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma og ber ábyrgð á að fylgt sé fjárhagsáætlun skólans.

Skólaráð skal vera skólameistara til aðstoðar við stjórnun skóla og rekstur. Skólameistari er oddviti skólaráðs sem auk hans skal skipað fulltrúum kennara, nemenda, svo og aðstoðarskólameistara starfi hann við skólann.

Um skipan skólaráðs, verksvið þess, starfstíma og starfshætti skal nánar kveðið á um í reglum sem menntamálaráðuneyti setur.

10. gr.

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendaráð sem er fulltrúi nemenda í hagsmunamálum þeirra. Nemendaráð hefur tillögu- og umsagnarrétt um markmið náms, námsefni og kennslutilhögun í skóla sínum og gerir tillögu til skólanefndar um nemendasjóðsgjöld. Almenn samtök nemenda í hverjum skóla setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs.

11. gr.

Um almenna kennarafundi og verksvið þeirra skal ákvarðað í reglum sem menntamálaráðuneytið setur.

V. KAFLI

Starfslið.

12. gr.

Um fjölda starfsmanna og skiptingu starfa fer eftir stærð og gerð skóla og fjárveitingu hverju sinni. Heimilt er að fela ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskóla að annast hliðstæða starfsemi fyrir framhaldsskóla.

Menntamálaráðherra setur eða skipar skólameistara (rektor) framhaldsskóla að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólanefnda. Menntamálaráðherra setur eða skipar fasta

kennara að fengnum tillögum skólanefndar og skólameistara viðkomandi skóla. Skólameistari ræður stundakennara og aðra starfsmenn í samráði við skólanefnd. Leita skal staðfestingar menntamálaráðuneytis hafi kennari ekki kennsluréttindi.

13. gr.

Um skilyrði til þess að vera settur eða skipaður skólameistari eða kennari við framhaldsskóla fer eftir ákvæðum laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, nr. 48/1986. Setja má í reglugerð ákvæði um menntun annarra starfsmanna.

Menntamálaráðuneytið setur skólameisturum og kennurum erindisbréf. Reglur um störf annars starfsfólks setur skólanefnd.

14. gr.

Hafi kennari starfað, settur eða skipaður, a.m.k. í fimm ár og óski að fá sérstakt orlof til að efla þekkingu sína og kennarahæfni skal hann senda skólanefnd og menntamálaráðuneyti beiðni um orlof ásamt greinargerð um hvernig hann hyggst verja orlofstímanum. Ráðuneytið getur veitt honum orlof allt að einu ári á föstum embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlofs nýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar njóti hann ekki sambærilegs styrks frá öðrum. Beiðni um orlof skal hafa borist menntamálaráðuneytinu fyrir 1. nóvember ár hvert.

Að loknu orlofi er kennurum skylt að senda ráðuneytinu skýrslu um störf sín á orlofstíma. Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd orlofs kennara.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til skólameistara og annarra stjórnenda skóla.

15. gr.

Í öllum framhaldsskólum skal vera heilsuvernd.

Héraðslæknar hafa umsjón með þessari starfsemi undir yfirstjórn heilbrigðisstjórnar og líta eftir að aðbúnaður og aðstaða nemenda og starfsmanna sé viðhlítandi.

Starfsfólk við heilsuvernd í skólum skal hafa náið samstarf við skólameistara um framkvæmd heilsuverndar í skólanum.

Sé heilsugæslustöð starfandi í nágrenni skóla er heimilt að fela henni að annast heilsuverndina.

VI. KAFLI

Inntökuskilyrði.

16. gr.

Allir, sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun, eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla að fullnægðum kröfum um starfsþjálfun þar sem hennar er krafist. Nemendum er skylt að stunda fornám í einstökum námsgreinum samkvæmt ákvæðum í námsskrá hafi þeir ekki náð tilskildum lágmarksárangri.

Nemandi, sem orðinn er 18 ára gamall, getur hafið nám í framhaldsskóla án þess að fullnægja inntökuskilyrðum samkvæmt þessari grein nema að því er varðar starfsþjálfun. Heimilt er að setja lágmarkskröfur til inntöku í tiltekna námsáfanga. Inntaka nemenda í skóla er á ábyrgð skólameistara.

VII. KAFLI

Námsskipan.

17. gr.

Nám í framhaldsskóla skal fara fram á námsbrautum sem skilgreindar eru eftir markmiðum námsins að því er varðar undirbúning til starfa eða áframhaldandi náms. Stefnt skal að því að nemendur eigi völ á námsefni og kennslu í samræmi við þarfir sínar og óskir.

Í námsskrá skal kveða á um markmið náms á hverri námsbraut, námslok svo og um skiptingu námsefnis í brautarkjarna og valgreinar. Í námsskrá skal kveðið á um einingafjölda til stúdentsprófs.

Af öllum námsbrautum skulu vera leiðir til frekara náms, annaðhvort beinar eða með skilgreindri viðbót námsáfanga. Jafnframt skulu vera sem greiðastar leiðir milli námsbrauta.

18. gr.

Í framhaldsskóla skal á öllum námsbrautum fara saman nám sem lýtur að almennri menntun og sérhæft nám í samræmi við markmið brautarinnar. Lögð skal áhersla á tengsl verklegra og bóklegra þátta námsins. Auk skyldunámsefnis skal heimilt að gefa nemendum kost á valgreinum að uppfylltum skilyrðum sem sett skulu í námsskrá.

19. gr.

Námsefni framhaldsskóla skal skipað í skilgreinda námsáfanga sem metnir skulu til eininga eftir umfangi námsefnis. Námseining skal skilgreind í námsskrá. Þrátt fyrir skiptingu námsefnis í áfanga geta skólar, sem þess óska, haft bekkjakerfi.

Leitast skal við að hafa námsefni og kennslu hvers áfanga þannig að hann nýtist sem hluti af námi á sem flestum námsbrautum. Þó skal þess gætt að samræmi sé ávallt á milli markmiðs námsbrautar og kennslu námsgreina.

20. gr.

Um námsáfanga, markmið þeirra, megininntak, umfang og skipan á námsbrautir skal ákveðið í námsskrá sem menntamálaráðuneytið setur. Námsáfangar í sama eða sambærilegu námsefni skulu jafngildir á öllum brautum þar sem þeir eru hluti af náminu. Sé verkþjálfun liður í námsáfanga skal hún metin til eininga í námsskrá.

21. gr.

Í námsskrá skal mælt fyrir um námsmat, þar með talið próf og vitnisburðir. Þar skulu tilgreind skilyrði til þess að flytjast milli áfanga og lágmarkskröfur til þess að standast tiltekin lokapróf. Í námsskrá skulu birtar reglur um rétt nemenda til að sjá prófúrlausnir sínar og hvernig nám skal metið þegar nemendur flytjast milli skóla.

22. gr.

Fræðsla skal veitt í löggiltum iðngreinum og öðrum iðnaði samkvæmt nánari ákvæðum í námsskrá. Í reglugerð skal kveða á um hverjar skuli vera löggiltar iðngreinar.

Menntamálaráðherra skipar Iðnfræðsluráð til fjögurra ára í senn og skal það vera til ráðuneytis um mótun heildarstefnu og skipulag í iðnfræðslu, löggiltum iðngreinum og verksmiðjuiðnaði. Iðnfræðsluráð skal skipað níu mönnum. Skulu tveir þeirra vera iðnmeistarar, tilnefndir af Landssambandi iðnaðarmanna, tveir iðnsveinar og einn fulltrúi iðnverkafólks, tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands. Félag íslenskra iðnrekenda tilnefnir einn, Samband iðnfræðsluskóla einn og Iðnnemasamband Íslands einn. Menntamálaráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn skulu valdir með sama hætti og aðalmenn.

Iðnfræðsluráð veitir umsögn um tillögur að námsskrám í verklegum og bóklegum faggreinum og að stöðlum um búnað og aðstöðu og gerir tillögur um skipulag kennslueftirlits í iðngreinum. Iðnfræðsluráð gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um reglur varðandi framkvæmd námssamninga. Nánar skal kveðið á um hlutverk Iðnfræðsluráðs í reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur.

23. gr.

Menntamálaráðherra skipar fræðslunefndir í einstökum iðngreinaflokkum til fjögurra ára í senn. Nefndirnar fjalla um tilhögun fræðslunnar hver á sínu sviði og gera tillögur að námsskrám. Iðnfræðsluráð tilnefnir þrjá fulltrúa í hverja nefnd en ráðherra skipar formann og ritara. Verði því við komið skulu sömu menn gegna þeim störfum í öllum nefndunum til þess að tryggja nauðsynlega samræmingu og hagkvæmni á námsskipan iðn- og tæknibrauta. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn.

24. gr.

Heimilt er skólanefnd að gera samninga við iðnmeistara, fyrirtæki eða stofnun um að annast tiltekna þætti verklegrar menntunar í samstarfi við framhaldsskóla. Slíkir samningar skulu staðfestir af menntamálaráðuneytinu og hefur ráðuneytið yfirumsjón með framkvæmd þeirra.

Heimilt er iðnmeisturum að taka nemendur til verklegs náms í löggiltum iðngreinum og skal gera um það sérstaka námssamninga. Í reglugerð, sem menntamálaráðherra setur, skal kveðið á um gerð námssamninga, réttindi og skyldur samningsaðila, námslok, próf, útgáfu prófskírteina og starfsréttindi í samræmi við lög um atvinnuréttindi iðnaðarmanna.

Menntamálaráðuneytið getur veitt heimild til þess að umsækjandi gangi undir verklegt próf í iðngrein án skólanáms, enda liggi fyrir:

a. umsögn viðkomandi iðnaðarmannafélags,
b. umsögn Iðnfræðsluráðs,
c. umsögn meistara og vottorð um að viðkomandi hafi unnið við iðnina í 10 ár.

Standist umsækjandi prófið öðlast hann sveinsbréf sem veitir ekki réttindi til inngöngu í meistaraskóla nema hann ljúki burtfararprófi frá iðnfræðsluskóla í faggreinum iðngreinarinnar.

25. gr.

Skylt er menntamálaráðuneytinu að halda uppi framhaldsnámi fyrir iðnsveina til meistaraprófs í því skyni að veita þeim aukna þekkingu í starfsgrein sinni, stjórnun og rekstri fyrirtækja.

Setja skal í námsskrá, sbr. 17., 20. og 21. gr., nánari ákvæði um nám til meistaraprófs.

Um námsgjöld vegna náms samkvæmt þessari grein gilda ákvæði IX. kafla.

26. gr.

Menntamálaráðherra skipar fræðsluráð sjávarútvegs til fjögurra ára í senn og skal það skipað átta mönnum. Ráðið skal skipað með eftirfarandi hætti: Einum fulltrúa sölusamtaka í sjávarútvegi tilnefndum af Útflutningsráði Íslands, einum fulltrúa útvegsmanna tilnefndum af Landssambandi íslenskra útvegsmanna, einum fulltrúa samtaka sjómanna tilnefndum sameiginlega af Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, einum fulltrúa fiskvinnslufólks tilnefndum af Verkamannasambandi Íslands, einum fulltrúa rannsóknastofnana í sjávarútvegi tilnefndum sameiginlega af Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnuninni, einum fulltrúa fiskeldisstöðva tilnefndum af Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva, einum fulltrúa menntamálaráðuneytisins og einum fulltrúa sjávarútvegsráðuneytisins. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn.

Fræðsluráð velur sér formann og varaformann úr hópi ráðsmanna. Fræðsluráð sjávarútvegs mótar í samvinnu við menntamálaráðuneytið heildarstefnu og fræðsluskipulag í sjávarútvegs- og fiskeldisgreinum og veitir umsögn um tillögur að námsbrauta- og áfangalýsingum í verklegum og bóklegum faggreinum tengdum sjávarútvegi.

27. gr.

Til að tryggja sem víðtækust samráð við atvinnulífið er menntamálaráðuneytinu heimilt að skipa sérstakar ráðgjafarnefndir til viðbótar þeim sem nefndar eru í 22. og 26. gr. til að vera ráðuneytinu til aðstoðar við framkvæmd laga þessara. Kveðið skal á um starfssvið og skipan slíkra nefnda í reglugerð.

28. gr.

Nám, sem krafist er til þess að öðlast atvinnuréttindi, skal skipulagt í samvinnu við stofnanir og/eða þá sérskóla á framhaldsskólastigi sem starfa samkvæmt sérstökum reglugerðum. Auk starfsréttinda skal námið veita rétt til frekara náms. Nánari ákvæði hér að lútandi skulu tilgreind í námsskrá, sbr. 17. og 20. gr. Starfi sérstök fræðsluráð tengd atvinnuvegum skulu þau vera umsagnaraðilar um hlutaðeigandi námsbrauta- og áfangalýsingar, sbr. 22. gr. og 26. gr.

29. gr.

Í öllum framhaldsskólum skal vera skólasafn. Hlutverk þess er að vera upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og kennara. Það skal búið bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla.

30. gr.

Á framhaldsskólastigi skal veita fötluðum nemendum, samkvæmt skilgreiningu á hugtakinu fatlaður í 2. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, kennslu og þjálfun við hæfi og sérstakan stuðning í námi. Í því skyni skal látin í té sérfræðileg aðstoð og nauðsynlegur aðbúnaður eftir því sem þörf krefur að mati menntamálaráðuneytisins. Fatlaðir nemendur skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er.

Heimilt er að stofna sérskóla fyrir þroskahefta nemendur. Menntamálaráðuneytið setur reglugerð með nánari ákvæðum um framkvæmd kennslu og nám fatlaðra nemenda.

31. gr.

Árlegur starfstími framhaldsskóla skal eigi vera skemmri en níu mánuðir. Menntamálaráðuneytið setur árlega nánari reglur um skiptingu starfstíma skóla.

VIII. KAFLI

Rekstur framhaldsskóla.

32. gr.

Ríkissjóður greiðir samkvæmt lögum þessum rekstrarkostnað þeirra framhaldsskóla sem ríkið rekur nú eitt sér eða í samstarfi við sveitarfélög, svo og þeirra skóla sem stofnaðir verða samkvæmt ákvörðun Alþingis. Hver skóli er sjálfstæð rekstrareining og hefur sérgreinda fjárveitingu á fjárlögum.

Framlög ríkissjóðs til rekstrar framhaldsskóla skulu miðuð við að sem næst jafnhátt framlag komi á hvern nemanda í fullu námi hvar sem er á landinu. Framlagið skal ákveða sem tiltekna upphæð á nemanda árlega, sbr. 34. gr.

Til rekstrarkostnaðar skóla telst:

1. Launakostnaður, en til hans teljast laun fyrir alla fasta starfsemi á vegum skólans, svo sem fyrir kennslu, stjórnun og prófdæmingu á lokaprófum, einnig fyrir störf á skrifstofu, á skólasafni, vegna ráðgjafar við nemendur og við umsjón eigna skólans, svo og annar launatengdur kostnaður í samræmi við kjarasamninga á hverjum tíma.
2. Til annars rekstrarkostnaðar telst allur kostnaður sem leiðir af starfrækslu skólans, viðhaldi húsa og tækja, að frátalinni kostnaðarþátttöku nemenda, sbr. 33. gr.

Launakostnað skv. 1. tölul. greiðir ríkissjóður beint til starfsmanna, en rekstrarframlag skv. 2. tölul. greiðist fyrir fram til skóla ársfjórðungslega.

Fjárveitingum og greiðslum vegna 1. og 2. tölul. skal að fullu haldið aðgreindum. Eigi má skerða fjárveitingu til 2. tölul. þótt kostnaður vegna 1. tölul. fari fram yfir fjárveitingu, enda sé umfang starfseminnar í samræmi við samþykkta áætlun. Skólameistara er með samþykki skólanefndar heimilt að flytja fjárveitingar milli kostnaðarliða skv. 2. tölul. þannig að framlag ríkissjóðs nýtist sem best þörfum skólans.

Í umboði skólanefndar sér skólameistari um rekstur og bókhald. Heimilt er að ráða sérstakan fjármálafulltrúa til þess að annast fjárreiður skóla og bókhald og starfar hann þá undir stjórn skólameistara. Bókhaldi skal hagað í samráði við ríkisbókhald. Rekstraráætlun og reikningsuppgjör skal miða við almanaksár með sama hætti og fjárlög. Endurskoðun er í höndum ríkisendurskoðunar eða löggilts endurskoðanda sem hún felur það starf.

33. gr.

Þar sem talið er nauðsynlegt að reka heimavist vegna framhaldsskóla greiðir ríkissjóður kostnað við umsjón og almennan rekstur. Nemendur bera sjálfir hluta sérgreinds kostnaðar í heimavistum, rekstri mötuneyta, skipulögðum skólaakstri og efniskaupum vegna verklegrar kennslu o.fl. samkvæmt ákvörðun skólanefndar, sbr. 8. gr., og sérstökum reglum sem menntamálaráðherra setur.

Skólameistari og skólanefnd hafa umsjón með rekstri heimavistar og mötuneytis nemenda.

Hagnaður af leigu skólahúsnæðis skal renna til viðhalds og endurnýjunar húsnæðis og búnaðar.

34. gr.

Við ákvörðun fjárveitinga til almenns rekstrar framhaldsskóla og til launa fyrir önnur störf en kennslu skal miða við ákveðna grunnfjárhæð á hvern nemanda sem stundar fullt nám árlangt.

Við ákvörðun fjárveitinga til kennslu í framhaldsskólum skal miða við grunntöluna 1,7 til 2,0 kennslustundir á viku á hvern nemanda í fullu bóknámi eftir stærð og gerð skóla. Þessu til viðbótar skal koma sá stundafjöldi sem nauðsynlegur er til að halda megi uppi kennslu í viðurkenndu verknámi og sérnámi er krefst skiptingar nemenda í smáa námshópa. Þurfi að taka tillit til sérstakra aðstæðna skal veitt sérgreint framlag til að mæta þeirri þörf.

Menntamálaráðherra setur reglur um ákvörðun grunnfjárhæða vegna almenns rekstrar og frávika vegna sérstöðu einstakra skóla. Enn fremur setur hann ákvæði um hvaða greinar teljast verknám og sérnám og reglur um hvaða álög á meðaltölu skuli miða við í áætlanagerð til fjárlaga vegna kennslulauna.

IX. KAFLI

Fullorðinsfræðsla og endurmenntun.

35. gr.

Heimilt er framhaldsskólum að veita þeim er orðnir eru 18 ára að aldri aðgang að einstökum námsáföngum dagskóla án tillits til þess hvort þeir uppfylla skilyrði til inntöku að

öðru leyti. Einnig er framhaldsskólum heimilt að stofna til sérstakra námskeiða, þar á meðal kvöldskóla (öldungadeilda), fyrir fólk sem hentar ekki að sækja reglubundna kennslu í skóla en æskir að ljúka námi hliðstæðu því sem í boði er á námsbrautum hans. Fyrir slíka kennslu skulu nemendur greiða kennslugjald sem svarar til sem næst þriðjungs kennslulauna. Nánari ákvæði um þessa starfsemi skulu sett í reglugerð.

36. gr.

Heimilt er framhaldsskólum að bjóða fram annars konar nám en 35. gr. tekur til og efna til endurmenntunarnáms, m.a. í samráði við faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- eða áhugahópa.

Námsgjöld miðast við að nemendur greiði a.m.k. þriðjung kennslulauna. Í slíku námi er kostnaðaraðild ríkissjóðs háð samþykki menntamálaráðuneytis.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

37. gr.

Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands hafa rétt til þess að reka áfram það fræðslustarf sem þeir hafa annast og til þess að auka það og sérhæfa eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur.

Um fjárveitingu úr ríkissjóði gilda sömu ákvæði og um aðra framhaldsskóla varðandi rekstrar- og stofnkostnað, sbr. 3. og 32. gr., enda hafi menntamálaráðuneytið samþykkt áætlun um rekstur skólanna og fé verið veitt í fjárlögum fyrir stofnkostnaði. Framlög ríkisins samkvæmt þessari grein miðast við að skólar þessir starfi í samræmi við meginstefnu þessara laga og samkvæmt námsskrám og reglugerðum sem settar verða.

Verði skólar þessir lagðir niður eða húsnæði þeirra eigi nýtt til kennslu eða heimavistar fær ríkissjóður eignarráð yfir hlutaðeigandi húsnæði í samræmi við stofnkostnaðarframlög sín. Ríki ágreiningur um eignaskiptingu skal dómkveðja þrjá óvilhalla menn til þess að kveða á um skiptingu og er úrskurður þeirra endanlegur.

Skólanefndir skulu starfa við Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands. Skal einn skólanefndarmaður tilnefndur af menntamálaráðherra en eignaraðilar skipa hina. Hafa þær með höndum fjárreiður skólanna og eignaumsýslu í umboði eigenda. Skólanefndir ráða skólameistara svo og kennara í samráði við hann. Nefndin kýs sér sjálf formann og varaformann.

38. gr.

Alþingi ákveður framlag ríkissjóðs til skóla á framhaldsskólastigi sem stofnaðir eru af einkaaðilum eða samtökum með hliðstæðum hætti og nú er um Verslunarskóla Íslands og Samvinnuskólann, enda uppfylli þessir skólar sams konar skilyrði um námsframboð og kennsluskipan og hafa hlotið starfsleyfi menntamálaráðuneytis.

Ekki eiga einkaskólar kröfu til styrks af almannafé.

39. gr.

Heimilt er að lána skólahúsnæði til félagsstarfsemi utan reglulegs skólatíma, enda greiðist fyrir leiga sem nemur a.m.k. kostnaði fyrir rafmagn, hita, ræstingu og vörslu. Skólanefnd setur almennar reglur um slíka ráðstöfun skólahúsnæðis.

40. gr.

Menntamálaráðuneytið setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

XI. KAFLI

Lög sem úr gildi falla og gildistökuákvæði.

41. gr.

Eftirtalin lög falla úr gildi við gildistöku laga þessara. Alþingi ákveður með þingsályktun hvaða sérskólar skuli starfa áfram sem sjálfstæðar stofnanir.

1. Lög nr. 49/1946, um húsmæðrafræðslu.
2. Lög nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.
3. Lög nr. 35/1962, um Hjúkrunarskóla Íslands.
4. Lög nr. 68/1966, nr. 18/1971 og nr. 68/1972, um iðnfræðslu.
5. Lög nr. 12/1970 og nr. 81/1984, um menntaskóla.
6. Lög nr. 6/1971 og nr. 109/1974, um Hótel- og veitingaskóla Íslands.
7. Lög nr. 81/1972, um hjúkrunarskóla í tengslum við Borgarspítalann.
8. Lög nr. 1/1973, um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum.
9. Lög nr. 14/1973, nr. 21/1977, nr. 40/1980 og nr. 85/1984, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.
10. Lög nr. 26/1975, um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands.
11. Lög nr. 33/1975, um Sjóvinnuskóla Íslands.
12. Lög nr. 53/1975, um hússtjórnarskóla.
13. Lög nr. 51/1976, um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.

42. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma að fullu til framkvæmda í upphafi skólaársins 1988–89. Þó skulu III. og VIII. kafli laganna ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1989.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. þessara laga, um kostnaðarskiptingu við byggingarframkvæmdir, skulu gerðir samningar um byggingarframkvæmdir halda gildi sínu.

Sþ. 882. Svar [375. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðna Ágústssonar um eignir ríkisins.

Fullnægjandi upplýsingar um efni fyrirspurnarinnar liggja ekki fyrir í ráðuneytinu.

Eflaust er unnt að kanna verðmæti eigna ríkisins á yfirstandandi ári, en sú könnun yrði dýr í framkvæmd og tafsöm. Hins vegar er mjög brýnt að unnið verði að því að fullgera skrá yfir eignir ríkisins. Er skemmst að minnast þeirra erfiðleika sem urðu við að safna saman upplýsingum í skýrslu fjármálaráðherra um kaup og sölu fasteigna á vegum ríkisins á árunum 1982–1987, en hún var lögð fyrir Alþingi í nóvember sl. að beiðni nokkurra alþingismanna. Þegar beiðni um þessa skýrslu var upphaflega borin fram á 109. löggjafarþingi og send fjármálaráðherra var öllum ráðuneytum þegar ritað bréf hinn 27. febrúar 1987 og óskað eftir upplýsingum um fasteignaviðskipti þeirra eða stofnana á þeirra vegum. Aðeins fjögur ráðuneyti svöruðu bréfinu og gáfu takmarkaðar upplýsingar. Varð að leita eftir þessum upplýsingum um fasteignaviðskipti ríkisins m.a. í ríkisbókhaldi og þeim eignarheimildum

sem lágu fyrir í fjármálaráðuneytinu og reyndist öll sú vinna erfið og tímafrek. Úr þessu hefur hins vegar verið bætt nú.

Rétt er að geta þess að árið 1981–1983 var unnið að gerð skrár yfir fasteignir ríkisins í mörgum ríkisstofnunum. Skrárnar voru færðar eftir kerfi sem starfsmenn SKÝRR hönnuðu, en það gerir skrána tölvutæka og þar með mun notadrýgri fyrir stjórnsýsluna og auðveldar viðhald hennar.

Hluti þessarar skrár er þegar í notkun hjá landbúnaðarráðuneytinu við álagningu afgjalda af bújörðum og útleigðum löndum og lóðum. Í skránni eru upplýsingar um eignir þessar sem skrá Fasteignamats ríkisins veitir og aðrar upplýsingar, svo sem eignarheimildir, veðmálabókarnúmer, eignarhluti ríkissjóðs í prósentum, tegund eignar og nafn umsýsluaðila, þ.e. þeirrar ríkisstofnunar sem nýtir eignina og ber ábyrgð á henni gagnvart ríkissjóði. Samhliða eignaskránni verða útleigusamningar skráðir í tölvu SKÝRR og sú skrá notuð til innheimtu á leigugjöldum á sama hátt og nú er gert hjá Jarðeignum ríkisins.

Ráðuneytið telur skynsamlegra að verja þeim fjármunum sem færu í skyndikönnun eigna eftir kjördæmum til að fullgera eignaskrá ríkisins og fá með því trúverðuga og notadrjúga skrá til framtíðarnota. Af þeim sökum hefur verið ráðinn sérstakur starfsmaður til að sinna þessu brýna verkefni og er vonast til að ljúka megi vinnu við eignaskrá ríkisins á næsta ári.

Nd. 883. Nefndarálit [301. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin sendi frumvarp þetta til umsagnar fjölda aðila með skilafresti 30. mars sl. Þessir aðilar voru: Húsnæðisstofnun ríkisins, Samband íslenskra sveitarfélaga, sveitarfélögin og samtök þeirra, ASÍ, BSRB, VSÍ, VMSS, Landssamband lífeyrissjóða, Samband almennra lífeyrissjóða, Þroskahjálp, Öryrkjabandalag Íslands, Samtök aldraðra, Stúdentaráð Háskóla Íslands, Bandalag sérskólanema, Leigjendasamtökin, Búseti, stjórnir verkamannabústaða í Reykjavík, á Akureyri, í Kópavogi, í Hafnarfirði og á Ísafirði.

Svör hafa borist frá 14 aðilum. Athygli vekur að ekki berast svör frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, samtökum atvinnurekenda, Landssambandi lífeyrissjóða og frá mjög fáum sveitarfélögum. Virðist því lítill áhugi á frumvarpinu. Umsagnir, sem borist hafa, fylgja sérprentaðar með áliti þessu.

Af þeim svörum, sem borist hafa, má draga þá ályktun að flestir telji að frumvarpið geti verið spor í rétta átt, ekki síst með hliðsjón af skorti á leiguíbúðum.

Þá kemur fram að margir álíta að tengja hefði átt afgreiðslu þessa frumvarps endurskoðun á húsnæðiskerfinu í heild, einkum félagslega kerfinu.

Formenn stjórnarflokkanna gerðu formlegt samkomulag, dags. 3. júlí 1987, í sambandi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að sett yrði sérstakt ákvæði í húsnæðislöggjöf um kaupleiguíbúðir á yfirstandandi þingi og ákveðin í fjárlögum og lánsfjárlögum sérstök fjárveiting á þessu ári til byggingar kaupleiguíbúða.

Einstakir nefndarmenn meiri hl. draga í efa mikilvægi þessa frumvarps, svo sem að það valdi straumhvörfum í húsnæðiskerfinu, og telja að eðlilegra hefði verið að fresta afgreiðslu þess og tengja það heildarendurskoðun húsnæðismála, ekki síst félagslega kerfisins.

Meiri hl. nefndarinnar telur hins vegar rétt að afgreiða þetta frumvarp í samræmi við skuldbindingu formanna flokkanna og leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem eru á sérstöku þingskjali.

Minni hl. nefndarinnar munu skila sérálitum.

Steingrímur J. Sigfússon sat fundi nefndarinnar og mun gera grein fyrir afstöðu sinn við umræður um málið.

Alþingi, 25. apríl 1988.

Alexander Stefánsson, form., frsm. | Geir H. Haarde. | Birgir Dýrfjörð.

Eggert Haukdal. | Jón Kristjánsson.

Fylgiskjal.

Umsögn Öryrkjabandalags Íslands, Sjálfsbjargar, Landssambands fatlaðra, Landssamtakanna Þroskahjálpar, Samtaka aldraðra, Stúdentaráðs Háskóla Íslands, Bandalags íslenskra sérskólanema, Leigjendasamtakanna og Búseta.

(Send félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis 29. mars 1988.)

Ofangreind samtök, sem myndað hafa með sér samstarf um húsnæðismál, vilja með þessu bréfi gera sameiginlegar athugasemdir við frumvörp til laga um breytingar á húsnæðislögum, annað um kaupleiguíbúðir og hitt um lengingu lána.

Frumvarp um kaupleiguíbúðir, 301. mál þessa þings:

Samtökin átta komu ábendingum um væntanlegt frumvarp um kaupleiguíbúðir á framfæri til félagsmálaráðuneytis dags. 26. ágúst 1987. Í framhaldi af kynningarfundi með samtökunum 26. nóv. sl. voru gerðar ákveðnar athugasemdir, sjá bréf dags. 4. des. sl. Ljóst er af framlögðu frumvarpi að mjög lítið tillit hefur verið tekið til ábendinga og athugasemda frá þessum samtökum sem eru í forsvari fyrir leigjendur, öryrkja, námsmenn og aldraða.

Þó ber að fagna þessu frumvarpi, en samþykkt þess mun væntanlega auka framboð á leiguhúsnæði með hlutareign og kaupum sem valkostum. Í stað skiptingar í félagslega og almenna kaupleigu virðist þó eðlilegra að hafa eitt kaupleigukerfi þar sem tekið væri mið af mismunandi greiðslugetu íbúa með mismunandi vöxtum og mismunandi afborgunartíma lána.

Verði niðurstaðan hins vegar skipting í félagslega og almenna kaupleigu telja samtökin ekki annað koma til greina en þau geti nýtt sér kjör félagslegrar kaupleigu til jafns við sveitarfélög og þar verði gert ráð fyrir ótímabundnum afnotarétti og hlutareign sem valkosti.

Við samanburð á greiðslubyrði milli almennrar kaupleigu, verkamannabústaða og venjulegra F-lána virðist ljóst að greiðslubyrði í almennri kaupleigu er langhæst og eignamyndun mjög hæg. Það kerfi býður upp á kjör almenna húsnæðislánakerfisins og kvaðir verkamannabústaðakerfisins, en samkvæmt frumvarpinu virðist félagasamtökum helst ætlaður þar bás gagnstætt upphaflegum markmiðum, sbr. bréf til félagasamtaka frá félagsmálaráðuneytinu 29. júlí 1987.

Frumvarp um lengingu lána, 329. mál þessa þings:

Samtökin styðja frumvarp um lengingu lána skv. b- og c-liðum 33. gr. núgildandi húsnæðislaga úr 31 ári í 43 ár, enda sjálfsagt réttlætismál þegar almenn lán eru orðin til 40 ára. Leggja ber áherslu á að lenging lána verði að lögum á yfirstandandi þingi.

Almennt:

Að undanförnu hafa samtökin margítrekað nauðsyn þess að félagslega húsnæðiskerfið verði endurskoðað og hafa samtökin lagt fram ítarlegar tillögur þar um. Enn er ítrekað að þessi endurskoðun fari fram sem allra fyrst og niðurstöður liggi fyrir næsta haust í formi lagafrumvarps. Einn þáttur í þeirri endurskoðun verði að sett verði lög um búseturétt og húsnæðissamvinnufélög.

Ólöf Ríkarðsdóttir. *Reynir Ingibjartsson.*

Umsögn Bandalags íslenskra sérskólanema.

(Send félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis 29. mars 1988.)

Samkvæmt ósk félagsmálanefndar neðri deildar er hér send hér umsögn Bandalags íslenskra sérskólanema um frumvarp til laga um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum, 301. mál.

Í athugasemdum með þessu frumvarpi segir að markmið þess sé að ryðja braut nýjum valkostum í húsnæðismálum, kaupleiguíbúðum.

Að mati stjórnar BÍSN er það jákvætt að reynt sé að bjóða upp á nýja valkosti í húsnæðismálum landsmanna. Í þessari umsögn mun þó ekki verða lagt mat á hvort vel hefur tekist til við smíði þessa frumvarps út frá kaupleiguhugmyndinni sem slíkri heldur mun einungis lagt mat á hvort tilkoma svona kaupleigukerfis gagnist samtökum eins og BÍSN við að vinna að því markmiði að útvega félagsmönnum sínum leiguhúsnæði á meðan á námstíma stendur.

Kaupleigukerfið, eins og það er útfært í þessu frumvarpi, kemur ekki til með að koma að neinu gagni fyrir BÍSN við að koma upp leiguhúsnæði fyrir námsmenn meðan á námstíma stendur. Kemur þar einkum til að gert er ráð fyrir því að eigendur þeirra íbúða, sem byggðar eru eða keyptar á forsendum kaupleigufrumvarpsins, eigi rétt á að velja um kaup eða leigu. Þessi valkostur gerir það að verkum að kaupleigukerfið kemur ekki til með að nýtast við uppbyggingu námsmannahúsnæðis. Er það vegna þess að eðli málsins vegna verður námsmannahúsnæði, sem byggt er á vegum námsmannasamtaka, alltaf leiguhúsnæði fyrir námsmenn á meðan á námstíma stendur. Mjög hæpið er að fara út í byggingu á kaupleiguíbúðum af þeirri einföldu ástæðu að það gæti þýtt að enn lengra mundi verða í að hægt yrði að anna eftirspurn eftir leiguhúsnæði fyrir námsmenn.

Varðandi umsögn um aðra þætti frumvarpsins er vísað í sameiginlega umsögn samstarfshóps átta almannasamtaka um húsnæðismál, en BÍSN er aðili að þeim hóp.

Kristinn H. Einarsson

framkvæmdastjóri.

Umsögn Öryrkjabandalags Íslands.

(Send félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis 29. mars 1988.)

Öryrkjabandalag Íslands þakkar háttvirtri félagsmálanefnd neðri deildar fyrir tvö bréf dags. 8. og 9. mars sl. þar sem leitað er umsagnar þess um tvö þingmál, 301. mál og 329. mál neðri deildar. Bæði frumvörpin eru um húsnæðismál, nánar tiltekið um félagslegar íbúðarbyggingabreytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Ljóst er að frumvörpin

ganga bæði í rétta átt hvort á sinn hátt og eru mjög í þeim anda sem stjórn ÖBÍ gæti sætt sig við sem áfanga á langri leið. Hins vegar skal það nokkuð dregið í efa að frumvörpin nái þeim tilgangi er þau eru sögð stefna að eða leiði til réttrar lausnar, heildarlausnar, svo sem vera þyrfti.

Stjórn bandalagsins bendir á að það hefur átt beina og virka aðild að hópstarfi átta félagasamtaka um húsnæðismál þar sem gengið hefur verið frá drögum að frumvarpi til laga um félagsíbúðasjóð sem birt eru í bæklingi hópsins: Þak yfir höfuðið.

Um afstöðu ÖBÍ til þessara mála vísast nánar til bæklings þessa og alveg sér í lagi til þess sem er að finna í frumvarpsdrögunum, svo og yfirlýsingu hópsins um húsnæðismál. Þar sést glögglega hverjar eru höfuðáherslurnar að mati bandalagsins.

Stjórn Öryrkjabandalags Íslands fer þess á leit við heiðraðan formann nefndarinnar að fulltrúar þess megi koma á fund félagsmálanefndar neðri deildar og kynna þar nánar sjónarmið sín er varða mjög bæði þessi frumvörp.

Ásgerður Ingimarsdóttir.

Umsögn bæjarráðs Ólafsvíkurkaupstaðar.
(Send félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis 5. apríl 1988.)

Bæjarráð Ólafsvíkurkaupstaðar tók á fundi sínum þann 29. mars sl. til umræðu frumvarp um Húsnæðisstofnun ríkisins vegna kaupleiguíbúða, 301. mál.

Bæjarráð vill að eftirfarandi komi fram varðandi þetta frumvarp:

1. Hlutur sveitarfélaganna í fjármögnun kaupleiguíbúðanna er að mati bæjarráðs áætlaður of hár. Það ber að hafa það í huga að sveitarfélögin eru í frumvarpinu rekstraraðilar í þessu kerfi sem getur orðið mjög erfitt dæmi fjárhagslega.
2. Aðlögunartími er að mati bæjarráðs of langur. Fólk getur ákveðið sig á einu ári ef það ætlar að setjast að á annað borð.
3. Bæjarráð mælir eindregið með lengdum lánstíma, þ.e. 43 ár.
4. Vara ber við því að slíkt kerfi, sem hér um ræðir, býður upp á það að öll hús, sem eftir því eru byggð, verði í útleigu frá sveitarfélaginu og á þess ábyrgð.

Að öðru leyti vill bæjarráð lýsa yfir ánægju sinni með aukna valkosti á sviði félagslegra íbúðarbygginga.

Kristján Pálsson
bæjarstjóri.

Umsögn Fjórðungssambands Norðlendinga.
(Send félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis 5. apríl 1988.)

Samkvæmt umboði fjórðungsstjórnar frá 18. mars sl. er hér með látin í té umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum, 301. mál.

Hér er á ferðinni mjög viðamikið frumvarp um kaupleiguíbúðir sem er breyting og viðauki við núverandi lög um Húsnæðisstofnun ríkisins. Við lestur á frumvarpinu kemur í ljós að mikið er um endurtekningar á ákvæðum og orðalagi á milli væntanlegs undirkafla um almennar kaupleiguíbúðir og nýs aðalkafla um félagslegar kaupleiguíbúðir. Á þetta er bent og þess vænst að þingnefndin færi þetta til betri vegar þannig að frumvarpið í lagaformi verði aðgengilegra.

Eðlilegast er að endursemja lagakaflann um Byggingarsjóð verkamanna og félagslegar íbúðarbyggingar og tengja ákvæði um félagslegar kaupleiguíbúðir þeim lagakafla því að um hliðstæða félagslega aðstoð er að ræða. Ákvæði um almennar kaupleiguíbúðir og byggingu leiguíbúða almennt séð verði saman í sérstökum kafla laganna.

Það fer ekki á milli mála að hin svonefnda sjálfseignarstefna húsnæðismála er að bíða hnekki hér á landi. Það er að verða æ fleirum um megn að koma sér upp eigin húsnæði. Eigi að síður er það æskilegasta leiðin að fólk eignist eigin íbúð. Kaupleiguformið getur verið leið til sjálfsbjargar og leið til að mæta skyndilegri aukningu vegna byggðaaðgerða og uppgangs í atvinnulífi einstakra staða.

Sú hætta blasir við að kaupleiguíbúðir geti orðið nauðlendingarstaður þeirra sem ekki hafa vilja til að bjarga sér sjálfir og þeirra sem verða undir í þjóðfélaginu. Við þessu þarf að sporna með þeim hætti að sköpuð sé eignarréttartilfinning hjá umræddu fólki enda þótt um leiguhúsnæði sé að ræða og í líkingu við það sem á sér stað hjá bændum er búa á kirkjujörðum. Þannig komi til álita að taka upp eins konar erfðafestukerfi á íbúðum eftir ákveðinn árafjölda með rúmum reglum um eignayfirtöku.

Sum ákvæði frumvarpsins bera þess einkenni að nánast er um að ræða „bæjaríbúðir“ ásamt tilheyrandi félagsstofnanaforsjá. Allt þetta þarf að gera einfaldara og mannlegra en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Vafalaust munu efnameiri sveitarfélög og jafnvel stéttarfélög eða lífeyrissjóðir þeirra treysta sér til að leggja fram fjármagn í kaupleiguíbúðir. Víðast úti um landið eru sveitarfélögin vanmegnug að leggja fram fé í þessu skyni þó að þörfin sé mikil. Hins vegar fer það ekki á milli mála að kaupleigukerfið er áhrifaríkasta aðferðin til að bæta ástandið í húsnæðismálum víða um landið og til að laða fólk til tímabundinnar búsetu svo það gæti ílengst í byggðarlögunum.

Fari svo að kaupleiguleiðin verði valin er nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir vegna byggðaþáttarins.

Vitaskuld kemur til greina að Byggðasjóður fjármagnaði hluta sveitarfélaganna eða væri aðili að uppbyggingu þess konar íbúða. Það er í sjálfu sér gagnslaust að samþykkja lagakaflann um félagslegar kaupleiguíbúðir ef enginn fjárhagsstuðningur er fyrir hendi til að hrinda málinu í framkvæmd.

Það eru öfugmæli að á sama tíma og fjárhagur sveitarfélaganna er skorinn niður sé þeim réttur slíkur kostnaðarkaleikur til að bergja á. Hér er hins vegar gott mál á ferðinni sem verður að skoða í ljósi langtímasjónarmiða. Þetta verður að hafa hugfast þegar tekin er afstaða til kaupleigukerfisins.

Samkvæmt útvarpsfréttum nýlega hyggst félagsmálaráðherra leggja fram á næsta haustþingi frumvarp til heildarlaga um húsnæðismál og mun starfshópur vinna nú að víðtækri endurskoðun húsnæðiskerfisins og mótun nýrra laga. Ljóst var af ummælum ráðherra að hugað var að víðtækum kerfisbreytingum.

Að þessum upplýsingum fengnum er ljóst að samþykkt þess frumvarps, sem leitað er umsagnar um, er ekki tímabær. Hins vegar er mælt með því að í nýjum heildarlögum um Húsnæðisstofnun ríkisins verði ákvæði um kaupleiguíbúðir og þau lagaákvæði samræmd öðrum ákvæðum laganna á ljósan og skýran hátt.

Tíminn verði notaður til að kynna þessi mál betur fyrir sveitarstjórnarmönnum víðs vegar um landið.

Áskell Einarsson.

Umsögn stjórnar verkamannabústaða í Reykjavík.
(Send félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis 11. apríl 1988.)

Að beiðni nefndarinnar hefur stjórn verkamannabústaða í Reykjavík fjallað um frumvarp til laga um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum, 301. mál. Umfjöllunin nær fyrst og fremst til þess hluta frumvarpsins er tekur til félagslegra kaupleiguíbúða. Niðurstöður þessarar umfjöllunar eru þær að ekki sé raunhæft að taka þennan eina þátt húsnæðismála til afgreiðslu meðan yfir stendur starf að heildarendurskoðun á húsnæðislöggjöfinni sem óhjákvæmilegt er að hraðað verði.

Stjórn verkamannabústaða í Reykjavík gerir það því að tillögu sinni að afgreiðslu frumvarpsins verði frestað þar til heildarendurskoðun á húsnæðislöggjöfinni fer fram, væntanlega á síðari hluta ársins. Stjórn verkamannabústaða er reiðubúin til að aðstoða eftir föngum við undirbúning málsins þar sem hún telur sig búa yfir mikilli reynslu í þeim málum sem lúta að félagslegu íbúðarhúsnæði bæði hvað varðar tæknileg atriði og ekki síður aðstöðu og getu þess fólks sem fyrst og fremst þarf á félagslegri aðstoð að halda við öflun íbúðarhúsnæðis. Stjórn verkamannabústaða tekur á þessu stigi málsins ekki efnislega afstöðu til frumvarpsins, en vill benda á nokkur atriði sem skyld eru þessu máli og varðar félagslegar íbúðabyggingar.

1. Í áliti nefndar, sem félagsmálaráðherra skipaði til að gera slíka úttekt á núverandi kerfis húsnæðismála, er komist að þeirri niðurstöðu að kerfið sé ónothæft og nauðsynlegt sé að taka það allt til gagngerrar endurskoðunar þegar á þessu ári.

   Það virðast því vera full rök fyrir því að fresta afgreiðslu frumvarpsins þar til heildarendurskoðun laganna fer fram í stað þess að halda áfram að hlaða utan á kerfið.
2. Stjórn verkamannabústaða hefur vaxandi áhyggjur af þeirri tilhneigingu stjórnvalda að auka í sífellu við hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna án þess að auka tekjumöguleika hans að sama skapi.
3. Á undanförnum árum hefur eftirspurn eftir verkamannabústöðum farið vaxandi. Nú er stjórn verkamannabústaða í Reykjavík að vinna úr 850 umsóknum, en hefur aðeins 160–170 íbúðir til ráðstöfunar á þessu ári. Það verða því 680–690 umsækjendur sem fá synjun, en þyrftu flestir að njóta þeirra kjara sem verkamannabústaða bjóða upp á og uppfylla sett skilyrði.

   Það gefur því auga leið hver nauðsyn er á að efla félagslega íbúðakerfið. Þá má einnig benda á að núverandi kerfi skilur út undan hóp fólks sem fer yfir þau tekjumörk sem lög um verkamannabústaði kveða á um, en sem ræður ekki við kaup á frjálsum markaði. Hversu stór þessi hópur er vitum við ekki, en tilvist hans undirstrikar nauðsyn þess að endurskoða kerfið í heild.
4. Það er augljóslega megintilgangur frumvarpsins að gefa fólki kost á að komast í húsnæði sem venjulegur leigutaki þar sem greiðslur eru hóflegar mánaðargreiðslur og leigutaki þarf ekki að óttast uppsögn standi hann í skilum með greiðslur. Að loknum ákveðnum umþóttunartíma geti hann síðan fest kaup á íbúðinni og tryggt þannig áframhaldandi umráðarétt yfir íbúðinni. Í raun er mjög líkur möguleiki fyrir hendi hvað varðar verkamannabústaði þar sem heimilt er að hækka lánshlutfall úr 85% í 90% og lána síðan útborgunina til þriggja ára. Í athugasemdum við lagafrumvarpið, kafla um greiðslukjör, er reiknað með að mánaðarleiga fyrir íbúð, sem kostar 4 000 000 kr., verði 10 050 kr. og er þá ekki reiknað með almennum rekstrarkostnaði sem bætist við ofangreinda upphæð.

   Innan verkamanmnabústaðakerfisins yrði kaupandi að greiða í upphafi um 60 000 kr. vegna þinglýsinga og stimpilgjalda af lánum. Fyrstu þrjú árin yrði hann að greiða mánaðarlega um 14 300 kr., en eftir það ársfjórðungslega um 25 000 kr. eða 8 600 kr. að jafnaði á mánuði. Að 15 árum liðnum hafa báðir aðilar innt af hendi álíka upphæð

eða um 1 800 000 kr. og fengi þá eigandi verkamannabústaðarins um 625 000 kr. í sinn hlut við brottför, en leigjandi kaupleiguíbúðarinnar fengi ekki neitt.

5. Í gildandi lögum um verkamannabústaði geta ekki aðrir notið ofangreindra kjara en þeir sem búa við sérstaklega erfiðar fjölskyldu- og heimilisaðstæður og eru í verulegum erfiðleikum með útborgun. Í lagafrumvarpinu eru engin önnur ákvæði um skilyrði fyrir leigu á kaupleiguíbúð en þau sem gilda almennt um þá sem geta keypt íbúð í verkamannabústöðum.
6. Í 61. gr. laga nr. 60/1984 er bannað að selja leiguíbúðir meðan á þeim hvíla lán úr Byggingarsjóði verkamanna, en í lagafrumvarpinu virðist aðalreglan eiga að vera sú að íbúðirnar séu seldar, a.m.k. eiga ákvæði laga um húsaleigusamninga um uppsögn á leiguhúsnæði við frá þeim tíma er lokafrestur til að neyta kaupréttar rennur út, en fram til þess tíma gilda þau ekki standi leigutaki í skilum.

Framangreind álitsgerð var samþykkt á fundi stjórnar verkamannabústaða í Reykjavík 10. apríl 1988 með sex samhljóða atkvæðum. Ragna Bergmann sat hjá við afgreiðslu málsins og gerði sérstaka grein fyrir þeirri afstöðu sinni.

Ríkarður Steinbergsson

framkvæmdastjóri.

Umsögn hreppsnefndar Hvammstangahrepps.

(Send félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis 5. apríl 1988.)

Vísað er til bréfs neðri deildar Alþingis þar sem óskað er umsagna um frumvörp til laga um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, 301. og 329. mál. Í frumvörpunum er gert ráð fyrir þátttöku sveitarfélaganna í byggingu leiguíbúða og á landsbyggðinni er mikill og vaxandi þrýstingur á sveitarfélögin um að húsnæðisvandinn þar verði leystur af sveitarfélögunum.

Öll viðleitni til að auðvelda sveitarfélögunum að verða við þessum kröfum, lengja lánstíma o.fl. þess háttar, er af hinu góða, en nægir þó tæpast til þar sem fjárhagsstöðu margra þeirra er þannig varið að þau hafa ekki fjármuni til að binda í íbúðarbyggingum. Viss hætta er því á að einungis hin stærri og fjárhagslega betur stæðu sveitarfélög geti nýtt sér lánsfé til byggingar leiguíbúða sveitarfélaga hvort sem um er að ræða leigu- eða kaupleiguíbúðir og þær verði því ekki byggðar þar sem þeirra er hvað mest þörf.

Þórður Skúlason

sveitarstjóri.

Umsögn Alþýðusambands Íslands.

(Send félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis 8. apríl 1988.)

Á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands í dag var samþykkt með meiri hluta atkvæða eftirfarandi umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum, 301. mál.

Miðstjórn telur að rétt sé að tilraun sé gerð með það kaupleigukerfi sem frumvarpið gerir ráð fyrir og mælir því með samþykkt frumvarpsins.

Kristín Mäntylä.

Umsögn húsnæðissamvinnufélagsins Búseta.
(Send félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis 5. apríl 1988.)

Efni: Umsögn um frumvörp til laga um breyting á lögum nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, 301. mál og 329. mál.

Þar sem þessi frumvörp bárust samtímis til umsagnar og tilgangur þeirra er hliðstæður þykir eðlilegt að skila umsögn um þau í einu lagi.

Fyrst eru athugasemdir við frumvarp til laga um kaupleiguíbúðir, 301. mál:

Þann 29. júlí 1987 var með bréfi frá félagsmálaráðuneytinu óskað eftir upplýsingum frá Búseta — landssambandi húsnæðissamvinnufélaga vegna undirbúnings frumvarps um kaupleiguíbúðir og var Búseta boðið til samstarfs um það verkefni. Í svari frá Búseta dags. 31. ágúst sl. var það álit látið í ljós að þetta kerfi gæti samrýmst markmiðum Búseta ef gert væri ráð fyrir hlutareign sem búseturéttur gæti fallið undir.

Búseta voru svo kynnt drög að frumvarpi um kaupleiguíbúðir 26. nóv. sl. Kom þá í ljós að lítið tillit hafði verið tekið til Búseta. Félagið gerði ítarlegar athugasemdir með bréfi dags. 1. des. sl. með það í huga að vinnsla við frumvarpið væri á lokastigi, en þegar það sá dagsins ljós var það orðið enn óaðgengilegra fyrir Búseta og ekkert tillit hafði verið tekið til athugasemda félagsins.

Um frumvarpið í heild er þetta að segja:

Það ber að fagna því markmiði frumvarpsins að auka framboð á leiguhúsnæði. Hins vegar vill Búseti draga í efa gildi þess valkosts að gera leiguíbúðir að eignaríbúðum og gera þetta kerfi þar með mjög áþekkt verkamannabústaðakerfinu sem með miklum rétti getur kallast kaupleigukerfi.

Mestar efasemdir eru þó um þann kost sem kallast almennar kaupleiguíbúðir. Í upphafi verður að leigja í fimm ár. Þá er boðið upp á að gerast eigandi með hliðstæðum kvöðum og nú gilda í verkamannabústaðakerfinu. Lánskjör eru hins vegar hliðstæð og á almennum markaði, þ.e. 3,5% vextir og lánshlutfall 70% (15% viðbótarlán mögulegt). Þegar 1% árleg fyrning dregst frá verður eignamyndun íbúðarkaupandans neikvæð í nokkur ár.

Í almenna kaupleigukerfinu er svo gert ráð fyrir möguleika á hlutareign, en ekki í félagslega kaupleigukerfinu. Þar sem félagsmenn Búseta falla almennt undir þá skilmála sem settir eru í verkamannabústaðakerfinu er ljóst að kaupleigukerfið, eins og gert er ráð fyrir því í þessu frumvarpi, þjónar vart hagsmunum félagsmanna Búseta.

Varðandi frumvarp til laga um lengingu lána úr 31 ári í 43 ár skv. b- og c-liðum 33. gr. núgildandi húsnæðislaga styður Búseti þetta frumvarp eindregið og vísar að öðru leyti til tillagna þar um í hjálögðu bréfi dags. 1. des. sl.

Þann 1. desember á þessu ári munu félagsmenn í Búseta í Reykjavík væntanlega flytja inn í fyrstu búseturéttaríbúðirnar hér á landi. Setning laga um búseturétt og húsnæðissamvinnufélög er því orðin mjög brýn, en eins og kunnugt er hefur lagafrumvarp um þetta form verið lagt fram alls fjórum sinnum á Alþingi til þessa án afgreiðslu.

Guðni Jóhannesson
formaður.

Umsögn starfsmannafélagsins Sóknar.
(Send félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis 17. mars 1988.)

Fundur stjórnar og trúnaðarmannaráðs starfsmannafélagsins Sóknar haldinn 17. mars 1988 ályktar eftirfarandi:

Félagið lýsir yfir áhyggjum sínum af húsnæðisvanda fólks hér á landi í dag, vanda sem lýsir sér í langri bið fólks eftir lánum frá húsnæðismálastjórn, miklum skorti á leiguhúsnæði sem leiðir til okurleigu á húsnæði og uppsprengdu verði á húsnæði ásamt hárri útborgun í íbúð.

Félagið telur að þær hugmyndir, sem koma fram í frumvarpi félagsmálaráðherra um kaupleiguíbúðir, henti mjög vel því fólki sem nú er í erfiðleikum þar sem einnig er um að ræða fastar hóflegar mánaðargreiðslur, auk þess sem fólk á kost á að velja um leigu eða kaup á íbúð. Enn fremur geta leigjendur með kaupum á eignarhlut í íbúð tryggt sér öruggan búsetarétt á íbúð.

Þar sem hér er um afar brýnt mál að ræða fyrir félagsmenn í verkalýðshreyfingunni skorar félagið á Alþingi að samþykkja kaupleigufrumvarpið á þessu þingi.

Þórunn Sveinbjörnsdóttir

formaður.

Umsögn Verkakvennafélagsins Framsóknar.

(Send félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis 8. apríl 1988.)

Á stjórnar- og trúnaðarmannaráðsfundi Verkakvennafélagsins Framsóknar, sem haldinn var 7. apríl sl., var eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða:

Félagið lýsir yfir áhyggjum sínum af húsnæðisvanda fólks hér á landi í dag, vanda sem lýsir sér í langri bið fólks eftir lánum frá húsnæðismálastjórn og miklum skorti á leiguhúsnæði sem leiðir til okurleigu á húsnæði.

Félagið telur að þær hugmyndir, sem koma fram í frumvarpi félagsmálaráðherra um kaupleiguíbúðir, henti mjög vel því fólki sem nú á í erfiðleikum þar sem einnig er um að ræða fastar hóflegar mánaðargreiðslur, auk þess sem fólk á kost á að velja um leigu eða kaup á íbúð. Enn fremur geta leigjendur með kaupum á eignarhlut í íbúð tryggt sér öruggan búsetarétt á íbúð.

Þar sem hér er um afar brýnt mál að ræða fyrir félagsmenn í verkalýðshreyfingunni skorar félagið á Alþingi að samþykkja kaupleigufrumvarpið á þessu þingi.

Ragna Bergmann

formaður.

Umsögn Sambands almennra lífeyrissjóða.

(Send félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis 8. apríl 1988.)

Frumvarp til laga um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum, 301. mál.

Framkvæmdastjórn Sambands almennra lífeyrissjóða fjallaði um framangreint frumvarp á fundi sínum í dag og samþykkti eftirfarandi umsögn:

Skírskotað er í álitsgerð til félagsmálaráðherra um nokkra kosti í skipan hins almenna húsnæðislánakerfis, dags. 23. mars sl. Í álitsgerðinni kemur m.a. fram að núverandi lánakerfi veldur ekki hlutverki sínu. Félagsmálaráðherra hefur boðað að nauðsynlegt sé að gagnger endurskoðun fari fram á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nú þegar á þessu ári.

Það er skoðun framkvæmdastjórnar SAL að eðlilegt sé að fresta afgreiðslu ofangreinds frumvarps þar til slík endurskoðun hafi farið fram.

Því telur SAL ekki ástæðu til á þessu stigi málsins að taka efnislega afstöðu til frumvarpsins.

Hrafn Magnússon.

Umsögn bæjarstjórnar Egilsstaða.

(Send félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis 19. apríl 1988.)

Bæjarstjórn Egilsstaða hefur fjallað um frumvörp til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, 301. mál og 329. mál, nú síðast á fundi sínum 12. apríl sl.

Eftirfarandi bókun var gerð:

Bæjarstjórn lýsir stuðningi sínum við meginefni frumvarpsins og hvetur til þess að það verði samþykkt sem fyrst.

Sigurður R. Símonarson

bæjarstjóri.

Nd. 884. Breytingartillögur [301. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar (AS, GHH, BDýr, EH, JK).

Við 4. gr.

1. 4. mgr. a-liðar (30. gr.) orðist svo:
   Fyrirtæki, sem hér er átt við, geta verið einstaklingar, félög og aðrir aðilar sem reka sjálfstæða starfsemi og þurfa af brýnni nauðsyn að koma upp íbúðarhúsnæði vegna starfsemi sinnar.
2. Orðin „t.d. með sölu skuldabréfa“ í niðurlagi 1. mgr. e-liðar (34. gr.) falla brott.
3. 6. mgr. j-liðar (39. gr.) orðist svo:
   Kaupandi greiðir kaupverðið, sbr. 1.–3. tölul. 3. mgr. þessarar greinar, til framkvæmdaaðila með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, þó að undanskildu 15% láni úr Byggingarsjóði ríkisins er skal gjaldfellt og endurgreitt framkvæmdaaðila á fimm árum á sömu kjörum og gilda um skuldabréfakaup lífeyrissjóða hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Framkvæmdaaðili skal sjá um að greiða afborganir af láni eða lánum Byggingarsjóðs ríkisins þar til afsal er gefið út.

Nd. 885. Nefndarálit [329. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin sendi frumvarpið til umsagnar fjölda aðila, samtaka sveitarfélaga, aðila vinnumarkaðarins, Húsnæðisstofnunar ríkisins, samtaka átta aðila um húsnæðismál o.fl.

Umsagnir, sem borist hafa, eru flestar jákvæðar um nauðsyn þessarar lagabreytingar og gildi hennar.

Nefndin er sammála um að leggja til að frumvarpið verði samþykkt.
Steingrímur J. Sigfússon sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 25. apríl 1988.

Alexander Stefánsson, form., frsm.	Geir H. Haarde.	Kristín Einarsdóttir.
Birgir Dýrfjörð.	Óli Þ. Guðbjartsson.	Eggert Haukdal.
	Jón Kristjánsson.	

Nd. 886. Nefndarálit [299. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 54/1986, lög nr. 27/1987 og lög nr. 84/1987.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin sendi frumvarpið til umsagnar fjölda aðila, samtaka sveitarfélaga, aðila vinnumarkaðarins, Húsnæðisstofnunar ríkisins o.fl.

Svör hafa borist frá Alþýðusambandi Íslands og Fjórðungssambandi Norðlendinga.

Nefndin er sammála um að hugmynd flutningsmanna um skiptingu ráðstöfunarfjár milli kjördæma geti átt fullan rétt á sér, en sé vandmeðfarin og geti í sumum tilfellum orkað tvímælis. Þess vegna sé eðlilegt að undirbúa slíka breytingu með ítarlegri könnun og meiri reynslu varðandi skiptingu útlána.

Nefndin er sammála um að efni þessa frumvarps sé athyglisvert innlegg í þá heildarendurskoðun á húsnæðiskerfinu sem áformuð er samkvæmt yfirlýsingu ríksstjórnarinnar og leggur því til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Steingrímur J. Sigfússon sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 25. apríl 1988.

Alexander Stefánsson, form., frsm.	Geir H. Haarde.	Kristín Einarsdóttir.
Óli Þ. Guðbjartsson.	Birgir Dýrfjörð.	Eggert Haukdal.
	Jón Kristjánsson.	

Nd. 887. Nefndarálit [301. mál]

um frv. til. l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. félagsmálanefndar.

Núgildandi lög um Húsnæðisstofnun ríkisins miða nær eingöngu við að fólk eignist það húsnæði sem það býr í. Aðrir valkostir bjóðast varla. Alls staðar vantar leiguíbúðir og víða úti um landið hefur skortur á leiguhúsnæði m.a. verið talinn standa í vegi fyrir eðlilegri þróun byggðar og atvinnulífs. Það er því fyllilega tímabært að opna nýjar leiðir í húsnæðismálum landsmanna, m.a. með því að auka framboð á leiguhúsnæði.

Fjöldi fólks á nú í miklum erfiðleikum vegna íbúðarkaupa og má segja að launafólk eigi vart möguleika á að koma sér upp þaki yfir höfuðið á þeim kjörum sem bjóðast. Sífelldar breytingar á húsnæðislánakerfinu á undanförnum árum hafa valdið miklu óöryggi þannig að fólk veit varla við hverju það má búast frá ári til árs af hálfu hins opinbera. Núverandi lánakerfi gerir ráð fyrir að hægt sé að fá lán til íbúðarkaupa hjá Húsnæðisstofnun ríkisins fyrir allt að 70% af verði íbúðar af hóflegri stærð. Ekki er hægt að mæta þeirri miklu eftirspurn sem er eftir lánum til íbúðarkaupa. Þetta hefur leitt til þess að bið eftir lánum er mjög löng. Nú þurfa þeir sem eru í forgangshópi að bíða í a.m.k. tvö ár frá því sótt er um þangað til þeir fá fyrri hluta lánsins. Ef ekkert verður að gert stefnir í enn lengri biðtíma eftir lánum, lækkun lánsupphæðar eða að beinlínis verði að synja fleirum um lán.

Á þessu ári er áætlað að verja 273 millj. kr. í félagslegar kaupleiguíbúðir hjá Byggingarsjóði verkamanna en samkvæmt fjárlögum eða lánsfjárlögum hefur ekki verið gert ráð fyrir að verja neinu fé í almennar kaupleiguíbúðir. Þá er athyglisvert að ekki liggur fyrir neitt um það hve miklu af því fé, sem áætlað er að Húsnæðisstofnun ríkisins hafi til ráðstöfunar á næstu árum, fari í kaupleiguíbúðir. Fjármögnun þessara nýju lánaflokka er því í mikilli óvissu. Látið er að því liggja að fjármagn verði tekið af fé til annarra lánaflokka Húsnæðisstofnunar og sett í kaupleiguíbúðir. Þetta getur leitt til enn meira öngþveitis og óvissu í húsnæðismálum en nú er.

Í janúar sl. var skipaður vinnuhópur til að gera tillögur um framtíðarskipan húsnæðislánakerfisins og til að leggja mat á stöðu núverandi kerfis. Í álitsgerð vinnuhópsins til félagsmálaráðherra frá 23. mars 1988 kemur m.a. fram að núverandi lánakerfi valdi ekki hlutverki sínu. Í framhaldi af þessu hefur verið boðað að endurskoðun eigi að fara fram á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins strax á þessu ári.

Meginhugmyndin að baki frumvarpinu er jákvæð, en 1. minni hl. telur ekki tímabært að koma á nýju kerfi við hlið þess sem fyrir er án þess að heildarstefna sé mótuð og án þess að fjármagn til þess sé tryggt. Nefndinni gafst ekki tími til að vinna málið að neinu marki sem m.a. kemur fram í því að ekki vannst tími til að fá menn til viðtals við nefndina áður en málið var afgreitt. Kvennalistinn leggur áherslu á nauðsyn þess að endurskoða húsnæðislánakerfið í heild m.a. með það að markmiði að auka framboð á leiguhúsnæði, félagslegum íbúðum og íbúðum með búseturéttarfyrirkomulagi.

Með vísun til þess sem hér hefur verið sagt leggur 1. minni hl. til að þeir aðilar, sem til þess verða kvaddir að endurskoða húsnæðislöggjöfina, marki einnig framtíðarstefnu um kaupleiguíbúðir og málinu verði með það í huga **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 25. apríl 1988.

Kristín Einarsdóttir.

Nd. 888. Nefndarálit [301. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hl. félagsmálanefndar.

Öllum er ljóst að löggjöf um Húsnæðisstofnun ríkisins þarf heildarendurskoðunar við. Húsnæðiskerfið sinnir fráleitt því hlutverki sem því er ætlað og nauðsynlegt er.

Þegar breyting var gerð á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins — í kjölfar og raunar samfara lausn kjaradeilna á vinnumarkaðinum í febrúar 1986 — var það með þeim yfirlýsta fyrirvara þáverandi stjórnvalda að húsnæðiskerfið allt yrði tekið til gagngerrar endurskoð-

unar, einkum með tilliti til félagslegra íbúða, leiguíbúða, íbúða fyrir aldraða, öryrkja og námsmenn, og ekki síst með því að leysa sérstaklega vanda þeirra sem í greiðsluerfiðleikum lentu eftir 1980 og kerfið tók ekki til.

Þegar breyting var samþykkt á lögunum fyrr á þessu þingi voru þessi áform um heildarendurskoðun enn ítrekuð nánast af öllum sem um þá breytingu fjölluðu.

Í forsendum þess frumvarps var kveðið svo fast að orði, m.a. um nauðsyn heildarendurskoðunar, að segja: „Með hliðsjón af framansögðu er ljóst að grípa verður til áhrifaríkra aðgerða til að koma í veg fyrir gjaldþrot húsnæðiskerfisins.“

Þolendur þessa ástands eru allir þeir sem reynt hafa nú seinustu árin að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Biðraðirnar eru vísast lengstar hér á þenslusvæði höfuðborgarinnar. Landsbyggðin situr hnípin hjá, enda dæmd af stjórnvaldsaðgerðum til að vera í þessu efni sem öðru annars ef ekki þriðja flokks svæði.

Hvergi virðist örla á raunhæfum vilja til að ráðast að kjarna þess vanda sem hér er við að etja, þ.e. ranglæti lánskjaravísitölunnar samkvæmt lögum nr. 13/1979.

Jafnvel svo einfalt mál sem það er að hrinda af stað heildarendurskoðun á húsnæðislöggjöfinni virðist vefjast fyrir þeim sem hér fara með meirihlutavald.

Borgaraflokkurinn er eina stjórnmálaaflið hér á Alþingi sem fyrr á þessu þingi hefur lagt fram mjög athyglisverðar tillögur um heildarlausn á húsnæðislöggjöf þjóðarinnar. Það hefur verið gert með flutningi málsins bæði hér í þessari deild sem og í efri deild.

Þetta hefur verið gert á þskj. 170 í efri deild og þskj. 222 hér í neðri deild, og enn fremur á þskj. 256 og þskj. 581 í efri deild.

Meginmarkmiðin í húsnæðistillögum Borgaraflokksins eru þrjú:

1. Að breyta hlutverki Húsnæðisstofnunar þannig að hún sæi um fjármögnun fyrstu íbúðar og félagslega þáttarins til frambúðar, en húsbanki um önnur húsnæðislán.
2. Að ná því jafnvægi á þessum lánamarkaði að biðraðir væru úr sögunni.
3. Að komast út úr ranglæti lánskjaravísitölunnar með vaxtaaðlögun.

Enda þótt aldrei verði nægileg áhersla lögð á þá meginstaðreynd að árangurs á þessu sviði verður vart að vænta fyrr en menn snúa sér að rótum meinsins — þá vilja fulltrúar Borgaraflokksins ekki leggja stein í götu þess frumvarps sem hér er sérstaklega til umfjöllunar.

Hugmyndin um kaupleiguíbúðir er góðra gjalda verð og ætti vissulega rétt á sér sem einn valkosta í heilbrigðu húsnæðislánakerfi er stæði undir nafni og þjónaði á eðlilegan hátt þörfum húsbyggjenda um allt land.

Alþingi, 25. apríl 1988.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Sþ. 889. Fyrirspurn [502. mál]

til landbúnaðarráðherra um kjúklingabú.

Frá Málmfríði Sigurðardóttur og Danfríði Skarphéðinsdóttur.

1. Hversu mörg kjúklingabú eru á landinu?
2. Hver er heildarframleiðsla þeirra?
3. Hver er áætluð framleiðsluþörf á innanlandsmarkað?
4. Hve stórt er áætlað að slíkt bú þurfi að vera til að framfleyta vísitölufjölskyldu?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 890. Fyrirspurn [503. mál]

til landbúnaðarráðherra um framleiðslukostnað kjöts.

Frá Málmfríði Sigurðardóttur og Danfríði Skarphéðinsdóttur.

1. Hvert er hlutfall erlends og innlends fóðurs í framleiðslukostnaði á hvert kg
   a. dilkakjöts,
   b. nautakjöts,
   c. svínakjöts,
   d. kjúklingakjöts?
2. Hvert er hlutfall vinnulauna í framleiðslukostnaði á hvert kg þessara kjöttegunda?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 891. Nefndarálit [256. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum. Með vísan til þess að lög um almannatryggingar eru nú til heildarendurskoðunar leggur nefndin til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Guðmundur G. Þórarinsson og Guðrún Helgadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. apríl 1988.

Ragnhildur Helgadóttir, form. — Geir H. Haarde, frsm. — Jón Kristjánsson.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir. — Birgir Dýrfjörð.

Nd. 892. Nefndarálit [263. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum. Þar sem nú stendur yfir heildarendurskoðun laga um Tryggingastofnun ríkisins telur nefndin eðlilegt að efni frumvarpsins verði tekið til meðferðar við þá endurskoðun. Nefndin leggur því til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Guðrún Helgadóttir og Guðmundur G. Þórarinsson voru fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. apríl 1988.

Ragnhildur Helgadóttir, form. — Jón Kristjánsson, frsm. — Birgir Dýrfjörð.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir. — Geir H. Haarde.

Sþ. 893. Fyrirspurn [504. mál]

til fjármálaráðherra um greiðslu fasteignagjalda.

Frá Einari Kr. Guðfinnssyni.

1. Hver verða heildarfasteignagjöld ríkisfyrirtækja og stofnana ríkisins árið 1988?
2. Hver verða heildarfasteignagjöld fyrirtækja sem ríkissjóður á meiri hluta í?
3. Hvernig skiptast þessi fasteignagjöld eftir sveitarfélögum í landinu?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 894. Breytingartillögur [301. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Við 8. gr.

1. Við fyrri málsl. 4. mgr. b-liðar (86. gr.) bætist: sbr. þó ákvæði síðari málsl. 1. mgr. 88. gr.
2. Við 1. mgr. d-liðar (88. gr.) bætist: Heimilt er að hækka hlutfall lána til félagslegra kaupleiguíbúða úr Byggingarsjóði verkamanna í allt að 95% þegar í hlut eiga sveitarfélög með svo veikan fjárhag að sýnt þykir að þeim sé ókleift að hafa forgöngu um byggingu kaupleiguíbúða án sérstakrar aðstoðar.
3. Við e-lið (89. gr.) bætist: sbr. þó ákvæði síðari málsl. 1. mgr. 88. gr.
4. G-liður (91. gr.) orðist svo:

   Sá sem hefur fengið úthlutað félagslegri kaupleiguíbúð getur valið um leigu með kauprétti, sbr. 92. gr., leigu með kaupum á eignarhluta, sbr. 93. gr., eða kaup, sbr. 94. gr.

   Framkvæmdaaðila er óheimilt að ákveða fyrir fram hvort íbúð verður leigð eða seld. Þó er heimilt að takmarka sölu við tiltekinn eignarhlut ef um er að ræða byggingu íbúða til leigu samfara kaupum á eignarhlut.
5. Á eftir h-lið (92. gr.) komi nýr stafliður (93. gr.) er orðist svo (röð annarra stafliða og greina breytist í samræmi við það):

   Heimilt er að tryggja leigutaka ótímabundinn afnotarétt að íbúð með því að selja honum eignarhlut í henni með þeim kvöðum að eignarhlutur hans standi óhreyfður í íbúðinni á meðan hann hefur afnot af henni.

   Frá og með undirritun samnings um kaup leigutaka á eignarhlut í íbúð, sbr. 1. mgr., eiga ákvæði laga um húsaleigusamninga um uppsögn leigusala á húsnæði ekki við, enda verði ekki um meiri háttar vanefndir af hálfu leigutaka að ræða.

   Leigutaki ber ábyrgð á rekstri og viðhaldi húsnæðisins í samræmi við eignarhlut sinn, enda lækki leigugjald sem því nemur. Nánari ákvæði um félagsskap í tengslum við reksturinn má setja í reglugerð.

   Eftir að kaup á eignarhlut í íbúð samkvæmt þessari grein hafa farið fram lækkar leigugjald sem nemur vöxtum af því framlagi sem leigutaki hefur innt af hendi.

   Eignarhlut leigutaka, sbr. 1. mgr., skal þinglýst sem kvöð á íbúðinni.

   Réttur leigutaka til íbúðar samkvæmt þessari grein er persónulegur, þ.e. er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Hætti leigutaki afnotum af íbúð skal eignarhluturinn endurgreiddur með fullum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu án vaxta. Fram-

kvæmdaaðili getur þó heimilað að réttur til afnota af íbúð með eignarhlut færist yfir til maka við andlát leigutaka, hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna eða setu í óskiptu búi.

Um heimild framkvæmdaaðila til að rifta leigusamningi, ef íbúð er framleigð í heimildarleysi, gilda ákvæði laga um húsaleigusamninga, nr. 44/1979, með síðari breytingum.

Ed. 895. Nefndarálit [449. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir Reykjavíkurborg til þess að taka eignarnámi hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda í Kópavogskaupstað.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.
Halldór Blöndal og Svavar Gestsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.
Skúli Alexandersson sat fund nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 25. apríl 1988.

Guðmundur H. Garðarsson, form., frsm. Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr. Jóhann Einvarðsson.

Valgerður Sverrisdóttir. Karl Steinar Guðnason.

Ed. 896. Nefndarálit [365. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.
Halldór Blöndal og Svavar Gestsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.
Skúli Alexandersson sat fund nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 25. apríl 1988.

Guðmundur H. Garðarsson, form., frsm. Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr. Jóhann Einvarðsson.

Karl Steinar Guðnason. Valgerður Sverrisdóttir.

Ed. 897. Nefndarálit [448. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.
Halldór Blöndal og Svavar Gestsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.
Skúli Alexandersson sat fund nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 25. apríl 1988.

Guðmundur H. Garðarsson, form., frsm. Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr. Jóhann Einvarðsson.

Karl Steinar Guðnason. Valgerður Sverrisdóttir.

Nd. 898. Nefndarálit [201. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Frumvarpið fjallar um breytingu á reglum um greiðslur vasapeninga til örorkulífeyrisþega sem dveljast á stofnunum á vegum sjúkratrygginga. Hefur málið verið rætt á nokkrum fundum. Telur nefndin að endurskoða þurfi upphæðir vasapeninga öryrkja og annarra sem dveljast á stofnunum. Sérstaklega þarf að gaumgæfa lausn á málum öryrkja sem hafa ekki átt kost á aðild að lífeyrissjóði.

Nefndin væntir þess að mál þetta komi til jákvæðrar umfjöllunar í þeirri heildarendurskoðun sem nú fer fram á löggjöfinni um almannatryggingar og tillaga að nýju og betra fyrirkomulagi verði lögð fyrir næsta þing í nýju frumvarpi til heildarlaga um almannatryggingar.

Nefndin leggur því til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 25. apríl 1988.

Ragnhildur Helgadóttir, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Guðmundur G. Þórarinsson.
Geir H. Haarde.	Birgir Dýrfjörð.	Jón Kristjánsson.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Nd. 899. Nefndarálit [116. mál]

um frv. til læknalaga.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið ítarlega og er sammála um að mæla með samþykkt þess með eftirtöldum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim sem lokið hefur prófi frá læknadeild Háskóla Íslands svo og viðbótarnámi í heilbrigðisstofnunum hér á landi eftir reglum sem ráðherra setur samkvæmt tillögum læknadeildar Háskóla Íslands.
2. Við 4. gr. Í stað orðsins „læknanemum“ í 1. mgr. komi: læknakandídötum eða læknanemum sem lokið hafa 4. árs námi.
3. Við 14. gr. Fyrirsögn greinarinnar verði: *E. Sjúkravitjanir.*
4. Við 18. gr. Í stað orðsins „heimtar“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: heimtir.

Alþingi, 25. apríl 1988.

Ragnhildur Helgadóttir, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr., með fyrirvara.	Birgir Dýrfjörð.
Guðmundur G. Þórarinsson.	Geir H. Haarde.	Jón Kristjánsson.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Sþ. 900. Tillaga til þingsályktunar [505. mál]

um vantraust á ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Júlíus Sólnes, Þórhildur Þorleifsdóttir, Stefán Valgeirsson.

Með hliðsjón af því alvarlega ástandi sem nú ríkir í þjóðfélaginu
— versnandi kjörum launafólks og vaxandi misrétti í launamálum,
— verkföllum sem lama viðskipti og valda heimilunum ómældum erfiðleikum,
— óheyrilegum fjármagnskostnaði, gífurlegum viðskiptahalla og skuldasöfnun,
— erfiðleikum atvinnuveganna og stórfelldri byggðaröskun
sem á að verulegu leyti rætur sínar að rekja til rangrar stjórnarstefnu *ályktar Alþingi að lýsa yfir vantrausti á ríkisstjórnina.*

Nd. 901. Nefndarálit [444. mál]

um frv. til l. um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 26. apríl 1988.

Ragnhildur Helgadóttir, form.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, frsm.
Guðmundur G. Þórarinsson.	Geir H. Haarde.	Birgir Dýrfjörð.
	Jón Kristjánsson.	

Ed. 902. Nefndarálit [474. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um meðferð opinberra mála, nr. 74 21. ágúst 1974.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.
Skúli Alexandersson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 26. apríl 1988.

Jóhann Einvarðsson, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Eiður Guðnason.	Guðrún Agnarsdóttir.	Ey. Kon. Jónsson.
	Stefán Guðmundsson.	

Sþ. 903. Skýrsla [506. mál]

dóms- og kirkjumálaráðherra um meðaltalsfjölda viðfangsefna sýslumannsembætta árin 1980–1987 og meðaltalsfjölda viðfangsefna sýslumannsembætta annars vegar og héraðsdómstóla hins vegar ef lögfest verður frumvarp um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði og fylgifrumvörp þess.

(Lögð fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

Nokkrar athugasemdir vegna samantektar á meðaltalsfjölda viðfangsefna sýslumanna og dómstóla 1980–1987.

1. Ekki má draga teljandi ályktanir af heildarfjölda ósambærilegra viðfangsefna, þegar litið er til niðurstöðutalna frambúðarviðfangsefna sýslumanna og héraðsdómstóla. Tölurnar sýna ekki þann verulega mun á vinnu, sem er milli til dæmis þinglýsingar eða viðtöku dánartilkynningar annars vegar og uppkvaðningar dóms í munnlega fluttu einkamáli hins vegar. Samtölur á hverju blaði koma þó að haldi til innbyrðis samanburðar á umfangi starfa einstakra embætta, hvort sem er sýslumannsembætta eða héraðsdómstóla.
2. Þessi samantekt er unnin eftir upplýsingum, sem fengust frá sýslumönnum og bæjarfógetum á sérstökum eyðublöðum síðla árs 1987. Þau viðfangsefni, sem könnunin tók til, eru fyrst og fremst dómsmál og önnur dómstörf samkvæmt núgildandi lögum, en þó slæddust einnig með stjórnsýslustörf, hvað hjónavígslur og hjónaskilnaði varðar. Það fer hins vegar fjarri að könnunin gefi rétta mynd af núverandi og væntanlegum stjórnsýslustörfum sýslumanna almennt, þar sem hvergi er vikið til dæmis að innheimtu opinberra gjalda, lögreglumálum, firmaskráningu, lögbókendagerðum o.fl., sem eru og munu verða umtalsverður hluti viðfangsefna sýslumannsembætta.
3. Þegar meðaltalstölur voru reiknaðar hverju sinni var svo sem séð verður ekki farin sú leið að tiltaka meðaltöl með aukastöfum, heldur ýmist hækkað eða lækkað í næstu heila tölu, eftir því hvort reiknuð útkoma var yfir eða undir hálfum. Þetta kemur almennt ekki að sök, þar sem meðaltalið hlýtur að jafnast út. Hins vegar er þetta vandamál, þar sem heildarfjöldi tiltekinna viðfangsefna var milli 1 og 4 yfir viðkomandi 8 ára tímabil. Þótt slíkt kunni að gefa skakka mynd, var sú leið farin að telja slík verk að meðaltali 1 á ári á því tímabili.
4. Upplýsingar, sem þessi samantekt er unnin úr, voru ekki fullkomnar. Þannig vantaði í fyrsta lagi með öllu upplýsingar um starfsemi embættis lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, en dómsmálafjöldi þar er væntanlega nánast enginn, ef frá eru talin opinber mál. Í öðru lagi hefur ein blaðsíða orðið viðskila úr svörum embættis bæjarfógeta í Hafnarfirði, en sú síða varðar málefni, sem voru hverfandi fátíð í öðrum umdæmum. Í þriðja lagi er algengt að ekki hafi verið hirt um að gefa upp tölur um ákveðna fyrirspurnarliði, sem leiðir því til að meðaltal er ýmist tilgreint sem „0“ í viðkomandi tilvikum eða sem stórlega lægri fjöldi en rétt ætti að vera. Þeir liðir, sem þetta á einkum við, eru eftirfarandi:
   (1) Úrskurðir í opinberum málum.
   (2) Sölur fasteigna á nauðungaruppboðum voru í einstökum tilvikum aðeins taldar sem „endanlegar sölur“, þ.e. annað eða þriðja nauðungaruppboð. Þetta hefur í för með sér að meginþorrann vantar af heildarfjöldanum, því almennt má gera ráð fyrir að fyrsta nauðungarsala sé um tífalt algengari en önnur eða þriðja. Þessi ágalli á upplýsingum snýr einkum að embættum á Reykjanesi.
   (3) Beiðnir um lausafjáruppboð eru í sumum tilvikum ótaldar.
   (4) Fjölda andlátstilkynninga vantaði frá sumum embættum.

YFIRLIT YFIR FJÖLDA DÓMSMÁLA O.FL. VIÐ EMBÆTTI SÝSLUMANNA OG BÆJARFÓGETA 1980—1987

ÁRLEGT MEÐALTAL VIÐFANGSEFNA 1980—1987

	Vesturland				
	Akranes	Borgarnes	Snæfellsnes- og Hnappadals-sýsla	Dalasýsla	Samtals
OPINBER MÁL:					
dómar	17	4	13	1	35
sáttir	80	25	47	17	169
úrskurðir	1	0	1	0	2
EINKAMÁL:					
Dómar:					
munnlega flutt mál	5	3	3	1	12
skriflega flutt mál	146	71	40	2	259
sáttir	5	1	2	0	8
hafin mál	2	1	3	1	7
UPPBOÐ:					
fasteignauppboð:					
þingfestingar	41	17	60	2	120
sölur (1., 2. og 3.)	17	1	21	1	40
lausafé:					
beiðnir	11	0	0	0	11
sölur	0	1	1	0	2
sérstök ágreiningsmál	1	0	1	0	2
SKIPTI:					
greiðslustöðvanir	0	0	1	0	1
gjaldþrotaskipti	3	1	3	1	8
nauðasamningar	0	0	0	0	0
dánarbú:					
andlátstilkynningar	26	0	23	0	49
eignalaus bú	2	1	4	0	7
seta í óskiptu búi	1	5	6	0	12
einkaskipti	0	7	9	0	16
opinber skipti	0	1	1	0	2
úrskurðir um lát horfinna	0	0	1	0	1
búskipti milli hjóna	0	1	0	0	1
slit félaga	0	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	1	0	1

	Akranes	Borgarnes	Snæfellsnes- og Hnappadals-sýsla	Dalasýsla	Samtals
FÓGETAGERÐIR:					
fjárnám	153	57	91	6	307
lögtök	45	32	68	1	146
vörslusviptingar	1	0	1	0	2
aðför skv. 2. kafla l. 19/1887	0	0	0	0	0
kyrrsetningar	0	1	1	0	2
lögbannsgerðir	1	1	1	0	3
innsetningar- og útburðargerðir	1	1	1	0	3
löggeymslur	0	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	0	2	1	0	3
ÞINGLÝSINGAR:	2.088	1.121	1.961	281	5.451
SJÓPRÓF:	1	0	2	0	3
HJÓNAVÍGSLUR:	3	1	1	0	5
HJÓNASKILNAÐIR:	13	5	12	2	32
(SAMTALS:	2.664	1.361	2.381	316	6.722)

ÁRLEGT MEÐALTAL VIÐFANGSEFNA 1980 —1987

	Vestfirðir				
	Barða-strandar-sýsla	Ísa-fjörður	Bolungar-vík	Stranda-sýsla	Samtals
OPINBER MÁL:					
dómar	8	18	4	1	31
sáttir	26	72	12	3	113
úrskurðir	5	4	0	1	10
EINKAMÁL:					
dómar:					
munnlega flutt mál	3	8	1	1	13
skriflega flutt mál	62	171	31	1	265
sáttir	2	2	1	0	5
hafin mál	3	8	2	1	14
UPPBOÐ:					
fasteignauppboð:					
þingfestingar	28	114	10	1	153
sölur (1., 2. og 3.)	4	36	4	1	45
lausafé:					
beiðnir	0	94	2	1	97
sölur	2	6	1	0	9
sérstök ágreiningsmál	0	1	0	0	1
SKIPTI:					
greiðslustöðvanir	0	1	1	0	2
gjaldþrotaskipti	1	7	1	1	10
nauðasamningar	0	0	0	0	0
dánarbú:					
andlátstilkynningar	15	26	0	8	49
eignalaus bú	1	14	1	1	17
seta í óskiptu búi	4	14	1	2	21
einkaskipti	5	14	2	5	26
opinber skipti	0	1	1	0	2
úrskurðir um lát horfinna	0	1	0	1	2
búskipti milli hjóna	0	1	1	0	2
slit félaga	0	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	0	1	1	0	2
FÓGETAGERÐIR:					
fjárnám	97	175	24	4	300
lögtök	21	169	9	5	204
vörslusviptingar	0	2	1	0	3
aðför skv. 2. kafla l. 19/1887	0	0	0	0	0
kyrrsetningar	0	1	0	0	1
lögbannsgerðir	1	1	1	0	3
innsetningar- og útburðargerðir	0	2	0	0	2
löggeymslur	0	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	6	1	0	0	7
ÞINGLÝSINGAR:	1.119	2.128	510	284	4.041
SJÓPRÓF:	2	4	1	1	8
HJÓNAVÍGSLUR:	1	3	1	1	6
HJÓNASKILNAÐIR:	8	15	3	1	27
(SAMTALS:	1.424	3.115	627	325	5.491)

ÁRLEGT MEÐALTAL VIÐFANGSEFNA 1980—1987

	Norðurland vestra			
	Húnavatns-sýsla	Skaga-fjarðar-sýsla	Siglu-fjörður	Samtals
OPINBER MÁL:				
dómar	7	9	2	18
sáttir	25	37	19	81
úrskurðir	1	2	0	3
EINKAMÁL:				
dómar:				
munnlega flutt mál	3	2	1	6
skriflega flutt mál	71	0	3	74
sáttir	2	2	1	5
hafin mál	6	3	1	10
UPPBOÐ:				
fasteignauppboð:				
þingfestingar	11	11	6	28
sölur (1., 2. og 3.)	2	2	1	5
lausafé:				
beiðnir	23	37	36	96
sölur	1	2	1	4
sérstök ágreiningsmál	0	1	0	1
SKIPTI:				
greiðslustöðvanir	1	1	1	3
gjaldþrotaskipti	4	1	1	6
nauðasamningar	0	0	0	0
dánarbú:				
andlátstilkynningar	29	32	17	78
eignalaus bú	5	3	3	11
seta í óskiptu búi	7	7	5	19
einkaskipti	11	11	9	31
opinber skipti	1	2	1	4
úrskurðir um lát horfinna	0	0	0	0
búskipti milli hjóna	0	0	0	0
slit félaga	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0
FÓGETAGERÐIR:				
fjárnám	60	61	57	178
lögtök	52	26	25	103
vörslusviptingar	1	0	1	2
aðför skv. 2. kafla l. 19/1887	0	0	0	0
kyrrsetningar	2	1	1	4
lögbannsgerðir	1	1	0	2
innsetningar- og útburðargerðir	1	0	0	1
löggeymslur	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0
ÞINGLÝSINGAR:	1.132	1.248	540	2.920
SJÓPRÓF:	1	1	1	3
HJÓNAVÍGSLUR:	1	2	1	4
HJÓNASKILNAÐIR:	9	9	4	22
(SAMTALS:	1.470	1.514	738	3.722)

ÁRLEGT MEÐALTAL VIÐFANGSEFNA 1980—1987

	Norðurland eystra			
	Ólafsfjörður	Akureyri Eyjafjarðarsýsla	Þingeyjarsýsla	Samtals
OPINBER MÁL:				
dómar	3	50	13	66
sáttir	26	291	65	382
úrskurðir	1	0	2	3
EINKAMÁL:				
dómar:				
munnlega flutt mál	1	34	3	38
skriflega flutt mál	3	683	55	741
sáttir	1	11	3	15
hafin mál	1	25	8	34
UPPBOÐ:				
fasteignauppboð:				
þingfestingar	11	127	36	174
sölur (1., 2. og 3.)	1	50	12	63
lausafé:				
beiðnir	2	351	48	401
sölur	0	23	2	25
sérstök ágreiningsmál	1	0	0	1
SKIPTI:				
greiðslustöðvanir	0	3	1	4
gjaldþrotaskipti	0	10	1	11
nauðasamningar	0	0	0	0
dánarbú:				
andlátstilkynningar	8	122	0	130
eignalaus bú	2	41	12	55
seta í óskiptu búi	3	37	22	62
einkaskipti	2	34	21	57
opinber skipti	0	2	2	4
úrskurðir um lát horfinna	1	1	0	2
búskipti milli hjóna	0	1	1	2
slit félaga	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	2	2
FÓGETAGERÐIR:				
fjárnám	12	447	87	546
lögtök	11	523	91	625
vörslusviptingar	0	1	1	2
aðför skv. 2. kafla l. 19/1887	0	0	0	0
kyrrsetningar	1	8	1	10
lögbannsgerðir	0	1	1	2
innsetningar- og útburðargerðir	1	4	1	6
löggeymslur	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0
ÞINGLÝSINGAR:	391	6.563	1.868	8.822
SJÓPRÓF:	1	4	1	6
HJÓNAVÍGSLUR:	1	8	1	10
HJÓNASKILNAÐIR:	2	26	16	44
(SAMTALS:	487	9.481	2.377	12.345)

ÁRLEGT MEÐALTAL VIÐFANGSEFNA 1980—1987

	Austurland			Austur-Skaftafellssýsla	Samtals
	Norður-Múlasýsla	Suður-Múlasýsla	Neskaupstaður		
OPINBER MÁL:					
dómar	4	13	6	5	28
sáttir	35	89	73	49	246
úrskurðir	0	1	0	1	2
EINKAMÁL:					
dómar:					
munnlega flutt mál	3	3	1	2	9
skriflega flutt mál	27	43	18	32	120
sáttir	2	2	3	1	8
hafin mál	2	3	2	2	9
UPPBOÐ:					
fasteignauppboð:					
þingfestingar	19	49	5	15	88
sölur (1., 2. og 3.)	3	1	1	5	10
lausafé:					
beiðnir	23	56	8	1	88
sölur	2	2	1	1	6
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	0
SKIPTI:					
greiðslustöðvanir	1	1	0	1	3
gjaldþrotaskipti	2	2	1	1	6
nauðasamningar	0	1	0	1	2
dánarbú:					
andlátstilkynningar	14	36	12	12	74
eignalaus bú	5	5	1	2	13
seta í óskiptu búi	5	10	5	3	23
einkaskipti	8	10	3	4	25
opinber skipti	0	2	1	1	4
úrskurðir um lát horfinna	0	1	0	0	1
búskipti milli hjóna	0	1	0	1	2
slit félaga	0	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	1	1
FÓGETAGERÐIR:					
fjárnám	42	83	25	38	188
lögtök	31	98	14	18	161
vörslusviptingar	2	1	0	1	4
aðför skv. 2. kafla l. 19/1887	0	0	0	0	0
kyrrsetningar	1	1	1	1	4
lögbannsgerðir	0	1	0	1	2
innsetningar- og útburðargerðir	0	0	0	0	0
löggeymslur	0	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	0
ÞINGLÝSINGAR:	1.049	1.895	559	824	4.327
SJÓPRÓF:	2	1	1	3	7
HJÓNAVÍGSLUR:	1	2	1	2	6
HJÓNASKILNAÐIR:	5	3	3	3	14
(SAMTALS:	1.288	2.416	745	1.032	5.481)

ÁRLEGT MEÐALTAL VIÐFANGSEFNA 1980—1987

	Vestur-Skaftafellssýsla	Suðurland: Rangárvallasýsla	Suðurland: Árnessýsla	Suðurland: Vestmannaeyjar	Samtals
OPINBER MÁL:					
dómar	1	6	34	16	57
sáttir	1	37	136	121	295
úrskurðir	1	1	3	1	6
EINKAMÁL:					
dómar:					
munnlega flutt mál	1	2	19	8	30
skriflega flutt mál	3	62	260	165	490
sáttir	0	2	7	6	15
hafin mál	1	2	14	10	27
UPPBOÐ:					
fasteignauppboð:					
þingfestingar	2	40	126	69	237
sölur (1., 2. og 3.)	1	12	19	44	76
lausafé:					
beiðnir	1	0	244	93	338
sölur	0	1	1	5	7
sérstök ágreiningsmál	0	0	1	1	2
SKIPTI:					
greiðslustöðvanir	0	1	2	1	4
gjaldþrotaskipti	1	1	8	1	11
nauðasamningar	0	0	0	0	0
dánarbú:					
andlátstilkynningar	0	22	60	23	105
eignalaus bú	0	4	5	4	13
seta í óskiptu búi	2	6	12	7	27
einkaskipti	3	9	25	10	47
opinber skipti	0	1	3	2	6
úrskurðir um lát horfinna	0	0	0	1	1
búskipti milli hjóna	0	0	1	1	2
slit félaga	0	0	1	0	1
sérstök ágreiningsmál	0	1	1	0	2
FÓGETAGERÐIR:					
fjárnám	3	52	331	227	613
lögtök	2	27	410	174	613
vörslusviptingar	0	1	1	9	11
aðför skv. 2. kafla l. 19/1887	0	0	1	0	1
kyrrsetningar	0	1	3	1	5
lögbannsgerðir	0	1	1	0	2
innsetningar- og útburðargerðir	1	1	1	1	4
löggeymslur	0	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	0	1	0	1	2
ÞINGLÝSINGAR:	305	1.183	4.558	1.858	7.904
SJÓPRÓF:	0	0	1	9	10
HJÓNAVÍGSLUR:	1	1	2	1	5
HJÓNASKILNAÐIR:	1	2	34	23	60
(SAMTALS:	331	1.480	6.325	2.893	11.029)

ÁRLEGT MEÐALTAL VIÐFANGSEFNA 1980—1987

Reykjanes

	Keflavík o.fl.	Hafnarfjörður o.fl.	Kópavogur	Samtals
OPINBER MÁL:				
dómar	56	83	47	186
sáttir	274	549	200	1.023
úrskurðir	5	5	0	10
EINKAMÁL:				
dómar:				
munnlega flutt mál	44	73	19	136
skriflega flutt mál	1.034	1.058	402	2.494
sáttir	18	0	35	53
hafin mál	40	0	47	87
UPPBOÐ:				
fasteignauppboð:				
þingfestingar	469	729	360	1.558
sölur (1., 2. og 3.)	25	16	9	50
lausafé:				
beiðnir	0	0	0	0
sölur	5	44	17	66
sérstök ágreiningsmál	4	0	1	5
SKIPTI:				
greiðslustöðvanir	3	1	2	6
gjaldþrotaskipti	31	25	19	75
nauðasamningar	0	0	0	0
dánarbú:				
andlátstilkynningar	71	0	0	71
eignalaus bú	21	11	0	32
seta í óskiptu búi	23	42	15	80
einkaskipti	23	50	22	95
opinber skipti	2	0	0	2
úrskurðir um lát horfinna	1	0	0	1
búskipti milli hjóna	1	0	4	5
slit félaga	0	0	1	1
sérstök ágreiningsmál	1	0	1	2
FÓGETAGERÐIR:				
fjárnám	1.075	1.405	629	3.109
lögtök	714	2.179	1.086	3.979
vörslusviptingar	31	15	21	67
aðför skv. 2. kafla l. 19/1887	0	0	0	0
kyrrsetningar	7	18	12	37
lögbannsgerðir	4	2	1	7
innsetningar- og útburðargerðir	5	10	10	25
löggeymslur	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	3	0	0	3
ÞINGLÝSINGAR:	7.737	12.860	6.471	27.068
SJÓPRÓF:	9	5	1	15
HJÓNAVÍGSLUR:	4	6	9	19
HJÓNASKILNAÐIR:	31	46	64	141
(SAMTALS:	11.771	19.232	9.505	40.508)

ÁRLEGT MEÐALTAL VIÐFANGSEFNA 1980—1987
SAMANTEKT Landið allt utan Reykjavíkur

	Vestur-land	Vest-firðir	Norður-land v.	Norður-land e.	Austur-land	Suður-land	Reykja-nes	Samtals
OPINBER MÁL:								
dómar	35	31	18	66	28	57	186	421
sáttir	169	113	81	382	246	295	1.023	2.309
úrskurðir	2	10	3	3	2	6	10	36
EINKAMÁL:								
dómar:								
munnlega flutt mál	12	13	6	38	9	30	136	244
skriflega flutt mál	259	265	74	741	120	490	2.494	4.443
sáttir	8	5	5	15	8	15	53	109
hafin mál	7	14	10	34	9	27	87	188
UPPBOÐ:								
fasteignauppboð:								
þingfestingar	120	153	28	174	88	237	1.558	2.358
sölur (1., 2. og 3.)	40	45	5	63	10	76	50	289
lausafé:								
beiðnir	11	97	96	401	88	338	0	1.031
sölur	2	9	4	25	6	7	66	119
sérstök ágreiningsmál	2	1	1	1	0	2	5	12
SKIPTI:								
greiðslustöðvanir	1	2	3	4	3	4	6	23
gjaldþrotaskipti	8	10	6	11	6	11	75	127
nauðasamningar	0	0	0	0	2	0	0	2
dánarbú:								
andlátstilkynningar	49	49	78	130	74	105	71	556
eignalaus bú	7	17	11	55	13	13	32	148
seta í óskiptu búi	12	21	19	62	23	27	80	244
einkaskipti	16	26	31	57	25	47	95	297
opinber skipti	2	2	4	4	4	6	2	24
úrskurðir um lát horfinna	1	2	0	2	1	1	1	8
búskipti milli hjóna	1	2	0	2	2	2	5	14
slit félaga	0	0	0	0	0	1	1	2
sérstök ágreiningsmál	1	2	0	2	1	2	2	10

	Vestur-land	Vest-firðir	Norður-land v.	Norður-land e.	Austur-land	Suður-land	Reykja-nes	Samtals
FÓGETAGERÐIR:								
fjárnám	307	300	178	546	188	613	3.109	5.241
lögtök	146	204	103	625	161	613	3.979	5.831
vörslusviptingar	2	3	2	2	4	11	67	9
aðför skv. 2. kafla l. 19/1887	0	0	0	0	0	1	0	1
kyrrsetningar	2	1	4	10	4	5	37	63
lögbannsgerðir	3	3	2	2	2	2	7	21
innsetningar- og út-burðargerðir	3	2	1	6	0	4	25	41
löggeymslur	0	0	0	0	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	3	7	0	0	0	2	3	15
ÞINGLÝSINGAR:	5.451	4.041	2.920	8.822	4.327	7.904	27.068	60.533
SJÓPRÓF:	3	8	3	6	7	10	15	52
HJÓNAVÍGSLUR:	5	6	4	10	6	5	19	55
HJÓNASKILNAÐIR:	32	27	22	44	14	60	141	340
(SAMTALS:	6.722	5.491	3.722	12.345	5.481	11.029	40.508	85.298)

SKIPTING VIÐFANGSEFNA MILLI SÝSLUMANNA OG HÉRAÐSDÓMSTÓLA MIÐAÐ VIÐ MEÐALTALSFJÖLDA VERKEFNA 1980—1987

Vesturland

	Akranes	Borgarnes	Sýslumenn Snæfells- nes- og Hnappadals- sýsla	Dalasýsla	Samtals	Héraðsdómur Vesturlands
OPINBER MÁL:						
dómar	0	0	0	0	0	35
sáttir	80	25	47	17	169	0
úrskurðir	0	0	0	0	0	2
EINKAMÁL:						
dómar:						
munnlega flutt mál	0	0	0	0	0	12
skriflega flutt mál	0	0	0	0	0	259
sáttir	0	0	0	0	0	8
hafin mál	0	0	0	0	0	7
UPPBOÐ:						
fasteignauppboð:						
þingfestingar	0	0	0	0	0	120
sölur (1., 2. og 3.)	17	1	21	1	40	0
lausafé:						
beiðnir	0	0	0	0	0	11
sölur	0	1	1	0	2	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	0	2
SKIPTI:						
greiðslustöðvanir	0	0	0	0	0	1
gjaldþrotaskipti	0	0	0	0	0	8
nauðasamningar	0	0	0	0	0	0
dánarbú:						
andlátstilkynningar	26	0	23	0	49	0
eignalaus bú	2	1	4	0	7	0
seta í óskiptu búi	1	5	6	0	12	0
einkaskipti	0	7	9	0	16	0
opinber skipti	0	0	0	0	0	2
úrskurðir um lát horfinna	0	0	0	0	0	1
búskipti milli hjóna	0	0	0	0	0	1
slit félaga	0	0	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	0	1

	Sýslumenn					Héraðsdómur
	Akranes	Borgarnes	Snæfells- nes- og Hnappadals- sýsla	Dalasýsla	Samtals	Vesturlands
FÓGETAGERÐIR:						
fjárnám	153	57	91	6	307	0
lögtök	45	32	68	1	146	0
vörslusviptingar	1	0	1	0	2	0
aðför skv. 2. kafla l. 19/1887	0	0	0	0	0	0
kyrrsetningar	0	1	1	0	2	0
lögbannsgerðir	1	1	1	0	3	0
innsetningar- og útburðargerðir	1	1	1	0	3	0
löggeymslur	0	0	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	0	3
ÞINGLÝSINGAR:	2.088	1.121	1.961	281	5.451	0
SJÓPRÓF:	0	0	0	0	0	3
HJÓNAVÍGSLUR:	3	1	1	0	5	0
HJÓNASKILNAÐIR:	13	5	12	2	32	0
(SAMTALS:	2.431	1.259	2.248	308	6.246	476)

SKIPTING VIÐFANGSEFNA MILLI SÝSLUMANNA OG HÉRAÐSDÓMSTÓLA

Vestfirðir

	Sýslumenn					Héraðsdómur
	Barða-strandar-sýsla	Ísafjörður	Bolungar-vík	Stranda-sýsla	Samtals	Vestfjarða
OPINBER MÁL:						
dómar	0	0	0	0	0	31
sáttir	26	72	12	3	113	0
úrskurðir	0	0	0	0	0	10
EINKAMÁL:						
dómar:						
munnlega flutt mál	0	0	0	0	0	13
skriflega flutt mál	0	0	0	0	0	265
sáttir	0	0	0	0	0	5
hafin mál	0	0	0	0	0	14
UPPBOÐ:						
fasteignauppboð:						
þingfestingar	0	0	0	0	0	153
sölur (1., 2. og 3.)	4	36	4	1	45	0
lausafé:						
beiðnir	0	0	0	0	0	97
sölur	2	6	1	0	9	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	0	1
SKIPTI:						
greiðslustöðvanir	0	0	0	0	0	2
gjaldþrotaskipti	0	0	0	0	0	10
nauðasamningar	0	0	0	0	0	0
dánarbú:						
andlátstilkynningar	15	26	0	8	49	0
eignalaus bú	1	14	1	1	17	0
seta í óskiptu búi	4	14	1	2	21	0
einkaskipti	5	14	2	5	26	0
opinber skipti	0	0	0	0	0	2
úrskurðir um lát horfinna	0	0	0	0	0	2
búskipti milli hjóna	0	0	0	0	0	2
slit félaga	0	0	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	0	2

	Sýslumenn					Héraðsdómur
	Barða-strandar-sýsla	Ísafjörður	Bolungar-vík	Stranda-sýsla	Samtals	Vestfjarða
FÓGETAGERÐIR:						
fjárnám	97	175	24	4	300	0
lögtök	21	169	9	5	204	0
vörslusviptingar	0	2	1	0	3	0
aðför skv. 2. kafla l. 19/1887	0	0	0	0	0	0
kyrrsetningar	0	1	0	0	1	0
lögbannsgerðir	1	1	1	0	3	0
innsetningar- og útburðargerðir	0	2	0	0	2	0
löggeymslur	0	0	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	0	7
ÞINGLÝSINGAR:	1.119	2.128	510	284	4.041	0
SJÓPRÓF:	0	0	0	0	0	8
HJÓNAVÍGSLUR:	1	3	1	1	6	0
HJÓNASKILNAÐIR:	8	15	3	1	27	0
(SAMTALS:	1.304	2.678	570	315	4.867	624)

SKIPTING VIÐFANGSEFNA MILLI SÝSLUMANNA OG HÉRAÐSDÓMSTÓLA

Norðurland vestra

	Sýslumenn				
	Húnavatns-sýsla	Skaga-fjarðar-sýsla	Siglu-fjörður	Samtals	Héraðsdómur Norðurlands vestra
OPINBER MÁL:					
dómar	0	0	0	0	18
sáttir	25	37	19	81	0
úrskurðir	0	0	0	0	3
EINKAMÁL:					
dómar:					
munnlega flutt mál	0	0	0	0	6
skriflega flutt mál	0	0	0	0	74
sáttir	0	0	0	0	5
hafin mál	0	0	0	0	10
UPPBOÐ:					
fasteignauppboð:					
þingfestingar	0	0	0	0	28
sölur (1., 2. og 3.)	2	2	1	5	0
lausafé:					
beiðnir	0	0	0	0	96
sölur	1	2	1	4	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	1
SKIPTI:					
greiðslustöðvanir	0	0	0	0	3
gjaldþrotaskipti	0	0	0	0	6
nauðasamningar	0	0	0	0	0
dánarbú:					
andlátstilkynningar	29	32	17	78	0
eignalaus bú	5	3	3	11	0
seta í óskiptu búi	7	7	5	19	0
einkaskipti	11	11	9	31	0
opinber skipti	0	0	0	0	4
úrskurðir um lát horfinna	0	0	0	0	0
búskipti milli hjóna	0	0	0		0
slit félaga	0	0	0		0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	0

	Sýslumenn				
	Húnavatns-sýsla	Skaga-fjarðar-sýsla	Siglu-fjörður	Samtals	Héraðsdómur Norðurlands vestra
FÓGETAGERÐIR:					
fjárnám	60	61	57	178	0
lögtök	52	26	25	103	0
vörslusviptingar	1	0	1	2	0
aðför skv. 2. kafla l. 19/1887	0	0	0	0	0
kyrrsetningar	2	1	1	4	0
lögbannsgerðir	1	1	0	2	0
innsetningar- og útburðargerðir	1	0	0	1	0
löggeymslur	0	0	0		0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	0
ÞINGLÝSINGAR:	1.132	1.248	540	2.920	0
SJÓPRÓF:	0	0	0	0	3
HJÓNAVÍGSLUR:	1	2	1	4	0
HJÓNASKILNAÐIR:	9	9	4	22	0
(SAMTALS:	1.339	1.442	684	3.465	257)

SKIPTING VIÐFANGSEFNA MILLI SÝSLUMANNA OG HÉRAÐSDÓMSTÓLA MIÐAÐ VIÐ MEÐALTALSFJÖLDA VERKEFNA 1980—1987

Austurland

	Sýslumenn					Héraðsdómur
	Norður-Múlasýsla	Suður-Múlasýsla	Neskaup-staður	Austur-Skaftafells-sýsla	Samtals	Austurlands
OPINBER MÁL:						
dómar	0	0	0	0	0	28
sáttir	35	89	73	49	246	0
úrskurðir	0	0	0	0	0	2
EINKAMÁL:						
dómar:						
munnlega flutt mál	0	0	0	0	0	9
skriflega flutt mál	0	0	0	0	0	120
sáttir	0	0	0	0	0	8
hafin mál	0	0	0	0	0	9
UPPBOÐ:						
fasteignauppboð:						
þingfestingar	0	0	0	0	0	88
sölur (1., 2. og 3.)	3	1	1	5	10	0
lausafé:						
beiðnir	0	0	0	0	0	88
sölur	2	2	1	1	6	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	0	0
SKIPTI:						
greiðslustöðvanir	0	0	0	0	0	3
gjaldþrotaskipti	0	0	0	0	0	6
nauðasamningar	0	0	0	0	0	2
dánarbú:						
andlátstilkynningar	14	36	12	12	74	0
eignalaus bú	5	5	1	2	13	0
seta í óskiptu búi	5	10	5	3	23	0
einkaskipti	8	10	3	4	25	0
opinber skipti	0	0	0	0	0	4
úrskurðir um lát horfinna	0	0	0	0	0	1
búskipti milli hjóna	0	0	0	0	0	2
slit félaga	0	0	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	0	1

	Sýslumenn					Héraðsdómur
	Norður-Múlasýsla	Suður-Múlasýsla	Neskaup-staður	Austur-Skaftafells-sýsla	Samtals	Austurlands
FÓGETAGERÐIR:						
fjárnám	42	83	25	38	188	0
lögtök	31	98	14	18	161	0
vörslusviptingar	2	1	0	1	4	0
aðför skv. 2. kafla l. 19/1887	0	0	0	0	0	0
kyrrsetningar	1	1	1	1	4	0
lögbannsgerðir	0	1	0	1	2	0
innsetningar- og útburðargerðir	0	0	0	0	0	0
löggeymslur	0	0	0	0	0	0
sérstök ágreiningsmál	0	0	0	0	0	0
   Vísindalegu starfi Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála stjórnar forstöðumaður. Stjórnarnefnd ræður forstöðumann til fjögurra ára í senn. Ráðning hans er háð staðfestingu ráðherra. Forstöðumaður skal uppfylla þær hæfniskröfur sem gerðar eru til prófessora. Í reglugerð fyrir stofnunina skal kveða nánar á um kröfur sem gerðar eru til forstöðumanns um vísindalega hæfni og hvernig hún skuli metin.
   Forstöðumaður skal hafa umsjón með fjárreiðum stofnunarinnar, framgangi rannsóknarverkefna og útgáfustarfsemi og annast daglegan rekstur, m.a. ráðningu starfsmanna til minni háttar verkefna. Hann gerir tillögur til stjórnarnefndar um ráðningu starfsmanna að stofnuninni, undirbýr fjárhagsáætlanir og semur árlega skýrslu um starfsemi stofnunarinnar.
2. Við bætist svohjóðandi ákvæði til bráðabirgða:
   Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skulu við fyrstu skipun í stjórn Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála tveir af þeim sem skipaðir eru samkvæmt tilnefningu skipaðir til tveggja ára samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðherra.

Ed. 916. Nefndarálit [390. mál]

um frv. til l. um Kennaraháskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og á fundi hennar komu eftirgreindir: Gerður Óskarsdóttir kennslustjóri, Ólafur Proppé lektor, Sólrún Jensdóttir deildarstjóri, Andri Ísaksson prófessor, Þórólfur Þórlindsson prófessor og Jón Torfi Jónasson lektor.

Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Skúli Alexandersson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 27. apríl 1988.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Danfríður Skarphéðinsdóttir, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Valgerður Sverrisdóttir.	Halldór Blöndal.	Jóhann Einvarðsson.

Guðmundur Ágústsson.

Ed. 917. Breytingartillaga [390. mál]

við frv. til l. um Kennaraháskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Við 1. gr. 1. tölul. orðist svo:
Kennaraháskóli Íslands er miðstöð kennaramenntunar hér á landi að því er tekur til grunnskólastigs og annast rannsóknir á sviði uppeldis- og kennslumála.

Sþ. 918. Fyrirspurn [508. mál]

til iðnaðarráðherra um iðnráðgjöf.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvað hyggst iðnaðarráðherra gera til að tryggja áframhaldandi stuðning úr ríkissjóði við iðnráðgjöf í landshlutunum?

Ed. 919. Breytingartillögur [229. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 18. gr. 2. efnisgr. orðist svo:
   Ráðherra skipar forstöðumenn til sex ára að fengnum tillögum stjórnar.
2. Við 33. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1988. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 109/1984 og gefa þau út svo breytt.
3. Við ákvæði til bráðabirgða. Í stað síðasta málsl. 3. liðar komi tveir nýir málsl. er orðist svo: Áætlun um þessa uppbyggingu skal lögð fyrir Alþingi eigi síðar en í upphafi þings haustið 1988. Áætlunin skal miðast við að aðstaða á öðrum rannsóknastofum í landinu verði nýtt eftir því sem frekast er kostur.

Nd. 920. Nefndarálit [205. mál]

um frv. til l. um lánskjör og ávöxtun sparifjár.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á fundum sínum. Þar sem ríkisstjórnin hefur nú skipað nefnd til þess að gera tillögur um verðtryggingu fjárskuldbindinga, undir formennsku Björns Björnssonar bankastjóra, þá leggur nefndin til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 27. apríl 1988.

Páll Pétursson, form., frsm.	Geir H. Haarde, fundaskr.	Kristín Halldórsdóttir, með fyrirvara.
Kjartan Jóhannsson.	Einar Kr. Guðfinnsson.	Steingrímur J. Sigfússon.

Guðmundur G. Þórarinsson.

Sþ. 921. Nefndarálit [242. mál]

um till. til þál. um innflutning loðdýra til kynbóta.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna á fundum sínum og sent hana þremur aðilum til umsagnar.
Nefndin mælir með því að tillagan verði samþykkt.
Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Geir Gunnarsson, Birgir Dýrfjörð og Eggert Haukdal.

Alþingi, 27. apríl 1988.

Valgerður Sverrisdóttir, form., frsm.	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, fundaskr.	Ólafur Þ. Þórðarson.

Guðmundur H. Garðarsson.

Sþ. 922. Nefndarálit [133. mál]

um till. til þál. um samræmingu áætlana á sviði samgöngumála og mannvirkjagerðar.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna á fundum sínum og sent hana níu aðilum til umsagnar.
Nefndarmenn urðu sammála um að leggja til að tillögunni yrði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.
Fjarstaddir við afgreiðslu málsins voru Geir Gunnarsson, Birgir Dýrfjörð og Eggert Haukdal.

Alþingi, 27. apríl 1988.

Valgerður Sverrisdóttir, form., frsm.	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, fundaskr.	Ólafur Þ. Þórðarson.

Guðmundur H. Garðarsson.

Ed. 923. Nefndarálit [285. mál]

um frv. til l. um heimild til að selja hluta ríkisjarðarinnar Þóroddsstaðar í Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á tveimur fundum og kallað til umræðu fulltrúa frá landbúnaðarráðuneytinu. Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins, enda er gengið út frá því að ábúandi Þóroddsstaðar framkvæmi nauðsynlega nýrækt vegna þeirra skipta sem samþykkt hafa verið milli jarðarinnar og Engihlíðar.

Alþingi, 25. apríl 1988.

Egill Jónsson, form.	Danfríður Skarphéðinsdóttir, fundaskr.	Valgerður Sverrisdóttir, frsm.
Skúli Alexandersson.	Björn Gíslason.	Þorv. Garðar Kristjánsson.

Stefán Guðmundsson.

Ed. 924. Nefndarálit [228. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundum sínum og sendi það eftirtöldum aðilum til umsagnar: Búnaðarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Framleiðsluráði landbúnaðarins, Sambandi sauðfjárbænda, framkvæmdanefnd um búvörusamninga og Sambandi sláturleyfishafa.

Til viðræðu við nefndina um afgreiðslu málsins komu Haukur Halldórsson, formaður Stéttarsambands bænda, Stefán Pálsson bankastjóri, Sigurður Þórðarson vararíkisendurskoðandi, Jóhann Guðmundsson fulltrúi og frá sláturleyfishöfum komu þeir Jón H. Bergs framkvæmdastjóri og Hreiðar Karlsson, ritari samtakanna.

Álit bárust frá öllum er fengu málið til umsagnar. Þar kom ótvírætt fram stuðningur við frumvarpið, að sláturleyfishöfum undanskildum.

Í áliti Sambands sauðfjárbænda sagði m.a. að fyrir lægi að sauðfjárslátrun mundi þegar á þessu ári dreifast á fimm mánuði og þess vegna væri mikilvægt að breyta uppgjörsmáta afurðanna til samræmis við ákvæði þessa frumvarps. Stéttarsamband bænda og Framleiðsluráð landbúnaðarins lögðu áherslu á mikilvægi þess að bændur fengju framleiðsluna greidda sem næst söludegi. Búnaðarþing mælti með samþykkt frumvarpsins en benti á eins og fleiri umsagnaraðilar að jafnframt þyrfti að miða afgreiðslu staðgreiðslulána við breyttan uppgjörsmáta samkvæmt frumvarpinu. Á þetta var lögð áhersla í umsögn framkvæmdanefnd um búvörusamninga og jafnframt bent á hvaða breytingar þyrftu að verða á afhendingu staðgreiðslu lána til samræmis við ákvæði frumvarpsins um tilhögun á uppgjöri sauðfjárafurða.

Í umsögn sláturleyfishafa kom hins vegar fram að þær skuldbindingar á greiðslum sauðfjárafurða samkvæmt frumvarpinu væru rekstri afurðastöðva um megn og að ýmsir annmarkar væru á framkvæmd þessara mála ef frumvarpið yrði lögfest.

Í viðræðum við nefndina lýsti *Haukur Halldórsson, formaður Stéttarsambands bænda, yfir að tæknilega væri unnt að greiða sauðfjárafurðir samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps.* Þær upplýsingar, sem sérstaklega var leitað eftir hjá Búnaðarbanka Íslands og framkvæmdanefnd um búvörusamninga, koma fram á fylgiskjölum I og II.

Staðgreiðsla afurðaverðs.

Enda þótt hér að framan hafi verið greint frá meginrökum fyrir því að frumvarpið verði samþykkt og að í greinargerð og fylgiskjölum, sem frumvarpinu fylgja, sé að finna mikilvægar upplýsingar um málið þykir rétt að skýra það enn frekar og þá sérstaklega með tilliti til þeirra aðstæðna sem nú eru fyrir hendi í sauðfjárbúskap.

Á grundvelli markmiða búvörulaganna, sem sett voru árið 1985, hefur verið unnið markvisst að samræmingu á framleiðslu eftir markaði innan lands. Til þess að auðvelda bændum þessar breytingar hafa verið gerðar ýmsar ráðstafanir til að bæta rekstrarskilyrði í landbúnaði. Mikilvægasta ákvörðun í þeim efnum var breytt fyrirkomulag á greiðslu afurðaverðs, þ.e. staðgreiðslu þeirra afurða sem framleiddar eru innan fullvirðisréttar.

Þegar þessi breytta greiðslutilhögun var tekin upp lá ekki fyrir hvernig framleiðsluréttur sérhvers sauðfjárbónda yrði fundinn og var því gefið nokkurt svigrúm fyrir afurðastöðvar til að skila lokauppgjöri. Með aukinni reynslu og breyttum uppgjörsmáta er sú óvissa, sem í fyrstu var, ekki lengur til staðar og því sjálfgefið að sauðfjárbændur fái notið þeirra mikilvægu kjarabóta sem felast í staðgreiðslu á sauðfjárafurðum.

Markaðir. — Framleiðsla.

Á síðustu árum hafa miklar breytingar átt sér stað á framleiðslu nautgripa- og sauðfjárafurða og markaðir fyrir framleiðslu þeirra búgreina breyst mikið. Fyrir mjólkurvörur eru engir nothæfir erlendir markaðir lengur og útflutningur á dilkakjöti er miklum annmörkum háður. Sala mjólkurvara hefur hins vegar aukist á innanlandsmarkaði þar sem sauðfjárafurðir eiga í vök að verjast. Þessi viðhorf setja mark sitt á möguleika þessara greina í framleiðslumálum.

Þessi þróun kemur greinilega fram á súluriti 1.

Súlurit 1.

Verðmæti sauðfjár- og nautgripaafurða árin 1980–1987.



Framleiðsla í nautgriparækt hefur á síðustu árum farið vaxandi en verðmæti sauðfjárafurða hafa hins vegar dregist saman. Framleiðsluárið 1982–1983 skildu einungis 200 millj. kr. á milli í verðmætum þessara greina. Sambærileg tala fyrir síðasta framleiðsluár er hins vegar 1 milljarður króna.

Afkoma í landbúnaði.

Því miður eru ekki fyrir hendi almennar upplýsingar um afkomu í landbúnaði hin síðari ár. En niðurstöður búreikninga gefa hins vegar mikilvægar upplýsingar um rekstur þeirra búa og vísbendingu um afkomu í landbúnaði á hverjum tíma.

Súlurit 2.

Fjölskyldutekjur í landbúnaði árin 1977–1986.

Fyrir fjármagnskostnað.



Fyrir liggur hvernig bændur hafa með sparnaði og hagræðingu í búskap sínum leitast við að mæta þeim áhrifum á kjör sín sem leiðir af þrengri kosti í framleiðslu. Þar er vissulega um mjög mikilvægan árangur að ræða. Þannig byggist afkoma í nautgriparækt um þessar mundir á batnandi markaði, sparnaði og hagræðingu í búrekstri. Þessi áhrif hafa bætt afkomu í þeirri búgrein jafnvel þótt verð til bænda á búvörum hafi fremur lækkað á síðustu árum.

Því miður er aðra sögu að segja af sauðfjárræktinni því að þar hefur afkoma verið svipuð síðasta áratug og öllu lakari en í nautgriparækt.

Mikla athygli hlýtur að vekja hvernig verðlag á sauðfjárafurðum hefur þróast að undanförnu. Þannig var verð á fyrsta verðflokki dilkakjöts árin 1980–1983 um og yfir 250 kr. á kg, þrjú næstu árin er verðið komið niður í u.þ.b. 220 kr. á kg.

Súlurit 3.

Sauðfjárbú: Verð á dilkakjöti árin 1980–1987.



Þarna á sér stað sama þróun og í mjólkurframleiðslunni að aukinn sparnaður í búrekstri leiðir til lækkaðs vöruverðs. Afkoman í greininni sýnir hins vegar að þessi verðlækkun hefur þrengt að í kjörum þeirra er sauðfjárbúskap stunda.

Í byrjun framleiðsluárs 1987 var verðlagning sauðfjárafurða í fyrsta sinn byggð á heimild búvörulaganna um að verðleggja sauðfjárafurðir eftir sérstökum grundvelli. Við það hækkaði verð til bænda nokkuð sem ætla má að skili 20–23% hækkun rauntekna á árinu 1987.

Við mat á þeim heimildum sem að framan er vitnað til ber að hafa í huga að mikill munur er á stærð þeirra nautgripa- og sauðfjárbúa sem búreikningar ná til en það veikir verulega raunhæfan samanburð á afkomu þessara greina. Enn fremur að gagnstætt því sem átt hefur sér stað í sauðfjárbúskap almennt hefur stærð þeirra sauðfjárbúa, sem búreikningar ná yfir, lítið breyst á síðari árum.

Þróun heildsöluverðs.

Af minni framleiðslu kindakjöts leiðir að heildarverðmæti þess á sölustigi minnkar einnig. Þetta kemur fram á súluriti 4.

Súlurit 4.

Óniðurgreitt heildsöluverðmæti afurða sauðfjár án ullar á verðlagi í desember 1987 — skipting þeirra á hverju hausti milli bænda og sláturleyfishafa.



Á framleiðsluárunum 1979–1980 til 1982–1983 má ætla að greiðslur til bænda fyrir kindakjöt hafi árlega numið um 4 milljörðum króna. Sambærileg tala fyrir síðustu fjögur ár hefur verið um 3 milljarðar og hafa því greiðslur til sauðfjárframleiðenda minnkað á ársgrundvelli um 1 milljarð króna. Þessi minnkun framleiðslunnar nemur um það bil fjórðungi frá því sem var fyrir fáum árum og munar um þótt minna væri. Á næsta framleiðsluári verður enn um frekari samdrátt að ræða sem auðvitað mun enn þyngja fyrir fæti í sauðfjárbúskap þótt þar komi nokkuð á móti leigu- og sölutekjur af þeim fullvirðisrétti sem bændur hafa afhent Framleiðnisjóði.

Hið gagnstæða kemur í ljós þegar litið er til þess hver verðlagsþróunin hefur orðið við slátrun og í heildsölu. Þannig er hlutdeild afurðastöðvanna óbreytt í heildarverðmætum sauðfjárafurða þrátt fyrir minni framleiðslu.

Á framleiðsluárunum 1979–1980 til 1982–1983 var árleg kindakjötsframleiðsla um 13 600 tonn. Slátur- og heildsölukostnaður við þessa framleiðslu var að meðaltali á hverju ári 996 millj. kr. Á fimm síðustu framleiðsluárum hefur framleiðsla kindakjöts verið um 12 200 tonn og kostnaður við slátrun og heildsölu numið árlega um 987 millj. kr. Þannig er árlegur kostnaður milli þessara tímabila nálega sá sami þótt framleiðsla kindakjöts hafi minnkað um u.þ.b. 1400 tonn. Hér er um mikla óheillaþróun að ræða sem verður að snúa við hið allra bráðasta.

Að undanförnu hefur borið mikið á kvörtunum sláturleyfishafa vegna erfiðrar afkomu í rekstri afurðastöðva. Hér verður ekki lagt mat á tilefni þeirrar umræðu enda er hún óviðkomandi greiðslum á afurðaverði til bænda og því verður með engu móti fallist á þau sjónarmið að vandi í rekstri afurðastöðva verði færður til gjalda hjá sauðfjárbændum.

Súlurit 5.

Skipting óniðurgreidds heildsöluverðs milli bænda og sláturleyfishafa.



Að fleiru er að hyggja.

Hér að framan hefur verið leitast við að meta og skýra þær aðstæður sem nú eru fyrir hendi í framleiðslumálum sauðfjárbænda. Stóraukinn kostnaður við sölu og vinnslu þeirra afurða (sjá fylgiskjöl IV og V) og minni niðurgreiðslur hafa leitt til verðhækkunar á kindakjöti sem er umfram verðþol þeirra vara á markaðnum.

Tafla 1.

Breyting á verðmyndun dilkakjöts milli áranna 1979 og 1987, fast verðlag:

A. Niðurgreiðsla	-32 kr. á kg
B. Slátur- og heildsölukostnaður	17 kr. á kg
C. Verð til bænda	-20 kr. á kg
D. Smásöluálagning í heilum og hálfum skrokkum breyting að teknu tilliti til A–C	5 kr. á kg
E. Smásöluálagning, (læri, hryggur og frampartur) breyting að teknu tilliti til A–D	60 kr. á kg

Þessi óheillaþróun kemur skýrt fram á töflu 1 og í fylgiskjali V. Á milli áranna 1979 og 1987 hækkar verð á stykkjuðu dilkakjöti um 26%. Það er einmitt þessi kjötvara sem neitandinn hefur greiðastan aðgang að og raunar í mörgum tilvikum eina kindakjötið sem á boðstólum er. Verð á stykkjuðu dilkakjöti er því að langmestum hluta ráðandi um viðhorf neytandans varðandi verð á dilkakjöti.

Nú liggur fyrir að verð á stykkjuðu dilkakjöti hefur hækkað frá árinu 1979 um 26%. Fyrir því er reynsla bæði hér á landi og erlendis að við hverja 1% hækkun á hliðstæðum vörum dregur úr sölu um 0,4%. Samkvæmt þessu er því eðlilegt að álykta að vegna framangreindra verðhækkana hafi kindakjötsmarkaður minnkað um 10,5% á síðustu árum og sé því um þessar mundir 9 þúsund tonn í stað 10 þúsund tonna sem áður var.

Á sama tíma hafa erlendir markaðir fyrir sauðfjárafurðir farið versnandi og veldur það miklum erfiðleikum á útflutningi dilkakjöts.

Sauðfjárbúskapur í landinu stendur þannig frammi fyrir býsna miklum vanda. Það dugir engan veginn að bændur einir taki upp nýja og breytta búskaparhætti. Það verða einnig aðrir að gera sem eiga sinn hlut í því verði sem neytandinn endanlega greiðir fyrir sauðfjárafurðir.

Kostnaður við sölu og vinnslu kindakjöts þarf því að minnka og ríkisvaldið verður með niðurgreiðslum að stuðla að lækkuðu verði á kindakjöti.

Þótt það frumvarp, sem hér er til umfjöllunar, leysi ekki þann vanda í sauðfjárbúskap sem skýrður er hér að framan felur það í sér ótvíræðan stuðning við sauðfjárbændur. Þess vegna leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 27. apríl 1988.

Egill Jónsson, form., frsm.	Danfríður Skarphéðinsdóttir, fundaskr., með fyrirvara.	Valgerður Sverrisdóttir, með fyrirvara.
Skúli Alexandersson, með fyrirvara.	Björn Gíslason, með fyrirvara.	Stefán Guðmundsson, með fyrirvara.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Fylgiskjal I.

Búnaðarbanki Íslands, afurðalánadeild:

Rekstrarlán og afurðalán í sauðfjárrækt.

Rekstrarlán: Þau eru lánuð út á tímabilinu frá mars til ágúst til sláturleyfishafa. Lánuð er ákveðin krónutala á dilk út á væntanlega haustslátrun, en miðað er við fjölda lógaðra dilka næsta hausts á undan. Þessum lánum er ætlað að ganga til bænda til að mæta fjárþörf vegna reksturs á þessu tímabili. Þessi lán, sem eru eins konar fyrirframgreiðsla upp í væntanleg afurðalán, eru síðan endurgreidd við slátrun að hausti.

Árið 1987 voru lánaðar 960 kr. á dilk sem skiptust niður á mánuðina mars til ágúst, 15% á mánuði eða 144 kr., nema í maí, þá er hlutfallið 25% eða 240 kr. Við veðsetningu að hausti var rekstrarlánið síðan endurgreitt með þeim hætti að 74 kr. voru endurgreiddar af hverju kg sem veðsett var.

Í ár er búið að ákveða upphæð rekstrarláns 1150 kr. á dilk með sama útgreiðsluhlutfalli og áður. Mánaðarleg upphæð á dilk verður því 172,50 kr. nema í maí 287,50 kr.

Afurðalán: Afurðalán eru veitt á haustin á meðan slátrun fer fram. Sláturleyfishafar leggja fram birgðaskýrslur eftir hverja sláturviku og fá lánað til að byrja með eftir ársgömlum lánaverðum.

Endanlega eru svo lánuð 70,2% af óniðurgreiddu heildsöluverði og er þá miðað við haustgrundvallarverð. Þau verð eru yfirleitt óbreytt út verðlagsárið. Endanlegt uppgjör hefur farið fram í kringum 15. desember sl. tvö ár. Þá liggur fyrir sala á nýju kjöti í september og október og þá fyrst hefur Framleiðsluráð landbúnaðarins verið tilbúið með lokatölur um fullvirðisrétt, úrkast, heimtekið o.s.frv. þannig að það magn, sem bankarnir lána endanlega út á, er ekki ljóst fyrr. Af þeim sökum hafa bankar ekki treyst sér til að leiðrétta verðin fyrr því að haustið 1986 var kjötmagn umfram fullvirðisrétt allnokkurt og þurfti að skerða veðsett magn hjá allflestum sláturleyfishöfum.

Endurgreiðsla afurðalána: Til veðsetjanlegs verðmætis á hverjum tíma teljast raunverulegar afurðabirgðir og ógreiddur útflutningur en ekki ógreidd innanlandssala. Lán út á landbúnaðarafurðir, sem seldar eru innan lands, skulu endurgreiðast samkvæmt birgðaskýrslu sem miðuð er við síðasta dag hvers mánaðar. Skýrslan skal hafa borist til bankans inna 20 daga. Útborgun eða innborgun vegna birgðabreytinga fer fram þann 25. hvers mánaðar.

Þeir þrír bankar, sem hlut eiga að máli, hafa í stórum dráttum sama afgreiðslumáta á afurða- og rekstrarlánum.

Fylgiskjal II.

Sigurður Þórðarson
vararíkisendurskoðandi:

Breytingar á staðgreiðsluláni.
(21. mars 1988.)

Vísað er til fundar landbúnaðarnefndar efri deildar Alþingis fimmtudaginn 17. mars sl. þar sem til umræðu var breyting á búvörulögum sem hefði í för með sér breytta skyldu afurðastöðu varðandi greiðslur til bænda vegna sauðfjárafurða.

Sá kostnaður, sem yrði samfara því að breytt skipan á greiðslum næði fram að ganga og varðar ríkissjóð, felst í eftirfarandi atriði.

Núverandi skipan gerir ráð fyrir að svonefnt staðgreiðslulán ríkissjóðs sé greitt 15. desember og nam það 673 milljónum króna á sl. vetri. Í tillögunni er gert ráð fyrir að greiðslur komi til bænda 10. dag hvers mánaðar eftir innlegg. Þetta hefði í för með sér að ríkissjóður þyrfti að inna af hendi meginhluta staðgreiðslulána fyrr en nú. Ef gengið er út frá því að greiðslur falli til 10. október og yrðu 45% af staðgreiðsluláni, tæp 40% mánuði eftir og afgangurinn 10. desember mundi það valda vaxtakostnaði fyrir ríkissjóð er nemur um 21 milljón króna:

	m.kr.	%
1. greiðsla 10. október	300	45
2. greiðsla 10. nóvember	250	37
3. greiðsla 10. desember	123	18
Samtals	673	

Fylgiskjal III.

Bréf formanns landbúnaðarnefndar efri deildar til landbúnaðarráðuneytisins um staðgreiðslu og afurðalán, 23. mars 1988.

Enda þótt fyrir liggi greinargóðar upplýsingar um fyrirgreiðslu af hendi hins opinbera vegna útborgunar afurðastöðva til framleiðenda sauðfjárafurða óska ég eftir að fá eftirfarandi upplýst:

1. Hver var heildargreiðsluskylda afurðastöðva skv. 29. gr. búvörulaganna til framleiðenda sauðfjárafurða vegna haustslátrunar 1987?
2. Hversu hárri upphæð námu afurðalán vegna greiðsluskyldu afurðastöðva til framleiðenda?
3. Hversu hárri upphæð námu staðgreiðslulán til afurðastöðva ?
4. Hvert var hlutfall afurðalána og staðgreiðslulána samanlagðra af greiðsluskyldu verði til framleiðenda?

Egill Jónsson.

Svar landbúnaðarráðuneytisins.

Vegna fyrirspurnar yðar í bréfi frá 23. mars sl. hefur verið leitað eftir upplýsingum frá þeim viðskiptabönkum sem veitt hafa sláturleyfishöfum afurðalán, um stöðu afurðalána til sauðfjárframleiðslunnar á verðlagsárinu 1987–88 og eftir upplýsingum frá Framleiðsluráði landbúnaðarins um framleiðsluverðmæti sauðfjár á afurðum innan verðábyrgðar á verðlagsárinu 1987–88.

Rétt er að fram komi að ekki liggja endanlegir útreikningar eða uppgjör fyrir um það málefni sem fyrirspurn yðar snýst um, en frávik þess vegna eru það smávægileg að ekki er ástæða til að ætla að þau raski þeirri niðurstöðu sem hér fer á eftir.

Fyrirspurn nr. 1:

Heildargreiðslur sláturleyfishafa, sem ljúka skal 15. desember, munu hafa verið um 2906 milljónir króna vegna framleiðslu á 11 481 tonni kindakjöts auk sláturs og gæra. Samkvæmt 29. gr. búvörulaganna er ákveðið að frumgreiðsla afurða sauðfjár fari fram eigi síðar en 15. október fyrir slátrun sem farið hefur fram fyrir þann dag. Sláturleyfishafar greiða nálægt því sem nemur afurðalánahluta sem frumgreiðslu sem er um 7/10 hlutar afurðaverðs. Sé við það miðað má áætla að greiddar hafi verið milli 2000 og 2100 milljónir króna til framleiðenda sauðfjár áður en að lokagreiðsla fór fram 15. desember sl. ár.

Fyrirspurn nr. 2:

Afurðalán viðskiptabankanna verðlagsárið 1987–88 voru þannig í mánaðarlok:
Október 1849 millj. kr.
Nóvember 1908 millj. kr.
Desember 2122 millj. kr.
Kjötbirgðir, sem þau voru m.a. veitt til (auk innmatar), voru:
Nóvember 10 062 tonn eða 87,6% af framleiðslu.
Desember 9 270 tonn eða 80,7% af framleiðslu.

Fyrirspurn nr. 3:

Lánaðar voru 673 millj. kr. sem staðgreiðslulán vegna framleiðslu 1987–88.

Fyrirspurn nr. 4:

Sem svar við þessari spurningu eru eftirfarandi forsendur gefnar:

a. Fjármögnun á lokauppgjöri til framleiðenda sé gerð með söluandvirði afurða, afurðalánum og staðgreiðsluláni.
b. Afurðalán séu hin sömu og um er getið í fyrirspurn nr. 2.
c. Söluandvirði afurða, seldra fram til 30. nóvember skili sér fyrir uppgjör á afurðaláni 25. desember.
d. Sala á gærum fari fram fyrir 15. desember.

Svar:

Söluverðmæti og lán nema um 3720 millj. kr. (miðað er við heildsöluverð).
Áætlað kostnaðarverð á sama verðstigi er 3914 milljónir kr.
Fjármögnun er samkvæmt því 95,0 prósent miðað við sama verðstig.

Guðmundur Sigþórsson.

Fylgiskjal IV.

Þróun niðurgreiðslna og verð á kindakjöti.
(Verðlag í mars 1987.)



Fylgiskjal V.

Smásöluverð dilkakjöts — verðlag í desember 1987.



Línuritið sýnir að verð á stykkjuðu dilkakjöti hefur hækkað á milli áranna 1979 og 1987 um 26%. Sambærileg hækkun á dilkakjöti í heilum og hálfum skrokkum er 10%.

Ætla má að vegin meðalhækkun sé um 20% miðað við skiptingu á sölu eins og hún er nú áætluð.

Fylgiskjal VI.

Hlutfall launa og fjármagnskostnaðar í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara.



Á þeim tíma, sem framleiðslu í hefðbundnum greinum landbúnaðar voru settar þrengri skorður, komu fram raddir um að minni framleiðsla leiddi til verðhækkana á þessum framleiðsluvörum.

Það gagnstæða hefur gerst og hlutdeild fjármagns og launa í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara hefur lækkað frá því sem áður var.

Sþ. 925. Skýrsla [509. mál]

íslensku þingmannanefndarinnar hjá Evrópuráðinu frá fundi ráðgjafarþingsins dagana 26. og 27. janúar 1988 um Norður-suður átakið.

Íslenska þingmannanefndin í Evrópuráðinu er þannig skipuð:

Aðalmenn: Ragnhildur Helgadóttir formaður, Guðmundur G. Þórarinsson, Kjartan Jóhannsson.

Varamenn: Ragnar Arnalds, Hreggviður Jónsson, Kristín Halldórsdóttir.

Ráðgjafarþingi Evrópuráðsins var sl. ár skipt í þrjá hluta. Það var 39. þing ráðsins. Fyrsti hlutinn var í maí 1987, annar í september 1987 og hinn þriðji í janúar 1988.

Hér á eftir fer skýrsla um hið svonefnda Norður-suður átak sem var meginefni janúarþingsins. Evrópuráðið hefur helgað árið 1988 þessu átaki sérstaklega. Jóhann Karl Spánarkonungur hleypti verkefninu af stokkunum í Strassborg hinn 26. janúar sl. Umræður um málið einkenndust af einhug ræðumanna um viðleitni til að draga úr vanda þróunarríkja. Fyrir lágu skýrslur um málið frá átta nefndum:

1. Efnahags- og þróunarnefndinni,
2. vísinda- og tækninefndinni,
3. flutninga- og flóttamannanefndinni,
4. umhverfis- og skipulagsnefndinni,
5. pólitísku nefndinni,
6. menningarmálanefndinni,
7. landbúnaðarnefndinni,
8. undirnefnd um fiskveiðar.

Efnahagsnefndin lagði áherslu á fjögur meginatriði sem snerta samskipti og samstöðu „Norðurs“ og „Suðurs“:

1. Skuldir,
2. viðskipti,
3. atvinnumál,
4. þróunaraðstoð.

Svo og sambandið milli þessara þátta.

Núverandi efnahagsvandi einkennist að mati nefndarinnar af skorti á hagvexti, varanlegu atvinnuleysi, hækkandi vöxtum og verðfalli verðbréfa sem hafði neikvæð áhrif bæði á „Norður“ og „Suður“. Verndarstefna hefði valdið vaxtahækkun og þannig haft áhrif á vaxtabyrði þróunarríkjanna. Dregið hefði úr möguleikum á þróunaraðstoð til fátækra ríkja.

Í skýrslu nefndarinnar var Norður-suður átakið talið fela í sér tækifæri til að skerpa vitund almennings um hin samofnu örlög „Norðurs“ og „Suðurs“ og skilning á þörf fyrir betur samræmda stefnu í skipan heimsmála. Samstarf „Norðurs“ og „Suðurs“ væri pólitísk nauðsyn bæði af hagnýtum og siðferðilegum ástæðum.

Frjáls félagasamtök og stofnanir á vegum annarra en hins opinbera myndu gegna lykilhlutverki í Norður-suður átakinu. Halda á ráðstefnu í Madrid í júní nk. til að ákveða áætlun um aðgerðir. Talsmaður nefndarinnar kvað Norður-Evrópu þurfa að taka nýtt frumkvæði til að tryggja að auðlindum væri skipt með jafnari hætti. Þróunarhjálp er meginmarkmið aðgerðanna og hún ætti að beinast að því að gera suðlægu löndin sjálfum sér nóg. Aðkallandi væri að létta skuldavanda þróunarríkjanna. Evrópuráðsríkin ættu að opna markaði sína fyrir innflutningi frá ríkjum sem eru ekki jafnþróuð. Iðnrekendur Evrópuráðsríkjanna ættu að taka upp víðtækari samskipti við suðlægu ríkin.

Það væri fyrst og fremst skaði Evrópu ef heimurinn skiptist í tvær andstæðar heildir. Norður-suður átakið væri því rétta leiðin og beggja hagur.

Á vegum *vísinda- og tækninefndarinnar* var bent á að samtímis því sem norðlægu ríkin veita almenna tækniaðstoð þyrfti að auka viðskipti á sviði hátækni. Suðlæg lönd þörfnuðust betri fjarskipta, varðveislu líftæknilegra möguleika og aukins öryggis í framleiðslu og notkun kjarnorku.

Fólksflutninga- og flóttamannanefndin gaf skýrslu um byggðaþróun í þriðja heiminum sem hún taldi alþjóðlegt vandamál og lagði áherslu á hina miklu breytingu í byggðaþróun á tuttugustu öld. Milljónir atvinnuleysingja hafa flutt úr sveitum í borgir. Ofsóknir, vopnuð átök og brot á mannréttindum hafa rifið upp með rótum fólk úr mörgum hlutum heims og flóttamönnum hefur farið ört fjölgandi.

Ástandið mundi batna ef betur væri fylgt grundvallarreglum um mannréttindi svo og ef beitt væri félags- og fjárhagslegum úrræðum. Besta lausnin meðal flóttamanna væri frjáls flutningur til heimalandsins, en þegar slíkt er hvorki hættulaust né mögulegt þarf að leita annarra lausna. Hinn vaxandi straumur fólks, sem leitar hælis í Vestur-Evrópu, kallar á skipulegt samstarf Evrópuríkjanna.

Umhverfis- og skipulagsmálanefndin benti á að hagsmunir „Norðurs“ og „Suðurs“ í umhverfismálum færu saman. Sameiginleg stefna í þessum málum væri nauðsynleg af pólitískum, hagnýtum og siðferðilegum ástæðum.

Bráður umhverfisvandi blasir við í suðlægum löndum þar sem 7,5 milljónir ferkílómetra hafa orðið að eyðimörk og 110 000 ferkílómetrar af hitabeltisskógum eyðast á ári hverju. Nefndin lagði áherslu á nauðsyn þess að gera langtímaáætlanir gegn gróðureyðingu.

Stjórnmálanefndin undirstrikaði þörfina á samstöðu milli hinna ríku norðurþjóða og hinna hungruðu suðurþjóða. Nefndin vildi að þróunarhjálpin beindist eingöngu að fólki og miðaðist við menningarlega sérstöðu þjóðanna, samskipti þeirra og samstarf.

Menningarmálanefndin benti á að fræðsla í þróunarlöndum þyrfti að miðast við að vernda menningararfleifðar þeirra. Iðnvædd ríki þyrftu í skólum sínum að efla vitund nemenda um vanda þróunarríkja. Lögð var áhersla á mikilvægi fjölmiðla í skoðanamyndun ekki síst meðal æskufólks.

Landbúnaðarnefndin fjallaði um matvælastefnu Afríku og þróunarhjálpina. Hún taldi að endurskoða þyrfti stefnu liðinna ára í þessu sambandi. Fólki í Afríku fjölgaði um 3% á ári, en landbúnaðarframleiðsla jókst á sama tíma aðeins um 1,7%. Alvarlegast væri ástand og horfur á svæðinu suður af Sahara. Á alþjóðavettvangi taldi nefndin að samstaðan með Afríku ætti að hafa forgang og landbúnaðurinn yrði að vera grundvöllur efnahagsþróunar í Afríku.

Marka þyrfti stefnu til að gera heimasvæði sjálfum sér nóg með stuðningi við smábúskap. *Landbætur, aðgangur að lánsfé og leiðbeiningar í landbúnaði* verða nauðsynlegar til að auka framleiðni og dreifingu verðmæta. Norðlæg ríki ættu að veita meiri aðstoð til rannsókna til að fullnægja afrískum þörfum.

Loks taldi nefndin að *aukinn stuðningur við landbúnað í Afríku ætti að beinast að konum því að konur framleiða 80% af matvælum Afríku.*

Undirnefndin um fiskveiðar kynnti skýrslu sem hún nefndi „Fiskstofnar þróunarríkja — hin dulda auðlind“. Talsmaður nefndarinnar sagði að þróunarríkin ættu í fiskinum verðmætan forða eggjahvítuefna (prótína) ef fiskiðnaður þeirra byggi yfir þeirri þjálfun, búnaði og þekkingu sem þyrfti til að nýta þessa auðlind náttúrunnar. Betri þjálfun og búnaður væri aðkallandi. Aukin þekking og fiskverndun væri nauðsynleg þar sem hætta væri á ofveiði stofna.

Víðtækur stuðningur var meðal þingmanna allra flokka við meginatriði Norður-suður verkefnisins og fjórar ályktanir samþykktar um efnið, en þær eru:

Ályktun um samstarf og samstöðu „Norðurs“ og „Suðurs“ (nr. 5826).

Ályktun um samstarf og þróunarmenntun (nr. 5832).

Ályktun um samstarf og matvælastefnu Afríku og þróunarhjálp (nr. 5819).

Ályktun um samstarf og fiskimöguleika þróunarlanda (nr. 5821).

Heildarverkefni það, sem þessi skýrsla fjallar um, verður unnið áfram í samstarfi Evrópuráðsins og Evrópubandalagsins undir kjörorðinu:

Norður — Suður — Sami heimur.

Ed. 926. Nefndarálit [432. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að Ríkisendurskoðun verði veitt mjög víðtæk lagaleg heimild til þess að rannsaka bókhald og grunngögn reikninga, verksamninga o.fl. sem ríkinu er ætlað að greiða samkvæmt lögum. Er gert ráð fyrir að Ríkisendurskoðun geti krafist þess að fá aðgang að bókhaldi einkaaðila og fyrirtækja þeirra.

Hér er allt of langt gengið og um óeðlileg afskipti ríkisvaldsins af fjárreiðum einstaklinga að ræða.

Minni hl. getur því ekki samþykkt frumvarpið óbreytt, en mun leggja fram breytingartillögur í samræmi við ofangreint álit.

Alþingi, 28. apríl 1988.

Júlíus Sólnes.

Ed. 927. Nefndarálit [466. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um skipulag ferðamála, nr. 79 2. júlí 1985.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur rætt málið og fengið á sinn fund Birgi Þorgilsson ferðamálastjóra, Kjartan Lárusson, forstjóra Ferðaskrifstofu ríkisins, Önnu Haraldsdóttur, trúnaðarmann starfsfólks Ferðaskrifstofu ríkisins, Guðríði Halldórsdóttur, eftirlitsmann með rekstri Edduhótela, Reyni Adolfsson frá Ferðamálasamtökum landshlutanna, Hákon Torfason, deildarstjóra í menntamálaráðuneyti, Hrein Loftsson, aðstoðarmann samgönguráðherra, og Ragnhildi Hjaltadóttur, deildarstjóra í samgönguráðuneyti.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt en leggur áherslu á eftirfarandi skilning á ákvæðum 1. gr. þess:

1. Nefndin lítur svo á að frumvarpið miði að því að eignarráð meiri hluta í hinu nýja hlutafélagi, Ferðaskrifstofu Íslands hf., flytjist til starfsmanna. Heimildarákvæði frumvarpsins verði því aðeins beitt að samkomulag náist við starfsmenn um kaup á hlutafénu.
2. Með orðalagi 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins um „forkaupsrétt starfsmanna“ er að áliti nefndarinnar átt við alla starfsmenn, jafnt fastráðna sem lausráðna, svo sem sumarráðna starfsmenn Edduhótela.

Egill Jónsson var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. apríl 1988.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Júlíus Sólnes, fundaskr.	Valgerður Sverrisdóttir.
Björn Gíslason.	Skúli Alexandersson.	Ey. Kon. Jónsson.

Sþ. 928. Fyrirspurn [510. mál]

til viðskiptaráðherra um byggingarkostnað Seðlabankahússins.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Hver varð byggingarkostnaður Seðlabankahússins, framreiknaður á núvirði í íslenskum krónum?

Sþ. 929. Fyrirspurn [511. mál]

til forsætisráðherra um viðskiptahalla.

Frá Albert Guðmundssyni.

Hvernig hyggst ríkisstjórnin bregðast við spám Þjóðhagsstofnunar um viðskiptahalla við útlönd sem talið er að verði vel yfir 10 milljarða króna jafnvel allt að 20 milljörðum króna á árinu 1988?

Sþ. 930. Nefndarálit [153. mál]

um till. til þál. um gerð kostnaðar- og framkvæmdaáætlunar við lagningu vegar með suðurströnd Reykjanesskaga.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna á fundum sínum og sent hana til umsagnar.
Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar svo

BREYTTRAR:

Tillgr. orðist svo:
Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta gera kostnaðaráætlun um gerð vegar með suðurströnd Reykjanesskaga milli Þrengslavegar við Þorlákshöfn og Grindavíkurvegar.
Niðurstöður þeirrar athugunar skulu liggja fyrir við endurskoðun vegáætlunar á næsta Alþingi.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Guðmundur H. Garðarsson.

Alþingi, 28. apríl 1988.

Valgerður Sverrisdóttir, form.	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, fundaskr.	Ólafur Þ. Þórðarson, frsm.
Geir Gunnarsson.	Eggert Haukdal.	Birgir Dýrfjörð.

Sþ. 931. Fyrirspurn [512. mál]

til fjármálaráðherra um innheimtu söluskatts.

Frá Stefáni Guðmundssyni.

1. Hvað veldur því að fjármálaráðherra hefur ekki enn gefið út reglugerð um sérstaka innsiglaða afgreiðslukassa í verslunum?
2. Hver eru skil verslana á söluskatti fyrstu þrjá mánuði þessa árs í samanburði við sl. ár?
3. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar af hálfu þess opinbera til að sporna við svokallaðri „svartri atvinnustarfsemi"?

Sþ. 932. Fyrirspurn [513. mál]

til viðskiptaráðherra vegna rekstrarhalla á Seðlabankanum sem nemur 1100 milljónum króna.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Má vænta þess að Seðlabankinn grípi til aðgerða til að auka framlegð í bankanum og bæta rekstur hans, svo sem með því að:

a. selja eignir,
b. endurskipuleggja starfsmannahald,
c. segja upp starfsfólki?

Sþ. 933. Skýrsla [119. mál]

viðskiptaráðherra um veitingu leyfa til útflutnings á skreið tímabilið 1976–1986, ásamt yfirliti um greiðsluskil einstakra útflytjenda, skv. beiðni.

Hinn 23. nóvember sl. var samþykkt í sameinuðu þingi að leyfa beiðni um skýrslu á þskj. 124 frá Guðmundi H. Garðarssyni o.fl. um veitingu leyfa til útflutnings á skreið tímabilið 1976–1986, ásamt yfirliti um greiðsluskil einstakra útflytjenda.

Viðskiptaráðuneytið fól nefnd þeirri, sem forsætisráðherra skipaði 28. október 1987 til að gera athugun á stöðu skreiðarviðskipta við Nígeríu, að safna þeim upplýsingum sem óskað var eftir. Formaður nefndarinnar var Einar B. Ingvarsson en aðrir nefndarmenn voru Atli Freyr Guðmundsson, Halldór Guðbjarnason og Stefán Gunnlaugsson.

Hér með fylgir greinargerð nefndarinnar ásamt fylgiskjölum með þeim upplýsingum sem fært þótti að afla.

Helstu viðskiptabankar skreiðarframleiðenda, þ.e. Búnaðarbanki Íslands, Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands hf., voru beðnir að upplýsa hvernig endurgreiðslu afurðalána hafi verið háttað á umræddu tímabili, svo og umsagnir þeirra um hvort það fyrirkomulag á útflutningi skreiðar, sem var við lýði tímabilið 1976–1986, hafi verið

þjóðhagslega hagkvæmt og skilað þeim árangri sem að var stefnt. Svör umræddra banka fylgja með í skýrslu þessari.

Leitað var umsagnar Sameinaðra framleiðenda, Samlags skreiðarframleiðenda og sjávarafurðadeildar Sambands ísl. samvinnufélaga, sem hafa verið stærstu skreiðarframleiðendur á undanförnum árum, um hvort það fyrirkomulag á útflutningi skreiðar á tímabilinu 1976–1986 hafi verið þjóðhagslega hagkvæmt og skilað þeim árangri sem að var stefnt. Umsagnir þeirra fylgja skýrslunni.

Rétt er að upplýsa að útflutningsleyfin gefa ekki réttar eða fullnægjandi upplýsingar um það sem um er spurt. Sum leyfanna eru ekki notuð, önnur aðeins að hluta og í mörgum tilfellum eru fleiri en ein afskipun út á eitt útflutningsleyfi.

Hinn 28. október 1987 skipaði forsætisráðherra nefnd til að gera athugun á stöðu skreiðarviðskipta við Nígeríu. Þegar fyrrgreind beiðni barst hafði nefndin hafið störf og aflað upplýsinga um þau viðskipti á árunum 1981–1987. Öllum útflytjendum, sem fengið höfðu útflutningsleyfi fyrir skreið til Nígeríu, var skrifað og óskað eftir ljósritum af vörureikningum og viðkomandi nótum um gjaldeyrisskil. Þessi skjöl voru borin saman innbyrðis og við tilheyrandi útflutningsleyfi. Enn fremur var gerður samanburður milli einstakra útflytjenda og kannað hvort verð og gjaldeyrisskil væru sambærileg. Fleiri athuganir voru gerðar.

Það væri vart réttlætanlegt að leggja í þann mikla kostnað sem yrði því samfara að láta prenta allar þessar upplýsingar með þessari skýrslu. Hins vegar er alþingismönnum boðið að skoða umrædd skjöl sem eru í vörslu viðskiptaráðuneytisins.

Varðandi skreiðarviðskiptin við Ítalíu hefur tilsvarandi upplýsinga ekki verið aflað, enda hefur öll skreið á þann markað verið seld gegn staðfestum bankaábyrgðum og þess vegna ekki verið um nein greiðsluvandamál að ræða. Hins vegar hafa flest árin komið kvartanir um gæði og kröfur um endurgreiðslur. Þess eru sömuleiðis dæmi að útflytjendur hafi orðið að taka við endursendri skreið sem ekki hefur staðist gæðakröfur en slíka skreið er þá ekki hægt að selja nema til Afríku.

Skýrsla um útistandandi kröfur vegna Afríkuskreiðar.

Hér á eftir verður leitast við að gera grein fyrir þeim kröfum, sem útflytjendur skreiðar áttu útistandandi vegna Afríkuskreiðar um sl. áramót. Reynt verður að gera sem gleggsta grein fyrir hverri kröfu fyrir sig. Rétt er að undirstrika, að mat nefndarinnar á möguleikunum að ná heim þessum fjármunum er byggt á þeim upplýsingum, sem hún hefur viðað að sér úr ýmsum áttum.

1. ÚTISTANDANDI KRÖFUR SAMLAGS SKREIÐARFRAMLEIÐENDA.

A. USD 140.000.00 hjá S.M.Okeke and Sons (Nig) Ltd., Enugu, Nígeríu.

Um er að ræða 2.000 pk. af hausum, sem fóru með Mælifelli 31.12.1982. Krafan er til innheimtu hjá Útvegsbankanum í gegnum Cooperative and Commerce Bank í Enugu (innh.nr. 2842/HOBC 60/83). Skreiðarsamlagið segist hafa greitt framleiðendum andvirði kröfunnar og er hún því eign þess. Krafan hefur verið greidd í nairum, ca. 105.057.78, og er andvirðið geymt í Cooperativebankanum. Skv. yfirlitsblaði Seðlabanka er sagt, að afskipunardagur hafi verið 15.08.83. Það er rangt. Útvegsbankinn sendi innheimtuna út þann 14.01.83 og rökstyður það að 31.12.82 sé réttur afskipunardagur. Þetta gæti verið ástæða þess, að krafan var ekki samþykkt í skuldbreytingu hjá CBN.

B. USD 3.005.800.00 hjá S.M. Okeke and Sons (Nig) Ltd., Enugu, Nígeríu.

Um er að ræða 8.000 pk. af A-skreið, 2.200 pk. B-skreið og 1.200 pk. C-skreið eða alls 11.400 pk., sem fóru með Írafossi 10.08.83 til Nigeríu. Krafan er til innheimtu hjá Landsbankanum í gegnum Cooperative and Commerce Bank í Enugu (innh.nr.24768/CB/FED-/LC/83-32). Krafan var greidd í nairum, 2.261.233.72 og er upphæðin geymd á reikningi í Cooperativebankanum.

C. USD 140.000.00 hjá S.M.Okeke and Sons (Nig) Ltd., Enugu, Nígeríu.

Um er að ræða 2.000 pk. af hausum, sem sendir voru með Írafossi 10.08.83. Krafan er til innheimtu hjá Landsbankanum í gegnum First Bank of Nigeria, Enugu (innh.nr.44643/MBC-/140/91/29). Sendingardagur skjala var 07.09.83. Að beiðni Samlagsins var krafan flutt í Cooperative bankann í Enugu skv. bréfi dags. 10/1 1984. Þar var hún greidd í nairum og eru peningarnir, 105.057.78 nairur, geymdir þar.

D. USD 716.800.00 hjá Scano Nigería Enterprises Ltd.

Um er að ræða 2.800 pk. af A- og B-skreið. Skreiðin var send út þann 17.01.84 gegn ábyrgð frá Pan African Bank Ltd., 09.12.83, til Landsbankans. Krafan var greidd í nairum og er andvirðið geymt í bankanum. Upphæðin er nairur 536.586.99. Kröfunr. er 24879/PAB/Co-/083.

Með aðstoð viðskiptabankanna og Seðlabanka, var sótt um að allar framangreindar kröfur yrðu teknar með í skuldbreytingu Seðlabanka Nígeríu (CBN), sem gerð var að frumkvæði stjórnvalda. Því var hafnað. **Mat nefndarinnar er það, að synjunin hafi fyrst og fremst byggst á því, að engin gjaldeyrisleyfi voru fyrir hendi þegar varan var flutt til Nígeríu.**

Fleiri tilraunir hafa verið gerðar til þess að fá þessa peninga yfirfærða til landsins. Nairuandvirði sbr. B og C lið var að frumkvæði umboðsmanns kaupandans í Nígeríu, Overseas Transport & Trading GMBH (OTT), sem staðsettur er í Bremen í Þýskalandi, flutt á milli banka í Nígeríu og talið, að viðtökubankinn myndi geta yfirfært peningana, væntanlega gegn þóknun til einhvers.Tilraunin mistókst. Þá fékk enskur maður, John Knight, umboð með samþykki Landsbanka til að reyna að yfirfæra andvirði allra þessara krafna. Viðkomandi hafði unnið í CBN og var talinn hafa sambönd við valdamikla aðila í landinu. Þóknun átti að greiða ef verkið tækist. Sú von brást. Nú vinnur umboðsaðili Skreiðarsamlagsins, Decacia International Ltd., London, og umboðsaðili þess í Lagos, Thor Ltd., að því að fá þessa fjármuni yfirfærða eftir löglegum leiðum í samráði við

viðskiptabanka Samlagsins. Ennþá er ekki vitað hvernig til tekst, en væntanlega ættu nánari upplýsingar að fást á næstu vikum.

E. USD 223.260.00 hjá Atlantex Industrial Handles Corp., Hamborg.

Krafan var upphaflega 323.260.00 USD, en kaupandi greiddi fyrirfram 100.000.00 USD. Um er að ræða 1.395 pk af A-skreið og 220 pk. af hausum, sem sent var utan með Eyrarfossi 19.10.83. Afgangur kröfunnar var greiddur með víxli, USD 223.260.00, sem sendur var til innheimtu í gegnum Landsbankann. Víxillinn fékkst ekki greiddur og var því sendur lögfræðingi í Hamborg til innheimtu. Innheimtutilraunir hafa ekki borið árangur og er nú fullyrt, að fyrirtækið sé gjaldþrota.

Endanlegur kaupandi í Nígeríu var Kalú N.Kalú í Aba og hefur verið reynt að krefja hann um greiðslu en árangurslaust.

F. USD 42.750.00 hjá Ets. Agorak, Cotonou, Benin.

Um er að ræða 190 pk. af B-skreið, sem skipað var út með Álafossi þann 06.03.85. Skreiðin var seld "cash against documents" og voru skjöl send í gegnum Landsbankann (no.101-47496). Skv. bréfum Samlagsins dags. 26/4 og 17/5 1985, voru gefin fyrirmæli um að afhenda skjölin gegn 30 daga víxli sem aldrei hefur greiðst, þrátt fyrir ítrekaðar innheimtu-tilraunir. Skreiðarsamlagið hefur nú ákveðið að afskrifa upphæðina.

G. USD 35.332.80 hjá Ets. Fodouop et Cie, Douala, Cameroun.

Um er að ræða 204 pk. af skreið, sem sendir voru utan með Eyrarfossi 13/3 1985 og seldir "cash against documents" (innh. nr. 101-47566) gegnum Landsbanka. Þann 16/9 1985 voru greiddir 17.666.40 dollarar af kröfunni, en ekkert síðan. Milligöngumaður um þessi viðskipti, Bernard Butler, hefur ítrekað lofað að sjá um að afgangurinn verði greiddur, að sögn Samlagsins, en ekkert hefur gerst.

H. USD 380.000.00 hjá Neville Finances Ltd., London.

Um er að ræða 1.900 pk. af skreið, sem sendir voru utan með Eyrarfossi 8/5 1985 og seldir gegn 90 daga víxlum skv. innh. nr. 101-37818 og 37819 í Landsbanka. Víxlarnir hafa ekki greiðst þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir og Samlagið hefur ekki náð sambandi við kaupandann í London, þar sem skrifstofu hans hefur verið lokað. Samlagið telur þessa kröfu tapaða.

I. USD 238.207.50 hjá Overseas Transport & Trading, GMBH, Bremen.

Um er að ræða 1.350 pk. af skreið, sem sendir voru utan með Álafossi 24/7 1985 og seldir gegn 90 daga víxlum skv. innh. nr. 101-48227 í Landsbanka. Víxlarnir hafa ekki enn þá fengist greiddir og var málið látið í hendur lögfræðinga í nóvember sl.

J. USD 2.616.896.00 hjá S.N.Impex Ltd., London.

Um er að ræða 29.427 pk. af A- og B-skreið og hausum, sem sendir voru út 03.05.86 með Elvira Oria, 15.05.86 með Eyrarfossi, 25.06.86 með Laxfossi, 04.06.86 með Álafossi og 30.06.86 með Írafossi. Hér var um að ræða sameiginlegan samning Skreiðarsamlagsins og Sameinaðra framleiðenda. Ofangreind upphæð var hlutur Skreiðarsamlagsins.

Varan var öll seld gegn greiðslum með víxlum og féll fyrsti víxillinn í nóvember 1986. Enginn víxill hefur enn þá fengist greiddur og hefur málið verið í höndum enskra lögfræðinga síðan í september 1986. Áður en gengið var frá þessum samningi, kannaði Landsbankinn kaupandann í gegnum Standard Charter Bank í London og fékk jákvæð ummæli hans. Þann 18/2 sl., barst telex frá framkvæmdastjóra félagsins, þar sem hann býðst til að greiða 1.768.000.00 nairur nú þegar sem fullnaðargreiðslu. Er að heyra sem báðir útflytjendur muni samþykkja það, en þetta jafngildir USD 380.215.00, ef yfirfærsla tækist á gegni 4.65. Samningar í þessa átt verða reyndir.

K. USD 93.000.00 hjá Sapamar, Cotonou, Benin.

Um er að ræða 600 pk. af A- og B-skreið, sem skipað var út með Álafossi þann 16.07.86. Skreiðin var seld "cash against documents" og voru skjöl send í gegnum Landsbankann. Skjölin voru afhent viðtakanda án greiðslu, skv. beiðni Samlagsins í bréfi dags. 15/9 1986. Skreið þessi var seld í samráði við Ólaf Gíslason og Co. og var hún send utan vegna þess, að franskt fyrirtæki, sem þeir eru umboðsmenn fyrir, lofaði að sjá um að hún yrði greidd ellegar endursend. Skreiðarsamlagið telur Ó.G.& Co. bera ábyrgð á geiðslunni og hefur afhent lögfræðingi málið til innheimtu.

L. USD 4.627.020.00 hjá Decacia International Ltd., London.

Um er að ræða 32.420 pk. af skreið, sem sendir voru utan með Hvalvík þann 02.03. 1987. Skreiðin var send í umboðssölu og er nú gert ráð fyrir, að skilaverð farmsins verði USD 3.604.604.00 og verði að fullu greitt núna í marz n.k. Nú þegar hafa USD 822.120.00 verið greiddir heim.

M. USD 619.022.96 hjá Decacia International Ltd., London.

Um er að ræða 4.754 pk. af skreið, sem sendir voru utan með Álafossi 16.12.1987. Sendingin fór gegn bankaábyrgð og á hún að greiðast þann 21.02. n.k.

Með þessari afskipun var öll skreið Samlagsins frá fyrri árum seld.

2. ÚTISTANDANDI KRÖFUR SAMEINAÐRA FRAMLEIÐENDA.

A. USD 84.280.00 hjá Ogochukwu & Sons Ltd., Aba, Nígeríu.

Um er að ræða 1.204 pk. af hausum, sem sendir voru með m.s. Shaulu þann 30.07.1983. Sent var gegn ábyrgð First Bank og Nigería, Aba, sem opnuð var í gegnum Landsbanka (nr.24756-/101/83/28 ID). Sameinaðir framleiðendur hafa

afreiknað kröfuna til framleiðenda svo hún er þeirra eign í dag, skv. sögn Bjarna Magnússonar. Sjá nánari umsögn undir næsta lið.

B. USD 179.900.00, 82.040.00 og 423.060.00, eða samtals USD 685.000.00 hjá Interland Resources (Nig) Ltd., Aba.

Um er að ræða:
a. 2.570 pk. af hausum, sem sendir voru út 07.12.1983. Sendingin fór gegn ábyrgð frá International Merchant Bank í Lagos í gegnum Útvegsbanka (nr.2448/X83 - 1467)
b. 1.172 pk. af hausum, sem sendir voru út 27.12.1983. Sendingin fór gegn sömu ábyrgð og að framan greinir.
c. 6.258 pk. af hausum, sem sendir voru út 22.02.1984 gegn sömu ábyrgð.

Engar athugasemdir hafa verið gerðar við frágang skjala, vegna framangreindra krafna, og var reynt að fá þær samþykktar til skuldbreytinga hjá CBN. Því var hafnað þar sem greiða átti kröfurnar með eðlilegum hætti. CBN mun hafa marg lofað útflytjanda að sjá um að greiðslur kæmu, en sú hefur ekki orðið raunin á. Að frumkvæði nefndarinnar hefur Seðlabanki skrifað CBN og óskað eftir aðstoð, til að fá viðkomandi banka til þess að uppfylla skyldur sínar nú þegar. Landsbankinn og Útvegsbankinn skrifuðu líka viðkomandi bönkum og sendu þeim afrit af bréfi Seðlabankans.

C. USD 237.500.00 hjá Zotas Foods Ltd., Lagos.

Um er að ræða 6.250 pk. af hausum, sem sendir voru utan 17.04.1986. Upplýst er, að þessi aðili hafi um langt árabil verið meðal traustustu viðskiptavina Sameinaðra framleiðenda. Áhugi var hjá honum að kaupa mikið magn hausa héðan og kvaðst hann hafa trygga greiðslumöguleika í gegnum bandarískt byggingarfélag, sem væri við störf í Nígeríu. Þegar þessi sala kom til, var mjög lítil sala í skreiðinni og aðeins fyrir hendi leyfi án gjaldeyrisyfirfærslu.

Fullyrt er, að mistök hafi orðið hjá nígerísku póstþjónustunni þegar farmskjölin voru send. Liðu vikur og mánuðir án þess að þau kæmu fram. Skjölin höfðu verið send af stað 20. apríl og um miðjan júní voru þau

ekki ennþá komin fram. Þá voru ný skjöl útbúin og þau gömlu ógilt. Um miðjan júlí náði kaupandinn loks út sendingunni frá skipafélaginu. Töluvert var þá orðið ónýtt af henni og geymslukostnaður hafði hlaðist upp. Ítrekaðar tilraunir hafa verið gerðar til að innheimta kröfuna en ekkert gengið ennþá. Jafnan hefur verið lofað greiðslu, en ef ekkert verður af því að greitt verði á næstunni, hyggjast Sameinaðir framleiðendur fela lögfræðingi kröfuna til innheimtu.

D. USD 1.058.180.00 hjá S.N.Impex Ltd., London.

Hér er um að ræða hlut Sameinaðra framleiðenda í þeim förmum, sem seldir voru þessum aðila. Um er að ræða 9.899 pk. af A- og B-skreið svo og hausum. (Sjá lið J. hjá Skreiðarsamlaginu.)

E. USD 1.902.280.oo hjá Mercantile Commodities, Isle of Man, síðar Chief Dan Chinwuko.

Um er að ræða 47.557 pk. af hausum, sem sendir voru til Nígeríu með Selmar Enterprise þann 29.06.1986. Þegar þessi viðskipti voru gerð, var mjög erfitt um sölur. Farminn átti að selja gegn ábyrgðum tryggra banka. Þegar til kom fengust þær ekki. Farmurinn var að lokum seldur Cief Dan Chinwuko, gegn ýmsum skilyrðum í samráði við Merchant Bank. Málið verður ekki rakið frekar hér, en ekki var staðið við gerðan samning við bankann og lauk því með lögregluaðgerðum að ósk útflytjanda og síðar málaferlum, sem ennþá eru í gangi. Staða greiðslumála í dag er sú, að áætlað hefur verið að söluverð á "cost & freight"-grundvelli yrði 12.364.820.00 nairur. Af því hefur kaupandi þegar greitt 4.512.414.00 nairur inn á bundinn reikning í Merchant Bank of Africa í Lagos. Innistæðan var fryst vegna beiðni eins þeirra aðila, sem síðar hafa blandast inn í þau deilumál, sem í gangi eru vegna skreiðarútflutnings Sameinaðra framleiðenda. Að sögn, hefur kaupandi vörunnar sagst mundu greiða það sem á vantar, þegar dómstólar hafa skorið úr um það hver sé réttur viðtakandi greiðslunnar. Fleiri mál eru í gangi varðandi þessa sendingu og fyrr en þeim lýkur, er ekki hægt að vænta þess að hægt verði að yfirfæra neitt af andvirði hausanna. Málin komu síðast fyrir hjá dómstólum þann 9.marz sl.

F. USD 5.130.496.80 hjá Mercantile Commodities Ltd., Isle of Man, síðar hjá Bol-Bol and Co. Ltd., Lagos skv. samningi dags. 6/3 1987.

Um er að ræða 35.334 pk. af ýmsum tegundum af skreið, sem skipað var út með Horsham í júní/ágúst 1986. Sjá skýringu við næsta lið.

G. USD 4.076.311.00 hjá West African Turnkey Project, Nigeria Ltd., Englandi.

Um er að ræða 25.445 pk. af ýmsum tegundum af skreið, sem skipað var út með Horsham í júní/ágúst 1986.

Miklar umræður hafa farið fram um þessar tvær síðustu sendingar með Horsham, en andvirði farmsins hefur enn ekki verið greitt til landsins. Innflutningsleyfi til Nígeríu, án heimildar til gjaldeyrisyfirfærslu, var fyrir hendi þegar skreiðin var send, en engar haldbærar greiðslutryggingar.

Haldnir voru fjórir fundir í viðskiptaráðuneytinu varðandi þennan farm, þann 6., 8., 13. og 22. ágúst 1986. Fundina sátu auk starfsmanna ráðuneytisins, fulltrúar Sameinaðra framleiðenda, Landsbanka, Útvegsbanka og Seðlabanka.

Á fyrsta fundinum upplýsti Bjarni Magnússon, að Sameinaðir framleiðendur hefðu selt 35.334 pk. af skreið til fyrirtækisins Mercantile Commodities Ltd., á eyjunni Mön, fyrir 30.556.843.00 nairur. Gert væri ráð fyrir að skreiðin yrði greidd við afhendingu skjala í Nígeríu. Síðar breyttist það og þá var talað um greiðslu 30 dögum eftir afhendingu skjala. Sagt var frá, að raunvirði þess sem greitt yrði fyrir sendinguna, væri um 5 millj. dollara og að raunverulegur kaupandi ætti þetta fé í London. Einnig var upplýst, að skjölin hefðu verið send af stað hálfum mánuði áður og að nígerískur banki keypti vöruna fyrir innflytjandann. Þá var og skýrt frá því, að hægt væri að selja meira magn af skreið, 25.000 pk. til viðbótar og búið væri að greiða kaupverðið í nairum í banka í Nígeríu þannig, að greiðsla yrði gegn afhendingu skjala. Í þessu sambandi upplýsti Bjarni Magnússon, að flutningskostnaður sendingarinnar, um 1 millj. dollara, yrði greiddur af erlendum banka og að greiðsla ætti að berast þennan sama dag.

Bankamenn voru sammála um að engin greiðslutrygging væri fyrir hendi. Salan byggðist algjörlega á trausti seljanda á kaupanda og þeim aðilum, sem kæmu við sögu fyrir þeirra hönd. Fram kom á fundunum, að ef til vill væri áhættan af sölu skreiðarinnar minni en að liggja með hana óselda. Vitað var, að öll innflutningsleyfi fyrir skreið til Nígeríu myndu falla úr gildi þann 30. ágúst.

Reynt var að tryggja, að flutningskostnaðurinn yrði greiddur áður en skipið sigldi af stað frá landinu, en það tókst ekki.

Útflutningur skreiðarinnar var aldrei bannaður, þrátt fyrir að engar greiðslutryggingar væru fyrir hendi, eflaust vegna þess ástands sem ríkti á skreiðarmarkaðnum í Nígeríu. Viðskiptaráðuneytið taldi sér ekki fært að synja um útflutningsleyfi gegn vilja útflytjenda og framleiðenda. Viðskiptabankarnir töldu hinsvegar að útflutningur skreiðarinnar væri á ábyrgð framleiðenda og tilkynnti m.a. Landsbankinn viðskiptamönnum sínum þá skoðun í símskeyti en Útvegsbankinn lét framleiðendur í Vestmannaeyjum vita símleiðis, enda þeir einu sem haft höfðu samband við bankann vegna skreiðarinnar.

Þegar Horsham kom til Nígeríu varð ljóst, að þau fyrirtæki, sem höfðu ætlað að kaupa skreiðina, höfðu ekki einu sinni fjármagn til þess að greiða flutningskostnaðinn. Eftir ítrekaðar tilraunir til að fá aðra kaupendur, tókst loks að losa skipið þann 23. desember 1986. Hafði það þá verið í Nígeríu í tæpa 4 mánuði. Allar upplýsingar sem gefnar höfðu verið, áður en skipið sigldi frá Íslandi og á meðan verið var að lesta það hér, reyndust rangar og ósannar.

Þrátt fyrir að mikil skreið hafi verið talin á markaði í Nígeríu um þetta leiti, virtust margir hafa áhuga á farminum úr Horsham, væntanlega til að kaupa hann eða fá fyrir hann umboðslaun eða "þóknun" fyrir veitta aðstoð. Í kringum þetta urðu margvíslegir erfiðleikar, sem oft enduðu með málaferlum sem enn er ekki lokið. Þau mál verða ekki rakin hér. Skreiðin hefur öll verið seld núna, en andvirðið bundið hjá ýmsum aðilum. Ekki er vitað hvenær eða hvort það losnar. Þess ber að geta, að af andvirði 35.334 pk., sem seldir voru í einu lagi til fyrirtækisins Bol-Bol Co. Ltd. í Lagos, með samningi dags.

6/3 1987, fyrir 18.500.000.00 nairur, voru greiddar á reikning í First Bank, Lagos, 18.000.000.00 nairur. Af þeirri upphæð eru 5.863.960.00 nairur bundnar vegna málaferla sem þó eru ekki í neinum tengslum við þessa sölu.

Þess ber að geta, að deilur og málaferli hafa verið milli útflytjanda og kaupanda West African Turnkey Project Nigerian Ltd., bæði í London og Lagos, en að frumkvæði sendiherrans í London, Ólafs Egilssonar, var samið um málið þar hinn 11. nóvember sl. með aðstoð manns sem búsettur er í Nígeríu, Sir Mobolaji Bank-Anthony. Þar var samið um að Sameinaðir framleiðendur greiddu viðkomandi 1.754.364.80 nairur, auk ótiltekinna umboðslauna af hausafarmi þeim, sem sendur var utan með Selmar Enterprise. Málið er enn ekki að fullu frágegnið.

Ekki verður hjá því komist að nefna þann mann, sem mestum erfiðleikum hefur valdið í sambandi við framangreindan skreiðarfarm svo og hausafarminn í Selmar Enterprise. Nafn hans er A.G.Okotcha. Bjarni V.Magnússon upplýsti, að þessi maður hefði tvívegis svarið eið að skjölum, sem fram hafa komið í réttarhöldum, að hann sé fulltrúi íslenskra stjórnvalda og skreiðarframleiðenda á Íslandi. Í bréfi G. N. Uwechue, lögfræðings Sameinaðra framleiðenda, til Ólafs Egilssonar, sendiherra í London, segir að Okotcha hafi kynnt sig í réttarhöldunum sem fulltrúa Sameinaðra framleiðenda og að hann hefði í höndunum umboð frá viðskiptaráðuneytinu á Íslandi til að veita viðtöku öllu andvirði margnefndra 35.334 pk. af skreið í Horsham og hausafarmsins, sem hann telur sig hafa átt. Telur lögfræðingurinn kröfur þessa manns móðgun við réttarfar og dómstóla í Nígeríu.

Þess má geta, að sendiráðið í London, viðskiptaráðuneytið og Jón Ármann Héðinsson, skreiðarútflytjandi, hafa gefið út yfirlýsingar um að Okotcha hafi engin umboð til afskipta af skreið frá Íslandi, hvorki frá stjórnvöldum eða öðrum hérlendum aðilum. Þá mun Bjarni V.Magnússon hafa farið fram á það við utanríkisráðherra, Steingrím Hermannsson, að hann kynnti afskipti mannsins af skreiðarmálum fyrir yfirvöldum í Nígeríu og óskaði jafnframt aðstoðar þeirra, til að hindra hann í frekari afskiptum af þessum málum.

Að lokum má geta þess, að tveir nefndarmanna

í Skreiðarnefndinni hittu Okotcha í Lagos, þar sem hann reyndi að rægja íslenska menn sem afskipti hafa haft af skreiðarútflutningi. Í viðræðum þeirra við hann var þess óskað, að hann finndi orðum sínum stað og sýndi umboð þau, er hann þóttist hafa til afskipta af förmunum frá Íslandi. Lofaði hann því en ekki stóð hann við það sem vonlegt var.

Af þeim gögnum, sem nefndin hefur undir höndum, er áætlað að farmurinn í Horsham gæti skilað 27.750.000.00 nairum.

H. USD 52.030.00 hjá Willaka U.K. Ltd., London.

Um er að ræða 903 pk. af hausum, sem afskipað var þann 04.11.87. Greiðsla er gegn bankaábyrgð í Útvegsbanka.

I. USD 99.997.94 hjá G.N.Theaku and Co. Ltd., Nígeríu.

Um er að ræða 769 pk. af skreið, sem skipað var út 11.11.87 til Nígeríu. Greiðsla er gegn bankaábyrgð í Útvegsbanka.

J. USD 100.000.00 hjá U.O.O.Trading Co., Nígeríu.

Um er að ræða 555 pk. af skreið, sem skipað var út þann 25.11.87. Greiðsla er gegn bankaábyrgð í Útvegsbanka.

K. USD 41.750.00 hjá Willaka U.K. Ltd., London.

Um er að ræða 726 pk. af hausum, sem skipað var út þann 03.12.87. Greiðsla er gegn bankaábyrgð í Útvegsbanka.

L. USD 99.900.00 hjá G.N.Theaku & Co. Ltd., Nígeríu.

Um er að ræða 555 pk. af skreið, sem skipað var út 30.12.87. Greiðsla er gegn bankaábyrgð í Útvegsbanka.

3. ÚTISTANDANDI KRÖFUR SKREIÐARDEILDAR SÍS.

Því hefur verið lýst yfir við nefndina af hálfu forsvarsmanna Skreiðardeildar SÍS, að allar útistandandi kröfur þeirra verði greiddar og því engin taphætta hjá þeim. Því mun verða gerð grein fyrir þessum kröfum í einni upptalningu nema hvað gerð verður grein fyrir 3 elstu kröfunum í örfáum orðum.

A. USD 50.000.00 hjá Urualla United Tr.Co.Ltd., Nigeria.

Upphaflega var þessi krafa að fjárhæð USD 521.322.00 vegna afskipunar á 4.767 pk. af skreið með Eyrarfossi hinn 15.05'86.

Skv. upplýsingum skreiðardeildarinnar, hefur verið gert upp við framleiðendur og krafan því eign hennar. Vænst er greiðslu innan tíðar.

B. USD 182.840.00 hjá Development Services Ltd., London.

Krafan var upphaflega USD 267.840.00 vegna afskipunar á 9.920 pk. af hausum með Arnarfelli hinn 18.07'86. Fullyrt er, að skuldin verði greidd á næstu vikum.

C. USD 320.000.00 hjá Aku International Ltd., Nigeria.

Um er að ræða 2.000 pk. af skreið og 2.500 pk. af hausum, sem afskipað var með Dísarfelli 30.10'86. Útflytjandi fullyrti, að krafan yrði greidd á árinu.

Dags.	Skip	Kaupandi	Upphæð USD
Ofangreindar 3 kröfur			552.840.-
27/5'87	Dísarfell	Holdorf & Co.	55.510.-
19/6'87	Bernhard	"	478.690.-
4/6'87"	"	"	143.010.-
30/7'87	"	"	49.000.-
8/7'87	Dísarfell	"	73.920.-
8/7'87	"	Chansons Merchant	23.640.-
8/7'87	" "	" "	3.348.-
12/8'87	Bernhard	Holdorf & Co.	412.360.-
19/8'87	Dísarfell	Chansons Merchant	221.532.-
30/7'87	Bernhard	Ferdinand	51.612.-

3/9'87	Árfell	"	24.000.-
30/9'87	Dísarfell	Chansons Merchant	92.120.-
30/9'87	" "	" "	13.230.-
10/9'87	Bernhard	Holdorf & Co.	307.630.-
15/9'87	Dísarfell	"	139.000.-
24/9'87	Bernhard	"	117.880.-
9/10'87	"	Chansons & Merchant	73.882.-
8/10'87	"	Holdorf & Co.	96.040.-
29/10'87	Dísarfell	Cansons & Merchant	113.676.-
29/10'87	" "	"	58.968.-
29/10'87	"	Holdorf & Co.	144.060.-
11/11'87	"	Chansons & Merchant	97.860.-
18/11'87	Christa	"	98.232.-
18/11'87	"	Holdorf & Co.	23.170.-
18/11'87	"	N.Kalu	153.300.-
18/11'87		Fed. Motors	130.110.-
26/11'87	Árfell	Chansons & Merchant	25.830.-
27/11'87	Dísarfell	Ezera	231.924.-
5/12'87	Bernhard	Holdorf & Co.	70.420.-
5/12'87	"	Chansons & Merchant	120.838.-
		SAMTALS.....	**4.197.632.00**

Verulegur dráttur hefur orðið á greiðslum fyrir ýmsar af framangreindum kröfum. T.d. má nefna, að skv. samningum við Holdorf & Co., þá er gert ráð fyrir 6 mánaða greiðslufresti. Í ljós hefur komið, að í mörgum tilfellum hefur sá greiðslufrestur orðið mun lengri.

Að lokum.

Ljóst er, af framangreindri upptalningu á útistandandi skreiðarkröfum í Nígeríu um sl. áramót, að sumar þeirra eru tapaðar og aðrar mjög vafasamar, einkum vegna þeirrar óvissu hve mikið af nairu-innistæðum kunna að skila sér hingað heim.

Samtals voru útistandandi kröfur um sl. áramót USD 30.643.447.00 -, og er þá gengið út frá verðum á c.&.f. -grundvelli. Frá þeim verðum er í nokkrum tilfellum gert ráð fyrir endurgreiðslum til kaupenda, 20 USD á pakka. Ekkert tillit er þá tekið til nairuinnistæðna í nígerískum bönkum, en þær geta numið 43.418.150.00 sem jafngildir USD 8.683.630.00, miðað við gengi 5 nairur í dollar.

Glataðar og vafasamar kröfur teljum við að séu USD 21.358.934.10, á c.&.f.-verði. Frá því dragast nairu-innistæðurnar, sem hugsanlega gætu orðið 8.683.630.00 USD skv. framansögðu. Þessar kröfur eru:

Frá Samlagi skreiðarframleiðenda.

Sbr. lið.	Afskipað.	Fjárhæð USD	
A.	31.12'82	140.000.00	
B.	10.08'83	3.005.800.00	
C.	" " "	140.000.00	
D.	17.01'84	716.800.00	
E.	19.10'83	223.260.00	
F.	06.03'85	42.750.00	
G.	13.03'85	35.332.80	
H.	08.05'85	380.000.00	
I.	24.07'85	238.207.50	
J.	maí/júní'86	2.616.896.00	
K.	16.07'86	93.000.00	7.632.046.30

Á móti þessari fjárhæð eru hugsanlegar nairuinnistæður 4.266.929.00 sem jafngilda USD 853.386.00 miðað við gengi 5 nairur í dollar.

Frá Sameinuðum framleiðendum.

A.	30.07'83	84.280.00	
B.	des'83/ febr'84	685.000.00	
C.	17.04'86	237.500.00	
D.	maí/júní'86	1.058.180.00	
E.	29.06'86	1.902.280.00	
F.	ágúst'86	5.130.496.80	
G.	" "	4.076.311.00	13.174.047.80

Á móti þessari upphæð eru hugsanlegar innistæður í nairum, sem hafa verið áætlaðar 39.151.221.00 og jafngilda USD 7.830.244.00 miðað við gengi 5 nairur í dollar, auk A- og B-liðs USD 769.280.00, sem gert er ráð fyrir að greiðist.

Frá Skreiðardeild SÍS.

A.	15.05'86	50.000.00	
B.	18.07'86	182.840.00	
C.	30.10'86	320.000.00	552.840.00
		SAMTALS.....	**21.358.934.10**

Samkvæmt framansögðu er hugsanlegt tap á skreiðarkröfunum, eftir að nairuinnistæðurnar hafa skilað sér og dollarakröfur skv. A- og B-lið Sameinaðra framleiðenda, USD 11.906.024.10 -, og ef kröfur Skreiðardeildar SÍS frá 1986 greiðast fljótlega, myndi tapið verða USD 11.353.184.10.

Þess ber að geta, að gengið hefur verið út frá c.&.f.-verði, sem grundvelli varðandi mat á tapi, en það verð hefur oft ekki skilað sér að fullu hingað heim, þar sem vitað er að afslættir eða umboðslaun hafa dregist frá þessu verði svo og beinir afslættir vegna skemmda.

Að lokum er rétt að skýra frá því, að útlendingum er óheimilt að opna bankareikninga í nairum í Nígeríu og þess vegna eru ummræddar nairuinnstæður á reikningum þarlendra aðila, enda þótt samþykki hinna íslensku útflytjenda þurfi til að taka út af þeim. Slík ákvæði eru gagnkvæm og þess vegna geta skapast ýmsir erfiðleikar við flutning þessara fjármuna frá Nígeríu.

Bréf frá bankastjórn Landsbanka Íslands til viðskiptaráðuneytisins.
(22. janúar 1988.)

Bankastjórnin hefur móttekið bréf yðar, dags. 17. þ.m., varðandi undirbúning að skýrslu viðskiptaráðherra til Alþingis um útflutning á skreið á árunum 1976–1986. Í bréfi yðar er óskað umsagnar bankastjórnarinnar um tvennt:

1. Hvernig endurgreiðslu afurðalána hafi verið háttað á þessu tímabili.
2. Hvort það fyrirkomulag á útflutningi skreiðar, sem var við lýði tímabilið 1976–1986, hafi verið þjóðhagslega hagkvæmt og skilað þeim árangri sem að var stefnt.

Við gerum ráð fyrir að spurningarnar varði skreiðarútflutning til Nígeríu og mótast eftirfarandi svör af þeim skilningi.

1. Þegar andvirði útflutnings skilar sér til bankans fer hluti þess eða það allt til greiðslu afurðalána, enda á bankinn veð í afurðaandvirðinu. Hversu stór hluti fer til þessara þarfa fer eftir almennum reglum sem um afurðalán gilda og afurðalánastöðu hvers einstaks framleiðanda. Fram til ársins 1983 gengu þessi viðskipti eðlilega fyrir sig og skil afurðalána voru með tilætluðum hætti. Þá hófst í Nígeríu tímabil mikilla fjárhagserfiðleika sem stendur enn og torveldaði mjög skreiðarviðskiptin. Um þær mundir voru hér á landi töluverðar birgðir af skreið af framleiðslu áranna 1981–1983. Þessar birgðir hafa ásamt framleiðslu ársins 1984 verið fluttar út til Nígeríu oft gegn slæmum eða engum greiðslutryggingum. Greiðslutryggingar hafa verið illfáanlegar lengst af síðan og af því leiðir að talsvert er nú af ógreiddum gjaldföllnum kröfum og raunar einnig óseldri skreið í Nígeríu, en birgðir hér á landi eru orðnar litlar. Um þetta er skreiðarnefndinni vel kunnugt því að hún hefur einmitt unnið að athugunum á þessu. Þar sem afurðirnar hafa ekki greiðst hafa skil á afurðalánum heldur ekki farið fram með þeim hætti sem hér að framan er greint. Bankinn hefur enn ekki gert ráðstafanir til að innheimta afurðalánin með öðrum hætti, en það kann að reynast nauðsynlegt innan tíðar.

   Útistandandi afurðalán bankans eru nú sem hér segir:

	Millj. kr.
Afurðalán og viðbótarlán frá 1981–1983 í ISK	149.4
Afurðalán frá 1984 í SDR	102.7
	252.1

   Afurðalán hafa ekki verið veitt út á Nígeríuverkaða skreið síðan 1984.

2. Á þessu tímabili hefur útflutningur á skreið til Nígeríu einkum verið í höndum fjögurra samtaka framleiðenda, en auk þeirra hafa ýmsir kaupsýslumenn reynt fyrir sér á markaðinum. Þetta fyrirkomulag hefur reynst óheppilegt, einkum eftir að þeir erfiðleikar sem nú eru á þessum markaði hófust. Borið hefur á því að útflytjendur hafi sakað hver annan um undirboð og sölustarfsemin því orðið ómarkvissari en verið hefði væri hún á einni hendi.

   Það hefur því verið skoðun þeirra banka sem hlut eiga að máli að æskilegt hefði verið að útflytjendur sameinuðu krafta sína í einum sölusamtökum. Hefur sú hugmynd komið til umræðu og fyrir nokkrum árum fóru fram samningaviðræður milli aðila um þetta undir forustu Davíðs Ólafssonar, þáverandi Seðlabankastjóra, en þær leiddu ekki til samkomulags. Bankastjórn Landsbankans er enn þeirrar skoðunar að breyting í þessa veru væri æskileg.

Helgi Bergs. *Björgvin Vilmundarson.*

Bréf Útvegsbanka Íslands til viðskiptaráðuneytisins.
(29. janúar 1988.)

Viðvíkjandi bréfi yðar frá 17. jan. 1988 vegna beiðni Alþingis um upplýsingar um útflutning á skreið árin 1976–1986.

Afurðalán vegna skreiðar sem og annarra sjávarafurða endurgreiðast við gjaldeyrisskil. Andvirði útflutnings er skylt að skila til gjaldeyrisbanka og er því ráðstafað í samræmi við skilagrein útflytjanda til viðskiptabanka framleiðanda, sem síðan ráðstafar því að hluta eða að öllu leyti til greiðslu á afurðalánum vegna viðkomandi framleiðslu. Þannig á að vera tryggt að banki fari höndum um allt útflutningsandvirðið áður en framleiðandi fær sitt, enda varan venjulega veðsett bankanum.

Skreið er aðallega seld til tveggja landa, þ.e. Ítalíu og Nígeríu, og er gæðamat mjög ólíkt þannig að í raun er ekki um sömu vöru að ræða. Nú hafa ekki verið veitt afurðalán út á Nígeríuskreið síðan 1984, en hins vegar út á Ítalíuskreið. Standist hún ekki mat verður hún ekki seld nema til Nígeríu og er hluti útistandandi skreiðarlána þannig til kominn.

Staða afurðalána hjá Útvegsbankanum vegna skreiðar er nú um það bil þessi:

	Millj. kr.
Afurðalán og viðbótarlán í ISK	74
SDR lán	70
	144

Líklegt má telja að Útvegsbankinn muni innan tíðar gera ráðstafanir til að innheimta lán vegna Nígeríuskreiðar á annan hátt en gegnum gjaldeyrisskil.

Á fyrri hluta þess tímabils sem um er rætt gekk allt eðlilega fyrir sig og á árunum 1980–1982 var svo mikil gróska í viðskiptunum að Nígería var á tímabili orðið þriðja stærsta viðskiptaland Íslendinga. En á árinu 1983 komu fram gífurlegir fjárhagsörðugleikar Nígeríumanna, sem enn er verið að reyna að leysa, og brast þá grundvöllurinn undan þessum viðskiptum.

Á meðan allt lék í lyndi og allir vildu kaupa virtist sem samkeppni útflutningsaðila hér heima hefði í för með sér hækkun á verði, enda um dæmigerðan „sellers market" að ræða. Eftir að erfiðleikar hófust er hins vegar ekki vafi á að vegna þessarar samkeppni snerist dæmið við og verð lækkaði jafnvel meira en nauðsyn hefði krafið. Ekki skal lagður á það dómur hvort kerfið er almennt betra en sumir segja að einokun öðrum megin leiði til samsvarandi kerfis á móti, en fullyrða má að á erfiðleikatímum er sölustarfsemin betur komin í höndum eins aðila en margra.

Guðmundur Hauksson. *J. Ármannsson.*

Bréf frá Sameinuðum framleiðendum til viðskiptaráðuneytisins.
(11. mars 1988.)

Með vísun til fyrirspurnar nokkurra alþingismanna um það hvort það fyrirkomulag á útflutningi skreiðar, sem var við lýði tímabilið 1976–1986, hafi verið þjóðhagslega hagkvæmt og skilað þeim árangri sem að var stefnt, þá teljum við eðlilegt að eftirfarandi upplýsingar komi fram.

Árið 1970 voru miklir erfiðleikar í sölu skreiðar. Á stærsta og besta skreiðarmarkaði Íslendinga, Nígeríu, var nýlokið margra ára borgarastyrjöld og efnahagskerfi þjóðarinnar var í molum. Sá hluti landsmanna er einkum keypti skreið hafði orðið undir í ófriðinum og markaðurinn var lokaður um ófyrirsjáanlegan tíma.

Á öðrum besta skreiðarmarkaðinum, Ítalíu, var því mjög mikill þrýstingur í allri sölustarfsemi, bæði frá Norðmönnum og Íslendingum. Þessa aðstöðu ætluðu Ítalir að nota bæði til þess að koma sér upp einokunaraðstöðu í innkaupum og í kjölfar þess að lækka verð um 35%. Þáverandi skreiðarsölusamtök höfðu fallist á þetta en framleiðendur höfnuðu því og mótmæltu. Er afstaða þeirra var að engu höfð stofnuðu þeir ný sölusamtök er hlutu nafnið Sameinaðir framleiðendur. Á skömmum tíma urðu þetta önnur stærstu sölusamtökin og létu þau einkum að sér kveða á Nígeríumarkaði. Ekki leið á löngu áður en góð samvinna hófst með þessum nýju sölusamtökum og þeim sem fyrir voru.

Við athugun á ofangreindri fyrirspurn er óhjákvæmilegt að taka tillit til þess að Nígeríumarkaður, en þangað fara um 90 hundraðshlutar allrar skreiðarframleiðslunnar, er sérstaklega erfiður markaður og enn fremur er sú vara sem þangað selst af misjöfnum og á stundum næsta vafasömum gæðum.

Nígería er mjög óstöðugt land bæði efnahagslega og stjórnmálalega. Viðskipti þangað eru háð miklu meiri sveiflum en í nokkru öðru viðskiptalandi Íslendinga. Eitt árið er skreiðarinnflutningur bannaður, annað árið er ríkiseinokun, síðan er innflutningur bannaður aftur, þá algerlega frjáls, þar næst háður alls konar leyfistakmörkunum, bannaður á ný o.s.frv.

Einnig má segja að skreið og hertir hausar séu ekki þær vörutegundir sem Íslendingar séu hreyknastir af að selja. Það hráefni sem látið er í Nígeríuskreið er venjulega lélegasta hráefnið, verst meðfarið og jafnan látið mæta afgangi í allri vinnslu þegar mikið af fiski berst á land.

Á stundum er skreiðarverslun eina framleiðsluaðferðin sem getur gert verðmæti úr hráefni sem ella yrði að henda. Að sjálfsögðu endurspeglast gæði eða gallar hráefnisins í fullunnu vörunni og vissulega hefur það ekki ætíð verið skemmtilegt eða auðvelt að koma slíkri framleiðslu í verðmæti.

Bæði með tilliti til markaðsaðstæðna og þeirrar vörutegundar sem hér er höndlað með er það vissulega ánægjulegt að komið hefur fyrir þó nokkrum sinnum að mestur arður í fiskvinnslu hefur orðið til í þessari framleiðslugrein og í ára raðir skiluðu hertir þorskhausar mestum hagnaði til fiskverkenda. Aldrei hefur verið um það deilt að þegar aðstæður í sölumálum skreiðarinnar kröfðust sameiginlegra aðgerða sölusamtakanna þá komu þau fram sem einn aðili og undir sameiginlegu nafni, þ.e. Skreiðarsölunefndin. Á öðrum tímum var skynsamleg og vekjandi samkeppni sem fram kom í betri þjónustu bæði við kaupendur og framleiðendur.

Slík sölustarfsemi tryggir að jafnaði betra og greiðara upplýsingaflæði til framleiðenda. Mjög sjaldan hefur orðið vart við skaðlega samkeppni sem valdið hefur lækkandi verðum, en að sjálfsögðu hefur betri þjónusta, tíðara og áreiðanlegra upplýsingastreymi orðið til þess að framleiðendur hafa leitað frá einum sölusamtökunum til annarra. Slík breyting er hagkvæm fyrir heildina og hvetjandi til betri árangurs fyrir félögin.

Á veltandi steini vex ekki mosi, segir gamalt máltæki og sama gegnir um vakandi sölusamtök.

Einokun í sölu orsakar smám saman eða því sem næst einokun í innkaupum. Árið 1970 tókst að fyrirbyggja slíka einokun í innkaupum frá Ítalíu og vonandi verður ekki stuðlað að slíkri þróun aftur. Á Nígeríumarkaði er stöðugt þörf á ötulu sölustarfi vegna þeirra sífelldu breytinga sem þar eiga sér stað og það fyrirkomulag sem ríkt hefur í þessum málum undanfarna tæpa tvo áratugi hefur aftur og aftur náð betri árangri heldur en norska

fyrirkomulagið, sem var seint að átta sig á nauðsynlegum breytingum, var of þungt í öllum samskiptum við yfirvöld í Nígeríu og hefur að lokum brotnað niður að mestu. Af og til hafa einstaklingar sprottið upp í skreiðarsamtökum hérlendis og jafn oft hafa þeir horfið af sjónarsviðinu aftur. Slíkt getur litlu spillt, það ýtir við sölusamtökunum, skerpir starfsemi þeirra og nái slík sölustarfsemi engri fótfestu bendir það til þess að sölusamtökin séu að skila góðu starfi og betri árangri til lengdar heldur en skyndisalar.

Allt fyrirkomulag er forgengilegt, í allri starfsemi skiptast á skin og skúrir, mjög góður árangur næst á stundum, mistök geta og komið fyrir, en reynsla undanfarandi ára og árangur hennar virðist ekki benda til þess að auðfundið sé betra fyrirkomulag í skreiðarsölumálum en verið hefur síðustu ár.

Bjarni V. Magnússon.

Bréf Samlags skreiðarframleiðenda til viðskiptaráðuneytisins.
(7. apríl 1988, 14. janúar 1988 og 14. júlí 1986.)

I.

Samkvæmt beiðni yðar sendum við eftirfarandi vegna þingsmáls nr. 119.

Við höfum áður sent svör varðandi Nígeríuviðskipti. Varðandi sölu á skreið til Ítalíu og reyndar hvert sem er hefur aðalfundur SSF margsinnis ályktað að þessi mál ættu að vera á einni hendi. Nú síðast var rætt um að SÍF tæki þessi mál að sér, sem vafalaust væri besta leiðin, sérstaklega varðandi Ítalíuskreiðina þar sem að stærstum hluta eru sömu kaupendur að saltfiski og skreið.

Gæðavandamál hafa oft verið mikil á Ítalíuskreið og eftirlit með framleiðslu hefur verið mjög takmarkað, enda enginn grundvöllur fyrir að margir útflytjendur komi slíku á. Árum saman hafa þrír helstu útflytjendur hér samið sameiginlega um verð á skreið til Ítalíu og því ekki verið um samkeppni að ræða. Segja má að samkeppnin hafi eingöngu verið um framleiðendur hér.

Ólafur Björnsson.

II.

Í tilefni af þskj. 124 (119. máli) 1987, beiðni um skýrslu, hafið þér farið fram á umsögn okkar „um hvort það fyrirkomulag á útflutningi skreiðar, sem var við lýði tímabilið 1976–1986, hafi verið þjóðhagslega hagkvæmt og skilað þeim árangri sem að var stefnt", eins og segir í beiðninni um skýrslu.

Sem svar við fyrirspurnum yðar viljum við benda á að um langt árabil hefur Samlag skreiðarframleiðenda samþykkt áskoranir á stjórnvöld um að beita sér fyrir því að koma skreiðarútflutningi landsmanna á eina hendi.

Gild rök fyrir þessum áskorunum hafa allan tímann legið fyrir og í því sambandi leyfum við okkur að vitna í skýrslur aðalfunda Samlagsins, en nokkrar þeirra hafið þér undir höndum.

Enn fremur látum við fylgja svari þessu bréf, sem sent var forsætisráðherra og fleirum, samkvæmt samþykkt aðalfundar SSF 1986.

Að okkar mati hefur skipulagsleysi í skreiðarsölu valdið gífurlegu þjóðhagslegu tjóni.

Ólafur Björnsson.

III.

Á aðalfundi Samlags skreiðarframleiðenda sem haldinn var 11. júní sl. var meðfylgjandi ályktun samþykkt samhljóða. Undirritaðir voru kosnir í nefnd til þess að leita samstöðu um málið. Ljóst er að Skreiðardeild Sambandsins og Vestfirðingar vilja sameiningu, en því aðeins að allir séu sammála.

Svo víðtækri samstöðu sjáum við ekki fram á að við getum náð. Það er því álit okkar að eigi að koma skreiðarsölumálum á eina hendi, sem við teljum mjög mikilvægt, verða stjórnvöld og bankar að hafa forustu í málinu. Þróun mála, frá því að aðalfundur var haldinn, sýnast vera sú að undirboð færist í aukana.

Við leyfum okkur að vona að þér sjáið yður fært að beita áhrifum yðar til þess að farsæl skipan komist á þessi mál.

Tómas Þorvaldsson. *Margeir Jónsson.*

Ólafur B. Ólafsson. *Soffanías Cecilsson.*

Ólafur Björnsson.

Umsögn sjávarafurðadeildar SÍS send viðskiptaráðuneytinu.
(9. mars 1988.)

Efni: Skreiðarviðskipti.

Ég vísa til samtals okkar í dag og raunar einnig fyrir nokkru varðandi beiðni nokkurra alþingismanna um skýrslu um skreiðarútflutning árin 1976–1986 (110. löggjafarþing, 119. mál).

Við getum því miður ekki litið svo á að fyrirkomulag á útflutningi skreiðar á þessu tímabili hafi verið þjóðhagslega hagkvæmt. Það er ekki líklegt til árangurs að hafa marga útflytjendur þegar markaðsskilyrði eru erfið. Þetta hefur raunar margoft sannast, ekki aðeins í skreið heldur og í öðrum greinum útflutnings. Það liggur fyrir að fyrir nokkrum árum höfðum við áhuga á því að koma skreiðarútflutningi á eina hendi. Samlag skreiðarframleiðenda var sama sinnis og við í þessu efni og var þá rætt um þann möguleika að skreiðin yrði vistuð hjá SÍF.

Bæði skreiðarsamlagið og við bundum þessa umræðu því skilyrði að allir skreiðarútflytjendur tækju þátt í hinu breytta fyrirkomulagi þannig að skreiðin kæmist í reynd á eina hendi. Því miður náði þetta ekki fram að ganga þrátt fyrir stuðning bankanna við þessar hugmyndir. Ástæðan var sú að þriðji stóri skreiðarútflytjandinn neitaði alfarið að taka þátt í þessum breytingum.

Við erum enn þeirrar skoðunar að hagsmunum skreiðarframleiðenda muni því betur þjónað sem útflytjendur skreiðar verða færri.

Sigurður Markússon,
framkvæmdastjóri.

Ed. 934. Nefndarálit [229. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið umsögn frá Rannsóknaráði ríkisins. Til viðtals við nefndina komu þeir Ingimar Sigurðsson deildarstjóri, Örn Bjarnason, forstjóri Hollustuverndar ríkisins, Skúli Johnsen borgarlæknir, Guðmundur Sigurðsson heilsugæslulæknir, Guðlaugur Hannesson gerlafræðingur, Þorsteinn Tómasson, forstjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Sigurgeir Ólason plöntusjúkdómafræðingur og Arngrímur Thorlacius efnagreiningarstjóri.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt ásamt breytingartillögum sem nefndin flytur á sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 27. apríl 1988.

Karl Steinar Guðnason, form., frsm.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr., með fyrirvara.	Salome Þorkelsdóttir.
Stefán Guðmundsson.	Guðmundur H. Garðarsson.	Valgerður Sverrisdóttir.

Margrét Frímannsdóttir.

Ed. 935. Breytingartillaga [229. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr liður sem orðist svo:

4. Lög þessi skulu endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku.

Nd. 936. Frumvarp til laga [514. mál]

um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Páll Pétursson, Ólafur G. Einarsson, Kristín Einarsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

Óheimilt er að flytja til Íslands vörur sem upprunnar eru í Suður-Afríku eða Namibíu.

Óheimilt er að flytja frá Íslandi vörur til Suður-Afríku eða Namibíu eða gera samning um útflutning vara frá Íslandi þegar ljóst má vera við gerð samningsins að endanlegur áfangastaður varanna er Suður-Afríka eða Namibía.

2. gr.

Utanríkisráðherra er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum 2. mgr. 1. gr. ef mannúðarástæður mæla með því.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum eða allt að þriggja mánaða fangelsi þegar sakir eru miklar.

Með brot skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lögum þessum verður ekki beitt vegna innflutnings eða útflutnings sem á sér stað innan fjögurra mánaða frá gildistöku þessara laga, enda hafi verið samið um slík viðskipti fyrir gildistöku þeirra.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði bann á innflutning frá og útflutning til Suður-Afríku og Namibíu. Norðurlandaþjóðirnar hafa einum rómi fordæmt kúgunarstefnu Suður-Afríku gegn meiri hluta íbúanna og ólöglegar aðgerðir Suður-Afríku í Namibíu. Vísast í þessu sambandi til ítrekaðra yfirlýsinga utanríkisráðherra Norðurlanda. Með samþykkt þessara laga skipar Ísland sér í hóp þeirra þjóða sem með formlegum hætti lýsa yfir viðskiptabanni á Suður-Afríku í þeim tilgangi að þrýsta á ríkisstjórn landsins til þess að láta af stefnu sinni.

Þótt almennt megi segja að Norðurlöndin og önnur vestræn ríki styðji frjáls viðskipti er ljóst að um Suður-Afríku geta venjulegar reglur ekki gilt. Endurteknar tilraunir Norðurlandaþjóðanna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, m.a. í öryggisráðinu, hafa ekki borið tilætlaðan árangur. Var því sú leið farin í hinum einstöku löndum að setja löggjöf sem felur í sér viðskiptahömlur.

Það hefur verið stefna íslenskra stjórnvalda að draga úr viðskiptum við Suður-Afríku. Innflutningur hefur undanfarin ár verið að verðmæti 20–30 milljónir króna, en útflutningur 3–5 milljónir króna. Árið 1987 voru fluttar inn vörur frá Suður-Afríku fyrir 32,9 milljónir króna, en út voru fluttar vörur fyrir 4,5 milljónir króna. Innflutningurinn frá Suður-Afríku var 0,05% af heildarinnflutningi landsmanna og hefur hann farið minnkandi frá árinu 1984. Útflutningur hefur haldist hlutfallslega óbreyttur og verið tæplega 0,01% af heildarútflutningi. Þær vörur sem fluttar eru inn frá Suður-Afríku eru aðallega ávextir og lítils háttar er flutt inn af fatnaði og trjáviði. Útflutningur er aðallega meðalalýsi og ýmiss konar útgerðarvörur, svo sem fiskkassar, hör og trollrúllur.

Íslensk stjórnvöld hafa ítrekað skrifað ýmsum félagasamtökum bréf þar sem eindregnum tilmælum er beint til þeirra að hætta viðskiptum við Suður-Afríku meðan stjórnvöld þar í landi fótum troða mannréttindi meiri hluta íbúa landsins. Ýmis félagasamtök, t.d. Alþýðusamband Íslands og Verkamannasamband Íslands, hafa tekið þessum tilmælum vel, en ljóst er að hvatning stjórnvalda ein sér tryggir ekki tilætlaðan árangur.

Á fyrstu mánuðum þessa þings var borin fram þingsályktunartillaga um viðskiptabann við Suður-Afríku. Tillagan hefur hlotið ítarlega umfjöllun í utanríkismálanefnd. Athugun hefur leitt í ljós að ekki er fært að koma á innflutningsbanni á vörur frá Suður-Afríku, nema með lögum þótt útflutningsbann sé unnt að ákveða með reglugerð. Þingsályktun hrekkur því ekki til ef setja á almennt bann á viðskipti við Suður-Afríku. Það frumvarp sem hér er flutt er á þeim grunni reist að þörf sé lagasetningar.

Orðið hefur að ráði að utanríkismálanefndarmenn úr þeim þingflokkum sem fylgja vilja þessu máli fram flytji það frumvarp til laga sem hér birtist og hefur um það verið haft samráð við aðra nefndarmenn þeirra flokka í utanríkismálanefnd.

Frumvarp þetta tekur mið af lögum annars staðar á Norðurlöndum, en tekið er tillit til íslenskra aðstæðna, sbr. athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins. Það er von flutningsmanna að breið samstaða náist meðal þingmanna um stuðning við frumvarp þetta.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er sett bann við innflutningi og útflutningi til og frá Suður-Afríku og Namibíu. Samkvæmt 2. mgr. verður einnig óheimilt að flytja vörur til þriðja lands ef ljóst má vera að áfangastaður vörunnar er Suður-Afríka eða Namibía.

Vegna aðstæðna á Íslandi er ekki talin ástæða til að leggja bann við starfsemi íslenskra skipa og flugvéla hvað varðar Suður-Afríku eða Namibíu né við fjárfestingum eða öðrum umsvifum fjármálalegs eðlis. Sé ástæða til má bregðast við slíku síðar.

Um 2. gr.

Ekki er gert ráð fyrir heimild til undanþágu frá innflutningsbanni. Hins vegar er utanríkisráðherra veitt heimild til þess að veita undanþágu frá ákvæðum 2. mgr. 1. gr. Er ætlunin að þessari undanþáguheimild verði einungis beitt í algjörum undantekningartilfellum ef mannúðarástæður mæla með því.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Sanngjarnt þykir að gera í lögunum ráð fyrir fjögurra mánaða aðlögunartímabili vegna samninga sem þegar hafa verið gerðir.

Sþ. 937. Tillaga til þingsályktunar [515. mál]

um byggingu leiguíbúða.

Flm.: Albert Guðmundsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Júlíus Sólnes, Hreggviður Jónsson, Guðmundur Ágústsson, Óli Þ. Guðbjartsson, Ingi Björn Albertsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja þegar í stað undirbúning að byggingu 1050 leiguíbúða sem reisa skal á árunum 1989–1996, eða 150 íbúðir á ári.

Fyrstu 150 íbúðunum skal skila tilbúnum til afnota í árslok 1990. Af þessum leiguíbúðum skulu 80 byggðar í Reykjavík árlega og 70 íbúðum dreift um landið, miðað við eftirspurn húsnæðislausra í hverju byggðarlagi.

Leiguíbúðir þessar verði ávallt í eigu ríkisins og leiga má aldrei vera hærri en sem svarar fjórðungi lægstu mánaðarlauna Verkamannasambands Íslands eins og þau eru hverju sinni.

Ríkisstjórnin gerir tillögur um fjármögnun.

Greinargerð.

Öllum er ljóst að mikill skortur er á leiguíbúðum hér á landi og á sama tíma eru leigukjör svo óhagstæð að venjulegt launafólk getur ekki staðið undir húsaleigunni einni af tekjum sínum. Þeir sem þó hafa tekið íbúðir á leigu gera það flestir með lánsfé frá peningastofnunum eða skyldfólki, í von um að mikil eftirvinna geri þeim kleift að standa í skilum með endurgreiðslu. Vonirnar bregðast oftast og flestir lenda í skuldaflækju sem bitnar á heilsu þeirra, einnig börnum og öðru heimilisfólki.

Það hlýtur að vera skylda Alþingis að ráðstafa úr sameiginlegum sjóðum þjóðarinnar á þann hátt að öllum líði vel í okkar harðbýla landi. Því er þessi tillaga borin fram. Með samþykkt hennar er gerð tilraun til að leysa eitt mesta vandamál þjóðarinnar sem snertir alla landsmenn, beint eða óbeint, í þessu vinasamfélagi.

Ed. 938. Breytingartillaga [466. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um skipulag ferðamála, nr. 79 2. júlí 1985.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

Við 1. gr. C-liður 1. mgr. orðist svo:
Að selja hlutafé ríkissjóðs í fyrirtækinu.

Ed. 939. Nefndarálit [293. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og kallaði á fund sinn fulltrúa frá Áfengisvarnaráði, Böðvar Bragason, lögreglustjóra í Reykjavík, Ólaf Ólafsson landlækni og Höskuld Jónsson, forstjóra Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og það kom frá neðri deild.

Skúli Alexandersson sat fundi nefndarinnar.

Alþingi, 28. apríl 1988.

Jóhann Einvarðsson, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Eiður Guðnason.	Ey. Kon. Jónsson.	Stefán Guðmundsson.

Ed. 940. Nefndarálit [214. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt.

Alþingi, 28. apríl 1988.

Jóhann Einvarðsson, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Eiður Guðnason.	Guðrún Agnarsdóttir.	Ey. Kon. Jónsson.
	Stefán Guðmundsson.	

Ed. 941. Nefndarálit [213. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt.

Alþingi, 28. apríl 1988.

Jóhann Einvarðsson, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Eiður Guðnason.	Guðrún Agnarsdóttir.	Ey. Kon. Jónsson.
	Stefán Guðmundsson.	

Sþ. 942. Svar [261. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar og Margrétar Frímannsdóttur um kaup og leigu á fullvirðisrétti.

Fyrirspurnin er á þskj. 560 og hljóðar svo:

1. *Hversu mikið hefur Framleiðnisjóður landbúnaðarins annars vegar keypt og hins vegar leigt af búmarki og fullvirðisrétti í mjólk og kindakjöti á einstökum búmarkssvæðum á árunum 1985, 1986 og 1987?*
2. *Hversu mikið hefur Framleiðnisjóður greitt annars vegar fyrir kaup og hins vegar fyrir leigu á búmarki og fullvirðisrétti á einstökum búmarkssvæðum á árunum 1985, 1986 og 1987?*

3. *Hefur verið tekið tillit til byggðasjónarmiða, æskilegra búháttabreytinga, staðbundins markaðar og landgæða við kaup og leigu á fullvirðisrétti á vegum Framleiðnisjóðs?*
4. *Með hvaða hætti fá einstök búmarkssvæði bætt þann fullvirðis- og framleiðslurétt sem keyptur hefur verið eða leigður af einstökum bændum á svæðinu?*
5. *Hversu mikið er um það að framleiðendur á einstökum búmarkssvæðum hafi ráðstafað fullvirðisrétti jarðar sinnar og tilsvarandi búmarki til annarra lögbýla?*

Svör við 1.–4. spurningu eru byggð á upplýsingum frá Framleiðnisjóði, en svar við 5. spurningu á upplýsingum frá Framleiðsluráði landbúnaðarins.

Svar við 1. og 2. spurningu.

Árið 1985 hófust kaup búmarks og þá eingöngu í tengslum við búháttabreytingar. Litið var svo á að helmingur heildargreiðslu væri framlag vegna nýrra búgreina en hinn helmingurinn greiðsla fyrir búmarkið.

Alls greitt árið 1985: 23 967 700 kr.

Árið 1986 var búmark keypt og leigt án þess að jafnhliða væri um búháttabreytingu að ræða. Var um mismunandi verð og greiðslukjör að ræða eftir því hvernig nýting búmarksins hafði verið næstliðin fimm ár. Þessum viðskiptum var hætt 21. september 1986.

Alls greitt árið 1986:	Kaup á búmarki	23 955 300 kr.
	Leiga á búmarki	4 522 125 kr.
Alls greitt árið 1987:	Kaup á búmarki	25 125 630 kr.
	Leiga á búmarki	5 472 000 kr.

Nú er lokið greiðslum fyrir keypt búmark en eftir eru þrjár ársgreiðslur vegna leigu.

Eigi hafa verið tök á að sundurliða eftir búmarkssvæðum hvernig þessi viðskipti skiptast, enda hefur slíkt takmarkaða þýðingu þar sem skipting framleiðsluréttar byggist að mestu á viðmiðun við framleiðslu.

Á árinu 1986 var keyptur fullvirðisréttur til mjólkurframleiðslu sem nam um 1,5 milljónum lítra. Þessi réttur skiptist síðan milli annarra framleiðenda, 80% innan svæðis og 20% á landsgrundvelli, sbr. meðfylgjandi skrá um skiptingu.

Ráðstöfun þessi var hugsuð til hagræðingar í mjólkurframleiðslunni. Verð var 28 kr. á lítra og greiðist á fjórum árum, verðtryggt miðað við byggingarvísitölu 275 stig.

Árið 1986 var greitt vegna þessa	9 069 070 kr.
Árið 1987 var greitt vegna þessa	12 738 200 kr.

Í búvörusamningi Stéttarsambands bænda og ríkisstjórnarinnar, sem undirritaður var þann 21. september 1986 og gildir fyrir verðlagsárið 1987–1988, er svofellt ákvæði í 12. gr.:

„Framleiðnisjóður taki með ríkissjóði fjárhagslega ábyrgð á samningi þessum með kaupum og leigu framleiðsluréttar eða með verðtryggingu er nemi til samans 800 tonnum kindakjöts og 3 milljónum lítra mjólkur.“

Í samræmi við ákvæði samningsins bauð Framleiðnisjóður bændum að selja eða leigja fullvirðisrétt. Ekki þótti rétt að takmarka hverjir gætu átt viðskipti við sjóðinn því að næði sjóðurinn ekki að gera óvirkan til framleiðslu rétt að því marki sem honum bar, féll á sjóðinn að greiða útflutningsbætur.

Vegna kindakjötsframleiðslu frá sl. hausti hefur sjóðurinn orðið að greiða um 74 milljónir króna og horfur eru á að greiða þurfi um 25 milljónir króna vegna mjólkurfram-

leiðslu þessa verðlagsárs. Báðar þessar greiðslur stafa af því að ekki hefur tekist að uppfylla til fulls ákvæði búvörusamningsins um kaup og leigu á rétti.

Fylgiskjöl II og III veita upplýsingar um skiptingu á viðskiptum sjóðsins vegna fullvirðisréttar.

Svar við 3. spurningu.

Athugun sýnir að stór hluti bænda, sem hafa selt eða leigt framleiðslurétt, bjó við slíkar aðstæður að búskaparlok voru skammt undan, einnig að margir minnkuðu við sig vegna þess að þeir voru, eða ætluðu sér, að hasla sér völl í nýbúgrein.

Hærra verð var og er í boði ef landfriðun, t.d. vegna skógræktar eða annarra landbóta, leiddi af afláti framleiðsluréttarins.

Ekki hefur verið tekið sérstakt tillit til byggðasjónarmiða eða staðbundinna markaða, enda ákvæði um hlutdeild sjóðsins í búvörusamningi með öllu án slíkra fyrirvara.

Svar við 4. spurningu.

Fullvirðisrétti, sem er hlutdeild í búvörusamningi, er skipt milli bænda (framleiðenda) og greiðslan, sem kemur fyrir seldan eða leigðan rétt, tryggir ámóta launatekjur í 3–4 ár og framleiðslan hefði skilað að öllu óbreyttu.

Bændur, sem láta rétt, njóta forgangs við afgreiðslu búháttaframlaga.

Svar við 5. spurningu.

Frá því að fullvirðisréttur tók gildi í mjólkur- og sauðfjárafurðum hafa til skamms tíma (eins árs) verið mjög margar tilfærslur milli einstakra bænda og þá jafnframt innan búmarkssvæða.

Á sama tíma hefur verið nokkuð um varanlegar fullvirðisréttartilfærslur og þá að jafnaði innan svæða.

Á fskj. IV má sjá skiptingu varanlegra tilfærslna milli svæða.

Fylgiskjal I.

Tafla um sölu fullvirðisréttar til mjólkurframleiðslu árið 1986.
Frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins.

Svæði	**Seld ærgildi**
2	193.9
6	579.6
12	858.5
13	510.6
14	1 904.8
15	1 177.0
16	344.0
19	214.2
20	354.6
24	510.0
25	2 114.6
Alls	8 762.0

Fylgiskjal II.

Yfirlit um kaup og leigu á fullvirðisrétti til kindakjötsframleiðslu eftir búmarkssvæðum í ærgildum árið 1986.
Frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins.

Svæði	Kaup	Leiga	Leiga v/riðu	Alls
1	172.0	143.0		315.0
2				
3	48.2	252.8		301.0
4		910.6		910.6
5	377.5	754.9		1 132.4
6	20.5	86.7		107.2
7		259.2		259.2
8		390.6		390.6
9	32.4	296.8		329.8
10	49.9	339.7	283.8	673.4
11	529.7	421.7		951.4
12	164.0	1 274.8	206.4	1 645.2
13	91.8	473.9	1 218.4	1 784.1
14	161.4	1 592.7	2 188.9	3 943.0
15	340.8	778.2	568.5	1 687.5
16		888.5		888.5
17	269.9	264.8		534.7
18	110.3			110.3
19	157.8	554.7	1 675.0	2 387.5
20				
21	408.1	298.1	214.2	920.2
22	116.3	267.3		383.6
23	68.6	61.6	648.5	778.7
24	371.0	1 015.5	157.5	1 544.0
25	243.2	1 749.3	615.7	2 608.2
Alls	3 733.4	13 785.4	7 776.9	24 585.7

Greiddar voru förgunarbætur fyrir hverja fullvaxna kind sem slátrað var vegna samninga um leigu eða sölu á fullvirðisrétti. Nam sú greiðsla 3000 krónum. Slátrað var 24 206 kindum.

Greiðsla förgunarbóta var 48 412 000 kr. árið 1986 og eftirstöðvar 26 928 150 kr. voru greiddar árið 1987.

Sláturkostnaður var 1300 kr. á kind, þar af greitt 16 563 235 kr. árið 1986 og 14 904 565 kr. árið 1987.

Grunnverð fyrir fullvirðisrétt er 4200 kr. á ærgildi miðað við byggingarvísitölu 281 stig og breytist með henni. Leiga vegna riðu er þó hærri eða 5610 kr. á ærgildi.

Greiðsla fyrir seldan rétt fer fram á fjórum árum, fyrir leigðan á sex árum og fyrir leigu vegna riðu á þremur árum.

Árið 1987 námu þessar greiðslur 26 928 150 kr.

Fylgiskjal III.

Yfirlit um kaup og leigu á fullvirðisrétti til kindakjöts og mjólkurframleiðslu eftir búmarkssvæðum árið 1987.
Frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins.

Svæði	Ósk um kaup eða leigu vegna kindakjöts	Kaup eða leiga vegna mjólkur
1	220.4	181.9
2	136.6	156.1
3	365.7	265.1
4	574.2	647.0
5	1 055.9	696.9
6	248.0	401.0
7	70.0	347.0
8	410.8	115.4
9	54.4	
10	536.5	61.1
11	528.2	
12	563.2	839.4
13	767.7	681.3
14	1 795.2	370.0
15	2 251.2	511.8
16	340.6	1 436.0
17	641.4	
18	497.4	701.3
19	1 580.3	821.9
20	46.8	
21	118.4	
22	979.5	716.4
23	930.8	158.9
24	1 313.7	2 656.0
25	1 937.0	3 050.0
Alls	17 963.9	14 814.5

Nær allur fullvirðisréttur til mjólkurframleiðslu er leigður til sex ára og er heildargreiðsla 5220 kr. á ærgildi miðað við byggingarvísitölu 305 stig. Greiddar voru 9 701 800 kr. árið 1987, en hluti samninganna er með gjalddaga í janúar 1988.

Förgunarbætur verða 3300 kr. á kind og eru áætlaðar 47 777 000 kr. vegna um 14 500 kinda.

Sláturkostnaður er áætlaður 2,5–3,0 millj. kr., en kjötið fór til loðdýrafóðurs og því var sláturkostnaður mun minni en haustið 1986.

Ekki eru tök á að sundurliða samninga um kaup og leigu þar eð enn þá hafa ekki allir samningar komið til baka. Einnig voru mismunandi verð og greiðslukjör, t.d. til aldraðra bænda og til bænda á svokölluðum mjólkurframleiðslusvæðum.

Verð fyrir fullvirðisrétt er 4200–4400 kr. á ærgildi miðað við byggingarvísitölu 305 stig.

Fylgiskjal IV.

Varanlegar tilfærslur.
Frá Framleiðsluráði landbúnaðarins.

Svæði	Mjólk		Sauðfé	
	Fjöldi	Magn í lítrum	Fjöldi	Ærgildis-afurðir
Gullbringu- og Kjósarsýsla				
Borgarfjarðarsýsla utan Skarðsheiðar og Akranes	2	22 233		
Borgarfjarðarsýsla innan Skarðsheiðar				
Mýrasýsla	5	135 975		
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, Ólafsvík, Stykkishólmur			3	87.5
Dalasýsla	2	13 109		
Vestur-Barðastrandarsýsla				
Vestur-Ísafjarðarsýsla	1	4 635		
Norður-Ísafjarðarsýsla, Ísafjörður, Bolungarvík				
Strandasýsla			2	144.5
Vestur-Húnavatnssýsla			1	28.5
Austur-Húnavatnssýsla			3	256.7
Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókur, Siglufjörður	8	292 518	1	43.9
Eyjafjarðarsýsla, Akureyri, Dalvík, Ólafsfjörður, Suður-Þingeyjarsýsla vestan Ljósvatnshrepps	9	283 482	3	241.0
Aðrir hreppar í Suður-Þingeyjarsýslu og Húsavík	1	18 343	3	21.9
Norður-Þingeyjarsýsla				
Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppar			1	21.8
Norður-Múlasýsla að öðru leyti (sbr. rg. nr. 291/1987)	1	21 272	1	161.2
Norðfjörður, Neskaupstaður, Mjóifjörður				
Stöðvarfjörður, Breiðdalur, Berunes-, Búlands- og Geithellnahreppar				
Austur-Skaftafellssýsla	2	41 664		
Vestur-Skaftafellssýsla	1	32 688	1	61.9
Rangárvallasýsla	4	130 263	1	25.0
Árnessýsla og Selfoss	8	249 873	1	31.5
	44	1 246 055	21	1 125.4

Nd. 943. Frumvarp til læknalaga. [116. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd., 29. apríl.)

I. KAFLI

Lækningaleyfi og sérfræðileyfi.

1. gr.

Rétt til þess að stunda lækningar hér á landi og kalla sig lækni hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim sem lokið hefur prófi frá læknadeild Háskóla Íslands svo og viðbótarnámi í heilbrigðisstofnunum hér á landi eftir reglum sem ráðherra setur samkvæmt tillögum læknadeildar Háskóla Íslands.

Viðbótarnámi skv. 1. mgr. má einnig ljúka erlendis við heilbrigðisstofnanir sem fullnægja skilyrðum heilbrigðismálaráðherra, læknadeildar Háskóla Íslands og landlæknis.

Áður en leyfi er veitt samkvæmt þessari grein skal leita álits landlæknis og nefndar sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn og í eiga sæti einn fulltrúi Læknafélags Íslands og tveir fulltrúar læknadeildar Háskóla Íslands og skal annar þeirra vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Óheimilt er að veita manni lækningaleyfi ef 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans eða ef landlæknir eða nefnd skv. 3. mgr. telur hann óhæfan vegna heilsubrests, t.d. vegna áfengis- eða eiturlyfjaneyslu eða vegna þess að hann hafi kynnt sig af alvarlegu hirðuleysi eða ódugnaði í störfum.

3. gr.

Veita má manni, sem lokið hefur sambærilegu prófi og um getur í 2. gr., lækningaleyfi og þar með rétt til að kalla sig lækni hér á landi, enda uppfylli hann skilorð 2. gr. að öðru leyti. Áður en slíkt leyfi er veitt skal leita meðmæla læknadeildar Háskóla Íslands sem getur sett sem skilyrði að viðkomandi gangi undir próf í lögum og reglum er varða störf lækna hér á landi og sanni kunnáttu í mæltu og rituðu íslensku máli. Læknadeild Háskóla Íslands getur krafist þess að umsækjandi sanni kunnáttu sína í læknisfræði með því að gangast undir próf.

4. gr.

Ef nauðsyn krefur má ráðherra eftir meðmælum landlæknis fela læknakandídötum eða læknanemum, sem lokið hafa 4. árs námi, að gegna tilgreindum læknisstörfum um stundarsakir og hefur viðkomandi þá lækningaleyfi á meðan hann gegnir þeim störfum.

Í slíkum tilvikum skal læknanemi starfa með lækni.

Víkja má frá ákvæðum 2. mgr. telji landlæknir sérstakar ástæður mæla með því.

5. gr.

Enginn læknir má kalla sig sérfræðing nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra.

Ráðherra setur reglur um nám sérfræðinga samkvæmt tillögum læknadeildar Háskóla Íslands og getur enginn fengið leyfi til að kalla sig sérfræðing nema hann sanni fyrir læknadeildinni að hann hafi lokið slíku námi og landlæknir mæli með leyfinu.

II. KAFLI

Réttindi.

6. gr.

Sá einn á rétt á því að kalla sig lækni og stunda lækningar sem fengið hefur til þess leyfi skv. I. kafla laga þessara. Öðrum er óheimilt að nota starfsheiti eða kynningarheiti sem til þess eru fallin að gefa hugmyndir um að þeir séu læknar eða stundi lækningar, sbr. nánar ákvæði laga þessara um skottulækningar.

7. gr.

Læknir getur við störf sín notið aðstoðar annars heilbrigðisstarfsfólks að svo miklu leyti sem slíkt er nauðsynlegt og forsvaranlegt vegna hæfni þess og sérkunnáttu. Starfar það þá á ábyrgð læknis nema önnur lög bjóði annað.

8. gr.

Lækni er heimilt að skorast undan störfum sem stangast á við trúarleg eða siðferðisleg viðhorf hans séu störfin ekki framkvæmd í lækningaskyni.

III. KAFLI

Skyldur.

A. Árvekni og upplýsingar.

9. gr.

Lækni ber að sinna störfum sínum af árvekni og trúmennsku, halda við þekkingu sinni og fara nákvæmlega eftir henni.

Læknir ber ábyrgð á greiningu og meðferð þeirra sjúklinga sem til hans leita eða hann hefur til umsjónar.

B. Upplýsingar.

10. gr.

Lækni ber að jafnaði að upplýsa sjúkling um ástand, meðferð og horfur. Eigi í hlut barn, unglingur yngri en 16 ára eða sjúklingur, sem ekki getur tileinkað sér upplýsingar, skulu þær veittar foreldri, forráðamanni eða nánasta aðstandanda.

C. Vottorð.

11. gr.

Lækni ber að sýna varkárni og nákvæmni við útgáfu vottorða og annarra læknayfirlýsinga. Skal hann votta það eitt er hann veit sönnur á.

Ráðherra setur að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands nánari reglur um gerð og útgáfu læknisvottorða.

12. gr.

Lækni er skylt að láta hinu opinbera í té vottorð um sjúklinga er hann annast þegar slíkra vottorða er krafist vegna viðskipta sjúklinga við hið opinbera.

D. Skyndihjálp.

13. gr.

Lækni ber, sé hann nærstaddur eða sé til hans leitað, að veita fyrstu nauðsynlega læknishjálp í skyndilegum sjúkdóms- eða slysatilfellum nema þeim mun alvarlegri forföll hamli.

E. Sjúkravitjanir.

14. gr.

Lækni, sem stundar almennar lækningar, er skylt, þótt hann sé ekki opinber starfsmaður, að gegna aðkallandi sjúkravitjunum í því heilsugæsluumdæmi þar sem hann starfar nema þeim mun alvarlegri forföll hamli.

F. Þagnarskylda.

15. gr.

Lækni ber að gæta fyllstu þagmælsku og hindra það að óviðkomandi fái upplýsingar um sjúkdóma og önnur einkamál er hann kann að komast að sem læknir.

Þetta gildir ekki bjóði lög annað eða sé rökstudd ástæða til þess að rjúfa þagnarskyldu vegna brýnnar nauðsynjar.

Samþykki sjúklings, sem orðinn er 16 ára, leysir lækni undan þagnarskyldu. Að öðrum kosti þarf samþykki forráðamanns.

Læknir verður ekki leiddur fram sem vitni í einkamálum gegn vilja sjúklings nema ætla megi að úrslit málsins velti á vitnisburði hans eða málið sé mikilvægt fyrir málsaðila eða þjóðfélagið, hvort tveggja að mati dómara. Í slíkum tilvikum ber lækni að skýra frá öllu sem hann veit og telur að hugsanlega geti haft áhrif á málið. Slíkur vitnisburður skal fara fram fyrir luktum dyrum.

Læknir getur þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar veitt öðrum heilbrigðisstéttum upplýsingar sé um að ræða rannsóknir og meðferð sjúklinga.

Sama þagnarskylda gildir fyrir aðrar heilbrigðisstéttir og aðra sem vinna með lækni.

Þagnarskylda fellur ekki niður við lát sjúklings. Mæli ríkar ástæður með því getur læknir látið í té upplýsingar með hliðsjón af vilja hins látna og hagsmunum viðkomandi. Sé læknir í vafa getur hann borið málið undir landlækni.

G. Afhending sjúkragagna.

16. gr.

Lækni er skylt að afhenda sjúkraskrá, alla eða að hluta, sjúklingi eða forráðamanni ef það þjónar ótvíræðum hagsmunum sjúklings.

Leiki vafi á nauðsyn afhendingar sjúkragagna eða þyki ástæða til vegna ákvæða laga þessara um þagnarskyldu er lækni heimilt að afhenda landlækni einum sjúkragögn sem trúnaðarmál til frekari fyrirgreiðslu.

Ráðherra setur nánari reglur um afhendingu og varðveislu sjúkragagna og röntgenmynda að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands.

H. Auglýsingar.

17. gr.

Lækni er einungis heimilt að auglýsa læknastarfsemi sína með efnislegum og látlausum auglýsingum í blöðum sem birta má í hæsta lagi þrisvar þegar hann hefur störf eða breyting verður á aðsetri eða viðtalstíma. Lækni er heimilt að auðkenna sig með nafni, sérgrein, aðsetri, síma og viðtalstíma á dyraspjöldum, nafnspjöldum og lyfseðlum.

Læknum og stéttarfélögum þeirra ber að sporna við því að fjallað sé í auglýsingastíl um lækna og störf þeirra í fjölmiðlum. Á sama hátt ber þeim að vinna á móti því að eftir þeim séu höfð ummæli og viðtöl í fjölmiðlum í auglýsingaskyni. Verði ekki komið í veg fyrir það ber viðkomandi lækni eða stéttarfélagi hans jafnskjótt að leiðrétta það sem kann að vera ofmælt. Öðrum en læknum er bannað að auglýsa starfsemi þeirra eða stuðla að því á annan hátt að sjúklingar leiti til ákveðins eða ákveðinna lækna.

I. Eftirlitsskylda.

18. gr.

Læknir er háður eftirliti landlæknis. Ber landlækni að gæta þess að læknir haldi ákvæði laga þessara og önnur ákvæði í heilbrigðislöggjöf landsins. Landlæknir heimtir skýrslur af lækni viðvíkjandi störfum hans að heilbrigðismálum í samræmi við reglur þar að lútandi sem ráðherra setur að fengnum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands.

Verði læknir í starfi sínu var við mistök eða vanrækslu af hálfu lækna eða annarra heilbrigðisstarfsmanna og ætla má að skaði hljótist af skal hann tilkynna það landlækni. Sama skylda hvílir á öðrum heilbrigðisstéttum og öðrum þeim sem vinna með læknum.

Lækni ber að tilkynna landlækni eins fljótt og við verður komið verði hann var við skottulækningar, sbr. 22. gr. laga þessara.

IV. KAFLI

Ávísanir lyfja.

19. gr.

Landlæknir hefur almennt eftirlit með ávísunum lækna á lyf.

Lyfjaeftirlit ríkisins tilkynnir landlækni telji það rökstudda ástæðu til eftirlits með ávísunum læknis á ávana- og fíknilyf. Getur ráðherra, að tillögu landlæknis, lagt fyrir

lækninn að halda skrá yfir ávísanir og tilefni notkunar þeirra. Ráðherra ákveður fyrirkomulag eftirlitsins að fengnum tillögum landlæknis og Lyfjaeftirlits ríkisins.

Nær þetta einnig til eigin notkunar læknis. Um skráningu og skil á skýrslum fer eftir nánari ákvörðun ráðherra.

Hlíti sá sem lögð hefur verið á skráningarskylda skv. 2. mgr. ekki fyrirmælum eða verði hann uppvís að því að ávísa lyfjum þannig að óhæfilegt þykir leggur landlæknir málið fyrir ráðherra sem er þá heimilt að svipta lækninn leyfi til þess að ávísa lyfjum, öllum eða einstökum flokkum, enda þyki ekki ástæða til að beita ákvæðum 27. og 28. gr.

20. gr.

Verði læknir, sem ekki hefur verið lögð á skráningarskylda skv. 2. mgr. 19. gr., uppvís að því að ávísa sjálfum sér óhæfilegu magni lyfja og þyki atferli hans alvarlegra eðlis en svo að skráningarskyldu verði beitt getur ráðherra svipt hann leyfi skv. 4. mgr. 19. gr.

21. gr.

Áður en leyfissvipting fer fram skv. 19. og 20. gr. skal lækni gefinn kostur á því að skýra málstað sinn.

Læknir, sem ekki hefur leyfi til ávísana á tiltekin lyf, má með leyfi ráðherra að höfðu samráði við landlækni semja við annan lækni um að annast nauðsynlegar ávísanir slíkra lyfja.

Ráðherra getur afturkallað leyfissviptingu samkvæmt þessum kafla að fengnum tillögum landlæknis og Lyfjaeftirlits ríkisins.

V. KAFLI

Skottulækningar.

22. gr.

Hvers konar skottulækningar eru bannaðar hér á landi.

Það eru skottulækningar er sá sem ekki hefur leyfi samkvæmt lögum þessum býðst til þess að taka sjúklinga til lækninga, gerir sér lækningar að atvinnu, auglýsir sig eða kallar sig lækni, ráðleggur mönnum og afhendir þeim lyf sem lyfsalar mega einir selja.

23. gr.

Um lyfja- og lækningaáhaldaauglýsingar fer samkvæmt VII. kafla lyfjalaga nr. 108 1984. Auglýsingar um lækningarmátt drykkja, matvæla, neyslu- og nauðsynjavara og annars eru bannaðar.

Bannaðar eru auglýsingar um sjúkrahús og hvers konar heilbrigðisstofnanir fram yfir nafn og stað.

Auglýsingar um lyf, lækningaáhöld, sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir eru þó leyfðar í blöðum og tímaritum sem gefin eru út fyrir heilbrigðisstéttir.

VI. KAFLI

Almenn ákvæði.

24. gr.

Lækni, sem ekki hefur til þess leyfi, er óheimilt að kalla sig, auglýsa sig eða gefa á annan hátt í skyn að hann sé sérfræðingur og gildir hið sama um sérfræðing ef hann gefur í skyn að hann sé sérfræðingur í annarri grein en þeirri sem hann hefur sérfræðingsleyfi í. Lækni er óheimilt að ávísa lyfjum undir því yfirskini að þau eigi að fara til lækninga en vitandi að þau verði notuð í öðru skyni, t.d. til nautnar eða til sölu í hagnaðarskyni.

25. gr.

Lækni er óheimilt að lána nafn sitt ákveðinni lækningastarfsemi nema hún fari að fullu fram á hans ábyrgð samkvæmt ráðleggingum hans og undir eftirliti hans.

26. gr.

Lækni er óheimilt að reka lækningastofu eftir 75 ára aldur. Ráðherra er heimilt, að fenginni umsókn viðkomandi læknis og meðmælum sömu aðila og getið er í 2. gr., að veita undanþágu frá þessu ákvæði til eins árs í senn.

VII. KAFLI

Viðurlög.

A. Svipting lækningaleyfis.

27. gr.

Lækni, sem brýtur gegn ákvæðum þessara laga, má svipta lækningaleyfi þó að ekki teljist sannað að brotið hafi valdið tjóni sé það þess eðlis að það verði að teljast honum sérstaklega ósamboðið, svo sem ef um er að ræða röng og villandi læknisvottorð eða læknisumsagnir að órannsökuðu máli, lausmælgi um einkamál sem hann hefur komist að sem læknir, alvarlegt hirðuleysi eða ódugnað í störfum sínum eða annað atferli sem fer í bága við III. kafla laga þessara.

Sé um að ræða ítrekuð brot eða megi dæma í fangelsi fyrir brot gegn lögum þessum skal svipta lækni lækningaleyfi.

28. gr.

Landlækni ber, verði hann þess var að læknir vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bága við fyrirmæli heilbrigðislaga landsins, að áminna hann. Áminning skal vera skrifleg og rökstudd. Landlæknir sendir afrit áminningar til heilbrigðisráðherra.

Komi áminning ekki að haldi eða sé um að ræða óhæfu í læknisstörfum ber landlækni að skýra ráðherra frá málinu og gera tillögur um hvað gera skuli. Getur þá ráðherra úrskurðað að viðkomandi skuli sviptur lækningaleyfi að fullu eða tímabundið, en skjóta má þeim úrskurði til dómstóla.

Það telst óhæfa í læknisstarfi þegar læknir uppfyllir ekki þau skilyrði sem krafist var þegar hann fékk lækningaleyfi, t.d. vegna heilsubrests sem geri hann lítt hæfan, óhæfan eða jafnvel hættulegan við störf, vegna vímuefnaneyslu eða vegna þess að hann hafi kynnt sig að alvarlegu hirðuleysi eða ódugnaði í störfum.

29. gr.

Læknir, sem sviptur hefur verið lækningaleyfi að fullu samkvæmt þessum kafla, getur fengið lækningaleyfi á ný, en aðeins samkvæmt ákvæðum I. kafla.

B. Aðrar refsingar.

30. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða auk sviptingar lækningaleyfis, sbr. 27. og 28. gr., sektum, varðhaldi eða fangelsi.

Sé um að ræða brot af ásetningi eða vítaverðu gáleysi skal refsa með fangelsi og/eða sektum. Fyrir minni háttar brot skal refsa með sektum en með varðhaldi og/eða sektum hafi viðkomandi sætt áminningu landlæknis áður.

Sé um ítrekuð brot að ræða skal dæma í fangelsi og/eða sektir.

31. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

VIII. KAFLI

Gildistaka.

32. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 80 23. júní 1969, ásamt breytingum nr. 108/1973 og nr. 76/1977.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga þessara um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa ná ekki til þeirra sem slík leyfi hafa ótakmörkuð eða takmörkuð þegar lögin ganga í gildi. Önnur ákvæði þessara laga gilda hins vegar að öllu leyti um þessa aðila.

Ákvæði 26. gr. taka gildi frá og með 1. janúar 1989.

Ed. 944. Breytingartillaga [432. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun.

Frá Júlíusi Sólnes.

Við 1. gr. Upphaf 3. málsl. 1. mgr. orðist svo: Þá er Ríkisendurskoðun heimilt að krefjast greinargerðar, grundvallargagna eða skýrslna sem eru færðar samhliða reikningsgerð á hendur ríkinu eða ríkisstofnunum o.s.frv.

Ed. 945. Nefndarálit [445. mál]

um frv. til l. um eiturefni og hættuleg efni.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund Ingólf J. Petersen, deildarstjóra lyfjamáladeildar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, sem var formaður þeirrar nefndar er undirbjó frumvarpið.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 29. apríl 1988.

Karl Steinar Guðnason, form., frsm.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Valgerður Sverrisdóttir.	Margrét Frímannsdóttir.	Guðmundur H. Garðarsson.
	Stefán Guðmundsson.	

Ed. 946. Breytingartillaga [432. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun.

Frá Júlíusi Sólnes.

Við 1. gr. 3. mgr. falli brott.

Sþ. 947. Nefndarálit [331. mál]

um till. til þál. um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt þingsályktunartillöguna á fundum sínum. Nefndin ákvað að senda tillöguna ekki til umsagnar en sneri sér skriflega til Lagastofnunar Háskólans og bað um álit hennar. Jónatan Þórmundsson, forseti lagadeildar HÍ, ritaði ítarlega umsögn um málið og gerði nefndinni grein fyrir henni. Þá kom Gaukur Jörundsson, umboðsmaður Alþingis, á fund nefndarinnar.

Nefndinni er ljós nauðsyn þess að þingsályktunartillagan nái fram að ganga á þessu þingi og leggur því til að hún verði samþykkt. Nefndin telur að Alþingi eigi að breyta 1. gr. laganna um umboðsmann Alþingis og veita forsetum Alþingis það umboð sem gert er ráð fyrir í 14. gr. þingsályktunartillögunnar. Enn fremur gerir nefndin að tillögu sinni að næsta reglulegt Alþingi taki til sérstakrar athugunar ákvæði einkamálalaga, XI. kafla laga nr. 85 1936, um gjafsókn.

Nefndin leggur mikla áherslu á að umboðsmaður fái heimild til að veita gjafsókn þar sem hér er um að ræða nýtt embætti sem ætlað er að stuðla að réttarbótum í þjóðfélaginu og treysta rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum. Erfitt er og raunar óæskilegt að setja tæmandi ákvæði um störf og starfshætti þess manns sem gegnir hinu nýja embætti. Mikilvægt er að umboðsmaður fái gott svigrúm til að móta starfshætti sína sjálfur að fenginni reynslu hérlendis og erlendis, en rétt borgaranna til að leita ásjár umboðsmanns ætti að skerða sem allra minnst.

Alþingi, 27. apríl 1988.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Kristín Halldórsdóttir, fundaskr.	Jón Kristjánsson.
Sigbjörn Gunnarsson.	Sverrir Hermannsson.	Guðrún Helgadóttir.
	Pálmi Jónsson.	

Sþ. 948. Nefndarálit [31. mál]

um till. til þál. um klak- og eldisstöð fyrir sjávarfiska.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna á fundum sínum og sent hana til umsagnar. Nefndin mælir með því að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** til athugunar. Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Birgir Dýrfjörð og Eggert Haukdal.

Alþingi, 27. apríl 1988.

Valgerður Sverrisdóttir, form.	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, fundaskr.	Guðmundur H. Garðarsson, frsm.
Ólafur Þ. Þórðarson.		Geir Gunnarsson.

Ed. 949. Nefndarálit [403. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt.
Svavar Gestsson skrifar undir með fyrirvara.
Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Halldór Blöndal, Valgerður Sverrisdóttir og Guðrún Agnarsdóttir.
Júlíus Sólnes sat fund nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 29. apríl 1988.

Guðmundur H. Garðarsson, form., frsm.
Svavar Gestsson, með fyrirvara.
Karl Steinar Guðnason.
Jóhann Einvarðsson.

Ed. 950. Nefndarálit [402. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt.
Svavar Gestsson skrifar undir nefndarálitið með fyrirvara.
Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Halldór Blöndal, Valgerður Sverrisdóttir og Guðrún Agnarsdóttir.
Júlíus Sólnes sat fund nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 29. apríl 1988.

Guðmundur H. Garðarsson, form., frsm.
Svavar Gestsson, með fyrirvara.
Jóhann Einvarðsson.
Karl Steinar Guðnason.

Ed. 951. Nefndarálit [363. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á fundum sínum og mælir með samþykkt þess, en flytur þó breytingartillögu á sérstöku þingskjali.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Halldór Blöndal, Guðrún Agnarsdóttir og Valgerður Sverrisdóttir.

Júlíus Sólnes sat fund nefndarinnar.

Alþingi, 29. apríl 1988.

Guðmundur H. Garðarsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson.	Karl Steinar Guðnason.

Svavar Gestsson.

Ed. 952. Breytingartillaga [363. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Við 1. gr. Í stað orðanna „fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og“ í a-lið komi orðið: fenginni.

Sþ. 953. Skýrsla [516. mál]

um norrænt samstarf frá mars 1987 til mars 1988.

Frá Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

1. Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

1.1. Kjör fulltrúa í Íslandsdeild og í fastanefndir Norðurlandaráðs.

Kjör fulltrúa í Íslandsdeild Norðurlandaráðs fer fram í sameinuðu Alþingi og gildir frá kjördegi og þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi. Kjör fulltrúa fór fram 20. desember 1986 og gilti sú kosning til 3. nóvember 1987 er kosið var á ný.

Eftirtaldir þingmenn hlutu kosningu þann 20. desember 1986: Ólafur G. Einarsson, Páll Pétursson, Friðjón Þórðarson, Guðrún Helgadóttir, Pétur Sigurðsson, Eiður Guðnason og Haraldur Ólafsson. Varamenn voru kjörnir þingmennirnir: Friðrik Sophusson, Davíð Aðalsteinsson, Árni Johnsen, Hjörleifur Guttormsson, Salome Þorkelsdóttir, Stefán Benediktsson og Guðmundur Bjarnason.

Á fundi sama dag skipti Íslandsdeild Norðurlandaráðs þannig með sér verkum að Ólafur G. Einarsson var kjörinn formaður hennar og fulltrúi í fjárlaga- og eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs. Hann var auk þess tilnefndur í forsætisnefnd ráðsins. Páll Pétursson var kjörinn varaformaður Íslandsdeildar og fulltrúi í efnahagsmálanefnd ráðsins auk þess sem hann var tilnefndur í forsætisnefnd. Friðjón Þórðarson var kjörinn í laganefnd, Guðrún Helgadóttir í samgöngumálanefnd og tilnefnd í ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt, Pétur Sigurðsson var kjörinn í félags- og umhverfismálanefnd, Eiður Guðnason í menningarmálanefnd og fjárlaga- og eftirlitsnefnd og Haraldur Ólafsson var kjörinn í efnahagsmálanefnd og tilnefndur í ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt. 35. þing

Norðurlandaráðs kaus 23. febrúar 1987 að tillögu Íslandsdeildar Olaf G. Einarsson og Pál Pétursson í forsætisnefnd Norðurlandaráðs, Guðrúnu Helgadóttur og Harald Ólafsson í ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt og Ólaf G. Einarsson í eftirlitsnefnd Norræna fjárfestingabankans 1987–1989.

Að loknum alþingiskosningum 25. apríl 1987 áttu Pétur Sigurðsson, Haraldur Ólafsson, Árni Johnsen og Stefán Benediktsson ekki lengur sæti á Alþingi. Þær breytingar urðu þá á Íslandsdeild Norðurlandaráðs að Salome Þorkelsdóttir tók sæti Péturs Sigurðssonar og Guðmundur Bjarnason sæti Haralds Ólafssonar. Við myndun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar 8. júlí 1987 varð Guðmundur Bjarnason heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Í hans stað tilnefndi þingflokkur framsóknarmanna Valgerði Sverrisdóttur í Norðurlandaráð.

Þann 3. nóvember 1987 fór á ný fram kosning í Norðurlandaráð og voru þá eftirtaldir þingmenn kjörnir: Ólafur G. Einarsson, Guðrún Helgadóttir, Páll Pétursson, Eiður Guðnason, Óli Þ. Guðbjartsson, Sverrir Hermannsson og Valgerður Sverrisdóttir. Varamenn voru þá kjörnir Friðjón Þórðarson, Guðrún Agnarsdóttir, Alexander Stefánsson, Árni Gunnarsson, Hjörleifur Guttormsson, Salome Þorkelsdóttir og Guðni Ágústsson.

Á fundi sama dag skipti Íslandsdeild þannig með sér verkum að Ólafur G. Einarsson var endurkjörinn formaður deildarinnar og fulltrúi í fjárlaga- og eftirlitsnefnd ráðsins. Hann var auk þess tilnefndur í forsætisnefnd. Páll Pétursson var endurkjörinn varaformaður deildarinnar og fulltrúi í efnahagsmálanefnd og tilnefndur í forsætisnefnd. Guðrún Helgadóttir var kjörin í efnahagsmálanefnd og tilnefnd í ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt. Eiður Guðnason var endurkjörinn í menningarmálanefnd en á auk þess sæti í fjárlaga- og eftirlitsnefnd sem formaður einnar fastanefndar, Óli Þ. Guðbjartsson var kjörinn í samgöngumálanefnd, Sverrir Hermannsson í laganefnd og Valgerður Sverrisdóttir í félags- og umhverfismálanefnd auk þess sem hún var tilnefnd í ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt. Í stjórn Norræna menningarmálasjóðsins 1989–1990 var Eiður Guðnason tilnefndur sem aðalmaður og Guðrún Helgadóttir sem varamaður.

Að tillögu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs kaus 36. þing Norðurlandaráðs Ólaf G. Einarsson og Pál Pétursson í forsætisnefnd, Guðrúnu Helgadóttur og Valgerði Sverrisdóttur í ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt og Eið Guðnason sem aðalmann og Guðrúnu Helgadóttur sem varamann í stjórn Norræna menningarmálasjóðsins.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs ákvað á fundi 2. mars 1988 að Eiður Guðnason tæki sæti í laganefnd Norðurlandaráðs strax að loknu 36. þingi ráðsins. Jafnframt var ákveðið að Sverrir Hermannsson tæki sæti Eiðs í menningarmálanefnd. Á fundi Íslandsdeildar 8. mars 1988 var nefndaskipan á ný á dagskrá og var þá ákveðið að Sverrir Hermannsson tæki sæti í félags- og umhverfismálanefnd og Valgerður Sverrisdóttir í menningarmálanefnd.

1.2. Fundir Íslandsdeildar og störf.

Á tímabilinu frá lokum 35. þings Norðurlandaráðs og til loka 36. þings þess hélt Íslandsdeild Norðurlandaráðs tíu reglulega fundi, einn fræðslu- og umræðufund og einn fréttamannafund.

Á fundum sínum fjallaði Íslandsdeild m.a. um upplýsingastarf Norðurlandaráðs og kynnti sér þau myndbönd sem gerð hafa verið um norrænt samstarf og Norðurlönd. Í umfjöllun um þingmannatillögu um upplýsingastarf sem vísað var til deildarinnar til umsagnar lýsti deildin yfir því að upplýsingastarfið ætti að vera á vegum landsdeilda Norðurlandaráðs og á þeirra ábyrgð. Upplýsingadeild forsætisnefndar Norðurlandaráðs ætti að vera skrifstofum landsdeildanna til aðstoðar. Fjallað var og um dreifingu á þeim norrænu rannsóknarskýrslum sem fram til ársins 1987 hafa verið gefnar út af Norðurlandaráði, en nú í flestum tilvikum af ráðherranefnd Norðurlanda. Ábyrgð á dreifingu þeirra hvílir þó að mestu, eins og áður, á skrifstofum landsdeilda Norðurlandaráðs.

Í umfjöllun deildarinnar um tímaritið Nordisk Kontakt, sem gefið er út af Norðurlandaráði, kom fram að deildin væri í megindráttum ánægð með tímaritið og teldi þá breytingu sem gerð hefði verið á útliti og efni þess hafa verið til bóta. Sú skoðun kom fram að æskilegt væri að fleiri þingmenn skrifuðu í tímaritið. Ákveðið var að fela starfsfólki deildarinnar að senda þeim aðilum, sem fá tímaritið sent endurgjaldslaust, fyrirspurn um það hvort þeir óskuðu eftir að fá það sent framvegis. Einnig var ákveðið að senda það bókasöfnum og framhaldsskólum landsins.

Deildin lýsti yfir eindreginni andstöðu við tillögu frá upplýsingastjóra forsætisnefndarskrifstofu Norðurlandaráðs um að birtar yrðu heilsíðuauglýsingar um norrænt samstarf og Norðurlandaráð í helstu dagblöðum á Norðurlöndum. Deildin taldi eðlilegra að verja fjármunum til styrktar tímaritinu Nordisk Kontakt og jafnvel að gefa út eitt eða tvö vegleg tölublöð á ári þar sem starf Norðurlandaráðs yrði kynnt og efninu beint til breiðari hóps lesenda en venjulega.

Fimm íslenskir fréttamenn, þeir Jóhannes Tómasson, Friðrik Indriðason, Árni Þórarinsson, Aðalsteinn Ingólfsson og Sverrir Albertsson, hlutu norræna fréttamannastyrki samtals að upphæð 50 000 sænskar krónur árið 1987 að tillögu Íslandsdeildar.

Deildin taldi að umfjöllun Alþingis um norrænt samstarf og Norðurlandaráð yrði ítarlegri ef sérstök umræða yrði um norrænt samstarf í stað þess að hún færi fram í tengslum við skýrslu utanríkisráðherra um utanríkismál. Formanni deildarinnar var því falið að beina þeirri ósk til Matthíasar Á. Mathiesen, samstarfsráðherra Norðurlanda, að hann legði fyrir Alþingi skýrslu um starf ráðherranefndar Norðurlanda sem sérstakt mál. Skýrsla Íslandsdeildar yrði þá tekin til umræðu um leið og skýrsla ráðherrans.

Þann 2. febrúar 1988 efndi Íslandsdeild Norðurlandaráðs til fræðslu- og umræðufundar um Norðurlönd og Evrópubandalagið. Til fundarins var boðið samstarfsráðherra Norðurlanda, utanríkismálanefnd Alþingis og fulltrúum Alþingis í þeim alþjóðastofnunum sem það á aðild að. Auk þess var boðið fulltrúum iðnrekenda og fiskútflytjenda og aðilum vinnumarkaðarins. Ræðumenn voru Hannes Hafstein, Þórhallur Ásgeirsson, Ólafur Davíðsson, Magnús Gunnarsson, Ásmundur Stefánsson og Kjartan Jóhannsson.

Markmið fundarins var tvíþætt, annars vegar að kynna þá þróun sem nú á sér stað innan Evrópubandalagsins og áhrif hennar á Norðurlönd og hins vegar að varpa ljósi á hagsmuni Íslands af norrænu samstarfi á alþjóðavettvangi í tilefni af könnun á því sem Norðurlandaráð hefur hafið. Í kaflanum um forsætisnefnd er nánar vikið að nefnd þeirri sem skipuð hefur verið til að framkvæma könnunina. Fundinn sóttu um 40 manns.

Í tilefni þess að hafin er að ósk finnskra fulltrúa í Norðurlandaráði túlkun á flestum nefndarfundum Norðurlandaráðs milli dönsku, norsku og sænsku annars vegar og finnsku hins vegar var því lýst yfir að jafnskjótt sem óskir þar að lútandi bærust yrðu gerðar ráðstafanir til að veita þeim íslensku fulltrúum, sem þess óskuðu, sams konar þjónustu á nefndafundum.

Á fundi í Íslandsdeild kom fram sú tillaga að breyta bæri gildandi reglum um úthlutun bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs þannig að unnt væri að leggja fram íslenskar bækur sem enn hefðu ekki verið þýddar á önnur norræn mál. Um tillögu þessa urðu fulltrúar þó ekki á eitt sáttir.

Deildin fjallaði sérstaklega um nokkur þeirra tilmæla til ráðherranefndar Norðurlanda sem samþykkt höfðu verið á fyrri þingum. Meðal annars var skýrt frá því að tillögurnar um líftæknistofnun á Íslandi og um samstarf um jarðskjálftamælingar hefðu leitt til þess að fjármunum hefði verið veitt til norrænna verkefna sem væru í samræmi við íslenska hagsmuni.

Skömmu fyrir 35. þing Norðurlandaráðs hafði verið lögð fram þingmannatillaga um norræna samstarfsáætlun gegn mengun sjávar sem Guðrún Helgadóttir var fyrsti flutningsmaður að. Afgreiðslu tillögunnar var frestað þar sem áform voru uppi um að ráðherranefnd-

in legði fram slíka starfsáætlun þegar á 36. þingi ráðsins. Sú varð þó ekki raunin og tillaga Guðrúnar Helgadóttur o.fl. var samþykkt á 36. þingi Norðurlandaráðs.

Kynnt var á fundi deildarinnar hugmynd um að stofnuð yrði í tengslum við Norræna húsið í Reykjavík norræn kennslugagnamiðstöð sem hefði það hlutverk að styðja kennslu í norrænum málum í skólum landsins. Þessari tillögu var komið á framfæri í fjárlaga- og eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs sem lagði til á 36. þingi ráðsins að kannaðir yrðu möguleikar á stofnun slíkrar miðstöðvar sem eins konar útibús frá norrænu mál- og upplýsingastöðinni í Helsinki, jafnframt því sem endurskoðun á starfsemi þeirrar stöðvar og málstöðvarinnar í Ósló færi fram.

Óli Þ. Guðbjartsson kynnti á fundi deildarinnar tillögu, sem hann var fyrsti flutningsmaður að, um tölvuupplýsingabanka. Tillagan hefur ekki hlotið afgreiðslu ráðsins ennþá.

2. Forsætisnefnd Norðurlandaráðs.

Á 35. þingi Norðurlandaráðs var finnski þingmaðurinn Elsi Hetemäki-Olander kjörinn forseti ráðsins. Aðrir fulltrúar i forsætisnefnd voru kjörnir dönsku þingmennirnir Margrete Auken og Anker Jörgensen, finnski þingmaðurinn Peter Muurman, íslensku þingmennirnir Ólafur G. Einarsson og Páll Pétursson, norsku þingmennirnir Jo Benkow og Kjell Magne Fredheim og sænsku þingmennirnir Karin Söder og Grethe Lundblad. Að tillögu Finnlandsdeildar Norðurlandaráðs 9. apríl 1987 tók finnski þingmaðurinn Ilkka-Christian Björklund sæti Peters Muurman í forsætisnefndinni og að tillögu Noregsdeildar þann 3. nóvember 1987 tók Jan P. Syse sæti Jo Benkow.

Frá lokum 35. þings Norðurlandaráðs og til upphafs 36. þings þess hélt forsætisnefnd níu fundi. Auk þess hélt hún einn fund með forsætisráðherrum landanna, tvo fundi með samstarfsráðherrum og einn fund með formönnum fastanefnda ráðsins.

Á fundi forsætisnefndar með forsætisráðherrunum var m.a. rætt um áhrif fyrirhugaðs innri markaðs Evrópubandalagsríkjanna á Norðurlönd. Fram kom að samningar og samskipti Norðurlanda og Evrópubandalagsins færu fram bæði innan EFTA, á norrænum grundvelli og sem tvíhliða samningar einstakra ríkja við Evrópubandalagið.

Á fundum forsætisnefndar með samstarfsráðherrum var m.a. rætt um þróunina í Evrópu, fyrirhugaða ráðstefnu Norðurlandaráðs um mengun hafsins, fjármögnun norræns samstarfs og norrænu samstarfsáætlunina „Norden i vekst".

Norðurlandaráð samþykkti á 34. þingi sínu tillögu um norrænt samstarf á alþjóðavettvangi. Ekki tókust samningar við ráðherranefnd Norðurlanda um skipun nefndar þeirrar sem farið var fram á í tillögunni að skipuð yrði í samráði við forsætisnefnd. Því skipaði forsætisnefnd sjálf nefnd til að sinna verkefnum þessum og setti nefndinni starfsreglur. Í nefndina voru skipaðir eftirgreindir fulltrúar: Lone Dybkær og Ivar Nørgaard frá Danmörku, Ilkka-Christian Björklund og Ingvar S. Melin frá Finnlandi, Ólafur G. Einarsson og Páll Pétursson frá Íslandi, Jo Benkow og Theo Korizinsky frá Noregi og Arne Gadd og Karin Söder frá Svíþjóð. Karin Söder var jafnframt skipuð formaður. Arne Skauge tók eftir áramót sæti Jo Benkow í nefndinni. Nefndinni ber að ljúka störfum fyrir lok árs 1988 en hún á meðal annars að meta þörfina á auknu norrænu samstarfi á alþjóðavettvangi á sviði umhverfisverndar, þróunarhjálpar, menningar-, fíkniefna- og jafnréttismála. Sérstaklega skal hún huga að efnahagssamstarfinu á alþjóðavettvangi innan GATT og OECD. Loks skal nefndin kanna þýðingu þess að aðild Norðurlanda að EFTA og Evrópubandalaginu er ekki á sama veg farið. Upplýsinga fyrir nefndina, að því er Ísland varðar, mun Helgi Ágústsson sendiherra afla.

Markmið þeirrar alþjóðlegu ráðstefnu í Kaupmannahöfn um mengun sjávar, sem Norðurlandaráð stendur fyrir haustið 1989, er að beina athygli að þeirri hættu sem lífríki sjávar stafar af mengun. Til ráðstefnunnar hefur verið boðið fulltrúum 18 þjóðþinga auk nokkurra alþjóðastofnana.

3. Fastanefndir Norðurlandaráðs.

3.1. Laganefnd.

Laganefnd hélt sex fundi á tímabilinu frá lokum 35. þings Norðurlandaráðs og til upphafs þess 36. Einn þessara funda var haldinn með dómsmálaráðherrum landanna.

Formaður nefndarinnar var danski þingmaðurinn Bernhardt Tastesen og varaformaður til 3. nóvember 1987 Friðjón Þórðarson alþingismaður. Þá tók Sverrir Hermannsson við varaformennsku og gegndi henni til loka 36. þings Norðurlandaráðs 11. mars 1988 en þá tók Eiður Guðnason alþingsmaður við formennsku og danski þingmaðurinn Hagen Hagensen við varaformennsku.

Til nefndarinnar var vísað á árinu fimm þingmannatillögum. Hún lauk meðferð sex tillagna og lagði til að tvær þeirra yrðu felldar en fjórar samþykktar. Auk þess fékk hún til umsagnar tvær ráðherranefndartillögur, aðra um norræna samstarfsáætlun um neytendamál og hina um norræna samstarfsáætlun um líftækni.

Þingmannatillögurnar vörðuðu meðal annars neytendamál, þjóðskrá, orsakir launamismunar kynjanna og skattafrádrátt vegna fasteigna í öðru norrænu landi en heimalandinu.

Á vegum nefndarinnar voru haldnar tvær námsstefnur á árinu, önnur um fyrirhugaða samstarfsáætlun á sviði löggjafar og hin um málefni flóttafólks. Þessi málefni auk neytendamála voru að mati nefndarinnar mikilvægust þeirra mála sem hún fjallaði um á árinu.

Af Íslands hálfu tóku, auk íslenska fastafulltrúans í nefndinni, Þórður Ásgeirsson þátt í námsstefnunni um málefni flóttafólks og Sigurður Líndal í námsstefnunni um löggjafarmál.

3.2. Menningarmálanefnd.

Á tímabilinu frá lokum 35. þings Norðurlandaráðs og til upphafs þess 36. hélt menningarmálanefnd sjö nefndarfundi og var einn þeirra haldinn með menningar- og menntamálaráðherrum landanna. Formaður nefndarinnar var Eiður Guðnason alþingsmaður og varaformaður grænlenski þingmaðurinn Otto Steenholdt. Við lok 36. þings Norðurlandaráðs, 11. mars 1988, tók danski þingmaðurinn Bernhardt Tastesen við formennsku nefndarinnar og Valgerður Sverrisdóttir alþingismaður við varaformennsku.

Helstu mál menningarmálanefndar voru, eins og undanfarin ár, undirbúningur að norrænu samstarfsáætluninni um menningarmál, fjölmiðlamálin og þær þingmannatillögur sem vísað var til nefndarinnar. Nefndin lauk á fundi sínum í maí umfjöllun um þingmannatillögu um hljóðvarps- og sjónvarpssamstarf á Norðurlöndum. Að tillögu nefndarinnar samþykkti forsætisnefnd á fundi síðar í sama mánuði tilmæli til ráðherranefndar Norðurlanda um að uppbygging hljóðvarps- og sjónvarpssamstarfsins yrði færð í þann farveg að unnt yrði að senda sjónvarpsefni á fjórum rásum beint um gervihnött, auk þess sem norræn þáttagerð yrði styrkt. Sú tæknibreyting sem þurfti til að verða við þessum tilmælum var ekki gerð. Norrænt samstarf um sjónvarpsmál var til umræðu á fundi forsætisnefndar og forsætisráðherra og kom þar fram áhugi af hálfu forsætisráðherra Finnlands, Noregs og Svíþjóðar á að kanna möguleika á sendingum á þremur rásum. Með þremur rásum væri hægt að senda efni beint frá Finnlandi, Noregi og Svíþjóð og að einhverjum hluta íslenskt og danskt efni.

Nefndin fjallaði og um þingmannatillögu um evrópskar sjónvarpssendingar. Að tillögu nefndarinnar mæltist forsætisnefnd til þess að ráðherranefnd Norðurlanda hlutaðist til um að unnið yrði að gerð evrópsks milliríkjasamnings um sjónvarpssendingar milli landa. Samningur þessi ætti að mati nefndarinnar að innihalda reglur um vernd barna og unglinga, um efni sendinga, auglýsingar o.fl.

Í nefndaráliti sínu um þingmannatillögu um vernd menningarsögulegra minja og minnismerkja á Norðurlöndum mæltist nefndin til þess að gerð yrði samstarfsáætlun um

samstarf um verndun þessara minja. Eiður Guðnason var fyrsti flutningsmaður þeirrar tillögu.

Nefndin fjallaði á árinu m.a. um tillögur varðandi túlkun á norrænum fundum félagasamtaka og áhugamannafélaga og opinberan stuðning til þess; um norrænt samstarf um fullorðinsfræðslu og um norræn tækniverðlaun.

Nefndin er í sambandi við ýmsar alþjóðastofnanir um menningarmál m.a. Evrópuráðið, Evrópuþingið og UNESCO. Formaður nefndarinnar og ritari heimsóttu í maí 1987 skrifstofur Evrópuráðsins, UNESCO, Evrópubandalagsins og OECD. Til umræðu í þessum heimsóknum voru aðallega nemenda- og stúdentaskipti í Evrópu, samstarf um menntamál og rannsóknir ásamt aðgerðum til verndunar menningarsögulegum minjum og byggingum frá skemmdum af völdum mengunar.

3.3. Félags- og umhverfismálanefnd.

Á starfsárinu hélt félags- og umhverfismálanefnd sjö fundi auk þriggja funda með ráðherranefnd Norðurlanda. Formaður nefndarinnar var Marjatta Väänänen og varaformaður Svein Alsaker.

Flestar þeirra tillagna, sem samþykktar voru á sviði nefndarinnar á 35. þingi ráðsins, voru um félags- og heilbrigðismál en á árinu 1987 hefur starfið að mestu snúist um umhverfismál. Nefndin hélt fund í maí með þeim ráðherrum sem fara með umhverfisvernd til að ræða drög ráðherranefndarinnar að samstarfsáætlun gegn mengun sjávar.

Í nóvember ræddi nefndin bæði við félags- og heilbrigðisráðherra landanna um fyrirhugaða samstarfsáætlun um félags- og heilbrigðismál og við þá ráðherra sem fara með mál er snerta aðbúnað á vinnustöðum, vinnutíma o.fl. Tilgangur síðarnefnda fundarins var að ræða, á grundvelli nýgerðrar úttektar, forsendur þess að ná samstöðu um norrænan milliríkjasamning um aðbúnað á vinnustöðum o.fl.

Tillögur þær, sem fyrir nefndinni lágu, fjölluðu m.a. um aðgerðir til að minnka brennisteins- og köfnunarefnisútstreymi, meðferð sorps og um aðgerðir gegn áfengis- og fíkniefnaneyslu. Stefán Benediktsson var fyrsti flutningsmaður síðastnefndu tillögunnar.

Í ljós kom síðla árs 1987 að ráðherranefnd Norðurlanda mundi ekki leggja fyrir 36. þing Norðurlandaráðs tillögu um samstarfsáætlun gegn mengun sjávar, svo sem vonir höfðu staðið til. Jafnframt kom í ljós að þau drög að samstarfsáætlun, sem unnið var að, mundu ekki ná til hafsvæðanna kringum Ísland, Grænland og nyrðri hluta Noregs. Íslenski fulltrúinn í nefndinni lagði því á það ríka áherslu að samþykkt yrði tillaga sem Guðrún Helgadóttir var fyrsti flutningsmaður að um að ráðherranefndin legði fram fyrir 37. þing Norðurlandaráðs samstarfsáætlun gegn mengun hafsvæða þeirra sem liggja að Norðurlöndum öllum. Tillaga þessa efnis var lögð fyrir og samþykkt af 36. þingi Norðurlandaráðs.

3.4. Samgöngumálanefnd.

Á starfsárinu hélt samgöngumálanefnd fimm nefndarfundi auk tveggja funda með samgöngumálaráðherrum og þeim ráðherrum sem fara með umferðaröryggismál. Nefndin hélt tvær námsstefnur, aðra um tölvumál og hina um umferðaröryggismál.

Formaður nefndarinnar var Elver Jonsson og varaformaður Sakari Knuuttila.

Að mati nefndarinnar voru mikilvægustu málin á starfsárinu umferðaröryggismál, siglingamál og tölvumál.

Fimm þingmannatillögum var vísað til nefndarinnar. Þær vörðuðu m.a. samræmdar aðgerðir á sviði siglingamála, notkun bílasíma, umferðarvanda stórborga og póstsamgöngur.

Vegna tillögunnar um bílasíma lagði nefndin til að kannað yrði hvort bílasímar auki slysahættu og að almenningur verði upplýstur um það hvernig tæki þessi verði notuð án þess

að það leiði af sér aukna umferðarhættu. Jafnframt lagði nefndin til að stuðlað verði að þróun þessarar tækni í þá átt að sem minnst hætta stafi af í umferðinni.

Í tilefni tillögunnar um samræmdar aðgerðir á sviði siglingamála komst nefndin að þeirri niðurstöðu að sú hraða neikvæða þróun, sem orðið hefði á Norðurlöndum á sviði siglinga, hefði leitt til þess að ekki væru lengur forsendur fyrir norrænu samstarfi.

Nefndin lagði til að samþykkt yrði tillaga frá ráðherranefnd Norðurlanda um samstarfsáætlun um umferðaröryggismál. Nefndin hafði fyrr á starfsárinu lýst yfir óánægju með þau drög að samstarfsáætlun sem lögð höfðu verið fyrir hana þar eð markmiðslýsingu vantaði. Leiddi það til framlagningar þeirrar endurskoðuðu samstarfsáætlunar sem síðan var samþykkt.

3.5. Efnahagsmálanefnd.

Á starfsárinu hélt efnahagsmálanefnd fimm fundi og voru tveir þeirra með ráðherranefnd Norðurlanda, annar með fjármálaráðherrum og hinn með iðnaðarráðherrum. Formaður nefndarinnar var Jan P. Syse og varaformaður Arne Gadd.

Nefndin lauk umfjöllun um sex þingmannatillögur og sex ráðherranefndartillögur. Efni þingmannatillagnanna varðaði m.a. norrænt samstarf um þróunarhjálp, norrænt samstarf um nýtingu á gasi sem orkugjafa, skattafrádrátt vegna fasteigna í öðru landi en heimalandinu og áætlun um kjarnorkulaus Norðurlönd.

Nefndin lagði til að samþykkt yrði ráðherranefndartillaga um stofnun norrænnar iðnaðarmiðstöðvar í Ósló. Starfsemi hennar er ætlað að efla þróun og auka vöxt í atvinnulífi á Norðurlöndum. Starfsemi Nordforsk og Norræna iðnþróunarsjóðsins verður felld inn í starfsemi hinnar nýju miðstöðvar sem á að hefja störf þegar á árinu 1988.

Nefndin lagði til að samþykkt yrði ráðherranefndartillaga um samstarfsáætlun á sviði líftækni. Ætlunin er að veita 25–55 millj. danskra króna til starfsins á ári á tímabilinu 1989–1992. Áhersla verði lögð á rannsóknir þar sem fyrir hendi er þekking á Norðurlöndum og sem nýtast ætti í vísindasamstarfi milli landanna.

Loks lagði nefndin til að samþykktar yrðu tillögur um norræna starfsáætlun um þróunaraðstoð; um norrænan þróunarsjóð með stofnfé að upphæð 300 milljónum SDR, um að lánastarfsemi Norræna fjárfestingarbankans til byggðamála, sem komið hafði verið á til reynslu, yrði haldið áfram og um að Norræni verkefnalánasjóðurinn (Nordisk Projektexportfond) yrði gerður að norrænni stofnun.

3.6. Fjárlaga- og eftirlitsnefnd.

Fjárlaga- og eftirlitsnefnd hóf störf samkvæmt breytingum á þingsköpum ráðsins sem gengu í gildi 12. febrúar 1986. Í nefndinni sitja 14 fulltrúar og eru meðal þeirra formenn allra fastanefnda ráðsins. Nefndin hefur m.a. það hlutverk að samræma sjónarmið og tillögur hinna nefndanna um fjárlög ráðherranefndar Norðurlanda. Auk þess ber nefndinni að fjalla um þær þingmannatillögur sem lagðar eru fram í ráðinu varðandi fjármál og eftirlit og að hafa eftirlit með starfsemi norrænna stofnana og með annarri notkun norræns fjármagns.

Formaður nefndarinnar er Ivar Hansen og varaformaður Ingrid Sundberg.

Þær reglur, sem nú gilda um meðferð fjárlaga ráðherranefndar Norðurlanda, eru í stuttu máli þannig að Norðurlandaráðsþing tekur á vori afstöðu til fjárhagsáætlunar næsta árs, en endanleg fjárlagatillaga er lögð fyrir fastanefndirnar og forsætisnefnd á hausti. Forsætisnefnd samþykkir því næst, á grundvelli nefndarálits fjárlaga- og eftirlitsnefndar, tilmæli um fjárlagatillögu næsta árs og leggur þau fyrir ráðherranefnd. Eftir það afgreiðir ráðherranefnd endanlega fjárlögin.

Fjárlög norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 1988 eru 564 957 000 danskar krónur. Ráðherranefndin hefur lýst því yfir að eðlileg raunaukning fjárlaganna á ári á tímabilinu frá 1989 til 1990 sé 3%.

Á vegum nefndarinnar starfar vinnuhópur, sem í eiga sæti þeir níu nefndarfulltrúar sem ekki eru formenn hinna fastanefndanna. Vinnuhópurinn hefur með höndum undirbúning eftirlitsstarfa nefndarinnar. Á árinu 1987 lét nefndin fara fram endurskoðun á norrænu samstarfi á sviði skólamála. Sérstaklega var könnuð starfsemi Norrænnar málstöðvar í Ósló, Norrænu mála- og upplýsingamiðstöðvarinnar í Helsinki og stýrihópsins um norrænt samstarf í skólamálum (NSS). Nefndin lagði til, að könnun þessari lokinni, að ráðherranefndin mæti þær tillögur sem lagðar voru fram um samræmingu á kennslu í norrænum málum.

4. Tímaritið Nordisk Kontakt.

Tímaritið Nordisk Kontakt kemur út í 17 tölublöðum á ári. Prentuð eintök eru 10 000. Í ritstjórn eiga sæti aðalritstjóri, ritari og fimm ritstjórar með aðsetur hver í sínu heimalandi. Ritstjórnarfundir eru haldnir fjórum sinnum á ári.

Aðalritstjóri tímaritsins er Einar Karl Haraldsson og hefur hann aðsetur á skrifstofu forsætisnefndar í Stokkhólmi. Íslenski ritstjórinn er Björn Jóhannsson.

Í ritstjórnarnefnd tímaritsins eiga sæti tíu þingmenn. Formaður var á starfsárinu Guðrún Helgadóttir alþingismaður og varaformaður norski þingmaðurinn Reiulf Steen.

5. 36. þing Norðurlandaráðs í Ósló 7.–11. mars 1988.

5.1. Almennu umræðurnar á þinginu.

Umræðurnar hófust með stuttu ávarpi fráfarandi forseta *Elsi Hetemäki-Olander.* Að því loknu ávarpaði nýkjörinn forseti, *Jan. P. Syse,* þingið. Þá fylgdi formaður ráðherranefndar Norðurlanda, *Bjarne Mörk Eidem,* úr hlaði skýrslum ráðherranefndarinnar um starfið á liðnu ári og það starf sem áætlað er næstu ár. Hann varði miklum hluta ræðutíma síns til að ræða um áhrif þeirrar þróunar, sem nú á sér stað í Evrópu, á Norðurlönd og kvað menn almennt vera á einu máli um að norrænt samstarf ætti erfitt uppdráttar einangrað frá þróuninni í Vestur-Evrópu. Hann kvað það mikið áhugamál allra á Norðurlöndum að löndin verði áfram samkeppnisfær á mörkuðum Evrópu og að þjóðirnar geti tekið þátt í því samstarfi sem er að þróast þar á sviði menningar, vísinda og tækni. Þó að þau landanna sem ekki eru í Evrópubandalaginu séu í EFTA, þá er einnig þörf á að samræma afstöðu og sjónarmið á norrænum grundvelli. Í samræmi við óskir Norðurlandaráðs hefur ráðherranefndin falið embættismannanefndum þeim sem starfa á vegum ráðherranefndarinnar að gera yfirlit yfir þær afleiðingar sem ætla má að fyrirhugaður innri markaður Evrópubandalagsins hafi á Norðurlönd. Á grundvelli þessa hefur því verið beint til ráðherranefndanna að kanna hvaða norræn samstarfsverkefni tengd innri markaðinum gætu bætt stöðu landanna. Einnig er unnið að því á vegum ráðherranefndarinnar að kanna á hvaða sviðum Norðurlandaþjóðirnar gætu í sameiningu haft áhrif á þróunina í Evrópubandalaginu. Þá er og unnið að því að leita þeirra sviða þar sem nýta má í norrænu samstarfi það sem áunnist hefur í samstarfinu innan Evrópubandalagsins.

Hann ræddi og um samstarfsáætlunina um efnahagsmál „Norden i vekst", um Tækniárið 1988, samstarfsáætlunina á sviði tölvutækni, Nordplus-áætlunina um samstarf norrænna háskóla og stúdentaskipti og Nordisk Forum, en búist er við að 7000–8000 konur alls staðar að á Norðurlöndum taki þátt í því.

Þau mál sem oftast bar á góma í almennu umræðunum voru umhverfismál, efnahagssamstarf Norðurlanda, þróunin innan Evrópubandalagsins í átt að sameiginlegum innri markaði og samræming norrænna aðgerða af því tilefni og menningar- og

menntamálasamstarf Evrópubandalagsins. Það olli mjög almennri óánægju að ráðherranefnd Norðurlanda skyldi hvorki hafa lagt fram samstarfsáætlun um umhverfismál almennt né um hafsmengun. Þá var og að venju rætt um hljóð- og sjónvarpssamstarf, NORDPLUS áætlunina, og evrópsku samstarfsáætlanirnar EUREKA OG ERASMUS.

Eiður Guðnason alþingismaður fjallaði í ræðu sinni um hina nýju samstarfsáætlun ráðherranefndarinnar um menningarmál. Samkvæmt áætluninni væri nýs átaks að vænta auk þess sem miðstýring á sviði menningarsamstarfsins mundi minnka og fjárveitingar aukast. Hann kvað sumar þeirra breytinga sem áformaðar væru valda áhyggjum og kvaðst ekki í fljótu bragði sjá hvaða akkur væri í sumum þeirra. Hann sagðist hafa nokkrar áhyggjur af breyttum reglum um veitingu tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs. Hins vegar kvaðst hann binda vonir við fyrirhugaðar breytingar á norræna menningarmálasjóðnum.

Hann kvað skammsýni hafa ráðið því að samstarf á sviði sjónvarpsmála hefði ekki borið ávöxt. Hann gat þess í lok ræðu sinnar að danska, norska og sænska væru mörgum þingmönnum það framandi að enska væri þeim tamari. Sams konar vanda ættu Grænlendingar og Færeyingar við að stríða og nú væri orðið tímabært að túlka, ekki bara milli finnsku og skandinavísku málanna, heldur einnig milli íslensku, færeysku og grænlensku og hinna málanna.

Jón Sigurðsson, dóms- og viðskiptaráðherra, kvað í ræðu sinni Norræna fjárfestingarbankann vera lýsandi dæmi um árangur norræns samstarfs. Hann kvað stöðu bankans það sterka að fyrsta tapið sem hann hefði orðið fyrir, en það var í fyrra, hefði naumast veikt stöðu hans og lánstraust sem nokkru næmi. Hann kvað verkefnalánasjóð bankans, sem veitti fyrirtækjum lán til verkefna utan Norðurlanda, hafa gefið góða raun. Hann lýsti og ánægju yfir þróunarlánasjóðnum sem hefði það hlutverk að styðja þróunarlöndin og auka útflutning þangað frá Norðurlöndum. Hann upplýsti að ríkisstjórn Íslands hefði ákveðið að gerast aðili að sjóðnum þó að starfsemi hans kæmi líklega að minna gagni hér á landi en annars staðar.

Hann lýsti ánægju með árangur EFTA samstarfsins og kvað aðild Dana að Evrópubandalaginu hafa auðveldað hinum norrænu þjóðunum samstarf við bandalagið. Hann lagði áherslu á að í norrænu samstarfi um efnahagsmál þyrfti að taka mið af þróuninni í Evrópubandalaginu.

Guðrún Helgadóttir alþingismaður kom með þá athugasemd í tilefni ræðunnar að samkvæmt reglum Norræna fjárfestingabankans ætti að krefjast ábyrgðar á útlánum hans og kvað það hafa orðið áfall fyrir marga að bankinn hefði tapað sex miljónum SDR er Kongsbergs vopnaverksmiðjan varð gjaldþrota.

Páll Pétursson alþingismaður taldi gott að eiga heima á Norðurlöndum og kvað norrænt samstarf einstakt í heiminum. Hann minnti á þörf þess að standa vörð um menningu okkar og umhverfi. Hann lýsti stofnun nefndar þeirrar sem forsætisnefnd skipaði til að kanna norrænt samstarf á alþjóðavettvangi og varaði við þeirri trú að Evrópubandalagið ætti að skyggja á annað alþjóðlegt samstarf. Hann kvað alþjóðasamstarf um umhverfismál, þróunar- og menningarmál, jafnréttis- og fíkniefnamál verða aðalstarf nefndarinnar.

Hann kvað EFTA-samstarfið vera okkur og öðrum EFTA-þjóðum afar mikilvægt en átaldi Svía fyrir að standa í vegi fyrir því að fríverslun með fisk og fiskafurðir fengist samþykkt í EFTA.

Matthías Á. Mathiesen, samgönguráðherra og samstarfsráðherra, lýsti ugg sínum yfir yfir því hvert yrði hlutskipti landa utan Evrópubandalagsins þegar innri markaðurinn væri að fullu orðinn að veruleika 1993 og spurði hvort við sem stæðum utan við yrðum þá eins konar útilegumenn. Hann minnti á hve efnahagssamstarf landanna hefði styrkst bæði inn á við og út á við. Hann lýsti óánægju yfir að ekki hefðu tekist samningar um fríverslun með fisk og fiskafurðir innan EFTA-ríkjanna. Hann mælti með að norrænu ríkin könnuðu ítarlega kosti og galla aðildar að Evrópubandalaginu áður en ákvörðun um aðild eða annars konar samninga við bandalagið væri tekin. Jafnframt þyrfti að auka upplýsingar til almennings um allar hliðar málsins.

Þorsteinn Pálsson forsætisráðherra kvað þær öru breytingar, sem nú ættu sér stað á öllum sviðum, valda því að ástæða væri til að endurmeta hvaða markmið ætti að setja norrænu samstarfi. Vegna þeirra alþjóðlegu menningaráhrifa, sem flæddu yfir þjóðir heims og þeirra á meðal þjóðir Norðurlanda, kvað hann eitt mikilvægasta hlutverk Norðurlandaráðs vera að styrkja samstarfið á sviði menningarmála. Á sviði efnahagsmála minnti hann m.a. á nauðsyn þess að styrkja útflutningsatvinnuvegina og afnema viðskiptahöft. Hann kvað aðild Íslands að Evrópubandalaginu ekki vera á dagskrá og minnti á að samningar um fiskveiðiréttindi innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi kæmu ekki til greina. Ísland gæti heldur ekki orðið hluti af sameiginlegum evrópskum vinnumarkaði. En þýðing Evrópubandalagsins og Japans ykist þó stöðugt á kostnað EFTA-landanna, Bandaríkjanna og Austur-Evrópu.

Hann kvað umhverfisvernd vera mál sem í síauknum mæli yrði að takast á við á alþjóðavettvangi, í Norðurlandaráði og annars staðar. Hann minnti á þau náttúruauðæfi sem vatnsaflið er og nefndi þær umræður sem orðið hafa um mögulega raforkusölu um sæstreng til Skotlands þó að hún yrði væntanlega ekki framkvæmd á næstu árum. Þar sem þessir orkuflutningar gætu komið að einhverju leyti í stað kjarnorkuframleiðslu gætu þýðing þeirra orðið mikil.

Hann minnti að lokum á að það væri ekki lengur vafa undirorpið að norrænt samstarf ætti fullan rétt á sér, en spurningin væri hvernig bæri að haga því. Mikilvægt væri að styrkja samstarf þjóðþinganna og ríkisstjórnanna en ekki væri síður mikilvægt að gefa almenningi kost á að kynnast öðrum norrænum þjóðum og menningu þeirra.

Guðrún Helgadóttir alþingismaður átaldi í ræðu sinni slælegan fréttaflutning frá þingi Norðurlandaráðs í norska sjónvarpinu og kvað áhuga á norrænu samstarfi meiri á Íslandi, það væri vegna þeirrar nauðsynjar sem norrænt samstarf væri Íslendingum. Hún taldi að þeir erfiðleikar, sem blöstu við norrænu ríkjunum gagnvart Evrópubandalaginu, gerðu það ef til vill að verkum að hugmyndir fyrri ára um Nordek virtust nú kannski ekki svo fráleitar. Sterkt norrænt samstarf þjónaði ekki alltaf hagsmunum einstakra ríkja en það styrkti þau pólitískt gagnvart Evrópu. Hún kvað stöðu Evrópu vera að breytast og hagvöxt Evrópubandalagsríkjanna vera lágan. Ástæðulaust væri því fyrir Norðurlönd að fylgja ekki eftir hugmyndum sínum um þjóðfélagsform og náttúruvernd.

Steingrímur Hermannsson utanríkisráðherra nefndi í ræðu sinni að þó að Norðurlönd hefðu ekki getað sameinast um stefnu í utanríkismálum væri norrænt samstarf mikilvægt. Bættar samgöngur og fjarskipti hefðu gjörbreytt heiminum og þýðing utanríkisviðskipta ykist stöðugt. Það væri skylda Norðurlanda að leitast við að hafa jákvæð áhrif á þróun heimsmála.

Það kom fram hjá utanríkisráðherra að útflutningsverðmæti Íslendinga er jafnvirði helmings þjóðarframleiðslu þeirra og innflutningur jafnvirði helmings þjóðartekna. Vestur-

Evrópa er stærsti viðskiptaaðili Íslendinga og Evrópuþjóðum viljum við tengjast öðrum fremur. Hins vegar kvað ráðherrann ríkisstjórn Íslands ekki telja aðild að Evrópubandalaginu koma til greina.

Hann nefndi mikilvægi þess að gera Norðurlönd að sameiginlegum heimamarkaði og vísaði til ræðu Ingvars Carlsson forsætisráðherra Svía um það. Hann kvað þó slíkan heimamarkað lítils virði ef hann næði ekki til fisks og fiskafurða. Hann taldi að fríverslun ætti helst að ná til allra framleiðsluvara nema landbúnaðarvara.

Óli Þ. Guðbjartsson alþingismaður kvað norrænt samstarf vera einstætt í sinni röð, enda byggði samstarfið á traustum grunni sameiginlegrar menningar. Hann kvað einna mikilvægustu verkefnin vera umhverfisvernd og mengunarvarnir. Hann nefndi ráðstefnu samgöngumálanefndar um tölvutækni og þá þingmannatölu, sem hann væri fyrsti flutningsmaður að, um að kanna bæri möguleika þess að stofna samnorrænan tölvuupplýsingabanka. Að lokum fjallaði hann um mikilvægi efnahagssamstarfs ríkjanna og sameiginlegan norrænan heimamarkað.

5.2. Málafjöldi og afgreiðsla.

Fyrir þingið voru lagðar 44 þingmannatillögur og 10 ráðherranefndartillögur. Þingið samþykkti allar ráðherranefndartillögurnar og 33 þingmannatillögur. Fjöldi samþykktra tilmæla var 42 og bera þau númerin 4 til 45/1988. Fimm tillagnanna fjölluðu um samgöngur og umferðaröryggismál, 14 um félags- og umhverfismál, 11 um efnahags- og byggðamál, sex um menningar- og menntamál, fimm voru á sviði laganefndar og ein varðaði fjárlög ráðherranefndar Norðurlanda.

Að loknum almennu umræðunum fóru fram umræður um málefni fastanefndanna og afgreiðslu tillagna. Þinginu lauk með umræðum um fjárlög norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 1989 og atkvæðagreiðslu þar sem þau voru samþykkt af þinginu.

Sþ. 954. Nefndarálit [90. mál]

um till. til ál. um björgunarþyrlu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna á nokkrum fundum og fengið umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Flugmálastjórn, Félagi ísl. atvinnuflugmanna, rannsóknanefnd sjóslysa, Sjómannasambandi Íslands og Landhelgisgæslu Íslands.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt svo

BREYTT:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera athugun á kostnaði við kaup og rekstur á björgunarþyrlu af bestu fáanlegri gerð fyrir Landhelgisgæsluna.

Alþingi, 29. apríl 1988.

Guðni Ágústsson, form.	Kristín Halldórsdóttir, fundaskr.	Pálmi Jónsson, frsm.
Guðrún Helgadóttir.	Sigbjörn Gunnarsson.	Sverrir Hermannsson.

Jón Kristjánsson.

Sþ. 955. Nefndarálit [302. mál]

um till. til þál. um neyðarsíma.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir frá Slysavarnafélagi Íslands og Póst- og símamálastofnun.

Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar svo

BREYTTRAR:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta kanna með hvaða hætti unnt sé að koma fyrir neyðarsímum á torförnum fjallvegum og heiðum til öryggis fyrir vegfarendur og gera áætlun um kostnað.

Alþingi, 29. apríl 1988.

Guðni Ágústsson, form.	Kristín Halldórsdóttir, fundaskr.	Guðrún Helgadóttir, frsm.
Jón Kristjánsson.	Sigbjörn Gunnarsson.	Sverrir Hermannsson.
	Pálmi Jónsson.	

Ed. 956. Nefndarálit [212. mál]

um frv. til l. um fangelsi og fangavist.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og kallaði á fund sinn Björn Friðfinnsson, aðstoðarmann dómsmálaráðherra, Björn Einarsson, starfsmann Verndar, og Erlend Baldursson hjá Skilorðseftirliti ríkisins. Umsagnir bárust frá Fangavarðafélagi Íslands, forstjóra vinnuhælisins á Litla Hrauni og Landssambandi lögreglumanna.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 28. apríl 1988.

Jóhann Einvarðsson, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Eiður Guðnason.	Guðrún Agnarsdóttir.	Ey. Kon. Jónsson.
	Stefán Guðmundsson.	

Ed. 957. Breytingartillögur [212. mál]

við frv. til l. um fangelsi og fangavist.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 3. gr. Síðari málsliður 3. mgr. falli brott.
2. Við 11. gr. Í stað orðsins „ákveðið“ komi: leyft.
3. Við 26. gr. Í stað „60 daga“ í 4. tölul. komi: 30 daga.

Sþ. 958. Nefndarálit [23. mál]

um till. til þál. um einnota umbúðir.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um þingsályktunartillöguna á fundum sínum. Umsagnir hafa borist frá eftirtöldum aðilum: Náttúruverndarráði, Hollustuvernd ríkisins, Landvernd, Ferðamálaráði Íslands, Neytendasamtökunum, Vífilfelli hf. og Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar.

Sverrir Hermannsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. apríl 1988.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Kristín Halldórsdóttir, fundaskr.	Jón Kristjánsson.
Guðrún Helgadóttir.	Sigbjörn Gunnarsson.	Pálmi Jónsson.

Ed. 959. Frumvarp til laga [391. mál]

um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

(Eftir 2. umr. í Ed., 29. apríl.)

1. gr.

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála skal vera sjálfstæð vísindaleg stofnun og samstarfsvettvangur aðila er sinna rannsóknum á því sviði.

2. gr.

Hlutverk Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála skal vera að:

1. Vinna að rannsóknum á sviði uppeldis- og menntamála og skulu að jafnaði tekin fyrir verkefni er teljast hafa fræðilegt eða hagnýtt gildi fyrir skóla og menntamál á Íslandi.
2. Veita faglega ráðgjöf um rannsóknir og þróunarverkefni á sviði uppeldis- og menntamála.

3. Veita kennurum, kennaraefnum og háskólastúdentum í framhaldsnámi á sviði uppeldis- og menntamála þjálfun og ráðgjöf í fræðilegum vinnubrögðum.
4. Kynna íslenskar og erlendar rannsóknir.

Við Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála skulu starfa sérfræðingar á sviði uppeldis- og menntamála. Heimilt er háskólakennurum að inna vinnuskyldu sína, eða hluta hennar, af hendi með störfum í þágu stofnunarinnar.

3. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn stofnunarinnar. Stjórn Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála skal vera í höndum stjórnarnefndar sem í eiga sæti: Rektor Háskóla Íslands, rektor Kennaraháskóla Íslands; fjórir fulltrúar tilnefndir til fjögurra ára af eftirtöldum aðilum: fulltrúi tilnefndur af menntamálaráðherra og skal hann vera formaður stjórnarnefndar, fulltrúi tilnefndur af félagsvísindadeild Háskóla Íslands, fulltrúi tilnefndur af skólaráði Kennaraháskóla Íslands, fulltrúi tilnefndur af samtökum kennara á grunn- og framhaldsskólastigi.

Formaður boðar fundi stjórnarnefndar og stýrir þeim. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Stjórnarnefnd hefur yfirumsjón með fjárhag stofnunarinnar og gerir tillögur til menntamálaráðuneytis um fjárveitingar í fjárlögum. Hún ræður, að fengnum tillögum forstöðumanns, starfsmenn að stofnuninni og samþykkir val meiri háttar rannsóknarverkefna.

4. gr.

Vísindalegu starfi Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála stjórnar forstöðumaður. Stjórnarnefnd ræður forstöðumann til fjögurra ára í senn. Ráðning hans er háð staðfestingu ráðherra. Forstöðumaður skal uppfylla þær hæfniskröfur sem gerðar eru til prófessora. Í reglugerð fyrir stofnunina skal kveða nánar á um kröfur sem gerðar eru til forstöðumanns um vísindalega hæfni og hvernig hún skuli metin.

Forstöðumaður skal hafa umsjón með fjárreiðum stofnunarinnar, framgangi rannsóknarverkefna og útgáfustarfsemi og annast daglegan rekstur, m.a. ráðningu starfsmanna til minni háttar verkefna. Hann gerir tillögur til stjórnarnefndar um ráðningu starfsmanna að stofnuninni, undirbýr fjárhagsáætlanir og semur árlega skýrslu um starfsemi stofnunarinnar.

5. gr.

Heimilt er í reglugerð fyrir Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála að setja nánari ákvæði um starfssvið stofnunarinnar og starfshætti.

6. gr.

Við gildistöku þessara laga falla úr gildi ákvæði 14. og 15. gr. laga nr. 38/1971, um Kennaraháskóla Íslands.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skulu við fyrstu skipun í stjórn Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála tveir af þeim sem skipaðir eru samkvæmt tilnefningu skipaðir til tveggja ára samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðherra.

Nd. 960. Breytingartillaga [116. mál]

við frv. til læknalaga.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Við 32. gr.
1. málsl. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1988.

Ed. 961. Frumvarp til laga [390. mál]

um Kennaraháskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 736 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:

1. Kennaraháskóli Íslands er miðstöð kennaramenntunar hér á landi að því er tekur til grunnskólastigs og annast rannsóknir á sviði uppeldis- og kennslumála.
2. Kennaraháskólinn annast menntun grunnskólakennara, þar með taldar forskóladeildir grunnskóla.
3. Kennaraháskólanum er heimilt að annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun framhaldsskólakennara sem hafa hlotið tilskilda menntun í kennslugrein annars staðar.
4. Kennaraháskólinn annast endurmenntun með skipulegri fræðslu, kynningu á markverðum nýjungum í skóla- og uppeldismálum og stuðningi við nýbreytni- og þróunarstörf.
5. Kennaraháskólinn annast framhaldsmenntun og viðbótarmenntun, einkum á sviði uppeldis- og kennslufræði.
6. Kennaraháskólinn skal stuðla að því að kennaraefni temji sér fræðileg viðhorf og þann heildarskilning á nemendum og umhverfi þeirra er geri þá hæfa til að taka ábyrga afstöðu í starfi sínu og koma til móts við einstaklingsþarfir nemenda.
7. Kennaraháskólinn skal leggja áherslu á rannsóknir á sviði skólastarfs við íslenskar aðstæður og stuðla með þeim hætti að þróun og umbótum í skólakerfinu.
8. Setja skal í reglugerð ákvæði um samstarf Kennaraháskólans við Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir á sviði kennara- og uppeldismenntunar.

Ed. 962. Frumvarp til laga [229. mál]

um breyting á lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 518 með þessum breytingum:

18. gr. hljóðar svo:

19. gr. laganna orðast svo:

19.1. Við stofnunina starfa fjórir forstöðumenn.

1. Forstöðumaður heilbrigðiseftirlits skal hafa háskólamenntun og viðhlítandi sérþekkingu í heilbrigðisvernd og starfsreynslu í heilbrigðiseftirliti.
2. Forstöðumaður rannsóknastofu skal hafa háskólamenntun á sviði örveru- og/eða efnafræði og sérþekkingu og starfsreyslu á sviði rannsókna á matvælum og neyslu- og nauðsynjavörum.
3. Forstöðumaður mengunarvarna skal hafa háskólamenntun á sviði verk- eða efnafræði og sérþekkingu og starfsreynslu á sviði mengunarvarna.
4. Forstöðumaður eiturefnaeftirlits skal hafa háskólamenntun og viðhlítandi sérþekkingu á eiturefnafræði og starfsreynslu á því sviði.

19.2. Ráðherra skipar forstöðumenn til sex ára að fengnum tillögum stjórnar.

19.3. Forstöðumenn sitja stjórnarfundi og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

33. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1988. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 109/1984 og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

1. Starfsreglur skv. 17. gr. skulu taka gildi við gildistöku laganna.
2. Innan árs frá gildistöku laga þessara skal á vegum Hollustuverndar ríkisins (heilbrigðiseftirlits og eiturefnaeftirlits, sbr. 2. og 5. tölul. 17. gr.) komið upp innflutningseftirliti með matvælum og öðrum neysluvörum, svo og nauðsynjavörum sem innihalda eiturefni- eða hættuleg efni.
3. Þegar í stað skal hafist handa við uppbyggingu aðstöðu innan rannsóknastofu Hollustuverndar ríkisins til að annast efnafræðilegar rannsóknir vegna almenns heilbrigðiseftirlits, eftirlits með matvælum og öðrum neysluvörum, mengunarvarna og eiturefnaeftirlits. Áætlun um þessa uppbyggingu skal lögð fyrir Alþingi eigi síðar en í upphafi þings haustið 1988. Áætlunin skal miðast við að aðstaða á öðrum rannsóknastofum í landinu verði nýtt eftir því sem frekast er kostur.
4. Lög þessi skulu endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku.

Ed. 963. Frumvarp til laga [363. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 29. apríl.)

1. gr.

71. gr. laganna breytist þannig:

a. 2. mgr. hljóði svo:

Ríkisstjórn Íslands tekur ákvörðun um vexti af innlánum á skyldusparnaðarreikningum hjá Byggingarsjóði ríkisins að fenginni umsögn Seðlabankans. Vextir skulu ákveðnir til eins árs í senn frá áramótum að telja. Við ákvörðun vaxta skal hafa hliðsjón af ávöxtunarkjörum hjá ríkisbönkum og þeim sem ríkissjóður býður á hverjum tíma. Vextir reiknast frá þeim tíma sem fjármagn er lagt í sjóðinn að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands skv. 39. gr. laga frá 10. apríl 1979. Nánari ákvæði skal setja í reglugerð.

b. Aftan við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Innstæða á skyldusparnaðarreikningi sem reikningseigandi leysir ekki út við 26 ára aldur skal bera sömu ávöxtun og að ofan greinir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 964. Frumvarp til læknalaga. [116. mál]

(Eftir 3. umr. í Nd., 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 943 með þessari breytingu:

32. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1988. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 80 23. júní 1969, ásamt breytingum nr. 108/1973 og nr. 76/1977.

Ed. 965. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess með þeim breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Umsagnir bárust frá Sýslumannafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands og Dómarafélagi Íslands. Á fund nefndarinnar komu Friðgeir Björnsson yfirborgardómari og formaður stjórnar Dómarafélags Íslands sem lagði til nokkrar breytingartillögur. Eru þær allar teknar

upp af nefndinni. Allir aðilar mæla með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum sem nefndin leggur til að samþykktar verði og telja þær til bóta.

Skúli Alexandersson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 29. apríl 1988.

Jóhann Einvarðsson, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Eiður Guðnason.	Guðrún Agnarsdóttir.	Ey. Kon. Jónsson.
	Stefán Guðmundsson.	

Ed. 966. Breytingartillögur [130. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

1. Á eftir 6. gr. frumvarpsins komi ný grein er orðist svo (röð annarra greina breytist samkvæmt því):

   Við 42. gr. laganna bætist ný málsgrein, 5. mgr., en núverandi 5., 6., 7. og 8. mgr. verði 6., 7., 8. og 9. mgr. Málsgreinin orðist svo:

   Í stað þess að skrá skýrslur, dóma og úrskurði í framangreindar bækur er heimilt að skrá hið sama í tölvur, prenta síðan og binda í bækur. Við tölvuskráninguna er heimilt að nota atriðisorð er dómsmálaráðherra ákveður. Sáttir og bókanir, sem hafa að geyma skuldbindingar samkvæmt borgaralegum lögum, skulu þó færðar til bókar og undirritaðar með þeim hætti sem verið hefur.
2. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

   1. mgr. 43. gr. orðist svo:

   Skjöl öll, sem fram eru lögð í dómi, skulu vera í frumriti séu þau tiltæk. Þau skal merkja í áframhaldandi töluröð og votta á þau um framlagninguna. Ætíð skal leggja fram eitt endurrit af hverju skjali, en dómari getur krafið aðila um fleiri endurrit sé þörf á. Skjölin eru eign dómstólsins en lána má þau aðilum með samþykki þess aðila sem þau lagði fram. Aðili máls skal ætíð afhenda öðrum aðilum málsins endurrit af þeim skjölum sem hann leggur fram. Dómari skal, eftir að dómur hefur verið kveðinn upp í máli, fá aðila frumrit af þeim málsskjölum, sem hann hefur lagt fram, gegn því að staðfest endurrit fylgi málsskjölunum ef aðili þarf frumritsins til sönnunar rétti sínum annars staðar. Þegar Þjóðskjalasafn hefur fengið málsskjöl til varðveislu hefur þjóðskjalavörður sömu heimildir og dómari til að afhenda málsskjöl.
3. Við 20. gr. Greinin orðist svo:

   Við 175. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

   Að kröfu aðila má dæma að málskostnaður úr hendi gagnaðila hans skuli frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags bera sömu vexti og gjaldfallnar peningakröfur samkvæmt vaxtalögum.
4. Við 22. gr. 2. efnismgr. orðist svo:

   Úrskurðir skulu vera skriflegir og má skrá þá í þing- eða dómabók. Þar skal greina niðurstöðu í ályktunarorði og má hún vera án forsendna. Nú er úrskurður héraðsdóm-

ara kærður til Hæstaréttar og skulu þá forsendur og rökstuddar ástæður dómara fyrir úrlausninni fylgja skjölum málsins til Hæstaréttar hafi úrskurðurinn verið kveðinn upp án forsendna.

5. Við 25. gr.
   a. Fyrsti stafliður 2. mgr. b-liðar (223. gr.) orðist svo: Nöfn aðila, kennitölu og heimili eða dvalarstað.
   b. 3. mgr. k-liðar (232. gr.) falli brott.

Sþ. 967. Þingsályktun [242. mál]

um innflutning loðdýra til kynbóta.

(Afgreidd frá Sþ. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 534.

Nd. 968. Nefndarálit [514. mál]

um frv. til l. um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin athugaði frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Ingi Björn Albertsson, áheyrnarfulltrúi Borgaraflokksins, var ekki samþykkur meðferð málsins.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Einar Kr. Guðfinnsson og Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi, 30. apríl 1988.

Páll Pétursson, form., frsm. | Geir H. Haarde, fundaskr., með fyrirvara. | Kjartan Jóhannsson.

Steingrímur J. Sigfússon. | Guðmundur G. Þórarinsson.

Sþ. 969. Fyrirspurn [517. mál]

til forsætisráðherra um Framkvæmdasjóð Íslands.

Frá Guðmundi Ágústssyni.

1. Hver er heildarfjárhæð tekinna erlendra lána Framkvæmdasjóðs Íslands árið 1987?
2. Hverjir hafa fengið lán og styrki úr sjóðnum og hvernig skiptast lánveitingarnar eftir kjördæmum? Hver er heildarfjárhæð lánanna og styrkjanna?
3. Hverjir hafa fengið skuldbreytingu lána 1987 og hvað nema þær skuldbreytingar háum fjárhæðum?
4. Hefur orðið breyting á hlutabréfaeign sjóðsins? Ef svo er, hverjum hafa verið seld þau hlutabréf og á hvaða verði?

Ed. 970. Nefndarálit [441. mál]

um frv. til l. um breyt. á ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk til viðræðna Jón Höskuldsson, lögfræðing landbúnaðarráðuneytisins.

Í umfjöllun nefndarinnar um áhrif nýrra sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, var m.a. upplýst að sveitarstjórnir hafa ekki lengur heimild til að veita ábyrgð á láni úr Bjargráðasjóði. Með því að lögin um sjóðinn eru í endurskoðun telur nefndin eðlilegt að þar komi til athugunar hvort ekki sé rétt að taka upp heimild til sveitarstjórna að ábyrgjast lán úr Bjargráðasjóði.

Nefndin var sammála um að leggja til að frumvarpið yrði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. apríl 1988.

Egill Jónsson, form., frsm.	Danfríður Skarphéðinsdóttir, fundaskr.	Valgerður Sverrisdóttir.
Skúli Alexandersson.	Björn Gíslason.	Þorv. Garðar Kristjánsson.

Stefán Guðmundsson.

Nd. 971. Nefndarálit [229. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Ingimar Sigurðsson, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, kom á fund nefndarinnar.

Nefndarmenn urðu sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins eins og það kom frá efri deild.

Við afgreiðslu málsins voru Sólveig Pétursdóttir, Birgir Dýrfjörð og Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir fjarverandi.

Alþingi, 2. maí 1988.

Guðrún Helgadóttir, fundaskr., frsm.	Guðmundur G. Þórarinsson.	Geir H. Haarde.

Jón Kristjánsson.

Nd. 972. Nefndarálit [446. mál]

um frv. til l. um Listasafn Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem fram kemur á sérstöku þingskjali.

Jákvæðar umsagnir bárust frá Sambandi íslenskra myndlistarmanna og Félagi íslenskra safnvarða.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Sólveig Pétursdóttir og Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi, 2. maí 1988.

Guðmundur G. Þórarinsson, form., frsm. Þórhildur Þorleifsdóttir. Sigbjörn Gunnarsson.

Sverrir Hermannsson. Ragnar Arnalds.

Nd. 973. Nefndarálit [278. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40/1976, um sálfræðinga.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Sólveig Pétursdóttir og Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi, 2. maí 1988.

Guðmundur G. Þórarinsson, form., frsm. Sverrir Hermannsson. Sigbjörn Gunnarsson.

Þórhildur Þorleifsdóttir. Ragnar Arnalds.

Nd. 974. Breytingartillaga [446. mál]

við frv. til l. um Listasafn Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Við 2. mgr. 12. gr. bætist: Einnig skal heimilt að lána önnur listaverk til tiltekinna opinberra stofnana sé meiri hluti safnráðs því samþykkur. Nánari ákvæði hér að lútandi skulu sett í reglugerð.

Sþ. 975. Þingsályktun [153. mál]

um gerð kostnaðar- og framkvæmdaáætlunar við lagningu vegar með suðurströnd Reykjanesskaga.

(Afgreidd frá Sþ. 2. maí.)

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta gera kostnaðaráætlun um gerð vegar með suðurströnd Reykjanesskaga milli Þrengslavegar við Þorlákshöfn og Grindavíkurvegar.

Niðurstöður þeirrar athugunar skulu liggja fyrir við endurskoðun vegáætlunar á næsta Alþingi.

Ed. 976. Breytingartillaga [360. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar (JE, GuðmÁ, SalÞ, EG, GA).

Við 3. gr. 1. málsl. orðist svo:

Fela má hlutafélagi, sem ríkissjóður á hlut í, að annast skráningu ökutækja, skoðun þeirra og eftirlit, sbr. 1. mgr., enda verði settar upp skoðunarstöðvar í öllum kjördæmum landsins.

Ed. 977. Nefndarálit [360. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og kallaði á fund sinn Björn Friðfinnsson, aðstoðarmann dómsmálaráðherra, Hauk Ingibergsson, framkvæmdastjóra Bifreiðaeftirlits ríkisins, Guðna Karlsson, forstöðumann Bifreiðaeftirlits ríkisins, Ágúst Jónsson verkfræðing, Jónas Þór Steinarsson frá Bílgreinasambandi Íslands, Jón Sigurðsson og Sigurbjörn Bjarnason frá Félagi bifreiðaeftirlitsmanna.

Umsagnir bárust frá Bifreiðaeftirliti ríkisins og Félagi ráðandi bifreiðaeftirlitsmanna.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með því að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem tillaga er flutt um á sérstöku þingskjali.

Skúli Alexandersson sat fundi nefndarinnar.

Stefán Guðmundsson var fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 1988.

Jóhann Einvarðsson, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr., með fyrirvara.	Eiður Guðnason.
Salome Þorkelsdóttir.		Guðrún Agnarsdóttir.

Sþ. 978. Þingsályktun [331. mál]

um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis.

(Afgreidd frá Sþ. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 658.

Nd. 979. Frumvarp til laga [446. mál]

um Listasafn Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. maí.)

Samhljóða þskj. 796 með þessari breytingu:

12. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er að lána listaverk safnsins nema á listsýningar, enda sé gætt réttar höfunda samkvæmt ákvæðum höfundalaga um slíkar sýningar. Höfundur á alltaf rétt til að fá verk sín lánuð á eigin sýningar.

Heimilt skal þó að setja á stofn sérstaka útlánadeild við safnið er sjái um útlán listaverka sem sérstaklega verði keypt eða gefin safninu í því skyni. Einnig skal heimilt að lána önnur listaverk til tiltekinna opinberra stofnana sé meiri hluti safnráðs því samþykkur. Nánari ákvæði hér að lútandi skulu sett í reglugerð.

Nd. 980. Lög [229. mál]

um breyting á lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 962 (sbr. 518).

Sþ. 981. Svar [347. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Alexanders Stefánssonar um lífeyrissjóði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar eru heildartekjur allra lífeyrissjóða í landinu árin 1984, 1985, 1986 og 1987, sundurliðað á hvert ár?*
2. *Hverjar eru ráðstöfunartekjur allra lífeyrissjóða í landinu sömu ár og hvernig var því fjármagni ráðstafað, sundurliðað á hvert ár?*
3. *Eru í gildi samræmdar reglur um upplýsingaskyldu, uppgjör og skil lífeyrissjóða og hvernig er háttað opinberu eftirliti og upplýsingaöflun um starfsemi lífeyrissjóða í landinu?*

Rétt er að vekja athygli á því að þær upplýsingar, sem um er beðið, liggja ekki allar fyrir. Hjá Landssambandi lífeyrissjóða er nú unnið að samantekt á lífeyrissjóðum innan sambandsins en ekki er að vænta niðurstöðu fyrr en seinna á árinu. Hjá Sambandi almennra lífeyrissjóða liggja þessar upplýsingar ekki heldur fyrir. Seðlabanki Íslands safnar upplýsingum sem lúta að greiðsluflæði og efnahag. Skýrslur um greiðsluflæðið er hægt að nota til að finna ráðstöfunarfé lífeyrissjóða. Einnig liggja fyrir upplýsingar hjá Seðlabanka Íslands er

sýna innborgaðar vaxtatekjur og iðgjöld lífeyrissjóðanna, en þetta eru tvær aðaltekjulindir lífeyrissjóða. Jafnframt má geta þess að Seðlabankinn birtir tölur um greiðsluyfirlit lífeyrissjóða í *Hagtölum mánaðarins,* IV. kafla, 4. töflu. Svör við spurningum í 1. og 2. tölul. fyrirspurnarinnar eru byggð á upplýsingum frá Seðlabanka Íslands, en rétt er að geta þess að áætla hefur þurft tölur þar sem ekki hafa borist upplýsingar frá öllum lífeyrissjóðum. Hér á eftir fara svör við fyrirspurninni að því marki sem hægt er að svara henni.

Svar við 1. og 2. lið fyrirspurnarinnar.
(Upphæðir í þús. kr.)

Ár	Innborgaðar vaxtatekjur og iðgjöld	Ráðstöfunarfé
1984	3 610	3 080
1985	5 410	4 760
1986	7 500	6 860
1987	10 100	9 800

Svar við 3. lið fyrirspurnarinnar.

Engar samræmdar reglur eru til um upplýsingaskyldu, uppgjör og skil lífeyrissjóða. Hins vegar eru flestar reglugerðir lífeyrissjóðanna samþykktar af fjármálaráðuneytinu að fenginni umsögn tryggingafræðings. Auk þess safnar Seðlabanki Íslands upplýsingum um greiðsluflæði og efnahag hjá lífeyrissjóðunum eins og greint er frá hér að framan. Löggjafarvaldið hefur ekki sett sérstök lög um starfsemi lífeyrissjóða. Hins vegar eru í gildi lög nr. 91/1980, um skráningu lífeyrisréttinda, og lög nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, sbr. lög nr. 58/1985. Félagsmálaráðherra hefur gefið út reglugerð með stoð í lögum nr. 55/1980 og er hún nr. 194/1981. Að lokum má geta þess að í 32. gr. laga nr. 13/1982 eru ákvæði um hvernig lífeyrissjóður skuli ráðstafa ráðstöfunarfé sínu.

Sþ. 982. Svar [284. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Geirs H. Haarde um erlend vörukaupalán.

Á grundvelli laga um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, nr. 63/1979, og með vísan til 19. gr. reglugerðar um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, nr. 519/1979, gaf viðskiptaráðuneytið út auglýsingu um innflutning með greiðslufresti og aðrar erlendar lántökur, nr. 51, dags. 1. febr. 1988. Samkvæmt henni er almenna reglan sú að greiðslufrestur er heimilaður í 90 daga. Þá eru í öðru lagi nokkrar vörutegundir sem heimilaðar eru með sex mánaða greiðslufresti, svo sem hráefni til iðnaðar, veiðarfæri, pappír og fóðurbætir. Heimilaður er 105 daga greiðslufrestur á olíuvörum.

Rýmri reglur en hér hafa verið taldar er að finna í auglýsingu nr. 49/1988 um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar.

Á undanförnum árum hafa reglurnar um erlendar lántökur og nýtingu greiðslufrests verið rýmkaðar verulega eftir því sem efnahagsástandið hefur farið batnandi. Það er hins vegar álitamál hversu langt er ráðlegt að ganga í sambandi við afnám á því eftirliti sem nú er með erlendum lántökum. Í viðskiptaráðuneytinu er unnið að hugsanlegum breytingum á þeim reglum sem nú gilda, m.a. þannig að reglurnar mismuni ekki milli vöruflokka og atvinnugreina eins og nú er. Einnig verður athugað hvort til greina komi að rýmka og samræma þessar heimildir í áföngum eftir því sem aðstæður leyfa. Samráð verður haft við samtök verslunarinnar um málið á síðari stigum. Þá vinnur Seðlabankinn að athugun á peningalegum áhrifum vörukaupalána frá útlöndum.

Nd. 983. Nefndarálit [469. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20 30. apríl 1986.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali og felur ekki í sér efnisbreytingar.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Eggert Haukdal og Valdimar Indriðason.

Alþingi, 2. maí 1988.

Ólafur Þ. Þórðarson, form., frsm.
Málmfríður Sigurðardóttir, fundaskr.
Sigbjörn Gunnarsson.
Ingi Björn Albertsson.
Guðni Ágústsson.

Nd. 984. Breytingartillaga [469. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Siglingamálstofnun ríkisins, nr. 20 30. apríl 1986.

Frá samgöngunefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

2. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:

Formann og varamenn hans skipar ráðherra án tilnefningar og skal formaður vera fulltrúi samgönguráðuneytisins. Aðra fulltrúa skipar ráðherra samkvæmt tilnefningu eftirtalinna samtaka: Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Sambands íslenskra kaupskipaútgerða, Sjómannasambands Íslands, Landssambands smábátaeigenda, Félags dráttarbrauta og skipasmiðja og Slysavarnafélags Íslands.

Nd. 985. Lög [278. mál]

um breyting á lögum nr. 40/1976, um sálfræðinga.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 578.

Ed. 986. Nefndarálit [477. mál]

um frv. til l. um breyt. á þinglýsingalögum, nr. 39 10. maí 1978.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir meiri hl. með samþykkt þess.
Stefán Guðmundsson var fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 1988.

Jóhann Einvarðsson, form., frsm. Guðmundur Ágústsson, fundaskr. Salome Þorkelsdóttir.

Eiður Guðnason. Guðrún Agnarsdóttir.

Ed. 987. Frumvarp til laga [212. mál]

um fangelsi og fangavist.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. maí.)

I. KAFLI

Stjórn og skipulag.

1. gr.

Ríkið skal eiga og reka öll fangelsi hér á landi. Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn fangelsismála.

2. gr.

Starfrækja skal sérstaka stofnun, fangelsismálastofnun, til þess:

1. Að annast daglega yfirstjórn á rekstri fangelsa.
2. Að sjá um fullnustu refsidóma.
3. Að annast eftirlit með þeim sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið, fá skilorðsbundna reynslulausn, náðun eða frestun afplánunar.
4. Að annast félagslega þjónustu við fanga og þá sem taldir eru upp í 3. lið.
5. Að sjá um að í fangelsum sé veitt sérhæfð þjónusta, svo sem heilbrigðisþjónusta, prestsþjónusta o.s.frv.

3. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður staðsetningu, gerð og rekstrarfyrirkomulag fangelsa.

Fangelsi skiptast í eftirtalda flokka:

1. Afplánunarfangelsi.
2. Gæsluvarðhaldsfangelsi.

Í afplánunarfangelsum skal vista þá sem dæmdir eru í fangelsi, varðhald og þá sem afplána vararefsingu fésekta.

Í afplánunarfangelsum má einnig vista gæsluvarðhaldsfanga ef einangrun telst ekki nauðsynleg.

Í sérstökum tilfellum má um skemmri tíma vista afplánunarfanga í fangageymslum lögreglu eða gæsluvarðhaldsfangelsi.

Heimilt er að vista gæsluvarðhaldsfanga í fangageymslum lögreglu.

II. KAFLI

Starfsmenn.

4. gr.

Dómsmálaráðherra skipar forstjóra fangelsismálastofnunar og ræður sérhæft starfslið. Forstjóri skal vera lögfræðingur. Forstjóri ræður aðra starfsmenn.

5. gr.

Dómsmálaráðherra ræður forstöðumann fangelsis. Ráða skal öðrum fremur mann er hefur lokið viðurkenndu lokaprófi frá háskóla. Heimilt er að fleiri en ein stofnun heyri undir sama forstöðumann.

Forstöðumaður sér um daglegan rekstur stofnunar.

6. gr.

Í fangelsum skal starfa hæfilegur fjöldi fangavarða og annars starfsliðs. Dómsmálaráðherra ræður fangaverði, en forstöðumaður viðkomandi stofnunar aðra starfsmenn.

Fangaverðir mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðun.

Fangaverðir eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.

III. KAFLI

Fangavist.

7. gr.

Ákvæði í þessum kafla eiga við þá sem eru vistaðir í afplánunarfangelsum.

8. gr.

Fangelsismálastofnun ákveður í hvaða fangelsi afplánun fer fram. Við þá ákvörðun skal tillit tekið til aldurs, kynferðis, búsetu og brotaferils fangans. Fangi, sem á við andlega eða líkamlega fötlun að stríða eða þarfnast af öðrum ástæðum sérstaks aðbúnaðar, skal afplána í því fangelsi sem uppfyllir skilyrði um slíkan aðbúnað.

Eigi kona ungbarn við upphaf afplánunar eða fæði barn í afplánun má heimila henni að hafa það hjá sér í fangelsinu.

9. gr.

Afplánun skal vera samfelld. Ef sérstakar ástæður eru til staðar er heimilt að skipta afplánun. Slíkt hlé má skilorðsbinda.

10. gr.

Heimilt er að fangelsum verði skipt upp í deildir.

11. gr.

Fangelsismálastofnun getur leyft að dómfelldur maður sé um stundarsakir eða allan refsitímann vistaður í sjúkrahúsi eða annarri stofnun þar sem hann nýtur sérstakrar meðferðar eða forsjár, enda sé slíkt talið henta vegna heilsu hans, aldurs eða annarra sérstakra ástæðna.

12. gr.

Fangi, sem lagður er í sjúkrahús, telst taka út refsingu meðan hann dvelst þar í ema hann hafi sjálfur bakað sér veikindin á ótilhlýðilegan hátt eftir að hann hóf afplánun.

13. gr.

Í fangelsum skal vera aðstaða og tæki til fjölbreyttrar vinnu.

Fanga ber að vinna þau störf sem honum eru falin.

Fanga skal greiða laun fyrir vinnuna og skal tekið tillit til arðsemi vinnunnar og launa á almennum vinnumarkaði við ákvörðun launa.

Vinnulaun má taka til greiðslu á skaðabótum eða öðrum útgjöldum sem fanginn verður ábyrgur fyrir meðan hann er að afplána refsingu.

Samkvæmt beiðni fanga má heimila honum að uppfylla vinnuskyldu í klefa sínum ef aðstæður leyfa og aðrar ástæður mæla ekki gegn því. Með samþykki forstöðumanns fangelsis er fanga heimilt að útvega sér vinnu.

Heimila má fanga að stunda vinnu utan fangelsis og ákveður forstöðumaður í samráði við fangelsismálastofnun hvernig gæslu skuli hagað.

Ekki má setja fanga til vinnu sem er hættuleg heilsu hans. Fangi skal tryggður gegn slysum við vinnu eftir því sem lög um slysatryggingar mæla.

Ef fangi er ekki settur til vinnu skulu honum ákvarðaðir dagpeningar.

14. gr.

Fangi skal eiga kost á því að stunda nám. Heimila má fanga að stunda nám eða starfsþjálfun utan fangelsis og ákveður forstöðumaður fangelsis í samráði við fangelsismálastofnun hvernig gæslu skuli hagað.

Reglubundið nám fanga kemur í stað vinnuskyldu.

15. gr.

Fanga skal séð fyrir aðstöðu til tómstundaiðkana og líkamsþjálfunar.

Fangi skal eiga kost á útivist í a.m.k. eina klukkustund á dag nema aðstæður hamli.

16. gr.

Fangi skal vera einn í klefa nema sérstakar aðstæður eða húsrými komi í veg fyrir það og skal klefinn vera lokaður að næturlagi.

Fangi má samkvæmt nánari reglum umgangast aðra fanga að degi til.

17. gr.

Fangi hefur rétt til að þiggja heimsókn af nánustu vandamönnum sínum á tilteknum viðtalstímum.

Forstöðumaður getur leyft frekari heimsóknir. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur forstöðumaður bannað tilteknum mönnum að heimsækja fanga, einnig vandamönnum hans.

Fangi getur neitað að þiggja heimsóknir manna nema þeirra sem eiga við hann opinber erindi eða heimsækja hann að tilmælum forstöðumanns.

Heimilt er að leita á þeim sem heimsækja fanga.

18. gr.

Fanga er heimilt að senda og taka við bréfum.

Heimilt er að rannsaka bréf ef ástæða þykir til.

Bréf til og frá fanga má stöðva ef innihald þess gefur tilefni til og skal tilkynna sendanda um stöðvun bréfs.

Bréf til og frá yfirvöldum og lögmönnum fanga skulu ekki rannsökuð.

Fanga er heimilt að taka við öðrum sendingum samkvæmt nánari reglum. Heimilt er að rannsaka allar sendingar til og frá fanga.

19. gr.

Fangi hefur rétt á símtölum við aðila utan fangelsis að því marki sem aðstæður leyfa í fangelsinu.

Heimilt er að hlusta á símtöl við fanga. Ef hlustað er á símtal við fanga skal það gert með vitneskju hans.

20. gr.

Dómsmálaráðherra getur takmarkað rétt fanga skv. 17.–19. gr. vegna öryggis ríkisins.

21. gr.

Veita má fanga leyfi til skammrar dvalar utan fangelsis ef slíkt telst heppilegt sem þáttur í refsifullnustu eða til að búa hann undir að afplánun ljúki.

Leyfi skal ekki veitt ef hætta er á að fangi misnoti það.

IV. KAFLI

Öryggi í fangelsum og agaviðurlög.

22. gr.

Áfengi, önnur vímuefni og lyf, sem fangi hefur í fórum sínum við komu í fangelsið eða kemst yfir í því, má gera upptækt.

Muni, sem tekist hefur eða reynt er að smygla inn í fangelsið, má gera upptæka. Það sama gildir um muni sem fangi hefur búið til eða komist yfir án leyfis réttra yfirvalda.

Handrit eða annað skrifað efni, sem fangi hefur skráð í fangelsinu, er heimilt að gera upptækt. Þetta á við ef handritið eða hið skráða efni inniheldur upplýsingar um aðra fanga sem ekki eiga að vera á allra vitorði, eru ósæmilegar eða aðrar ástæður mæla gegn því að það fari út úr fangelsinu.

Muni eða handrit, sem lagt hefur verið hald á og ekki þykja rök til að gera upptæk, má afhenda fanga þegar afplánun lýkur.

Hið upptæka skal vera eign ríkisins.

Forstöðumaður tekur ákvarðanir samkvæmt þessari grein og skulu þær bókaðar.

23. gr.

Ef grunur leikur á að fangi feli á sér innan klæða efni eða hluti sem honum er bannað að hafa í fangelsinu er heimilt að framkvæma líkamsleit á fanga. Slíka leit má gera þegar eftirfarandi ástæður gefa tilefni til:

1. Þegar fangi kemur í fangelsi í upphafi afplánunar eða kemur aftur eftir dvöl utan þess.
2. Grunur leikur á að fangi feli á sér hluti eða efni sem honum er bannað að hafa í fangelsinu.
3. Ástæða þykir til að gera skyndileit meðal fanga.
4. Fangi hefur fengið heimsókn sem farið hefur fram án eftirlits.

Leit á fanga innan klæða skal gerð af starfsmanni sama kyns og fanginn.

24. gr.

Heimilt er að taka þvag- og blóðsýni úr fanga.

Ef grunur leikur á að fangi feli innvortis efni eða hluti sem honum er bannað að hafa í fangelsi er heimilt að framkvæma leit að fengnu áliti læknis.

Taka blóðsýnis og leit innvortis skal gerð af lækni eða hjúkrunarfræðingi.

Vitni sama kyns og fangi skal vera viðstatt ef aðstæður leyfa.

Ákvörðun um leit samkvæmt þessari grein skal bókuð og ástæður tilgreindar.

25. gr.

Fanga má einangra frá öðrum föngum þegar það er nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins. Einnig má einangra fanga vegna yfirvofandi hættu sem lífi eða heilbrigði hans er búin. Ef hætta er á að fangi valdi meiri háttar eignaspjöllum á húsakosti eða húsbúnaði fangelsisins má halda honum einangruðum frá öðrum svo og til að koma í veg fyrir strok.

Þá má einangra fanga til að koma í veg fyrir að hann hvetji aðra til að brjóta reglur fangelsis og hindra að fangi taki þátt í að útvega sér eða öðrum áfengi, önnur vímuefni eða lyf. Fanga má sömuleiðis aðgreina frá öðrum til að afstýra því að hann beiti aðra fanga yfirgangi.

Spennibol og handjárn má nota um skamman tíma ef nauðsyn krefur.

Ákvarðanir samkvæmt grein þessari skal bóka og ástæður tilgreindar.

Samþykki fangelsismálastofnunar þarf til að halda fanga í einangrun samkvæmt grein þessari lengur en 30 daga.

26. gr.

Fyrir brot á reglum fangelsis má beita fanga eftirtöldum agaviðurlögum:

1. Áminningu.
2. Sviptingu réttinda sem fangar almennt njóta samkvæmt lögum þessum og reglugerðum.
3. Sviptingu vinnulauna.
4. Einangrun í allt að 30 daga.

Beita má fleiri en einni tegund viðurlaga samtímis. Viðurlögin má skilorðsbinda.

Sá tími, sem fangi er hafður í einangrun, telst ekki til refsitímans. Strjúki fangi telst tími frá stroki og þar til fangi er settur í fangelsi á ný ekki til refsitímans.

Forstöðumaður ákveður agaviðurlög samkvæmt grein þessari. Áður en hann tekur ákvörðun skal hann ganga úr skugga um hvernig broti var háttað með því að yfirheyra fangann og með annarri rannsókn eftir aðstæðum.

Ákvarðanir um agaviðurlög skulu bókaðar og birtar fanga í viðurvist vitnis.

Einangrun má ekki lengja fangavist um meira en þriðjung dæmds refsitíma nema samþykki fangelsismálastofnunar sé fengið og aldrei um meira en helming.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

27. gr.

Sé fangi lengur en þrjá mánuði í afplánun er óheimilt að innheimta opinber gjöld hjá honum meðan afplánun stendur yfir. Það sama gildir í tvöfaldan þann tíma eftir að afplánun lýkur, allt að einu ári, vegna opinberra gjalda er á fanga hvíldu er afplánun hófst og á hann eru lögð meðan á afplánun stendur.

Dráttarvextir skulu ekki innheimtir af slíkum skuldum fyrir þann tíma sem innheimta skal liggja niðri samkvæmt þessari grein.

28. gr.

Þegar fullnægja á refsivist er heimilt að handtaka dómþola og gilda þá ákvæði VII. og VIII. kafla laga um meðferð opinberra mála eftir því sem við á.

29. gr.

Fangar, sem afplána varðhalds- og fangelsisdóma, skulu látnir lausir kl. 8 að morgni þess dags sem afplánun lýkur.

Fangar, sem afplána vararefsingu vegna sekta, skulu látnir lausir um sama leyti dags og afplánun hófst.

30. gr.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um fangelsismálastofnun og hlutverk hennar, um skilyrði þess að verða ráðinn fangavörður og menntun þeirra, um vinnulaun og dagpeninga fanga, um nám fanga og um leyfi til dvalar utan fangelsis.

Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði samkvæmt lögum þessum.

31. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1989. Þá falla úr gildi lög nr. 38 24. apríl 1973, um fangelsi og vinnuhæli, með síðari breytingum. Enn fremur falla brott 3. málsl. 2. mgr. 32. gr., 33. gr., 35.–39. gr., 43. gr., 2.–5. mgr. 44. gr., 45.–48. gr. og 2. málsl. 1. mgr. 54. gr. í V. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum. Enn fremur 2. mgr. 78. gr. og 1. mgr. 79. gr. í VIII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Ed. 988. Frumvarp til laga [130. mál]

um breyting á lögum um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. maí.)

1. gr.

3. mgr. 29. gr. orðist svo:

3. Sá sem settur er til að dæma ákveðið mál skal kveða upp dóm í þinghá þar sem hann á heimili eða hefur skrifstofu nema dómsuppkvaðning í því lögsagnarumdæmi, þar sem mál var flutt, valdi hvorki kostnaðarauka né drætti á dómsuppsögu.

2. gr.

32. gr. breytist þannig:

a. 7. tölul. 1. mgr. orðist svo:

Hafi enn fremur þrjú ár samtals verið alþingismaður, skrifstofustjóri Alþingis eða deildarstjóri eða fulltrúi í skrifstofu þess, ráðuneytisstjóri, skrifstofustjóri, deildarstjóri eða fulltrúi í stjórnarráðinu, fulltrúi héraðsdómara, lögreglustjóri eða fulltrúi hans, kennari í lögum við háskólann, gegnt málflutningsstörfum að staðaldri eða verið settur héraðsdómari eða gegnt opinberu starfi sem lögfræðipróf þarf til. Leggja má saman starfstíma í hverri einstakri af starfsgreinum þessum. Undantekningu frá ákvæðum þessa töluliðar má gera um þann er sérstakan orðstír hefur getið sér fyrir ritstörf um lögfræðileg efni.

b. 2. mgr. orðist svo:

Settur héraðsdómari og dómari skv. 30. gr. skal fullnægja ákvæðum 1.–6. tölul. þessarar greinar. Þó má til bráðabirgða og ef sérstaklega stendur á setja yngri mann en 25 ára, þó ekki lengur en þrjá mánuði í senn.

3. gr.

33. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra getur löggilt héraðsdómurum fulltrúa er fara megi með hvers konar dómsathafnir undir eftirliti og á ábyrgð hlutaðeigandi dómara eða forstöðumanns dómaraembættis þar sem starfa fleiri en einn dómari.

Fulltrúi skal vera að minnsta kosti 21 árs að aldri og fullnægja skilyrðum 1. og 3.–6. tölul. 32. gr.

4. gr.

35. gr. orðist svo:

Þó að frumvarp um virðisaukaskatt væri tilbúið í haust var það ekki lagt fram fyrr en á síðustu dögum þingsins og hefur því ekki fengið nógu rækilega meðferð að mati minni hl. Því er tillaga minni hl. sú að frumvarpið verði fellt. Minni hl. mun síðan fyrir 3. umr. málsins leggja fram breytingartillögur við frumvarpið ef í ljós kemur að það verður samþykkt við 2. umr.

Minni hl. lýsir beinni andstöðu við frumvarpið um virðisaukaskatt á eftirfarandi meginforsendum:

Að framlengja illræmdan matarskatt og leggja skatt á menninguna.

Með lögfestingu virðisaukaskatts er gert ráð fyrir því að framlengja hinn illræmda matarskatt sem lagður var á af núverandi ríkisstjórn og hefur í för með sér 6000 milljóna króna skattheimtu af almenningi í landinu.

Þá er gert ráð fyrir sérstakri og víðtækri skattlagningu á menningarstarfsemi í þessu frumvarpi. Er þar gengið lengra en í virðisaukaskatti grannlanda okkar.

Gegn virðisaukasatti í einu þrepi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að leggja virðisaukaskattinn á með einni prósentu, þ.e. að hafa sömu skattprósentu á öllum vörum og allri þjónustu. Þessu mótmælir minni hl. og bendir á að í aðildarríkjum OECD er oftar um fleiri en eina prósentu að ræða og þar er matur sums staðar undanþeginn að fullu, jafnvel í Bretlandi.

Þess ber að geta að Alþýðusamband Íslands lagðist sérstaklega gegn frumvarpinu um virðisaukaskatt á þeirri forsendu að skattinn ætti að taka með flatri prósentu yfir línuna.

Á annað hundrað ný störf í skriffinnsku.

Með upptöku virðisaukaskatts eykst hvers konar skriffinnska stórkostlega. Þannig er gert ráð fyrir því að *starfsmenn skattstofanna verði tvisvar sinnum fleiri en nú er.* Enn fremur er gert ráð fyrir stórfelldri fjölgun framteljenda frá því sem er í söluskattskerfinu.

Samkvæmt upplýsingum ríkisstjórnarinnar sjálfrar er fjölgun framteljenda frá söluskatti til virðisaukaskatts sem hér segir:

Atvinnugrein	**Fjölgun framteljenda**
Landbúnaður	5 000
Fiskveiðar	1 450
Fiskiðnaður	600
Byggingar	3 000
Samgöngur	1 500
Annað	2 500
Fjölgun alls	**14 050**

Það er því ljóst að upptaka virðisaukaskatts hefur í för með sér verulega skriffinnsku — fyrst hjá opinberum aðilum þar sem *skattheimtumönnum fjölgar úr 35 í 70 og einnig hjá þeim telja fram en þar fjölgar ársverkum ekki minna en hjá opinberum aðilum.* Því má gera ráð fyrir að upptaka virðisaukaskatts skapi *að minnsta kosti 100 ný störf úti í þjóðfélaginu* og auki einnig vinnuálag fyrirtækjanna, einkum smáfyrirtækjanna og einyrkjanna sem hafa síður yfir að ráða þjálfun eða þekkingu á bókhaldsverkefnum.

Minni hl. telur að fjölgun framteljenda samkvæmt þessum gögnum ríkisstjórnarinnar sé stórlega vanmetin.

Gegn smærri fyrirtækjum.

Samkvæmt upplýsingum sem minni hl. hefur aflað sér liggur fyrir að svört atvinnustarfsemi í Danmörku hefur aukist eftir að virðisaukaskatturinn var tekinn upp. Þar liggja einnig fyrir rannsóknir á því að þessi skatttegund leggst þyngst á barnmargar fjölskyldur og þá sem hafa þunga framfærslubyrði. Að sama skapi er það mat nágranna okkar að virðisaukaskatturinn komi best út fyrir þá efnaðri í þjóðfélaginu. Þar hefur enn fremur verið bent á að eftir að virðisaukaskattur var á lagður hafa gjaldþrot smáfyrirtækja verið tíð vegna þess að forráðamenn þeirra ráða ekki við alla þá skriffinnsku sem kerfið gerir ráð fyrir. Þetta er sérstaklega alvarlegt þar sem smáfyrirtæki eru hlutfallslega fleiri hér á landi en annars staðar.

Allir ættu að sjá hve fráleitt það er að ætla hverjum einasta einyrkja, bónda, bílstjóra eða trillukarli að halda smásmugulegt bókhald yfir hvert einasta viðvik. Ekki verður þetta síður fráleitt gagnvart nýrri atvinnustarfsemi sem er að hasla sér völl, oft með hluta starfs til að byrja með. Hér er því verið að leggja á skatt sem byggist á kerfi sem er fjandsamlegt nýjungum í atvinnulífinu og þeirri einyrkjastarfsemi sem alltaf hlýtur að verða stór þáttur at.innulífs á Íslandi. Hér er verið að apa eftir milljónaþjóðum eins og oft áður í skattafrumvörpum ríkisstjórnarinnar í vetur.

Það er enn fremur ljóst að ekkert liggur fyrir um að þessi tegund óbeinna skatta skili sér betur í ríkissjóð en söluskatturinn. Vissulega er söluskattskerfið gallað. En nær hefði verið að leggja vinnu í nýtt kerfi óbeinna skatta á Íslandi en að apa það eftir milljónaþjóðunum eins og hér er gert.

Ný byrði á húsbyggjendur: 200 til 300 millj. kr.

Virðisaukaskattur hækkar verð á íbúðarhúsnæði, fyrst á nýju húsnæði og síðan almennt. Þetta er viðurkennt í athugasemdum með frumvarpinu. Virðisaukaskattur mun leggjast á vinnu iðnaðarmanna á byggingarstað, en sú vinna er nú undanþegin söluskatti. Þetta hefur í för með sér 5–7% hækkun byggingarkostnaðar. Þannig hækkar ný íbúð sem nú kostar um 4 millj. kr. um 200–300 þúsund krónur. Og heildartekjuauki ríkissjóðs af húsbyggjendum nemur með þessum hætti hundruðum milljóna króna. Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að þessi tekjuauki ríkisins verði endurgreiddur húsbyggjendum en ekkert liggur fyrir um það nákvæmlega hvernig að því verður staðið. Það er því ljóst að óbreytt hefur þetta frumvarp í för með sér lakari kjör fyrir húsbyggjendur og skerðingu á kjörum þeirra. Þeir eru gerðir að sérstökum skattstofni.

Illa undirbúið mál, viðurkennt af stjórnarflokkum.

Hér hafa verið tíndar fram nokkrar ástæður þess að minni hl. er andvígur frumvarpi þessu. Fleira mætti tína til og verður það gert nánar í umræðum um málið. Skal þó bent á eitt atriði sem vegur þungt en það er sú *tillitslausa innheimta skatta af menningarstarfsemi sem frumvarpið gerir nú ráð fyrir.*

Það hefur verið athyglisvert að fylgjast með viðbrögðum stjórnarflokkanna við þessu máli. Þingmenn allra flokkanna eru meira og minna andvígir málinu. Þess vegna neyddist fjármálaráðherra til að mismuna málinu gegnum stjórnarflokkana þannig að það er í rauninni aðeins hálfafgreitt og fjöldi óleystra vandamála bíður úrlausnar. Hér er ekki um að ræða tæknileg vandamál heldur líka pólitísk vandamál.

Dæmi:

1. Skattprósentan óafgreidd: Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að skatturinn verði 22%. Í nefndaráliti meiri hl. er þetta meginatriði talið eitt þeirra vafaatriða sem verði að athuga nánar.
2. Reglum um endurgreiðslu virðisaukaskatts af byggingarstarfsemi er vísað til embættismannanefndar.
3. Reglum um endurgreiðslu virðisaukaskatts af orkugjöfum til hitunar íbúðarhúsnæðis er vísað til sérstakrar nefndar.
4. Reglum um skattskil fiskveiða og fiskvinnslu er vísað til nefndarvinnu.
5. Reglum um virðisaukaskatt af menningar- og listastarfsemi er vísað til nefndarvinnu.
6. Reglum sem „tryggja jafnræði í samkeppni einkaaðila og opinberra aðila“ er vísað til nefndar.
7. Reglum um skatt af útgáfu tímarita er vísað til nefndar.
8. Reglum um skattskil af viðskiptum bænda og afurðastöðva er vísað til nefndar, svo og öðru sem varðar landbúnað sérstaklega.
9. Reglum um gjaldfrest af innflutningi er vísað til nefndar.
10. Reglum um virðisaukaskatt af fólksflutningum er vísað til nefndar.

Eins og sést af þessum tíu dæmum er ljóst að meiri hl., stjórnarflokkarnir, viðurkennir að málið er illa undirbúið og að ekki eru neinar forsendur fyrir því að afgreiða það. Þar eru tæknileg atriði í lausu lofti og hið sama er einnig að segja um pólitísk grundvallaratriði. Því væri það öllum fyrir bestu að máli þessu verði hafnað.

Guðrún Agnarsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk nefndaráliti þessu.

Alþingi, 4. maí 1988.

Svavar Gestsson, frsm. Júlíus Sólnes.

Sþ. 1017. Nefndarálit [384. mál]

um till. til þál. um stefnu Íslendinga gagnvart Evrópubandalaginu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum og leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingu sem tillaga er gerð um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 4. maí 1988.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm. Páll Pétursson, fundaskr. Hjörleifur Guttormsson.

Kjartan Jóhannsson. Hreggviður Jónsson. Guðmundur G. Þórarinsson.

Guðmundur H. Garðarsson.

Sþ. 1018. Breytingartillaga [384. mál]

við till. til þál. um stefnu Íslendinga gagnvart Evrópubandalaginu.

Frá utanríkismálanefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að kjósa hlutbundinni kosningu nefnd níu alþingismanna til þess að taka til sérstakrar athugunar þá þróun sem fyrir dyrum stendur í Evrópu, einkanlega með tilliti til ákvörðunar Evrópubandalagsins um sameiginlegan innri markað.

Nefndin skal kanna áhrif þessara ákvarðana og líklegrar þróunar í Evrópu á íslenskt efnahagslíf og meta þær leiðir sem álitlegastar eru til þess að laga íslenskt efnahags- og atvinnulíf að þeim breytingum sem fram undan eru. Í starfi sínu skal nefndin hafa samráð við samtök atvinnulífsins. Nefndin skili skýrslu um athuganir sínar og tillögur fyrir 1. apríl 1989.

Sþ. 1019. Nefndarálit [368. mál]

um till. til þál. um samvinnu Íslands, Færeyja og Grænlands á sviði markaðsmála og viðskipta.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Síðari málsgrein orðist svo:
Endanlegar niðurstöður þessara athugana skulu lagðar fyrir Alþingi í formi skýrslu fyrir árslok 1988 en bráðabirgðaniðurstöður unnar fyrir mitt sumar fyrir Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins.

Kristín Einarsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 4. maí 1988.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Páll Pétursson, fundaskr.	Hjörleifur Guttormsson.
Kjartan Jóhannsson.	Hreggviður Jónsson.	Guðmundur G. Þórarinsson.

Guðmundur H. Garðarsson.

Nd. 1020. Frumvarp til laga [469. mál]

um breytingu á lögum um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20 30. apríl 1986.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. maí.)

1. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:
Formann og varamenn hans skipar ráðherra án tilnefningar og skal formaður vera fulltrúi samgönguráðuneytisins. Aðra fulltrúa skipar ráðherra samkvæmt tilnefningu eftirtalinna samtaka: Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Sambands íslenskra kaupskipaútgerða, Sjómannasambands Íslands, Landssambands smábátaeigenda, Félags dráttarbrauta og skipasmiðja og Slysavarnafélags Íslands.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Ed. 1021. Frumvarp til laga [389. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 4. maí.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Agnes Hrönn Gunnarsdóttir, barn í Reykjavík, f. 1. nóvember 1979 í Kenya.
2. Anna Svandís Gunnarsdóttir, verkakona í Reykjavík, f. 9. mars 1947 á Íslandi.
3. Ágúst Eiríksson Azevedo, nemi í Hafnarfirði, f. 31. júlí 1968 í Portúgal.
4. Baranowski, Christine Margaret, verkakona í Keflavík, f. 18. janúar 1970 í Bandaríkjunum.
5. Bauer, Hermann Þór, þjónn í Reykjavík, f. 11. maí 1968 á Íslandi.
6. Catacutan, Merceditas Carmen, skrifstofustúlka í Reykjavík, f. 16. júlí 1960 á Filippseyjum. Fær réttinn 20. ágúst 1988.
7. Cejudo, Manuel Arjona, hamskeri í Reykjavík, f. 4. október 1948 á Spáni.
8. Cosser, Cynthia Anne, húsmóðir í Reykjavík, f. 19. september 1954 í Englandi. Fær réttinn 12. september 1988.
9. Cosser, Jeffrey Michael, blaðamaður í Reykjavík, f. 6. maí 1952 í Zimbabwe. Fær réttinn 12. september 1988.
10. Delavault, Gérard Robert, tækniteiknari á Seltjarnarnesi, f. 10. mars 1953 í Frakklandi.
11. Dhour, Abdelilah, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 10. apríl 1957 í Marokkó.
12. Ducusin, Lagrimas Soriano, húsmóðir á Akureyri, f. 21. júní 1951 á Filippseyjum.
13. Gunnell, Terence Adrian, kennari í Reykjavík, f. 7. júlí 1955 í Englandi.
14. Hendricks, Linda Margaret Perkel, húsmóðir og flugfreyja í Reykjavík, f. 26. janúar 1951 í Bandaríkjunum.
15. Hernandez, Beatriz Ray, ritari í Reykjavík, f. 10. maí 1965 á Filippseyjum. Fær réttinn 16. október 1988.
16. van Hulst, Carolina, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 13. desember 1953 í Hollandi.
17. de Jesus, David Paul, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 17. júlí 1959 á Filippseyjum. Fær réttinn 15. ágúst 1988.
18. Jóna Kristín Jacobsen, húsmóðir í Hveragerði, f. 23. desember 1912 á Íslandi.
19. Kolbrún Anderson, barn í Reykjavík, f. 5. febrúar 1982 á Íslandi.
20. Kuhn, Thomas Walter, sjúkraþjálfari í Reykjavík, f. 15. ágúst 1957 í Þýskalandi.
21. Kupas, Amanda Joan, nemi í Hafnarfirði, f. 4. júní 1963 í Kanada.
22. Kupas, Monica Darlene, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 15. febrúar 1965 í Kanada.
23. Laufey Guðmundsdóttir, barn á Selfossi, f. 4. október 1985 á Sri Lanka.
24. MacFarlane, Mark Raymond, landslagsarkitekt í Reykjavík, f. 13. nóvember 1953 í Tyrklandi.
25. Margrét Björgólfsdóttir, nemi í Reykjavík, f. 28. október 1955 í Bandaríkjunum.
26. Mazmanian, Viken Samuel, hljóðupptökutæknimaður í Reykjavík, f. 28. maí 1963 í Líbanon. Fær réttinn 27. júní 1988.
27. Millard, Elísabet Svana, ræstingarmaður í Reykjavík, f. 27. ágúst 1968 í Reykjavík.

28. Schnabl, Hilmar Thor, bankastarfsmaður í Reykjavík, f. 9. júlí 1961 í Bandaríkjunum.
29. Swift, Emma Marie, barn í Reykjavík, f. 5. október 1978 í Bretlandi.
30. Swift, Martin Jónas Björn, barn í Reykjavík, f. 31. ágúst 1980 í Vestur-Þýskalandi.
31. Toffolo, Danival, nemi í Keflavík, f. 16. desember 1970 í Bandaríkjunum.
32. Toffolo, John, raftæknifræðingur í Keflavík, f. 18. nóvember 1932 á Ítalíu.
33. Toffolo, Sólveig, nemi í Keflavík, f. 15. mars 1973 í Bandaríkjunum.
34. Tomczyk, Tomasz, nemi í Reykjavík, f. 22. janúar 1966 í Póllandi. Fær réttinn 15. ágúst 1988.
35. Vandendriessche, Peter, kennari í Reykjavík, f. 18. maí 1961 í Þýskalandi. Fær réttinn 20. júlí 1988.
36. Vavrickova, Stepanka, verslunarmaður í Kópavogi, f. 7. janúar 1955 í Tékkóslóvakíu.
37. Vazquez, Antonio Maria Galan, doktor í sjávarlíffræði í Reykjavík, f. 14. september 1947 á Spáni.
38. Þór Saari, sölumaður á Seltjarnarnesi, f. 9. júní 1960 í Bandaríkjunum.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenninafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 1022. Nefndarálit [293. mál]

um frv. til l. um breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin fjallaði um frumvarpið á einum fundi. Á þann fund mættu samkvæmt beiðni áfengisvarnaráð, Ólafur Ólafsson landlæknir, Böðvar Bragason lögreglustjóri og Höskuldur Jónsson, forstjóri ÁTVR, og veittu upplýsingar.

Allsherjarnefnd neðri deildar bárust fjölmargar umsagnir um frumvarpið og voru þær sendar áfram til efri deildar. Mikill meiri hluti þeirra mælti gegn samþykkt frumvarpsins.

Mjög skiptar skoðanir eru meðal þjóðarinnar um það hvort leyfa skuli bruggun og innflutning á áfengu öli án þess að annað verði að gert. Fjölmörg félagasamtök og einstaklingar hafa því einnig sent þingmönnum áskoranir, ályktanir og yfirlýsingar. Þær eru nær undantekningarlaust á einn veg, að skora á þingmenn að samþykkja ekki frumvarpið.

Reynsla annarra þjóða bendir til þess að gera megi ráð fyrir aukinni heildarneyslu áfengis þegar áfengt öl bætist við þær tegundir áfengis sem fyrir eru ef ekkert annað er að gert.

Þó að heildarneysla áfengis sé minni hér en víða í nágrannalöndum okkar eigum við síst við minni heilbrigðis- og félagslegan vanda að stríða vegna áfengisneyslu og áfengissýki en aðrar þjóðir. Allir hljóta að vera sammála um að koma þurfi í veg fyrir þennan vanda, m.a. með því að draga úr heildarneyslu áfengis.

Miklar umræður hafa orðið á undanförnum árum um vímuefnanotkun barna og unglinga sem fer vaxandi meðal vestrænna þjóða og er víða orðin að alvarlegum vanda. Reynslan sýnir að neysla áfengis er yfirleitt undanfari neyslu annarra og hættulegri vímuefna.

Löngu er orðið brýnt að móta heildarstefnu í áfengis- og vímuefnamálum.

Þann 7. maí 1981 var samþykkt ályktun á Alþingi þar sem skorað var á ríkisstjórnina að láta nú þegar undirbúa tillögur um opinbera stefnu í áfengismálum. Fjölmenn nefnd var skipuð til að vinna að undirbúningi slíkra tillagna og skilaði hún niðurstöðu í janúar 1987. Tillögurnar eru ítarlegar og vel unnar í anda þeirrar stefnu sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur mótað í þessum málum.

Benda má sérstaklega á að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur beint því til aðildarþjóðanna að minnka áfengisneyslu um fjórðung til aldamóta. — Að því marki er nú stefnt meðal allra menningarþjóða.

Íslensk heilbrigðisáætlun, sem lögð var fram á síðasta þingi og rædd ítarlega á fjölmennu heilbrigðisþingi þann 5. febrúar sl., er einnig sniðin í samræmi við stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og samhljóða tillögum nefndarinnar.

Í heilbrigðisáætluninni segir eftirfarandi:

„4.3. Skaðleg áhrif áfengis.

Enda þótt heildarnotkun áfengis á Íslandi sé minni en í flestum löndum er það staðreynd að óæskileg heilsufarsleg áhrif áfengisneyslu eru mikil á Íslandi.

Þess vegna verður að vinna að því að minnka heildaráfengisneyslu og útrýma ofneyslu.

Markmið 8.

Markmiðið er að minnka og eyða að lokum alveg óæskilegum heilsufarslegum áhrifum áfengisnotkunar.

Almenna neyslu áfengis þarf að minnka. Á næsta hálfum áratug verður lögð sérstök áhersla á upplýsingastarfsemi og ráðgjöf sem heilbrigðisgeirinn veitir, svo og að greina áfengisvanda á byrjunarstigi.

Það á að stofna til samvinnu milli heilbrigðisyfirvalda og félagasamtaka sem hafa bindindi á stefnuskrá sinni og reyna að efla starf þessara samtaka.

Verð áfengra drykkja þarf að hækka á næstu fimm árum þannig að verðið hækki árlega umfram verðlag og sterkt áfengi meira en létt.

Sett verði áætlun til að ná þessum markmiðum og hún endurskoðuð á fimm ára fresti, fyrst árið 1990.“

Tvískinnungur og ósamræmi ríkir nú í meðferð áfengs öls á Íslandi þar sem sumir geta keypt og neytt þess en aðrir ekki. Hér eru einnig á boðstólum fjölmargar tegundir sterkra áfengra drykkja en ekki áfengt öl sem telst til léttra áfengra drykkja. Á þessu verður best tekið með því að móta heildarstefnu í áfengismálum.

Í þessu frumvarpi er lagt til að bæta við nýrri tegund áfengis sem öll líkindi benda til að auka muni heildarneyslu áfengis. Þrátt fyrir það eru engar ráðstafanir fyrirhugaðar til mótvægis sem dregið gætu úr aukinni neyslu.

Með tilliti til þess sem að framan greinir og með hliðsjón af því að ekki er nægilega vel staðið að forvörnum og meðferð barna, unglinga og fullorðinna sem verða fórnarlömb áfengis- og vímuefnaneyslu get ég ekki stutt þetta frumvarp og legg til að það verði fellt.

Skúli Alexandersson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 4. maí 1988.

Guðrún Agnarsdóttir.

Ed. 1023. Tillaga um að vísa til ríkisstjórnarinnar [228. mál]

málinu: Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá forsætisráðherra.

Frumvarp þetta felur í sér staðfestingu á markmiðum búvörulaganna um staðgreiðslu sauðfjárafurða, hliðstætt því sem gildir í mjólkurframleiðslu. Þessi breyting ætti að vera auðveld í framkvæmd og ætti tæpast að leiða til umtalsverðs kostnaðarauka vegna minni lánsþarfar (staðgreiðslulána) milli áranna 1988 og 1989. Hér er því um mál að ræða sem ríkisstjórnin mun beita sér fyrir að komi til framkvæmda fyrir næstu sláturtíð.

Þar sem ríkisstjórnin hefur í athugun fleiri breytingar á tilhögun á greiðslum fyrir sauðfjárafurðir sem munu tryggja enn frekar afkomu sauðfjárbænda er lagt til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Sþ. 1024. Breytingartillögur [467. mál]

við till. til þál. um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1987–1990.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við II. Liðurinn orðist svo:

II. SKIPTING ÚTGJALDA.
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1988	
2.1. Stjórn og undirbúningur:		
1. Skrifstofukostnaður	88	
2. Tæknilegur undirbúningur	66	
3. Umferðartalning og vegaeftirlit	16	
4. Eftirlaunagreiðslur	7	
		177

	1988	
2.2. Viðhald þjóðvega:		
1. Sumarviðhald		
1. Viðhald malarvega	236	
2. Viðhald vega með bundið slitlag	181	
3. Viðhald brúa	42	
4. Viðhald varnargarða	5	
5. Heflun vega	134	
6. Rykbinding	49	
7. Vinnsla efnis	126	
8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð	35	
9. Vegmerkingar	10	
	818	
2. Vetrarviðhald	245	
		1063
2.3. Til nýrra þjóðvega:		
1. Stofnbrautir		
1. Almenn verkefni	306,5	
2. Bundin slitlög	216,1	
3. Sérstök verkefni	224,0	
4. Ó-vegir	125,0	
5. Höfuðborgarsvæðið	111,0	
	982,6	
2. Þjóðbrautir	169,4	
3. Bundin slitlög á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum	29,0	
4. Girðingar og uppgræðsla	17,0	
5. Vegur að Bessastöðum	4,0	
		1202
2.4. Til brúagerða:		
1. Brýr 10 m og lengri	81	
2. Smábrýr	13	
		94
2.5. Til fjallvega o.fl.:		
1. Aðalfjallvegir	9	
2. Aðrir fjallvegir	6	
3. Þjóðgarðavegir o.fl.	5	
4. Vegir á Þingvöllum	3	
5. Reiðvegir	3	
		26
2.6. Til sýsluvega:		125
2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum:		164
2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa:		0
2.9. Til tilrauna:		14
		2865
Óráðstafað til 1989 af mörkuðum tekjum 1987 og 1988		285
Samtals		**3150**

2. Aftan við II. SKIPTING ÚTGJALDA bætist:

SUNDURLIÐUN
2.3. Til nýrra þjóðvega.
1. Stofnbrautir.
1.1. Almenn verkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1988 Fjárv. m.kr.
1	Suðurlandsvegur	
22—28	Hvolsvöllur — Þjórsá	2,4
35	Biskupstungnabraut	
04	Laugarvatnsvegur — Skálholtsvegur	20,2
	Vesturlandsvegur	
18	Laxá — Breiðamýri	11,4
19	Rannsóknir í Hvalfirði	1,0
41	Reykjanesbraut	
04—11	Hafnarfjörður — Flugstöð	3,5
10	Hafnavegur — Grænás	2,0
12	Flugvallarvegur — Víknavegur	1,0
416	Álftanesvegur	
02	Landakot — Sviðholt	6,0
1	Vesturlandsvegur	
01	Rannsóknir í Hvalfirði	1,0
01	Önundarhóll — Fjárrétt	5,4
09	Eskiholtslækur — Gljúfurá	12,0
12	Hvammur — Sanddalsá	6,7
54	Ólafsvíkurvegur	
07	Vegamót — Hrísdalur	7,8
08	Staðará — Urriðaá	2,0
11	Snæfellsnesvegur — Fossá	2,6
57	Snæfellsnesvegur	
08	Gríshóll — Helgafellssveitarvegur	7,0
12	Grundarfjörður — Kvíabryggja	3,9
60	Vestfjarðavegur	
10	Rannsóknir í Gilsfirði	1,0
60	Vestfjarðavegur	
01	Rannsóknir í Gilsfirði	1,0
14	Vatnsdalsá — Flókalundur	9,8
61	Djúpvegur	
18	Djúpagil — Arnarneshamar	17,0
62	Barðastrandarvegur	
05	Stapar — Patreksfjörður	13,3

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1988 Fjárv. m.kr.
65	Súgandafjarðarvegur	
02	Botn — Suðureyri	12,2
68	Hólmavíkurvegur	
06	Guðlaugsvík — Þambá	13,2
1	Norðurlandsvegur	
06	Víðidalsvegur vestri — Víðidalsvegur eystri	18,8
18	Miðhús — Miklibær	11,2
19	Miklibær — Kjálkavegur	8,3
72	Hvammstangavegur	
01	Norðurlandsvegur — Hvammstangi	7,9
76	Siglufjarðarvegur	
02	Um Gljúfurá	4,4
04	Sleitustaðir — Hofsósbraut	0,5
11	Gangamunni — Siglufjörður	2,0
1	Norðurlandsvegur	
04	Hörgárdalsvegur — Krossastaðir	13,5
20	Skútustaðir — Garður	2,7
85	Norðausturvegur	
26	Hafralónsá — Þórshöfn	8,7
821	Eyjafjarðarbraut vestri	
01—02	Hvammur — Miðbraut	10,0
845	Aðaldalsvegur	
02	Syðra Fjall — Norðausturvegur	3,7
1	Austurlandsvegur	
22	Stigi — Krossá	4,0
47	Fátækramannahóll — Bakkalækur	12,0
85	Norðausturvegur	
12	Sunnudalsvegur — Teigará	7,0
92	Norðfjarðarvegur	
07	Hólmaháls	5,3
09	Við Eskifjörð	8,0
96	Suðurfjarðaregur	
03	Skriður — Höfðahús	15,1
	Samtals	306,5

1.2. Bundin slitlög.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1988 Fjárv. m.kr.
1	Suðurlandsvegur	
10—11	Um Mýrdalssand	17,2
30	Skeiðavegur	
04	Þjórsárdalsvegur — Hrunavegur	6,0
34	Eyrarbakkavegur	
05	Um Ölfusárós	5,6
39	Þrengslavegur	
01	Suðurlandsvegur — Þorlákshafnarvegur	2,4
1	Vesturlandsvegur	
18	Laxá — Breiðamýri	5,1
36	Þingvallavegur	
01	Kjósarskarðsvegur — Litla Sauðafell	4,0
431	Hafravatnsvegur	
02	Reykjalundarvegur — Vesturlandsvegur	7,2
1	Vesturlandsvegur	
01	Önundarhóll — Fjárrétt	4,6
54	Ólafsvíkurvegur	
02	Tungulækur — Brókarlækur	8,2
04	Hítará — Kaldá	4,1
07	Vegamót — Hrísdalur	3,8
11	Snæfellsnesvegur — Fossá	5,5
57	Snæfellsnesvegur	
08	Gríshóll — Helgafellssveitarvegur	16,8
12	Grundarfjörður — Kvíabryggja	0,8
60	Vestfjarðavegur	
03	Mýrartunga — Hríshóll	4,8
05	Þorskafjarðarvegur — Gröf	10,4
14	Vatnsdalsá — Flókalundur	3,7

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1988 Fjárv. m.kr.
68	Hólmavíkurvegur	
06	Guðlaugsvík — Stikuháls	7,5
1	Norðurlandsvegur	
14—15	Gilshús — Valadalsá	8,7
74	Skagastrandarvegur	
02	Þverárfjallsvegur — Skagavegur	2,6
76	Siglufjarðarvegur	
01	Norðurlandsvegur — Hjaltastaðir	1,1
04	Sleitustaðir — Hofsósbraut	4,3
1	Norðurlandsvegur	
15	Fnjóskadalsvegur eystri — Kross	8,5
85	Norðausturvegur	
21	Raufarhöfn — Flugvöllur	3,7
821	Eyjafjarðarvegur vestri	
01—02	Hvammur — Miðbraut	3,7
845	Aðaldalsvegur	
02	Syðra Fjall — Norðausturvegur	4,8
1	Austurlandsvegur	
29	Blábjörg — Starmýri	12,3
33	Össurá — Þorgeirsstaðir	7,2
92	Norðfjarðarvegur	
04	Neðstabrú — Skriður	6,3
07	Um Hólmaháls	4,8
93	Seyðisfjarðarvegur	
03	Neðri Stafur — Efri Stafur	13,8
94	Borgarfjarðarvegur	
01	Vegamót — Mýnes	7,9
96	Suðurfjarðavegur	
10	Stöðvará — Kambanes	1,1
931	Upphéraðsvegur	
08	Atlavík — Hafursá	7,6
	Samtals	216,1

1.3. Sérstök verkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1988 Fjárv. m.kr.
34	Eyrarbakkavegur	
05	Um Ölfusárós	75,7
36	Þingvallavegur	
01	Kjósarskarðsvegur — Litla Sandfell	18,5
1	Vesturlandsvegur	
14	Holtavörðuheiði	28,2
60	Vestfjarðavegur	
22	Dýrafjörður	14,6
61	Djúpvegur	
01—05	Tenging Inn-Djúps	14,6
1	Norðurlandsvegur	
14—15	Gilshús — Valadalsá	15,3
1	Norðurlandsvegur	
09	Leiruvegur	33,0
85	Norðausturvegur	
10—16	Vopnafjörður — Hérað	1,0
92	Norðfjarðarvegur	
09	Eskifjörður — Göng	23,1
	Samtals	224,0

1.4. Ó-vegir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1988 Fjárv. m.kr.
61	Djúpvegur	
25	Óshlíð	14,9
82	Ólafsfjarðarvegur	
06	Um Ólafsfjarðarmúla	110,1
	Samtals	125,0

1.5. Höfuðborgarsvæðið.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1988 Fjárv. m.kr.
1	Vesturlandsvegur	
13	Grafarholt — Lágafell	8,0
13—14	Við Langatanga og Álafossveg	4,0
14	Við Brúarland	7,0
40	Hafnarfjarðarvegur	
03	Kópavogur — Arnarnes	14,0
41	Reykjanesbraut	
02—03	Reykjavík — Hafnarfjörður	30,0
04	Hvammabraut — Ásbraut	3,0
04	Gatnamót Lækjargötu	5,7
431	Hafravatnsvegur	
02	Reykjalundarvegur — Vesturlandsvegur	1,3
	Þjóðvegir samtals	73,0
	Greiðsla upp í skuld við Reykjavík vegna þjóðvega í þéttbýli	26,0
	Þjóðvegir í þéttbýli í Reykjavík	6,0
	Þjóðvegir í þéttbýli í Kópavogi	6,0
	Samtals	111,0

Stofnbrautir: óráðstafað til 1989.

Suðurland	23,0
Reykjanes	13,0
Vesturland	24,0
Vestfirðir	32,0
Norðurland vestra	18,0
Norðurland eystra	32,0
Austurland	32,0
Ólafsfjarðarmúli	25,0
Höfuðborgarsvæðið	25,0
Samtals	224,0

2. Þjóðbrautir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1988 Fjárv. m.kr.
26	Landvegur	
01	Suðurlandsvegur — Hagabraut	6,1
204	Meðallandsvegur	2,4
215	Reynishverfisvegur	1,3
240	Stórhöfðavegur	7,9
252	Landeyjavegur	
06	Ártúnsvegur — Suðurlandsvegur	1,4
255	Akureyjarvegur	2,3
261	Fljótshlíðarvegur	
03—04	Hlíðarendi — Hámúli	7,5
32	Þjórsárdalsvegur	
01	Skeiðavegur — Stóra-Núpsvegur	4,8
33	Gaulverjabæjarvegur	
01	Suðurlandsvegur — Hamarsvegur	2,4
37	Laugarvatnsvegur	
03	Laugarvatnsvegur — Reykjavegur	4,8
305	Villingaholtsvegur	2,4
42	Krýsuvíkurvegur	
01	Bláfjallavegur — Vatnsskarð	5,0
461	Meðalfellsvegur	
01	Um Svínadalsá og Bugðu	7,0
50	Borgarfjarðarbraut	
01	Um Þverá hjá Geitabergi	1,5
04	Kleppjárnsreykir — Deildartunga	5,0
518	Hálsasveitarvegur	
01	Borgarfjarðarbraut — Reykholtsdalsvegur	13,9
03	Um Húsafellsskóg	3,5
577	Helgafellssveitarvegur	
01	Snæfellsnesvegur — Snæfellsnesvegur	5,9
593	Efribyggðarvegur	
01	Hella — Flekkudalsá	3,9
69	Steinadalsvegur	
02	Steinadalur — Hólmavíkurvegur	0,8
612	Örlygshafnarvegur	
03	Kollsvíkurvegur — Látur	2,0
633	Vatnsfjarðarvegur	
03	Skálavík — Kelda	10,3
645	Drangsnesvegur	
01	Strandavegur — Drangsnes	4,9
711	Vatnsnesvegur	
07	Síðuvegur — Norðurlandsvegur	0,5
731	Svínvetningabraut	
02—03	Tindar — Blöndubrú	4,8

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1988 Fjárv. m.kr.
734	Svartárdalsvegur	
01	Um Fjósaklif	3,0
745	Skagavegur	
08	Í Laxárdal	1,3
767	Hólavegur	
01	Víðinesá — Hólar	3,0
02	Hólar — hesthús	1,7
769	Ásavegur	4,2
792	Flugvallarvegur í Siglufirði	2,0
83	Grenivíkurvegur	
02	Norðurlandsvegur — Fagranes	4,6
803	Kleifavegur	
02	Flugvöllur — Sólheimar	2,0
824	Finnastaðavegur	
01	Finnastaðir — Gilsbakki	6,3
846	Austurhlíðarvegur	
01	Norðurlandsvegur — Laugar	0,6
848	Mývatnsvegur	
01	Vagnbrekka — Stekkjarnes	3,7
850	Flugvallarvegur Mývatnssveit	
01	Kísilvegur — Flugvöllur	3,0
870	Kópaskersvegur	
01	Norðausturvegur — Kópasker	2,4
94	Borgarfjarðarvegur	
01	Vegamót — Mýnes	0,7
923	Jökuldalsvegur	
04	Jökla — Hrafnkelsdalsmynni	7,0
931	Upphéraðsvegur	
08	Atlavík — Hafursá	5,3
953	Mjóafjarðarvegur	2,5
955	Flugvallarvegur Norðfirði	3,8
	Samtals	169,4

Þjóðbrautir: óráðstafað til 1989.

Suðurland	9
Reykjanes	2
Vesturland	8
Vestfirðir	5
Norðurland vestra	5
Norðurland eystra	5
Austurland	5
Samtals	39

2.4. Til brúagerða.
1. Til brúa 10 m og lengri.

	1988 Fjárv. m.kr.
Háfsós (275)	5,5
Skurður hjá Krossi (sýsluvegur)	2,6
Bugða (461)	3,6
Svínadalsá (461)	4,0
Straumfjarðará (54)	14,0
Gilsfjörður — rannsóknir (60)	1,2
Bæjará (60)	4,3
Haukabergsá (62)	3,5
Gljúfurá (76)	4,8
Eyjafjarðará (823)	1,6
Grænilækur (1)	6,5
Hafralónsá (85)	24,4
Laxá (sýsluvegur S-Þing.)	3,7
Morsá (fjallvegur)	1,3
Samtals	81,0
Brýr: óráðstafað til 1989	22,0

Nd. **1025. Lög** [445. mál]

um eiturefni og hættuleg efni.

(Afgreidd frá Nd. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 795.

Nd. **1026. Lög** [5. mál]

um breytingu á lögum nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

(Afgreidd frá Nd. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 907.

Nd. **1027. Lög** [474. mál]

um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74 21. ágúst 1974.

(Afgreidd frá Nd. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 824.

Nd. **1028. Lög** [276. mál]

um lögreglusamþykktir.

(Afgreidd frá Nd. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 575.

Nd. **1029. Lög** [365. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

(Afgreidd frá Nd. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 697.

Nd. **1030. Lög** [448. mál]

um breytingu á lögum nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 798.

Nd. **1031. Lög** [449. mál]

um heimild fyrir Reykjavíkurborg til þess að taka eignarnámi hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda í Kópavogskaupstað.

(Afgreidd frá Nd. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 799.

Nd. **1032. Lög** [391. mál]

um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

(Afgreidd frá Nd. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 959.

Nd. **1033. Lög** [390. mál]

um Kennaraháskóla Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 961 (sbr. 736).

Sþ. 1034. Skýrsla [516. mál]

Matthíasar Á. Mathiesen samstarfsráðherra um störf norrænu ráðherranefndarinnar 1987–88.

(Lögð fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. SKRIFSTOFA SAMSTARFSRÁÐHERRA NORÐURLANDA

1.1 Skipulag á skrifstofu samstarfsráðherra.

Allt frá stofnun Norrænu ráðherranefndarinnar árið 1973 þar til í ársbyrjun 1984 var skrifstofa samstarfsráðherra í forsætisráðuneytinu, en forsætisráðherra var jafnframt samstarfsráðherra Norðurlanda allar götur til ársins 1980 er þáverandi dómsmálaráðherra var falið að gegna jafnframt embætti samstarfsráðherra Norðurlanda.

Guðmundur Benediktsson, ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu, hafði öll þessi ár jafnframt ráðuneytisstjóraembætti sínu starf staðgengils samstarfsráðherra með höndum. Í samstarfsráðherratíð Friðjóns Þórðarsonar dóms- og kirkjumálaráðherra (1980–1983) gegndi ráðuneytisstjórinn áfram starfi staðgengils og reyndar lengur eða til áramóta 1983–1984.

Matthías Á. Mathiesen viðskiptaráðherra var jafnframt samstarfsráðherra árin 1983–1985. Tímabilið 1984–1985 gegndi hann formennsku ráðherranefndarinnar og er þetta í fyrsta sinn sem íslenskur samstarfsráðherra gegnir formennsku ráðherranefndar samstarfsráðherra.

Halldór Ásgrímsson sjávarútvegsráðherra var síðan samstarfsráðherra árin 1985–1987.

Árin 1984–1987 var skrifstofa samstarfsráðherra í viðskiptaráðuneytinu og gegndi Jón Júlíusson, deildarstjóri í viðskiptaráðuneytinu, starfi staðgengils þessi ár og formennsku í embættismannanefnd staðgengla samstarfsráðherra 1984–1985.

Þá kom sú breyting til framkvæmdar á síðastliðnu ári, samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá desember 1986, að stofnuð var sérstök skrifstofa í utanríkisráðuneytinu, „Skrifstofa Norðurlandamála“, og hefur hún aðsetur að Skúlagötu 63. Var Jón Júlíusson skipaður sendifulltrúi í utanríkisþjónustunni frá 1. júlí 1987 og jafnframt falið að starfa sem staðgengill samstarfsráðherra Norðurlanda í utanríkisráðuneytinu. Um efnisatriði norrænnar samvinnu fellur starfssvið hans undir samstarfsráðherra en stjórnskipulega undir utanríkisráðherra. Þessi breyting er til þess fallin að skapa aukna festu í stjórnsýslustörfum hvað viðkemur norrænu samstarfi á vettvangi ríkisstjórnarinnar og reyndar hefur sami háttur verið hafður á frá öndverðu í Danmörku og Finnlandi. Sama skipan var tekin upp í Svíþjóð fyrir nokkrum árum við sameiningu utanríkis- og utanríkisviðskiptaráðuneytanna og í Noregi frá 1. janúar 1988.

Þá var starfsmaður ráðinn í skrifstofu Norðurlandamála frá 1. desember 1987 þannig að tveir starfsmenn starfa nú við skrifstofuna, Jón Júlíusson skrifstofustjóri og Áslaug Skúladóttir deildarstjóri.

1.2 Fjárveitingar til skrifstofu samstarfsráðherra Norðurlanda.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1987 var tekið inn nýtt viðfangsefni undir aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins sem nefnist „staðgengill samstarfsráðherra Norðurlanda“ og var framlagið miðað við laun tveggja starfsmanna. Af skipulags- og húsnæðisástæðum var

skrifstofan þó ekki formlega stofnuð fyrr en 1. júlí 1987 og fullur rekstur hennar í húsakynnum utanríkisráðuneytisins hófst ekki fyrr en í desember 1987.

Í fjárlögum fyrir árið 1988 hafa verið gerðar tilfærslur að upphæð 31 050 þús. kr. sem er framlag Íslands til norrænu fjárlaganna. Þessi útgjöld eru millifærð frá öðrum ráðuneytum, annars vegar frá forsætisráðuneyti og hins vegar frá menntamálaráðuneyti. Sú skipting byggðist á því að fram á mitt ár 1986 voru starfræktar tvær skrifstofur ráðherranefndarinnar, almenn skrifstofa í Ósló og menningarmálaskrifstofan í Kaupmannahöfn. Við sameiningu þeirra í eina nýja skrifstofu og samruna norrænu fjárlaganna sköpuðust forsendur til þess að sameina framlag Íslands undir eitt ráðuneyti. Heildargjöld íslensku skrifstofunnar nema samkvæmt fjárlögum þessa árs 39 186 þús. kr.

2. SAMSTARFSRÁÐHERRAR ÍSLANDS

Í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar (26/5 1983–8/7 1987) fór Matthías Á. Mathiesen viðskiptaráðherra með málaflokk norræns samstarfs á tímabilinu 26/5 1983 – 16/10 1985, en tímabilið 16/10 1985 – 8/7 1987 Halldór Ásgrímsson sjávarútvegsráðherra. Í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar fer Matthías Á. Mathiesen samgönguráðherra með málaflokk norræns samstarfs, en Halldór Ásgrímsson var starfandi samstarfsráðherra í umboði Matthíasar Á. Mathiesen þar til í nóvember 1987.

Milli Norðurlandaráðsþinga 1987 og 1988 héldu samstarfsráðherrarnir níu fundi, þar af einn í Reykjavík:

22.2. 1987 í Helsingfors
27.2. 1987 í Helsingfors
13.5. 1987 í Ósló
16.6. 1987 í Stokkhólmi
25.8. 1987 í Reykjavík
18.9. 1987 á skipi við Norður-Noreg
10.11. 1987 í Åbo
9.12. 1987 í Ósló
19.1. 1988 í Kaupmannahöfn.

3. NORRÆNU FJÁRLÖGIN

3.1 **Baksvið.**

Jafnframt því sem skrifstofur ráðherranefndar Norðurlanda voru sameinaðar þurfti að sameina fjárlög nefndarinnar (norrænu fjárlögin). Þessar breytingar fengu stoð í breytingum á Helsingforssamningnum og norræna menningarmálasamningnum sem tóku gildi 12. febrúar 1986. Þá ákváðu norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð að gera breytingu á norrænu fjárlagagerðinni með gildistöku 1988 sem einkum felst í að fjárlög hvers árs hafi mun skemmri aðdraganda en áður, þannig að fjárþarfir hvers samstarfsgeira verða mönnum fyrr ljósari en áður var og fjárlagakerfið allt þannig gert skilvirkara.

3.2 **Fjárhagsáætlun 1988.**

Hinn 27. nóvember 1987 samþykkti ráðherranefndin (samstarfsráðherrarnir) fjárlagafrumvarp fyrir 1988 og fjárlagaramma fyrir næstu tvö ár (1989–1990). Í fjárlagarammanum er gert ráð fyrir 3% raunhækkun heildarfjárlaga hvort árið um sig og höfðu ríkisstjórnir landanna samþykkt þessa aukningu sérstaklega.

Niðurstaða fjárhagsáætlunar fyrir árið 1988 er 564 495 000 danskar krónur og nemur raunhækkun frá 1987 um 5% en um 7% í menningarmálageiranum sem hækkaði þannig ívið meir en nemur meðalhækkun heildarfjárlaganna.

Skipting framlaga landanna fer eftir „norræna lyklinum“ sem hefur verið ákveðinn svo:

	1988	1987	1986
Danmörk	20,0%	20,5%	21,4%
Finnland	20,3%	20,0%	19,4%
Ísland	0,9%	0,9%	0,8%
Noregur	21,5%	21,5%	21,2%
Svíþjóð	37,3%	37,1%	37,2%

3.3 Yfirlit yfir fjárhagsáætlun fyrir árin 1987 og 1988 (1000 dkr.).

Samstarfssvið	Fjárlög 1987	Fjárlög 1988
Menningarmálasjóðurinn	11.033	11.529
Fjárveitingasjóður	19.221	22.506
Óskilgreint	—	3.040
Almenn menningarmál	43.625	44.803
Fræðslumál	17.399	18.313
Vísindamálefni	63.444	65.694
Tölvutækni	36.036	37.658
Orkumál	12.317	11.720
Umhverfismál	10.465	12.904
Vinnumarkaðsmál	9.514	10.243
Vinnuumhverfismál	7.895	8.233
Félags- og heilsugæslumál	26.824	30.502
Jafnréttismál	2.230	7.625
Iðnaðarmál	74.911	88.092
Rannsóknir og þróun	22.204	—
Efnahags- og fjármál	2.533	3.287
Hagtöluskrifstofan	2.188	2.253
Húsnæðismál	5.783	6.360
Viðskiptamál	15.345	16.323
Byggðamál	25.980	26.881
Samgöngumál	5.279	9.565
Umferðaröryggismál	2.581	3.597
Ferðamál	8.134	8.500
Landbúnaðarmál	20.164	20.798
Sjávarútvegsmál	500	2.703
Neytendamál	4.492	4.694
Matvælamál	1.525	2.194
Styrkir til félagsstarfsemi	785	1.920
Embættismannaskipti (styrkir)	1.430	1.694
Varasjóður framkvæmdastjóra	800	1.038
Varasjóður ráðherranefndarinnar	14.600	11.272
Launavarasjóður	11.045	11.045
Rekstrarkostnaður skrifstofu ráðherranefndarinnar	53.515	57.509
Sameining skrifstofa	3.000	—
Samtals	536.797	564.495

4. SKÝRSLA RÁÐHERRANEFNDARINNAR FYRIR ÁRIÐ 1987 OG RÁÐHERRANEFNDARTILLÖGUR

4.1 Skýrsla um norrænt samstarf 1987 (C1 1988).

Aðalskýrsla norrænu ráðherranefndarinnar, „Berättelse rörande det nordiska samarbetet 1987", var send Norðurlandaráði í desember 1987. Hún er 289 bls. að lengd og fjallar um alla málaflokka sem formlegt samstarf ríkisstjórna Norðurlanda tekur til.

Of viðurhlutamikið væri að rekja á þessum vettvangi efni skýrslunnar, enda er hún mörgum kunn og öllum tiltæk. — Þó verður í síðari köflum gerð grein fyrir nokkrum samstarfsverkefnum sem ætla má að höfði til okkar Íslendinga þótt hvergi nærri tæmandi sé. Að öðru leyti vísast til skýrslunnar sjálfrar, m.a. um störf embættismannanefnda á ýmsum sviðum. Störf ráðherranefndarinnar á liðnu starfsári endurspeglast í ársskýrslu hennar og ber e.t.v. hæst þar tillögur nefndarinnar sem bornar voru upp og samþykktar á 36. þingi Norðurlandaráðs í Ósló í mars sl.

Eftirfarandi 11 ráðherranefndartillögur voru lagðar fyrir þingið:

1) Starfsáætlun um líftækni (Program for bioteknologisk samarbejde).
2) Starfsáætlun um norræna þróunaraðstoð (Program for nordisk bistandssamarbejde).
3) Skipan fjárfestingarlána til verkefna á vildarkjörum (Ordning for blöde projektinvesteringslån).
4) Breyting Norræna verkefnaútflutningssjóðsins í fastastofnun (Omdannelse af NoPEF til permanent institution).
5) Samstarfsáætlun á sviði fæðu- og næringarefna (Samarbejdsprogram på næringsmiddelområdet).
6) Breyting byggðalánadeildar Norræna fjárfestingarbankans í fastastofnun (Omdannelse af NIB's regionallånsordning til permanent institution).
7) Framkvæmdaáætlun um norrænt menningarsamstarf (Handlingsplan for kultursamarbejdet).
8) Stofnun norrænnar iðnaðarmiðstöðvar í Ósló (Nordisk industrielt centrum i Oslo).
9) Endurskoðuð samstarfsáætlun á sviði félagsmála og heilsugæslu (Revideret samarbejdsprogram på social- og sundhedsområdet).
10) Framkvæmdaáætlun um aukið umferðaröryggi (Handlingsplan for øget trafiksikkerhed).
11) Stofnun norræns þróunarsamvinnusjóðs (NUF) (Oprettelse af en nordisk udviklingsfond).

Allar framanskráðar ráðherranefndartillögur hafa sætt umfjöllun viðkomandi fastanefnda Norðurlandaráðs og nákvæmri athugun og skoðun þar til bærra embættismannanefnda og loks umfjöllun 36. Norðurlandaráðsþings.

Eru ekki efni til að lýsa þeim hverri fyrir sig frekar hér (sjá þó kafla 4.2, 4.3, 4.4 og 4.5).

Þá ber einnig í þessu sambandi að nefna aðra yfirlitsskýrslu ráðherranefndarinnar (samstarfsráðherranna), C2 1988, sem fjallar um áform og áætlanir í norrænu samstarfi næstu árin og send var Norðurlandaráði 19. janúar sl. („Redogörelse om planerna för det nordiska samarbetet"), 103 bls.

Í næsta kafla mun farið nokkrum orðum um „starfsáætlun um líftækni", enda áttu Íslendingar drjúgan þátt í að líftæknimálið komst á dagskrá þótt vonir okkar um norræna líftæknistofnun á Íslandi virðist ekki ætla að rætast.

4.2 Samstarf um líftækni.

Fyrirliggjandi áætlun er unnin fyrir tilstilli forsætisráðherra Norðurlandanna (í desember 1986), en ráðherranefndin (samstarfsráðherrarnir) skipaði síðan starfsáætlunarnefnd

sérfræðinga í apríl 1987 sem skyldi vinna að tillögugerð um samstarfsáætlun á sviði líftækni. Nefndin starfaði frá júní til loka september 1987. Í upphafi starfsins ákvað nefndin að leggja áherslu á samræmingu og samstarf í líftæknirannsóknum samkvæmt þeim líftækniáætlunum sem unnið er eftir í löndunum fimm.

Meðal þess sem lá til grundvallar stofnun nefndarinnar var íslensk tillaga á þingi Norðurlandaráðs um að komið yrði á fót á Íslandi rannsóknastofnun um örverur sem lifa við jaðarskilyrði.

Þegar í upphafi starfs nefndarinnar var mönnum ljóst að þessi tillaga næði ekki fram að ganga óbreytt. Engu að síður þótti íslensku nefndarmönnunum ástæða til að tryggja að grundvallarhugmyndir tillögunnar kæmu glögglega fram í þeirri skýrslu sem nefndin skilaði frá sér að lokum.

Úrvinnsla tillögunnar um líftæknistofnun á Íslandi fór fram í annarri nefnd sérfræðinga sem fékk það hlutverk frá ráðherranefndinni að kanna umfang og áhuga á Norðurlöndunum fyrir rannsóknum á hita- og kuldakærum gerlum. Fulltrúi Íslands í þeirri nefnd var dr. Jakob K. Kristjánsson. Nefndin skilaði skýrslu til starfsáætlunarnefndar í byrjun október. Gert er ráð fyrir starfsemi á þessu sviði í þeim hluta áætlunarinnar sem Norræna iðnaðarsjóðnum verður falið að framkvæma.

Í starfi starfsáætlunarnefndarinnar lögðu íslensku fulltrúarnir áherslu á að íslensk þátttaka í norrænu samstarfi yrði fyrst og fremst byggð á þeirri rannsóknastarfsemi á sviði líftækni sem nokkuð hefur miðað áfram hér á landi. Skal þar helst telja:

— rannsóknir á hita- og kuldakærum bakteríum og ensímum þeirra og notkun þessara ensíma í ýmsum atvinnugreinum;
— ensímtækni, ræktunar- og framleiðslutækni;
— sjávarlíftækni og fiskeldi;
— erfðatækni og læknisfræðilega líftækni.

Þessi svið eru öll meðal þess sem áhersla er lögð á í samstarfsáætluninni.

Það er einkennandi í öllum líftækniáætlunum sem gerðar hafa verið á Norðurlöndum að lögð er mikil áhersla á að efla menntun og fjölga þeim sem hæfir eru til að sinna rannsóknum. Með því er einnig lagður grundvöllur að því að geta menntað fólk til starfa í framleiðslufyrirtækjum sem byggja á líftækni.

Í tillögum nefndarinnar er að finna nokkur atriði sem varða okkur Íslendinga sérstaklega. Rík áhersla er lögð á:

— að koma upp styrkjakerfi og menntunarverkefnum á framhaldsstigi, þ.e. að loknu grunnnámi í háskóla, einatt í tengslum við rannsóknaverkefni,
— möguleika vísindamanna til þess að dveljast um tíma í einhverju öðru norrænu landi,
— styrki, ráðstefnur og samvinnuverkefni.

Í áætluninni er gert ráð fyrir að 55 milljónum danskra króna verði varið til líftækniáætlunarinnar árlega næstu fimm árin úr sameiginlegum norrænum sjóðum.

Í nefndinni sátu fyrir Íslands hönd dr. Grímur Valdimarsson, forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, og Eiríkur Baldursson, deildarsérfræðingur Rannsóknaráðs.

4.3 Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn.

Ein ráðherranefndartillagnanna fól í sér að Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn yrði gerður að norrænni fastastofnun. Sjóðurinn var stofnaður árið 1982 — til reynslu, en tvívegis hefur reynslutímabil sjóðsins verið framlengt. Þá hefur verið gerð úttekt á starfsemi sjóðsins með jákvæðri niðurstöðu.

Sjóðurinn hefur það verkefni með höndum að hvetja til verkefnaútflutnings, fyrst og fremst til þróunarlandanna, en einnig til ríkisverslunarlandanna (Austur-Evrópu). Sjóðurinn styrkir þannig fyrirtæki og stofnanir á Norðurlöndum til úttektar raunhæfra verkefna í

öðrum löndum sem leitt gætu til verksamninga og verkefnaútflutnings. Þá er sjóðnum einnig ætlað að styrkja iðnaðarsamstarf á Norðurlöndum.

Eftirspurn eftir stuðningi frá sjóðnum hefur verið mikil og án efa hefur starfsemi hans hvatt til aukinnar norrænnar samvinnu milli fyrirtækja. Samtals hefur sjóðurinn fjallað um 282 verkefni og þar af veitt áhættufé til 169 verkefna.

Hagsmunir Norðurlandanna í þeim verkefnum, sem sjóðurinn hefur stutt, eru eðli málsins samkvæmt misjafnir. Svíþjóð hefur tengst flestum verkefnanna eða um 190, Noregur 160, Danmörk og Finnland 130 hvort land og Ísland hefur tengst 40 verkefnum. Þetta er meiri þátttaka af Íslands hálfu en búist var við í upphafi. Það kemur ekki á óvart að flest verkefnanna, sem Ísland tengist, eru í sjávarútvegi og orkubúskap, en einnig er ánægjulegt að fyrirtæki í öðrum greinum, bæði í iðnaði og verkefnastarfsemi, hafa skotið upp kollinum.

Þótt tilraunir íslenskra fyrirtækja hafi ekki enn borið þann árangur að þær hafi leitt til samnings um útflutningsverkefni má fullyrða að íslensku fyrirtækin hafi bæði öðlast mikilvæga reynslu með þátttöku í þessum verkefnum og jafnframt leitt til sambanda við önnur norræn fyrirtæki sem kunna að reynast þýðingarmikil í framtíðinni. Ljóst er að í fáum greinum er eins mikill möguleiki á árangri og í sjávarútvegi og orkuvinnslu. Í þessum greinum hafa Íslendingar yfir mikilvægri reynslu og þekkingu að ráða og sameiginlega eru Norðurlöndin sterk og mjög vel samkeppnisfær á þessum sviðum á alþjóðavettvangi.

Í framtíðinni er mikilvægt að Íslendingar taki ríkari þátt í útflutningsverkefnum en verið hefur. Brýnt er í þessu sambandi að Íslendingar bindi sig ekki eingöngu við sölu á ráðgjöf og þjónustu og hugsanlega vörum í einhverjum mæli, heldur fjárfesti jafnframt í erlendum fyrirtækjum. Það á reyndar við Norðurlöndin í heild að æskilegt er fyrir þau að gerast í ríkara mæli en nú er eignaraðilar að fyrirtækjum utan Norðurlanda. Kjörið er fyrir Íslendinga að eiga samstarf við hinar Norðurlandaþjóðirnar í þessu efni. Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn getur gegnt mikilvægu hlutverki í því að leiða saman aðila um áhugaverð verkefni á þessu sviði.

Norræn samvinna getur án efa skilað þjóðunum verulegum ávinningi í mynd aukins útflutnings til annarra landa. Má í þessu sambandi nefna sérstaklega, auk verkefnaútflutningssjóðsins, Norræna fjárfestingarbankann og nú síðast Norræna þróunarsjóðinn sem síðar verður fjallað um. Jafnframt er mikið og gott samstarf milli norrænu útflutningsmiðstöðvanna. Þetta er góður grunnur til að byggja á norrænt samstarf um útflutning.

Um þessar mundir eru ákveðin tímamót í starfsemi sjóðsins. Fram til þessa hefur hann starfað til reynslu, tímabundið, en nú hefur verið ákveðið að gera starfsemina varanlega eins og að framan er vikið að. Framundan er því mótun mikilvægra þátta í framtíðarstarfsemi sjóðsins.

Frá stofnun sjóðsins hafa setið í stjórn hans af Íslands hálfu þeir Þórður Friðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, og Björn Líndal, deildarstjóri í viðskiptaráðuneytinu.

4.4 Framkvæmdaáætlun um norrænt menningarsamstarf.

Rétt þykir að gera nokkra frekari grein fyrir „framkvæmdaáætlun um norrænt menningarsamstarf“ næstu árin, enda hefur menningarsamstarfið verið kjarninn í norrænum samskiptum frá upphafi og verður hér vitnað í samantekt menntamálaráðuneytisins:

Norðurlandaráð samþykkti árið 1986 ályktun um að gerð skyldi slík áætlun um norræna samvinnu á sviði menningarmála. Voru drög að áætluninni lögð fyrir ráðið sem fjallaði um þau á þingi sínu í Ósló í mars sl., en áætlunin hlaut síðan endanlega staðfestingu ráðherranefndarinnar (menntamálaráðherranna) 10. mars 1988.

Meginmarkmið framkvæmdaáætlunarinnar er að efla menningartengsl Norðurlandaþjóða í ljósi þeirra viðhorfa að menningarleg samkennd þeirra og samstarf hafi ekki einungis gildi í sjálfu sér heldur sé einnig grundvöllur norrænnar samvinnu á öðrum sviðum.

Af eðlilegum ástæðum taka drög ráðherranefndarinnar aðeins til málefna sem falla undir verksvið nefndarinnar, en ekki hins fjölbreytilega og víðtæka samstarfs sem fram fer án íhlutunar stjórnvalda. Framkvæmdaáætluninni er hins vegar einnig ætlað að styrkja fjárhagslegan og skipulagslegan grundvöll slíks samstarfs.

Áætlunin skiptist í þrjú aðalsvið, þ.e. fræðslumál, vísindi og almenn menningarmál. Á hverju þessara sviða eru gerðar tillögur um ráðstafanir til að örva norræna samvinnu.

Á sviði fræðslumála er lögð áhersla á mikilvægi þess að efla gagnkvæman málskilning á Norðurlöndum og rætt um stuðning við útgáfu fræðsluefnis og þróun kennslutækja í því skyni. Stefnt er að því að auka möguleika norrænna námsmanna á að stunda um skeið nám annars staðar á Norðurlöndum en í heimalandi sínu. Hefur þegar verið ákveðið að koma á sérstöku styrkjakerfi í þessum tilgangi. Kerfi þessu eða starfsáætlun er jafnframt ætlað að örva samvinnu milli menntastofnana, einkum á háskólastigi, m.a. með kennaraskiptum.

Á sviði vísinda er meginmarkmið framkvæmdaáætlunarinnar að beita norrænni samvinnu til að tryggja gæði rannsóknastarfseminnar, efla vísindamenntun, styrkja þátt norrænna vísindarannsókna á alþjóðavettvangi og stuðla að frjóum tengslum þeirra við alþjóðlega vísindastarfsemi.

Fyrirhugaðar eru ýmsar aðgerðir til að efla tengsl milli vísindamanna og vísindastofnana á Norðurlöndum. Fjölgað verður norrænum námskeiðum fyrir unga vísindamenn. Jafnframt er ráðgert að stofna í tilraunaskyni norrænar gistiprófessorastöður, og kannaðir verða möguleikar á að ráða sameiginlega leiðbeinendur fyrir norræna stúdenta í vísindanámi á mjög sérhæfðum sviðum. Með þeim hætti er stefnt að því að samnýta betur tiltæka sérfræðiþekkingu á Norðurlöndum og jafnframt efla alþjóðatengsl norrænnar vísindamenntunar og rannsókna.

Á sviði almennra menningarmála hefur framkvæmdaáætlunin að geyma tillögur sem beinast að því að efla ýmsar samnorrænar menningarstofnanir, svo sem Norrænu listmiðstöðina í Helsingfors, „Norrænu húsin“ og aðrar stofnanir sem vinna að því að miðla menningarstraumum um Norðurlöndin.

Í samræmi við þessi áform hefur verið samþykkt að hækka m.a. nokkuð fjárframlög til Norræna hússins í Reykjavík árið 1988, einkum til að gera stofnuninni kleift að sinna í auknum mæli kynningu á íslenskri menningu annars staðar á Norðurlöndum.

Stefnt verður að því að auka fjármagn til að styrkja ýmiss konar norrænt menningarsamstarf sem fram fer á vegum annarra en opinberra aðila.

Ráðherranefndin hyggst beita sér fyrir því að framlög til menningarmála í norrænu samstarfsfjárlögum verði á næstu árum hækkuð jafnt og þétt með hliðsjón af framkvæmdaáætluninni, þannig að þau hafi árið 1991 aukist að raungildi um sem nemur 35 milljónum danskra króna frá fjárlögum ársins 1987. Það ár voru niðurstöðutölur menningarmálahluta samstarfsfjárlaganna um 155 millj. danskra kr.

4.5 Norrænn þróunarsamvinnusjóður (NUF).

Ráðherranefndartillagan er hugsuð sem einn þáttur af mörgum í samstarfi Norðurlanda á sviði þróunaraðstoðar.

Forgangsverkefni sjóðsins verður þátttaka í fjármögnun verkefna í „þróunarlöndunum“ samkvæmt alþjóðlegri skilgreiningu, þ.e. í snauðustu og fátækustu löndum heims, og má einungis í undantekningartilvikum veita lán til annarra landa.

Þau lán, sem veitt verða, skulu vera með niðurgreiddum vaxtakjörum (svo nefnd „mjúk lán“), þ.e. á svipuðum kjörum og gilda um lán Alþjóðaþróunarsjóðsins (IDA).

Hugmyndin um stofnun Norræns þróunarsamvinnusjóðs, sem veita skyldi snauðustu þróunarlöndunum hagstæð lán („koncessionelle lån“), hefur verið á döfinni sl. 3–4 ár hjá Norðurlandaráði, samstarfsráðherrunum og ráðherrum þeim sem með þróunarsamvinnumál fara án þess að málið tæki á sig raunhæfa mynd fyrr en nú í ár.

Vísa má til ályktunar Norðurlandaráðsþings nr. 4/1984 sem lýtur að stofnun sjóðs til þess að veita þróunarlöndum niðurgreidd lán og til skýrslu ráðherranefndarinnar frá 28. nóvember 1986 um stöðu mála.

Þá má vísa til ályktunar nr. 26/1987 frá næst síðasta þingi Norðurlandaráðs þar sem ráðherranefndin er m.a. hvött til að bæta sérstökum „mjúkum glugga“ við lánaflokka NIB, þ.e. að viss lönd geti fengið fjárfestingarlán til sérstakra verkefna með niðurgreiddum vöxtum og fleiri ívilunum.

Hugmyndir þær, sem felast í ofangreindum tillögum, fengu byr í seglin á ráðherrafundi (þróunarmálaráðherrarnir) sem haldinn var í Helsingfors 1. september 1987.

Þar urðu ráðherrarnir sammála um að skipa sérstaka vinnunefnd sem vinna skyldi hratt að málum og skyldi hún semja tillögur að samningi og reglugerð vegna stofnunar norræns þróunarsamvinnusjóðs fyrir miðjan nóvember 1987.

Íslendingar tilnefndu ekki fulltrúa í þessa nefnd, en á fundi samstarfsráðherranna í Kaupmannahöfn 19. janúar sl. voru drög að milliríkjasamningi svo og reglugerð fyrir sjóðinn ásamt stofnfjárupphæð og greiðsluframlögum lögð fyrir ráðherrana.

Höfðu ríkisstjórnir Finnlands, Noregs og Svíþjóðar þá þegar samþykkt drögin og samþykki ríkisstjórnar Danmerkur barst síðan inn á fundinn. Ríkisstjórn Íslands samþykkti aðild sína á ríkisstjórnarfundi hinn 11. febrúar sl.

Samningurinn kveður á um að stofnfé sjóðsins skuli vera 100 milljónir SDR eða um 5 milljarðar ísl. króna. Þar af ber að greiða ⅕ hluta þremur mánuðum eftir fullgildingu samningsins. Stofnframlag Íslands verður því 0,9% af 20 milljónum SDR eða 9 109 116 ísl. kr. (gengi SDR 10 febr. 1988 1 SDR = 50,6066 kr.). Samningurinn um aðild Íslands á eftir að fara fyrir Alþingi og greiðsla stofnframlags getur að öllu óbreyttu ekki farið fram fyrr en á næsta ári, á fjárlögum ársins 1989. Hin Norðurlöndin ætla þó að reiða fram sinn hlut á þessu ári úr sjóðum þróunarsamvinnustofnana landanna.

Stjórn sjóðsins munu skipa einn aðalmaður og einn varamaður frá hverju Norðurlandanna.

5. NORRÆNN ÞRÓUNARSJÓÐUR FYRIR HIN VESTLÆGU NORÐURLÖND

Hinn 19. ágúst 1986 undirritaði Halldór Ásgrímsson þáverandi samstarfsráðherra ásamt samstarfsráðherrum hinna Norðurlandanna og oddvitum landsstjórna Færeyja og Grænlands „samning um stofnun norræns þróunarsjóðs fyrir hin vestlægu Norðurlönd“ (Udviklingsfond for Vestnorden). Fór sú athöfn fram á ráðherrafundi á Höfn í Hornafirði að viðstöddum þáverandi forsætisráðherra, Steingrími Hermannssyni, Atla Dam lögmanni Færeyja og Jonathan Motzfeldt, formanni grænlensku landsstjórnarinnar.

Í framhaldi af undirrituninni samþykkti Alþingi lög um stofnun sjóðsins hinn 19. febrúar 1987.

Myndun þessa sjóðs var lengi í deiglunni og undirbúningur fyrst og fremst í höndum byggðamálaráðherranna. Sjóðnum er ætlað að efla svæðisbundna norræna samvinnu, auka hagþróun á hinum vestlægu Norðurlöndum og efla samvinnu milli hinna vestlægu Norðurlanda innbyrðis svo og samvinnu þeirra við önnur Norðurlönd.

Sjóðurinn er þannig stofnaður í þeim tilgangi að efla fjölhæft og samkeppnishæft atvinnulíf á hinum vestlægu Norðurlöndum með lánveitingum og styrkjum. Honum er jafnframt ætlað að stuðla að aukinni samvinnu Norðurlandanna á sviði iðnaðar, í viðskiptum og tækni. Stofnfé sjóðsins er jafngildi 14,1 milljónar bandaríkjadala og nemur framlag Íslands andvirði 400 þúsund dala. Þá má geta þess að aðsetur sjóðsins er í Reykjavík og fulltrúar hans í Þórshöfn og Nuuk. Sjóðurinn tók formlega til starfa í húsnæði Byggðastofnunar hinn 1. nóvember 1987. Af Íslands hálfu skipa stjórnina þeir Jónas Hallgrímsson framkvæmdastjóri og Hlynur Þór Magnússon menntaskólakennari, varamaður. Framkvæmdastjóri sjóðsins er Steinar Bendt Jakobsson.

Fyrsti stjórnarfundur sjóðsins var haldinn 10. febrúar 1988 í Reykjavík og ákvað stjórn sjóðsins á þessum fundi að nota skuli nafnið „Lánasjóður Vestur-Norðurlanda“ í daglegum viðskiptum á Íslandi, en nafnið Vestnordenfonden á öðrum Norðurlöndum. Næsti stjórnarfundur verður á Grænlandi 24. ágúst 1988.

Nýlega hefur verið gengið frá ársreikningum sjóðsins fyrir 1987 og eru þeir nú tilbúnir til undirskriftar hjá endurskoðendum.

Sjóðurinn veitti fyrsta lán sitt í apríl sl. fyrirtækinu Kompass hf. í Reykjavík að upphæð 2 millj. dkr.

Þá hefur sjóðurinn fengið lánsloforð frá Norræna fjárfestingarbankanum, þannig að hann getur í framtíðinni nýtt alla þá möguleika sem fyrir hendi eru innan marka samþykktanna.

6. NORRÆNI FJÁRFESTINGARBANKINN (NIB)

Starfsemi Norræna fjárfestingarbankans var mjög umfangsmikil á síðasta ári. Útborguð lán á árinu námu samtals 571 millj. SDR eða tæplega 29 milljörðum ísl. kr. Upphæð útistandandi lána hækkaði um 33% og er nú 1,9 milljarður SDR eða rúmlega 96 milljarðar ísl. kr. (Miðað er við gengi ísl. kr. í árslok 1987.)

Stærstu lán innan Norðurlandanna fóru til orkumála. Þannig veitti bankinn m.a. 7 milljarða ísl. kr. til lagningar dreifikerfa fyrir jarðgas í Danmörku. Þá veitti bankinn í fyrsta sinn lán til Sovétríkjanna, en það fer til að fjarmagna kaup á skipum frá Danmörku.

Niðurstöðutala efnahagsreiknings bankans hækkaði um 30%, í 3,1 milljarð SDR sem samsvarar tæplega 160 milljörðum ísl. kr. Vaxtamismunur jókst um 13%, í 41 milljón SDR, eða rúmlega 2 milljarða ísl. kr.

Hagnaður bankans var næstum því hinn sami og árið á undan eða 34 milljónir SDR (rúmlega 1,7 milljarðar ísl. kr.) eftir að afskrifaðar hafa verið 6 milljónir SDR (rúmlega 304 milljónir ísl. kr.) vegna fyrsta lánstaps í sögu bankans.

Einn af lánþegum NIB, Kongsberg Våpenfabrikk A/S í Noregi, stöðvaði greiðslur til lánardrottna í júní 1987. Bankinn átti inni hjá fyrirtækinu sem svarar 76 milljónum norskra króna vegna tveggja lána sem veitt voru árin 1977 og 1984. Í uppgjöri sínu fyrir árið 1987 hefur bankinn afskrifað 6 milljónir SDR sem samsvarar um 70% af útistandandi lánum NIB hjá Kongsberg Våpenfabrikk A/S, en í reynd er búist við að tapið verði nokkru minna.

Á fundi stjórnar Norræna fjárfestingarbankans, sem haldinn var 14.—15. október 1986, var samþykkt að leggja til við ráðherranefnd Norðurlanda að hlutafé bankans verði tvöfaldað, úr 800 í 1600 milljónir sérstakra dráttarréttinda (SDR).

Síðan hefur ráðherranefndin (samstarfsráðherrarnir) fjallað um málið og samþykkt þessa aukningu hlutafjárins.

Samstarfsráðherra, Matthías Á. Mathiesen, lagði á haustþingi sl. ár fram frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum um 7,2 milljónir sérstakra dráttarréttinda (SDR) og leggja fram 7,5% þeirrar fjárhæðar. Var frumvarpið samþykkt á Alþingi hinn 12. desember 1987 og staðfest af forseta Íslands hinn 21. desember 1987. Um leið tvöfaldaðist hinn almenni útlánarammi bankans og er nú 4000 milljónir SDR eða rúmlega 202 milljarðar íslenskra króna. Að auki hefur bankinn 700 milljóna SDR lánaramma til alþjóðlegra lána, en um þennan málaflokk gilda sérstakar reglur sem setar voru af ráðherranefndinni 1982. Af þessum lánum ábyrgist bankinn 10%, en löndin 90%. Bankinn greiddi eigendum sínum, Norðurlöndunum fimm, arð fyrir árin 1985 og 1986, en enginn arður var greiddur fyrir árið 1987 þar eð hækka þurfti greiðsluna í varasjóð í samræmi við hlutafjáraukningu til að uppfylla skilyrði um að varasjóðurinn skuli nema a.m.k. 10% af grunnfé bankans áður en bankinn greiðir arð. Varasjóðurinn nemur nú 108 milljónum SDR.

Reikningar bankans fyrir árið 1987 voru lagðir fyrir þing Norðurlandaráðs í Ósló í mars sl. og spunnust þar snarpar umræður um viðskipti bankans við Kongsberg Våpenfabrikk A/S í tilefni spurninga þingmannanna Lilly Gyldenkildes og Guðrúnar Helgadóttur. Fjármálaráðherra Noregs, Gunnar Berge, og Jón Sigurðsson viðskiptaráðherra lýstu tildrögum viðskiptanna og veittu skýringar á áfallinu. Þá beindi Guðrún Helgadóttir alþingismaður fyrirspurn á Alþingi í vetur til ráðherra norrænna samstarfsmála og viðskiptaráðherra um tjón Norræna fjárfestingarbankans af gjaldþroti Kongsberg Våpenfabrikk í Noregi. Fyrirspurnin var tekin til umræðu á fundi sameinaðs þings 3. mars sl. og svöruðu henni ráðherrarnir Matthías Á. Mathiesen og Jón Sigurðsson og vísast í því efni til Alþingistíðinda.

Stjórn Norræna fjárfestingarbankans munu af Íslands hálfu skipa frá 1. júní nk. þeir Þórhallur Ásgeirsson ráðuneytisstjóri og Guðmundur Magnússon prófessor, en varamenn þeir Tómas Árnason seðlabankastjóri og Björn Friðfinnsson, aðstoðarmaður dómsmálaráðherra.

Jón Sigurðsson viðskiptaráðherra sem verið hefur í stjórn bankans frá upphafi (stjórnarformaður 1984–1986) en vék sæti aðalmanns þegar hann tók við embætti ráðherra í núverandi ríkisstjórn og hefur Guðmundur Magnússon gegnt störfum hans sem aðalmaður síðan. Nú verður Guðmundur Magnússon formlega annar aðalmanna Íslands í stjórninni og nýr varamaður hefur verið útnefndur.

7. NORRÆNT SAMSTARF Á SVIÐI TÖLVU- OG UPPLÝSINGATÆKNI

Líftækniáætlunin, sem að framan er lýst, heyrir beint undir stjórnsvið samstarfsráðherra. Svo er einnig farið um „samstarfsáætlun á sviði tölvu- og upplýsingatækni“ sem nú skulu gerð nokkur skil.

Samstarfsáætlunin skyldi ná yfir tímabilið 1984–1989 og var framkvæmd hennar í megindráttum falin tveim aðilum, þ.e. annars vegar Norræna iðnaðarsjóðnum (NI) og hins vegar sérstakri ráðgjafarnefnd um tölvumál sem fékk heitið RU-DATA (Rådgivande Utskott í DATA-frågor). Verkaskipting var á milli aðila þannig að iðnaðarsjóðurinn hefur með höndum samstarf á sviði tækniþróunar í iðnaðarframleiðslu, en hlutverk tölvunefndarinnar er, samkvæmt skipunarbréfi, bundið við „önnur forgangssvið“, en þau eru m.a. eftirtalin: atvinnulífið, opinber stjórnsýsla, staðlar, lög og reglur, málefni fatlaðra, almannatryggingar og félagsmál, menntun og frumrannsóknir.

Starf tölvunefndarinnar hefur í meginatriðum falist í gerð tillagna um styrkveitingar til tiltekinna þróunarverkefna á ofangreindum sviðum, en auk þess hefur hún staðið fyrir fræðslu og miðlun upplýsinga með námskeiðum og ráðstefnuhaldi. Í febrúar 1988 var m.a. haldin í Ósló ráðstefna um stöðlunarmál í gerð tölvuhugbúnaðar sem þrír fulltrúar Íslands sóttu. Þróunarverkefnin hafa í langflestum tilvikum verið fólgin í samstarfi tveggja eða fleiri aðila frá fleiri en einu Norðurlandanna, bæði með þátttöku einkaaðila og opinberra aðila.

Tímabil það, sem samstarfsáætlunin nær yfir, er nú rúmlega hálfnað og hefur tölvunefndin til þessa (1984–1987) úthlutað styrkjum til um 65 verkefna, samtals að upphæð 19 millj. danskra kr., þ.e. samsvarandi um 120 millj. ísl. kr. Upphæðin skiptist þannig miðað við október 1987:

Forgangssvið	Upphæð (m.dkr.)	Fjöldi verkefna
Stöðlun		
Viðskipti		
Lagasetning	1,7	5
Atvinnulífið	2,1	6
Menntun		
Grundvallarrannsóknir	1,6	3
Almannatryggingar	2,3	5
Málefni fatlaðra	4,5	23
Opinber stjórnsýsla	1,2	8
Önnur svið	3,6	9
Sameiginleg verkefni	2,2	4
SAMTALS (u.þ.b.)	19	63

Á síðari hluta sl. árs var tímabilið, er samstarfsáætlunin náði yfir, hálfnað. Var gerð á vegum nefndarinnar, af því tilefni, úttekt á starfseminni og árangri hennar. Auk þess fékk nefndin sérfróðan aðila til að meta árangur af starfinu. Gerði hann sérstaka skýrslu. Þessar skýrslur voru kynntar á vegum Norðurlandaráðs í febrúar 1988.

Ef hugað er að þætti Íslands í þessu samstarfi má nefna að ritari nefndarinnar, Gert Karlsson, hefur þrisvar heimsótt Ísland og kynnt þessa möguleika fyrir fulltrúum íslenskra fyrirtækja og haldið með þeim kynningarfundi. Síðasta heimsóknin var í október 1987 þar sem haldinn var fundur með um 30–40 fulltrúum úr íslensku atvinnulífi. Samþykkt var í nefndina að veita sérstakt undirbúningsframlag með sérstöku tilliti til íslenska aðila svo að auðveldara væri fyrir umsækjendur að skilgreina áhugaverð og vænleg verkefni í samráði við samstarfsaðila á hinum Norðurlöndunum.

Að lokum verður hér gerð grein fyrir nokkrum verkefnum þar sem íslenskir aðilar hafa verið þátttakendur í þessu samstarfi. Eru það verkefni sem sérstaklega snerta Ísland og þar sem íslensk þátttaka hefur verið hvað þýðingarmest.

1. Upplýsingakerfi fyrir Suðurlandsskjálfta. Verkefnið felst í þróun upplýsingakerfis, er sniðið er að íslenskum aðstæðum, til að fylgjast með jarðhræringum á Suðurlandi. Markmið þess er m.a. að auka möguleikana á að spá fyrir um alvarlegar jarðhræringar og minnka líkurnar á verulegu tjóni. Verkefnið er unnið í samstarfi norrænna háskóla, Veðurstofu Íslands og fleiri aðila. Í verkefnið voru veittar 1987 af norrænu ráðherranefndinni 500 000 dkr.
2. Ísbliss. Veittur hefur verið fjárstuðningur sem nemur 140 000 dkr. til að þróa tölvukerfi er auðveldar blindu fólki að hagnýta sér bliss blindraletrið á íslensku máli. Verkefnið er unnið í samstarfi við Háskóla Íslands ásamt „norrænu blissnefndinni“ og fleiri aðilum.
3. „Kúluhús“. Veittur var styrkur til íslenskra, danskra og sænskra verkfræðinga til að nota tölvutæknina við þróun byggingaeininga sem sérstaklega eru sniðnar fyrir fjöldaframleiðslu, en gefa jafnframt möguleika á „frjálsu“ og breytilegu formi bygginga. Samþykkt framlag nam 300 000 dkr.
4. Að lokum má nefna íslenskt verkefni sem er í undirbúningi. Samþykkt hefur verið undirbúningsframlag (20 000 dkr.) en verkefnið felst í framsetningu upplýsinga úr ríkisfjármálum á myndrænu formi á tölvumiðli (tölvuskjá, tölvuteiknara).

Ljóst er að verulegir möguleikar eru fyrir íslenska aðila að sækja um styrk til þessa samstarfs til að hrinda af stað verkefnum er rutt gætu brautina fyrir nýjungar í íslensku atvinnulífi með beitingu íslensks og norræns hugvits. Fulltrúar Íslands í tölvunefndinni eru þeir Sigurður Þórðarson vararíkisendurskoðandi og dr. Egill B. Hreinsson rafmagnsverkfræðingur.

8. VIÐHORFIN TIL EVRÓPUBANDALAGSINS

Eins og vænta mátti voru málefni Norðurlanda í ljósi þeirrar áætlunar Evrópubandalagsins að koma á innra markaði 1992 eitt helsta umræðuefni þingmanna og ráðherra á 36. þingi Norðurlandaráðs í Ósló í byrjun marsmánaðar sl. Af hálfu ríkisstjórnar Íslands sóttu þingið auk samstarfsráðherra þeir Þorsteinn Pálsson forsætisráðherra, Steingrímur Hermannsson utanríkisráðherra, Birgir Ísleifur Gunnarsson menntamálráðherra, Guðmundur Bjarnason heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og Jón Sigurðsson dóms- og kirkjumálaráðherra og viðskiptaráðherra.

Í ræðu er samstarfsráðherra flutti á þinginu vék hann að þessum málum sérstaklega og komst m.a. þannig að orði:

> „Vitaskuld er enn langt í land að áformin um sameiginlegan markað nái fram að ganga og áður höfum við orðið vitni að því að háleit markmið í fjölþjóðlegu samstarfi náist ekki. En ýmislegt bendir til að raunhæft sé að ætla að þessu sinni að mönnum sé alvara og að nú hylli undir að sá draumur upphafsmanna Evrópuhugsjónarinnar rætist að landamæri hverfi milli hinna tólf ríkja EB."

Síðar í sömu ræðu segir enn fremur:

> „Þótt þannig megi segja að mikið starf sé unnið sem miðar að eflingu samstarfs og einingar Norðurlanda og ætti að koma að góðu gagni í harðnandi samkeppni í alþjóðlegum viðskiptum, þá er þó ekki laust við að mér finnist að við nálgumst ekki viðfangsefnið frá réttri hlið og með réttu hugarfari. Það er eins og þjóðirnar hafi ekki gert það upp við sig hvort þær stefni í raun að aðild að EB eða ættu að gera það, eða ímynda sér að þær geti haldið þeirri stöðu að njóta kosta aðildar en vera þó ekki í EB.
>
> Má ég varpa fram þeirri spurningu hvort ekki sé tímabært að velta fyrri sér kostum aðildar og ókostum með opnu hugarfari og án fyrir fram gefinnar niðurstöðu og vinna síðan út frá þeirri forsendu sem fæst eftir slíka skoðun? Væri það ekki sú nálgun við viðfangsefnið sem best tryggði að hlutskipti útlagans byði okkar ekki? Yrði niðurstaðan sú að kostir aðildar væru þyngri á metaskálunum væri lítið um það að segja, en kæmi í ljós að ókostirnir væru fleiri við aðild fyrir eitt ríki eða fleiri væri þó ekki annað um það sagt en að rannsókn hafi farið fram og menn orðið sáttir um þá niðurstöðu. Vinna mætti að slíkri athugun eða rannsókn með nánu samstarfi þjóðanna þar sem skipst væri á skoðunum og upplýsingum."

Ráðherranefndin telur að stofnanir þær sem fást við norrænt samstarf verði að gera sér ljóst hvað sé að gerast og hvað muni gerast á næstu árum á sambærilegum vettvangi í löndum Evrópubandalagsins og hvað þessi þróun hafi í för með sér fyrir samstarf Norðurlandanna.

Samstarfsráðherra hyggur að allir þeir sem fást við norrænt samstarf hljóti að vera einhuga um að bæta við evrópskri vídd í norrænt samstarf.

Í maí 1988 áformar ráðherranefndin að afhenda forsætisnefnd skýrslu sem unnið er að um sambandið milli Norðurlanda og Evrópubandalagsins.

Málið var á dagskrá fundar samstarfsráðherranna 16. júní 1987, síðan 9. desember sl. og enn 19. janúar sl., en drög að skýrslunni verða rædd á fundi staðgengla samstarfsráðherranna í Stokkhólmi 9. maí nk. og verða þau eini dagskrárliður fundarins.

Í framhaldi af janúarfundinum samþykktu ráðherrarnir að beina eftirgreindum tilmælum til ráðherra allra ríkisstjórna Norðurlanda í sambandi við þá vinnu er nú fer fram á vegum ráðherranefndarinnar í málefnum er lúta að stöðu og afstöðu Norðurlanda til innri markaðar Evrópubandalagsins:

„Að fulltrúar ráðherranna í hinum einstöku embættismannanefndum á vegum ráðherranefndarinnar:

— skiptist á upplýsingum, eftir því sem þörf krefur, og veiti upplýsingar um afstöðuna til þróunarinnar í EB og EFTA og milli EB og EFTA,
— veki athygli á tillögum varðandi innri markað EB sem þykja fela í sér sérstaka, sameiginlega hagsmuni með tilliti til afleiðinga viðkomandi tillagna fyrir samstarfið milli EB og EFTA og fyrir norrænt samstarf, til dæmis tillögur á sviði umhverfismála, vinnuumhverfis, neytendaverndar og frjálsrar umferðar fólks og fjármagns,
— athugi á hvaða sviðum árangur norræns samstarfs megi helst nýta til þess að hafa áhrif á þróunina í EB og hvernig best verði að því staðið,
— geri sér grein fyrir árangri þeim sem náðst hefur í evrópsku samstarfi og meti á hvern veg vinna beri úr og nýta þann árangur í norrænu samstarfi,
— gefi samstarfsráðherrunum reglulega skýrslur og berist fyrsta áfangaskýrslan fyrir apríllok 1988."

Erindi þetta var síðan sent öllum ráðherrum í ríkisstjórn Íslands hinn 2. febrúar sl.

Ekki skal fjölyrt meir um hin nýju viðhorf sem eru að myndast í Norðurlandasamstarfinu í ljósi framvindunnar í Evrópu. Hvað sem vangaveltum um aðild einstakra þjóða að Evrópubandalaginu líður er víst að Norðurlöndunum hlýtur að vera það kappsmál og reyndar brýn nauðsyn að hraða aðlögun sinni að verulega breyttum aðstæðum sem sæmileg vissa er fyrir að séu í nánd þótt enn kunni að vera langt í land með það að áformin um sameiginlegan markað nái fram að ganga að fullu.

9. LOKAORÐ

Hér að framan hefur einungis verið drepið á nokkur þeirra viðfangsefna sem verið er að fást við í norrænu samstarfi um þessar mundir. Um efnahagsmálaáætlun Norðurlanda (Norden i Växt II) er fjallað sérstaklega í fylgiskjali með skýrslu þessari.

Freistandi hefði verið að hafa skýrslu þessa miklu ítarlegri og gera þar m.a. grein fyrir starfi embættismannanefnda á sl. ári; áformaðri samstarfsáætlun á sviði sjávarútvegs, en fjárveitingar á norrænu fjárlögunum til þessa geira hafa margfaldast á örfáum árum; norrænu samstarfi gegn megnun sjávar; norræna málasamningnum sem gildi tók 1. mars 1987; milliríkjaviðskiptum og hvernig stuðla megi að norrænum „heimamarkaði" m.a. með afnámi tæknilegra viðskiptahindrana; áætlun um aukið umferðaröryggi á Norðurlöndum; félags- og jafnréttismálum og norræna kvennaþinginu „Nordisk Forum 88"; viðamikilli áætlun um norrænt samstarf um jarðskjálftarannsóknir á Suðurlandi; Norræna tækniárinu (1988) og þar fram eftir götunum — en hér skal látið staðar numið.

Fylgiskjal.

Norræn efnahagsáætlun

Í lok ársins 1988 rennur sitt skeið norræna efnahagsáætlunin „NORÐURLÖND Á VAXTARBRAUT: Áætlun um bætta efnahagsþróun og fulla atvinnu". Þessi áætlun var samþykkt á þingi Norðurlandaráðs í ársbyrjun 1985 og tók til áranna 1986–1988.

Höfuðmarkmið þessarar áætlunar var að stuðla að auknum hagvexti og tryggja fulla atvinnu á Norðurlöndunum með því að auka samstarf landanna á ýmsum sviðum. Áætlunin fól þó ekki nema að nokkru leyti í sér beinar styrkveitingar til nýrra verkefna heldur var fremur um að ræða aukið ráðstöfunarfé til lán- og styrkveitinga frá ýmsum norrænum sjóðum. Samstarf á sviði iðn- og tækniþróunar var aukið m.a. með því að stórauka framlög til Norræna iðnþróunarsjóðsins (Nordisk Industrifond). Auknar fjárfestingar í samgöngu- og flutningakerfum voru m.a. fjármagnaðar með auknum lánamöguleikum frá Norræna fjárfestingarbankanum (Nordiska Investeringsbanken) og aukið samstarf á útflutningssviðinu var auðveldað með eflingu Norræna verkefnaútflutningssjóðsins (Nordiska Projektexportfonden).

Þá var komið á fót sérstökum sjóði fyrir hin vestlægu Norðurlönd, Þróunarsjóði Vestur-Norðurlanda (Vestnordenfondet), og eru aðalstöðvar hans í Reykjavík. Var ákvörðun um stofnun sjóðsins formlega tekin 19. ágúst 1986 og hóf hann starfsemi sína í september sl. Stofnfé sjóðsins á að nema jafnvirði 14,1 milljónar bandaríkjadala í dönskum krónum þegar framlög allra Norðurlandanna hafa verið að fullu greidd árið 1995. Markmið þessa sjóðs eru helst þau að styðja við bakið á þróun fjölhæfs samkeppnisiðnaðar á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum. Er heimilt að veita lán og ábyrgðir sem nema allt að tvöföldu stofnfé sjóðsins í þesu skyni.

Þessi áætlun fól einnig í sér ýmislegt fleira, svo sem átak til að efla ferðamannaiðnað, áherslu á norrænan heimamarkað, afnám viðskiptahindrana milli Norðurlandanna, samstarf í atvinnumálum og menntamálum og aukið samstarf í efnahagsmálum á alþjóðavettvangi.

Erfitt er að meta nákvæmlega ávinning Íslands af þessari áætlun. Þó má telja víst að Ísland hefur haft gagn af ýmsum þáttum hennar. Þar má nefna styrki til rannsókna á líftæknisviðinu, samstarf og stuðning við útflutningsverkefni, lán frá Norræna fjárfestingarbankanum o.fl.

Í júní sl. samþykktu fjármálaráðherrar Norðurlanda að hafinn skyldi undirbúningur að gerð nýrrar efnahagsáætlunar fyrir Norðurlönd. Skipuðu þeir sérstaka framkvæmdanefnd til að annast undirbúning verksins, en í henni eiga sæti aðstoðarmenn fjármálaráðherranna. Auk þess var embættismannanefnd fjármálaráðherranna falið að starfa að þessum undirbúningi. Ráðgert er að ljúka þessu verki nú í haust þannig að fjármálaráðherrarnir geti tekið málið til umfjöllunar á fundi sínum í nóvember og að áætlunin komi síðan til endanlegrar afgreiðslu á þingi Norðurlandaráðs í febrúar 1989.

Meginmarkmið hinnar nýju efnahagsáætlunar er að efla atvinnustarfsemi og viðskipti á Norðurlöndum og stuðla að bættri samkeppnisaðstöðu þeirra gagnvart umheiminum, ekki síst í ljósi þeirrar þróunar sem á sér stað hjá Evrópubandalaginu, einkum hvað varðar sameiginlegan heimamarkað þess fyrir árslok 1992.

Það sem einkum skilur milli þessarar nýju áætlunar og fyrri áætlunar er að í nýju áætluninni verður lögð meginhersla á langtímamarkmið og leiðir til þess að bæta almenn efnahagsskilyrði Norðurlandanna í framtíðinni fremur en að horft sé á afmörkuð skammtímaverkefni. Er í því sambandi lögð sérstök áhersla á afnám viðskiptahindrana milli landanna, aðgerðir á sviði markaðsmála, samstarf um verkefnaútflutning, samræmingu

skatta- og þjónustugjalda, aukna samræmingu fjármagnsmarkaða, bættar samgöngur, samstarf í atvinnu- og menntamálum, umhverfisvernd o.fl.

Undirbúningur fyrir gerð nýju áætlunarinnar er nú í fullum gangi og hafa öll Norðurlöndin skilað inn tillögum sínum um forgangsverkefni. Einnig hafa allar embættismannanefndir og aðrir norrænir samstarfsaðilar skilað inn tillögum sínum.

Aðstoðarráðherranefndin og embættismannanefnd fjármálaráðherranna vinna nú eftir föngum að því að fara í gegnum þessar tillögur með það að markmiði að skila frágengnum tillögum sínum nú í haust.

Tillögur af Íslands hálfu voru kynntar í ríkisstjórn 18. febrúar sl. og voru síðan lagðar fram í framkvæmdanefndinni. Í þeim var megináhersla lögð á eftirtalin atriði:

Afnám viðskiptahindrana.

Samstarf um afnám á ríkisstuðningi við útflutningsatvinnuvegi verði aukið þannig að stuðningur af þessu tagi valdi ekki óeðlilegri markaðsröskun.

Innflutningsgjöld og aðrar tálmanir á verslun með sjávarafurðir verði felldar niður.

Aukin áhersla á norrænt samstarf innan EFTA og í samningum milli EB og EFTA með afnám viðskiptahindrana fyrir augum.

Rannsókna- og þróunarstarfsemi.

Sett verði á stofn norræn hagrannsóknarstofnun á sviði opinberra fjármála.

Norrænni samstarfsáætlun varðandi líftæknirannsóknir verði fram haldið.

Hrundið verði af stað samnorrænum rannsóknum á nýtingu þeirra lífrænu auðlinda sem finnast í hafinu.

Efling útflutningssamstarfs.

Komið verði á reglubundnu samstarfi milli útflutningsráða Norðurlanda til þess að hægt sé að auka samvinnu í samsettum útflutningsverkefnum.

Samstarf um markaðsrannsóknir og markaðssetningu á „óþekktum“ mörkuðum og aukið samstarf milli landanna á heimssýningum.

Styrking Norræna útflutningsverkefnasjóðsins, m.a. til að styðja við framangreind atriði.

Ferðamál.

Samnorræn kynningarherferð í Bandaríkjunum til þess að auka ferðamannastraum þaðan til Norðurlanda.

Samgöngumál.

Athugaðir verði sérstaklega möguleikar á að auka ferðamannastraum og bæta samgöngur milli hinna vestlægu Norðurlanda annars vegar og milli þeirra og Skandinavíu hins vegar. Í því sambandi verði gerð sérstök athugun á bættum ferju- og flugsamgöngum milli Íslands, Færeyja og Grænlands og bætur á samgöngumannvirkjum á Austurlandi og Vestfjörðum með tilliti til þess.

Eins og áður var frá greint rennur „gamla“ áætlunin sitt skeið um áramót 1988–1989. „Nýja“ áætlunin getur hins vegar ekki hafist fyrr en 1. janúar 1990, þ.e. í byrjun fyrsta fjárhagsárs eftir að fjallað hefur verið um hana á þingi Norðurlandaráðs í febrúar 1989.

Það er því ljóst að árið 1989 verður eins konar „áætlunarlaust“ ár í þeim skilningi að um það ár liggur ekki fyrir nein samþykkt um sérstaka efnahagsáætlun. Um þessar mundir er því unnið af fullum krafti að leysa þetta mál á farsælan hátt þannig að ekki skapist „tómarúm“ milli áætlananna.

Sþ. 1035. Nefndarálit [165. mál]

um till. til þál. um nýja legu Vesturlandsvegar um Hvalfjörð og Grunnafjörð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt þingsályktunartillöguna á fundum sínum. Helgi Hallgrímsson, forstjóri tæknideildar Vegagerðar ríkisins, kom á fund nefndarinnar.

Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna hvort hagkvæmt sé að gera göng undir Hvalfjörð eða brú í fjarðarmynni.
2. Fyrirsögn till. verði: Till. til þál. um legu Vesturlandsvegar um Hvalfjörð.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Pálmi Jónsson og Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi, 4. maí 1988.

Guðni Ágústsson, form., frsm. Sverrir Hermannsson. Guðrún Helgadóttir.

Sigbjörn Gunnarsson. Jón Kristjánsson.

Ed. 1036. Nefndarálit [468. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum og fengið til viðtals fulltrúa frá Sendibílum hf., Trausta, félagi sendibifreiðastjóra, og Frama, félagi leigubílstjóra. Einnig mætti Baldur Möller á fundi nefndarinnar.

Nefndin er sammála um afgreiðslu málsins og leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem tillögur eru fluttar um á sérstöku þingskjali.

Í greinargerð fyrir lagafrumvarpi því sem hér er til umfjöllunar segir að frumvarpið sé borið fram til að taka af tvímæli um lagareglur sem fjalla um heimild til leiguaksturs á fólksbifreiðum. Við umfjöllun nefndarinnar um mál þetta hefur komið fram að stéttarfélög sendibifreiðastjóra og vörubifreiðastjóra hafa látið í ljós óskir um að samsvarandi breytingar og ráðgerðar eru í frumvarpinu um breytingu á lögum um leigubifreiðar, að því er varðar leigubifreiðar til fólksflutninga (1. gr. laganna), verði einnig gerðar á ákvæðum laganna um leiguakstur sendiferðabifreiða (3. gr. laganna) og vörubifreiða (5. gr. laganna). Í gildandi lögum eru samhljóða ákvæði um akstur leigubifreiða þessara þriggja starfsgreina og þykir eðlilegt að verða við þessum óskum um að ákvæðin verði áfram samhljóða. Því ber nefndin fram breytingartillögur til þess að ná fram þessari samsvörun. Það kom fram hjá fulltrúum

stéttarfélaganna að þeim er ljós viss minni háttar skörun á verkefnum starfsgreinanna en telja það ekki valda ágreiningi.

Eyjólfur Konráð Jónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 1988.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Júlíus Sólnes, fundaskr.	Björn Gíslason.
Egill Jónsson.	Skúli Alexandersson.	Valgerður Sverrisdóttir.

Ed. 1037. Breytingartillögur [468. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar.

Frá samgöngunefnd.

Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar er orðist svo:

a. (2. gr.)

2. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Í þeim kaupstöðum og á þeim sýslusvæðum, þar sem viðurkenndar sendiferðabifreiðastöðvar eru starfandi, er öllum óheimill leiguakstur á sendiferðabifreiðum utan stöðvar eða frá stöð sem eigi er viðurkennd.

b. (3. gr.)

1. málsl. 5. gr. laganna orðist svo:

Í þeim kaupstöðum og á þeim sýslusvæðum, þar sem viðurkennd vörubifreiðastöð er starfandi, er öllum óheimill leiguakstur á vörubifreiðum utan stöðvar eða frá stöð sem eigi er viðurkennd.

Ed. 1038. Frumvarp til laga [431. mál]

um virðisaukaskatt.

(Eftir 2. umr. í Ed., 5. maí.)

Upphafsákvæði.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð virðisaukaskatt af viðskiptum innan lands á öllum stigum, svo og af innflutningi vöru og þjónustu, eins og nánar er ákveðið í lögum þessum.

I. KAFLI

Skattskyldusvið.

2. gr.

Skattskyldan nær til allra vara og verðmæta, nýrra og notaðra, sbr. þó 3. mgr. Með vörum í þessu sambandi teljast ekki fasteignir, en hins vegar rafmagn, varmi og önnur orka.

Hlutabréf, skuldabréf, eyðublöð og aðrir slíkir hlutir eru vörur þegar þeir eru látnir í té sem prentvarningur. Peningaseðlar, mynt og frímerki eru vörur þegar þeir hlutir eru seldir sem söfnunargripir.

Skattskyldan nær til allrar vinnu og þjónustu, hverju nafni sem nefnist, sbr. þó 3. mgr. Eftirtalin vinna, þjónusta og vara er undanþegin virðisaukaskatti:

1. Þjónusta sjúkrahúsa, fæðingarstofnana, heilsuhæla og annarra hliðstæðra stofnana, svo og lækningar, tannlækningar og önnur eiginleg heilbrigðisþjónusta.
2. Félagsleg þjónusta, svo sem rekstur leikskóla, barnaheimila, skóladagheimila og upptökuheimila og önnur hliðstæð þjónusta.
3. Rekstur skóla og menntastofnana.
4. Starfsemi safna og bókasafna og hliðstæð menningarstarfsemi.
5. Íþróttamót, íþróttasýningar og rekstur sundstaða og skíðalyftna.
6. Fólksflutningar.
7. Póstþjónusta. Burðargjald fyrir almennan bögglapóst er þó skattskylt.
8. Fasteignaleiga, þar með talin leiga hótel- og gistiherbergja.
9. Vátryggingarstarfsemi.
10. Þjónusta banka, sparisjóða og annarra lánastofnana, svo og verðbréfamiðlun.
11. Happdrætti og getraunastarfsemi.
12. Starfsemi rithöfunda og tónskálda við samningu hugverka og sambærileg listastarfsemi.
13. Þjónusta ferðaskrifstofa.
14. Útfararþjónusta og prestsþjónusta hvers konar.
15. Sala tímarita.

Undanþágur skv. 3. mgr. ná aðeins til sölu eða afhendingar vinnu og þjónustu sem þar getur, en ekki til virðisaukaskatts (innskatts) af aðföngum til hinnar undanþegnu starfsemi, sbr. 3. og 4. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 16. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð undanþegið góðgerðarstarfsemi skattskyldu þegar hagnaður af henni rennur að öllu leyti til líknarmála.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari skilyrði fyrir undanþágum samkvæmt þessari grein og ákveða nánar hvað undir þær falli.

II. KAFLI

Skattskyldir aðilar, aðilar undanþegnir skatti og tilkynningarskylda.

3. gr.

Skylda til að innheimta virðisaukaskatt og standa skil á honum í ríkissjóð hvílir á þessum aðilum:

1. Þeim sem í atvinnuskyni eða með sjálfstæðri starfsemi sinni selja eða afhenda vörur eða verðmæti ellegar inna af hendi skattskylda vinnu eða þjónustu.
2. Samvinnufélögum, svo og öðrum félögum og stofnunum, enda þótt þau selji aðeins félagsmönnum sínum eða selji eingöngu skattskyldar vörur og þjónustu félagsmanna sinna.
3. Opinberum orku- og veitufyrirtækjum að því leyti sem þau selja skattskyldar vörur og þjónustu.
4. Ríki, bæjar- og sveitarfélögum og stofnunum eða fyrirtækjum þeirra að því leyti sem þeir aðilar selja vörur eða skattskylda þjónustu í samkeppni við atvinnufyrirtæki.
5. Uppboðshöldurum.
6. Umboðsmönnum og öðrum sem eru í fyrirsvari fyrir erlenda aðila sem reka hér á landi skattskyld viðskipti.

Fjármálaráðherra getur ákveðið með hliðsjón af samkeppnisaðstæðum að atvinnufyrirtæki, félög, stofnanir og aðrir aðilar greiði virðisaukaskatt af skattskyldum vörum og þjónustu þegar vara er framleidd eða þjónusta innt af hendi eingöngu til eigin nota.

4. gr.

Undanþegnir skattskyldu skv. 3. gr. eru:

1. Aðilar sem eingöngu selja vöru eða þjónustu sem undanþegin er virðisaukaskatti.
2. Listamenn, að því er varðar sölu þeirra á eigin listaverkum, enda falli listaverkið undir tollskrárnúmer 9701.1000–9703.0000.
3. Þeir sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir minna en 100 000 kr. á ári.

5. gr.

Hver sá, sem skattskyldur er skv. 3. gr., sbr. 4. gr., skal ótilkvaddur og eigi síðar en átta dögum áður en starfsemi hefst tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá skattstjóra þar sem hann er heimilisfastur. Breytingar, sem verða á starfsemi eftir að skráning hefur farið fram, skal tilkynna eigi síðar en átta dögum eftir að breyting á sér stað.

Skattstjóri gefur út staðfestingu til skráningarskylds aðila um að skráning hafi átt sér stað.

Tilkynningar skv. 1. mgr. skal senda á þar til gerðum eyðublöðum sem ríkisskattstjóri lætur gera. Ríkisskattstjóri ákveður hvaða upplýsingar skuli gefa á þessum eyðublöðum.

6. gr.

Fjármálaráðherra getur sett reglur um að fyrirtæki, sem selja aðra þjónustu en þá sem skattskyld er skv. 2. gr., geti farið fram á skráningu (frjáls skráning).

Fyrirtæki, sem skráð eru samkvæmt heimild í 1. mgr., skulu greiða virðisaukaskatt af sölu þeirrar þjónustu sem hin frjálsa skráning nær til.

Skráning skv. 1. mgr. getur aldrei verið til skemmri tíma en tveggja ára.

Þeim, sem stunda byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð á eigin kostnað í þeim tilgangi að selja fasteignir skráðum aðilum samkvæmt lögum þessum, er heimilt að sækja um sérstaka skráningu til skattstjóra. Heimili skattstjóri slíka skráningu er aðila heimilt að færa til frádráttar sem innskatt virðisaukaskatt af öllum aðföngum er varða sölu hans á fasteign til hins skráða kaupanda, sbr. 1. mgr. 16. gr. Ráðherra setur nánari reglur um skilyrði sem uppfylla þarf til að öðlast skráningu samkvæmt þessari málsgrein, svo og um reikningshald og uppgjör til virðisaukaskatts samkvæmt henni.

III. KAFLI

Skattverð.

7. gr.

Skattverð er það verð sem virðisaukaskattur er reiknaður af við sölu á vörum og verðmætum, skattskyldri vinnu og þjónustu. Skattverð miðast við heildarendurgjald eða heildarandvirði hins selda án virðisaukaskatts.

Til skattverðs telst m.a.:

1. Skattar og gjöld samkvæmt öðrum lögum sem á hafa verið lögð á fyrri viðskiptastigum eða greidd hafa verið við innflutning til landsins eða virðisaukaskattsskyldur aðili á að standa skil á vegna sölu.
2. Umbúðakostnaður, sendingarkostnaður, vátryggingar og slíkur kostnaður sem er innifalinn í verði eða seljandi krefur kaupanda sérstaklega um.

3. Tengingar- og stofngjöld og aðrar fjárhæðir sem seljandi krefur kaupanda um sem skilyrði fyrir afhendingu skattskyldrar vöru og þjónustu.
4. Umboðs- og sölulaun og uppboðsþóknun.
5. Afslættir sem háðir eru skilyrðum sem ekki eru uppfyllt við afhendingu (reikningsútgáfu). Hins vegar skal óskilyrtur afsláttur, sem veittur er við afhendingu á hinni seldu vöru, vinnu eða þjónustu, dreginn frá söluverði við ákvörðun á skattverði.
6. Verðbætur sem falla til fram að afhendingu vöru eða þjónustu. Hins vegar teljast vextir og verðbætur, sem hvort tveggja er reiknað við sölu með afborgunarskilmálum, ekki með í skattverði enda sé sérstaklega tilgreint í kaupsamningi hver vaxta- og verðbótagreiðsla sé hverju sinni.
7. Þjónustugjald sem ekki er innifalið í vöruverði.

8. gr.

Þegar eigandi tekur út úr eigin fyrirtæki vörur eða skattskylda þjónustu til eigin nota skal skattverð miðast við almennt gangverð án virðisaukaskatts. Sama gildir um vörur og þjónustu sem fyrirtækið notar í öðrum tilgangi en varðar sölu þess á skattskyldum vörum og þjónustu eða í tilgangi er varðar atriði sem rakin eru í 3. mgr. 16. gr.

Við skipti á vörum eða þjónustu eða við afhendingu vöru án endurgjalds skal miða skattverð við almennt gangverð í sams konar viðskiptum. Liggi slíkt almennt gangverð ekki fyrir skal miða skattverð við reiknað útsöluverð þar sem tekið er tillit til alls kostnaðar að viðbættri þeirri álagningu sem almennt er notuð á vörur eða þjónustu af sama tagi.

Ákvæði 2. mgr. þessarar greinar skulu einnig gilda um skattskyldar vörur og þjónustu sem fyrirtæki notar til að byggja fasteign til notkunar fyrir eiganda þess. Hið sama gildir um skattskyldar vörur og þjónustu sem fyrirtæki notar til að byggja fasteign á eigin kostnað þegar nota á fasteignina í öðrum tilgangi en varðar sölu þess á skattskyldum vörum og þjónustu eða til að byggja fasteign sem síðar á að selja eða leigja eða nota í tilgangi er varðar atriði sem rakin eru í 3. mgr. 16. gr.

9. gr.

Við viðskipti milli skyldra eða tengdra aðila skal miða skattverð við almennt gangverð í sams konar viðskiptum milli ótengdra aðila.

10. gr.

Við sölu notaðrar fólksbifreiðar fyrir færri en níu menn, sem seljandi hefur keypt til endursölu í atvinnuskyni, er seljanda heimilt að miða skattverð við 81,97% af mismun innkaupsverðs og söluverðs bifreiðarinnar að meðtöldum virðisaukaskatti. Sé söluverð lægra en kaupverð reiknast enginn skattur. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda þegar skattur samkvæmt lögum þessum kemur ekki fram á reikningi við söluna til endurseljandans.

Sé skattverð notaðra bifreiða ákvarðað með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr. má ekki tilgreina fjárhæð virðisaukaskatts á reikningi vegna sölunnar eða á annan hátt þannig að hægt sé að reikna út fjárhæð virðisaukaskattsins.

IV. KAFLI

Skattskyld velta.

11. gr.

Til skattskyldrar veltu skráðs aðila telst öll sala eða afhending vöru og verðmæta gegn ~~greiðslu, svo og seld~~ vinna og þjónusta. Hér með telst andvirði vöru eða skattskyldrar þjónustu sem fyrirtæki selur eða framleiðir og eigandi tekur út til eigin nota. Til skattskyldrar veltu telst einnig andvirði skattskyldrar vöru og þjónustu sem fyrirtæki notar í

öðrum tilgangi en varðar sölu þess á skattskyldum vörum og þjónustu eða í tilgangi er varðar atriði sem rakin eru í 3. mgr. 16. gr.

Til skattskyldrar veltu telst sala eða afhending á vöru sem seld er í umsýslu- eða umboðssölu.

Til skattskyldrar veltu telst sala eða afhending á vélum, tækjum og öðrum rekstrarfjármunum. Sama gildir um vörubirgðir, vélar, tæki og aðra rekstrarfjármuni þegar fyrirtæki tilkynnir sig út af skrá, sbr. 1. mgr. 5. gr.

12. gr.

Til skattskyldrar veltu telst ekki:

1. Vara sem seld er úr landi, svo og vinna og þjónusta sem veitt er erlendis.
2. Vöruflutningar milli landa og vöruflutningar innan lands þegar flutt er beint til eða frá landinu.
3. Vinna við vöru á kostnað erlends aðila þegar fyrirtækið, sem annast vinnuna, flytur vöruna út að vinnu lokinni, svo og gerð og mótun vöru á kostnað erlends aðila þegar framleiða á vöruna erlendis.
4. Hönnun, skipulagning, áætlanagerð og önnur sambærileg vinna er varðar byggingar og aðrar fasteignir á erlendri grund.
5. Vistir, eldsneyti, tæki og annar búnaður sem afhentur er til nota um borð í millilandaförum, svo og sú þjónusta sem veitt er slíkum förum. Undanþága þessi nær þó ekki til skemmtibáta og einkaloftfara.
6. Sala og útleiga loftfara og skipa; þó ekki skemmtibáta og einkaloftfara.
7. Viðgerðar- og viðhaldsvinna við skip og loftför og fastan útbúnað þeirra, svo og efni og vörur sem það fyrirtæki, sem annast viðgerðina, notar og lætur af hendi við þá vinnu. Undanþága þessi nær þó ekki til skemmtibáta og einkaloftfara.
8. Tímarit á erlendu tungumáli sem erlendur útgefandi sendir áskrifanda.
9. Sala dagblaða og sambærilegra landsmála- og héraðsfréttablaða, svo og afnotagjöld útvarpsstöðva.

Fjármálaráðherra getur í reglugerð sett nánari skilyrði fyrir undanþágum skv. 1. mgr. Einnig getur hann ákveðið að þjónusta, sem innt er af hendi hér á landi fyrir aðila heimilisfasta erlendis, sé undanþegin með sama hætti. Þá getur fjármálaráðherra kveðið svo á að endurgreiða megi virðisaukaskatt af vörum sem erlendir ferðamenn kaupa hérlendis og hafa með sér er þeir hverfa úr landi, enda séu uppfyllt þau skilyrði sem hann telur nauðsynleg.

Til skattskyldrar veltu telst ekki sala á vörum sem keyptar hafa verið eða notaðar í þeim tilgangi eingöngu er um ræðir í 3. mgr. 16. gr.

Eignayfirfærslu vörubirgða, véla og annarra rekstrarfjármuna má ekki telja til skattskyldrar veltu þegar yfirfærslan á sér stað í sambandi við eigendaskipti á fyrirtæki eða hluta þess og hinn nýi eigandi hefur með höndum skráðan eða skráningarskyldan rekstur samkvæmt lögum þessum. Við slíka sölu skal seljandi tilkynna skattyfirvöldum um eigendaskipti og söluandvirði eigi síðar en átta dögum eftir að eignayfirfærsla fór fram.

V. KAFLI

Uppgjör skattskyldrar veltu.

13. gr.

Skattskyld velta á hverju uppgjörstímabili, sbr. 24. gr., telst heildarskattverð allra vara sem afhentar hafa verið, svo og heildarskattverð allrar skattskyldrar vinnu og þjónustu sem innt hefur verið af hendi á tímabilinu.

Ef gefinn er út reikningur vegna afhendingar telst hún hafa farið fram á þeim degi sem tilgreindur er á reikningi, enda sé reikningur gefinn út fyrir eða samtímis afhendingu.

Þegar greiðsla fer fram að fullu eða að hluta áður en afhending á sér stað teljast 81,97% af hinni mótteknu fjárhæð til skattskyldrar veltu á því tímabili sem greiðsla fer fram. Þó er heimilt að miða virðisaukaskattinn við það tímabil sem afhending fer fram ef umsaminn afhendingartími er innan þriggja mánaða frá fyrstu innborgun eða umsamdar innborganir nema samtals lægri fjárhæð en 100 000 kr.

Vörur, sem afhentar eru til umsýslu- eða umboðssölu, má annaðhvort telja til skattskyldrar veltu á því uppgjörstímabili þegar afhending fer fram eða til veltu þess tímabils þegar gert er upp við umsýslu- eða umboðsmann. Sé síðarnefnda aðferðin valin má ekki gefa út reikning skv. 20. gr. fyrr en uppgjörið fer fram.

Við uppgjör á skattskyldri veltu er seljanda heimilt að draga frá sem hér segir:

1. 81,97% þeirrar fjárhæðar sem hann endurgreiðir viðskiptavinum sínum vegna endursendra vara.
2. 81,97% af töpuðum útistandandi viðskiptaskuldum, enda hafi hin tapaða fjárhæð áður verið talin til skattskyldrar veltu. Fáist fjárhæðin síðar greidd skulu 81,97% hennar talin með skattskyldri veltu á því tímabili þegar hún fæst greidd.
3. Afslátt sem veittur er eftir að afhending hefur átt sér stað ef hann er veittur aðila sem getur dregið virðisaukaskattinn frá sem innskatt í uppgjöri sínu, sbr. 3. og 4. mgr. 15. gr., og skilyrði til að veita afslátt voru ekki fyrir hendi við afhendingu. Afsláttur af þessu tagi til annarra er ekki frádráttarbær. Frádráttur samkvæmt þessum tölulið er háður því að gefinn sé út innleggsreikningur (kreditreikningur) fyrir afslættinum og fjárhæð skattsins komi þar einnig fram, sbr. 1. og 3. mgr. 20. gr.

Skattskyld vara og þjónusta, sem eigandi tekur út úr eigin fyrirtæki, telst til skattskyldrar veltu á því uppgjörstímabili þegar úttektin á sér stað. Sama gildir um skattskylda vöru og þjónustu sem fyrirtæki notar í öðrum tilgangi en varðar sölu þess á skattskyldum vörum og þjónustu eða í tilgangi er varðar atriði sem rakin eru í 3. mgr. 16. gr.

VI. KAFLI

Skatthlutfall.

14. gr.

Virðisaukaskattur skal vera 22% og rennur í ríkissjóð.

VII. KAFLI

Uppgjör á virðisaukaskatti.

15. gr.

Skattskyldir aðilar skv. 3. gr. skulu greiða í ríkissjóð mismun útskatts og innskatts hvers uppgjörstímabils, sbr. 24. gr. Sé innskattur á uppgjörstímabili hærri en útskattur skal ríkissjóður endurgreiða mismuninn, sbr. 26. gr.

Útskattur merkir í lögum þessum þann virðisaukaskatt sem fellur á skattskylda sölu eða afhendingu skattaðila á tímabilinu, sbr. V. kafla.

Innskattur merkir í lögum þessum þann virðisaukaskatt sem á tímabilinu fellur á kaup skattaðila á skattskyldum vörum og þjónustu til nota í rekstrinum, sbr. þó 16. gr.

Innskattur á uppgjörstímabili er sá virðisaukaskattur sem fram kemur á reikningum þeirra sem selt hafa hinum skattskylda aðila á tímabilinu, svo og virðisaukaskattur af innflutningi hans á tímabilinu, sbr. XI. kafla.

16. gr.

Til innskatts á hverju uppgjörstímabili, sbr. 24. gr., skal telja virðisaukaskatt af aðkeyptum rekstrarfjármunum, vörum, vinnu, þjónustu og öðrum aðföngum sem eingöngu varða sölu skattaðila á vörum og skattskyldri þjónustu.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja reglur um að til innskatts megi telja ákveðinn hluta af virðisaukaskatti innkaupa sem ekki varða eingöngu sölu skattaðila á vörum og skattskyldri þjónustu. Ráðherra getur einnig sett reglur um leiðréttingu á frádrætti vegna innskatts þegar breyting verður á notkun varanlegra rekstrarfjármuna, þar á meðal fasteigna, sem hefur í för með sér breytingu á frádráttarrétti. Leiðréttingin getur tekið til allt að fimm ára frá því að fjármunanna var aflað. Varðandi fasteignir getur leiðréttingin þó tekið til allt að tíu ára. Í reglum um slíkar leiðréttingar getur ráðherra haft hliðsjón af þeim verðbreytingum sem orðið hafa frá því að fjármunanna var aflað.

Til innskatts er ekki heimilt að telja virðisaukaskatt af aðföngum er varða eftirfarandi:

1. Kaffistofu eða mötuneyti skattaðila og hvers konar fæðiskaup hans.
2. Öflun eða rekstur íbúðarhúsnæðis fyrir eiganda eða starfsmenn.
3. Hlunnindi til eiganda eða starfsmanna.
4. Öflun og rekstur orlofsheimila, sumarbústaða, barnaheimila og þess háttar fyrir eiganda eða starfsmenn.
5. Risnu og gjafir.
6. Öflun, rekstur og leigu fólksbifreiða fyrir færri en níu menn.

Ríki, bæjar- og sveitarfélög og stofnanir þeirra mega einungis telja til innskatts virðisaukaskatt af þeim aðföngum sem eingöngu varða sölu á skattskyldri vöru eða þjónustu, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. Sama á við um innskatt af skattskyldum eigin notum þeirra aðila er greinir í 2. mgr. 3. gr.

Þegar vörur, sem notaðar eru af eiganda fyrirtækis, teljast til skattskyldrar veltu fyrirtækisins skv. 1. mgr. 11. gr. má telja virðisaukaskatt af innkaupunum til innskatts. Hið sama gildir um skattskyldar vörur og þjónustu sem fyrirtæki notar í öðrum tilgangi en varðar sölu þess á skattskyldum vörum og þjónustu eða í tilgangi er varðar atriði er rakin eru í 3. mgr. þessarar greinar.

Þrátt fyrir ákvæði 6. tölul. 3. mgr. þessarar greinar er skattskyldum aðilum, sem hafa með höndum sölu eða leigu bifreiða, heimilt að telja skatt af aðföngum vegna þeirra viðskipta sem innskatt.

VIII. KAFLI

Tilhögun bókhalds.

17. gr.

Allir, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skulu auk þess sem fyrir er mælt í lögum nr. 51/1968, um bókhald, haga bókhaldi sínu og uppgjöri til virðisaukaskatts þannig að skattyfirvöld geti jafnan gengið úr skugga um réttmæti virðisaukaskattsskila, og á það einnig við um þá sem ekki eru taldir bókhaldsskyldir samkvæmt bókhaldslögum.

Allar bækur, uppgjör og gögn er varða virðisaukaskattsskil, þar með talið sjóðvélastrimlar, staðgreiðslusölulistar og staðgreiðslusöluyfirlit, skal geyma að minnsta kosti í sex ár eftir lok þess reikningsárs er þau varða.

18. gr.

Skattskyldir aðilar skulu annaðhvort hafa í aðalbókhaldi sínu sérstaka reikninga fyrir þær fjárhæðir er færa skal á virðisaukaskattsskýrslu eða færa þær í sérstakar undirbækur eða yfirlit sem byggð eru á aðalbókhaldinu. Færslum skal þannig hagað að rekja megi einstakar fjárhæðir á virðisaukaskattsskýrslu til þeirra gagna sem á er byggt.

Reki aðili, sem er skattskyldur samkvæmt lögum þessum, margþætta starfsemi, þannig að sumir þættir hennar séu skattskyldir en aðrir undanþegnir skattskyldu, skulu hin skattskyldu og undanþegnu viðskipti greinilega aðgreind bæði í bókhaldi hans og á virðisaukaskattsskýrslu.

Virðisaukaskattsskyldum innkaupum og þeim sem undanþegin eru virðisaukaskatti skal halda aðgreindum í bókhaldi.

Í bókhaldi skal og færa sérstaka reikninga yfir innskatt annars vegar og útskatt hins vegar. Reikninga þessa má færa í lok hvers uppgjörstímabils, enda sé hægt að reikna skattfjárhæðirnar beint á grundvelli reikninga bókhaldsins yfir kaup og sölu skattskyldrar vöru og þjónustu.

Skattskyldir aðilar, sem ekki eru bókhaldsskyldir og ekki færa bókhald samkvæmt lögum nr. 51/1968, um bókhald, skulu færa sérstakt bókhald yfir hin skattskyldu viðskipti. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um tilhögun slíks bókhalds.

19. gr.

Sala skattskyldra aðila samkvæmt lögum þessum skal teljast skattskyld að því marki sem aðilar þessir geta ekki sýnt fram á með bókhaldi og gögnum sem þeim er skylt að halda að salan sé undanþegin virðisaukaskatti. Vanræki aðili að taka virðisaukaskatt af vöru eða þjónustu sem skattskyld er samkvæmt lögum þessum ber honum eigi að síður að standa skil á skattinum.

20. gr.

Við sérhverja sölu eða afhendingu á vöru eða skattskyldri þjónustu skal seljandi gefa út reikning, sbr. þó 21. gr. Á reikningi skal koma fram útgáfudagur, nafn og kennitala kaupanda og seljanda, skráningarnúmer seljanda, tegund sölu, magn, einingarverð og heildarverð. Reikningseyðublöð skulu vera fyrir fram tölusett í samfelldri töluröð. Reikningur skal bera greinilega með sér hvort virðisaukaskattur er innifalinn í heildarfjárhæð hans eða ekki. Enn fremur skal sérstaklega koma fram hver fjárhæð virðisaukaskatts er, ellegar að virðisaukaskattur sé 18,03% af heildarverði. Við sölu til skattskylds aðila skal fjárhæð virðisaukaskatts ætíð koma fram.

Sé greitt að fullu eða að hluta áður en afhending fer fram, sbr. 3. mgr. 13. gr., skal móttakandi greiðslu gefa út kvittun til greiðanda í samræmi við ákvæði 1. mgr. þessarar greinar eftir því sem við á.

Þegar seldum verðmætum er skilað til seljanda skal ætíð gefa út innleggsreikning (kreditreikning) fyrir hinum mótteknu verðmætum með tilvísun til fyrri reiknings. Sama gildir um afslátt sem veittur er eftir að reikningur hefur verið gefinn út, svo og leiðréttingar á fyrri reikningum.

Við sölu, sem er að hluta til skattskyld og að hluta til undanþegin skatti, skal halda viðskiptum, sem eru skattskyld, frá öðrum viðskiptum þannig að þau séu færð á sérstaka reikninga.

Seljandi skal varðveita samrit af reikningum og kvittunum samkvæmt þessari grein.

Skattskyldur aðili samkvæmt lögum þessum skal haga bókhaldi sínu og vörslu bókhaldsgagna þannig að hann geti að kröfu skattyfirvalda gefið upplýsingar um innkaup sín á skattskyldum vörum og þjónustu frá einstökum skattskyldum aðilum og um sölu sína á skattskyldum vörum og þjónustu til einstakra skattskyldra aðila samkvæmt lögum þessum.

Til sönnunar á innskatti skal skattskyldur aðili geta lagt fram reikninga eða önnur gögn í samræmi við ákvæði þessarar greinar. Sömuleiðis skal aðili, sem flytur inn vörur erlendis frá, geta lagt fram greiðsluskjöl frá tollyfirvöldum fyrir virðisaukaskatti sem lagður er á vörur þær er hann flytur inn. Reikningur, að fjárhæð 3000 kr. eða minna, frá smásöluverslun eða aðila, sem nær eingöngu selur til endanlegs neytanda, telst fullnægjandi í þessu sambandi enda þótt ekki komi fram nafn og kennitala kaupanda.

21. gr.

Við staðgreiðslusölu smásöluverslana og hliðstæðra aðila er ekki skylt að gefa út reikning skv. 1. mgr. 20. gr. nema salan sé til aðila sem skattskyldur er samkvæmt ákvæðum þessara laga. Sé reikningur gefinn út í slíkum viðskiptum má víkja frá kröfum 20. gr. um auðkenni á reikningum eftir nánari reglum sem fjármálaráðherra setur.

Þeir sem taka framleiðslu annarra til vinnslu eða endursölu skulu gefa út innleggsnótur (afreikninga) eða móttökukvittanir sem geta komið í stað reikninga skv. 20. gr., og gilda sömu reglur um þær og rakið er í 20. gr. eftir því sem við á. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda meðal annars um kaup eða móttöku samlaga, samvinnufélaga og annarra á framleiðsluvörum bænda, sjávarafla og hvers konar iðnaðarvörum, fullunnum og hálfunnum.

22. gr.

Þeir sem undanþegnir eru skattskyldu mega hvorki tilgreina á reikningum sínum né gefa á annan hátt til kynna á þeim að virðisaukaskattur sé innifalinn í reikningsfjárhæð.

Nú tekur aðili, sem undanþeginn er skattskyldu, við innleggsnótu (afreikningi) þar sem virðisaukaskattur er tilgreindur eða þar sem tilgreint er að virðisaukaskattur sé innifalinn í heildarfjárhæð og skal hann þá vekja athygli útgefanda innleggsnótu á því og endurgreiða honum skatt sem hann kann að hafa tekið við.

Þeir sem tilgreina á einhvern hátt á reikningum sínum, þrátt fyrir 1. mgr., að virðisaukaskattur sé innifalinn í heildarfjárhæð skulu skila skattinum í ríkissjóð. Sama gildir um skattskylda aðila sem tilgreina á reikningum sínum of háan virðisaukaskatt eða virðisaukaskatt af viðskiptum sem ekki eru skattskyld. Verði leiðréttingu komið við gagnvart kaupanda fellur skilaskylda samkvæmt þessari málsgrein niður.

Í upplýsingum um verð á vöru eða skattskyldri þjónustu skal koma greinilega fram ef upp gefið verð er ekki með virðisaukaskatti.

23. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um sérstakt bókhald, fylgiskjöl þess og færslu, þar með talið birgðabókhald, fyrir alla virðisaukaskattsskylda aðila og birgðatalningu, notkun sjóðvéla og annarra gagna til sönnunar færslum, löggildingu bóka og gagna, svo og geymslu þeirra.

Í reglugerð samkvæmt fyrri málsgrein má mæla fyrir um framtalsgögn og skjöl sem þeim skuli fylgja.

IX. KAFLI

Uppgjörstímabil, gjalddagar, álag, kærur o.fl.

24. gr.

Hvert uppgjörstímabil er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Skráningarskyldir aðilar skulu eftir lok hvers uppgjörstímabils greiða ótilkvaddir virðisaukaskatt þann sem þeim ber að standa skil á samkvæmt lögum þessum. Fjármálaráðherra ákveður í reglugerð um greiðslustaði, greiðslufyrirkomulag og efni skýrslu.

Virðisaukaskatti ásamt virðisaukaskattsskýrslu skal skila eigi síðar en á fimmta degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils vegna viðskipta á því tímabili. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist gjalddagi á næsta virkan dag á eftir.

Sé innskattur á einhverju uppgjörstímabili hærri en útskattur skal skráningarskyldur aðili senda skattstjóra innan sömu tímamarka skýrslu í því formi er um getur í 1. mgr.

Fyrirtæki geta fengið heimild hjá skattstjóra til þess að nota hvern almanaksmánuð sem uppgjörstímabil ef útskattur er að jafnaði lægri en innskattur vegna þess að verulegur hluti

veltunnar er undanþeginn skv. 1. mgr. 12. gr. Nú nemur útskattur í slíku fyrirtæki að jafnaði minna en helmingi innskatts og getur skattstjóri þá heimilað því að nota skemmra uppgjörstímabil en einn mánuð, en þó ekki skemmra en eina viku. Uppgjörstímabili má einungis breyta þannig að það sé miðað við upphaf tveggja mánaða tímabils skv. 1. mgr. Beiðni um slíka breytingu verður að hafa borist skattstjóra a.m.k. einum mánuði fyrir gildistöku væntanlegrar breytingar. Fái aðili heimild til að breyta uppgjörstímabili skal sú breyting gilda í a.m.k. tvö ár.

Sérhver aðili, sem rekur starfsemi í fleiri en einni starfsgrein, skal láta í té sérstaka virðisaukaskattsskýrslu fyrir hverja þeirra eftir nánari ákvörðun skattstjóra.

Skattstjóra er heimilt að fallast á umsókn aðila, sem hefur með höndum margþættan atvinnurekstur, um að skila sérstakri skýrslu fyrir hverja sjálfstæða rekstrareiningu.

25. gr.

Skattstjóri skal rannsaka virðisaukaskattsskýrslur og leiðrétta þær ef þær eða einstakir liðir þeirra eru í ósamræmi við lög þessi eða fyrirmæli sem sett verða samkvæmt þeim. Þá skal skattstjóri áætla skatt af viðskiptum þeirra aðila sem ekki senda skýrslur innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og skattgreiðanda um áætlanir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið.

26. gr.

Sé innskattur á einhverju uppgjörstímabili hærri en útskattur skal innheimtumaður ríkissjóðs endurgreiða skattaðila mismuninn.

Hafi skýrslu verið skilað á tilskildum tíma skal endurgreiðsla fara fram innan fimmtán daga frá lokum skilafrests. Berist skýrsla eftir lok skilafrests skal endurgreiðsla fara fram innan fimmtán daga frá því að skattstjóri kveður upp úrskurð skv. 29. gr. Geti skattstjóri ekki vegna aðstæðna skattaðila gert nauðsynlegar athuganir á gögnum þeim er skýrslugjöfin byggist á framlengist framangreindur frestur um þann tíma sem slíkar aðstæður ríkja.

Endurgreiðsla skv. 1. mgr. má því aðeins fara fram að skattákvörðun liggi fyrir vegna fyrri tímabila. Kröfu um vangreiddan virðisaukaskatt ásamt álagi skal skuldajafna á móti endurgreiðslu.

Komi í ljós að endurgreiðsla samkvæmt þessari grein hafi verið of há skal skattstjóri þegar í stað tilkynna skattaðila og innheimtumanni ríkissjóðs þar um. Skattaðila ber eigi síðar en sjö dögum eftir tilkynningu skattstjóra um of háa endurgreiðslu að greiða innheimtumanni það sem ofgreitt var.

27. gr.

Sé virðisaukaskattur ekki greiddur á tilskildum tíma skal aðili sæta álagi til viðbótar skatti samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu eða til viðbótar þeim skatti sem honum bar að standa skil á, sbr. 19. gr. Sama gildir ef virðisaukaskattsskýrslu hefur ekki verið skilað eða verið ábótavant og virðisaukaskattur því áætlaður eða endurgreiðsla skv. 26. gr. hefur verið of há.

Álag skv. 1. mgr. skal vera 1% af þeirri fjárhæð, sem vangreidd er, fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%.

Við útreikning á álagi á áætlaðan virðisaukaskatt telst gjalddagi sá sami og gjalddagi virðisaukaskatts þess uppgjörstímabils sem áætlað er fyrir. Sama gildir um álag á vangreiddan, ógreiddan eða ofendurgreiddan virðisaukaskatt eldri tímabila.

Sendi aðili fullnægjandi virðisaukaskattsskýrslu innan kærufrests, sbr. 29. gr., skal hann greiða virðisaukaskatt samkvæmt skýrslunni auk álags skv. 2. mgr. Kæri aðili áætlaðan virðisaukaskatt skal hann greiða virðisaukaskatt samkvæmt kæruúrskurði auk álags skv. 2. mgr.

Komi í ljós að aðila, sem greiða átti virðisaukaskatt, hafi ekki verið áætlaður skattur eða áætlun verið lægri en sá skattur sem honum bar að greiða skal hann greiða þann skatt sem honum bar, auk álags skv. 2. mgr.

Fella má niður álag skv. 2. mgr. ef aðili færir gildar ástæður sér til málsbóta og geta skattyfirvöld metið það í hverju tilviki hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi. Breyta má fyrri áætlun eftir lok kærufrests ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi og fær aðili þá kærufrest að nýju nema um lækkun á fyrri áætlun hafi verið að ræða.

Heimilt er að áætla virðisaukaskatt aðila ef í ljós kemur að virðisaukaskattsskýrsla styðst ekki við tilskilið bókhald samkvæmt lögum nr. 51/1968, samkvæmt ákvæðum laga þessara eða ákvæðum reglugerða settra samkvæmt þeim. Jafnframt er heimilt að áætla virðisaukaskatt aðila ef í ljós kemur að færsla á innskatti eða útskatti eða öðrum þáttum, sem virðisaukaskattsskýrslan byggist á, styðst ekki við lögmæt gögn. Sama gildir ef bókhald og þau gögn, sem liggja fyrir um fjárhæðir á virðisaukaskattsskýrslu, verða ekki talin nægilega örugg. Enn fremur er heimilt að áætla virðisaukaskatt aðila ef ekki er lagt fram bókhald eða þau gögn sem skattyfirvöld kunna að biðja um til að sannprófa virðisaukaskattsskýrslu. Ákvæði 2. mgr. eiga einnig við um áætlanir samkvæmt þessari málsgrein.

Hafi skattstjóri grun um að verulegur undandráttur á virðisaukaskatti hafi átt sér stað skal hann senda skattrannsóknarstjóra skýrslu um málið. Þegar skattrannsóknarstjóra hefur borist slík skýrsla skal hann, ef hann telur ástæðu til, hefja rannsókn í málinu sjálfur eða fela hana skattstjóra.

Sé skattur vanreiknaður eða viðskipti dregin undan má gera aðila að greiða virðisaukaskatt sex ár aftur í tímann, talið frá byrjun þess árs þegar álagning fer fram. Sama gildir um endurákvörðun á áður ofendurgreiddum skatti. Fari fram rannsókn við embætti ríkisskattstjóra eða hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins á skattskilum aðila reiknast heimild til endurreiknings frá byrjun þess árs þegar rannsókn hófst.

Ætíð skal gera aðila viðvart í ábyrgðarbréfi áður en virðisaukaskattur er reiknaður að nýju skv. 9. mgr. Heimilt er aðila að kæra slíka álagningu samkvæmt ákvæðum 29. gr.

28. gr.

Sé virðisaukaskattur ekki greiddur innan mánaðar frá gjalddaga, sbr. 24. gr., skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Sama gildir ef endurgreiðsla hefur verið of há. Dráttarvextir eru þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt lögum nr. 36/1986.

Virðisaukaskattur, álag, dráttarvextir og kröfur um endurheimtu of hárra endurgreiðslna njóta lögtaksréttar. Virðisaukaskatti og álagi ásamt endurheimtu of hárrar endurgreiðslu, sbr. 26. og 27. gr., skal við skipti á þrotabúum og skuldafrágöngubúum skipað í skuldaröð skv. 82. gr. laga nr. 3/1878. Óheimilt er að slíta félagi fyrr en kröfur þessar hafa verið greiddar að fullu fyrir allan starfstíma þess. Hafi félagi verið slitið án þess að kröfur þessar hafi verið greiddar bera skilanefndarmenn búskipta ábyrgð á greiðslu þeirra. Stjórnarmenn félaga, sjóða og stofnana, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. og 4. tölul. 3. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, bera óskipta ábyrgð á kröfum samkvæmt þessari málsgrein.

Innheimtumaður getur látið lögreglu stöðva atvinnurekstur þeirra aðila sem ekki gera fullnægjandi skil á skattinum, álagi skv. 27. gr. eða dráttarvöxtum skv. 1. mgr. þessarar greinar á tilskildum tíma með því m.a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil eru gerð.

Nú á aðili rétt á endurgreiðslu skv. 26. gr. og hún er ekki innt af hendi innan mánaðar frá lokum frests samkvæmt sömu grein og skal þá ríkissjóður greiða aðila dráttarvexti, sbr. 1. mgr., af þeirri fjárhæð sem endurgreiða skal.

29. gr.

Þeir sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun skattstjóra á virðisaukaskatti geta kært skattinn til hans innan fimmtán daga frá því er skatturinn var ákveðinn. Skattstjóri skal kveða upp úrskurð um kæruna og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi innan fimmtán daga frá lokum kærufrests.

Úrskurði skattstjóra má skjóta til ríkisskattanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð.

Kærufrestur til ríkisskattanefndar skal vera fimmtán dagar frá póstlagningu úrskurðar skattstjóra og úrskurðarfrestur ríkisskattanefndar fimmtán dagar.

Ríkisskattstjóri hefur heimild til að skjóta ákvörðunum skattstjóra til ríkisskattanefndar án tillits til kærufrests.

Ágreining um skattskyldu og skatthæð má bera undir dómstóla, en það skal þó gert innan sex mánaða frá því að ríkisskattanefnd úrskurðar í málinu.

Ákvæði 100. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu að öðru leyti gilda um málsmeðferð fyrir ríkisskattanefnd eftir því sem við getur átt.

Áfrýjun eða deila um skattskyldu frestar ekki gjalddaga skattsins né leysir undan neinum þeim viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu hans, en verði skattur lækkaður eftir úrskurði eða dómi skal endurgreiða það sem lækkuninni nemur.

X. KAFLI

Sérstök ákvæði um landbúnað.

30. gr.

Skráningarskyldir aðilar, sem stunda landbúnað, skulu færðir á sérstaka skrá, landbúnaðarskrá, og skal um virðisaukaskattsskil þeirra fara eftir þessum kafla.

Starfsemi, sem fellur undir flokk 0 í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, önnur en þjónusta við búrekstur, telst landbúnaður í skilningi 1. mgr.

31. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 24. gr. skulu þeir sem um ræðir í 30. gr. skila innheimtumanni ríkissjóðs virðisaukaskatti ásamt virðisaukaskattsskýrslu tvisvar á ári. Skýrslu vegna fyrri hluta árs skal skilað ásamt virðisaukaskatti í síðasta lagi 1. september ár hvert og vegna síðari hluta árs 1. mars ár hvert. Að öðru leyti skulu ákvæði IX. kafla gilda um virðisaukaskattsskil þeirra sem stunda landbúnað eftir því sem við getur átt, sbr. þó 32. og 33. gr.

32. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 31. gr. skulu þeir, sem um ræðir í 30. gr. og hafa 60% eða meira af heildaratvinnurekstrartekjum af annars konar starfsemi en landbúnaði, skila virðisaukaskatti ásamt skýrslum á reglulegum skiladögum skv. 24. gr.

33. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 31. gr. er skattstjóra heimilt að fallast á beiðni þeirra sem stunda landbúnað um aukauppgjör á virðisaukaskatti ef í ljós kemur að þeir eiga kröfu á verulegri endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa á fjárfestingar- og rekstrarvörum. Fjármálaráðherra getur í reglugerð sett nánari skilyrði fyrir því hvenær fallast beri á beiðni um aukauppgjör virðisaukaskatts samkvæmt þessari grein.

Ef nauðsyn ber til er fjármálaráðherra heimilt að setja í reglugerð aðrar reglur en kveðið er á um í þessum kafla og IX. kafla um uppgjörstímabil og skil þeirra bænda sem fá

söluverð afurða sinna ekki gert upp með reglubundnum hætti a.m.k. sex sinnum á ári. Heimilt er að láta reglur þessar á sama hátt taka til viðskiptaaðila þeirra bænda sem hér um ræðir. Reglugerð þessi skal sett að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra.

XI. KAFLI

Sérstök ákvæði um innflutning.

34. gr.

Við innflutning á vöru skal virðisaukaskattur innheimtur af tollverði skattskyldrar vöru að viðbættum tolli og öðrum gjöldum sem á eru lögð við tollmeðferð.

Um ákvörðun tollverðs skulu gilda ákvæði þar að lútandi í tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur fjármálaráðherra ákveðið að ákvæði 109. gr. tollalaga, nr. 55/1987, um greiðslufrest aðflutningsgjalda af innfluttum vörum, skuli gilda með sama hætti um greiðslu virðisaukaskatts við innflutning. Gjalddagi skal eigi vera síðar en á gjalddaga virðisaukaskatts þess tímabils þegar tollafgreiðsla fer fram.

35. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða svo á í reglugerð að greiða skuli virðisaukaskatt af greiðslum fyrir skattskylda þjónustu sem keypt er erlendis sé hún veitt eða nýtt hérlendis.

36. gr.

Vara, sem er tollfrjáls eða undanþegin tolli skv. 5. gr. eða 4.–7., 9.–12., 20. og 21. tölul. 6. gr. tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum, skal undanþegin virðisaukaskatti við innflutning að uppfylltum sömu skilyrðum og tilgreind eru í tollalögum.

Við innflutning vöru, sem undanþegin er skattskyldri veltu, sbr. 6. og 8. tölul. 12. gr., og við innflutning listamanna á eigin listaverkum, sem falla undir tollskrárnúmer 9701.1000–9703.0000, skal ekki greiða virðisaukaskatt.

37. gr.

Virðisaukaskattur af innflutningi skal innheimtur með aðflutningsgjöldum.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum eða reglugerð eða öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim um skattskyldu, úrskurð um skattskyldu, álagningu, innheimtu, lækkun eða endurgreiðslu vegna rýrnunar, skemmda eða endursendingar, lögvernd, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi virðisaukaskatt af innfluttum vörum og þjónustu, skulu gilda ákvæði tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim lögum.

XII. KAFLI

Um eftirlit, upplýsingaskyldu og refsiákvæði.

38. gr.

Öllum aðilum, bæði virðisaukaskattsskyldum og öðrum, er skylt að láta skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi sem óskað er allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða gjald- og skilaskyldu þeirra aðila eða eftirlit með þeim.

Skattyfirvöld hafa þannig m.a. rétt til þess að krefjast upplýsinga af þeim er hafa keypt af skattskyldum aðila eða selt honum vörur eða haft við hann önnur viðskipti, þar með að

krefja húseigendur um upplýsingar um atvinnurekendur og aðra sem hafa verslun, verkstæði, skrifstofur eða aðra starfsstöð í húsum þeirra. Einnig skulu félög og félagasamtök atvinnurekenda, iðnaðarmanna og annarra viðkomandi aðila skyld að gefa upplýsingar um félaga sína og atvinnu þeirra og rekstur.

Vegna skatteftirlits samkvæmt lögum þessum getur skattstjóri, skattrannsóknarstjóri, ríkisskattstjóri og menn, sem þeir fela skatteftirlitsstörf, krafist þess að virðisaukaskattsskyldir aðilar leggi fram til könnunar bókhald sitt og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn, þar með talin bréf og samningar. Enn fremur hafa þessir aðilar aðgang að framangreindum gögnum og aðgang að starfsstöðvum virðisaukaskattsskyldra aðila og birgðageymslum og heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta. Sömu heimildir hefur skattrannsóknarstjóri vegna rannsókna skv. 39. gr.

Ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri hafa enn fremur heimildir þær er um getur í 3. mgr. gagnvart aðilum sem ekki eru virðisaukaskattsskyldir, svo sem öllum stofnunum, bönkum, sparisjóðum og öðrum peningastofnunum.

Nú verður ágreiningur um skyldu aðila samkvæmt þessari grein og getur ríkisskattstjóri þá leitað um hann úrskurðar sakadóms. Gegni einhver ekki upplýsingaskyldu sinni má vísa máli til opinberrar rannsóknar.

39. gr.

Ríkisskattstjóri skal hafa eftirlit með störfum skattstjóra og sjá um að sem best samræmi sé í ákvörðunum um virðisaukaskatt hvarvetna á landinu. Hann skal leiðbeina skattstjórum um allt er að ákvörðunum um virðisaukaskatt lýtur, m.a. með því að kynna þeim dóma og úrskurði sem almennt gildi hafa.

Nú telur ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ályktun skattstjóra um virðisaukaskatt og getur hann þá gert aðila skatt að nýju.

Skattrannsóknarstjóri skal fylgjast með eftirlitsstörfum skattstjóra og afla upplýsinga um þau, leiðbeina skattstjórum um eftirlitsaðgerðir og veita þeim upplýsingar um atvinnugreinar, atvinnuvegi eða önnur atriði sem þýðingu hafa við skatteftirlit.

Skattrannsóknarstjóri getur hafið rannsókn á hverju því atriði er varðar skattskil samkvæmt lögum þessum. Hann skal annast rannsóknir eftir kröfu ríkisskattstjóra og hann skal annast rannsóknir í málum sem til hans er vísað, sbr. 8. mgr. 27. gr., nema hann feli skattstjóra rannsóknina. Hann getur einnig falið skattstjórum athugun eða rannsókn á hverju því atriði sem um getur í þessari grein.

Þegar aðgerðir skattrannsóknarstjóra gefa tilefni til ákvörðunar eða endurákvörðunar á skatti samkvæmt lögum þessum skal ríkisskattstjóri annast ákvörðunina eða endurákvörðunina nema hann feli hana skattstjóra.

40. gr.

Skýri skattskyldur aðili af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um virðisaukaskatt hans eða afhendi hann eigi á lögmæltum tíma virðisaukaskattsskýrslu eða virðisaukaskatt sem hann hefur innheimt eða honum bar að innheimta skal hann auk ógreidds skatts greiða sekt er nemi allt að tífaldri þeirri fjárhæð sem undan var dregin, vanrækt var greiðsla á eða ofendurgreidd var. Álag skv. 27. gr. dregst frá sektarfjárhæð.

Ef aðili vanrækir tilkynningarskyldu sína skv. 5. gr., vanrækir skyldu sína að halda tilskilið bókhald samkvæmt lögum þessum, vanrækir að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skýrslur eða gögn, svo sem ákveðið er í lögum þessum eða ákvæðum reglna, sem

settar eru samkvæmt þeim, skýrir rangt eða villandi frá einhverju er varðar virðisaukaskattsskýrslur hans, þótt upplýsingarnar hafi ekki áhrif á skattskyldu hans eða skattgreiðslur, eða brýtur á annan hátt gegn lögum þessum, skal hann sæta sektum, enda liggi eigi við brotinu þyngri refsing eftir þessum eða öðrum lögum.

Verði brot skv. 1. mgr. uppvíst við skipti dánarbús skal greiða úr búinu sekt er nemi allt að fjórfaldri þeirri skattfjárhæð sem undan var dregin eða vanrækt var að greiða. Sé svo ástatt sem í 2. mgr. segir má gera búinu sekt.

Hver sá, sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn um atriði varðandi virðisaukaskattsskýrslur annarra aðila eða gegnir ekki skyldu sinni skv. 38. gr., skal greiða sekt. Sama gildir um þann sem aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda.

Sektir eftir lögum þessum má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Hafi fyrirsvarsmaður lögaðila framið brot á lögum þessum má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu.

Sé brot ítrekað eða sakir miklar að öðru leyti má auk sektar beita varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga og varða slík brot sektum nema öðruvísi sé ákveðið í grein þessari.

41. gr.

Ríkisskattanefnd úrskurðar sektir skv. 40. gr. nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 2. mgr. Við meðferð mála hjá nefndinni skal gæta ákvæða 100. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á, og veita sakborningi færi á að taka til varna. Skattrannsóknarstjóri kemur fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni þegar hún úrskurðar sektir. Úrskurður ríkisskattanefndar um sektir er fullnaðarúrskurður. Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum nefndarinnar.

Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála út af brotum á lögum þessum. Skattrannsóknarstjóri getur vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðum, svo og eftir ósk sökunautar ef hann vill eigi hlíta því að mál hans verði afgreitt af ríkisskattanefnd.

Mál vegna brota á lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála og skulu rekin fyrir sakadómi. Skattkröfu má hafa uppi, rannsaka og dæma í slíkum málum, sbr. XVII. kafla laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Um innheimtu sekta, er ríkisskattanefnd úrskurðar, gilda sömu reglur og um innheimtu skatts eftir lögunum, þar á meðal um lögtaksrétt.

Sök skv. 40. gr. fyrnist á sex árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra eða rannsóknarlögreglustjóra ríkisins eða hjá löglærðum fulltrúum þeirra gegn skattaðila sem sökunaut, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

XIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

42. gr.

Skatt- og tollyfirvöldum, starfsmönnum þeirra og erindrekum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkom-

andi mönnum frá því er þeir komast að í starfi sínu um viðskipti einstakra manna og fyrirtækja. Þagnarskyldan helst þó að starfsmenn þessir láti af starfi sínu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu skatt- og tollyfirvöld veita Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnun upplýsingar er varða skýrslugerð þeirra.

43. gr.

Fjárhæðir, sem um ræðir í 3. tölul. 4. gr., 3. mgr. 13. gr. og 7. mgr. 20. gr., eru grunnfjárhæðir er skulu taka árlega sömu hlutfallslegu breytingu og byggingarvísitala sú er öðlast gildi 1. janúar ár hvert, sbr. lög nr. 42/1987. Grunnfjárhæðir þessar miðast við vísitölu 1. október 1987, þ.e. 102,4 stig.

44. gr.

Skattstjórar skulu árlega semja og leggja fram virðisaukaskattsskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu, en í henni skal tilgreina ákvarðaðan virðisaukaskatt eða endurgreiddan virðisaukaskatt hvers skattskylds aðila. Virðisaukaskattsskrá skal liggja frammi til sýnis á hentugum stað í tvær vikur í hverju sveitarfélagi. Skattstjóri eða umboðsmaður hans auglýsir í tæka tíð hvar skráin liggur frammi.

45. gr.

Fjármálaráðherra hefur eftirlit með því að skattstjórar, skattrannsóknarstjóri, ríkisskattstjóri, ríkisskattanefnd og innheimtumenn ríkissjóðs ræki skyldur sínar samkvæmt lögum þessum. Hann hefur rétt til þess að fá til athugunar virðisaukaskattsskýrslur og gögn er þær varða og krefja framangreinda aðila skýringa á öllu því er framkvæmd laga þessara varðar.

46. gr.

Sala á skattskyldri vöru og þjónustu til varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, sbr. lög nr. 110/1951, um lagagildi varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, svo og sala á vörum sem ætlaðar eru til endursölu í tollfrjálsum verslunum, sbr. VIII. kafla tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum, telst sala úr landi í skilningi laga þessara.

47. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Þá er fjármálaráðherra heimilt að undanþiggja tiltekna aðila skattskyldu umfram það sem kveðið er á um í 4. gr., enda teljist slíkt nauðsynlegt til þess að samræmis gæti varðandi skattskyldu samkvæmt lögum þessum. Hann getur enn fremur ákveðið með reglugerð að hvaða marki skuli endurgreiða sendimönnum erlendra ríkja virðisaukaskatt af kaupum á vörum og þjónustu hér á landi.

Á sama hátt er fjármálaráðherra heimilt að setja reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts sem erlend fyrirtæki hafa greitt hérlendis vegna kaupa, aðvinnslu, geymslu eða flutnings á vörum sem flytja á úr landi.

Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að setja sérstakar reglur um uppgjör, uppgjörstímabil og skil virðisaukaskatts af hráefni til fiskvinnslu í því skyni að jafna aðstöðu fyrirtækja á þessu sviði.

Um þau atriði, sem ekki eru sérstök ákvæði um í lögum þessum, fer samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á.

48. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en skattheimta samkvæmt þeim kemur eigi til framkvæmda fyrr en 1. júlí 1989. Frá þeim tíma falla úr gildi lög nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum. Ákvæði þeirra laga skulu þó gilda um söluskatt af sölu til og með 30. júní 1989.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Fari afhending skattskyldrar vöru og þjónustu fram eftir gildistöku laga þessara skal hún teljast til virðisaukaskattsskyldrar veltu samkvæmt lögum þessum. Þetta gildir án tillits til þess hvort samningur um sölu skattskyldrar vöru og þjónustu hefur verið gerður fyrir gildistöku laganna eða greiðsla hefur farið fram að hluta eða fullu.

Hafi samningur, sbr. 1. mgr. þessa ákvæðis, verið gerður skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna sem svarar virðisaukaskatti samkvæmt lögum þessum sé um að ræða sölu á vöru og þjónustu sem ekki var skattskyld samkvæmt söluskattslögum, nema sannað sé að virðisaukaskattur hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess. Hafi slík vara eða þjónusta verið skattskyld samkvæmt söluskattslögum skal seljandi endurgreiða kaupanda mismun á söluskatti og virðisaukaskatti, nema sannað sé að kaupverð samkvæmt samningnum hafi verið miðað við virðisaukaskatt samkvæmt lögum þessum.

Um greiðslu virðisaukaskatts af innflutningi skattskyldrar vöru og þjónustu fer eftir þeim reglum sem gilda þegar tollmeðferð fer fram.

Þeim aðilum, sem um ræðir í 4. mgr. 6. gr., er heimilt við uppgjör virðisaukaskatts að draga frá greiddan söluskatt af byggingarefni í byggingar og verk sem byggð eru í þeim tilgangi að selja skráðum aðilum en eru óseld 30. júní 1989. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um þennan frádrátt, þar á meðal um það á hvaða uppgjörstímabilum hann leyfist og hvaða gögn þurfa að liggja til grundvallar.

II

Skráningarskyldir aðilar skv. 5. gr. laga þessara skulu tilkynna sig til skráningar eigi síðar en 30. apríl 1989.

III

Þrátt fyrir ákvæði 24. gr. laga þessara skal skattuppgjör fyrir 1. til og með 15. dag nóvembermánaðar 1989 fylgja uppgjöri fyrir mánuðina september og október.

IV

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 12. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, er fjármálaráðherra heimilt að ákveða að eindagi söluskatts skuli vera allt að 20 dögum eftir gjalddaga hans. Nýti ráðherra þessa heimild ber að reikna dráttarvexti af vangreiddri fjárhæð, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 10/1960, 16. næsta mánaðar eftir gjalddaga söluskatts, sbr. 4. mgr. 12. gr. sömu laga.

Ed. 1039. Breytingartillaga [431. mál]

við frv. til l. um virðisaukaskatt.

Frá Guðmundi H. Garðarssyni.

Við 1. mgr. 12. gr. bætist nýr töluliður sem hér segir:

10. Útgáfa og sala innlendra tímarita.

Ed. 1040. Breytingartillögur [431. mál]

við frv. til l. um virðisaukaskatt.

Frá Júlíusi Sólnes og Guðmundi Ágústssyni.

1. Við 2. gr.
   a. 3. tölul. 3. mgr. orðist svo: Rekstur skóla og menntastofnana, þar með talin starfsemi sérskóla og námskeiðahald.
   b. 4. tölul. 3. mgr. orðist svo: Menningarstarfsemi, þar með talinn rekstur safna og bókasafna.
   c. 8. tölul. 3. mgr. orðist svo: Fasteignaleiga, þar með talin leiga hótel- og gistiherbergja, svo og útleiga á félagsheimilum.
   d. 12. tölul. 3. mgr. orðist svo: Vinna listamanna af menningarlegum toga, svo og sýning og sala hugverka þeirra.
2. Við 4. gr. Í stað „100 000 kr.“ í 3. tölul. komi: 300 000 kr.
3. Við bætist ný grein, sem verður 5. gr., svohljóðandi:

   Þeir sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir minna en 4 000 000 kr. á ári skulu með skattframtali sínu skila rekstraryfirliti sem sýnir innskatt og útskatt vegna starfseminnar á árinu. Skulu þeir greiða með öðrum á lögðum opinberum gjöldum sínum þann mismun á útskatti og innskatti sem rekstraryfirlitið sýnir.

   Aðilar, sem falla undir ákvæði 1. mgr., skulu við upphaf árs gera viðkomandi skattstjóra grein fyrir áætlaðri veltu ársins. Skattstjóra er heimilt að krefjast þess að viðkomandi aðili gerist virðisaukaskattsskyldur að fullu ef sýnt þykir að veltan fari upp fyrir tiltekin mörk.
4. Við 12. gr.
   a. 5. tölul. orðist svo: Vistir, eldsneyti, tæki og annar búnaður sem afhentur er til nota um borð í millilandaförum, svo og sú þjónusta, m.a. viðhalds- og viðgerðarþjónusta, sem veitt er slíkum förum.
   b. Við 9. tölul. bætast orðin: svo og afnotagjöld útvarpsstöðva og loftnetsdreifikerfa.
5. Við 14. gr. Greinin orðist svo:

   Virðisaukaskattur skal lagður á með tveimur mismunandi skattþrepum og skulu þau ákveðin í fjárlögum ár hvert. Hið lægra virðisaukaskattsþrep, sem ekki má vera hærra en 6%, skal notað við álagningu á matvæli og aðrar helstu nauðsynjavörur heimilanna samkvæmt nánari skilgreiningu í reglugerð. Allar aðrar vörur og þjónusta, svo og annað sem er virðisaukaskattsskylt samkvæmt lögum þessum, skal bera skatt samkvæmt hærra þrepinu sem ekki má vera hærra en 22%.
6. Við 20. gr. Orðin „fyrir fram“ í 3. málsl. 1. mgr. falli brott.
7. Við 34. gr. 3. mgr. orðist svo:

   Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má fjármálaráðherra veita greiðslufrest á virðisaukaskatti á innfluttum vörum við tollafgreiðslu, enda setji innflytjandi fullnægjandi tryggingar.

Ed. 1041. Breytingartillögur [431. mál]

við frv. til l. um virðisaukaskatt.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur og Danfríði Skarphéðinsdóttur.

1. 1. málsl. 1. mgr. 2. gr. orðist svo: Skattskyldan nær til allra vara og verðmæta, nýrra og notaðra, nema matvöru sem er undanþegin virðisaukaskatti.

2. 4. tölul. 3. mgr. 2. gr. orðist svo:
   Menningarstarfsemi, m.a. rekstur safna og bókasafna, tónleikahald, óperu- og leiksýningar svo og gerð og sýningar íslenskra kvikmynda.
3. Á eftir 12. tölul. 3. mgr. 2. gr. komi nýr tölul., 13. tölul., sem orðist svo: Útgáfa bóka á íslensku.

Ed. 1042. Breytingartillögur [431. mál]

við frv. til l. um virðisaukaskatt.

Frá Svavari Gestssyni, Margréti Frímannsdóttur og Skúla Alexanderssyni.

1. Við 2. gr. 4. tölul. 3. mgr. orðist svo: Menningarstarfsemi samkvæmt nánari skilgreiningu í reglugerð að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið.
2. Við 3. gr. Við 5. tölul. bætist: þó ekki þeim sem bjóða upp listmuni.
3. Við 1. mgr. 12. gr. bætist nýr töluliður sem hér segir: Sala á matvörum.

Sþ. 1043. Nefndarálit [32. mál]

um till. til þál. um notkun síma í bifreiðum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt þingsályktunartillöguna á fundum sínum.

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Umferðarráði, Póst- og símamálastofnuninni, lögreglustjóranum í Reykjavík, Bandalagi íslenskra leigubílstjóra, Ökukennarafélagi Íslands.

Nefndin leggur til að þingsályktunartillagan verði samþykkt með svohljóðandi

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því að settar verði almennar reglur um notkun farsíma í ökutækjum hér á landi og þær kynntar ökumönnum og við ökukennslu.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Kristín Halldórsdóttir og Pálmi Jónsson.

Alþingi, 5. maí 1988.

Guðni Ágústsson, form., frsm. Sverrir Hermannsson. Guðrún Helgadóttir.

Sigbjörn Gunnarsson. Jón Kristjánsson.

Ed. 1044. Nefndarálit [271. mál]

um frv. til l. um framhaldsskóla.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og kynnt sér þær umsagnir sem Alþingi hafa borist frá ýmsum aðilum. Á fund nefndarinnar komu Stefán Ólafur Jónsson og Hörður Lárusson frá menntamálaráðuneytinu, en Stefán Ólafur starfaði með nefndinni að athugun frumvarpsins. Einnig komu til fundar við nefndina fulltrúar vinnuhóps á vegum Sérkennarafélagsins, þau Fjölnir Ásbjörnsson, Gunnar Salvarsson og Sigurlaug Höskuldsdóttir. Þá komu á fund nefndarinnar Guðmundur Guðmundsson, Helgi Arnlaugsson og Sigurður Daníelsson, fulltrúar Sambands málm- og skipasmiðja og Málm- og skipasmiðasambands Íslands, Ásta Þorsteinsdóttir og Dóra S. Bjarnason frá Landssamtökunum Þroskahjálp og Flosi Eiríksson og Víðir Pétursson frá Félagi framhaldsskóla.

Nefndin varð ekki einhuga um afgreiðslu málsins og skilar minni hl. séráliti.

Meiri hl. nefndinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá neðri deild.

Alþingi, 5. maí 1988.

Eiður Guðnason, form., frsm. Valgerður Sverrisdóttir. Halldór Blöndal.

Salome Þorkelsdóttir. Jóhann Einvarðsson.

Sþ. 1045. Nefndarálit [467. mál]

um till. til þál. um breyt. á þál. um vegáætlun fyrir árin 1987–1990.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur haft til meðferðar tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1987–1990. Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum og m.a. fengið til liðs við sig vegamálastjóra og starfsmenn hans eins og venja er til þegar vegáætlun er til meðferðar. Einnig hefur verið haft venjubundið samráð við þingmannahópa kjördæmanna um skiptingu framkvæmdafjár milli einstakra framkvæmda og verkáfanga.

Regluleg endurskoðun vegáætlunar fór fram á síðasta þingi og á næsta regluleg endurskoðun eigi að fara fram fyrr en á þinginu 1988–1989. Sú endurskoðun, sem nú hefur farið fram á þessu 110. löggjafarþingi, nær þess vegna aðeins til tekjuspár og framkvæmdaáforma fyrir árið 1988 en tekju- og framkvæmdaáform síðari ára bíða reglulegrar endurskoðunar á næsta þingi.

Sú vinnuregla hefur skapast við meðferð vegáætlunar að ekki hefur þótt ástæða til þess að taka framkvæmdaáform í vegagerð til formlegrar umfjöllunar á Alþingi milli þess sem regluleg endurskoðun vegáætlunar fer fram þótt minni háttar breytingar eða tilfærslur hafi þurft að gera vegna breyttra aðstæðna, heldur hefur fjárveitinganefnd fjallað um það í samstarfi við Vegagerðina og þingmannahópa kjördæmanna. Ekki er ætlunin að breyta þessari hefðbundnu vinnureglu. Hins vegar lá fyrir að nú þyrfti að gera mun umfangsmeiri

breytingar á áætluninni vegna framkvæmda ársins 1988 en yfirleitt hefur þurft að gera milli þess sem regluleg endurskoðun fer fram; m.a. þurfti að taka ákvarðanir um ráðstöfun talsvert meira fjármagns en skipt hafði verið í áætlaðar framkvæmdir ársins 1988 í gildandi vegáætlun og kveða nánar á um fjármögnun ýmissa stórra verkefna en þar var gert. Var því talið rétt að leggja vegáætlun fyrir árið 1988 fyrir Alþingi til endurákvörðunar. Fjárveitinganefnd taldi rétt að leggja þá fyrir til endurákvörðunar alla skiptingu útgjalda vegáætlunar 1988, þar á meðal tillögur unnar af þingmannahópum um sundurliðun til nýrra þjóðvega og brúargerða. Breytingartillögur nefndarinnar byggjast í öllum meginatriðum á tillögu samgönguráðherra og ríkisstjórnarinnar til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um vegáætlun 1987–1990 á þskj. 817, nema hvað í breytingartillögum nefndarinnar, sem fluttar eru á þskj. 1024, eru frekari sundurliðanir útgjalda en þar kom fram.

Í því sambandi er sérstök ástæða til þess að vekja athygli á að mörkuðum tekjum vegáætlunar 1987 og 1988, samtals að fjárhæð 285 millj. kr., sem óráðstafað er til ársins 1988 samkvæmt tillögunni á þskj. 817, er skipt milli kjördæma og framkvæmdaflokka samkvæmt tillögum nefndarinnar þannig að sjá megi hversu mikið fjármagn það er sem bíður ráðstöfunar 1989 af mörkuðum tekjum áranna 1987 og 1988 í hverjum framkvæmdaflokki og í hverju kjördæmi.

Fjárveitinganefnd ítrekar það sjónarmið, sem þáverandi formaður nefndarinnar lýsti í framsöguræðu sinni með tillögum nefndarinnar að vegáætlun 1987–1990 á síðasta þingi, að áætluð tekjuöflun til vegaframkvæmda af mörkuðum tekjustofnum byggist á spá. Reynist tekjur af þessum mörkuðu tekjustofnum hærri en spáin gerir ráð fyrir eru þær tekjur bundnar því að þeim sé ráðstafað til vegaframkvæmda og koma því á næsta ári til skipta til viðbótar við þær 285 millj. kr. sem bíða ráðstöfunar þá samkvæmt tillögum þeim sem gerðar eru. Með sama hætti skerðist sú óráðstafaða fjárhæð reynist tekjur af mörkuðum tekjustofnum minni en þær eru nú áætlaðar.

Nánari grein verður gerð fyrir breytingartillögum nefndarinnar í framsögu, en nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með þeim breytingum sem eru á þskj. 1024.

Alþingi, 5. maí 1988.

Sighvatur Björgvinsson, form., frsm.	Pálmi Jónsson, fundaskr.	Margrét Frímannsdóttir.
Alexander Stefánsson.	Óli Þ. Guðbjartsson.	Egill Jónsson.
Ólafur Þ. Þórðarson.	Málmfríður Sigurðardóttir.	Valdimar Indriðason.

Ed. 1046. Frumvarp til laga [468. mál]

um breytingu á lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 5. maí.)

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Í þeim kaupstöðum og á þeim sýslusvæðum, þar sem viðurkenndar fólksbifreiðastöðvar eru starfandi, er öllum óheimill leiguakstur á fólksbifreiðum utan stöðvar eða frá stöð sem eigi er viðurkennd.

2. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Í þeim kaupstöðum og á þeim sýslusvæðum, þar sem viðurkenndar sendiferðabifreiðastöðvar eru starfandi, er öllum óheimill leiguakstur á sendiferðabifreiðum utan stöðvar eða frá stöð sem eigi er viðurkennd.

3. gr.

1. málsl. 5. gr. laganna orðist svo:

Í þeim kaupstöðum og á þeim sýslusvæðum, þar sem viðurkennd vörubifreiðastöð er starfandi, er öllum óheimill leiguakstur á vörubifreiðum utan stöðvar eða frá stöð sem eigi er viðurkennd.

4. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Ed. 1047. Frumvarp til laga [360. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

(Eftir 2. umr. í Ed., 5. maí.)

1. gr.

Í stað „þéttbýli“ í fyrirsögn á undan 23. gr. komi: þéttri umferð.

2. gr.

2. mgr. 64. gr. falli niður.

3. gr.

Við 65. gr. bætist ný málgrein, svohljóðandi:

Fela má hlutafélagi, sem ríkissjóður á hlut í, að annast skráningu ökutækja, skoðun þeirra og eftirlit, sbr. 1. mgr., enda verði settar upp skoðunarstöðvar í öllum kjördæmum landsins. Tekur hlutafélagið þá við hlutverki Bifreiðaeftirlits ríkisins samkvæmt nánari ákvörðun dómsmálaráðherra sem einnig fer með mál er varða eignaraðild ríkisins að hlutafélaginu.

4. gr.

108. gr. breytist þannig:

a. a- og b-liðir 1. mgr. orðist svo:
   a. ákvæðum 4. mgr. 7. gr. og 3. mgr. 27. gr.,
   b. ákvæðum a-, b-, h- og i-liða 1. mgr. 28. gr.

b. Í stað 3. málsl. 3. mgr. komi: Hann getur og ákveðið, að ósk sveitarstjórnar, að álagning og innheimta gjaldsins fari, að öllu leyti eða að hluta, fram á vegum sveitarfélagsins. Rennur gjaldið þá í sveitarsjóð og skal því varið til að gera og reka bifreiðastæði og bifreiðageymslur til almenningsnota.

c. Í stað 5. og 6. mgr. komi:

   Dómsmálaráðherra ákveður fjárhæð gjaldsins. Fari álagning fram á vegum sveitarfélags getur sveitarstjórn þó ákveðið fjárhæðina í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir. Verði á lagt gjald ekki greitt innan tilskilins frests hækkar það um 50%.

   Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um hvernig gjaldið skuli lagt á og innheimt, þar á meðal um greiðslu- og kærufrest. Má þar ákveða að á lagt gjald, sem eigi er greitt innan nánar tiltekins frests, hækki um 100%.

5. gr.

6. mgr. 110. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að fenginni ósk sveitarstjórnar, að framkvæmd ákvæða í grein þessari fari, eftir því sem við á, að öllu leyti eða að hluta fram á vegum sveitarfélagsins. Hann getur og sett nánari reglur um framkvæmdina, þar á meðal um greiðslu geymslukostnaðar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 1048. Lög [444. mál]

um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks.

(Afgreidd frá Ed. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 794.

Ed. 1049. Læknalög. [116. mál]

(Afgreidd frá Ed. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 964 (sbr. 943).

Ed. 1050. Lög [423. mál]

um heimild til hækkunar á hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum.

(Afgreidd frá Ed. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 773.

Ed. 1051. Lög [435. mál]

um breyting á lögum nr. 46/1987, um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 785.

Nd. 1052. Nefndarálit [389. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir einróma með samþykkt þess eins og það er komið frá efri deild.

— Yfirfærð iðgjöld til næsta árs með skiptingu á fyrirfærslur vegna endurgreiðslna sökum kostnaðar- og öryggisálags.
— Greidd tjón á reikningsárinu með skiptingu eftir tryggingarárum, þ.e. eftir því á hvaða ári tjónið varð og með skiptingu í slysatjón og munatjón.
— Áætluð óuppgerð tjón í árslok skipt með sama hætti og greiddum tjónum en einnig með tilliti til tilkynntra tjóna, áætlun fyrir ótilkynntum tjónum og öryggisálagi.
— Greidd og ógreidd sjálfsábyrgð þess sem ábyrgð ber á tjóni í lögboðnum ábyrgðartryggingum ökutækja.
— Fjöldi slysa- og munatjóna.
— Fjöldi útgefinna skírteina við endurnýjun.
— Fjöldi skírteina í árslok.
— Meðalbónus við endurnýjun.
— Greidd umboðslaun.
— Áætlaður rekstrarkostnaður.
— Upplýsingar félaganna samkvæmt fyrri ársreikningum til útreikninga á því hvernig fyrri áætlanir og útreikningar hafa staðist (matsb[illegible]
— Könnun á eiginfjárstöðu félaganna gerð af endurskoðanda Tryggingaeftirlits.

Auk þess er aflað gagna frá samstarfsnefnd bifreiðatryggingafélaganna um einstaka þætti iðgjaldaskrár og athugana á tjónareynslu eftir áhættusvæðum, áhættuflokkum, bónusflokkum og eftir einkennisstöfum bifreiða.

2. *Skoðar Tryggingaeftirlit ríkisins undirgögn rekstrar- og efnahagsreiknings í hverju félagi um sig vegna mats á hækkun iðgjalda?*

Undirgögn rekstrar- og efnahagsreiknings eru athuguð á hverju ári í tengslum við ársuppgjör félaganna. Samkvæmt lögum um vátryggingarstarfsemi ber hverju félagi að senda Tryggingaeftirlitinu árlega ítarlegar sundurliðanir á efnahags- og rekstrarliðum á þar til gerðum eyðublöðum, svo sem nánar er kveðið á um í reglugerðum sem settar hafa verið. Skil á þeim gögnum hafa almennt verið mjög góð.

Tryggingaeftirlitið hefur löggiltan endurskoðanda í þjónustu sinni sem gerir reglulega kannanir hjá félögunum og athugar sérstaka þætti sem Tryggingaeftirlitið telur þörf á. Þau undirgögn, sem sérstaklega er aflað í tengslum við mat á iðgjaldaþörf, voru talin upp í 1. lið.

Ef átt er við með spurningunni hvort farið sé sérstaklega í gegnum einstök fylgiskjöl í bókhaldi félaganna þegar verið er að meta iðgjaldaþörf er svarið nei. Tryggingaeftirlitið getur lögum samkvæmt hvenær sem er athugað fylgiskjöl vátryggingafélaga og gerir svo þegar ástæða þykir til. Slíkt þjónar að mati eftirlitsins ekki tilgangi hverju sinni við mat á iðgjaldaþörf. Tryggingaeftirlitið hefur á hinn bóginn borið saman þau undirgögn sem aflað er við mat á iðgjaldaþörf og endurskoðað gögn samkvæmt ársreikningum og ekki fundið misræmi þar á milli sem áhrif hefði haft á mat iðgjaldabreytinga.

3. *Hvaða vinnulagsregla liggur til grundvallar samþykki á iðgjaldabreytingu hjá Tryggingaeftirliti ríkisins:*
   a. *Er kostnaður við fjármögnun rekstrar- og efnahagsliða metinn og þá hvernig?*
   b. *Skoðar Tryggingaeftirlit ríkisins sérstaklega fjárbindingu tryggingafélaganna, annars vegar hjá almennum skuldunautum vegna tjóna og trygginga og hins vegar á verðbréfamörkuðum og hjá bifreiðaumboðum? Ef þessi skoðun fer fram hvert er hlutfall fjárbindingar þar á milli?*
   c. *Notar Tryggingaeftirlit ríkisins vegið meðaltal í mati á hækkunarþörf bifreiðatrygginga?*

a. Ráðuneytinu er ekki ljóst hvað átt er við með þessari spurningu. Tjónagreiðslur, rekstrarkostnaður og önnur útgjöld eru fjármögnuð með tekjum félagsins, iðgjaldatekjum og fjármunatekjum sem eignir félags gefa af sér. Samhengið milli þessara þátta kemur fram í ársreikningum félaganna og er athugað við mat á stöðu þeirra. Við mat á iðgjaldaþörf er rekstrarkostnaður ökutækjatrygginga metinn sérstaklega, svo og þær fjármunatekjur sem bótasjóður og iðgjaldasjóður mynda og tekið tillit til þessara þátta við mat á iðgjaldagrundvellinum.
b. Vísað er til svars við 2. fyrirspurn. Þessir þættir eru athugaðir reglulega í tengslum við ársuppgjör félaganna þegar endurskoðun er lokið og ársreikningar sl. árs liggja fyrir. Áhersla er lögð á athugun á ávöxtun fjármuna og öryggi útistandandi skulda og verðbréfa.

   Óvissuþættir í sambandi við spá um iðgjaldaþörf eitt ár fram í tímann eru margir og slíkir að sérstök athugun á þessum þætti skilaði ekki erindi sem erfiði. Óvissan um tjónafjölda og stærð tjóna í framtíðinni vegur hér langþyngst, einkum líkamstjónin og bótagrundvöllur þeirra.
c. Ef átt er við hvort meðaltalsbreyting iðgjalda, sem reiknuð er út fyrir tryggingastofninn í heild, sé reist á vegnu meðaltali er svarið já. Tjónakostnaðurinn er veginn með stærð einstakra félaga.

   Niðurstaða eftirlitsins eftir að hafa aflað gagna um tjónareynslu félaganna síðan 1974 er sú að stofninn sé það lítill hér á landi og sveiflur það miklar milli ára að ekki sé unnt að ákvarða hverju félagi fyrir sig ákveðna hækkunarprósentu fyrir komandi ár. Öryggi í rekstri þessara vátryggingagreina fæst því aðeins að stuðst sé við meðaltalsreynslu stofnsins í heild sem jafni út sveiflur milli ára þegar til lengri tíma er litið. Þetta á við um allar vátryggingagreinar hér á landi. Vegið meðaltal er einnig notað þegar verðlagsbreytingar milli ára eru metnar út frá skiptingu tjónagreiðslna almennt á einstaka þætti, svo sem útselda vinnu, verð varahluta og nýrra bifreiða, launaþróun o.s.frv.

4. *Hefur Tryggingaeftirlit ríkisins lagt mat á flokkun tryggingariðgjalda eftir bifreiðagerðum? Hvert er vægi innkaupsverðs bifreiða og hvernig er tjónatíðni hverrar bifreiðategundar fyrir sig fundin?*

Til grundvallar flokkun eftir tegundum bifreiða er lagt vélarafl og vélarstærð en í húftryggingu einnig viðgerðarkostnaður einstakra tegunda. Innkaupsverð bifreiða er ekki notað við skiptingu í flokka. Kannanir hafa verið gerðar á tjónatíðni og tjónahlutföllum samkvæmt þeirri flokkun sem iðgjaldaskráin er reist á. Vegna þess hve stofninn er lítill í hverjum flokki eru sveiflur mjög miklar milli ára. Tjónatíðni er fundin með venjulegum hætti sem fjöldi tjóna á móti fjölda vátryggðra eininga (bílára) í hverjum flokki fyrir sig (ekki fyrir hverja tegund).

5. *Hefur Tryggingaeftirlit ríkisins skoðað forsendurnar fyrir mismunandi iðgjöldum eftir landshlutum? Hvert er vægi iðgjalda í hverjum landshluta fyrir sig og hvert er hlutfall tryggðra bifreiða, sem lenda í tjónum á hverju áhættusvæði fyrir sig, og á hvaða áhættusvæðum eru þær tryggðar?*

Eftirfarandi tafla sýnir skiptinguna eftir áhættusvæðum á árinu 1986 með samanburði við 1985:

Áhættu-svæði	Fjöldi skírteina í tryggingu	%	Fjöldi tjóna	%	Iðgjöld millj.kr.	%	Tjón millj.kr.	%	Tjón/Iðgjöld 1986 %	Tjón/Iðgjöld 1985 %
1	85 623	57	8 421	67	467	64	503	66	108	108
2	28 265	19	1 960	16	115	16	107	14	93	103
3	29 389	19	1 626	13	104	14	114	15	110	94
4*	7 864	5	570	4	42	6	39	5	93	118
Alls	151 141	100	12 577	100	728	100	763	100	105	105

* Landið allt.

Ekki er tekið tillit til rekstrarkostnaðar félaganna í fyrrgreindum tölum. Á grundvelli þessara og annarra gagna voru 2. og 3. áhættusvæði sameinuð 1. mars 1988. Með reglubundnum athugunum á þessum þáttum eru forsendur fyrir mismunandi iðgjöldum skoðaðar hjá eftirlitinu.

Sex af átta félögum eru meðtalin í töflunni hér að framan. Hafa verður í huga að einkum slysatjónin geta valdið töluverðum sveiflum milli ára og að ekki er unnt að reikna út iðgjöldin fyrir fram þannig að alger jöfnuður náist milli landshluta eða áhættusvæða.

Að gefnu tilefni skal bent á að hin mikla hækkun iðgjalda á ábyrgðartryggingu ökutækja á yfirstandandi ári er að verulegu leyti til komin vegna slæmrar tjónareynslu á síðasta ári og hækkunar verðlags. Einnig kemur til aukin vátryggingarvernd samkvæmt nýjum umferðarlögum sem tóku gildi 1. mars sl. Hefur þetta leitt til þess að tap hefur verið á ábyrgðartryggingum ökutækja. Samkvæmt lögum um vátryggingarstarfsemi skal hver vátryggingagrein rekin fjárhagslega óháð öðrum og er því óheimilt að flytja tap einnar greinar, t.d. vátryggingar ökutækja, yfir á aðrar greinar. Fyrir því verður hver vátryggingagrein að standa undir sér sjálf.

Nd. 1084. Nefndarálit [433. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs til að selja fasteignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins að Síðumúla 34 og jarðhús í Ártúnsbrekku við Elliðaár.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess á grundvelli kaupsamnings um fasteignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins milli ríkisstjórnarinnar og Sölusamtaka íslenskra matjurtaframleiðenda sem dagsettur er 29. júlí 1986.

Alþingi, 7. maí 1988.

Páll Pétursson, form., frsm.
Geir H. Haarde, fundaskr.
Einar Kr. Guðfinnsson.
Kjartan Jóhannsson.
Steingrímur J. Sigfússon.
Guðmundur G. Þórarinsson.
Þórhildur Þorleifsdóttir.

Nd. 1085. Nefndarálit [436. mál]

um frv. til l. um bifreiðagjald.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og mælir meiri hl. hennar með því að frumvarpið verði samþykkt.

Minni hl. mun skila séráliti.

Alþingi, 7. maí 1988.

Páll Pétursson, form., frsm. Geir H. Haarde, fundaskr. Guðmundur G. Þórarinsson.

Einar Kr. Guðfinnsson. Kjartan Jóhannsson.

Ed. 1086. Nefndarálit [514. mál]

um frv. til l. um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin fjallaði um frumvarp þetta á einum fundi. Engar upplýsingar voru bornar fram fyrir nefndina um málið og hefur það því ekki fengið viðhlítandi skoðun að mati minni hl. Minni hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði fellt.

Við, sem skipum minni hl. nefndarinnar, teljum nauðsynlegt að auka virðingu fyrir frelsi og mannréttindum í heiminum. Þó að mannréttindasáttmáli Sameinuðu þjóðanna hafi verið staðfestur af flestum þjóðum skortir samt mikið á að ákvæðum hans sé framfylgt. Mannréttindastofnunin „Freedom House“ áætlar að rúmlega þriðjungur mannkyns búi við frelsi, tæpur þriðjungur við skert frelsi og rúmur þriðjungur jarðarbúa þurfi að þola mjög verulega frelsisskerðingu. Ljóst má því vera að verulega skortir á að frelsi og mannréttindum sé framfylgt í veröldinni.

Fyrrgreind stofnun telur að alvarleg mannréttindabrot og frelsisskerðing sé í rúmlega 50 ríkjum en takmarkað frelsi þegnanna í tæplega 60 ríkjum til viðbótar. Samkvæmt því eru yfir 100 ríki sem brjóta mikilvæg ákvæði mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Stjórnendur þessara ríkja beita þegna sína kúgun og ófrelsi þó að í mismiklum mæli sé. Þrátt fyrir þetta hafa flest þessara ríkja staðfest mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og eru sum á meðal mikilvægustu viðskiptalanda Íslendinga og engum dettur í hug að beita þau viðskiptaþvingunum.

Minni hl. nefndarinnar fordæmir kynþáttastefnu ríkisstjórnar Suður-Afríku og er eindregið þeirrar skoðunar að Íslendingar eigi að vinna gegn henni með gagnrýni á alþjóðavettvangi. Það er jafnframt skoðun okkar að bregðast eigi við kúgun og mannréttindabrotum með sama hætti óháð því hverjir stunda slík brot. Við fordæmum einræðis- og alræðisstjórnir sem brjóta grundvallarmannréttindi. Við Íslendingar fylgjum þeirri stefnu að hafa vinsamleg samskipti við allar þjóðir, en þrátt fyrir það teljum við eðlilegt og innan þeirrar stefnu að hvetja til og stuðla að sjálfsákvörðunarrétti meðal þjóðríkja og innan þeirra. Þessari grundvallarstefnu ber okkur að fylgja áfram.

Meginatriðið um vinsamleg samskipti við allar þjóðir teljum við svo mikilvægt að af þeirri ástæðu hvetjum við til þess að frumvarpið verði fellt. Þessi stefna hefur frá stofnun lýðveldisins verið einn mikilvægasti þátturinn í utanríkisstefnu íslenska lýðveldisins. Frávik frá þessari stefnu kallar á endurmat á utanríkisstefnu okkar.

Minni hl. telur að viðskiptaþvinganir eins og frumvarpið miðar að þjóni ekki þeim tilgangi sem flutningsmenn ætlast til. Í fyrsta lagi eru viðskipti Íslendinga við Suður-Afríku og Namibíu svo lítil að þau skipta hvorugan aðilann máli. Frumvarpið hefur því fremur táknrænt gildi en raunverulegt. Vegna þessa telur minni hl. nefndarinnar fráleitt að samþykkja það í andstöðu við þá stefnu sem fylgt hefur verið í samskiptum þjóða. Því til viðbótar er bent á að viðskiptabann og viðskiptaþvinganir hafa haft sáralítil áhrif þegar þeim hefur verið beitt allt frá dögum Napóleóns, sem setti viðskiptabann á Bretland, til okkar tíma. Þá er því haldið fram að viðskiptabann á Suður-Afríku og Namibíu komi til með að bitna harðast á þeim sem flutningsmenn frumvarpsins vilja aðstoða.

Um nokkurt skeið hafa ýmis samtök náttúruverndarfólks barist fyrir því að ríki Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku settu viðskiptabann á Íslendinga vegna þeirra grófu brota sem þessi samtök telja Íslendinga seka um. Á þetta er bent til að sýna þá hættu sem getur verið því samfara að samþykkja frávik frá þeirri stefnu að eiga vinsamleg samskipti við allar þjóðir.

Sé sú stefna viðurkennd og samþykkt af lýðræðisþjóðum heims að beita skuli þjóðir viðskiptaþvingunum til að fá þær til að fylgja ákveðinni stefnu, sem viðkomandi er þóknanleg, er vegið að sjálfsákvörðunarrétti þjóða. Slíkt býður upp á óendanlega misnotkun og væri algjörlega fráleitt nema mörkuð yrði almenn stefna um það hvenær og hvernig viðskiptabanni skyldi beitt.

Í Evrópu á okkar tímum höfum við tvö dæmi um einræðisríki sem tekið hafa upp lýðræðislegt stjórnarfar. Þetta eru Portúgal og Spánn. Meðan einræðisstjórnir ríktu í þessum ríkjum voru sífellt bornar fram kröfur, m.a. hér á landi, þess efnis að þessi ríki yrðu beitt viðskiptaþvingunum. Þeim kröfum var jafnan hafnað. Þess í stað áttu þjóðir Vestur-Evrópu, þar á meðal við Íslendingar, blómleg viðskipti við Portúgal og Spán. Fáir efast um það nú að það hafi verið rétt stefna að hafa sem víðtækust samskipti við Portúgal og Spán á þessum tíma. Menn eru almennt sammála um að öflug samskipti við þessi ríki hafi einmitt stuðlað að lýðræðisþróun í þeim og orðið til þess að lýðræði var komið á í þessum löndum með jafnfriðsamlegum hætti og raun ber vitni. Dettur einhverjum í hug að önnur lögmál gildi fyrir Suður-Afríku og Namibíu í þessu máli en Portúgal og Spán á sínum tíma?

Afstaða minni hl. byggist fyrst og fremst á andstöðu við beitingu viðskiptabanns sem úrræðis til að ná fram pólitískum markmiðum.

Telji meiri hl. þingdeildarinnar að eðlilegt sé að beita viðskiptaþvingunum í pólitískum tilgangi mun minni hl. nefndarinnar flytja breytingartillögur við frumvarpið við 3. umr. sem fela það í sér að úrræði þau, sem frumvarpið áskilur, nái til allra þeirra ríkja sem brjóta mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Minni hl. telur frumvarpið, eins og það liggur fyrir, órökrétt og ástæðulaust og til þess fallið að stuðla að tvískinnungshætti í viðskiptum Íslendinga við aðrar þjóðir. Við leggjum því til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 7. maí 1988.

Jón Magnússon, frsm.

Júlíus Sólnes.

Nd. 1087. Lög [130. mál]

um breyting á lögum um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 990 (sbr. 988).

Nd. 1088. Lög [212. mál]

um fangelsi og fangavist.

(Afgreidd frá Nd. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 987.

Sþ. 1089. Nefndarálit [199. mál]

um till. til þál. um framtíðarhlutverk héraðsskólanna.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og sent hana til umsagnar.

Nefndin telur mikilvægt að ákveða framtíðarhlutverk héraðsskólanna. Vitað er að unnið er að athugunum á þessum málum á vegum menntamálaráðuneytisins og viðkomandi héraða. Nefndin leggur áherslu á að sem allra fyrst komi fram tillögur um framtíðarstefnu í þessum málum. Í trausti þess að svo verði leggur nefndin til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Hjörleifur Guttormsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 7. maí 1988.

Salome Þorkelsdóttir, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Guðni Ágústsson.
Eiður Guðnason.	Ólafur G. Einarsson.	Þórhildur Þorleifsdóttir.
	Alexander Stefánsson.	

Sþ. 1090. Nefndarálit [147. mál]

um till. til þál. um setningu laga eða reglna um skoðanakannanir.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og er sammála um að mæla með að hún verði samþykkt svo

BREYTT:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er kanni hvort rétt sé að setja lög eða koma á reglum um skoðanakannanir.

Nefndin skal jafnframt kanna hvort fullnægjandi sé að koma á fót samstarfi þeirra sem fást við gerð skoðanakannana og tryggja að þeir setji sér starfs- og siðareglur sem eftir verði farið án þess að lagasetning komi til.

Hjörleifur Guttormsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 7. maí 1988.

Salome Þorkelsdóttir, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Guðni Ágústsson.
Eiður Guðnason.	Þórhildur Þorleifsdóttir.	Ólafur G. Einarsson.
	Alexander Stefánsson.	

Sþ. 1091. Nefndarálit [142. mál]

um till. til þál. um könnun á launavinnu framhaldsskólanema.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og er sammála um að mæla með samþykkt hennar svo

BREYTTRAR:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta kanna í náinni samvinnu við framhaldsskólana hvernig háttað sé vinnu framhaldsskólanema með námi. Kannaður verði vinnutími, kjör og réttindi, ástæður þess að nemendur taka að sér launuð störf með námi og hugsanleg áhrif vinnu á ástundun og námsárangur.

Hjörleifur Guttormsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 7. maí 1988.

Salome Þorkelsdóttir, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Guðni Ágústsson.
Eiður Guðnason.	Ólafur G. Einarsson.	Þórhildur Þorleifsdóttir.
	Alexander Stefánsson.	

Sþ. 1092. Nefndarálit [139. mál]

um till. til þál. um könnun á mikilvægi íþrótta og efnahagslegum áhrifum þeirra.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Eftirtaldir aðilar hafa sent umsagnir og mælt með að könnunin verði gerð: ÍSÍ, UMFÍ, ÆRR, íþróttafulltrúi ríkisins og landlæknir.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt svo

BREYTT:

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna áhrif og mikilvægi íþrótta, æskulýðs- og tómstundastarfsemi.
   Leitað verði samstarfs við íþróttahreyfinguna um mótun íþróttastefnu til ársins 2000.
2. Fyrirsögn till. verði: Till. til þál. um íþróttir, æskulýðs- og tómstundastarfsemi.

Hjörleifur Guttormsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 7. maí 1988.

Salome Þorkelsdóttir, form.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Alexander Stefánsson, frsm.
Eiður Guðnason.	Ólafur G. Einarsson.	Þórhildur Þorleifsdóttir.
	Guðni Ágústsson.	

Sþ. 1093. Nefndarálit [66. mál]

um till. til þál. um dreifingu sjónvarps og útvarps.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og sent hana til umsagnar. Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar svo

BREYTTRAR:

Tillgr. orðist svo:
Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar gera kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um að útsendingar Ríkisútvarpsins, þ.e. hljóðvarps og sjónvarps, náist hvar sem er á landinu og á helstu fiskimiðum við landið.
Áætlunin miðist við að hægt verði að framkvæma þetta verkefni fyrir árslok 1991.

Hjörleifur Guttormsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 7. maí 1988.

Salome Þorkelsdóttir, form.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Alexander Stefánsson, frsm.
Eiður Guðnason.	Ólafur G. Einarsson.	Þórhildur Þorleifsdóttir.
	Guðni Ágústsson.	

Sþ. 1094. Nefndarálit [185. mál]

um till. til þál. um hávaðamengun.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og sent hana til umsagnar.
Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.
Hjörleifur Guttormsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 7. maí 1988.

Salome Þorkelsdóttir, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Guðni Ágústsson.
Eiður Guðnason.	Ólafur G. Einarsson.	Þórhildur Þorleifsdóttir.
	Alexander Stefánsson.	

Sþ. 1095. Nefndarálit [398. mál]

um till. til þál. um akstur utan vega.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og er sammála um að mæla með samþykkt hennar svo

BREYTTRAR:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd fulltrúa þingflokkanna til að gera tillögur um æskilegar breytingar og samræmingu laga og reglna um akstur torfærutækja og annarra vélknúinna tækja utan vega og merktra slóða og leita úrræða um hvernig koma megi í veg fyrir náttúruspjöll af þeim sökum.

Með nefndinni starfi fulltrúar dómsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og samgönguráðuneytis.

Nefndin skili skýrslu og tillögum til næsta reglulegs Alþingis.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Hjörleifur Guttormsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 7. maí 1988.

Salome Þorkelsdóttir, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Guðni Ágústsson.
Eiður Guðnason.	Ólafur G. Einarsson.	Þórhildur Þorleifsdóttir.
	Alexander Stefánsson.	

Sþ. 1096. Nefndarálit [132. mál]

um till. til þál. um verndun ósonlagsins.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og sent hana til umsagnar.

Hollustuvernd ríkisins, Náttúruverndarráð og Geislavarnir ríkisins hafa lýst eindregnum stuðningi við þingsályktunartillöguna.

Nefndin tekur undir þau markmið sem fram koma í tillögunni. Þar sem að þessum málum er nú unnið á vegum heilbrigðisráðuneytis og iðnaðarráðuneytis leggur nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Hjörleifur Guttormsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 7. maí 1988.

Salome Þorkelsdóttir, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Guðni Ágústsson.
Eiður Guðnason.	Ólafur G. Einarsson.	Þórhildur Þorleifsdóttir.
	Alexander Stefánsson.	

Sþ. 1097. Nefndarálit [94. mál]

um till. til þál. um þjónustumiðstöð fyrir heyrnarskerta.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og sent hana til umsagnar.

Nefndin tekur undir mikilvægi textasíma- og túlkaþjónustu fyrir heyrnarskerta.

Þar sem nefnd á vegum félagsmálaráðherra starfar nú að þeim málum, er tillagan tekur til, leggur nefndin til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Hjörleifur Guttormsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 7. maí 1988.

Salome Þorkelsdóttir, form., frsm.	Guðmundur Ágústsson, fundaskr.	Guðni Ágústsson.
Eiður Guðnason.	Ólafur G. Einarsson.	Þórhildur Þorleifsdóttir.
	Alexander Stefánsson.	

Nd. 1098. Lög [213. mál]

um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74 21. ágúst 1974.

(Afgreidd frá Nd. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 419.

Nd. **1099. Lög** [214. mál]

um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 420.

Nd. **1100. Lög** [389. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Nd. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 1021.

Nd. **1101. Lög** [402. mál]

um breytingu á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 748.

Nd. **1102. Lög** [403. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

(Afgreidd frá Nd. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 749.

Nd. **1103. Lög** [363. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 963.

Sþ. 1104. Þingsályktun [465. mál]

um flugmálaáætlun árin 1988–1991.

(Afgreidd frá Sþ. 7. maí.)

Alþingi ályktar, samkvæmt I. kafla laga nr. 31/1987, að árin 1988–1991 skuli framkvæmdum í flugmálum hagað samkvæmt eftirfarandi flugmálaáætlun.

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN.

(Fjárhæðir í m.kr.)

	1988	1989	1990	1991
1.1. Markaðar tekjur				
*1. Flugvallagjald	214	217	220	224
*2. Eldsneytisgjald	42	43	44	45
3. Lendingargjöld	33	33	34	35
4. Loftferðaeftirlitsgjöld	7	10	13	17
5. Leigugjöld	10	10	10	10
6. Þjónustugjöld	26	26	26	26
7. Aðrar tekjur	39	14	14	14
	371	353	361	371
1.2. Önnur framlög	403	421	423	424
Samtals	**774**	**774**	**784**	**795**

* Tekjur sem bundnar eru til framkvæmda í flugmálum samkvæmt lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

II. SKIPTING ÚTGJALDA.
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1988	1989	1990	1991
2.1. Rekstur:				
1. Yfirstjórn	37	37	37	37
2. Loftferðaeftirlit	17	17	17	17
3. Reykjavíkurflugvöllur	58	60	62	64
4. Flugvallardeild	96	99	102	105
5. Flugleiðsöguþjónusta	60	62	64	66
6. Flugumferðarþjónusta	104	104	104	104
7. Alþjóðaflugþjónusta	121	123	126	130
	493	**502**	**512**	**523**
2.2. Áætlunarflugvellir I:				
1. Flugbrautir og stæði	116	68	71	21
2. Byggingar	49	0	23	0
3. Fjarskipta- og veðurmælingartæki	1	0	1	2
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	14	0	0	0
5. Snjóhreinsibúnaður	0	17	0	8
6. Aðflugs- og rafmagnsbúnaður	6	0	0	23
7. Ljósabúnaður	0	9	0	0
8. Bundið slitlag	0	0	0	41
	186	**94**	**95**	**95**
2.3. Áætlunarflugvellir II:				
1. Flugbrautir og stæði	32	6	28	0
2. Byggingar	1	0	14	16
3. Fjarskipta- og veðurmælingartæki	0	1	0	1
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	3	0	0	0
5. Snjóhreinsibúnaður	0	0	0	10
6. Aðflugs- og rafbúnaður	0	0	0	0
7. Ljósabúnaður	0	0	0	0
8. Bundið slitlag	0	0	0	0
	36	**7**	**42**	**27**
2.4. Áætlunarflugvellir III:				
1. Flugbrautir og stæði	13	113	47	0
2. Byggingar	18	10	13	34
3. Fjarskipta- og veðurmælingartæki	0	0	1	3
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0	0	0	51
5. Snjóhreinsibúnaður	0	0	0	0
6. Aðflugs- og rafbúnaður	0	0	0	5
7. Ljósabúnaður	0	0	0	0
8. Bundið slitlag	0	0	0	0
	31	**123**	**61**	**93**
2.5. Aðrir flugvellir og lendingarstaðir:				
1. Flugbrautir og stæði	10	19	19	19
2. Byggingar	0	0	0	0
3. Fjarskiptatæki	0	0	0	0
4. Slökkvibúnaður	0	0	0	0
5. Ljósa- og rafbúnaður	0	0	0	0
	10	**19**	**19**	**19**
2.6. Flugleiðsögu- og flugumferðarþjónusta:				
1. Flugleiðsögu- og flugumferðarþjónusta	18	16	11	11
Til leiðréttingar og brýnna verkefna	0	13	44	27
Samtals	**774**	**774**	**784**	**795**

III. FLOKKUN FLUGVALLA.

3.1 **Áætlunarflugvellir I.**
Reykjavíkurflugvöllur, Akureyrarflugvöllur, Egilsstaðaflugvöllur og Sauðárkróksflugvöllur.

3.2 **Áætlunarflugvellir II.**
Ísafjarðarflugvöllur, Vestmannaeyjaflugvöllur, Patreksfjarðarflugvöllur, Húsavíkurflugvöllur og Hornafjarðarflugvöllur.

3.3 **Áætlunarflugvellir III.**
Grímseyjarflugvöllur, Siglufjarðarflugvöllur, Vopnafjarðarflugvöllur, Flateyrarflugvöllur, Bíldudalsflugvöllur, Norðfjarðarflugvöllur, Þingeyrarflugvöllur, Þórshafnarflugvöllur, Suðureyrarflugvöllur, Gjögursflugvöllur, Bakkafjarðarflugvöllur, Borgarfjarðarflugvöllur, Ólafsfjarðarflugvöllur, Raufarhafnarflugvöllur, Breiðdalsvíkurflugvöllur, Kópaskersflugvöllur, Fáskrúðsfjarðarflugvöllur, Rifsflugvöllur, Blönduósflugvöllur, Stykkishólmsflugvöllur, Hólmavíkurflugvöllur og Grundarfjarðarflugvöllur.

3.4 **Aðrir flugvellir og lendingarstaðir.**
Arngerðareyri, Búðardalur, Bær, Djúpivogur, Hella, Ingjaldssandur, Kirkjubæjarklaustur, Melgraseyri, Reykhólar, Reykjahlíð, Reykjanes, Sandskeið/Kapelluhraun, Selfoss og Vík, Álftaver, Bakki, Berjanesfitjar, Bolungarvík, Breiðabólstaður, Dagverðará, Einholtsmelar, Fagurhólsmýri, Flúðir, Geysir, Gímsstaðir, Gunnarsholt, Herðubreiðalindir, Hnausar, Hólakot, Hrafnseyri, Hrauneyjafoss, Húsafell, Hveravellir, Kaldármelar, Kárastaðir, Kerlingarfjöll, Króksfjarðarnes, Krókstaðamelar, Melanes, Múlakot, Narfastaðamelar, Núpur, Nýidalur, Sandármelar, Sandur, Selárdalur, Seyðisfjörður, Skálavatn, Skógarsandur, Sprengisandur, Steinasandur, Stórholt, Stóri-Kroppur, Svínafell, Tálknafjörður, Þórisós og Þórsmörk.

IV. SUNDURLIÐUN VERKEFNA.
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1988	1989	1990	1991
4.1. Reykjavík				
1. Öryggissvæði, girðing	14,4			
2. Tækjageymsla	25,0		21,0	
3. Hitamælar, segulbönd			0,5	0,6
4. Slökkvibifreið	5,0			
5. Vörubifreið		8,0		
6. Vararafstöð	5,3			
7. Ljósabúnaður, braut 14/32		7,3		
8. Radíóviti	1,0			
9. Malbik				40,6
	50,7	**15,3**	**21,5**	**41,2**
4.2. Akureyri				
1. Öryggissvæði, hlað	26,3			
2. Fjarskiptatæki	1,1			
3. Hitamælar, segulbönd				0,7
4. Slökkvibúnaður	8,2			
5. Vörubifreið, snjótönn		8,7		8,3
6. Ratsjá				23,1
	35,6	**8,7**	**0**	**32,1**

	1988	1989	1990	1991
4.3. Egilsstaðir				
1. Flugbraut	75,3	68,0	68,0	21,5
2. Flugstöð	7,2			
3. Ljósabúnaður		1,5		
	82,5	**69,5**	**68,0**	**21,5**
4.4. Sauðárkrókur				
1. Hlað			3,6	
2. Flugstöð, tækjageymsla	16,3		1,9	
3. Hitamælar, segulbönd				0,3
4. Slökkvibúnaður	0,6			
	16,9	**0**	**5,5**	**0,3**
4.5. Ísafjörður				
1. Flugbraut, hlað	2,5		3,6	
2. Flugstöð	0,9			
3. Hitamælar, segulbönd				0,2
4. Slökkvibúnaður	0,7			
5. Vörubifreið, snjótönn				10,0
6. Fjarskiptatæki		0,5		
	4,1	**0,5**	**3,6**	**10,2**
4.6. Vestmannaeyjar				
1. Flugbraut	2,0			
2. Tækjageymsla			7,2	
3. Hitamælir, segulbönd				0,3
4. Slökkvibúnaður	0,6			
	2,6	**0**	**7,2**	**0,3**
4.7. Patreksfjörður				
1. Öryggissvæði	2,6			
2. Tækjageymsla			7,2	
3. Fjarskiptatæki		0,5		
4. Slökkvibúnaður	0,7			
5. Radíóviti				0,3
	3,3	**0,5**	**7,2**	**0,3**
4.8. Húsavík				
1. Öryggissvæði, hlað	12,8		3,6	
2. Tækjageymsla				8,9
3. Hitamælar, segulbönd				0,2
4. Slökkvibúnaður	0,6			
5. Radíóviti	0,3			
	13,7	**0**	**3,6**	**9,1**
4.9. Hornafjörður				
1. Flugbraut	12,0	6,0	20,9	
2. Tækjageymsla				7,2
3. Hitamælar, segulbönd				0,3
4. Slökkvibúnaður	0,7			
	12,7	**6,0**	**20,9**	**7,5**
4.10. Grímsey				
1. Flugbraut		13,1		
2. Tækjageymsla			1,7	
3. Segulband				0,1
4. Slökkvibúnaður				3,6
5. Radíóviti				0,7
	0	**13,1**	**1,7**	**4,4**

	1988	1989	1990	1991
4.11. Siglufjörður				
1. Tækjageymsla			0,9	
2. Segulband				0,1
3. Fjarskiptatæki			0,4	
	0	**0**	**1,3**	**0,1**
4.12. Vopnafjörður				
1. Hlað			7,2	
2. Flugstöð	10,1			
3. Segulband				0,2
	10,1	**0**	**7,2**	**0,2**
4.13. Flateyri				
1. Farþegaafgreiðsla (flugstöð)		4,3	0,9	
2. Tækjageymsla				1,9
3. Segulband				0,1
4. Slökkvibúnaður				3,6
	0	**4,3**	**0,9**	**5,6**
4.14. Bíldudalur				
1. Flugbraut	3,8			
2. Tækjageymsla				1,9
3. Segulband				0,2
4. Slökkvibúnaður				3,6
	3,8	**0**	**0**	**5,7**
4.15. Norðfjörður				
1. Öryggissvæði, hlað	1,9		5,5	
2. Flugstöð, tækjageymsla	6,1	10,1	0,9	
3. Segulband				0,1
4. Radíóviti				0,7
	8,0	**10,1**	**6,4**	**0,8**
4.16. Þingeyri				
1. Flugbraut		10,1		
2. Tækjageymsla			0,6	
	0	**10,1**	**0,6**	**0**
4.17. Þórshöfn				
1. Flugbraut		14,5		
2. Flugstöð, tækjageymsla			1,7	1,7
3. Segulband				0,1
4. Slökkvibúnaður				3,6
5. Radíóviti				1,1
	0	**14,5**	**1,7**	**6,5**
4.18. Suðureyri				
1. Segulband				0,2
2. Sandgeymsla			1,2	
	0	**0**	**1,2**	**0,2**
4.19. Gjögur				
1. Flugbraut		4,9		
2. Tækjageymsla				7,2
3. Segulband				0,1
4. Slökkvibúnaður				3,6
5. Radíóviti				0,7
	0	**4,9**	**0**	**11,6**

	1988	1989	1990	1991
4.20. Bakkafjörður				
1. Flugbraut		5,8		
2. Tækjageymsla				1,7
3. Segulband				0,2
4. Slökkvibúnaður				3,6
5. Radíóviti				1,0
	0	**5,8**	**0**	**6,5**
4.21. Borgarfjörður eystri				
1. Flugbraut	2,6			
2. Segulband				0,1
3. Slökkvibúnaður				3,6
	2,6	**0**	**0**	**3,7**
4.22. Ólafsfjörður				
1. Öryggissvæði, hlað		1,8	0,9	
2. Tækjageymsla				1,9
3. Segulband				0,1
4. Slökkvibúnaður				3,6
	0	**1,8**	**0,9**	**5,6**
4.23. Raufarhöfn				
1. Öryggissvæði		3,9		
2. Tækjageymsla, sandgeymsla			1,2	0,9
3. Radíóviti				0,7
		3,9	**1,2**	**1,6**
4.24. Breiðdalsvík				
1. Öryggissvæði, hlað	2,8		1,7	
2. Tækjageymsla				1,9
3. Hitamælar, segulbönd				0,3
4. Slökkvibúnaður				3,6
5. Fjarskiptatæki			0,1	
6. Loftþrýstimælir				0,1
	2,8	**0**	**1,8**	**5,9**
4.25. Kópasker				
1. Flugbraut, hlað		11,4	3,6	
2. Tækjageymsla				7,2
3. Segulband				0,2
4. Slökkvibúnaður				3,6
	0	**11,4**	**3,6**	**11,0**
4.26. Fáskrúðsfjörður				
1. Flugbraut, hlað		8,0	5,3	
2. Flugstöð, tækjageymsla			1,7	1,9
3. Hitamælir, segulband				0,3
4. Slökkvibúnaður				3,6
5. Loftþrýstimælir				0,1
	0	**8,0**	**7,0**	**5,9**
4.27. Rif				
1. Flugbraut		14,4		
2. Segulband				0,2
	0	**14,4**	**0**	**0,2**
4.28. Blönduós				
1. Öryggissvæði, hlað	2,2	3,6		
2. Flugstöð, tækjageymsla	1,7			1,9
3. Segulband				0,1
	3,9	**3,6**	**0**	**2,0**

	1988	1989	1990	1991
4.29. Stykkishólmur				
1. Öryggissvæði, hlað			5,6	
2. Tækjageymsla				1,9
3. Slökkvibúnaður				3,6
	0	**0**	**5,6**	**5,5**
4.30. Hólmavík				
1. Flugbraut, hlað		17,6	11,9	
2. Flugstöð, tækjageymsla			1,7	0,1
3. Segulband				0,1
4. Slökkvibúnaður				3,6
	0	**17,6**	**13,6**	**3,8**
4.31. Grundarfjörður				
1. Flugbraut, hlað			3,6	
2. Flugstöð, tækjageymsla			1,7	1,7
3. Hitamælir, segulband				0,3
4. Fjarskiptatæki			0,1	
5. Loftþrýstimælir				0,1
6. Slökkvibúnaður				3,6
	0	**0**	**5,4**	**5,7**
4.32. Aðrir flugvellir og lendingarstaðir				
1. Sandskeið/Kapelluhraun	1,5			
2. Kirkjubæjarklaustur	1,8			
3. Reykjahlíð	6,7			
4. Óskipt		19,0	19,0	19,0
	10,0	**19,0**	**19,0**	**19,0**
4.33. Flugleiðsögu- og flugumferðarþjónusta				
1. Myndrænt ATS gagnaflutningskerfi	0,8			
2. Myndvarpa í ACC/OAC	0,5			
3. Aðbúnaður í flugstjórn	0,9			
4. MDS – skjár	0,5			
5. Fjarskiptakerfi	2,0			
6. Radíóvitar	1,6			
7. ATS – skóli	4,8			
8. RK – turn	0,8			
9. Varavél E-5	0,6			
10. Ratsjártengi vegna Færeyja	1,8			
11. Star Con vegna korta	1,5			
12. Gagnagreinir	0,9			
13. Hugbúnaður	0,5			
14. Veðurgagnaflutningur	1,0			
15. Óskipt		16,0	11,0	11,0
	18,2	**16,0**	**11,0**	**11,0**
4.34. Til leiðréttinga og brýnna verkefna	0	13,0	44,4	27,0
Samtals	**281,5**	**272,0**	**272,0**	**272,0**

Ed. 1105. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess eins og það kemur frá neðri deild.

Alþingi, 9. maí 1988.

Egill Jónsson, form., frsm.	Danfríður Skarphéðinsdóttir, fundaskr., með fyrirvara.	Skúli Alexandersson, með fyrirvara.
Valgerður Sverrisdóttir.	Karvel Pálmason.	Stefán Guðmundsson.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Nd. 1106. Nefndarálit [360. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Varðandi breytt fyrirkomulag á bifreiðaskoðun, sem 3. gr. frumvarpsins gefur möguleika á, leggur nefndin sérstaka áherslu á að þjónusta við bifreiðaeigendur verði bætt. Tryggja verður að bíleigendur í dreifbýli eigi kost á skoðun bifreiða sem næst sinni heimabyggð og að nýttar verði heimildir til samninga við bifreiðaverkstæði til að annast þessa þjónustu.

Að þessu tilskildu leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Óli Þ. Guðbjartsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. maí 1988.

Ólafur G. Einarsson, form.	Jón Kristjánsson, frsm.	Sighvatur Björgvinsson.
Guðni Ágústsson.	Geir Gunnarsson.	Valdimar Indriðason.

Sþ. 1107. Tillaga til þingsályktunar [521. mál]

um að íslenska skjaldarmerkinu frá 1944, ásamt skjaldberum, verði komið fyrir á Alþingishúsinu í stað merkis Kristjáns konungs níunda.

Flm.: Árni Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela forsetum þingsins að láta taka niður merki Kristjáns níunda Danakonungs, sem nú er á norðurhlið Alþingishússins, og láta koma þar fyrir íslenska skjaldarmerkinu frá 1944 ásamt skjaldberum: griðungi, bergrisa, gammi og dreka.

Greinargerð.

Á undanförnum árum og áratugum hafa nokkrir alþingismenn og fleiri látið í ljós þá skoðun sína að eðlilegt væri að hið fagra og löggilta skjaldarmerki þjóðarinnar frá 1944 fengi að prýða Alþingishúsið í stað merkis Kristjáns níunda Danakonungs.

Af ýmsum ástæðum hefur ekki verið gerð gangskör að þessum breytingum. Málið hefur reynst viðkvæmt, m.a. vegna sambandsslitanna við Dani, og nefnd hafa verið fagurfræðileg sjónarmið. Einnig hefur sú skoðun komið fram að Íslendingum væri hollt að minnast þess að þeir voru undir erlendum yfirráðum í nærri átta hundruð ár.

Flutningsmaður getur ekki fallist á þessi sjónarmið og telur ekki viðunandi að Alþingi Íslendinga komi saman undir merki erlends konungs. Í þessu felst engin biturð eða illvilji í garð dönsku krúnunnar eða dönsku þjóðarinnar yfirleitt, enda munu Danir láta sér í léttu rúmi liggja hvort merki Kristjáns konungs níunda er á Alþingishúsi Íslendinga eða ekki. En Alþingi á ekki að láta sér á sama standa. Það getur varla verið keppikefli æðstu stofnunar sjálfstæðrar þjóðar að hafa valdsmerki erlends konungs á húsi sínu.

Því hefur einnig verið borið við að húsafriðunarlög komi í veg fyrir þessar breytingar. Þetta er ekki rétt. Þótt Alþingishúsið sé í A-flokki friðaðra húsa er ekkert sem kemur í veg fyrir þessa breytingu sé hún gerð í samráði við og með samþykki húsafriðunarnefndar.

Í grein, sem birtist í Morgunblaðinu 28. janúar 1987 og er eftir Þorstein Halldórsson skjaldarmerkjafræðing, segir m.a.:

„Á Alþingishúsinu hengu frá upphafi (1881) tvö skjaldarmerki, þ.e. hið íslenska: silfraður, krýndur, flattur þorskur á rauðum grunni og hið danska: þrjú krýnd blá ljón á gulum feldi með rauðum hjörtum. Voru merkin á framhlið hússins, sitt hvoru megin fyrir ofan svalagluggana. Krýndi þorskurinn var tekinn niður árið 1904 og nýtt skjaldarmerki sett í hans stað: silfraður fálki á bláum grunni. Árið 1911 voru bæði merkin tekin niður og hefur ekkert skjaldarmerki hangið utan á Alþingishúsinu síðan.“

Þessar upplýsingar leiða hugann að því að alþingismönnum hefur fyrr á árum ekki þótt við hæfi að hafa eingöngu merki Kristjáns níunda á húsinu. Kanna mætti hvort ekki væri unnt að koma íslenska skjaldarmerkinu fyrir t.d. á svölum Alþingishússins ef mikil andstaða er við að fjarlægja merki Kristjáns níunda sem þó verður að teljast ólíklegt.

Flutningsmaður telur fyllilega tímabært að Alþingi afgreiði þetta mál þegar á næsta þingi.

Nd. 1108. Nefndarálit [436. mál]

um frv. til l. um bifreiðagjald.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. er andvígur þessu gjaldi á bifreiðar. Ekki vegna þess að fráleitt þurfi að vera að leggja gjald á bifreiðar heldur vegna þess að *ekkert* á að fara til vegaframkvæmda af þeirri skattheimtu sem hér um ræðir. Á sama tíma og ríkisstjórnin leggur fram í þinginu breytta vegáætlun, þar sem gert er ráð fyrir því í þriðja sinn að ekki fari króna úr ríkissjóði til vegaframkvæmda, er fráleitt að afgreiða frumvarp af því tagi sem hér liggur fyrir. Þess vegna mun minni hl. greiða atkvæði gegn þeirri skattheimtu af umferðinni sem hér er á dagskrá.

Ingi Björn Albertsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur nefndaráliti þessu.

Alþingi, 9. maí 1988.

Steingrímur J. Sigfússon, frsm. Þórhildur Þorleifsdóttir.

Sþ. 1109. Nefndarálit [412. mál]

um till. til þál. um könnun á stöðu handmenntakennslu í grunnskólanum eftir gildistöku laga um grunnskóla, nr. 63/1974.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt svo

BREYTT:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram könnun á áhrifum laga um grunnskóla, nr. 63/1974, á handmenntakennslu grunnskólabarna. Að lokinni könnuninni verði gerðar tillögur um fyrirkomulag handmenntakennslu í framtíðinni með tilliti til breyttra þjóðfélagshátta og reynslu síðustu ára.

Niðurstöður könnunarinnar og tillögur skuli lagðar fyrir sameinað þing.

Alþingi, 9. maí 1988.

Salome Þorkelsdóttir, form., frsm. Guðmundur Ágústsson, fundaskr. Guðni Ágústsson.

Eiður Guðnason. Þórhildur Þorleifsdóttir. Ólafur G. Einarsson.

Alexander Stefánsson.

Sþ. 1110. Þingsályktun [302. mál]

um neyðarsíma.

(Afgreidd frá Sþ. 9. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta kanna með hvaða hætti unnt sé að koma fyrir neyðarsímum á torförnum fjallvegum og heiðum til öryggis fyrir vegfarendur og gera áætlun um kostnað.

Sþ. 1111. Þingsályktun [467. mál]

um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1987–1990.

(Afgreidd frá Sþ. 9. maí.)

Alþingi ályktar að árið 1988 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað samkvæmt eftirfarandi vegáætlun.

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN.

(Fjárhæðir í m.kr.)

1.1. Markaðar tekjur 1988:	
1. Bensíngjald skv. fjárlögum 1988	2000
2. Km-gjald	700
3. Þungaskattur, árgjald	200
Markaðar tekjur skv. fjárlögum 1988	2900
4. Áætlað bensíngjald 1988 umfram fjárlög	90
Markaðar tekjur 1988 alls	2990
1.2. Markaðar tekjur 1987 umfram útgjöld	160
Samtals	**3150**

II. SKIPTING ÚTGJALDA.
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1988	
2.1. Stjórn og undirbúningur:		
1. Skrifstofukostnaður	88	
2. Tæknilegur undirbúningur	66	
3. Umferðartalning og vegaeftirlit	16	
4. Eftirlaunagreiðslur	7	
		177
2.2. Viðhald þjóðvega:		
1. Sumarviðhald		
1. Viðhald malarvega	236	
2. Viðhald vega með bundið slitlag	181	
3. Viðhald brúa	42	
4. Viðhald varnargarða	5	
5. Heflun vega	134	
6. Rykbinding	49	
7. Vinnsla efnis	126	
8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð	35	
9. Vegmerkingar	10	
	818	
2. Vetrarviðhald	245	
		1063
2.3. Til nýrra þjóðvega:		
1. Stofnbrautir		
1. Almenn verkefni	306,5	
2. Bundin slitlög	216,1	
3. Sérstök verkefni	224,0	
4. Ó-vegir	125,0	
5. Höfuðborgarsvæðið	111,0	
	982,6	
2. Þjóðbrautir	169,4	
3. Bundin slitlög á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum	29,0	
4. Girðingar og uppgræðsla	17,0	
5. Vegur að Bessastöðum	4,0	
		1202
2.4. Til brúagerða:		
1. Brýr 10 m og lengri	81	
2. Smábrýr	13	
		94
2.5. Til fjallvega o.fl.:		
1. Aðalfjallvegir	9	
2. Aðrir fjallvegir	6	
3. Þjóðgarðavegir o.fl.	5	
4. Vegir á Þingvöllum	3	
5. Reiðvegir	3	
		26
2.6. Til sýsluvega:		125
2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum:		164
2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa:		0
2.9. Til tilrauna:		14
		2865
Óráðstafað til 1989 af mörkuðum tekjum 1987 og 1988		285
Samtals		**3150**

SUNDURLIÐUN
2.3. Til nýrra þjóðvega.
1. Stofnbrautir.
1.1. Almenn verkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1988 Fjárv. m.kr.
1	Suðurlandsvegur	
22—28	Hvolsvöllur — Þjórsá	2,4
35	Biskupstungnabraut	
04	Laugarvatnsvegur — Skálholtsvegur	20,2
	Vesturlandsvegur	
18	Laxá — Breiðamýri	11,4
19	Rannsóknir í Hvalfirði	1,0
41	Reykjanesbraut	
04—11	Hafnarfjörður — Flugstöð	3,5
10	Hafnavegur — Grænás	2,0
12	Flugvallarvegur — Víknavegur	1,0
416	Álftanesvegur	
02	Landakot — Sviðholt	6,0
1	Vesturlandsvegur	
01	Rannsóknir í Hvalfirði	1,0
01	Önundarhóll — Fjárrétt	5,4
09	Eskiholtslækur — Gljúfurá	12,0
12	Hvammur — Sanddalsá	6,7
54	Ólafsvíkurvegur	
07	Vegamót — Hrísdalur	7,8
08	Staðará — Urriðaá	2,0
11	Snæfellsnesvegur — Fossá	2,6
57	Snæfellsnesvegur	
08	Gríshóll — Helgafellssveitarvegur	7,0
12	Grundarfjörður — Kvíabryggja	3,9
60	Vestfjarðavegur	
10	Rannsóknir í Gilsfirði	1,0
60	Vestfjarðavegur	
01	Rannsóknir í Gilsfirði	1,0
14	Vatnsdalsá — Flókalundur	9,8
61	Djúpvegur	
18	Djúpagil — Arnarneshamar	17,0
62	Barðastrandarvegur	
05	Stapar — Patreksfjörður	13,3
65	Súgandafjarðarvegur	
02	Botn — Suðureyri	12,2
68	Hólmavíkurvegur	
06	Guðlaugsvík — Þambá	13,2
1	Norðurlandsvegur	
06	Víðidalsvegur vestri — Víðidalsvegur eystri	18,8
18	Miðhús — Miklibær	11,2
19	Miklibær — Kjálkavegur	8,3

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1988 Fjárv. m.kr.
72	Hvammstangavegur	
01	Norðurlandsvegur — Hvammstangi	7,9
76	Siglufjarðarvegur	
02	Um Gljúfurá	4,4
04	Sleitustaðir — Hofsósbraut	0,5
11	Gangamunni — Siglufjörður	2,0
1	Norðurlandsvegur	
04	Hörgárdalsvegur — Krossastaðir	13,5
20	Skútustaðir — Garður	2,7
85	Norðausturvegur	
26	Hafralónsá — Þórshöfn	8,7
821	Eyjafjarðarbraut vestri	
01—02	Hvammur — Miðbraut	10,0
845	Aðaldalsvegur	
02	Syðra Fjall — Norðausturvegur	3,7
1	Austurlandsvegur	
22	Stigi — Krossá	4,0
47	Fátækramannahóll — Bakkalækur	12,0
85	Norðausturvegur	
12	Sunnudalsvegur — Teigará	7,0
92	Norðfjarðarvegur	
07	Hólmaháls	5,3
09	Við Eskifjörð	8,0
96	Suðurfjarðarvegur	
03	Skriður — Höfðahús	15,1
	Samtals	306,5

1.2. Bundin slitlög.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1988 Fjárv. m.kr.
1	Suðurlandsvegur	
10—11	Um Mýrdalssand	17,2
30	Skeiðavegur	
04	Þjórsárdalsvegur — Hrunavegur	6,0
34	Eyrarbakkavegur	
05	Um Ölfusárós	5,6
39	Þrengslavegur	
01	Suðurlandsvegur — Þorlákshafnarvegur	2,4
1	Vesturlandsvegur	
18	Laxá — Breiðamýri	5,1
36	Þingvallavegur	
01	Kjósarskarðsvegur — Litla Sauðafell	4,0

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1988 Fjárv. m.kr.
431	Hafravatnsvegur	
02	Reykjalundarvegur — Vesturlandsvegur	7,2
1	Vesturlandsvegur	
01	Önundarhóll — Fjárrétt	4,6
54	Ólafsvíkurvegur	
02	Tungulækur — Brókarlækur	8,2
04	Hítará — Kaldá	4,1
07	Vegamót — Hrísdalur	3,8
11	Snæfellsnesvegur — Fossá	5,5
57	Snæfellsnesvegur	
08	Gríshóll — Helgafellssveitarvegur	16,8
12	Grundarfjörður — Kvíabryggja	0,8
60	Vestfjarðavegur	
03	Mýrartunga — Hríshóll	4,8
05	Þorskafjarðarvegur — Gröf	10,4
14	Vatnsdalsá — Flókalundur	3,7
68	Hólmavíkurvegur	
06	Guðlaugsvík — Stikuháls	7,5
1	Norðurlandsvegur	
14—15	Gilshús — Valadalsá	8,7
74	Skagastrandarvegur	
02	Þverárfjallsvegur — Skagavegur	2,6
76	Siglufjarðarvegur	
01	Norðurlandsvegur — Hjaltastaðir	1,1
04	Sleitustaðir — Hofsósbraut	4,3
1	Norðurlandsvegur	
15	Fnjóskadalsvegur eystri — Kross	8,5
85	Norðausturvegur	
21	Raufarhöfn — Flugvöllur	3,7
821	Eyjafjarðarvegur vestri	
01—02	Hvammur — Miðbraut	3,7
845	Aðaldalsvegur	
02	Syðra Fjall — Norðausturvegur	4,8
1	Austurlandsvegur	
29	Blábjörg — Starmýri	12,3
33	Össurá — Þorgeirsstaðir	7,2
92	Norðfjarðarvegur	
04	Neðstabrú — Skriður	6,3
07	Um Hólmaháls	4,8
93	Seyðisfjarðarvegur	
03	Neðri Stafur — Efri Stafur	13,8
94	Borgarfjarðarvegur	
01	Vegamót — Mýnes	7,9
96	Suðurfjarðavegur	
10	Stöðvará — Kambanes	1,1
931	Upphéraðsvegur	
08	Atlavík — Hafursá	7,6
	Samtals	216,1

1.3. Sérstök verkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1988 Fjárv. m.kr.
34	Eyrarbakkavegur	
05	Um Ölfusárós	75,7
36	Þingvallavegur	
01	Kjósarskarðsvegur — Litla Sandfell	18,5
1	Vesturlandsvegur	
14	Holtavörðuheiði	28,2
60	Vestfjarðavegur	
22	Dýrafjörður	14,6
61	Djúpvegur	
01—05	Tenging Inn-Djúps	14,6
1	Norðurlandsvegur	
14—15	Gilshús — Valadalsá	15,3
1	Norðurlandsvegur	
09	Leiruvegur	33,0
85	Norðausturvegur	
10—16	Vopnafjörður — Hérað	1,0
92	Norðfjarðarvegur	
09	Eskifjörður — Göng	23,1
	Samtals	224,0

1.4. Ó-vegir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1988 Fjárv. m.kr.
61	Djúpvegur	
25	Óshlíð	14,9
82	Ólafsfjarðarvegur	
06	Um Ólafsfjarðarmúla	110,1
	Samtals	125,0

1.5. Höfuðborgarsvæðið.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1988 Fjárv. m.kr.
1	Vesturlandsvegur	
13	Grafarholt — Lágafell	8,0
13—14	Við Langatanga og Álafossveg	4,0
14	Við Brúarland	7,0
40	Hafnarfjarðarvegur	
03	Kópavogur — Arnarnes	14,0
41	Reykjanesbraut	
02—03	Reykjavík — Hafnarfjörður	30,0
04	Hvammabraut — Ásbraut	3,0
04	Gatnamót Lækjargötu	5,7

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1988 Fjárv. m.kr.
431	Hafravatnsvegur	
02	Reykjalundarvegur — Vesturlandsvegur	1,3
	Þjóðvegir samtals	73,0
	Greiðsla upp í skuld við Reykjavík vegna þjóðvega í þéttbýli	26,0
	Þjóðvegir í þéttbýli í Reykjavík	6,0
	Þjóðvegir í þéttbýli í Kópavogi	6,0
	Samtals	111,0

Stofnbrautir: óráðstafað til 1989.

Suðurland	23,0
Reykjanes	13,0
Vesturland	24,0
Vestfirðir	32,0
Norðurland vestra	18,0
Norðurland eystra	32,0
Austurland	32,0
Ólafsfjarðarmúli	25,0
Höfuðborgarsvæðið	25,0
Samtals	224,0

2. Þjóðbrautir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1988 Fjárv. m.kr.
26	Landvegur	
01	Suðurlandsvegur — Hagabraut	6,1
204	Meðallandsvegur	2,4
215	Reynishverfisvegur	1,3
240	Stórhöfðavegur	7,9
252	Landeyjavegur	
06	Ártúnsvegur — Suðurlandsvegur	1,4
255	Akureyjarvegur	2,3
261	Fljótshlíðarvegur	
03—04	Hlíðarendi — Hámúli	7,5
32	Þjórsárdalsvegur	
01	Skeiðavegur — Stóra-Núpsvegur	4,8
33	Gaulverjabæjarvegur	
01	Suðurlandsvegur — Hamarsvegur	2,4
37	Laugarvatnsvegur	
03	Laugarvatnsvegur — Reykjavegur	4,8
305	Villingaholtsvegur	2,4
42	Krýsuvíkurvegur	
01	Bláfjallavegur — Vatnsskarð	5,0

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1988 Fjárv. m.kr.
461	Meðalfellsvegur	
01	Um Svínadalsá og Bugðu	7,0
50	Borgarfjarðarbraut	
01	Um Þverá hjá Geitabergi	1,5
04	Kleppjárnsreykir — Deildartunga	5,0
518	Hálsasveitarvegur	
01	Borgarfjarðarbraut — Reykholtsdalsvegur	13,9
03	Um Húsafellsskóg	3,5
577	Helgafellssveitarvegur	
01	Snæfellsnesvegur — Snæfellsnesvegur	5,9
593	Efribyggðarvegur	
01	Hella — Flekkudalsá	3,9
69	Steinadalsvegur	
02	Steinadalur — Hólmavíkurvegur	0,8
612	Örlygshafnarvegur	
03	Kollsvíkurvegur — Látur	2,0
633	Vatnsfjarðarvegur	
03	Skálavík — Kelda	10,3
645	Drangsnesvegur	
01	Strandavegur — Drangsnes	4,9
711	Vatnsnesvegur	
07	Síðuvegur — Norðurlandsvegur	0,5
731	Svínvetningabraut	
02—03	Tindar — Blöndubrú	4,8
734	Svartárdalsvegur	
01	Um Fjósaklif	3,0
745	Skagavegur	
08	Í Laxárdal	1,3
767	Hólavegur	
01	Víðinesá — Hólar	3,0
02	Hólar — hesthús	1,7
769	Ásavegur	4,2
792	Flugvallarvegur í Siglufirði	2,0
83	Grenivíkurvegur	
02	Norðurlandsvegur — Fagranes	4,6
803	Kleifavegur	
02	Flugvöllur — Sólheimar	2,0
824	Finnastaðavegur	
01	Finnastaðir — Gilsbakki	6,3
846	Austurhlíðarvegur	
01	Norðurlandsvegur — Laugar	0,6
848	Mývatnsvegur	
01	Vagnbrekka — Stekkjarnes	3,7
850	Flugvallarvegur Mývatnssveit	
01	Kísilvegur — Flugvöllur	3,0
870	Kópaskersvegur	
01	Norðausturvegur — Kópasker	2,4

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1988 Fjárv. m.kr.
94	Borgarfjarðarvegur	
01	Vegamót — Mýnes	0,7
923	Jökuldalsvegur	
04	Jökla — Hrafnkelsdalsmynni	7,0
931	Upphéraðsvegur	
08	Atlavík — Hafursá	5,3
953	Mjóafjarðarvegur	2,5
955	Flugvallarvegur Norðfirði	3,8
	Samtals	169,4

Þjóðbrautir: óráðstafað til 1989.

Suðurland	9
Reykjanes	2
Vesturland	8
Vestfirðir	5
Norðurland vestra	5
Norðurland eystra	5
Austurland	5
Samtals	39

2.4. Til brúagerða.
1. Til brúa 10 m og lengri.

	1988 Fjárv. m.kr.
Háfsós (275)	5,5
Skurður hjá Krossi (sýsluvegur)	2,6
Bugða (461)	3,6
Svínadalsá (461)	4,0
Straumfjarðará (54)	14,0
Gilsfjörður — rannsóknir (60)	1,2
Bæjará (60)	4,3
Haukabergsá (62)	3,5
Gljúfurá (76)	4,8
Eyjafjarðará (823)	1,6
Grænilækur (1)	6,5
Hafralónsá (85)	24,4
Laxá (sýsluvegur S-Þing.)	3,7
Morsá (fjallvegur)	1,3
Samtals	81,0
Brýr: óráðstafað til 1989	22,0

Sþ. 1112. Skýrsla [522. mál]

samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 1986.

(Lögð fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

INNGANGUR.

Framkvæmdir í hafnargerðum 1986 urðu sem hér segir:

	Millj. kr.
Almennar hafnir	186,1
Reykjavíkurhöfn	19,2
Landshafnir	10,9
Ferjuhafnir	1,9
Samtals	218,1

Árið 1985 voru heildarframkvæmdir í höfnum 230,8 millj. kr.

Í skýrslunni hér á eftir er stutt lýsing á framkvæmdum á hverjum stað, svo og sérstakur kafli um rannsóknir.

FRAMKVÆMDIR Í ALMENNUM HÖFNUM

Akranes.

Boðin var út endurbygging á bryggjukanti á hluta aðalhafnargarðs og í framhaldi af því var samið við Stuðlastál hf. um verkið. Verkinu lauk síðla árs.

Unnið var að endurnýjun rafbúnaðar á hafnarsvæði auk þess sem ný innsiglingarmerki voru sett upp og unnið lítillega við smábátaaðstöðu.

Verkin voru unnin af heimamönnum.

Framkvæmdakostnaður: 5.175 þús. kr.

Borgarnes.

Tæknikostnaður: 131 þús. kr.

Arnarstapi.

Dýpkað var meðfram efri hluta bryggju, en þar sest sandur fyrir. Verkið var unnið af heimamönnum í samráði við HR. Einnig var keypt vog í löndunarkrana.

Framkvæmdakostnaður: 793 þús. kr.

Hellnar.

Lögð var rafmagnsheimtaug að höfninni.

Framkvæmdakostnaður: 55 þús kr.

Ólafsvík.

Unnið var að frágangi við flotbryggju fyrir smábáta og einnig var gert við grjótvörn á Norðurgarði.

Framkvæmdakostnaður: 353 þús. kr.

Grundarfjörður.

Tæknikostnaður: 35 þús. kr.

Stykkishólmur.

Unnið var við raflagnir. Einnig var unnið grjót í garð við smábátahöfn.
Auk þess rannsóknir og hönnun.
Framkvæmdakostnaður: 2.944 þús. kr.

Karlsey.

Tæknikostnaður og fjármagnskostnaður: 376 þús. kr.

Patreksfjörður.

Tæknikostnaður: 52 þús. kr.

Tálknafjörður.

Unnið var við frágang ljósa á nýja stálþilinu og löndunarkrana. Heimamenn önnuðust framkvæmdir í samráði við Hafnamálastofnun.
Framkvæmdakostnaður: 199 þús. kr.

Bíldudalur.

Tæknikostnaður: 12 þús. kr.

Þingeyri.

Unnið var við raflagnir og fleira.
Framkvæmdakostnaður: 139 þús. kr.

Flateyri.

Unnið var við rekstur 51 m langs stálþils í austurhluta hafnar, einnig var steyptur kantbiti með pollum.
Verkið hófst 20. maí og því lauk 12. sept.
Hafnamálastofnun sá um framkvæmdir ásamt heimamönnum.
Framkvæmdakostnaður: 6.633 þús. kr.

Suðureyri.

Tæknikostnaður: 5 þús. kr.

Bolungarvík.

Unnið var við styrkingu og lagfæringu á trébryggju, settur var upp löndunarkrani, steypt var 750 m^2 þekja á Grundargarð og lagt slitlag á hafnarsvæði.
Einnig var unnið við flotbryggju.
Framkvæmdakostnaður: 6.011 þús. kr.

Ísafjörður.

Byggð var 35 m löng harðviðarbryggja í Sundahöfn og steypt upp af henni 330 m^2 þekja.
Endurbyggður var 40 m langur kantbiti á stálþili í innri höfn. Raflagnir í vörubryggju voru endurnýjaðar.
Hafnamálastofnun annaðist verkið ásamt heimamönnum.
Keypt var dráttarbraut.
Framkvæmdakostnaður: 34.380 þús. kr.

Súðavík.

Tæknikostnaður o.fl.: 39 þús. kr.

Norðurfjörður.

Lokauppgjör vegna framkvæmda við grjótgarð og fjármagnskostnað.
Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 4.860 þús. kr.

Drangsnes.

Keyptur var löndunarkrani og hann settur upp.
Heimamenn önnuðust framkvæmdir.
Framkvæmdakostnaður: 546 þús. kr.

Hólmavík.

Unnið var að dýpkun með dæluprammanum Háki, alls var dælt 10.300 m^3 og hófust framkvæmdir 10. sept. og þeim lauk 10. október.
Gerður var fyrirstöðugarður fyrir efni sem dælt var til landfyllingar.
Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 5.706 þús. kr.

Hvammstangi.

Unnið var við dýpkun í höfninni með dæluprammanum Háki, alls var dælt 12.900 m^3 og hófust framkvæmdir 20. júlí og lauk þeim 6. sept.
Gerður var fyrirstöðugarður fyrir efnið sem dælt var upp til landfyllinga innan við höfnina. Smíðaðar voru þrjár flotbryggjueiningar.
Framkvæmdakostnaður: 7.277 þús. kr.

Blönduós.

Tæknikostnaður: 16 þús. kr.

Skagaströnd.

Unnið var við dýpkun í höfninni með dæluprammanum Háki, alls var dælt 13.600 m^3 og hófust framkvæmdir 2. júní og lauk þeim 20. júlí.
Gerður var fyrirstöðugarður fyrir efnið sem dælt var upp til landfyllinga.
Lítillega var unnið við frágang á dráttarbraut.
Framkvæmdakostnaður: 6.691 þús. kr.

Sauðárkrókur.

Lokið var við endurbyggingu sandfangara norðan við höfnina. Alls var sett í garðinn um 2.000 m^3 af grjóti sem sótt var út á Skaga um 40 km leið.
Króksverk sá um öflun grjóts og flutning að höfninni en Hafnamálastofnun sá um röðun grjóts í garðinn með heimatækjum. Unnið var að verkinu í janúar og febrúar.
Framkvæmdakostnaður: 1.949 þús. kr.

Hofsós.

Tæknikostnaður o.fl.: 171 þús. kr.

Siglufjörður.

Tæknikostnaður: 76 þús. kr.

Ólafsfjörður.

Í desember var hafist handa við endurbyggingu harðviðarbryggju við Norðurgarð, en hún varð fyrir skemmdum vegna ákeyrslu og sjógangs. Vinnu var haldið áfram eftir áramót. Einnig var lokið við frágang vogarhúss.

Hafnamálastofnun annaðist framkvæmdir ásamt heimamönnum.

Framkvæmdakostnaður: 2.579 þús. kr.

Dalvík.

Unnið var við endurbyggingu trébryggju við Suðurgarð frá miðjum október og fram til 5. desember en þá lauk viðgerð.

Hafnamálastofnun annaðist verkið ásamt heimamönnum.

Einnig var unnið við raflagnir í Norðurgarði.

Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 2.375 þús. kr.

Hrísey.

Unnið var við lengingu trébryggju um alls 12 m. Verkið stóð frá 10. apríl fram til 17. maí.

Hafnamálastofnun annaðist verkið með heimamönnum.

Framkvæmdakostnaður: 752 þús. kr.

Hauganes.

Settur var upp löndunarkrani og önnuðust heimamenn það verk.

Framkvæmdakostnaður: 509 þús. kr.

Hjalteyri.

Keypt var vog í löndunarkrana.

Framkvæmdakostnaður: 237 þús. kr.

Akureyri.

Byggð var 53 metra löng harðviðarbryggja fyrir smábáta í Sandgerðisbót. Einnig var unnið að ýmsum öðrum frágangi við smábátahöfnina. Norðurverk byggði bryggjuna að undangengnu útboði. Ýmislegt annað var unnið við, svo sem slysavarnir, skipulag, ýmiss konar rannsóknir, í dráttarbraut o.fl.

Framkvæmdakostnaður: 8.416 þús. kr.

Svalbarðseyri.

Tæknikostnaður: 98 þús. kr.

Grenivík.

Tæknikostnaður: 19 þús. kr.

Grímsey.

Lagfært var horn á Kerabryggju til að auðvelda strandferðaskipum aðkomu.

Framkvæmdakostnaður: 185 þús. kr.

Húsavík.

Fjármagns- og tæknikostnaður: 860 þús. kr.

Kópasker.

Tæknikostnaður: 11 þús. kr.

Raufarhöfn.

Í september var trébryggja fyrir smábáta lengd um 25 m.
Hafnamálastofnun sá um verkið með heimamönnum.
Framkvæmdakostnaður: 1.419 þús. kr.

Þórshöfn.

Í marsmánuði var endurnýjað dekk á trébryggju alls 200 m^2. 12. maí var hafist handa við dýpkun með gröfu og krana á svæði því sem byggja skyldi nýja harðviðarbryggju og um miðjan júní hófst bygging bryggjunnar sem alls er 30 m löng. Vinna við bryggjuna stóð óslitið fram til 3. okt. og var verkinu þá lokið.
Hafnamálastofnun annaðist framkvæmdir með heimamönnum að hluta.
Framkvæmdakostnaður: 15.118 þús. kr.

Bakkafjörður.

Sett var lýsing á nýja hafnargarðinn.
Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 4.576 þús. kr.

Vopnafjörður.

Keypt var efni í ný innsiglingarmerki og hafinn undirbúningur að uppsetningu þeirra.
Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 607 þús. kr.

Borgarfjörður eystri.

Lítillega var unnið að dýpkun með landinu inni í höfninni.
Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 607 þús. kr.

Seyðisfjörður.

Unnið var við frágang í smábátahöfn og hönnun dráttarbrautar. Einnig var steypt þekja í Fjarðarhöfn.
Framkvæmda- og tæknikostnaður: 3.186 þús. kr.

Neskaupstaður.

Smábátahöfn var stækkuð og bætt við flotbryggjum, auk þess sem bætt var raflögn í aðalhöfn.
Framkvæmdir voru í höndum heimamanna í samráði við Hafnamálastofnun.
Framkvæmdakostnaður: 3.156 þús kr.

Eskifjörður.

Boðin var út 600 m^2 þekjulögn í innri höfn og var samið við lægstbjóðanda.
Unnið var að undirbúningi og hönnun á nýrri loðnulöndunarbryggju.
Hafnarviti var endurbyggður.
Framkvæmdakostnaður: 1.670 þús. kr.

Reyðarfjörður.

Tækni- og rannsóknarkostnaður: 283 þús. kr.

Fáskrúðsfjörður.

Boðin var út bygging grjótgarðs við smábátahöfnina svo og dýpkun, og samið var við verktaka af staðnum og hófust framkvæmdir síðari hluta árs, en lauk ekki á árinu.
Framkvæmdakostnaður: 1.465 þús. kr.

Stöðvarfjörður.

Lokið var við að steypa kantbita með pollum á nýja stálþilið alls um 110 m.
Guðlaugur Einarsson á Fáskrúðsfirði annaðist verkið undir stjórn Hafnamálastofnunar.
Framkvæmdir stóðu í ágúst og september.
Framkvæmdakostnaður: 3.557 þús. kr.

Breiðdalsvík.

Tæknikostnaður: 180 þús. kr.

Djúpivogur.

Sett voru upp ný innsiglingarmerki og ljósbauja í innsiglingu.
Framkvæmdakostnaður: 521 þús. kr.

Hornafjörður.

Unnið var að dýpkun með sanddælupramma hafnarinnar „Soffíu". Dælt innan við Óslandsbryggju og innst í höfninni við smábátabryggju.
Framkvæmdir stóðu með hléum yfir sumarið. Alls var dælt 12.915 m^3.
Framkvæmdakostnaður: 4.816 þús. kr.

Dyrhólaey.

Mælingakostnaður: 22 þús. kr.

Vestmannaeyjar.

Unnið var við dýpkun í höfninni með sanddælupramma hafnarinnar og var alls dælt 15.034 m^3.
Einnig var lítillega unnið við viðgerðakant skipalyftu o.fl.
Framkvæmdakostnaður: 5.100 þús. kr.

Stokkseyri.

Tæknikostnaður o.fl.: 37 þús. kr.

Eyrarbakki.

Tæknikostnaður o.fl.: 33 þús. kr.

Grindavík.

Tæknikostnaður o.fl.: 230 þús. kr.

Hafnir.

Tæknikostnaður: 7 þús. kr.

Sandgerði.

Steyptur var kantbiti á nýja stálþilsgarðinn og fleira smávægilegt gert.
Framkvæmdakostnaður: 3.295 þús. kr.

Garður.

Tæknikostnaður: 13 þús. kr.

Hafnarfjörður.

Lokið var við II. áfanga byggingar grjótvarnar utan á Norðurgarð.

Köfunarstöðin hf. og Miðfell hf. héldu áfram framkvæmdum við III. áfanga Suðurbakka sem samið var um síðla árs 1985 og áætlað er að ljúki á árinu 1987.

Framkvæmdakostnaður: 32.740 þús. kr.

Garðabær.

Lagfærð var grjótvörn á garði.

Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 2.193 þús. kr.

Reykjavíkurhöfn.

Í vesturhöfninni og við Korngarð var unnið að landauka og grjótvörn. Unnið var að dýpkun við Holtabakka svo og í Vesturhöfn.

Unnið var að ýmsum lagfæringum og endurnýjun eldri mannvirkja, einnig fegrun og snyrtingu umhverfis á hafnarsvæðinu.

Framkvæmdakostnaður: 19.216 þús. kr.

LANDSHAFNIR

Rifshöfn.

10. nóvember var hafist handa við endurbyggingu bátabryggju, en verkið sóttist heldur illa vegna ótíðar, og var framkvæmdum hætt 6. des.

Hafnamálastofnun annaðist framkvæmdirnar ásamt heimamönnum.

Framkvæmdakostnaður: 2.231 þús. kr.

Þorlákshöfn.

Björgun hf. tók að sér dýpkun í höfninni og var dælt um 58.000 m^3 og fór verkið fram í ágústmánuði.

Framkvæmdakostnaður: 8.686 þús. kr.

Keflavík — Njarðvík.

Tæknikostnaður: 26 þús. kr.

FERJUBRYGGJUR

Litlar framkvæmdir voru við ferjubryggjur.

Í maí var unnið í fjóra daga að viðgerð á ferjubryggju við Kleifastaði í Austur-Barðastrandarsýslu og frá 15. sept til 4. okt. var unnið að viðgerð á bryggjunum við Vatnsfjörð, Reykjanes í Djúpi, Búðardal og víðar.

Hafnamálastofnun annaðist þessar viðgerðir.

Framkvæmdakostnaður: 1.852 þús. kr.

SJÓVARNARGARÐAR

Unnið var að sjóvarnargörðum á nokkrum stöðum og var eftirtalið það helsta:

Í Gerðahreppi var ekið grjóti við sjávarbakka neðan Útskálatúns.

Á Húsavík var unnið í sjóvörn.

Einnig var unni að sjóvörnum í Grindavík, Miðneshreppi, Hafnahreppi, Vestmannaeyjum, Sauðárkróki, Ólafsvík og víðar.

Framkvæmdakostnaður: 10.220 þús. kr.

SKÝRSLA UM RANNSÓKNIR 1986

Mælingar og rannsóknaboranir voru framkvæmdar eftir þörfum verkefna eins og undanfarin ár.

Dýptarmælt var á Rifi, Stykkishólmi í Skipavík, Hólmavík, Hvammstanga, Skagaströnd, Sauðárkróki, Ólafsfirði, Árskógssandi, Hjalteyri, Akureyri, Svalbarðseyri, Húsavík, Þórshöfn, Vopnafirði, Borgarfirði eystri, Seyðisfirði, Eskifirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði, Breiðdalsvík, Djúpavogi, Hornafirði, Vestmannaeyjum, Þorlákshöfn, Grindavík, Garði og Hafnarfirði.

Borað var á Raufarhöfn, Þórshöfn, Vopnafirði, Eskifirði og Reyðarfirði.

Mælingum með öldumæliduflum var fram haldið á Sauðárkróki, Siglufirði, Grímsey, Grímseyjarsundi, Árskógssandi, Hrísey, Ólafsfirði og Þórshöfn.

Öldumælingar hófust á árinu á Breiðdalsvík.

Straummælingar voru framkvæmdar á Ísafirði.

Rannsóknastöð Hafnamálastofnunar ríkisins að Funahöfða var lokað frá og með 1. mars 1986 vegna niðurskurðar á fjárveitingum til hafnamála. Fram að þeim tíma var lokið við líkantilraunir af brimvörn úr stórgrýti á efsta hluta aðalhafnagarðs á Akranesi. Eins var haldið áfram tilraunum og þróun grjóthrúgugarða.

Gefnar voru út skýrslur um líkantilraunir af hafnargarðinum á Akranesi og af Húsavíkurhöfn, en líkantilraunir af höfninni voru gerðar á árunum 1981 og 1982.

Gefnar voru út skýrslur um hönnun hafnarinnar á Brjánslæk.

Á árinu lauk 5 ára norrænum rannsóknum á hreyfingum skipa í höfnum og liggja niðurstöður fyrir í skýrsluformi. Niðurstöður verða notaðar við hönnun hafna hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum og víðar.

Tafla 1. Hafnarframkvæmdir 1986.
(Fjárhæðir í þús. kr.)

Höfn	Verkefni	Ríkishluti %	Heildarkostnaður		Ríkishluti
I. Almennar hafnir:					
Akranes	Aðalhafnag. endurb. kantur ...	75%	3 838,2		
	Öryggisbúnaður o. fl.	75%	293,3		
	Rafbúnaður hafnarsvæði	75%	113,0		
	Innsigl. merki Krossavík	75%	691,9		
	Smábátahöfn	75%	238,5	5 174,9	3 881,0
Borgarnes	Tæknikostnaður	75%	47		
	Stálþil 1984—1985	75%	84	131,0	98,2
Arnarstapi	Hafnarvog	40%	34		
	Dýpkun o. fl.	75%	125		
	Fjármagnskostnaður	75%	478		
	Hafnarvog 1985	40%	55		
	Steypt þekja 1985	75%	101	793,0	563,6
Hellnar	Rafmagnsheimtaug	75%	55,4		
	Leiðr. v/viðgerða 1985	75%	(31,2)		
				24,2	18,1
Ólafsvík	Flotb. smábátah., o. fl.	75%	397,0		
	Norðurgarður viðgerð	75%	252,8		
	Dýpkun o. fl. 1985	75%	(296,5)	353,3	265,0
Grundarfjörður	Tæknikostnaður	75%	75,4		
	Löndunarkrani 1984	40%	(76,8)		
	Vextir o. fl. 1984	75%	36,3	34,9	52,8
Stykkishólmur	Raflagnir, Skipav. höfn	75%	704,5		
	Raflagnir Stykkishólmshöfn	75%	871,7		
	Grjótn. og undirb. v/garðs í Flæðiskeri	75%	1 318,9		
	Dráttarbraut	40%	49,2	2 944,3	2 191,0
Karlsey	Tæknikostnaður	75%	32,2		
	Fjármagnskostnaður	75%	344,1	376,3	282,3
Patreksfjörður	Tæknikostnaður	75%		52,0	39,0
Tálknafjörður	Tenging ljósa o. fl.	75%		198,8	149,1
Bíldudalur	Tæknikostnaður	75%		12,2	9,2
Þingeyri	Raflagnir o. fl.	75%		139	104,2
Flateyri	Stálþil, kantbiti o. fl.	75%	6 602,6		
	Styrkhæfur fjárm. kostn.	75%	30,4	6 633,0	4 974,8
Suðureyri	Tæknikostnaður	75%		5,4	4,0

Tafla 1. Hafnarframkvæmdir 1986.
(Fjárhæðir í þús. kr.)

Höfn	Verkefni	Ríkishluti %	Heildarkostnaður		Ríkishluti
I. Almennar hafnir:					
Bolungarvík	Trébryggja styrkt o. fl.	75%	2 325,6		
	Slitlag á Hafnarsvæði 1985	75%	649,3		
	Þekja og slitlag Grundargarði	75%	1 906,0		
	Flotbryggja	75%	680,9		
	Löndunarkrani	40%	449,5	6 011,3	4 351,2
Ísafjörður	Sundahöfn, harðviðarbr. o. fl.	75%	4 209,0		
	Stálþil Sundahöfn, undirbúningur	75%	485,0		
	Endurbyggður kantbiti	75%	1 585,0		
	Endurn. raflagnir	75%	303,0		
	Dráttarbraut	40%	27 798,0	34 380	16 056,0
Súðavík	Merkjaljós o. fl.	75%		39	29,2
Norðurfjörður	Grjótgarður, lokauppgj.	75%	2 664,0		
	Fjármagnskostnaður	75%	2 196,0	4 860,0	3 645,2
Drangsnes	Mælingar og tæknikostnaður	75%	108,3		
	Löndunarkrani	40%	437,3	545,6	256,1
Hólmavík	Fyrirstöðugarður	50%	1 301,0		
	Dýpkun	75%	4 154,0		
	Fjármagnskostnaður	75%	251,0	5 706,0	3 954,0
Hvammstangi	Fyrirstöðugarður	50%	2 088,6		
	Dýpkun o. fl.	75%	4 914,1		
	Flotbryggja	75%	353,6		
	Leiðr. v/1984	75%	(79,5)	7 276,8	4 935,4
Blönduós	Tæknikostnaður	75%		16,1	12,0
Skagaströnd	Dýpkun o. fl.	75%	5 532,0		
	Fyrirstöðugarður	50%	685,0		
	Bryggjukrani	40%	5,0		
	Dráttarbraut	40%	196,0		
	Fjármagnskostnaður	40%	273,0	6 691,0	4 681,1
Sauðárkrókur	Sandfangari	75%	2 111,0		
	Grjót í sandf. 1985	75%	(161,9)	1 949,1	1 461,9
Hofsós	Tæknikostnaður	75%	45,0		
	Bílavog undirb.	40%	126,0	171,0	84,0
Siglufjörður	Tæknikostnaður	75%		76,0	57,0

Tafla 1. Hafnarframkvæmdir 1986.
(Fjárhæðir í þús. kr.)

Höfn	Verkefni	Ríkishluti %	Heildarkostnaður		Ríkishluti
1. Almennar hafnir:					
Ólafsfjörður	Endurbygging bryggju o. fl.	75%	2 177,0		
	Hafnarvog, lokafrág.	40%	402,0	2 579,0	1 793,6
Dalvík	Trébryggja	75%	1 787,0		
	Raflagnir í Norðurgarð	75%	210,0		
	Fjármagnskostnaður	75%	378,0	2 375,0	1 781,2
Hrísey	Lenging trébryggju	75%		751,8	563,9
Árskógssandur	Tæknikostnaður	75%		76,2	57,1
Hauganes	Löndunarkrani	40%		509,0	203,6
Hjalteyri	Tæknikostnaður o. fl.	75%	100,2		
	Hafnarvog	40%	137,3	237,5	130,1
Akureyri	Tæknikostn., botn-				
	rannsóknir o. fl.	75%	486,0		
	Slysavarnir	75%	110,0		
	Skipulag hafnarsvæðis	75%	438,0		
	Smábátahöfn, Sandgerðisbót	75%	911,0		
	Löndunargarður Sandgerðisbót	75%	255,0		
	Trébryggja Sandgerðisbót	50%	3 677,0		
	Hafnsögubátur lokafrág.	40%	920,0		
	Dráttarbraut	40%	1 619,0	8 416,0	4 503,8
Svalbarðseyri	Tæknikostnaður o. fl.	75%		97,9	73,4
Grenivík	Tæknikostnaður	75%		18,9	14,1
Grímsey	Kantur lagfærður 1983, o. fl.	75%		185,0	139,0
Húsavík	Fjármagnskostnaður	75%	678,0		
	Tæknikostnaður o. fl.	75%	182,0	860,0	645,0
Kópasker	Tæknikostnaður	75%		10,6	8,0
Raufarhöfn	Trébryggja lengd	75%	1 210,0		
	Botnrannsóknir	75%	209,3	1 419,3	1 064,4
Þórshöfn	Trébryggja byggð o. fl.	75%	9 305,2		
	Timburþekja endurb.	75%	832,2		
	Dýpkun	75%	4 009,0		
	Fjármagnskostnaður	75%	614,2		
	Lagnir	75%	357,6	15 118,2	11 338,8
Bakkafjörður	Upptökukrani	40%	452,3		
	Fjármagnskostnaður o. fl.	75%	4 124,4	4 576,7	3 274,2
Vopnafjörður	Innsiglingarmerki o. fl.	75%		1 015,0	761,2

Tafla 1. Hafnarframkvæmdir 1986.
(Fjárhæðir í þús. kr.)

Höfn	Verkefni	Ríkishluti %	Heildarkostnaður		Ríkishluti
1. Almennar hafnir:					
Borgarf. eystri	Dýpkun	75%	167,0		
	Fjármagnskostnaður	75%	440,3	607,3	455,5
Seyðisfjörður	Smábátahöfn	75%	1 216,2		
	Dráttarbr. hönnun	40%	1 191,4		
	Þekja á Fjarðarhöfn	75%	778,9	3 186,5	1 972,9
Neskaupstaður	Raflögn í aðalhöfn	75%	691,8		
	Smábátahöfn stækkuð	75%	2 463,9	3 155,7	2 366,0
Eskifjörður	Hönnun loðnubr. o. fl.	75%	586,3		
	Þekja steypt	75%	933		
	Innsigl. viti endurb.	75%	150,9	1 670,2	1 252,7
Reyðarfjörður	Botnrannsóknir o. fl.	75%		282,7	212,1
Fáskrúðsfjörður	Smábátahöfn:				
	Dýpkun og garður	75%	1 030,9		
	Tæknikostnaður	75%	434,1	1 465,0	1 098,5
Stöðvarfjörður	Steyptur kantbiti o. fl.	75%	3 211,3		
	Fjármagnskostnaður	75%	345,6	3 556,9	2 667,7
Breiðdalsvík	Tæknikostnaður	75%		180,2	135,2
Djúpivogur	Innsigl.merki o. fl.	75%		521,4	391,0
Hornafjörður	Dýpkun	75%	4 322,4		
	Fjármagnskostnaður	75%	493,1	4 815,5	3 611,5
Dyrhólaey	Mælingar	75%		21,8	16,4
Vestmannaeyjar	Dýpkun o. fl.	75%	4 442,4		
	Viðgerðarkantur	75%	156,2		
	Fyrirstöðugarður	50%	231,3		
	Skipalyfta	40%	270,4	5 100,3	3 672,7
Stokkseyri	Innsiglingarljós o. fl.	75%		37,4	28,0
Eyrarbakki	Tæknikostnaður o. fl.	75%		33,0	25,0
Grindavík	Tæknikostnaður o. fl.	75%		230,0	172,0
Hafnir	Tæknikostnaður	75%		7,4	5,6
Sandgerði	Steyptur kantbiti o. fl.	75%		3 295,0	2 471,0
Garður	Tæknikostnaður	75%		13,1	9,8

Tafla 1. Hafnarframkvæmdir 1986.
(Fjárhæðir í þús. kr.)

Höfn	Verkefni	Ríkishluti %	Heildarkostnaður		Ríkishluti
I. Almennar hafnir:					
Hafnarfjörður	Grjótvörn Norðurg. o. fl.	75%	1 954,4		
	Stálþilsb. Suðurgarði	50%	29 870,2		
	Dýpkun við Óseyrarbr.	50%	916,1	32 740,7	16 858,9
Garðabær	Grjótvörn o. fl.	75%	228,1		
	Fjármagnskostnaður	75%	1 965,0		
	Leiðr. v/1983—1985	75%	186,6	2.379,7	1 784,8
	Samtals almennar hafnir	40%	34 847,6		
		50%	38 769,2		
		75%	112 523,3	186 140,1	117 714,1
II. Landshafnir:					
Rif	Trébryggja	100%		2 231,3	2 231,3
Þorlákshöfn	Dýpkun	100%		8 685,6	8 685,6
Keflavík — Njarðvík	Tæknikostnaður	100%		25,6	25,6
	Samtals landshafnir			10 942,5	10 942,5
III. Ferjubryggjur:					
	Búðardalur	100%		257,2	257,2
	Hvallátur	100%		254,1	254,1
	Kleifastaðir	100%		146,3	146,3
	Reykjanes	100%		800,5	800,5
	Skáleyjar	100%		254,1	254,1
	Vatnsfjörður	100%		53,4	53,4
	Aðrar bryggjur	100%		86,2	86,2
	Samtals ferjubryggjur			1 851,8	1 851,8
IV. Reykjavíkurhöfn:					
	Vesturhöfn	0%	3 356,7		
	Austurhöfn	0%	3 300,0		
	Vatnagarðar	0%	2 090,0		
	Kleppsvík	0%	6 109,6		
	Ýmislegt	0%	4 359,8	19 216,1	0,0
	Samtals Reykjavíkurhöfn			19 216,1	0,0
	Framkvæmdir alls 1986			**218 150,5**	**130 508,4**

Tafla 2. Framkvæmdir við sjóvarnargarða.

		Í þús. kr.
Ólafsvík		343.7
Sauðárkrókur		1.227.8
Húsavík		2.249.5
Vestmannaeyjar		2.496.6
Grindavík		628.4
Hafnir í Höfnum		1.071.1
Miðneshreppur		828.3
Gerðar í Garði		1.068.3
Ýmsir staðir		306.8
	Samtals	10.220.5

Tafla 3. Rannsóknarverkefni 1986.

		Í þús. kr.
Almennar rannsóknir óskipt (rekstur, líkantilr. öldumælingar o. fl.)		4.394,4
Rannsóknarverkefni í höfnum:		
Akranes	235.6	
Árskógssandur	315.6	
Borgarfjörður eystri	261.8	
Breiðdalsvík	369.3	
Brjánslækur	255.2	
Djúpivogur	227.3	
Grímsey	259.5	
Hrísey	134.2	
Húsavík	422.4	
Höfn í Hornafirði	138.2	
Ólafsfjörður	495.4	
Sauðárkrókur	331.8	
Seyðisfjörður	139.3	
Siglufjörður	221.4	
Skagaströnd	125.8	
Vestmannaeyjar	257.8	
Þórshöfn	109.3	
Aðrar hafnir	446.1	4.746,0
Samtals		9.140,4

Tafla 4. Staða ríkissjóðs gagnvart hafnarsjóðum í árslok 1986.
(Fjárhæðir í þús. kr.)

	Staða við ríkissjóð í árslok 1985		Ríkishluti framkv. 1986	Fjárveit. almennra hafna	Staða við ríkissjóð í árslok 1986	
	Vanveitt	Ofveitt			Vanveitt	Ofveitt
1. Akranes	4 586,5		3 881,0	3 800	4 667,5	
2. Borgarnes	201,5		98,2	500		200,3
3. Arnarstapi	2 384,4		563,6	3 400		452,0
4. Hellnar	1,9		18,1		20,0	
5. Ólafsvík	1 281,7		265,0	400	1 146,7	
6. Grundarfjörður		234,8	52,8			182,0
7. Stykkishólmur	127,6		2 191,0		2 318,6	
8. Karlsey	1 039,0		282,3	1 100	221,3	
9. Örlygshöfn		17,6				17,6
10. Patreksfjörður	97,1		39,0	100	36,1	
11. Tálknafjörður	1 044,5		149,1	1 300		106,4
12. Bíldudalur	60,2		9,2		69,4	
13. Þingeyri	421,8		104,2	500	26,0	
14. Flateyri		2 547,2	4 974,8		2 427,6	
15. Suðureyri		223,5	4,0			219,5
16. Bolungarvík	3 107,8		4 351,2	1 800	5 659,0	
17. Ísafjörður	1 337,5		16 056,0	3 700	13 693,5	
18. Súðavík	105,8		29,2		135,0	
19. Norðurfjörður	6 786,3		3 645,2	2 300	8 131,5	
20. Gjögur	6,8		0,0	0,0	6,8	
21. Drangsnes		9,8	256,1		246,3	
22. Hólmavík	141,6		3 954,0		4 095,6	
23. Hvammstangi		946,4	4 935,4	3 000	989,0	
24. Blönduós	235,2		12,0		247,2	
25. Skagaströnd	1 235,1		4 681,1	5 500	416,2	
26. Sauðárkrókur	60,7		1 461,9	3 000		1 477,4
27. Hofsós		267,0	84,0			183,0
28. Siglufjörður	1 044,6		57,0	400	701,6	
29. Ólafsfjörður	654,4		1 793,6	200	2 248,0	
30. Dalvík	4 123,8		1 781,2	4 000	1 905,0	
31. Hrísey		466,9	563,9		97,0	
32. Árskógssandur	741,3		57,1	400	398,4	
33. Hauganes	367,8		203,6	300	271,4	
34. Hjalteyri	81,9		130,1	100	112,0	
35. Akureyri	10 543,2		4 503,8	3 000	12 047,0	
36. Svalbarðseyri	77,7		73,4		151,1	
37. Grenivík	224,7		14,1	200	38,8	
38. Grímsey	420,3		139,0	400	159,3	
39. Flatey á Skjálfanda		80,9				80,9
40. Húsavík	1 707,0		645,0	1 600	752,0	
41. Tjörnes	19,6				19,6	
42. Kópasker		41,1	8,0			33,1
43. Raufarhöfn		1,8	1 064,4		1 062,6	
44. Þórshöfn	2 906,8		11 338,8	3 500	10 745,6	
45. Bakkafjörður	9 996,4		3 274,2	1 800	11 470,6	
46. Vopnafjörður	175,8		761,2	700	237,0	
47. Borgarfjörður eystri	1 771,5		455,5	2 300		73,0
48. Seyðisfjörður	1 262,7		1 972,9	1 100	2 135,6	
49. Neskaupstaður	289,0		2 366,0		2 655,0	
50. Eskifjörður		42,0	1 252,7		1 210,7	

Tafla 4. Staða ríkissjóðs gagnvart hafnarsjóðum í árslok 1986.
(Fjárhæðir í þús. kr.)

	Staða við ríkissjóð í árslok 1985		Ríkishluti framkv. 1986	Fjárveit. almennra hafna	Staða við ríkissjóð í árslok 1986	
	Vanveitt	Ofveitt			Vanveitt	Ofveitt
51. Reyðarfjörður	22,9		212,1		235,0	
52. Fáskrúðsfjörður	842,5		1 098,5	900	1 041,0	
53. Stöðvarfjörður	2 991,8		2 667,7	2 900	2 759,5	
54. Breiðdalsvík	444,8		135,2	400	180,0	
55. Djúpivogur	112,3		391,0		503,3	
56. Hornafjörður	5 196,5		3 611,5	4 100	4 708,0	
57. Dyrhólaey	59,5		16,4		75,9	
58. Vestmannaeyjar	1 115,4		3 672,7	3 700	1 088,1	
59. Stokkseyri	439		28,0	300	167,0	
60. Eyrarbakki		2 150,0	25,0			2 125,0
61. Grindavík	1 928,0		172,0	1 500	600,0	
62. Hafnir	153,1		5,6	200		41,3
63. Sandgerði	400,3		2 471,0	3 100		228,7
64. Garður	5,1		9,8		14,9	
65. Vogar		431,0				431,0
66. Hafnarfjörður	5 981,2		16 858,9	2 500	20 340,1	
67. Garðabær	5 907,1		1 784,8	4 000	3 691,9	
Samtals	86 271,0	7 460,0	117 714,1	74 000	128 376,3	5 851,2

Tafla 5. Fjárveitingar til hafnarframkvæmda 1986.

		Í þús. kr.
Almennar hafnir		74.000
Landshafnir:		
Rif	900	
Þorlákshöfn	4.000	
Keflavík—Njarðvík	600	5.500
Ferjuhafnir:		
Hvítanes	200	
Melgraseyri	100	
Reykjanes	500	
Skáleyjar	1.400	
Vatnsfjörður	500	
Mjólká	1.000	3.700
Samtals		83.200

Tafla 6. Fjárveitingar til sjóvarnargarða 1986.

		Í þús. kr.
Fjárlagaliður 10—333:		
Akranes	1.000	
Ólafsvík	800	
Blönduós	1.400	
Sauðárkrókur	1.600	
Hrísey	700	
Vestmannaeyjar	1.000	
Miðneshreppur	1.000	
Gerðahreppur	1.000	
Hafnarhreppur	1.000	
Vatnsleysustrandarhr.	500	10.000
Fjárlagaliður 04—270:		
Búðardalur	200	
Húsavík	1.000	
Eyrarbakki	227	
Grindavík	500	1.927
Samtals		11.927

Sþ. 1113. Skýrsla [522. mál]

samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 1987.

(Lögð fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

INNGANGUR.

Framkvæmdir í hafnargerðum á árinu 1987 urðu sem hér segir:

	Millj. kr.
Almennar hafnir	383.9
Reykjavíkurhöfn	126.9
Landshafnir	6.2
Ferjuhafnir	5.2
Samtals:	522.2

Árið 1986 voru heildarframkvæmdir í höfnum 218.1 millj kr.

Í skýrslunni hér á eftir er stutt lýsing á framkvæmdum á hverjum stað, svo og sérstakur kafli um rannsóknir. Í nokkrum tilvikum eru framkvæmdatölur áætlaðar þar sem endanlegt uppgjör liggur ekki fyrir.

FRAMKVÆMDIR Í ALMENNUM HÖFNUM

Akranes.

Boðin var út endurbygging 2800 m² þekju, tengibrunna og lagna á fremsta hluta aðalhafnargarðs og í framhaldi af því samið við lægstbjóðanda sem var Guðmundur Magnússon á Akranesi. Verkið hófst síðla sumars og var því lokið um áramót.

Settur var upp nýr löndunarkrani fyrir smábáta.

Framkvæmdakostnaður: 15.599 þús. kr.

Borgarnes.

Unnið var að endurbótum og rafvæðingu á innsiglingarljósum við Rauðanes og við höfn. Starfsmenn Vitastofnunar unnu verkin.

Framkvæmdakostnaður: 996 þús. kr.

Arnarstapi.

Heimamenn dýpkuðu lítillega meðfram bryggjunni með eigin tækjum.

Framkvæmdakostnaður: 212 þús. kr.

Ólafsvík.

Samið var við Köfunarstöðina hf. um að sprengja og grafa 110 m langan skurð fyrir stálþil ofan til við Norðurgarð. Framkvæmdir hófust í maí og stóðu með hléum fram á haust, en verkinu lauk ekki á árinu.

Framkvæmdakostnaður: 4.021 þús. kr.

Grundarfjörður.

Unnið var að gerð 20 m langrar flotbryggju fyrir smábáta við Austurgarðinn ofan við stálþilið og önnuðust heimamenn framkvæmdir í samráði við Hafnamálastofnun.

Framkvæmdakostnaður: 2.004 þús. kr.

Stykkishólmur.

Unnið var að gerð 50 m langs skjólgarðs við Árnasteina austan við Stykkisbryggju og smíðaðar voru flotbryggjur alls 21 m langar og þeim lagt út. Heimamenn önnuðust þessar framkvæmdir í samráði við Hafnamálastofnun.

Síðari hluta árs var unnið að endurbyggingu á suðvestur hluta trébryggju og annaðist það verk verkstjóri frá Hafnamálastofnun ásamt heimamönnum.

Framkvæmdakostnaður: 13.613 þús. kr.

Brjánslækur.

Unnið var að gerð 120 m langs grjótgarðs vestan við gömlu bryggjuna og var ekið í garðinn alls 43500 m³ af grjóti.

Samið var um verkið við Vinnuvélar hf. á Patreksfirði og hófust framkvæmdir snemma í júní og lauk því síðast í nóvember. Hafnamálastofnun annaðist eftirlit með verkinu.

Framkvæmdakostnaður: 25.578 þús. kr.

Patreksfjörður.

Unnið var að endurbyggingu kants á bátabryggju alls 85 m og keyptur var og settur upp nýr löndunarkrani fyrir smábáta. Heimamenn önnuðust framkvæmdir í samráði við Hafnamálastofnun.

Framkvæmdakostnaður: 2.168 þús. kr.

Tálknafjörður.

Byggð var 41 m löng harðviðarbryggja næst landi, austanvert á hafnargarði í stað ónýtrar bryggju sem rifin var. Hafnamálastofnun annaðist verkið ásamt heimamönnum og hófust framkvæmdir í byrjun mars og þeim lauk 15. júní.

Einnig var steypt tengibraut á hafnarsvæði alls 950 m² og sáu heimamenn um þá framkvæmd.

Framkvæmdakostnaður: 10.095 þús. kr.

Bíldudalur.

Tæknikostnaður: 42 þús. kr.

Flateyri.

Hafinn var undirbúningur að uppsetningu á 50 tonna bílavog og steyptar voru undirstöður, en uppsetningu er ekki lokið.

Framkvæmdakostnaður: 514 þús. kr.

Suðureyri.

Tækni- og fjármagnskostnaður: 1.099 þús. kr.

Bolungarvík.

Unnið var að frágangi við Grundargarð, m.a. steyptur 72 m kantur, steypt 1100 m² þekja og gengið frá lögnum. Verkið var unnið af Guðmundi Óla Gunnarssyni byggingameistara í Bolungarvík að undangengnu útboði. Verkið var unnið á tímabilinu júní—nóvember.

Einnig var bætt 14 m við flotbryggju fyrir smábáta. Verkin voru unnin í samráði við og undir eftirliti Hafnamálastofnunar.

Framkvæmdakostnaður: 7.124 þús. kr.

Ísafjörður.

Byggður var 150 m langur stálþilsbakki í Sundahöfn. Í byrjun árs var keypt stálþil og í apríl hófst vinna við að reka þilið niður, steyptur var kantbiti og pollar, og gengið var frá stigum, þybbum og lýsingu. Framkvæmdum var að mestu lokið í nóvember og var kanturinn tekinn í notkun upp úr áramótum. Hafnamálastofnun annaðist framkvæmdir ásamt heimamönnum. Boðinn var út 1. áfangi 400 m², endurbyggingar á þekju í gömlu bátahöfninni og var samið við verktaka í framhaldi af útboðinu. Verkið var unnið í október.

Framkvæmdakostnaður: 32.399 þús. kr.

Súðavík.

Tæknikostnaður: 12 þús. kr.

Norðurfjörður.

Steyptur var 42 metra kantbiti með pollum á stálþilið, einnig var gengið frá stigum og þybbum og gerður var skjólgarður innan við gömlu bryggjuna fyrir smærri báta. Framkvæmdir stóðu í júlí og ágúst, og önnuðust heimamenn framkvæmdir undir eftirliti Hafnamálastofnunar.

Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 5.328 þús. kr.

Drangsnes.

Í mars var samið við Trésmiðjuna á Hvammstanga um smíði á fjórum flotbryggjueiningum, 7 m löngum hverri, og voru þær dregnar til Drangsness snemma sumars. Heimamenn sáu um útlögn og frágang bryggjunnar á staðnum í samráði við Hafnamálastofnun og var því lokið síðla hausts.

Framkvæmdakostnaður: 1.221 þús. kr.

Hólmavík.

Settur var upp löndunarkrani og önnuðust heimamenn það verk.

Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 1.539 þús. kr.

Hvammstangi.

Settar voru út flotbryggjur sem smíðaðar voru árið áður og gengið frá þeim til bráðabirgða.

Framkvæmdakostnaður: 286 þús. kr.

Blönduós.

Unnið var að endurbyggingu á hluta bryggjukants, um 20 m á efsta hluta bryggjunnar, einnig var unnið við undirbúning í grjótnámi. Heimamenn önnuðust framkvæmdir ásamt starfsmönnum Hafnamálastofnunar.

Framkvæmdakostnaður: 2.809 þús. kr.

Skagaströnd.

Settur var upp nýr löndunarkrani fyrir smærri báta og einnig var lögð ný rafmagnsheimtaug að hafnarsvæði. Heimamenn önnuðust framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður: 826 þús. kr.

Sauðárkrókur.

Byggður var 165 m langur grjótgarður alls um 12000 m^3 við nýja smábátahöfn og dýpkað var innan hafnarinnar um 2500 m^3. Verkið var boðið út og önnuðust verktakar af staðnum öflun grjóts utan af Skaga í febrúar og mars, og einnig byggingu garðsins fyrri hluta sumars.

Smíðaðar voru þrjár einingar af flotbryggjum 7 m hver og var þeim lagt út síðari hluta sumars.

Unnið var að endurbótum á rafmagni á aðalhafnargarði.

Allar framkvæmdir voru unnar af heimamönnum í samráði við Hafnamálastofnun.

Framkvæmdakostnaður: 9.277 þús. kr.

Hofsós.

Keypt var og sett upp ný 50 tonna bílavog og einnig var keyptur löndunarkrani. Heimamenn önnuðust framkvæmdir í samráði við Hafnamálastofnun.

Framkvæmdakostnaður: 4.795 þús. kr.

Haganesvík.

Endurbyggður var landgangur á bryggjunni og voru steyptir upp veggir og þekja yfir gamla landganginn alls 60 m kafli. Heimamenn unnu verkið í samráði við Hafnamálastofnun og stóðu framkvæmdir frá 20. júní til 15. ágúst.

Framkvæmdakostnaður: 3.984 þús. kr.

Siglufjörður.

Boðin var út bygging 190 metra langs (12500 m³) brimvarnargarðs utan við Brjótinn og í framhaldi af því var samið við Rein hf. Verkið hófst í lok maí og því lauk um miðjan ágúst.

Fjarlægðar voru gamlar trébryggjur.

Framkvæmdakostnaður: 10.577 þús. kr.

Ólafsfjörður.

Í byrjun árs var haldið áfram framkvæmdum við endurbyggingu trébryggju við Norðurgarð og lauk áætluðum framkvæmdum um miðjan júní. Verkið var unnið af og heimamönnum undir stjórn Hafnamálastofnunar.

Í maí hófst vinna við dýpkun í höfninni með dæluprammanum Háki og stóð sú vinna fram í lok ágúst. Alls var fjarlægt úr höfninni og innsiglingunni um 36000 m³, og var öllu efninu dælt á land vestan við ósinn.

Unnið var við aðstöðu fyrir smábáta, smíðaðar tvær flotbryggjueiningar alls 14 m og þeim komið fyrir.

Framkvæmdakostnaður: 21.088 þús. kr.

Dalvík.

Hafinn var undirbúningur að lagningu bundins slitlags á tengibraut á hafnarsvæði, einnig var gengið frá hitalögn í þekju á Norðurgarði.

Framkvæmdakostnaður: 3.958 þús. kr.

Hrísey.

Tæknikostnaður: 22 þús. kr.

Árskógssandur.

Í júní var hafin bygging brimvarnargarðs norðan við bryggjuna og var garðurinn 120 m langur, þar af 45 m fram fyrir steypta garðinn. Alls fóru 24000 m³ af grjóti í garðinn. Samið var við heimaaðila á föstu verði um verkið og var það unnið undir stjórn starfsmanna Hafnamálastofnunar og lauk því seint í nóvember.

Boðin var út bygging 43 m langrar harðviðarbryggju fyrir Hríseyjarferjuna og var samið um smíðina við þann eina sem bauð í verkið, Guðlaug Einarsson frá Fáskrúðsfirði. Verkið hófst í ágúst og því lauk í nóvember.

Framkvæmdakostnaður: 33.560 þús. kr.

Hjalteyri.

Tæknikostnaður: 31 þús. kr.

Akureyri.

Unnið var að frágangi við hafnarsvæði í Sandgerðisbót. Í maí var hafist handa við að reka niður stálþil til lengingar á viðgerðarbryggju við Slippstöðina. Garðurinn var lengdur um 23 m og á enda hans var rekin stálþilstunna 15 m að þvermáli.

Heimamenn önnuðust verkið með aðstoð Hafnamálastofnunar og lauk því í júlí.

Unnið var nokkuð í skipulagsmálum og ýmsum undirbúningi.

Framkvæmdakostnaður: 13.657 þús. kr.

Grímsey.

Í júlí hófst vinna við að bæta ofan á grjótvörn utan við Kerabryggju, sprengt var grjót úr klettum ofan við höfnina og garðurinn hækkaður á kafla.

Gerð var athugun á grjótnámi suðvestan á eyjunni og var borað þar og sprengt í klettum við Grenivíkurtjörn.

Hafnamálastofnun annaðist verkið og stóð það fram í miðjan ágúst.

Framkvæmdakostnaður: 4.176 þús. kr.

Húsavík.

Unnið var við skipastæði í dráttarbraut og önnuðust heimamenn þá vinnu.

Framkvæmdakostnaður: 3.883 þús. kr.

Kópasker.

Löndunarkrani fyrir smábáta var keyptur og settur upp og steypt var ljósamastursbús. Heimamenn sáu um framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður: 1.064 þús. kr.

Raufarhöfn.

Keypt var stálþil og í ágúst var hafist handa við að reka það niður framan við nýja frystihúsið alls 96 m langt viðlegurými og var það tilbúið til notkunar í lok nóvember. Einnig var steypt hús undir ljósamastur og sett upp lýsing. Hafnamálastofnun annaðist framkvæmdir ásamt heimamönnum.

Í ágúst var samið við Dýpkunarfélagið hf. um dýpkun í höfninni og innsiglingunni og hófust framkvæmdir um miðjan ágúst. Alls voru grafnir og fluttir á brott um 57700 m^3 og lauk verkinu að mestum hluta í byrjun nóvember. Hafnamálastofnun hafði umsjón og eftirlit með þessum framkvæmdum. Lítillega var bætt við viðlegubryggju fyrir smábáta innan á skjólgarði um bátahöfn.

Framkvæmdakostnaður: 33.097 þús. kr.

Þórshöfn.

Snemma í nóvember hóf Dýpkunarfélagið hf. vinnu við dýpkun í innsiglingu og innan hafnar, samkvæmt tilboði sínu og voru fjarlægðir alls 32500 m^3. Framkvæmdum lauk um miðjan desember. Hafnamálastofnun hafði eftirlit með þessum framkvæmdum fyrir höfnina.

Keyptar voru tvær 10 m steyptar flotbryggjueiningar erlendis frá, en ekki var gengið frá þeim á árinu.

Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 12.840 þús. kr.

Bakkafjörður.

Í júlí var byggð 17 m löng harðviðarbryggja innan við nýja brimvarnargarðinn, og var samið við verktaka um það verk. Einnig var keyptur löndunarkrani á bryggjuna.

Hafnamálastofnun hafði umsjón með verkum.

Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 7.705 þús. kr.

Vopnafjörður.

Keypt var stálþil og í lok júlí hófst vinna við að reka það niður. Þil þetta kom í framhaldi af eldra þili við Ásgarð og var það alls 58 m í átt til landsins allt að trébryggju, sem er efst við garðinn.

Steyptur var kantur með pollum, á þilið og gengið var frá stigum og þybbum. Hafnamálastofnun annaðist framkvæmdir ásamt heimamönnum og lauk þeim seint í nóvember.

Framkvæmdakostnaður: 16.847 þús. kr.

Borgarfjörður eystri.

Í september var byggð 15 metra löng harðviðarbryggja austanvert í bátahöfninni við Hafnarhólma og var samið við verktaka um það verk.

Hafnamálastofnun hafði umsjón með þessu verki.

Framkvæmdakostnaður: 2.894 þús. kr.

Seyðisfjörður.

Unnið var að smíði bryggju í smábátahöfn svo og öðrum frágangi og önnuðust heimamenn þau verk. Einnig var steypt þekja við ferjuaðstöðu.

Framkvæmdakostnaður: 3.044 þús. kr.

Neskaupstaður.

Unnið var að frágangi í smábátahöfn og önnuðust heimamenn það.

Framkvæmdakostnaður: 968 þús. kr.

Eskifjörður.

Hafin var gerð smábátahafnar og var byggður 160 m langur skjólgarður alls 5600 m^3, og fyrirstöðugarður 900 m^3 einnig var svæði innan garðsins dýpkað alls 4000 m^3 og smíðaðar voru fjórar flotbryggjueiningar, alls 28 metrar. Keyptur var og settur upp löndunarkrani fyrir smábáta. Heimamenn önnuðust þessi verk í samráði við Hafnamálastofnun og var grjótverkið og dýpkunin boðið út.

Framkvæmdir stóðu frá miðjum júní fram í september.

Framkvæmdakostnaður: 5.530 þús. kr.

Reyðarfjörður.

Lítillega var dýpkað í smábátahöfn og sáu heimamenn um það.

Framkvæmdakostnaður: 614 þús. kr.

Fáskrúðsfjörður.

Fyrri hluta árs var haldið áfram framkvæmdum við skjólgarða um smábátahöfn og lauk því verki, svo og dýpkun hafnarinnar snemma sumars. Heimamenn önnuðust verkið.

Framkvæmdakostnaður: 3.184 þús. kr.

Stöðvarfjörður.

Fjármagnskostnaður: 671 þús. kr.

Breiðdalsvík.

Löndunarkrani fyrir smábáta var keyptur og settur upp, og önnuðust heimamenn uppsetninguna.

Framkvæmdakostnaður: 978 þús. kr.

Djúpivogur.

Sett var dufl á Flandraraboða.

Framkvæmdakostnaður: 491 þús. kr.

Hornafjörður.

Unnið var að dýpkun með dælupramma hafnarinnar, Soffíu.

Dælt var á 40 metra breiðu svæði frá vörubryggju að frystihúsbryggju, og einnig á svæði við Óslandsbryggju alls 24800 m^3. Unnið var við raflagnir í Miklagarðsbryggju, lögð var ný heimtaug að vogarhúsi og gengið var frá lögnum í brunna við kant. Lagt var slitlag á tengibraut á hafnarsvæði.

Framkvæmdakostnaður: 9.252 þús kr.

Dyrhólaey.

Í mars var unnið við að dýpka sjósetningarrennu, og var þar með lokið við mótun rennunnar. Verkið var unnið af verktaka.

Framkvæmdakostnaður: 468 þús. kr.

Vestmannaeyjar.

Unnið var að dýpkun með sanddælupramma hafnarinnar og var alls dælt 13200 m^3 á þremur svæðum í höfninni.

Unnið var við frágang á viðgerðarkanti og einnig var unnið að frágangi í skipalyftu við skipastæði. Öryggisbúnaður var bættur einkum við stiga á bryggjum.

Framkvæmdakostnaður: 11.770 þús. kr.

Eyrarbakki.

Unnið var að dýpkun framan við bryggjuenda og var efnið mokað upp með krana.

Framkvæmdakostnaður: 844 þús. kr.

Grindavík.

Steyptur var landveggur við Kvíabryggju og steypt var skábraut framan við Slysavarnafélagshús.

Heimamenn önnuðust framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður: 3.813 þús. kr.

Sandgerði.

Boðið var út að steypa þekju, setja niður ídráttarlagnir fyrir rafmagn og ganga endanlega frá vatnslögnum og brunnum á efsta hluta stálþilsgarðs alls 1360 m^2. Samið var við lægstbjóðanda, sem var Steinverk hf. Verkið hófst um miðjan júní og því lauk seint í september.

Einnig var lagt bundið slitlag á tengibraut, á hafnarsvæði 2100 m^2, og unnið var að rannsóknum og undirbúningi fyrir framkvæmdir við dýpkun innsiglingarrennu.

Hafnamálastofnun hafði umsjón með verkum.

Framkvæmdakostnaður: 6.522 þús. kr.

Garður.

Tæknikostnaður: 8 þús.kr.

Vogar.

Gert var við grjótvörn utan á hafnargarði og var það unnið í mars undir stjórn Hafnamálastofnunar. Einnig voru hafnar framkvæmdir við nýja hafnarvog.

Framkvæmdakostnaður: 687 þús. kr.

Hafnarfjörður.

Unnið var að útboðsverk samkvæmt samningi á III. áfanga Suðurbakka, steypt var 1700 m^2 þekja og gengið frá lögnum og lýsingu. Verkinu lauk síðla árs, heimamenn önnuðust eftirlit.

Köfunarstöðin hf. dýpkaði á svæði framan við Suðurbakka og Óseyrarbryggju.

Framkvæmdakostnaður: 24.216 þús. kr.

Garðabær.

Tæknikostnaður: 12 þús. kr.

Reykjavíkurhöfn.

Í Vesturhöfn var m.a. unnið að landfyllingum, ýmsum lagfæringum og breytingum. Við Kleppsbakka var hafinn undirbúningur framkvæmda við 150 m stálþilsbakka, ekið út skjólgarði, fyllingu undir bryggjustæði og keypt stálþil. Í Viðey var byggð ný bryggja til fólks- og efnisflutninga. Keyptir voru tveir nýir hafnsögubátar.

Framkvæmdakostnaður: 126.862 þús. kr.

LANDSHAFNIR

Keflavík-Njarðvík.

Tæknikostnaður: 120 þús. kr.

Þorlákshöfn.

Tæknikostnaður: 109 þús. kr.

Rifshöfn.

Snemma árs vann ds. Sandey að dýpkun í innsiglingunni og trébryggja var endurbyggð að hluta. Hafnamálastofnun sá um framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður: 5.982 þús. kr.

FERJUBRYGGJUR

Unnið var að endurbyggingu ferjubryggju í Mjóafirði (eystra) og unnu heimamenn það verk ásamt mönnum frá Hafnamálastofnun sem hafði umsjón með verkinu.

Steyptur var landveggur og mikið endurnýjað af timbri í bryggjunni. Verkinu varð ekki lokið á árinu.

Lítið sem ekki neitt var unnið við aðrar ferjubryggjur.

Framkvæmdakostnaður: 5.238 þús. kr.

SJÓVARNARGARÐAR

Unnið var við sjóvarnargarða víða um land og voru þessi verkefni helst:

Akranes, við Lambhúsasund neðan Bakkatúns, á Blönduósi var lokið við svæðið milli hafnar og Blöndu, á Siglufirði norðanvert á eyrinni, á Húsavík kafli vestan við höfn, á Eyrarbakka var hafin endurbygging garða til austurs frá höfninni, í Grindavík var unnið við kafla vestan við höfnina.

Framkvæmdakostnaður: 19.920 þús. kr.

RANNSÓKNIR

Starfsemi rannsóknadeildar árið 1987 einkenndist af mikilli vinnu fyrir framkvæmda- og tæknideild, bæði vegna manneklu á þessum deildum og eins var árið 1987 fyrsta heila árið sem líkantilraunir lágu niðri síðan 1973. Rannsóknarverkefni í samvinnu við aðrar stofnanir voru með minnsta móti. Mælingar og botnrannsóknir voru framkvæmdar eftir þörfum verkefna eins og undanfarin ár.

Vegna frumrannsókna, dýpkunarframkvæmda og staðsetningar mannvirkja var dýptarmælt og mælt á landi í eftirtöldum höfnum: Akranesi, Rifi, Ólafsvík, Stykkishólmi, Brjánslæk tvisvar, Ísafirði, Siglufirði, Ólafsfirði tvisvar, Húsavík, Raufarhöfn tvisvar, Þórshöfn tvisvar, Neskaupsstað, Eskifirði, Fáskrúðsfirði, Breiðdalsvík, Djúpavogi, Hornafirði, Vestmannaeyjum, Eyrarbakka, Þorlákshöfn, Hafnarfirði tvisvar og í Reykjavík.

Botnrannsóknir voru gerðar í Stykkishólmi, Akureyri, Vopnafirði, Vestmannaeyjum, Sandgerði og Reykjavíkurhöfn.

Mælingum með öldumæliduflum var framhaldið á Sauðárkróki, Siglufirði, Grímsey, Grímseyjarsundi, Árskógssandi, Grenivík, Þórshöfn og á Breiðdalsvík. Öldumælingar hófust á árinu suður af Vestmannaeyjum.

Bygging rannsóknarstöðvar Hafnamálastofnunar í Fossvogi hófst og var stöðin fokheld á árinu.

Unnið var einkum að frumhönnun og verkhönnun á eftirtöldum höfnum: Stykkishólmi, Brjánslæk, Sauðárkróki, Siglufirði, Grímsey, Ólafsfirði, Árskógssandi, Akureyri, Þórshöfn, Vopnafirði, Borgarfirði eystri, Höfn í Hornafirði og í Sandgerði.

Gefnar voru út áfangaskýrslur um könnun hafnaraðstöðu á Borgarfirði eystri og í Grímsey, auk skýrslu um dýpkun innsiglingarrennu í Sandgerðishöfn í samvinnu við Almennu verkfræðistofuna hf.

Tafla I. Hafnarframkvæmdir 1987.
(Fjárhæðir í þús. kr.)

Höfn	Verkefni	Ríkishluti %	Heildarkostnaður		Ríkishluti
I. Almennar hafnir:					
Akranes	Þekja á aðalhafnargarð	75%	14 139		
	Aðalskipulag	75%	213		
	Löndunarkrani	40%	920		
	Slysavarnir	75%	84		
	Leiðr.v/86 Innsigl.m. o. fl.	75%	243	15 599	11 377
Borgarnes	Innsiglingarmerki	75%	952		
	Slysavarnir frá 86	75%	44	996	747
Arnarstapi/Hellnar	Dýpkun v.bryggju o. fl.	75%		212	159
Ólafsvík	Sprengdur skurður v/stálþils	75%		4 021	3 016
Grundarfjörður	Flotbryggja	75%	1 931		
	Slitlag frá 86	75%	73	2 004	1 503
Stykkishólmur	Endurb. trébryggja	75%	8 854		
	Smábátaaðstaða	75%	4 759	13 613	10 210
Karlsey	Tæknikostnaður o. fl.	75%		9	7
Brjánslækur	Brimvarnargarður	75%	25 172		
	Fjármagnskostnaður	75%	406	25 578	19 184
Örlygshöfn	Tæknikostnaður o. fl.	75%		4	3
Patreksfjörður	Endurb. kantbiti	75%	1 376		
	Löndunarkrani	40%	698		
	Leiðr. v/rafb. frá 85	75%	94	2 168	1 382
Tálknafjörður	Harðviðarbryggja	75%	8 484		
	Þekja á tengibr.	75%	1 320		
	Leiðr.v/bryggjusm. 86 o. fl.	75%	237		
	Leiðr.v/rafl. 84 og 85	75%	98		
	Leiðr.v/löndunarkr. 85	40%	–44	10 095	7 587
Bíldudalur	Tæknikostnaður	75%		42	32
Þingeyri	Lýsing o. fl. leiðr. 85 og 86	75%	399		
	Leiðr. 85 v/hafnarvog	40%	–204	195	218
Flateyri	Tæknikostnaður, selt timbur	75%	–73		
	Fjármagnskostnaður	75%	89		
	Hafnarvog undirb.	40%	498	514	211
Suðureyri	Tæknikostnaður	75%	20		
	Fjármagnskostnaður	75%	1 079	1 099	824

Tafla I. Hafnarframkvæmdir 1987.
(Fjárhæðir í þús. kr.)

Höfn	Verkefni	Ríkishluti %	Heildarkostnaður		Ríkishluti
I. Almennar hafnir:					
Bolungarvík	Frágangur stálþils o. fl.	75%	6 597		
	Flotbryggjur	75%	527	7 124	5 343
Ísafjörður	Stálþil í Sundahöfn	75%	31 062		
	Þekja í gömlu bátahöfn	75%	1 337	32 399	24 299
Súðavík	Tæknikostnaður	75%		12	9
Norðurfjörður	Fjármagnskostnaður	75%	2 260		
	Kantbiti á stálþil	75%	1 767		
	Smábátaaðstaða	75%	1 301	5 328	3.996
Gjögur	Tjónaviðgerð kr. 160				
	Tjónstyrkur kr. (160)				
Drangsnes	Flotbryggjur	75%		1 221	916
Hólmavík	Tæknikostn. o. fl.	75%	27		
	Löndunarkrani	40%	775		
	Slysavarnir	75%	37		
	Fjármagnskostnaður	75%	700	1 539	883
Hvammstangi	Flotbryggjur frág.	75%		286	215
Blönduós	Grjótnám	75%	2 009		
	Endurb. bryggjukantur	75%	800	2 809	2.107
Skagaströnd	Tæknikostn. o. fl.	75%	155		
	Löndunarkrani	40%	671	826	385
Sauðárkrókur	Smábátahöfn o. fl.	75%	8 925		
	Endurb. á raflögn	75%	352	9 277	6 958
Hofsós	Hafnarvog	40%		4 795	1 918
Haganesvík	Endurb. steinbryggja	75%		3 984	2 988
Siglufjörður	Brimvörn	75%	9 247		
	Bryggjurif	75%	1 000		
	Botnmælingar	75%	330	10 577	7 933
Ólafsfjörður	Endurb.trébr.o. fl. 7 646				
	— tjónabætur (903)	75%	6 743		
	Smábátaaðstaða	75%	1 511		
	Fjármagnskostnaður	75%	596		
	Dýpkun	75%	11 354		
	Dýpkun innsigl.	90%	884		
	Tjónaviðg. kr. 2 053				
	— tjónast.Hbsj. (9 500)				
	Tjónast.til n. árs 7 447			21 088	15 949

Tafla I. Hafnarframkvæmdir 1987.
(Fjárhæðir í þús. kr.)

Höfn	Verkefni	Ríkishluti %	Heildarkostnaður		Ríkishluti
I. Almennar hafnir:					
Dalvík	Raflagnir, hitalagnir o. fl.	75%	1 892		
	Tengibraut	75%	1 164		
	Fjármagnskostnaður	75%	298		
	Slysavarnir	75%	244	3 598	2 699
Hrísey	Tæknikostnaður	75%		22	17
Árskógssandur	Grjótgarður	75%	19 002		
	Ferjuaðastaða	75%	14 468		
	Fjármagnskostnaður	75%	90	33 560	25 170
Hauganes	Tjónaviðg. kr. 102				
	— tjónast.Hbsj. (1 900)				
	Tjónast.til n.árs 1 798				
Hjalteyri	Tæknikostn. o. fl.	75%		31	23
Akureyri	Stálþil, brúsi o. fl.	75%	9 261		
	Frág.Sangerðisbót	75%	3 712		
	Skipulag	75%	403		
	Slysavarnir	75%	281	13 657	10.243
Svalbarðseyri	Tæknikostnaður	75%		7	5
Grímsey	Grjótvörn 1.áfangi	75%		4 176	3 132
Húsavík	Skipast. í dráttarbraut	40%		3 883	1 553
Kópasker	Löndunarkrani	40%	693		
	Ljósamastur	75%	371	1 064	555
Raufarhöfn	Löndunarkantur o. fl.	75%	16 931		
	Smábátahöfn	75%	810		
	Dýpkun	75%	4 607		
	Dýpkun í innsigl.	90%	10 749	33 097	26 435
Þórshöfn	Smábátabryggja	75%	1 733		
	Fjármagnskostnaður	75%	844		
	Dýpkun	75%	7 420		
	Dýpkun innsiglingar	90%	2 843	12 840	10 056
Bakkafjörður	Harðviðarbryggja	75%	4 247		
	Fjármagnskostnaður	75%	3 372		
	Upptökukrani	40%	86	7 705	5 749
Vopnafjörður	Stálþil	75%	16 497		
	Ljósdufl	75%	350	16 847	12 635

Tafla I. Hafnarframkvæmdir 1987.
(Fjárhæðir í þús. kr.)

Höfn	Verkefni	Ríkishluti %	Heildarkostnaður		Ríkishluti
I. Almennar hafnir:					
Borgarfj. eystri	Harðviðarbryggja	75%	2 849		
	Fjármagnskostnaður	75%	45	2 894	2 171
Seyðisfjörður	Þekja v/ferjuaðstöðu	75%	2 022		
	Smábátahöfn	75%	1 022	3 044	2 283
Neskaupstaður	Smábátahöfn	75%		968	726
Eskifjörður	Smábátahöfn	75%	4 735		
	Löndunarkrani	40%	795	5 530	3 869
Reyðarfjörður	Smábátah., dýpkun o. fl.	75%		614	461
Fáskrúðsfjörður	Smábátahöfn o. fl.	75%		3 184	2 388
Stöðvarfjörður	Tæknikostn. o. fl.	75%	99		
	Slysavarnir	75%	100		
	Fjármagnskostnaður	75%	472	671	503
Breiðdalsvík	Löndunarkrani	40%		978	391
Djúpivogur	Innsigl.merki o. fl.	75%		491	368
Höfn í Hornafirði	Dýpkun, mælingar o. fl.	75%	7 144		
	Raflagnir	75%	820		
	Slitlag	75%	832		
	Skipulag	75%	405		
	Löndunarkrani 86	40%	51	9 252	6 921
Dyrhólaey	Frág. sjósetningarrennu	75%		468	351
Vestmannaeyjar	Frág.viðg.kants o. fl.	75%	3 083		
	Frág.skipalyftu	40%	3 427		
	Öryggisbún., ljós í stiga	75%	1 852		
	Dýpkun í höfn	75%	2 555		
	Dýpkun innsigl.	90%	853	11 770	7 756
Stokkseyri	Tæknikostnaður	75%		8	6
Eyrarbakki	Dýpkun við bryggju	75%		844	633
Grindavík	Landveggur o. fl.	75%	2 933		
	Sjósetningarbraut	75%	880	3 813	2 860
Hafnir	Tæknikostn. o. fl.	75%		53	40
Sandgerði	Frág. stálþils	75%	4 232		
	Raflagnir	75%	837		
	Slitlag	75%	454		
	Rannsókn v/innsigl.	90%	999	6 522	5 041

Tafla I. Hafnarframkvæmdir 1987.
(Fjárhæðir í þús. kr.)

Höfn	Verkefni	Ríkishluti %	Heildarkostnaður		Ríkishluti
I. Almennar hafnir:					
Garður	Tæknikostnaður	75%		8	6
Vogar Vatnsleysustr.	Grjótvörn o. fl.	75%	257		
	Hafnarvog	40%	430	687	365
Hafnarfjörður	Suðurbakki 3. áfangi	50%	19 345		
	Dýpkun	50%	4 739		
	Grjótv. Norðurgarði	75%	132	24 216	12 141
Garðabær	Tæknikostnaður	75%		12	9
	Samtals almennar hafnir	40%	18 452		
		50%	24 084		
		75%	325 064		
		90%	16 328	383 928	277 920
II. Landshafnir:					
Rifshöfn	Dýpkun og trébryggja	100%		5 982	5 982
Þorlákshöfn	Tæknikostn. o. fl.	100%		109	109
Keflavík/Njarðvík	Tæknikostnaður	100%		120	120
	Samtals landshafnir			6 211	6 211
III. Ferjubryggjur:					
	Hnjúksnes	100%		28	28
	Reykjanes	100%		49	49
	Vigur	100%		46	46
	Ögur	100%		35	35
	Mjóifjörður	100%		5 080	5 080
	Samtals ferjubryggjur			5 238	5 238
IV. Reykjavíkurhöfn:					
	Vesturhöfn	0%		12 733	
	Sundahöfn — Vatnagarðar	0%		54 248	
	Sundahöfn — Kleppsvík	0%		5 038	
	Sundahöfn — Viðey	0%		18 513	
	Hafnsögubátar	0%		36 330	
	Samtals Reykjavíkurhöfn			126 862	
	Alls framkvæmdir 1987			**522 239**	**289 369**

Tafla II. Framkvæmdir við sjóvarnir 1987.

	Í þús. kr.
Akranes	2 392
Blönduós	2 820
Siglufjörður	1 306
Húsavík	1 454
Stokkseyri	446
Eyrarbakki	1 982
Selvogur	633
Grindavík	1 542
Miðneshreppur	935
Gerðahreppur	1 357
Hafnir í Höfnum	1 462
Vogar	664
Hafnarfjörður	558
Álftanes	1 144
Seltjarnarnes	989
Ýmsir staðir	236
Samtals	19 920

Tafla III. Rannsóknarverkefni 1987.

	Í þús. kr.	
Almennar rannsóknir óskipt		3 466
Rannsóknarverkefni í höfnum:		
Arnarstapi	49	
Stykkishólmur	357	
Bolungarvík	72	
Ísafjörður	38	
Sauðárkrókur	293	
Siglufjörður	339	
Ólafsfjörður	43	
Árskógssandur	179	
Grenivík	122	
Grímsey	859	
Húsavík	48	
Vopnafjörður	51	
Borgarfj. eystri	316	
Breiðdalsvík	126	
Vestmannaeyjar	544	
Aðrar hafnir	176	3 612
Samtals		7 078

Tafla IV. Staða ríkissjóðs gagnvart hafnarsjóðum.
(Fjárhæðir í þús. kr.)

Höfn:	Staða við ríkissjóð í árslok 1986		Ríkishluti framkv. 1987	Fjárveiting 1987	Staða við ríkissjóð í árslok 1987	
	Vanveitt	Ónotað			Vanveitt	Ónotað
Akranes	4 668		11 377	6 500*	9 545	
Borgarnes		200	747	1 400		853
Arnarstapi		452	159	600		893
Hellnar	20				20	
Ólafsvík	1 147		3 016	9 000		4 837
Grundarfjörður		182	1 503	400	921	
Stykkishólmur	2 319		10 210	5 600	6 929	
Karlsey	221		7	300		72
Brjánslækur	46		19 184	5 000	14 230	
Örlygshöfn		18	3			15
Patreksfjörður	36		1 382	2 000		582
Tálknafjörður		106	7 587	7 300	181	
Bíldudalur	69		32	100	1	
Þingeyri	26		218	300		56
Flateyri	2 428		211	2 300	339	
Suðureyri		219	824	800		195
Bolungarvík	5 659		5 343	5 300	5 702	
Ísafjörður	13 694		24 299	10 900	27 093	
Súðavík	135		9	400		256
Norðurfjörður	8 132		3 996	5 100	7 028	
Gjögur	7				7	
Drangsnes	246		916	1 400		238
Hólmavík	4 096		883	2 500	2 479	
Hvammstangi	989		215	1 200	4	
Blönduós	247		2 107	4 000		1 646
Skagaströnd	416		385	2 200		1 399
Sauðárkrókur		1 477	6 958	5 000	481	
Hofsós		183	1 918	1 000	735	
Haganesvík		43	2 988	2 600	345	
Siglufjörður	702		7 933	7 300	1 335	
Ólafsfjörður	2 248		15 949	11 500	6 697	
Dalvík	1 905		2 699	2 900	1 704	
Hrísey	97		17	400		286
Árskógssandur	398		25 170	15 800	9 768	
Hauganes	271			300		29
Hjalteyri	112		23	100	35	
Akureyri	12 047		10 243	5 300	16 990	
Svalbarðseyri	151		5	100	56	
Grenivík	39			100		61
Grímsey	159		3 132	3 100	191	
Flatey á Skjálfanda		81				81
Húsavík	752		1 553	2 100	205	
Tjörnes	20				20	
Kópasker		33	555		522	
Raufarhöfn	1 063		26 435	8 600	18 898	
Þórshöfn	10 746		10 056	5 400	15 402	
Bakkafjörður	11 471		5 749	7 500	9 720	
Vopnafjörður	237		12 635	13 500		628

Tafla IV. Staða ríkissjóðs gagnvart hafnarsjóðum.
(Fjárhæðir í þús. kr.)

Höfn:	Staða við ríkissjóð í árslok 1986		Ríkishluti framkv. 1987	Fjárveiting 1987	Staða við ríkissjóð í árslok 1987	
	Vanveitt	Ónotað			Vanveitt	Ónotað
Borgarfj. eystri		73	2 171	500	1 598	
Seyðisfjörður	2 136		2 283	2 200	2 219	
Neskaupstaður	2 655		726	2 700	681	
Eskifjörður	1 211		3 869	1 600	3 480	
Reyðarfjörður	235		461	300	396	
Fáskrúðsfjörður	1 041		2 388	2 600	829	
Stöðvafjörður	2 760		503	2 500	763	
Breiðdalsvík	180		391	500	71	
Djúpivogur	503		368	1 400		529
Höfn í Hornafirði	4 708		6 921	6 400	5 229	
Dyrhólaey	76		351	400	27	
Vestmannaeyjar	1 088		7 756	9 500		656
Stokkseyri	167		6	200		27
Eyrarbakki		2 125	633			1 492
Grindavík	600		2 860	1 800	1 660	
Hafnir		41	40			1
Sandgerði		229	5 041	5 300		488
Garður	15		6		21	
Vogar		431	365			66
Hafnarfjörður	20 340		12 141	9 700	22 781	
Garðabær	3 692		9	3 200		
	128 422	5 894	277 920	218 000	197 332	15 386

Fjárveiting skv. fjárlögum	kr.	218 500

* Fjárv. til Akranes skv. fjárl. 7 000
Oftalin fjárv. 1981 −500

Tafla V. Fjárveitingar til hafnarframkvæmda 1987.

		Í þús. kr.
Almennar hafnir		218 500
Landshafnir:		
Rif	4 000	
Þorlákshöfn	4 400	8 400
Ferjubryggjur:		
Arngerðareyri	100	
Flatey á Breiðafirði	100	
Hnúksnes	100	
Kleifastaðir	200	
Múlanes	100	
Reykjanes	300	
Ögur	100	
Mjóifjörður	4 300	5 300
Samtals		232 200

Tafla VI. Fjárveitingar til sjóvarna 1987.

		Í þús. kr.
Fjárlagaliður 10—333		18 032
Fjárlagaliður 04—270		2 468
Samtals		20 500
Sundurliðun:		
Akranes		1 000
Ólafsvík		1 000
Búðardalur		200
Flateyri		500
Bolungarvík		500
Blönduós		800
Sauðárkrókur		1 000
Siglufjörður		1 000
Dalvík		800
Hjalteyri		700
Húsavík		1 000
Stokkseyri		1 500
Eyrarbakki		3 000
Grindavík		1 500
Miðneshreppur		1 000
Gerðahreppur		1 000
Hafnahreppur		1 000
Vatnsleysustr.hreppur		500
Bessastaðahreppur		1 000
Hafnarfjörður		500
Seltjarnarneshreppur		1 000
		20 500

Tafla VII. Úthlutanir Hafnabótasjóðs 1987.

Styrkir:	Í þús. kr.	
Styrkir til nýframkvæmda:		
Borgarnes	300	
Arnarstapi	100	
Ólafsvík	900	
Stykkishólmur	700	
Karlsey	60	
Brjánslækur	3 900	
Patreksfjörður	400	
Tálknafjörður	750	
Bolungarvík	900	
Súðavík	100	
Norðurfjörður	800	
Drangsnes	300	
Hofsós	400	
Haganesvík	500	
Ólafsfjörður	1 150	
Árskógssandur	3 200	
Grímsey	600	
Þórshöfn	600	
Bakkafjörður	1 100	
Vopnafjörður	1 350	
Borgarfj. eystri	500	
Dyrhólaey	80	
Grindavík	400	
Sandgerði	1 100	
Vogar Vatnsleysustr.	300	20 490
Tjónastyrkir:		
Bolungarvík	1 900	
Gjögur	160	
Siglufjörður	1 000	
Ólafsfjörður	9 500	
Dalvík	700	
Hauganes	1 900	15 160
Samtals styrkir		35 650
Lán:		
Lán v/heimahluta í nýframkvæmdum		
Ólafsvík	900	
Stykkishólmur	300	
Tálknafjörður	750	
Hvammstangi	400	
Skagaströnd	600	
Hofsós	600	
Ólafsfjörður	2 050	
Árskógssandur	1 300	
Húsavík	600	
Raufarhöfn	1 700	
Vopnafjörður	1 350	
Fáskrúðsfjörður	400	
Höfn í Hornafirði	900	
Vestmannaeyjar	1 400	
Vogar Vatnsleysustr.	700	13 950

Tafla VII. Úthlutanir Hafnabótasjóðs 1987.

Styrkir:	Í þús. kr.	
Bráðabirgðalán v/væntanlegra fjárveitinga		
Ísafjörður	15 000	
Norðurfjörður	700	
Árskógssandur	6 000	
Þórshöfn	5 000	
Borgarfjörður eystri	3 000	29 700
Framlengd eldri bráðabirgðalán		
Ólafsfjörður	2 000	
Þórshöfn	3 000	5 000
Samtals lán		48 650
Samtals úthl. styrkir og lán		kr. 84 300

Sþ. 1114. Svar [386. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Elínar Jóhannsdóttur um framfærslumat námsmanna og lánveitingar til þeirra frá 1. des. 1984 til 1. mars 1988.

1. Neðangreind tafla sýnir þróun framfærslu fyrir námsmann í leiguhúsnæði ásamt þróun framfærsluvísitölu á tímabilinu 1. desember 1984 til 1. mars 1988. Athuga ber að framfærsla hvers mánaðar er reiknuð út miðað við framfærsluvísitölu mánaðarins á undan hverju tímabili.

Tímabil	Framfærsla námsmanns	Framfærsluvísitala Des.	Nóv.
Des. 1984	16 750	117,21	117,79
Des. 1985	20 904	159,33	115,32
Des. 1986	22 350	180,85	179,22
Des. 1987	27 530	225,65	220,69
Mars 1988	29 361	237,84	235,37

Ef framfærsluvísitöluviðmiðun hefði gilt allt tímabilið hefði framfærslan litið út eins og neðangreind tafla sýnir.

Tímabil	Framfærsla námsmanns	Framfærsluvísitala Des.	Nóv.
Des. 1984	16 750	117,21	117,79
Des. 1985	23 272	159,33	115,32
Des. 1986	26 853	180,85	179,22
Des. 1987	33 067	225,65	220,69
Mars 1988	35 267	237,84	235,37

Hafa ber í huga varðandi þessar tölur að skerðing vegna sumartekna hefur þróast þannig að fyrir skólaárið 1985–86 skertist lán um 75% af þeim tekjum sem voru umfram framfærslu í leyfi. Skólaárið 1986–87 var þessu hlutfalli breytt í 65% og er fyrir núverandi skólaár 50%. Einnig ber að athuga að framfærslustuðlar námsmanna með fjölskyldu og í foreldrahúsum hafa hækkað.

2. Neðangreind tafla sýnir þróun framfærslu námsmanns frá 1. des. 1984 til mars 1988 og þróun ellilífeyris, heimilisuppbótar og tekjutryggingar miðað við þróun framfærsluvísitölu á sama tímabili.

Tímabil	Framfærsla námsmanns	Elli-lífeyrir	Heimilis-uppbót	Tekju-trygging	Framfærslu-vísitala
Des. 1984 ...	16 750	4 045	1 703	5 663	117,21
Des. 1985 ...	20 904	5 514	2 430	8 080	159,33
Des. 1986 ...	22 350	7 227	4 265	10 589	180,85
Des. 1987 ...	27 530	8 129	4 799	14 118	225,65
Mars 1988 ...	29 361	8 706	5 287	15 552	237,84

Ef miðað er við framfærsluvísitölu sem mælikvarða á þróun þessara stærða fæst næsta tafla (þ.e. miðað við verðlag 1984).

Tímabil	Framfærsla námsmanns	Elli-lífeyrir	Heimilis-uppbót	Tekju-trygging
Des. 1984	16 750	4 045	1 703	5 663
Des. 1985	15 378	4 056	1 788	5 944
Des. 1986	14 485	4 684	2 764	6 863
Des. 1987	14 300	4 222	2 493	7 333
Mars 1988	14 469	4 290	2 605	7 664

3. Yfirlit um ráðstöfunartekjur ellilífeyrisþega annars vegar og námsmanna í níu mánaða námi hins vegar. Ekki er tekið tillit til skatta í þessum útreikningi. Tekjur í þessu sambandi eru sumartekjur námsmanns eða árstekjur ellilífeyrisþega og miðað er við tekjur frá 100 000 til 500 000 kr.

Tímabil	Framfærsla námsmanns	Hámarkslán	Skerðing vegna sumartekna
Des. 1984	16 750	150 750	75%
Des. 1985	20 904	188 136	75%
Des. 1986	22 350	201 150	65%
Des. 1987	27 530	247 770	50%
Mars 1988	29 361	264 249	35%

Tekjutrygging er tala sem gildir fyrir eitt ár í senn frá 1. jan. til 31. des. en lágmarkstekjur gilda frá 1. júní til jafnlengdar næsta ár.

Tímabil	Tekju-trygging	Lágmarks-tekjur	Skerðingar-hlutfall
Des. 1984	57 633	41 670	45%
Des. 1985	84 171	54 170	45%
Des. 1986	105 550	75 840	45%
Des. 1987	150 599	94 800	45%
Mars 1988	186 624	94 800	45%

3.a. Ráðstöfunartekjur námsmanns og ellilífeyrisþega árið 1984.

	Ráðstöfunartekjur	
Tekjur	námsmanns	ellilífeyrisþega
100 000	213 438	131 385
150 000	225 938	158 885
200 000	238 438	200 000
250 000	250 938	250 000
300 000	300 000	300 000
350 000	350 000	350 000
400 000	400 000	400 000
450 000	450 000	450 000
500 000	500 000	500 000

3.b. Ráðstöfunartekjur námsmanns og ellilífeyrisþega árið 1985.

	Ráðstöfunartekjur	
Tekjur	námsmanns	ellilífeyrisþega
100 000	260 170	163 548
150 000	272 670	191 048
200 000	285 170	218 548
250 000	297 670	250 000
300 000	310 170	300 000
350 000	350 000	350 000
400 000	400 000	400 000
450 000	450 000	450 000
500 000	500 000	500 000

3.c. Ráðstöfunartekjur námsmanns og ellilífeyrisþega árið 1986.

	Ráðstöfunartekjur	
Tekjur	námsmanns	ellilífeyrisþega
100 000	279 733	194 678
150 000	297 233	222 178
200 000	314 733	249 678
250 000	332 233	277 178
300 000	349 733	304 678
350 000	367 233	350 000
400 000	400 000	400 000
450 000	450 000	450 000
500 000	500 000	500 000

3.d. Ráðstöfunartekjur námsmanns og ellilífeyrisþega árið 1987.

Tekjur	Ráðstöfunartekjur	
	námsmanns	ellilífeyrisþega
100 000	339 065	248 259
150 000	364 065	275 759
200 000	389 065	303 259
250 000	414 065	330 759
300 000	439 065	358 259
350 000	464 065	385 759
400 000	489 065	413 259
450 000	514 065	450 000
500 000	539 065	500 000

3.e. Ráðstöfunartekjur námsmanns og ellilífeyrisþega árið 1988.

Tekjur	Ráðstöfunartekjur	
	námsmanns	ellilífeyrisþega
100 000	360 078	284 284
150 000	392 578	311 784
200 000	425 078	339 284
250 000	457 578	366 784
300 000	490 078	394 284
350 000	522 578	421 784
400 000	555 078	449 284
450 000	587 578	476 784
500 000	620 078	504 284

Ed. 1115. Breytingartillaga [293. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur og Svavari Gestssyni.

Við 4. gr. Á eftir fyrri málslið komi nýr málsliður sem orðist svo: Fjármálaráðherra skal hafa samráð við heilbrigðisráðherra um verðlagningu áfengis.

Ed. 1116. Breytingartillaga [293. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum nr. 82/1969, með síðari breytingum.

Frá Jóni Helgasyni, Svavari Gestssyni og Guðrúnu Agnarsdóttur.

Við 5. gr. Aftan við greinina bætist: Skulu ákvæði reglugerðarinnar stuðla að því að draga úr ofneyslu áfengis og styðja við forvarnarstarf, einkum fyrir ungt fólk.

Nd. **1117. Lög** [432. mál]

um breyting á lögum nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun.

(Afgreidd frá Nd. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 782.

Nd. **1118. Lög** [433. mál]

um heimild fyrir fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs til að selja fasteignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins að Síðumúla 34 og jarðhús í Ártúnsbrekku við Elliðaár.

(Afgreidd frá Nd. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 783.

Nd. **1119. Lög** [436. mál]

um bifreiðagjald.

(Afgreidd frá Nd. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 786.

Ed. **1120. Lög** [271. mál]

um framhaldsskóla.

(Afgreidd frá Ed. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 881.

Ed. **1121. Lög** [301. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 909.

Ed. 1122. Lög [329. mál]

um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 653.

Ed. 1123. Lög [446. mál]

um Listasafn Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 979 (sbr. 796).

Nd. 1124. Frumvarp til laga [514. mál]

um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. maí.)

1. gr.

Óheimilt er að flytja til Íslands vörur sem upprunnar eru í Suður-Afríku eða Namibíu.

Óheimilt er að flytja frá Íslandi vörur til Suður-Afríku eða Namibíu eða gera samning um útflutning vara frá Íslandi þegar ljóst má vera við gerð samningsins að endanlegur áfangastaður varanna er Suður-Afríka eða Namibía.

2. gr.

Utanríkisráðherra er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum 2. mgr. 1. gr. ef mannúðarástæður mæla með því.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum eða allt að þriggja mánaða fangelsi þegar sakir eru miklar.

Með brot skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lögum þessum verður ekki beitt vegna innflutnings eða útflutnings sem á sér stað fyrir 1. janúar 1989 enda hafi verið samið um slík viðskipti fyrir gildistöku þessara laga.

Nd. 1125. Lög [514. mál]

um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu.

(Afgreidd frá Nd. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 1124.

Ed. 1126. Lög [293. mál]

um breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 865.

Nd. 1127. Nefndarálit [468. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur rætt málið og mælir með því að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

4. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. október 1988.

Geir Gunnarsson sat fund nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 10. maí 1988.

Ólafur Þ. Þórðarson, form., frsm.	Málmfríður Sigurðardóttir, fundaskr.	Guðni Ágústsson.
Eggert Haukdal.	Ingi Björn Albertsson.	Árni Gunnarsson.
	Valdimar Indriðason.	

Nd. 1128. Nefndarálit [431. mál]

um frv. til l. um virðisaukaskatt.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin kannaði málið ítarlega á fjórum löngum fundum.

Á fundi nefndarinnar voru kvaddir Ólafur Davíðsson frá Félagi ísl. iðnrekenda, Þorleifur Jónsson frá Landssambandi iðnaðarmanna, Haraldur Sumarliðason, forseti Landssambands iðnaðarmanna, Gunnar S. Björnsson frá Meistarasambandi byggingamanna, Skúli Þorvaldsson, Erna Hauksdóttir og Einar Olgeirsson frá Sambandi veitinga- og gistihúsa, Hákon Sigurgrímsson, Þórólfur Sveinsson og Gunnlaugur Júlíusson frá Stéttarsambandi bænda, Kristján Ragnarsson og Sveinn Hjörtur Hjartarson frá LÍÚ, Sigurður Björgvinsson frá SÍS, Ágúst Einarsson, Sturlaugur Sturlaugsson, Arnar Sigurmundsson, Brynjólfur Bjarnason og Ágúst Elíasson frá Sambandi fiskvinnslustöðva, Árni Reynisson og Steingrímur Ari Arason frá Samstarfsráði verslunarinnar, Indriði H. Þorláksson og Lárus Ögmundsson frá fjármálaráðuneytinu, Böðvar Sigvaldason og Þorsteinn Þorsteinsson frá Landssambandi veiðifélaga, Kristján Thorlacíus og Örlygur Geirsson frá BSRB, Birgir Björn Sigurjónsson og Áskell Jónsson frá BHMR, Ari Skúlason frá ASÍ, Ólafur Ragnarsson, Kristján Jóhannsson, Einar Kárason, Eyjólfur Sigurðsson, Þorgeir Baldursson og Jóhann Páll Valdimarsson frá Bókasambandi Íslands, Gísli Alfreðsson frá Þjóðleikhúsinu, Sigurður Grétar Guðmundsson frá Bandalagi ísl. leikfélaga, Erla B. Skúladóttir frá Alþýðuleikhúsinu, Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir frá Félagi ísl. leikara, Sigurður Björnsson frá Sinfóníuhljómsveit Íslands, Hallmar Sigurðsson frá Leikfélagi Reykjavíkur, Garðar Cortes frá Íslensku óperunni, Ágúst Hafberg og Gunnar Sveinsson frá Félagi sérleyfishafa, Helgi V. Jónsson frá Félagi endurskoðenda, Hákon Árnason, Gestur Jónsson og Hafþór Ingi Jónsson frá Lögmannafélagi Íslands.

Við athugun nefndarinnar á frumvarpinu komu fram ýmsar tillögur og hugmyndir um breytingar. Taldi nefndin einsýnt að mörg atriði þörfnuðust nánari athugunar. Meiri hl. nefndarinnar taldi ekki ráðrúm við núverandi aðstæður að flytja breytingartillögur við frumvarpið, enda þegar ákveðið að nefnd verði skipuð til þess að taka frumvarpið til sérstakrar athugunar og móta tillögur um lagabreytingar eftir því sem þurfa þykir. Koma slíkar breytingar til kasta Alþingis á hausti komanda.

Í umfjöllun nefndarinnar komu þau sjónarmið mjög fram að undanþágur frá skattskyldu ættu að vera sem allra fæstar og leita yrði annarra leiða til þess að jafna aðstöðumun við breytinguna yfir í virðisaukaskatt þar sem þess teldist þörf.

Leggur meiri hl. nefndarinnar áherslu á að sú nefnd, sem áður greinir, kanni sérstaklega möguleika á að fækka undanþágum frá skattskyldu þannig að aðhaldseiginleikar kerfisbreytingarinnar með skattskilum nýtist sem best, jafnframt því sem betra svigrúm fáist til þess að vera með sem lægst skatthlutfall en þetta hvort tveggja telur meiri hl. nefndarinnar mjög mikilvæg markmið.

Meiri hl. nefndarinnar er samþykkur því að nauðsynlegt sé að athuga þau atriði sem upp eru talin í 11 liðum í nefndaráliti fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar á þskj. 1005.

Því til viðbótar telur meiri hl. nefndarinnar að rétt sé að athuga sérstaklega eftirtalin atriði:

1. Bóka-, blaða- og tímaritaútgáfu.
2. Banka- og lánastarfsemi.
3. Vátryggingarstarfsemi.
4. Hlunnindi og landnytjar.

5. Sölu á þjónustu, m.a. með tilliti til eftirlits og skattskila.
6. Uppgjörstímabil í landbúnaði.
7. Íþróttastarfsemi.

Þá ræddi nefndin um niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum. Meiri hl. vísar til bókunar í ríkisstjórninni við framlagningu frumvarps um virðisaukaskatt, svohljóðandi:

„Við upptöku söluskatts á flestar vörur í ársbyrjun 1988 var ákveðið að greiða niður verð á hefðbundnum landbúnaðarafurðum, þannig að verð þeirra breyttist lítið sem ekkert. Nú hafa komið fram óskir um að fyrir lægi bindandi ákvörðun um óbreytt niðurgreiðslustig við upptöku virðisaukaskatts.

Niðurgreiðslur eru sem kunnugt er ákveðnar með sérstakri fjárveitingu ár hvert. Samstaða er um það að við upptöku virðisaukaskatts verði niðurgreiðslum hagað þannig að breytt skattkerfi hafi ekki í för með sér breytingu á verði niðurgreiddra landbúnaðarvara."

Þá ræddi nefndin vandlega um lista- og menningarstarfsemi, bæði atvinnumanna og áhugafólks. Meiri hl. vísar til ákvæðis í upptalningu í nefndarálit á þskj. 1005 um listir og menningu og telur einboðið að haga kerfisbreytingunum á þann veg að fjárhagsgrundvöllur þeirrar starfsemi verði ekki rýrður.

Loks leggur nefndin áherslu á að kerfisbreytingin verði vel kynnt meðal almennings, fyrirtækja og stofnana með öflugu upplýsingaátaki.

Með vísan til framanritaðs leggur meiri hl. til að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 1038.

Alþingi, 9. maí 1988.

Páll Pétursson, form., frsm.	Geir H. Haarde, fundaskr.	Einar Kr. Guðfinnsson.
Guðmundur G. Þórarinsson.		Kjartan Jóhannsson.

Nd. 1129. Breytingartillögur [431. mál]

við frv. til l. um virðisaukaskatt.

Frá Inga Birni Albertssyni.

1. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
   Virðisaukaskattur skal lagður á með tveimur mismunandi skattþrepum og skulu þau ákveðin í fjárlögum ár hvert. Hið lægra virðisaukaskattsþrep, sem ekki má vera hærra en 6%, skal notað við álagningu á matvæli og aðrar helstu nauðsynjavörur heimilanna samkvæmt nánari skilgreiningu í reglugerð. Allar aðrar vörur og þjónusta, svo og annað sem er virðisaukaskattsskylt samkvæmt lögum þessum, skal bera skatt samkvæmt hærra þrepinu sem ekki má vera hærri en 22%.
2. Við 20. gr. Orðin „fyrir fram" í 3. málsl. 1. mgr. falli brott.

Nd. 1130. Nefndarálit [285. mál]

um frv. til l. um heimild til að selja hluta ríkisjarðarinnar Þóroddsstaðar í Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið og mælir með að frumvarpið verði samþykkt með vísan til fyrirvara sem fram kemur í nefndaráliti landbúnaðarnefndar efri deildar á þskj. 923.

Alþingi, 10. maí 1988.

Árni Gunnarsson, form., frsm.	Alexander Stefánsson, fundaskr.	Pálmi Jónsson.
Ragnar Arnalds.	Páll Pétursson.	Ingi Björn Albertsson.
	Eggert Haukdal.	

Nd. 1131. Nefndarálit [441. mál]

um frv. til l. um breyt. á ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með að það verði samþykkt.

Alþingi, 10. maí 1988.

Árni Gunnarsson, form., frsm.	Alexander Stefánsson, fundaskr.	Pálmi Jónsson.
Ragnar Arnalds.	Páll Pétursson.	Ingi Björn Albertsson.
	Eggert Haukdal.	

Nd. 1132. Nefndarálit [434. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 10. maí 1988.

Páll Pétursson, form., frsm.	Geir H. Haarde, fundaskr.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.
Einar Kr. Guðfinnsson.	Guðmundur G. Þórarinsson.	Kjartan Jóhannsson.

Nd. 1133. Nefndarálit [439. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.
Ingi Björn Albertsson sat fund nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 10. maí 1988.

Páll Pétursson, form., frsm.	Geir H. Haarde, fundaskr.	Steingrímur J. Sigfússon.
Einar Kr. Guðfinnsson.	Guðmundur G. Þórarinsson.	Kjartan Jóhannsson.
	Þórhildur Þorleifsdóttir.	

Nd. 1134. Nefndarálit [455. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 87 4. júlí 1985, um sparisjóði.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins eins og það liggur fyrir á þskj. 805.

Alþingi, 10. maí 1988.

Páll Pétursson, form., frsm.	Geir H. Haarde, fundaskr.	Steingrímur J. Sigfússon.
Einar Kr. Guðfinnsson.	Guðmundur G. Þórarinsson.	Kjartan Jóhannsson.
	Þórhildur Þorleifsdóttir.	

Ed. 1135. Nefndarálit [469. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20 30. apríl 1986.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 10. maí 1988.

Karvel Pálmason, form., frsm.	Júlíus Sólnes, fundaskr.	Egill Jónsson.
Jón Magnússon.	Valgerður Sverrisdóttir.	Skúli Alexandersson.
	Stefán Guðmundsson.	

Ed. 1136. Nefndarálit [370. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 6 frá 25. mars 1977.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með að það verði samþykkt.

Alþingi, 10. maí 1988.

Karvel Pálmason, form., frsm.	Júlíus Sólnes, fundaskr.	Egill Jónsson.
Skúli Alexandersson.	Jón Magnússon.	Valgerður Sverrisdóttir.
	Stefán Guðmundsson.	

Nd. 1137. Nefndarálit [431. mál]

um frv. til laga um virðisaukaskatt.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar er andvígur þessu frumvarpi og færir fyrir þeirri afstöðu eftirfarandi röksemdir:

1. Með virðisaukaskatti í þeirri gerð sem frumvarp ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir yrði festur í sessi hinn illræmdi matarskattur, þ.e. lagður yrði skattur á matvæli og aðrar brýnustu nauðsynjar fólks, en slíkar vörur eru víðast annars staðar annaðhvort með öllu undanþegnar slíkum skatti eða mjög lágt skattlagðar.
2. Sú ákvörðun að leggja VASK-inn á í einu þrepi útilokar þann möguleika að flokka vörur og þjónustu með tilliti til mikilvægis fyrir almenning. Víða eru matvæli, barnavörur og fleira því um líkt ásamt vissum greinum þjónustu skattlagt vægt, með lægra þrepi en annað. Það er sú stefna sem tekin hefur verið innan EB að samræma virðisaukaskatt í tvö þrep. Það er skoðun minni hl. að athuga hefði átt þennan kost vandlega og það séu mistök að hafna honum að því er virðist umhugsunarlaust með þeim köldu röksemdum að eitt þrep sé einfaldast. Augljós réttlætis- og sanngirnissjónarmið mæla með því að hafa þrepin frekar tvö, sbr. ofangreint.
3. Enginn vafi er á því að upptaka virðisaukaskatts hefur í för með sér stóraukna skriffinnsku og veldur auknum tilkostnaði og fyrirhöfn bæði fyrir hið opinbera og ekki síður atvinnulífið. Mikil fjölgun verður í hópi þeirra sem gera skil til yfirvalda og eru þar bændur og ýmsir einyrkjar í atvinnulífi svo og smáfyrirtæki uppistaðan. Hætt er við að ýmsum í þessum hópi veitist erfitt án utanaðkomandi aðstoðar að bæta VASK-arfinu á sig.
4. Ófullnægjandi rök hafa að mati minni hl. verið færð fyrir því að virðisaukaskattur sé það lausnarorð í sambandi við skattsvik sem ýmsir vilja vera láta. Benda má á að samkvæmt skattsvikaskýrslunni er umfang duldrar atvinnustarfsemi að því er virðist svipað í nágrannalöndunum og hér og hafa þó grannar okkar flestir notað virðisaukaskatt um langt árabil. Nótulaus viðskipti virðast hafa verið minni hér samkvæmt sömu heimild en

annars staðar á Norðurlöndum. Aðilar úr byggingariðnaði hafa einnig bent á að veruleg hætta geti verið á því að VASK-urinn auki skattsvik í þeirra greinum eins og hann er hugsaður í þessu frumvarpi.

5. Með frumvarpinu, eins og það liggur fyrir, er ætlunin að leggja 22% skatt á ýmsa menningarstarfsemi sem áður var undanþegin söluskatti. Þannig hefur aðgangseyrir að leiksýningum, tónleikum og því um líku verið undanþeginn söluskatti um árabil, en nú opinbera ríkisstjórnarflokkarnir menningarfjandskap sinn með því að setja lög um virðisaukaskatt á menninguna. Áfram á að skattleggja bókaútgáfu að fullu, meðan tímarit og blöð eru að hluta eða öllu leyti undanskilin, svo ekki sé nú minnst á starfsemi hljóðvarps og sjónvarps sem skal vera með öllu undanþegin hvort sem þar heyrist talað íslenskt orð eða ekki.
6. Með virðisaukaskattinum er ætlunin að festa endanlega í sessi fulla skattheimtu af íslenskum landbúnaðarvörum eins og öðrum matvælum. Þetta er gert jafnvel þótt ljóst sé að niðurgreiðslur á vöruverði séu umdeild ráðstöfun, sem slagur stendur um á hverju ári, og því líklegt að virðisaukaskattur muni fyrr eða síðar koma fram í vöruverðinu að fullu þegar niðurgreiðslur lækka. Verðlag þeirra vara er það hátt að þær mega engan veginn við slíku áfalli og er því hætt við að þær láti enn undan síga í samkeppninni við aðrar og oft á tíðum óhollari vörur. Hér er því í raun og veru á ferðinni enn eitt stóráfallið fyrir íslenskan landbúnað og matvælaframleiðslu til innanlandsnota og er þó nóg komið.
7. Stjórnarliðar hafa samþykkt að ætlunin sé að sérstök nefnd starfi í sumar að því að endurskoða lögin. Þannig er viðurkennt í reynd, jafnvel áður en frumvarpið verður að lögum, að það er illa undirbúin hrákasmíð. Nefndarskipan stjórnarliða má með réttu kalla *ruslakistuafgreiðsluaðferðina*, ef fyrirgefanlegt er að nota svo langt orð því að öllum álitamálum og ágreiningsefnum er umsvifalaust sópað út af borðinu með þeim orðum að þetta verði athugað í „nefndinni". Má í því sambandi nefna úrslitaatriði eins og skattlagningu húsbygginga.

Það er engin tilviljun að allir fulltrúar samtaka launafólks og aðalfundur Stéttarsambands bænda sl. haust hafa eindregið lagst gegn virðisaukaskatti. Óbeinn skattur með einni flatri prósentu snýr óumdeilanlega þyngri hliðinni niður, eins og hagfræðingur ASÍ orðaði það, í þeirri mynd sem hann nú er. Skatturinn verður óhagstæður hinum almenna launamanni og er í reynd reiðarslag fyrir landbúnaðinn.

Að öllu þessu samanlögðu telur minni hl. að þó núverandi söluskattskerfi sé gallað séu það ekki nægjanleg rök fyrir því að ráðast í upptöku virðisaukaskatts og alls ekki í þessari mynd. Frumvarpið er gallað og illa undirbúið. Það yrði stóráfall fyrir íslenska menningu og íslenskan landbúnað og mundi reynast þungt í skauti hinum íslenska launamanni. Þess vegna leggur minni hl. nefndarinnar til að frumvarp þetta verði fellt.

Með nefndaráliti þessu eru birt sem sýnishorn nokkur af þeim bréfum sem borist hafa frá fjölmörgum aðilum tengdum menningarstarfsemi, listum, bókaútgáfu o.fl. þar sem virðisaukaskattinum er mótmælt.

Alþingi, 10. maí 1988.

Steingrímur J. Sigfússon, frsm. Þórhildur Þorleifsdóttir.

Fylgiskjal I.

Bréf Alþýðuleikhússins til fjárhags- og viðskiptanefnda Alþingis.

Leikhúsráð Alþýðuleikhússins lýsir áhyggjum sínum vegna þeirra áforma ríkisstjórnarinnar sem birtast í frumvarpi til laga um virðisaukaskatti, að taka upp skattlagningu á leiksýningar og aðra hliðstæða listastarfsemi.

Alþýðuleikhúsið hefur nú starfað við erfiðar og stundum óviðunandi aðstæður í 13 ár en samt sem áður tekist að halda lífi vegna þess að aðstandendur þess hafa að meira eða minna leyti gefið vinnu sína. Ef þessi fyrirhugaða skattlagning yrði að veruleika yrði það grafskrift Alþýðuleikhússins sem og margra annarra smærri atvinnuleikhópa.

Í fyrsta sinn í ár reyndi leikhúsið að greiða einhver lágmarksæfingalaun, en engin laun fyrir sýningar. Samt sem áður er útkoman sú sem meðfylgjandi dæmi sýnir:

Tveir einþáttungar eftir Harold Pinter:
Kveðjuskál og Eins konar Alaska, sýndir í Hlaðvarpanum sl. vetur.
(Upphæðir í kr.)

Aðgangseyrir	1 037 000
Leikskrá	50 000
Áhorfendafjöldi u.þ.b. 1060	
Kostnaður:	
Laun (leikstjórn, leikmynd, búningar ljósahönnun, æfingalaun)	1 495 222
Auglýsingar	455 732
Húsaleiga og annar kostnaður	430 000
Kostnaður alls	2 380 954
Mismunur/tap	1 293 954

Það segir sig sjálft að ef 22% virðisaukaskattur kæmi ofan á þessar tölur yrði beinlínis tekin af viðkomandi listamönnum þau litlu laun sem þeir þó hafa fengið.

Leikhúsráð Alþýðuleikhússins skorar því eindregið á ráðherra menntamála og fjármála svo og aðra alþingismenn að koma í veg fyrir þessa fyrirhuguðu skattlagningu.

Arnar Jónsson.

Fylgiskjal II.

Ályktun stjórnar Leikfélags Reykjavíkur um virðisaukaskatt á leiksýningar.
(6. maí 1988.)

Stjórn Leikfélags Reykjavíkur lýsir áhyggjum sínum vegna frumvarps ríkisstjórnarinnar um virðisaukaskatt sem gerir ráð fyrir skattlagningu á aðgöngumiða leikhúsa.

Vert er að minnast þess að á sínum tíma var innheimtur söluskattur af aðgöngumiðasölu á leiksýningar sem olli því að Leikfélag Reykjavíkur skilaði meira fé í ríkissjóð í formi söluskatts en sem nam ríkisstyrk þeim sem leikhúsið fékk til starfsemi sinnar.

Eftir áralanga baráttu tókst að létta þessu oki af leiklistarstarfseminni sem þótti merkur áfangi og bera vott um vaxandi skilning stjórnvalda á þýðingu lista og menningar í landinu. Varla er hægt að hugsa sér að stjórnvöld gætu stigið háskalegra skref til öfugþróunar en það að leggja nú á þessa starfsemi virðisaukaskatt.

Til að mæta síhækkandi útgjöldum af leikhúsrekstri hefur fátt annað verið til ráða en hækka aðgöngumiðaverð sem er nú þegar orðið það hátt að ástæða er til að óttast að það geti dregið úr leikhúsaðsókn. Leikfélag Reykjavíkur hefur nokkur undanfarin ár neyðst til að hafa miðaverð hærra en stjórnvöld hafa heimilað Þjóðleikhúsinu. Hætt er við að frekari hækkun á miðaverði kæmi verst við þá efnaminni og það yrði þá munaður þeirra efnameiri að sækja leiksýningar. Þarf ekki að hafa mörg orð um hvílík öfugþróun það yrði í íslensku leiklistar- og menningarlífi.

Leikfélag Reykjavíkur stendur nú á tímamótum og væntir þess að háttvirtir alþingismenn séu fremur tilbúnir til að styðja félagið í þeim átökum sem fram undan eru með tilkomu Borgarleikhúss en að stefna starfseminni í voða með umræddri skattlagningu. Við skorum á ráðherra og aðra alþingismenn að koma í veg fyrir þessa skattlagningu.

Hallmar Sigurðsson
leikhússtjóri.

Fylgiskjal III.

Bréf frá Félagi íslenskra leikara.
(9. maí 1988.)

Fundur leiklistarfólks á vegum Félags íslenskra leikara mótmælir fyrirhuguðu frumvarpi um virðisaukaskatt sem gert er ráð fyrir að leggist á aðgöngumiðaverð að öllum óperu- og leiksýningum í landinu. Það er hneisa að ríkisstjórnin skuli með þessum hætti stuðla að menningarlegri stéttaskiptingu. Fyrirséð er að afleiðingin verður hækkun aðgöngumiðaverðs.

Vegna ónógs fjárstuðnings opinberra aðila við þessa starfsemi hafa listamenn nú áhyggjur af því að aðgöngumiðaverð sé þegar farið að útiloka þá efnaminni frá þeim sjálfsögðu mannréttindum að njóta lista.

Við skorum á alþingismenn þjóðarinnar að forða því menningarsögulega slysi sem nú blasir við verði þetta frumvarp samþykkt óbreytt.

Fylgiskjal IV.

Bréf frá Félagi ísl. bókaútgefenda
til Steingríms J. Sigfússonar alþingismanns.
(6. maí 1988.)

Félag ísl. bókaútgefenda hefur á undanförnum árum barist fyrir niðurfellingu söluskatts á bókum. Í viðræðum við stjórnvöld í fyrra kom fram að virðisaukaskattur tæki við af söluskatti á næsta ári og frá þeim skatti yrðu engar undanþágur gefnar. Því sjónarmiði taldi stjórn Félags ísl. bókaútgefenda sig verða að lúta.

Nú hefur það hins vegar gerst að í stjórnarfrumvarpi um virðisaukaskatt er gerð undanþága varðandi dagblöð og sambærileg landsmála- og héraðsfréttablöð. Þá hefur efri deild Alþingis samþykkt, að tillögu fjárhags- og viðskiptanefndar deildarinnar, að sala tímarita verði einnig undanþegin þessum skatti.

Með tilliti til þessarar breyttu stefnu er stjórn Félags ísl. bókaútgefenda þeirrar skoðunar að fullkomlega óeðlilegt sé að bókaútgáfan sitji ekki við sama borð og önnur útgáfustarfsemi í landinu hvað þetta varðar, enda verði að teljast fráleitt að bóklestur sé skattlagður umfram lestur annars prentaðs máls. Verði ekki einnig veitt undanþága frá virðisaukaskatti af sölu bóka gefur auga leið að með því mun Alþingi hefta tjáningarfrelsi í bókum með sérstakri skattlagningu sem ekki nær til blaða og tímarita.

Eyjólfur Sigurðsson
formaður.

Fylgiskjal V.

Bréf frá Rithöfundasambandi Íslands
til fjárhags- og viðskiptanefnda Alþingis.
(5. maí 1988.)

Rithöfundasamband Íslands beinir þeim eindregnu tilmælum til fjárhags- og viðskiptanefnda beggja deild Alþingis sem og allra þingmanna að bækur á íslensku verði undanþegnar virðisaukaskatti.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um nauðsyn þess fyrir íslenska þjóðmenningu að einhver starfsgrundvöllur sé fyrir bókritun, útgáfu, framleiðslu og sölu bóka; öllum er þessi nauðsyn vonandi ljós.

Þegar nú er áformað að sala á blöðum og tímaritum verði undanþegin virðisaukaskatti getum við ekki kallað það neitt annað en eftirminnilegt reginhneyksli ef bókum á íslensku verða ekki tryggð sömu skilyrði og öðrum prentmiðlum. Þetta er alvarlegt mál fyrir alla þá sem tengjast bókaframleiðslu og dreifingu (en það eru nokkur þúsund manns sem hafa af því atvinnu) og að sjálfsögðu fyrir íslenska bókmenningu, kjölfestu íslenskrar þjóðmenningar.

Sigurður Pálsson
formaður.

Fylgiskjal VI.

Bréf og umsögn frá Bókasambandi Íslands til formanns fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar Alþingis.
(6. maí 1988.)

Ágæti formaður.

Hjálagt sendi ég þér áskorun frá stjórn Bókasambands Íslands þess efnis að bækur verði undanþegnar virðisaukaskatti eins og blöð og tímarit.

Þetta er þýðingarmikið mál á margan hátt og ef það nær ekki fram að ganga verður ríkjandi fráleitt ósamræmi varðandi skattlagningu prentaðs máls hér á landi. Þjóðinni yrði þá gert að greiða fullan virðisaukaskatt af hugverkum sem miðlað væri í bókarformi en sama efni yrði skattlaust ef það birtist í öðrum fjölmiðlum. Ljóð í bók væri skattlagt en ljóðs, sem birtist í blaði eða tímariti, gætu lesendur notið án skattlagningar. Þetta ætti þá einnig við um sögur, greinar, frásagnir, viðtöl og annað lesefni. Efni um sögu og menningu þjóðarinnar yrði skattlagt í íslenskum bókum, sömuleiðis fræðilegar uppgötvanir eða nýjar kenningar. Allt yrði þetta háð 22% skattheimtu ríkisins.

Samkvæmt núverandi gerð frumvarps um virðisaukaskatt yrði þetta sama efni selt landsmönnum á síðum dagblaða og tímarita án virðisaukaskatts. Öllu þessu efni væri eins hægt að miðla um útvarp eða sjónvarp og á þeim vettvangi væri það einnig skattlaust þar sem afnotagjöld þeirra fjölmiðla eru undanþegin virðisaukaskatti.

Við, sem berum hag bókarinnar fyrir brjósti, vonumst til þess að þið sem sæti eigið í fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar áttið ykkur á hve mikið sanngirnismál hér er um að ræða. Þetta er ekki einungis mál útgefenda, bóksala, prentsmiðjueigenda, bókagerðarmanna og rithöfunda heldur hljóta landsmenn allir að eiga jafn mikinn rétt á að njóta íslensks efnis í hvaða miðli sem er án þess að þurfa að greiða skatt af því. Bækur mega hér ekki verða sér á báti. Ekkert réttlætir að texti í þeim sé skattlagður þegar annað lesefni þjóðarinnar er án virðisaukaskatts.

Ólafur Ragnarsson
formaður.

Stjórn Bókasambands Íslands:

ALLT LESEFNI VERÐI UNDANÞEGIÐ VIRÐISAUKASKATTI
(6. maí 1988.)

Í stjórnarfrumvarpi um virðisaukaskatt sem nú er til meðferðar á Alþingi er gert ráð fyrir að sala dagblaða og sambærilegra landsmála- og héraðsfréttablaða verði undanþegin virðisaukaskatti þegar sú nýja skattheimta kemur til framkvæmda. Sömuleiðis er þar miðað við að tímarit á erlendum tungumálum sem erlendir útgefendur sendi til áskrifenda hér á landi verði án þessa nýja skatts.

Þá hefur efri deild Alþingis nú samþykkt breytingartillögu meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar deildarinnar þess efnis að sala á íslenskum tímaritum verði undanþegin virðisaukaskatti.

Loks hefur sú breyting verið gerð á frumvarpinu í meðförum deildarinnar að afnotagjöld útvarps- og sjónvarpsstöðva skuli ekki teljast til skattskyldrar veltu.

Þegar svo er komið fær stjórn Bókasambands Íslands ekki orða bundist og lýsir furðu sinni á því að efri deild Alþingis skuli skilja bækur einar fjölmiðla eftir skattlagðar. Er því farið fram á það við neðri deild að grípa til sinna ráða og setja bækur við sama borð og önnur form prentmiðlunar og halda þeim utan þessarar skattheimtu. Ekki verða fundin nein skynsamleg rök fyrir því að sumt lesefni sé skattlagt en annað ekki og yrði það undarlegt öfugmæli að kjörnir fulltrúar bókaþjóðarinnar létu þessa nýju skattheimtuaðferð einungis bitna á þeim sem kaupa sér lesefni í bókaformi en slíkur lestrarskattur yrði ekki lagður á texta í blöðum og tímaritum.

Stjórn Bókasambands Ísland skorar á þá þingmenn er sæti eiga í fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar að sýna sanngirni og réttsýni í þessu máli og flytja breytingartillögu við áðurnefnt frumvarp þess efnis að bækur á íslensku njóti undanþágu frá virðisaukaskatti eins og aðrir prentmiðlar. Fari svo að nefndin telji sér ekki fært að flytja breytingartillögu við frumvarpið til þess að tefja ekki afgreiðslu þess leggur Bókasamband Íslands ríka áherslu á að hún lýsti stuðningi sínum við skattleysi bóka í nefndaráliti sínu og setji málið á verkefnalista milliþinganefndar sem fjallar um virðisaukaskatt til hausts. Sú nefnd gæti þá flutt breytingartillögu um málið þegar hún leggur niðurstöður sínar fyrir Alþingi á komandi hausti.

Hér er ekki farið fram á að bækur njóti forréttinda umfram aðra miðla þvert á móti er einungis farið fram á að sá menningarmiðill, sem þjóðin hefur löngum kennt sig við, njóti jafnstöðu í skattamálum gagnvart annarri útgáfu prentaðs máls og miðlun efnis á öldum ljósvakans.

Fylgiskjal VII.

Umsögn Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna um frumvarp til laga um virðisaukaskatt.

(Send fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar Alþingis.)

Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um virðisaukaskatt.

Áhrif þessa frumvarps má skoða í ljósi efnahags- og félagslegra afleiðinga eftir því sem þær verða greindar á þessu stigi málsins. Hin efnahagslegu áhrif slíkrar lagabreytingar tengjast í fyrsta lagi efnahagslegri uppbyggingu landsins, í öðru lagi verðlagi, í þriðja lagi launum og kaupmætti og í fjórða lagi skattstefnu.

Jöfnun á stöðu atvinnuvega.

Líklegt er að virðisaukaskattur sem slíkur og einkum ef hann er útfærður með einni skattprósentu muni jafna stöðu milli innlendrar iðnaðarframleiðslu og frumframleiðslugreinanna í skattalegu tilliti. Þessi áhrif telur BHMR jákvæð.

Áhrif á verðlag og kaupmátt heimilanna.

Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu er talið að 22% virðisaukaskattur muni lækka verðlag miðað við núgildandi söluskattslöggjöf. BHMR treystir sér ekki til að leggja

efnislegt mat á þessa áætlun. Endanleg verðlagsáhrif hljóta m.a. að fara eftir virkni kerfisins og raunverulegri skattheimtu. Samkvæmt þessu verður hér ekki fullyrt neitt um áhrif á kaupmátt launatekna. Hins vegar telur BHMR þá hækkun á söluskatti sem gerð var á síðasta ári meiri háttar mistök, sem hefur rýrt mikið kaupmátt heimila launamanna, einkum opinberra starfsmanna og þeirra sem eru á kauptöxtum á almennum markaði. Virðisauka-skattsfrumvarpið heldur áfram á þessari braut.

Skattstefnan.

Skattstefnan sem felst í þessari kerfisbreytingu er beint framhald af þeirri einföldun sem gerð hefur verið á tekjuskattslögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Enn fremur er þessi breyting í beinu framahaldi af breytingu á söluskattskerfinu á fyrra ári. BHMR telur að með þessum skattkerfisbreytingum sé stigið mikilvægt skref í átt til einföldunar á skattkerfi sem getur leitt af sér betra réttarfar í skattamálum einstaklinga og fyrirtækja. Réttlætingin á slíkri breytingu byggir á því að lagabreyting leiði til skilvirkara skattheimtukerfis og uppfylli eðlilega sanngirnismælikvarða.

BHMR telur að söluskattsbreytingin á fyrra ári sem gerðist án mikilla hækkana á bótagreiðslum til barnafjölskyldna eða auknum niðurgreiðslum á matvöru hafi verið félagslega mjög neikvæð aðgerð. Einföldun á skattkerfi af þessu tagi grundvallast á mjög öflugu bótagreiðslukerfi til heimilanna líkt og gerist t.d. í Svíþjóð. Í því samhengi er einnig mikilvægt að tryggja að skattkerfi og kerfi heimilsbóta setji ekki almennt launafólk í stöðu þiggjenda samfélagsölmusu.

BHMR minnir einnig á að enn vantar endurskoðun á skattkerfi fyrirtækja og fjármagnseigenda sem einfaldar skattheimtu á þeim og fellir niður alla frádrætti og skattundankomuleiðir á sama hátt og gert hefur verið hjá launafólki. BHMR telur sköttun á launatekjur vera sérsköttun á launamenn. Skattkerfisbreytingarnar hingað til virðast allar miða að því að auka innheimtu þar sem það er auðveldast, þ.e. hjá opinberum starfsmönnum og almennum neytendum matvöru sem ekki stunda rekstur af einhverju tagi.

Það vekur þó athygli að stór hluti skattanna er í formi virðisaukaskatts. Það virðist augljóslega óþörf áhætta að hafa svo stóra hluta tekjuöflunarkerfis ríkisins háðan þessu formi skattheimtu.

Framkvæmt skattkerfis.

BHMR dregur í efa að virkni þessa skattkerfis verði sem áætlað er. Launastefna ríkisins laðar ekki að þann mikla fjölda nýrra og hæfra starfsmanna sem framkvæmd kerfisins byggir á. Virðisaukaskattskerfið mun leiða til mikillar fjölgunar á gjaldendum, mörgum hverjum illa búnum til að taka við því, og það mun fela í sér þörf fyrir mjög aukinn mannafla við bókhald fyrirtækja, við eftirlit með bókhaldi og skattauppgjöri fyrirtækja og auka verulega heildareftirlitskostnað ríkisins. BHMR dregur í efa að unnt verði miðað við launakerfi ríkisstarfsmanna í dag að manna nauðsynlegar stöður í þessu sambandi. BHMR telur að fjármálaráðherra hafi einnig efasemdir um virkni kerfisins, þar sem hann áætlar að 22% skatt þurfi til að ná óbreyttri innheimtu.

Niðurstöður BHMR eru því eftirfarandi:

1. Einföldun á skattkerfi sem skapar meiri réttarvissu og rökréttara skattkerfi er af hinu góða.
2. Með virðisaukaskatti er afnumin margsköttun á sömu vöru og þjónustu sem BHMR telur einnig jákvæða breytingu.
3. Virðisaukaskattur jafnar skattalega stöðu hinna ýmsu greina efnahagsstarfseminnar sem einnig er heppilegt.
4. Skattaleg meðferð útflutningsgreina er auðveldari án þess að afstaða sé þar með tekin til þess hvort greinin sé skattlögð eða ekki.

5. Virðisaukaskattskerfið mun leiða til mikillar fjölgunar á gjaldendum, mörgum hverjum illa búnum til að taka við því, og það mun fela í sér þörf fyrir mjög aukinn mannafla við bókhald fyrirtækja.
6. BHMR telur að skattkerfisbreytingin muni auka verulega heildareftirlitskostnað ríkisins. BHMR dregur í efa að unnt verði miðað við launakerfi ríkisstarfsmanna í dag að manna nauðsynlegar stöður í þessu sambandi.
7. Torvelt — ef ekki ómögulegt — verður að hafa eftirlit með eigin neyslu eigenda fyrirtækja og launaígilda sem þeir kunna að greiða starfsmönnum sínum í formi vöru eða þjónustu.
8. Þar sem keðjan frá framleiðanda til neytanda í íslensku hagkerfi er oft stutt aukast líkur á því að þessir aðilar dragi virðisaukaskatt undan með kerfisbundnum hætti.
9. BHMR telur flestar undanþágur frá virðisaukaskatti skv. 2. gr. frumvarpsins eðlilegar nema fólksflutninga skv. 6. tölul., en réttlæting þess virðist óljós.
10. BHMR sér ástæðu til að taka fram að jákvæð afstaða Bandalagsins til einnar skattaprósentu í frumvarpinu byggir einkum á þeirri forsendu að félagslegum þörfum þegnanna verði mætt með hækkuðum fjölskyldubótum og niðurgreiðslum.

BHMR er þess vegna andvíg samþykkt þessa frumvarps eins og það liggur fyrir, einkanlega vegna efasemda um framkvæmd slíkra laga og neikvæðra félagslegra afleiðinga þess.

Fylgiskjal VIII.

Umsagnir Lögmannafélags Íslands um frumvarp til laga um virðisaukaskatt.

I.

(18. des. 1986.)

Á fundi laganefndar Lögmannafélags Íslands 15. des. sl. var m.a. rætt um frumvarp til laga um virðisaukaskatt. Svofelld bókun var gerð:

„Nefndin vísar til fyrri ályktana stjórnar LMFÍ í tilefni af hugmyndum stjórnvalda um að leggja söluskatt á þjónustu lögmanna. Með sömu rökum er laganefnd andvíg því að leggja virðisaukaskatt á þjónustuna.

Verði frumvarpið samþykkt óbreytt telur laganefnd að þjónusta lögmanna muni í vaxandi mæli færast til fyrirtækja og stofnana er hafa lögmenn í föstu starfi, en sú þróun er til þess fallin að grafa undan sjálfstæði lögmannastéttarinnar sem er einn af hyrningarsteinum réttarfars hér á landi. Að öðru leyti hefur nefndin ekki haft aðstöðu til að fjalla almennt um frumvarpið en það er viðamikið."

Á fundi stjórnar félagsins í gær var eftirgreind bókun gerð:

„Stjórnin er sammála athugasemdum laganefndar um frumvarp til laga um virðisaukaskatt og telur rétt að kynna þær Alþingi án tafar ásamt afriti af bréfi félagsins til fjármálaráðherra frá 19. sept. 1985, enda mun af hálfu stjórnvalda stefnt að því að afgreiða umrætt frumvarp sem fyrst. Þá bendir stjórnin á að verði frumvarpið að lögum óbreytt hefði það óhjákvæmilega í för með sér verðhækkun á ýmsum nauðsynjavörum og algengri þjónustu. Kostnaður vegna aukinnar vinnu við bókhald og uppgjör leiddi til hækkunar á verði vöru og þjónustu til viðbótar við þá hækkun sem álagning virðisaukaskattsins hefði í för með sér."

Þetta tilkynnist yður hér með. Hjálagt fylgir afrit af bréfi Lögmannafélags Íslands til fjármálaráðherra frá 19. sept. 1985.

Hafþór Ingi Jónsson
framkvæmdastjóri.

II.
(19. sept. 1985.)

Á fundi stjórnar Lögmannafélags Íslands í gær var svohljóðandi ályktun samþykkt:

„Í fréttum fjölmiðla hefur nú verið frá því greint að stjórnvöld hugi að tekjuöflun í ríkissjóð með því að gera starfandi lögmönnum að innheimta söluskatt af þjónustu sinni.

Af þessu tilefni bendir stjórn Lögmannafélags Íslands á að skattur þessi, ef lögleiddur yrði, myndi í ríkum mæli verða greiddur af fólki sem síður hefur bolmagn til að standa undir þungum skattgreiðslum heldur en aðrir. Má þar aðallega nefna til fólk sem ekki hefur getað staðið í skilum með greiðslur fjárkrafna sem á því hvíla. Umtalsverður hluti starfa lögmanna fer í að krefja slíkt fólk um greiðslur og fylgja kröfunum eftir fyrir dómstólum. Borgar það þá auðvitað jafnan allan vanskilakostnað, þar með talda lögmannsþóknun. Liggur nærri að ætla að í því felist tvískinnungur að styðja þetta fólk fjárhagslega, svo sem gert hefur verið vegna erfiðleika þess, en skattleggja það svo einnig vegna hinna sömu erfiðleika.

Einnig skal bent á að allmikill hluti þeirra sem lögmenn þjóna er fólk, sem á við einhverja sérstaka erfiðleika að stríða, annaðhvort fjárhagsleg eða annars konar, og leitar einmitt til lögmanns vegna þeirra. Má þar nefna t.d. hjón sem eru að skilja, erfingja látins manns, slasað fólk o.fl. Þetta yrðu að stórum hluta skattgreiðendurnir ef fyrrgreindum hugmyndum yrði hrundið í framkvæmd.

Stjórn LMFÍ telur það skyldu sína að vekja athygli fjármálaráðherra á ofangreindum staðreyndum svo að hann megi sem gerst um fjalla."

Þetta tilkynnist yður hér með, herra fjármálaráðherra.

Jón Steinar Gunnlaugsson
formaður.

Nd. 1138. Breytingartillögur [431. mál]

við frv. til l. um virðisaukaskatt.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Við 2. gr. 4. tölul. 3. mgr. orðist svo: Menningarstarfsemi samkvæmt nánari skilgreiningu í reglugerð að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið og samtök listamanna.
2. Við 2. gr. bætist nýr töluliður svohljóðandi:
   16. Sala bóka.
3. Við 5. tölul. 3. gr. bætist: þó ekki þeim sem bjóða upp listmuni.
4. Við 1. mgr. 12. gr. bætist nýr töluliður sem hér segir:
   10. Sala á matvörum.

Sþ. 1139. Tillaga til þingsályktunar [523. mál]

um að tryggja kaupmátt launa.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Geir Gunnarsson, Guðrún Helgadóttir, Hjörleifur Guttormsson, Margrét Frímannsdóttir, Skúli Alexandersson, Svavar Gestsson, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að ríkisstjórnin skuli við meðferð efnahagsmála í sumar tryggja að kaupmáttur almennra umsaminna launa haldist óskertur.

Greinargerð.

Þrátt fyrir ítrekaðar kröfur hefur ríkisstjórnin engu svarað Alþingi um það hvað hún hyggist fyrir í efnahagsmálum. Forsætisráðherra hefur hafnað tilboði stjórnarandstöðunnar um að Alþingi starfi áfram og taki á efnahagsvandanum.

Stjórnarþingmenn og jafnvel ráðherrar tala opinskátt í fjölmiðlum um yfirvofandi gengisfellingu og kjaraskerðingu.

Það er eindregin skoðun Alþýðubandalagsins að við þessar aðstæður eigi Alþingi að starfa áfram en ríkisstjórnin hefur virt að vettugi þá eðlilegu þingræðiskröfu.

Alþýðubandalagið vill með flutningi þessarar tillögu ítreka þá stefnu sína að brýnast alls sé að tryggja að ríkisstjórnin komi ekki aftan að launafólki með kjaraskerðingu þegar búið er að senda þingið heim.

Fylgiskjal.

Bréf þingflokks Alþýðubandalagsins til Þorsteins Pálssonar forsætisráðherra.
(9. maí 1988.)

Þingflokkur Alþýðubandalagsins telur það ófremdarástand, sem nú ríkir í atvinnulífi og efnahagsmálum landsmanna, sanna svo að ekki verður um villst að stjórn þeirra mála hefur gersamlega mistekist og að stjórnarstefnan er röng. Hvarvetna í þjóðfélaginu er nú krafist breytinga og stjórnarliðar sjálfir tala opinskátt um að grípa eigi til efnahagsaðgerða. Þingflokkur Alþýðubandalagsins fer því fram á að ríkisstjórnin geri Alþingi, áður en það lýkur störfum, undanbragðalaust grein fyrir því hvort efnahagsráðstafanir séu í aðsigi og þá hverjar þær séu.

Í ljósi þessara aðstæðna telur þingflokkur Alþýðubandalagsins einsýnt að Alþingi starfi áfram en geri, ef þurfa þykir, hlé á fundum sínum í nokkra daga. Á Alþingi verði síðan rætt um aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum og þær afgreiddar þar eins og eðlilegast er. Þingflokkurinn lýsir sig reiðubúinn til viðræðna um nánari tilhögun þinghaldsins svo að af þessu megi verða. Einnig er óskað svara ríkisstjórnarinnar um þetta efni.

Sé það hins vegar ætlun ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans að slíta þingi næstu daga án þess að svara neinu til um þær aðgerðir sem í vændum kunna að vera vill þingflokkur Alþýðubandalagsins mótmæla því sérstaklega. Þingflokkurinn mun þá beita sér fyrir því að Alþingi geri, áður en það lýkur störfum, ráðstafanir til að hugsanlegar aðgerðir ríkisstjórnar-

innar skerði ekki lífskjör launafólks. Þetta verði m.a. gert með því að verðtryggja laun ef gengið verður fellt.

Þess verður óskað við forseta sameinaðs þings að efni bréfs þessa og spurningar, sem í því felast, komi til umræðu utan dagskrár á fundi sameinaðs þings síðar í dag.

Steingrímur J. Sigfússon.

Nd. 1140. Breytingartillögur [431. mál]

við frv. til l. um virðisaukaskatt.

Frá Þórhildi Þorleifsdóttur, Kristínu Einarsdóttur, Málmfríði Sigurðardóttur og Kristínu Halldórsdóttur.

1. 1. málsl. 1. mgr. 2. gr. orðist svo:
   Skattskyldan nær til allra vara og verðmæta, nýrra og notaðra, nema matvöru sem er undanþegin virðisaukaskatti.
2. 4. tölul. 3. mgr. 2. gr. orðist svo: Menningarstarfsemi, m.a. rekstur safna og bókasafna, tónleikahald, óperu- og leiksýningar svo og gerð og sýningar íslenskra kvikmynda.
3. Á eftir 12. tölul. 3. mgr. 2. gr. komi nýr töluliður, 13. tölul., sem orðist svo: Útgáfa bóka á íslensku.

Nd. 1141. Lög [360. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

(Afgreidd frá Nd. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 1047.

Nd. 1142. Nefndarálit [466. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um skipulag ferðamála, nr. 79 2. júlí 1985.

Frá samgöngunefnd.

Eftirtaldir hafa komið á fundi nefndarinnar við afgreiðslu málsins: Birgir Þorgilsson ferðamálastjóri og Kjartan Lárusson, forstjóri Ferðaskrifstofu ríkisins.

Nefndin hefur orðið sammála um breytingu á frumvarpinu sem prentuð er á sérstöku þingskjali. Þá hefur nefndin einnig orðið sammála um eftirfarandi:

Með orðalagi 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins um „forkaupsrétt starfsmanna“ er að áliti nefndarinnar átt við fastráðna starfsmenn fyrirtækisins svo og hótelstjóra Edduhótelanna.

Alþingi, 10. maí 1988.

Ólafur Þ. Þórðarson, form., frsm.	Málmfríður Sigurðardóttir, fundaskr.	Valdimar Indriðason.
Guðni Ágústsson.	Ingi Björn Albertsson.	Árni Gunnarsson.

Eggert Haukdal.

Nd. 1143. Breytingartillaga [466. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um skipan ferðamála, nr. 79 2. júlí 1985.

Frá samgöngunefnd.

2. málsl. 2. gr. orðist svo: Taki þeir starfinu skulu ákvæði 14. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, ekki ná til þeirra starfsmanna Ferðaskrifstofu ríkisins sem njóta nú lögkjara samkvæmt þeim lögum.

Sþ. 1144. Nefndarálit [355. mál]

um till. til þál. um haf- og fiskirannsóknir.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og mælir með samþykkt hennar svo

BREYTTRAR:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að efla starfsemi Hafrannsóknastofnunar á grundvelli áætlunar stofnunarinnar um haf- og fiskirannsóknir 1988–1992.

Einkum skal við það miðað að gera stofnuninni mögulegt að auka rannsóknir á vistkerfi íslenska hafsvæðisins og eldi sjávarlífvera.

Alþingi, 10. maí 1988.

Valgerður Sverrisdóttir, form., frsm.	Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, fundaskr.	Guðmundur H. Garðarsson.
Geir Gunnarsson.	Jón Sæmundur Sigurjónsson.	Eggert Haukdal.

Ólafur Þ. Þórðarson.

Ed. 1145. Nefndarálit [405. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um lax- og silungsveiði, nr. 76 25. júní 1970.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta felur í sér heimild til innflutnings á gleráli til ræktunar hérlendis. Eins og þær álitsgerðir, sem fylgja málinu, bera með sér eru ekki fyrir hendi þær aðstæður hér á landi sem tryggja að ekki berist sjúkdómar með slíkum innflutningi. Þess vegna getur nefndin að svo komnu máli ekki lagt til að frumvarpið verði samþykkt.

Nefndin telur hins vegar nauðsynlegt að fylgst sé með hvernig þessi mál þróast, bæði hvað varðar innflutning á gleráli milli landa og eins hugsanlega ræktun hans.

Enn fremur bendir nefndin á að mikilvægt er að rannsóknir á áli hér á landi verði stórefldar, m.a. með tilliti til útbreiðslu og nýtingar stofnsins.

Í trausti þess að ríkisstjórnin vinni að málinu á grundvelli þess sem að framan er greint leggur nefndin til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 10. maí 1988.

Egill Jónsson, form., frsm.	Danfríður Skarphéðinsdóttir, fundaskr.	Valgerður Sverrisdóttir.
Skúli Alexandersson.	Karvel Pálmason.	Þorv. Garðar Kristjánsson.
	Stefán Guðmundsson.	

Fylgiskjal I.

Veiðimálastofnun:

Athugasemdir vegna innflutnings á gleráli.

Markaðsmál: Á árinu 1985 var neysla á áli í Evrópu um 25 000 tonn, þar af komu 7000 tonn frá álaeldi. Mikil eftirspurn er eftir áli og gert er ráð fyrir að auka megi framboð verulega. Á árinu 1985 var verð á 150 g áli 45 danskar kr. hvert kg og 400 g áli 65 danskar kr. kílógrammið. (Fish Farming International 1986, 13(10).)

Arðsemi: Upp úr 1980 hófst tilraunaeldi með ál í Noregi. Árangur þessara tilrauna var neikvæður, ekki var séð fram á að hægt væri að ná hagnaði. (Norsk Fiskeoppdrett 1982, 7(5%): 16–21.) Í Danmörku eru hlutfallslega mjög fáar álaeldisstöðvar reknar með hagnaði. (Nordisk Vannkultur 1986 (Nr. 6/7): 46–47). Á meginlandi Evrópu er álaeldi aðallega sunnan til þar sem allar aðstæður til álaeldis eru hagstæðari. Fjármagnskostnaður er mun minni þar sem állinn er alinn í ódýrum tjörnum, einnig er öll vinna mun einfaldari. Í Norður-Evrópu þarf að byggja dýr mannvirki og endurnota og hreinsa sama vatnið til að halda orkukostnaðinum niðri. Í Norður-Evrópu er heitt vatn oftast fengið frá stóriðju. Hér á landi er bent á að ódýrt heitt jarðvatn fáist. Það skal hafa í huga að heitt vatn hér á landi er dýrt og að í erlendum álaeldisstöðvum, sem endurnota vatnið, er orkukostnaður hlutfallslega lágur vegna endurnotkunar. Einnig skal bent á meiri flutningskostnað hér á landi, bæði á gleráli til landsins og útflutningi til Evrópu.

Sjúkdómar: Ekki er vitað til að álaeldi, eins og gert er ráð fyrir að stundað verði hér, sé hagkvæmt þó að nokkrar stöðvar hafi sýnt hagnað í góðæri, og er því ekki réttlætanlegt að taka áhættu með innflutning á álalirfum. Bent skal einnig á að margir fiskeldismenn eru mótfallnir innflutningi á álalirfum þar sem hætta er á að állinn flytji inn sjúkdóma sem gætu valdið stóráföllum í laxeldi hér á landi. Vitað er að álalirfur, sem fluttar yrðu frá Evrópu, gætu borið með sér ýmsa skaðlega sjúkdóma sem einnig hrjá laxfiska. Slíkur flutningur bar m.a. veirusjúkdóminn IPN til Svíþjóðar. Sú veira hefur ekki fundist hér á landi og það gæti haft afdrifaríkar afleiðingar ef hún bærist hingað.

Veiðar og eldi á íslenskum áli: Áður en farið er í innflutning á gleráli er nauðsynlegt að kanna möguleika á að veiða glerál hér við land. Tilraunaveiðar fyrir nokkrum árum bentu til þess að magn gleráls hér við land væri fremur lítið, að minnsta kosti sum ár. Hins vegar er sá

möguleiki fyrir hendi að veiða gulál, ál sem hefur dvalist eitt til tvö ár í fersku vatni. Það ætti fljótlega að koma í ljós hvort veiðar á gleráli eða guláli hér á landi væri raunhæfur möguleiki til að koma upp álaeldi. Einnig fengist þekking á slíku eldi og meiri vitneskja um hvort það væri hagkvæmt hér. Það má einnig benda á að veiðar og eldi á guláli er m.a. nýbyrjað í einni álaeldisstöð í Noregi. Til að kanna möguleika álaeldis hérlendis þarf hið opinbera að leggja fram fé til rannsókna á veiðum á áli og styðja við bakið á þeim sem hug hafa á að fara út í slíkt eldi.

Niðurstöður: Þar sem óvíst er um arðsemi álaeldis hér á landi er ekki réttlætanlegt að taka áhættu með að flytja ár eftir ár álalirfur inn í landið. Skynsamlegra er að hlúa að því laxeldi sem fyrir er og stofna því ekki í hættu með innflutningi á álalirfum.

Reykjavík, 2. maí 1988.

Árni Ísaksson. *Valdimar Gunnarsson.*

Fylgiskjal II.

Tilraunastöð Háskólans í meinafræði:

Innflutningur á gleráli.
(Kynnt á fundi fisksjúkdómanefndar 28. apríl 1988.)

1. Talsverð hætta er á að sjúkdómar hættulegir laxfiskum berist með innflutningi á gleráli til landsins.
   a. Hætta á innflutningi á sjúkdómum fylgir öllum flutningi á dýrum milli landa og höfum við Íslendingar langa reynslu af því.
   b. Þessi hætta er enn þá meiri í tilfelli glerála vegna þess að þeir eru upprunnir úr villtu umhverfi þar sem vitað er að smit er fyrir hendi.
   c. Ekki er hægt að tryggja að glerálarnir séu smitlausir. Sýnatökuaðferðir byggjast á tölfræðilegum líkum á því að finna tiltekið smitmagn í ákveðnum hópi. Þar sem um lítið smitmagn er að ræða verða aðferðirnar óöruggari.
   d. Þeir glerálar sem hér um ræðir eru hættulegri heldur en glerálar sem koma hingað við eðlilegar göngur vegna þess að þeir eru fangaðir í vatnakerfum erlendis þar sem vitað er að smit er fyrir hendi.
   e. Áll tímgast ekki undir manna höndum og þess vegna þarf að flytja inn glerál á hverju ári ef hefja á álaeldi. Þetta gerir það að verkum að við verðum í stöðugri hættu og reynslan er sú að hætta er á að fyrr eða síðar berist einhverjir sjúkdómar til landsins vegna slíks innflutnings.
   f. Miklar breytingar geta orðið á sjúkdómsástandi erlendis á stuttum tíma og eykur það á óöryggi.
   g. Glerállinn er mun varhugaverðari heldur en innflutt laxahrogn sem eru sótthreinsuð og undan fiski sem er rannsakaður og telst ósýktur eða eldisfiskur sem alinn hefur verið undir heilbrigðiseftirliti allt sitt líf.

2. Þó að hægt sé að draga úr líkum á því að sýklar berist úr innfluttum gleráli í einangrunarstöð í laxfiska er hættan eftir sem áður fyrir hendi.
3. Nýir sjúkdómar, sérstaklega veirusjúkdómar, geta haft veruleg áhrif á efnahag fiskeldisstöðva, uppbyggingu eldis á laxfiskum og jafnvel laxveiðar hér á landi.
   a. Ekki hafa enn verið einangraðar veirur í íslenskum laxfiskum. Þetta gefur fiskeldi mikla sérstöðu.
   b. Veirusýkingar eru mjög erfiðar viðfangs vegna þess að fúkalyf duga ekki gegn þeim og bóluefni eru ekki til gegn þeim veirum sem skapa þá hættu sem hér um ræðir.
   c. Þær veirur, sem hættulegastar eru og hugsanlega gætu borist til landsins, geta falist inni í hrognum og gerir það baráttuna gegn þeim enn þá erfiðari því að þá dugir ekki að sótthreinsa hrogn fyrir dreifingu.
4. Ef innflutningur yrði leyfður þarf að auka viðbúnað fisksjúkdómayfirvalda gífurlega, bæði vegna aukins eftirlits og eins til þess að geta tekist á við ný vandamál sem álaeldi og innflutningi sjúkdóma væri samfara.
   a. Í dag tekst fisksjúkdómayfirvöldum rétt að halda í horfinu hvað varðar heilbrigðiseftirlit og sjúkdómavarnir þær sem þegar eru stundaðar og eru vart betri annars staðar.
   b. Miðað við aukið umfang fiskeldis í landinu þarf þess vegna nú þegar að bæta aðstöðu og starfskraft við heilbrigðiseftirlit og fisksjúkdómavarnir. Innflutningur á gleráli mun því óumflýjanlega dreifa kröftum þeirra starfsmanna sem nú hafa öðlast reynslu á þessu sviði.
5. Undirritaðir vita ekki til þess eins og sakir standa að álaeldi sé stundað erlendis á þann hátt sem ætlun er að stunda það hér á landi, í þeim mæli að hagkvæmt sé og réttlætt geti þá áhættu sem tekin er á innflutningi sjúkdóma. Erfitt er að meta hver hagkvæmni yrði við íslenskar aðstæður.
   a. Stofnkostnaður er mikill hvort sem litið er til endurnotkunar vatns eða sóttvarna.
   b. Þau svæði, sem hugsanlegt væri að flytja glerálinn frá, hefðu einokunaraðstöðu hvað varðar innflutning til Íslands.
   c. Forsendur hvað varðar sjúkdóma á þessum svæðum geta breyst fyrirvaralaust og hvert á þá að leita? Á að taka meiri áhættu eða á að stöðva starfsemina?
   d. Næsta víst er að fyrr en seinna munu sýklar, sem hættulegir geta reynst laxfiskum, berast með innfluttum gleráli til landsins. Þá þyrfti e.t.v. að eyða heilum árgangi ála úr stöðinni og hún orðið óstarfhæf um lengri eða skemmri tíma.
6. Rétt er undir þessum kringumstæðum að huga að því hvar skaðabótaábyrgð væri ef slys hlytist af innflutningi á gleráli.
   a. Ef smit berst til landsins með gleráli hver er þá ábyrgur fyrir þeim skaða sem af gæti hlotist?
   b. Hver bætir skaðann ef hann er hægt að bæta? Innflytjandinn? Hið opinbera?
   c. Rétt er að benda á dóm sem féll nýlega í Noregi þar sem hið opinbera var dæmt til þess að greiða fiskeldisbændum skaðabætur vegna kýlaveikismits sem varð af löglegum innflutningi á laxaseiðum frá Bretlandi sem áttu að vera samkvæmt vottorði laus við kýlaveiki. Væntanlegur innflutningur á gleráli yrði frá Bretlandi.

Sigurður Helgason. *Árni M. Mathiesen.*

Fylgiskjal III.

Til þingmanna í landbúnaðarnefnd efri deildar.
(4. apríl 1988.)

Ég leyfi mér að senda ykkur ljósrit af niðurstöðum í skýrslu Franks Mincks, cand. scient., sem starfar hjá *Dansk Akvakultur Institut* sem er ein kunnasta stofnun Evrópu á sviði rannsókna á eldisfiski. Frank Minck hefur meiri reynslu af álaeldi og rannsóknum á áli en nokkur þeirra manna sem um þetta mál hefur fjallað hér á landi. Hann segir réttilega að aldrei sé hægt að tryggja fullkomlega að ekki berist smitsjúkdómar með áli. En hann bendir á leiðir sem komi í veg fyrir þessa hættu og niðurstöður hans ganga þvert á fullyrðingar þeirra íslensku fræðimanna sem hafa látið álit sitt í ljós. Ég læt einnig fylgja ljósrit af bréfi frá *Bristol Channel Fisheries* þar sem þeir kynna nýja aðferð við einangrun áls áður en að útflutningi kemur sem er enn ein trygging fyrir því að smitsjúkdómar berist ekki með þessum fiski.

Rétt er að taka það fram að innflutningur á áli er heimilaður í langflestum löndum Evrópu þar sem hann er á annað borð tekinn til eldis. Fullyrðingar Veiðimálastofnunar um að eldi á áli sé ekki arðbært eru út í hött og byggjast á röngum forsendum, þ.e. tilraunum þar sem notað var affallsvatn frá verksmiðjum sem þurfti að súrefnisbæta með gífurlegum tilkostnaði.

Ísáll hf. á mikið af gögnum um álarækt, svo og skýrslur og athuganir sem gerðar hafa verið fyrir félagið. Nefndarmönnum stendur til boða að skoða þessi gögn.

Undirritaður er einnig tilbúinn að koma á nefndarfund hvenær sem er.

Með góðum kveðjum,

Árni Gunnarsson.

Niðurstöður í skýrslu Franks Mincks.

4. VARNARAÐGERÐIR GEGN DREIFINGU SJÚKDÓMA

Við innflutning á gleráli, sem veiddur er í náttúrunni, er útilokað að hægt sé að fullyrða að þeir séu lausir við smitsjúkdóma, m.a. vegna þess að þeir eru einungis stuttan tíma í eldi áður en þeir eru fluttir út.

Af þeim sökum er nauðsynlegt að viðhafðar séu varúðarráðstafanir til að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Verndun þeirra fiskstofna, sem fyrir eru, gegn sjúkdómum sem ekki eru fyrir í stofnunum.
2. Verndun þeirra ála sem fyrir eru í eldi og eru lausir við sjúkdóma.

Eftirfarandi aðgerðir skulu gerðar og munu þær minnka þá hættu sem er samfara innflutningi á lifandi fiski:

a. Innflutningur á gleráli skal aðeins vera frá stöðum þar sem lýst hefur verið yfir að ekki séu fyrir smitandi sjúkdómar.
b. Áður en innflutningur á sér stað skulu glerálarnir rannsakaðir.

c. Glerálar, sem fluttir hafa verið inn, skulu settir í einangrun í sóttkví að lágmarki í hálft ár. Á þeim tíma skal állinn rannsakaður með tilliti til þess hvort um smitsjúkdóma sé að ræða.
d. Glerállinn skal tekinn til meðferðar með sjúkdómsverjandi lyfjum gegn sníkjudýrum.
e. Hluti af eldisstöðinni, sem notuð er sem sóttkví, skal hafður með endurnýtingu á vatni. Þetta eykur líkurnar á að smit í álunum magnist sé um smitsjúkdóma að ræða.
f. Hverri sendingu af gleráli, sem flutt er inn, skal haldið algjörlega aðskilinni frá öðrum yfir allan þann tíma sem állinn er í sóttkví.
g. Hluta af frárennsli stöðvarinnar skal leiða gegnum ker með urriða- eða laxaseiðum sem eru rannsökuð reglulega með tilliti til sjúkdóma, sjá kafla 3.
h. Allt frárennsli skal sótthreinsa í sérstakri stöð með klóri eða natríumlút (pH = 10).
i. Hið sótthreinsaða frárennsli skal leiða um lokaðar leiðslur beint í sjó.
j. Sóttkví skal vera fjarri öðrum fiskeldisstöðvum.
k. Starfsmenn skulu ekki vinna í öðrum eldisstöðvum á sama tíma.

5. NIÐURSTAÐA

Reynslan af álaeldi í stöðvum með endurnotkun á vatni hefur sýnt að veirusjúkdómar hafa ekki verið vandamál jafnvel þótt framleiðslan byggist á stöðugum innflutningi á gleráli sem veiddur er í náttúrunni. Fljótt á litið má álykta að smithætta sé mikil en rannsóknir hafa sýnt að áll ber sjaldan með sér veirusjúkdóma og auk þess er álaveira ekki smitandi fyrir urriða.

Reynslan af bakteríusjúkdómum sýnir einnig að sýkingar í áli í fersku vatni eru sjaldgæfar og einnig að þeir verða fljótlega ónæmir fyrir venjulegum sjúkdómsvaldandi bakteríum.

Sníkjudýr valda aftur á móti vandamálum í stöðvum með endurnotkun á vatni en í urriðaeldi eru þekktar nokkrar aðferðir gegn þeim sem bæði eru notaðar til fyrirbyggjandi aðgerða og til lækninga.

Strangt eftirlit með smitsjúkdómum á innfluttum gleráli, einangrun í sóttkvíum, sótthreinsun á frárennsli og að það sé leitt beint á haf út eru nokkrar af þeim varúðarráðstöfunum sem gefa besta vörn gegn dreifingu á smitsjúkdómum til staða, þar sem eldi á laxi eða urriða er þegar fyrir hendi, og til náttúrlegra fiskstofna.

Nd. 1146. Nefndarálit [477. mál]

um frv. til l. um breyt. á þinglýsingalögum, nr. 39 10. maí 1978.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.
Óli Þ. Guðbjartsson var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. maí 1988.

Ólafur G. Einarsson, form.	Jón Kristjánsson, frsm.	Sighvatur Björgvinsson.
Guðni Ágústsson.	Geir Gunnarsson.	Valdimar Indriðason.

Ed. 1147. Lög [126. mál]

um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 906.

Nd. 1148. Frumvarp til laga [468. mál]

um breytingu á lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 10. maí.)

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Í þeim kaupstöðum og á þeim sýslusvæðum, þar sem viðurkenndar fólksbifreiðastöðvar eru starfandi, er öllum óheimill leiguakstur á fólksbifreiðum utan stöðvar eða frá stöð sem eigi er viðurkennd.

2. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Í þeim kaupstöðum og á þeim sýslusvæðum, þar sem viðurkenndar sendiferðabifreiðastöðvar eru starfandi, er öllum óheimill leiguakstur á sendiferðabifreiðum utan stöðvar eða frá stöð sem eigi er viðurkennd.

3. gr.

1. málsl. 5. gr. laganna orðist svo:

Í þeim kaupstöðum og á þeim sýslusvæðum, þar sem viðurkennd vörubifreiðastöð er starfandi, er öllum óheimill leiguakstur á vörubifreiðum utan stöðvar eða frá stöð sem eigi er viðurkennd.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1988.

Ed. 1149. Lög [468. mál]

um breytingu á lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 1148.

Ed. 1150. Lög [469. mál]

um breytingu á lögum um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20 30. apríl 1986.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 1020.

Ed. 1151. Lög [370. mál]

um breytingu á vegalögum, nr. 6 frá 25. mars 1977.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 702.

Nd. 1152. Frumvarp til laga [466. mál]

um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 79 2. júlí 1985.

(Eftir 2. umr. í Nd., 10. maí.)

1. gr.

9. gr. orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að beita sér fyrir stofnun hlutafélags er taki við núverandi rekstri Ferðaskrifstofu ríkisins og annist félagið fyrirgreiðslu og skipulagningu ferða fyrir íslenska og erlenda ferðamenn. Heiti félagsins verði Ferðaskrifstofa Íslands hf. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt:

a. Að leggja allar eignir og fylgifé Ferðaskrifstofu ríkisins til hins nýja hlutafélags og skal þá hafa hliðsjón af mati sem framkvæma skal á eignum fyrirtækisins, þar með talin viðskiptavild.
b. Að ákveða fjárhæð einstakra hluta með það í huga að einstaklingar geti keypt hlut í félaginu.
c. Að selja ⅔ af hlutafé ríkissjóðs í fyrirtækinu.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög, nr. 32 12. maí 1978, gildir ekki um tölu stofnenda hlutafélagsins.

Starfsmenn Ferðaskrifstofu ríkisins skulu eiga forkaupsrétt að hlutafénu, enda náist samkomulag um verð og greiðsluskilmála.

2. gr.

10. gr. orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að semja um að hlutafélag, sem tekur við rekstri fyrirtækisins skv. 9. gr., skuli gefa fastráðnu starfsfólki Ferðaskrifstofu ríkisins kost á sambærilegum störfum. Taki þeir starfinu skulu ákvæði 14. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, ekki ná til þeirra starfsmanna Ferðaskrifstofu ríkisins sem njóta nú lögkjara samkvæmt þeim lögum.

3. gr.

11. gr. orðist svo:

Samgönguráðherra annast fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning og stofnun hlutafélags skv. 9. gr. og fer með eignarhlut ríkisins í hinu nýja félagi, þar með talda sölu hlutabréfa.

4. gr.

12. og 13. gr. falli brott. Greinatala breytist samkvæmt þessu.

5. gr.

1. málsl. 1. mgr. 22. gr. laganna falli brott.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan ákvæði 9.–11. gr. hafa ekki komið til framkvæmda skal III. kafli laganna um skipulag ferðamála, nr. 60 31. maí 1976, halda gildi sínu um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Nd. 1153. Breytingartillaga [466. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um skipulag ferðamála, nr. 79/1985.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Aftan við frumvarpið bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Samgönguráðherra skal beita sér fyrir því áður en sala á eignarhlut ríkisins í Ferðaskrifstofu Íslands hf. fer fram, sbr. 1. gr., að mynduð verði samtök starfsmanna fyrirtækisins til að fara með væntanlegan eignarhlut.

Nd. 1154. Lög [477. mál]

um breyting á þinglýsingalögum, nr. 39 10. maí 1978.

(Afgreidd frá Nd. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 827.

Nd. 1155. Lög [441. mál]

um breyting á ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976.

(Afgreidd frá Nd. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 791.

Nd. **1156. Lög** [434. mál]

um breyting á lögum nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 784.

Nd. **1157. Lög** [431. mál]

um virðisaukaskatt.

(Afgreidd frá Nd. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 1038.

Nd. **1158. Lög** [285. mál]

um heimild til að selja hluta ríkisjarðarinnar Þóroddsstaðar í Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

(Afgreidd frá Nd. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 586.

Ed. **1159. Lög** [466. mál]

um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, nr. 79 2. júlí 1985.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 1152.

Sþ. **1160. Þingsályktun** [90. mál]

um björgunarþyrlu.

(Afgreidd frá Sþ. 11. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera athugun á kostnaði við kaup og rekstur á björgunarþyrlu af bestu fáanlegri gerð fyrir Landhelgisgæsluna.

Sþ. 1161. Þingsályktun [23. mál]

um einnota umbúðir.

(Afgreidd frá Sþ. 11. maí.)

Samhljóða þskj. 23.

Sþ. 1162. Þingsályktun [117. mál]

um athugun á flugfargjöldum.

(Afgreidd frá Sþ. 11. maí.)

Samhljóða þskj. 121.

Sþ. 1163. Þingsályktun [384. mál]

um stefnu Íslendinga gagnvart Evrópubandalaginu.

(Afgreidd frá Sþ. 11. maí.)

Alþingi ályktar að kjósa hlutbundinni kosningu nefnd níu alþingismanna til þess að taka til sérstakrar athugunar þá þróun sem fyrir dyrum stendur í Evrópu, einkanlega með tilliti til ákvörðunar Evrópubandalagsins um sameiginlegan innri markað.

Nefndin skal kanna áhrif þessara ákvarðana og líklegrar þróunar í Evrópu á íslenskt efnahagslíf og meta þær leiðir sem álitlegastar eru til þess að laga íslenskt efnahags- og atvinnulíf að þeim breytingum sem fram undan eru. Í starfi sínu skal nefndin hafa samráð við samtök atvinnulífsins. Nefndin skili skýrslu um athuganir sínar og tillögur fyrir 1. apríl 1989.

Sþ. 1164. Þingsályktun [368. mál]

um samvinnu Íslands, Færeyja og Grænlands á sviði markaðsmála og viðskipta.

(Afgreidd frá Sþ. 11. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samráði við Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins að láta kanna hvernig unnt sé að auka samstarf og samvinnu Íslendinga, Færeyinga og Grænlendinga á sviði markaðsmála og viðskipta. Sérstaklega verði athugað hvernig þjóðirnar, með auknu samstarfi og bættum samgöngum sín í milli, geti styrkt stöðu útflutningsstarfsemi sinnar og aukið innbyrðis viðskipti.

Endanlegar niðurstöður þessara athugana skulu lagðar fyrir Alþingi í formi skýrslu fyrir árslok 1988 en bráðabirgðaniðurstöður unnar fyrir mitt sumar fyrir Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins.

Sþ. 1165. Þingsályktun [165. mál]

um legu Vesturlandsvegar um Hvalfjörð.

(Afgreidd frá Sþ. 11. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna hvort hagkvæmt sé að gera göng undir Hvalfjörð eða brú í fjarðarmynni.

Sþ. 1166. Þingsályktun [32. mál]

um notkun síma í bifreiðum.

(Afgreidd frá Sþ. 11. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því að settar verði almennar reglur um notkun farsíma í ökutækjum hér á landi og þær kynntar ökumönnum og við ökukennslu.

Sþ. 1167. Þingsályktun [394. mál]

um ráðstafanir til að lækka raforkukostnað í gróðurhúsum.

(Afgreidd frá Sþ. 11. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því við stjórnir Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins að garðyrkjubændum verði gefinn kostur á hagkvæmari kaupum á raforku en nú er til lýsingar í gróðurhúsum í því skyni að styrkja samkeppnisaðstöðu innlendrar ylræktar gagnvart innflutningi.

Sþ. 1168. Þingsályktun [76. mál]

um eflingu skógræktar á Fljótsdalshéraði.

(Afgreidd frá Sþ. 11. maí.)

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að láta semja tíu ára áætlun um eflingu skógræktar á Fljótsdalshéraði. Áætlunin skal taka til eftirfarandi atriða:

a. ræktunar nytjaskóga,
b. viðhalds og hirðingar skóglendis sem fyrir er,
c. flutnings aðalstöðva Skógræktar ríkisins á Fljótsdalshérað.

Við gerð áætlunarinnar um ræktun nytjaskóga og hirðingu skóglendis skal höfð samvinna við Skógrækt ríkisins, Búnaðarsamband Austurlands og skipulagsstjóra ríkisins. Miðað skal við að flutningur aðalstöðva Skógræktar ríkisins verði í áföngum í samráði við skógræktarstjóra og starfsmenn stofnunarinnar.

Sþ. 1169. Þingsályktun [147. mál]

um setningu laga eða reglna um skoðanakannanir.

(Afgreidd frá Sþ. 11. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er kanni hvort rétt sé að setja lög eða koma á reglum um skoðanakannanir.

Nefndin skal jafnframt kanna hvort fullnægjandi sé að koma á fót samstarfi þeirra sem fást við gerð skoðanakannana og tryggja að þeir setji sér starfs- og siðareglur sem eftir verði farið án þess að lagasetning komi til.

Sþ. 1170. Þingsályktun [142. mál]

um könnun á launavinnu framhaldsskólanema.

(Afgreidd frá Sþ. 11. maí.)

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta kanna í náinni samvinnu við framhaldsskólana hvernig háttað sé vinnu framhaldsskólanema með námi. Kannaður verði vinnutími, kjör og réttindi, ástæður þess að nemendur taka að sér launuð störf með námi og hugsanleg áhrif vinnu á ástundun og námsárangur.

Sþ. 1171. Þingsályktun [139. mál]

um íþróttir, æskulýðs- og tómstundastarfsemi.

(Afgreidd frá Sþ. 11. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna áhrif og mikilvægi íþrótta, æskulýðs- og tómstundastarfsemi.

Leitað verði samstarfs við íþróttahreyfinguna um mótun íþróttastefnu til ársins 2000.

Sþ. 1172. Þingsályktun [66. mál]

um dreifingu sjónvarps og útvarps.

(Afgreidd frá Sþ. 11. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar gera kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um að útsendingar Ríkisútvarpsins, þ.e. hljóðvarps og sjónvarps, náist hvar sem er á landinu og á helstu fiskimiðum við landið.

Áætlunin miðist við að hægt verði að framkvæma þetta verkefni fyrir árslok 1991.

Sþ. 1173. Þingsályktun [185. mál]

um hávaðamengun.

(Afgreidd frá Sþ. 11. maí.)

Samhljóða þskj. 208.

Sþ. 1174. Þingsályktun [398. mál]

um akstur utan vega.

(Afgreidd frá Sþ. 11. maí.)

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd fulltrúa þingflokkanna til að gera tillögur um æskilegar breytingar og samræmingu laga og reglna um akstur torfærutækja og annarra vélknúinna tækja utan vega og merktra slóða og leita úrræða um hvernig koma megi í veg fyrir náttúruspjöll af þeim sökum.

Með nefndinni starfi fulltrúar dómsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og samgönguráðuneytis.

Nefndin skili skýrslu og tillögum til næsta reglulegs Alþingis.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Sþ. 1175. Þingsályktun [412. mál]

um könnun á stöðu handmenntakennslu í grunnskólanum eftir gildistöku laga um grunnskóla, nr. 63/1974.

(Afgreidd frá Sþ. 11. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram könnun á áhrifum laga um grunnskóla, nr. 63/1974, á handmenntakennslu grunnskólabarna. Að lokinni könnuninni verði gerðar tillögur um fyrirkomulag handmenntakennslu í framtíðinni með tilliti til breyttra þjóðfélagshátta og reynslu síðustu ára.

Niðurstöður könnunarinnar og tillögur skuli lagðar fyrir sameinað þing.

Sþ. 1176. Þingsályktun [355. mál]

um haf- og fiskirannsóknir.

(Afgreidd frá Sþ. 11. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að efla starfsemi Hafrannsóknastofnunar á grundvelli áætlunar stofnunarinnar um haf- og fiskirannsóknir 1988–1992.

Einkum skal við það miðað að gera stofnuninni mögulegt að auka rannsóknir á vistkerfi íslenska hafsvæðisins og eldi sjávarlífvera.

Nd. 1177. Lög [439. mál]

um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 11. maí.)

Samhljóða þskj. 1081.